Frumvarp til fjárlaga

fyrir

árin 1906 og 1907.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Á árunum 1906 og 1907 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,755,610 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,459,300 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a. á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b. á lausafje	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	8,000	8,000	16,000
3. tekjuskattur	16,000	16,000	32,000
4. aukatekjur	38,000	38,000	76,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	10,000	10,000	20,000
7. gjöld fyrir leyfisbrjef ... ... Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála hjóna greiðist ekkert gjald.	3,800	3,800	7,600
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun...	65,000	65,000	130,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun...	110,000	110,000	220,000
Flyt ...	296,800	296,800	593,600

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	296,800	296,800	593,600
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	110,000	110,000	220,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	240,000	240,000	480,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulade og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	8,000	8,000	16,000
13. leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	18,000	18,000	36,000
14. tekjur af póstferðum	40,000	40,000	80,000
15. tekjur af símum landsins	2,500	20,000	22,500
16. arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	600	600	1,200
17. óvissar tekjur	5,000	5,000	10,000
Samtals ...	720,900	738,400	1,459,300

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 54,110 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls ... ... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja allt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Styrkurinn til húsabóta sje bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minnsta lagi 1/3 kostnaðarins. Þar sem því verður við komið, skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eptir ráði verkfræðings, er það er sjerstaklega falið.			
2. tekjur af kirkjum	65	65	130
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
4. Tekjur af brennisteinsnámum	900	1,080	1,980
5. Tekjur af Eldey	1,000	1,000	2,000
Samtals ...	26,965	27,145	54,110

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 113,000 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	40,000	39,000	79,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1906 45,654 kr. 21 a.			
- — 1907 43,381 — 91 -			
89,036 kr. 12 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans ..	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufje í bönkum og af banka-vaxtabrjefum	9,500	9,500	19,000
Samtals ...	57,000	56,000	113,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna ..	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.	2,000	2,000	4,000
Samtals ...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði er 120,000 kr., sem sje 60,000 kr. hvort árið.

2. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Á árunum 1906 og 1907 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—18. gr. 2,130,444 kr. 64 a.

8. gr.

Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins veitast 96,000 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherrans:			
a. laun . ... 8,000 kr.			
b. til risnu... ... ... 2,000 —			
c. uppbót fyrir embættis bústað. 2.000 —			
	12,000	12,000	24,000
2. Til utanferða ráðherrans	2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra	10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar... ...	14,500	14,500	29,000
6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum	2,500	2,500	5,000
7. Til viðhalds á stjórnarráðshúsinu..	500	500	1,000
Samtals ...	48,000	48,000	96,000

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 40,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 41,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 201,380 kr.

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	68,800	68,800	
b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins í Reykjavík:			
	1906. 1907.		
a. laun umsjónarmannsins	1.000 kr. 1,000 kr.		
b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns ...	200 — 200 —		
c. 3 skammtar af miðdegism. handa fangaverði 21 e...	230 — 230 —		
Flyt...	1,430 kr. 1,430 kr.	78,200	78,200	

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	1,430 kr.	1,430 kr.	78,200	78,200	
d. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —			
e. til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
f. þvottur...	30 —	30 —			
g. til þess að útvega verkefni	500 —	500 —			
h. útgjöld við húsið sjálft og áhöld ...	400 —	400 —			
i. þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
j. þóknun handa lækni	60 —	60 —			
k. ýmisleg útgjöld ...	150 —	150 —			
			4,415	4,415	
4. kostnaður við viðhald fangelsanna			300	300	
5. Önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn		1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum...		50 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál...		300 —			
g. útgjöld við sáttamál		50 —			
			5,100	5,100	
			88,015	88,015	
					176,030
		Flyt ...	.....	.....	176,030

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	.....	.....	176,030
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna (50 arkir), allt að 32 kr. örkin ... ... 1,600 –			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur ... ... 2,400 —			
d. til kostnaðar við sending með póstum ... ... 450 —			
e. til þess að gefa út registur við stjórnartíðindin, 30 fyrstu árgangana (fyrra árið) ... ... 1,550 —			
	6,450	4,900	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	2,500	2,500	
3. bruna-ábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. til embættiseptirlitsferða	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. til útgjalda við eptirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	2,000	2,000	
7. útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
	13,450	11,900	25,350
Samtals ...	.....	.....	201,380

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 226,956 kr. 64 a.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Laun	71,850	71,850	143,700
2. Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri	800	800	1,600
Flyt ...	72,650	72,650	145,300

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	72,650	72,650	145,300
3. styrkur til Guðm. hjeraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sje búsettur í Hafnarfirði	800	800	1,600
4. a. styrkur til augnalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minnsta kosti einu sinni á mánuði....	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi hvort árið allt að 300 kr.	300	300	600
5. styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minnsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
6. útgjöld við holdsveikraspítalann:			
	1906. kr. a.	1907. kr. a.	
a. laun til starfsmanna	5,065	5,065	
b. viðurværi: kr. a.			
1. handa 60 sjúklingum, 38½ a. á dag 8,431.50			
2. handa 18 starfsmönnum, 239 kr. 35 a. á ári. 4,308.30			
	12,739,80	12,739,80	
c. klæðnaður sjúklinga	800	800	
d. meðul og sáraumbúnaður	1,400	1,400	
Flyt ...	20,004,80	20,004,80	76,750	76,750	153,500

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	20,004,80	20,004,80	76,750	76,750	153,500
e. eldsneyti	2,915	2,915			
f. ljósmeti	650	650			
Læknir spítalans hefur ókeypis ljós og eldivið í bústað sinum.					
g. viðhald á húsum ...	2,600	1,200			
h. húsbúnaður og áhöld	800	800			
i. þvottur og ræsting .	800	800			
k. greptrunarkostnaður .	275	275			
l. flutningskostnaður .	30	30			
m. til að skemmta sjúklingum	200	200			
n. hesta- og hænsnafóður	125	125			
o. skattar og brunaábyrgðargjald	728,52	728,52			
p. ýmisleg útgjöld	700	700			
			29,828,32	28,428,32	58,256,64
7. útgjöld við bólusetningar			500	500	1,000
8. önnur útgjöld:					
a. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400 kr.				
b. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði	400 —				
c. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði	400 —				
d. styrkur til Sjúkrahússins á Patreksfirði	200 —				
e. til náms yfirsetukvenna	2,000 —				
f. til verkfæra handa yfirsetukonum	400 —				
g. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	2,000 —				
Flyt ...	5,800 kr.		107,078,32	105,678,32	212,756,64

		1906.	1907.	Alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar	5,800 kr.	107,078,32	105,678,32	212,756,64
h. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvember 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000 —			
i. til Steinunnar Árnadóttur til að nema tannlækningar (fyrra árið)	600 —	7,400	6,800	14,200
Samtals ...		114,478,32	112,478,32	226,956,64

12. gr.

Til samgöngumála veitast 795,232 kr.

		1906.	1907.	Alls.
A.		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur... ...	9,500 —			
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík	3,800 —			
c. handa brjefhirðingamönnum...	6,500 —	22,800	22,800	
2. póstflutningur ... ... Þar af allt að 1000 kr. hvort árið til hlutafjelagsins »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja alls konar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbrjef) milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip fjelagsins sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sje fyrir fram.		41,000	41,000	
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. júní til 1. okt. frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist allt að Ráðherrann samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.		600	600	
Flyt ...		64,400	64,400	

		1906.	1907.	Alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar ...	64,400	64,400	
4.	önnur útgjöld:			
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistara ... ... 2,000 kr.			
	b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um ... ... 200 —			
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans ... ... 200 —			
	d. fyrir prentun á ýmsu ... ... 1,000 —			
	e. til áhalda ... ... 1,500 —			
	f. til brjefaburðar í Reykjavík ... 600 —			
	g. til brjefaburðar í öðrum kaupstöðum ... ... 200 —			
	h. óviss útgjöld ... ... 200 —			
	i. til viðhalds húsi og áhöldum 100 —			
		6,000	6,000	
		70,400	70,400	
				140,800
	B.			
	Til vegabóta:			
1.	til verkfræðings landsins: kr.			
	a. laun 3,000			
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum 500			
		3,500	3,500	
2.	til verkfróðra aðstoðarmanna við samgöngubætur, alt að	1,500	1,500	
3.	til flutningabrauta:			
	þar af: 1906. 1907.			
	til flutningabrautar á Fagradal 15,000 20,000			
	til flutningabrautar upp Borgarfjörð 8,000			
	til viðhalds flutningabrauta 12,000 12,000			
		27,000	40,000	
4.	til þjóðvega			
	þar af:			
	í Suður-amtinu 3,000 6,000			
	- Vestur-amtinu 4,000 10,000			
	- Norður-amtinu 8,000 12,000			
	- Austur-amtinu 3,000 10,000			
		18,000	38,000	
	Flyt ...	50,000	83,000	140,800

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	50,000	83,000	140,800
5. til fjallvega	2,000	6,000	
6. til áhalda	2,000	2,000	
7. til sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa. Tillag þetta er því skilyrði bundið, að samtímis sje jafnmiklu fje varið til nefnds vegar annarsstaðar frá, og það fje sje eigi tekið af lögákveðnu sýsluvegagjaldi eða hreppavegagjaldi, og verkfróður maður standi fyrir verkinu.	2,800	2,800	
8. til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum í Skagafirði	300	300	
	57,100	94,100	151,200
C.			
1. Til gufuskipaferða: Til hins sameinaða gufuskipafjelags, að því tilskyldu, að ferðirnar til Íslands verði 20, að farið verði fram hjá Færeyjum í 10 ferðum út og 11 ferðum utan, og að á 8 ferðum út og 6 ferðum utan verði eigi komið við þar nema á einum stað vegna pósts og og farþega, að strandferðunum kringum Ísland verði haldið eins og á fjárhagtímabilinu 1904 og 1905, og að allt að 25 stúdentum og allt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslenzku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og enn fremur að því tilskildu, að fjelagið flytji innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem það hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi milli Íslands og Skotlands	75,000	75,000	
Flyt ...	75,000	75,000	292,000

	1906.	1907.	Alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	75,000	75,000	292,000
2. til gufubátaferða:			
a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa ... ... 15,000 kr. Ferðum sje haldið uppi um Faxaflóa árið um kring.			
b. á Ísafjarðardjúpi, allt að ... 3,500 —			
c. til gufubátsferða um Breiðaflóa, alt að ... ... 10,000 —			
	28,500	28,500	
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. samþykkir ráðherra, eptir að hann hefur fengið tillögur hlutaðeigandi bæjarstjórna og sýslunefnda. Af upphæðinni undir staflið a. má verja 300 kr. til sjerstakra gufubátsferða, sem sje að minnsta kosti tvær ferðir frá 1. maí til 1. júli milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Vestmannaeyja, Hallgeirseyjar og Holtsvara. Styrkurinn undir staflið a., b. og c. greiðist með því skilyrði, að gufubátarnir flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum án sjerstaks endurgjalds. Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlun bátanna undir b. og c.			
	103,500	103,500	207,000
D. Til ritsíma og málþráða.			
1. Fyrsta og önnur afborgun af 20 ára ársgreiðslu til stóra norræna ritsímafjelagsins fyrir að koma á og halda uppi sæsímasambandi milli Hjaltlands og Íslands yfir Færeyjar, og fyrir 300,000 kr. framlag fjelagsins til landsímalagningar frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur	35,000	35,000	
Flyt ...	35,000	35,000	499,000

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	35,000	35,000	499,000
2. Til landsímalagningar og málþráðasambands frá Reyðarfirði um Akureyri til Reykjavíkur:			
	kr.	kr.	
a. efni til landlínunnar ...	216,425		
b. eptirlit með tilbúningi efnis og flutningsgjöld á sjó og landi	81,000		
c. kostnaður við verkstjórn og vinnu að símalagningunni og útbúnaði stöðvanna ...	100,450		
d. verkfæri, símagögn, rafmagnstæki, prentun á ýmsu	12,040		
e. Óviss útgjöld og borgun til hins tekniska ráðanauts stjórnarinnar ...	7,085		
	417,000		
Hjer frá dregst framlag stóra norræna ritsímafjelagsins	292,000		
		125,000	
3. Til þess að kaupa og flytja hingað til lands 2500 auka-staura og annað verkefni		14,000	
4. Námsstyrkur til 5 hjerlendra manna til þess að nema firðritun		5,000	
		144,000	.....
5. Til þess að mæla upp landsímalínuna og setja kílometramerki			3,000
6. til starfsreksturs landsímasambandsins:			
	1906 kr.	1907 kr.	
a. helmingur af kostnaðinum við símastöðina á landtökustaðnum	2,000	6,000	
b. laun	3,500	14,000	
c. Dagpeningar og ferðakostnaður til viðgjörða á línunni	1,500	6,000	
Flyt ...	7,000	26,000	179,000	38,000	499,000

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	7,000	26,000	179,000	38,000	499,000
d. húsaleiga í Reykjavík og Akureyri, svo og eldiviður og ljós...	650	1,600			
e. efni til viðhalds	»	»			
f. eyðublöð, prentkostnaður burðareyrir o. s. frv. ...	200	600			
g. önnur útgjöld	500	1,000			
			8,350	29,200	
			187,350	67,200	254,550
E.					
Til vita:					
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa			300	300	
b. til eptirlitsferða			100	100	
c. til vitans á Reykjanesi:		kr.			
1. til launa vitavarðar		1,200			
2. fyrir olíu		250			
3. — steinkol		160			
4. flutningskostnaður		300			
5. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		500			
6. eptirgjald eptir lóðina		30			
			2,440	2,440	
d. til vitans á Skagatá:					
1. til vitavarðar		400			
2. fyrir olíu		175			
3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		300			
4. steinkol		100			
5. flutningskostnaður		100			
6. eptirgjald fyrir lóðina		16			
7. til að byggja varðklefa við vitann f. á.		350			
			1,441	1,091	
e. til vitans við Gróttu:					
1. til vitavarðar		400			
2. fyrir olíu		150			
3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		200			
4. steinkol		60			
5. flutningskostnaður		40			
			850	850	
Flyt ...			5,131	4,781	753,550

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	5,131	4,781	753,550
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð	600	600	
Þar af 400 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.			
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:			
kr.			
1. til vitavarðar 400			
2. fyrir olíu 125			
3. til viðhalds á húsum, áhöldum o. fl. 150			
4. flutningskostnaður 25			
	700	700	
h. til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:			
1. til vitavarðar 400			
2. til lóðargjalds 10			
3. fyrir olíu 200			
4. — lampakveiki o. fl.... 100			
5. til viðhalds á húsum og áhöldum 100			
6. fyrir steinkol 100			
7. flutningskostnaður 50			
	960	960	
i. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	100	100	
k. til vitans á Skipaskaga	300	300	
l. til vitans á Elliðaey á Breiðafirði	300	300	
m. til að byggja vita á Vestmannaeyjum:			
a. til að byggja vita (fyrra árið)	15,000		
b. kostnaður við vitahaldið	.....	850	
n. Til rannsóknar vitastæða og áætlana allt að	10,000		
	33,091	8,591	
			41,682
Samtals...	.....	.....	795,232

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 335,956 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	9,500	9,500	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum ... ... Ráðherrann úthlutar styrknum eptir tillögum biskups.	5,000	5,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600	600	
4. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,500	3,500	
5. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
6. til kostnaðar við milliþinganefnd í kirkjumálum veitist á fjárhagstímabilinu allt að	.....	.....	3,000
	26,600	26·600	
			53,200
B.			
Til kennslumála.			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:			

	1906 kr.	1907 kr.			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum	960	960			
2. námsstyrkur . ... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,000	1,000			
3. til tímakennslu	100	100			
4. til bókakaupa	300	300			
5. til eldiviðar og ljósa... ...	150	150			
6. til umsjónar	100	100			
7. ýmisleg útgjöld	250	250			
Flyt ...	2,860	2,860	9,200	9,200	56,200

	1906. kr.	1907. kr.	1906. kr. a.	1907. kr. a.	Alls. kr. a.
Fluttar ...	2,860	2,860	9,200	9,200	56,200
8. til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, allt að	250	250			
			3,110	3,110	
			12,310	12,310	
					24,620
II. Til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:					
1. námsstyrkur	1,200 kr.				
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.					
2. eldiviður ljós og ræsting	300 —				
3. til bókakaupa, verkfæra og kennsluáhalda	500 —				
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —				
5. húsaleiga handa lærisveinum, alt að 80 kr. handa hverjum .	1,000 —				
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	200 —				
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að	200 —				
8. ýmisleg útgjöld	200 —				
			3,900	3,900	
c. til þess að leigja hús handa læknaskólanum			1,000	1,000	
			8,100	8,100	
					16,200
III. Til hins almenna menntaskóla					
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum	600 kr.				
— fimleikakennaranum	700 —				
— dyraverði	1,100 —				
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans	200 —				
			2,600	2,600	
		Flyt ...	21,800	21,800	97,020

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	21,800	21,800	97,020
c. önnur útgjöld:			

	1906 kr.	1907 kr.			
1. til bókasafns skólans	300	300			
2. til eldiviðar og ljósa	1,400	1,400			
3. til skólahússins utan og innan	1,800	1,800			
4. til tímakennslu og prófdómenda	1,200	1,200			
5. Til aukakennara	1,600	1,600			
6. námsstyrkur	2,000	2,000			
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.					
7. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720	720			
8. þóknun handa lækni	100	100			
9. ýmisleg útgjöld	1,000	1,000			
10. fyrir prestsverk	48	48			
11. til vísindalegra áhalda við kennslu '.	450	450			
12. til þess að gefa út kennslubækur handa hinum alm. menntaskóla, 30 kr. fyrir örkina	600	600			
13. til áhalda við fimleikakennslu	100	100			
14. Til verðlaunabóka	300	300			
15. Til þess að gera leikstofu milli skólans og bókasafnsins	6,300				
16. Til að útbúa stofu til handavinnu	2,500				
17. Til að kaupa smíðatól ...	800				
			21,218	11,618	
			43,018	33,418	
					76,436
Flyt ...			.....	.....	173,456

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...			173,456
IV. Til gagnfræðaskóla á Akureyri:			
a. laun	7,400	7,400	
b. önnur útgjöld:			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna ... ... (1906: 600 kr., 1907: 600 kr.)			
2. til eldiviðar og ljósa ... (1906: 500 kr., 1907: 500 kr.)			
3. til tímakennslu . ... (1906: 600 kr., 1907: 600 kr.)			
4. til styrkveitingar námspiltum ... ... (1906: 400 kr., 1907: 400 kr.)			
5. ýmisleg útgjöld... ... ... (1906: 800 kr., 1907: 800 kr.)			
	2,900	2,900	
	10,300	10,300	
			20,600
V. Til stýrimannaskólans:			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:			
1. til tímakennslu . ... (1906: 1,400 kr., 1907: 1,400 kr.)			
2. til áhaldakaupa o. fl. ... (1906: 400 kr., 1907: 400 kr.)			
3. til eldiviðar og ljósa ... (1906: 500 kr., 1907: 500 kr.)			
4. ýmisleg útgjöld . ... (1906: 500 kr., 1907: 500 kr.)			
	2,800	2,800	
	6,000	6,000	
			12,000
VI. Til annarar kennslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík . ... (1906: 2,500 kr., 1907: 2,500 kr.) Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.			
Flyt ... (1906: 2,500 kr., 1907: 2,500 kr.)	.....	.....	206,056

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
	1906. kr.	1907. kr.			
Fluttar ...	2,500	2,500	.....	.....	206,056
2. til sama til kennslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum	500	500			
3. til kvennaskólans á Blönduósi og kennslu í heimilisiðnaði þar	3,500	3,500			
			6,500	6,500	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum			10,000	10,000	
Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sje minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.					
2. til sveitakennara, allt að 100 kr. til hvers			10,000	10,000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis, að minnsta kosti helming á móts við landssjóðsstyrk.					
3. styrkur til þess að koma upp heimavistarbarnaskólum til sveita, með því fyrirkomulagi, er stjórnarráðið ákveður, og að því tilskildu, að skólahjeraðið leggi fram að minnsta kosti jafnmikið fje til byggingarinnar (síðara árið)				10,000	
4. þóknun til umsjónarmanns yfir barnaskólum og alþýðufræðslu			2,500	2,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu			3,200	3,200	
Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.					
e. námsstyrkur handa kennaraefnum, allt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
f. til skólaiðnaðar-kennslu			500	500	
g. til Stúdentafjelagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum			500	500	
Flyt ...			36,300	46,300	206,056

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	36,300	46,300	206,056
h. til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
i. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
j. styrkur til þess að semja og gefa út kenslubækur ... ... Þar af heimilast stjórninni alt að 500 kr. hvort árið, til þess að láta semja lestrarbók handa alþýðuskólum.	800	800	
k. til kennslu heyrnar- og málleysingja	5,000	5,000	
l. til kennslu blinds drengs Erlends Páls Jónssonar í Danmörku	300	300	
m. Styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur hans á vitfirringastofnuninni Karensminde	150	150	
n. til skólans í Búðardal í Dalasýslu 1,000 kr. til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minnsta kosti 6 mánuði, allt að ... 600 —	1,600	1,600	
	44,650	54,650	99,300
VII. Til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennslan fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kennslunnar ókeypis.	300	300	
b. til sundkennslu annarsstaðar ... ... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkennslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,300	1,300	2,600
Flyt ...	.....	.....	307,956

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	.....	.....	307,956
VIII. 1. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kennslu í teikning og trjeskurði í Reykjavík	1,000	1,000	
IX. Styrkur til lögfræðings til þess að búa sig undir að verða kennari við lagaskólann	3,000	3,000	
X. Til sýslunefnda, til þess halda uppi fræðandi og skemmtandi fyrirlestrasamkomur til sveita á vetrum	10,000	10,000	
	14,000	14,000	28,000
Samtals ...	.....	.....	335,956

14. gr.

Til vísinda og bókmennta veitast 70,020 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. til Landsbókasafnsins:			
kr.			
a. laun bókavarðar 1,800			
b. til aðstoðarmanns við Landsbókasafnið 900			
c. til að kaupa bækur og handrit ... 5,000			
d. til bókbands 1,000			
e. til samningar spjaldskrár (eptir reikningi) 1,200			
f. fyrir afskriptir (eptir reikningi) ... 800			
g. til að prenta ritaukaskrár 200			
h. til eldiviðar og áhalda m. m. ... 500			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið ... 360			
	11,760	11,760	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins 500 kr.			
b. til —— Austuramtsins 400 —			
c. til —— Vesturamtsins 400 —			
	1,300	1,300	
Fje þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minnsta kosti jafnmikla upphæð.			
Flyt ...	13,060	13,060	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	13,060	13,060	
3. til sýslubókasafna, allt að 100 kr. til hvers gegn því, að jafnmikið tillag komi annarsstaðar að, og að sendar sjeu skýrslur til landsstjórnarinnar um efnahag, fyrirkomulag og bókakaup safnanna.	1,000	1,000	
4. til Landsskjalasafnsins:	1906. kr.	1907. kr.	
a. laun skjalavarðar	1,400	1,400	
b. til að binda inn og búa um skjöl o. fl.	900	900	
c. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu ...	600	600	
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið	250	250	
	3,150	3,150	
5. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni, eða sem því svarar af registri.			
6. til Þjóðvinafjelagsins	750	750	
7. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda	kr. 1,000		
b. til umsjónar	600		
c. til húsnæðis og hita	2,000		
	3,600	3,600	
8. til Fornleifafjelagsins	400	400	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
9. til Náttúrutræðisfjelagsins	800	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til			
Flyt ...	24,760	24,760	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	24,760	24,760	
sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minnsta kosti einu sinni á viku.			
10. styrkur til mag. Benedikts Gröndal til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
11. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sjerhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eptir að það er komið út	800	800	
12. til cand. mag. Sigfúsar Blöndal til þess að vinna að íslenzk-danskri orðabók	300	300	
13. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna...	300	300	
14. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
15. til Þorsteins Erlingssonar skálds...	800	800	
16. til sjera Valdimars Briem	800	800	
17. til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi	200	200	
18. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	1,200	1,200	
19. styrkur til Biblíufjelagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	1,000	1,000	
20. til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, allt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
21. til Leikfjelags Reykjavíkur, allt að	600	600	
Flyt ...	32,210	32,210	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	32,210	32,210	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti fjelaginu að minnsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.			
22. til cand. mag. Boga Melsteð til að semja sögu Íslands	1,000	1,000	
23. styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands, og halda sögufræðilega fyrirlestra	1,200	1,200	
24. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
	35,010	35,010	
Samtals ...	.....	.....	70,020

15. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 247,100.

	1906. kr.	1907. kr.	1906. kr. a.	1907. kr. a.	Alls. kr. a.
1. til eflingar búnaði:					
a. til búnaðarskóla:					
1. til skólans á Hólum ...	2,500				
2. til sama skóla til verklegrar kennslu	500	6,500			
3. til skólans á Eiðum ...	2,500				
4. til skólans á Hvanneyri	2,500				
5. til skólans í Ólafsdal .	2,500	6,500			
			10,500	13,000	
b. til búnaðarfjelaga			24,000	24,000	
c. til Búnaðarfjelags Íslands...			35,000	37,000	
Hver deild alþingis um sig kýs 4 af fulltrúum fjelagsins.					
Flyt ...			69,500	74,000	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	69,500	74,000	
d. til sama fjelags til kennslu í mjólkurmeðferð	4,000	3,000	
e. til skógræktartilrauna eptir fyrirsögn kapteins Ryder's og próf. C. V. Prytz... ...	7,000	6,000	
f. framhaldsstyrkur til þriggja manna til að stunda skóggræðslu	900	300	
g. til verðlauna fyrir útflutt smjör	15,000	15,000	
2. til verkfræðings, er sje til aðstoðar landsstjórn og hjeraðstjórnum:			
kr.			
a) laun 3000			
b) ferðakostnaður eptir reikningi ... 500			
	3,500	3,500	
3. a. laun handa 2 dýralæknum	2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í í Reykjavik	400	400	
4. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu	500	500	
5. styrkur til 2 manna til að nema dýralækningar, 600 kr. til hvors	1,200	1,200	
6. til útrýmingar fjárkláðanum	5,000		
7. til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til eflingar iðnaði ... ... til þess undir yfirumsjón landstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík, hvort árið alt að 4000 kr. til þess að styrkja unga og efnilega iðnaðarmenn í iðn sinni erlendis (á ári) ... ... 1,200 —	5,200	5,200	
8. styrkur til byggingarfróðs manns, til þess að aðstoða landstjórnina við undirbúning á bygging kirkna og húsabygginga á opinberum eignum	800	800	
9. laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík og hinum á Ísafirði	1,600	1,600	
Flyt ...	117,000	113,900	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	117,000	113,900	
10. Þóknun til vörumerkjaskráritara	300	300	
11. Styrkur til 2 ísl. stúlkna til handavinnunáms hjá »Kunstflidsforeningens Friundervisning« í Kaupmannahöfn	300	300	
12. Syrkur til skipakvíar í Oddeyrarbót til vetrarlegu fyrir þilskip ... ... kr. 15,600 Styrkurinn veitist með því skilyrði, að eigi minni en tvöfalt meiri upphæð til fyrirtækisins, sje lögð fram annarsstaðar frá, og að fyrirtækið sje unnið í samráði við verkfræðing landsins.	15,000	.....	
	132,600	114,500	
Samtals ...	.....	.....	247,100

16. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

17. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 108,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a,; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til sjera Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

18. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

19. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði 374,834 kr. 64 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

20. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá alþingi 1905 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eptir meðmælum frá Búnaðarfjelagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafjelaga, sýslufjelaga eða amtsfjelaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, sjeu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Sjávarbændum og hlutafjelögum, er sjómenn eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði allt að 30,000 kr. til þess að byggja þilskip eða kaupa frá útlöndum. Eigi má lána meira en 6,000 kr. til hvers skips og aðeins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu allt að helmingi vátryggðs verðs, enda sje það í vátryggingu, er landstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með 3% árlega, sjeu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum aforgunum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eptir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$%, sje afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Til byggingar skipakvíar í Oddeyrarbót, til vetrarlegu fyrir þilskip, má veita lán úr viðlagasjóði allt að 40,000 kr. gegn ábyrgð Akureyrarkaupstaðar. — Lánið ávaxtist með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Thorvaldsens fjelaginu í Reykjavík má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði 13,000 kr. gegn veði í húseign þess nr. 3 í Veltusundi. — Lánið ávaxtist og afborgist með 6% á 28 árum.

Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

I. kafli.

Tekjur:

Við 2. gr.

Við 1. a og b. *Ábúðar- og lausafjárskattur.* Skattar þessir hafa 5 síðustu árin 1899—1903, numið að meðaltali 17,708 kr. 95 a. hinn fyrnefndi og 26,438 kr. 61 e. hinn síðarnefndi. Ábúðarskattinn virðist því mega telja 17,000 kr. á ári eins og á núgildandi fjárlögum. Lausafjárskatturinn fer heldur minnkandi, en þar sem hann þó 3 síðustu árin 1901—1903 hefur numið 26,220 kr. 4 a. og engin líkindi til, eins og nú horfir við, að hann fari mikið minnkandi, virðist mega telja hann eins og á núgildandi fjárlögum 26,000 kr. á ári.

Við 2. *Húsaskatturinn* hefur á 5 ára tímabilinu 1899—1903 verið 7,734 kr. 50 a., og á 3ja ára tímabilinu 1901—03 verið 8,288 kr. 92 a. að meðaltali. Hann má því telja eins og á núgildandi fjárlögum 8000 kr. á ári.

Við 3. *Tekjuskatturinn* hefur á 5 ára tímabilinu 1899—1903 verið 15,811 kr., og á 3ja ára tímabilinu frá 1901—03 16,614 kr. 92 a. að meðaltali. Það má því telja hann eins og á núgildandi fjárlögum 16,000 kr. á ári.

Við 4. *Aukatekjur* hafa á 5 ára tímabilinu 1899—1903 numið 36,079 kr. 51 e., og á 3ja ára tímabilinu 1901—03 39,113 kr. 14 a. að meðaltali á ári. — Þessar tekjur fara heldur vaxandi, og virðist því mega telja þær 38,000 kr. á ári.

Við 5. *Erfðafjárskattur* hefur verið á 5 ára tímabilinu 1899—1903 2,968 kr. 25 a., og á 3ja ára tímabilinu 1901—1903 2,989 kr. 30 a. að meðaltali á ári. Þennan skatt má því telja eins og í núgildandi fjárlögum 3000 kr. árlega.

Við 6. *Vitagjald.* Gjald þetta hefur á 5 ára tímabilinu 1899—03 numið 9,821 kr. 81 e., og á 3ja ára tímabilinu 1901—03 10,620 kr. 13 a. að meðaltali á ári. Þetta gjald má því telja 10,000 kr. á ári, eins og gert er í núgildandi fjárlögum.

Við 7. *Gjöld fyrir leyfisbrjef* hafa á 5 ára tímabilinu 1899—1903 numið 3,803 kr. 8 a., og á 3ja ára tímabilinu frá 1901—03 4,157 kr. 40 a. að meðaltali. Gjaldið virðist því mega telja 3,800 kr. á ári.

Við 8. *Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m.*, hefur á 5 ára tímabilinu 1899—1903, að frádregnum 2% í innheimtulaun, numið 72,047 kr. 39 a., og á 3 ára tímabilinu 1901—03 80,713 kr. 73 a., að meðaltali árlega. Þar eð hvalveiðamönnum fer mjög fækkandi hjer á landi, þykir eigi ráðlegt, að telja þessa tekjugrein hærri en 65,000 kr. á ári.

Við 9. *Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum.* Gjald þetta hefur á 5 ára tímabilinu 1899—03 numið 121,759 kr. 94 a., og á 3 ára tímabilinu 1901—03 129,101 kr. 84 a., að meðaltali árlega. Með því að það má telja sennilegt, að kaupmönnum, er verzlað hafa með áfenga drykki, fækki heldur, þykir eigi ráðlegt að telja þessa tekjugrein hærri en 110,000 kr. á ári.

Við 10. *Aðflutningsgjald af tóbaki* hefur verið á 5 ára tímabilinu 1899—1903 98,977 kr. 67 a., og á 3 ára tímabilinu 1901—03 105,564 kr. 39 a., að meðaltali á ári. Þessa tekjugrein virðist því mega telja eins og á núgildandi fjárlögum 100,000 kr.

Við 11. *Aðflutningsgjald af kaffi og sykri* hefur á 5 ára tímabilinu 1899—1903 numið 228,077 kr. 88 a., og á 3 ára tímabilinu 1901—1903 246,608 kr. 85 a., að meðaltali á ári. Gjald þetta má því væntanlega telja eins og á núgildandi fjárlögum 240,000 kr. á ári, þó að það líklega sje fremur um of hátt sett.

Við 12. *Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulade og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum.* Þetta gjald hefur verið 7,046 kr. 51 e. árið 1902, og 7,920 kr. 84 a. árið 1903. Það má því telja eins og á núgildandi fjárlögum 8,000 kr. á ári.

Við 13. *Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja.* Gjöld þessi hafa numið að meðaltali árin 1900—1903 29,025 kr., en þau fara árlega minnkandi, eins og nú skal sýnt, þau voru:

árið 1900	... ...	35,800 kr.
— 1901	... ...	31,800 —
— 1902	... ...	25,600 —
— 1903	... ...	22,900 —

Það virðist því eigi gjörlegt, að áætla þessa tekjugrein hærri en 18,000 kr. á ári.

Við 14. *Tekjur af póstferðum.* Þessar tekjur hafa á 5 ára tímabilinu 1899—1903 að vísu numið að meðaltali 71,769 kr. 69 a., en þar sem þessi hækkun eingöngu stafar af frímerkjabreytingunni 1902, og þar af leiðandi aukasölu frímerkja, sem nú er lokið, þykir ekki ástæða til að áætla þessa tekjugrein hærri en í núgildandi fjárlögum, eða 40,000 kr. á ári, og er það fullhátt eptir því sem tekjurnar hafa verið fyrir skemmstu, áður en aukasala frímerkja varð veruleg.

Við 15. *Tekjur af símum landsins.* Ef landsíminn frá Austfjörðum til Reykjavíkur, sem um ræðir í 12. gr. D, kemst á eins og tilætlað er fyrir 1. október 1906, þá má þegar fara að gjöra ráð fyrir nokkrum tekjum fyrra ár fjárhagstímabilsins. Það má telja víst, að tekjuvonin sje aðallega af notkun símans til samtala og málskeyta, enda er ekki gjört ráð fyrir telegrafútbúnaði nema á

endastöðvunum tveimur. Það er auðvitað ómögulegt að sjá fyrir, hve miklar tekjurnar muni verða, það því síður, sem takstarnir eru ekki ákveðnir enn, en áætla má, að tekjurnar verði að meðaltali á dag:

Hluti Íslands (terminaltaxti) af 200 orðum til og frá útlöndum ...	10 kr.
Gjald fyrir 20 samtöl eða símskeyti á 1 kr. (gegnum meira en hálft landið)	20 —
Gjald fyrir allt að 40 samtöl eða skeyti á 50 aura (gegnum minna en hálft landið).	20 —
Gjald fyrir allt að 40 samtöl við eða skeyti til nágrannastöðva (á 25 aura)	10 —
	60 kr.

Þetta yrði c: 21,600 kr. á ári, en nokkuð af því er ætlast til, að gangi til greiðslu á þóknunum þeim til starfsmanna fyrir afgreiðslu hverja, sem um er rætt i athugasemd við 12. gr. D 3 b. Fyrir síðasta ársfjórðung 1906 er talið 30 kr. á dag í c: 80 daga. Það er ætlazt til að borgun sje reiknuð fyrir öll skeyti og samtöl nema þau er snerta símareksturinn. Auk gjalda fyrir samtöl og skeyti, má vænta nokkurra tekna fyrir annað, sem þó væntanlega verður lítið framanaf, t. d. borgun fyrir eyðublöð, og borgun fyrir skráning sjerstakra nafnstyttinga (telegramadresser), sem getur verið mönnum sjerstaklega hentugt hjer, þar sem gjaldið fyrir orð hvert í útlendum skeytum verður talsvert. En sjeu nafnstyttingar skráðar, uiá komast af með 2 orð í staðinn fyrir titil, fornafn, föðurnafn og heimili. Fyrir að fá slíka stytting skráða er tekið 8 kr. gjald á ári í Danmörku. Fyrstu árin má og búast við nokkrum tekjum fyrir sölu á afgangi af efni. Tekjurnar eru því áætlaðar alls 1906: 2,500 kr. og 1907: 20,000 kr.

Það mætti virðast sanngjörn krafa, að landsíminn bæri sig, eða að minnsta kosti, að árstekjurnar nægðu til þess að greiða árlegan kostnað, án tillits til árstillagsins og stofnfjár; þetta má og telja víst að takist, en það er ekki unnt að gjöra sjer ljósa hugmynd um, hve dýr þarf að setja gjöldin, til þess að þetta náist, fyr en reynzla er fengin 5 fyrstu ársfjórðungana með bráðabirgðartöxtum.

Við 16. *Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu.* Þessi tekjugrein er talin eins og á núgildandi fjárlögum 600 kr. á ári.

Við 17. *Óvissar tekjur* hafa verið að meðaltali á 5 ára tímabilinu 1899—1903 19,463 kr. 62 a. og á þriggja ára tímabilinu 1901—1903, 22,159 kr. 07 a. Þar eð tekjur þessar eru mjög óstöðugar virðist eigi mega telja þær hærri en 5,000 krónum á ári.

Við 3. gr.

Við 1. *Afgjald af jarðeignum landssjóðs* hefur að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu, o. fl. numið að meðaltali á 5 ára tímabilinu 1899—1903, 23,717 kr. 66 a. og á þriggja ára tímabilinu 1901—1903 23,539 kr. 40 a. Þetta gjald má því telja eins og á núgildandi fjárlögum 23,000 kr.

Við 2. *Tekjur af kirkjum,* Þessar tekjur eru aðeins af tveimur kirkjum Langholts- og Þykkvabæjarklausturskirkjum, og hafa síðustu árin verið um 65 kr. árlega og eru því taldar svo.

Við 3. *Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli* eru taldar eins og í núgildandi fjárlögum 2000 kr. á ári. Þær hafa numið árin 1899—1903 að meðaltali 2,106 kr. 69 a.

Við 4. *Tekjur af brennisteinsnámum.* Með samningi dagsettum 10. oktbr. 1904 lofaði ráðherrann, að þar til fengnu samþykki konungs, að selja hr. John Wallace í Newcastle on Tyne á leigu brennisteinsnáma landssjóðs í Þingeyjarsýslu, svo kallaða Reykjahlíðar-, Kröflu- og Fremrináma, með sömu skilyrðum að því er snertir rjettindi og skyldur, tímabil og leigumála, og til eru tekin í samningi 13. apríl 1872 (Lovsamling for Island 21. bindi bls. 432—36). Þó skyldi hr. Wallace vera heimilt að ganga frá þessum samningi innan 10. marz þ. á. Þar sem hann eigi hefur gert það, má telja tekjur af þessum námum 900 kr. árið 1906 og 1,080 kr. árið 1907. Eptirrit af samningum við leigutaka munu verða lögð fyrir þingið.

Við 5. *Tekjur af Eldey.* Með samningi dags. 25. nóvbr. 1904 leigði ráðherrann kaupmanni Chr. Gram eyjuna Eldey, til þess að rannsaka, hvort á eynni sje »Guano« og ef svo er þá að flytja út og hagnýta sjer nefnda áburðartegnnd. Leigutíminn var ákveðinn 33 ár frá samningsdegi óuppsegjanlegur af hálfu leigusala, en leigutakandi er bundinn í 3 ár; en komi uppsögn eigi fram innan 25. nóv. 1907 þá er hann einnig bundinn í 33 ár. Leiga fyrir notkun Eldeyjar er ákveðin 1000 kr. árlega meðan á rannsókn og væntanlegum undirbúningi undir útflutning áburðar stendur, en upp frá þeirri stundu, að byrjað er að flytja áburð úr eynni, eða frá 25. nóvember 1907, ef uppsögn er ekki komin innan þess tíma 2000 kr. árlega og auk þess 25 aura gjald af hverjum 100 pundum, sem út er flutt af guano. Samkvæmt þessu má telja árgjaldið af nefndri ey 1000 kr. hvort árið 1906 og 1907. Afrit af samningnum mun verða lagt fyrir þingið.

Við 4. grein.

Hjer skal sýnt yfirlit yfir *tekjur* þær, sem ætla má, að landssjóður hafi af *viðlagasjóði* árin 1906 og 1907, en jafnframt skal þess getið, að eptir landsreikningnum fyrir fjárhagstímabilið 1902 og 1903 er tekjuafgangur 230,304 kr. 02 a., og að peningaforði landssjóðs var 31. desember 1903 669,469 kr. 81 e., og voru þar af 120,000 kr. á hlaupareikningi í Landsbankanum.

1)	Leigur af $3^1/_2$% ríkisskuldabrjefum samkvæmt innritunarskírteini að upphæð 215,200 kr., og er sú upphæð tryggingarfje veðdeildar landsbankans í Reykjavík samkvæmt lögum 12. janúar 1900	7,532 kr. 00 a.	7,532 kr. 00 a.
2)	a. Leigur af skuldabrjefum, sem hljóða upp á afborgun	6,375 — 19 -	6,072 — 34 -
	(Eptirstöðvaeign $^{31}/_{12}$—05: 159,379 kr. 76 a.)		
	b. Leigur af þilskipalánum	2,724 — 60 -	2,195 — 09 -
	(Eptirstöðvaeign $^{31}/_{12}$—05: 90,124 kr. 94 a.)		
	Flyt	16,631 kr. 79 a.	15,799 kr. 43 a.

Flutt	16,631 kr. 79 a.	15,799 kr. 43 a.
c. Leigur af lánum til andlegu stjettarinnar, prestakalla, kirkna og skóla . ... (Eptirstöðvaeign $^{31}/_{12}$—05: 89,145 kr. 14 a.)	3,565 — 80 -	3,329 — 98 -
d. Leigur af lánum til amta, sýslna og hreppa o. fl. ... ... (Eptirstöðvaeign $^{31}/_{12}$—05: 116,473 kr. 51 e.)	4,658 — 98 -	4,210 — 13 -
e. Leigur af ishúslánum ... ... (Eptirstöðvaeign $^{31}/_{12}$—05: 2,906 kr. 81 e.)	87 — 21 -	14 — 52 -
f. Leigur af tóvjelalánum ... ... (Eptirstöðvaeign $^{31}/_{12}$—05: 83,825 kr. 77 a.)	3,272 — 89 -	3,232 — 72 -
g. Leigur af rjómabúalánum ... ... (Eptirstöðvaeign $^{31}/_{12}$—05: 51,185 kr.)	1,535 — 55 -	1,530 — 00 -
h. Leigur af þurrabúðarmannalánum ... ... (Eptirstöðvaeign $^{31}/_{12}$—05: 6,844 kr. 75 a.)	239 — 57 -	239 — 57 -
3) Leigur af lánum með hálfs árs uppsagnarfresti ... ... (Höfuðstóll $^{31}/_{12}$—04: 267,279 kr. 12 a.)	10,691 — 16 -	10,691 — 16 -
	40,682 kr. 95 a.	39,047 kr. 51 a.

Tekjur þessar virðast því mega telja 40,000 kr. árið 1906, og 39,000 kr. 1907.

Af skuldabrjefum þeim, sem nefnd eru í tölulið 2 a—h, verða á árunum 1906 og 1907, borgaðar samkvæmt ákvæðum þeirra, þessar fjárupphæðir:

	1906.	1907.
Af þeim sem taldar eru við a....	7,271 kr. 38 a.	7,431 kr. 46 a.
— — — — — — b....	17,496 — 60 -	17,529 — 03 -
— — — — — — c....	5,897 — 70 -	6,032 — 80 -
— — — — — — d....	11,220 — 56 -	10,481 — 77 -
— — — — — — e....	2,457 — 98 -	421 — 86 -
— — — — — — f....	1,104 — 99 -	1,104 — 99 -
— — — — — — g....	205 — 00 -	205 — 00 -
— — — — — — h....	» — » -	165 — 00 -
Samtals	45,654 kr. 21 e.	43,381 kr. 91 e.

Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer fullkomna skrá, er gjaldkeri landssjóðs hefur samið yfir þessi skuldabrjef, og skýrir frá upphæðum hinna einstöku lána, afborgunarskilmálum o. fl.

Við 2. Sbr. athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905 og lög nr. 12, 12. janúar 1900.

Við 3. Stjórnarráðið hefur álitið sjálfsagt að ávaxta fje landssjóðs frekar en áður hefur verið, og hefur það því gjört þann samning við stjórnir bankanna í Reykjavík, að það megi leggja inn hvaða upphæð sem er að vissu takmarki,

og taka fjeð út aptur hvenær sem vill. Í leigu eptir fjeð gjalda bankarnir $2^1/_2$% Í árslok 1904 var af fje landssjóðs 290,000 kr. innistandandi í Landsbankanum og 69,000 kr. í Íslands banka. Auk þess hafa verið keypt bankavaxtabrjef árið 1904, svo að landssjóður á nú 100,000 kr. í bankavaxtabrjefum. Það má nú samt eigi búast við því, að sú upphæð, sem var inni í bönkunum í árslok 1904, verði öll á vöxtum á fjárhagstímabilinu, og þykir því eigi rjett að áætla vexti af þessu fje hærra en 5000 kr. Vextir af veðdeildarbrjefunum eru 4500 kr., og eru því leigurnar taldar 9500 kr. árlega.

Við 5. gr.

Að vísu minnkar gjald það, sem samkvæmt lögum 27. febrúar 1880 á að greiða í landssjóð frá Vallanesi, um 380 kr., sjá lög nr. 53, 27. nóvember 1903, en það virðist þó mega telja upphæðina undir tölulið 1 eins og í núgildandi fjárlögum. Upphæðirnar undir hinum töluliðunum, 2 og 3, endurgjald skyndilána og endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum, eru taldar hinar sömu og í fjárlögunum fyrir árin 1904 og 1905.

Við 6. gr.

Tillagið úr ríkissjóði er talið samkvæmt lögum um hina stjórnlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871.

II. kafli.

Útgjöld.

Við 8. gr.

1. Laun ráðherrans, risnufje og uppbót fyrir embættisbústað er talið samkvæmt 2. gr. laga nr. 17, 3. oktober 1903.

2. Til ferða ráðherrans eru, sbr. 2. gr. nefndra laga, áætlaðar 2000 kr. árlega, en hvort það muni nægja, er óvíst, því þessi upphæð er einungis byggð á ágizkun, þar sem slíkur kostnaður er kominn undir því, hve tíðar ferðir hans verða, og hve lengi þær standa yfir.

3—6. Laun landritara, skrifstofustjóra, aðstoðar- og skrifstofukostnaður, og fyrir að gegna landfógetastörfum, er talið samkvæmt lögum nr. 17 3. okt 1903, 4. gr. og 6. gr.

7. Að því er þennan lið snertir, skal það tekið fram, að reyndar hefur miklu fje verið varið til að breyta hinum gamla landshöfðingjabústað í stjórnarráðsskrifstofur, en ytri aðgjörð hefur húsið enga fengið. Í húsinu er allur gluggaumbúnaður ýmist fúinn eða mjög ljelegur, og þarf því bráðrar aðgjörðar við, sömuleiðis þarf að gjöra við þakið á stöku stað. Sú upphæð, sem stungið er upp á, er því hin allra minnsta, er hugsazt getur.

Við 9. gr.

Þar sem þingmönnum nú er fjölgað um fjóra, er farið fram á að hækka gjöldin til alþingis um 2,000 kr.; að öðru leyti eins og áður.

Við 10. gr.

Við A. 1. a. Þessi útgjöld liðast þannig sundur:

		1906.	1907.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
Forstjórinn í landsyfirrjettinum, skipaður 16. apríl 1889:				
laun	4,800 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann... ...	1,000 —			
		5,800	5,800	11,600
Fyrsti dómandi í sama rjetti, skipaður s. d.:				
laun	3,500 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann... ...	500 —			
		4,000	4,000	8,000
Annar dómandi í sama rjetti, skipaður 9. ágúst 1889:				
laun	3,500 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann... ...	500 —			
		4,000	4,000	8,000
Bæjarfógetinn í Reykjavík:				
laun		3,000	3,000	6,000
Sýslumaðurinn í Árnessýslu:				
laun		3,500	3,500	7,000
Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu:				
laun		3,500	3,500	7,000
Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu:				
laun		3,500	3,500	7,000
Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu:				
laun		3,500	3,500	7,000
Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu:				
laun		3,000	3,000	6,000
	Flyt	33,800	33,800	67,600

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	33,800	33,800	67,600
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu:			
laun	3,000	3,000	6,000
Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu:			
laun	3,000	3,000	6,000
Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:			
laun	3,000	3,000	6,000
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði:			
laun sem sýslumaður ... ... 3,000 kr.			
— — bæjarfógeti .. .. 500 —	3,500	3,500	7,000
Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu:			
laun	3,000	3,000	6,000
Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri:			
laun sem sýslumaður ... ... 3,000 kr.			
— — bæjarfógeti... ... ... 500 —	3,500	3,500	7,000
Sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði:			
laun sem sýslumaður ... ... 3,000 kr.			
— — bæjarfógeti... ... ... 500 —	3,500	3,500	7,000
Sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu:			
laun	3,000	3,000	6,000
Sýslumaðurinn í Dalasýslu:			
laun	2,500	2,500	5,000
Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu:			
laun	2,500	2,500	5,000
Sýslumaðurinn í Strandasýslu:			
laun	2,500	2,500	5,000
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjasýslu:			
laun	2,000	2,000	4,000
Samtals ...	68,800	68,800	137,600

Laun og viðbót forstjórans og dómendanna í yfirrjettinum eru talin samkvæmt lögum 15. október 1875, 10. gr., og lögum um breyting á þeim lögum 9. desbr. 1889, 3. og 7. gr., en laun sýslumanna og bæjarfógeta samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, 4, 5. og 7. gr. sbr. lög 8. maí 1894, lög 11. nóvbr. 1899 og lög 13. septbr. 1901.

Við A. 1. b. Gjöld þessi hafa á árunum 1899—1903 numið að meðaltali 7,699 kr. 43 a. á ári, og eru því talin 8,000 kr. eins og í núgildandi fjárlögum.

Við A. 2. Upphæð þessi er talin eins og í margra ára undanfarandi fjárlögum.

Við A. 3. a—k. Gjöld þessi eru talin eins og á núgildandi fjárlögum.

Við A. 4. og 5. Þessi gjöld eru hin sömu og á núgildandi fjárlögum.

Við B. 1. a—d. *Til þess að gefa út Stjórnartíðindi og Landshagsskýrslur.* Kostnaðurinn við prentun B-deildar Stjórnartíðindanna og Landshagsskýrslna hefur undanfarin ár farið mjög fram úr því, sem veitt hefur verið á fjárlögunum, eins og sjest á eptirfarandi töflu.

Kostnaðurinn við Stjórnartíðindin og Landshagsskýrslurnar hefur orðið undanfarandi ár þannig:

Fjárhagstímabil	Prentun og pappír í Stjórnartíðindi B. og landshagsskýrslur:		Þóknun fyrir að semja Landshagsskýrslur:	
	Veitt á fjárlögum	Brúkað samkv. landsreikningi	Veitt á fjárlögum	Brúkað samkv. landsreikningi
Árin	kr.	kr. a.	kr.	kr.
1898—1899	5,160	6,976 82	2,400	2,835
1900—1901	5,160	*9,032 22*	2,400	*3,690*
1901—1902	5,160	*7,259 64*	2,400	*4,295*

Hefur þetta stafað sumpart af því, að rit þessi hafa orðið miklu lengri, heldur en ráð hefur verið fyrir gjört, og sumpart af því, að prentun og pappír í Landshagsskýrslur hefur verið talsvert dýrari, en tiltekið er á fjárlögunum. Nú hefur tekizt með samningum við prentsmiðjur og pappírsala hjer í bæ, að fá bæði prentun og einkum pappír miklu ódýrari en áður, og eptirleiðis fellur burt mikið af þóknun fyrir samning skýrslnanna, þar eð svo er til ætlast, að 3. skrifstofa stjórnarráðsins hafi aðallega samning þeirra á hendi, en óhjákvæmilegt er að heimila nokkurt fje fyrir aukavinnu.

Við B. 1. e. *Til þess að gefa út registur við Stjórnartíðindin 30 fyrstu árgangana.* Það er nú farið að verða mjög örðugt, að nota Stjórnartíðindin einkum B-deildina, vegna þess, að registur vantar yfir þau. Slíkt registur hefur verið samið og boðið Stjórnarráðinu til prentunar, og verður það að telja það mjög svo æskilegt, að fá það prentað, og er áætlaður kostnaður við samningu og prentun þannig:

Ritlaun 25 arkir, 30 kr. fyrir örkina	750 kr.
prentun og pappír 32 kr. fyrir örkina...	800 —
	1,550 kr.

Við B. 2. *Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef.*

3. *Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar.*

4. *Til embættiseptirlitsferða.*

5. *Póknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum.*

6. *Til útgjalda við eptirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga.*

Þessir gjaldaliðir eru eins og á núgildandi fjárlögum.

7. Þessi liður, sem fluttur hefur verið hingað, var áður innifalinn í 10. gr. A. 2. Hann er talinn hinn sami og áður.

Við 11. gr.

Við 1. Þessi gjöld sundurliðast þannig:

Landlæknirinn á Íslandi, að auki forstöðumaður læknaskólans			4,000 kr.
Læknirinn í Reykjavíkurhjeraði...			1,900 —
—— - Ísafjarðarhjeraði...			1,900 —
—— - Akureyrarhjeraði			1,900 —
—— - Seyðisfjarðarhjeraði			1,900 —
—— - Keflavíkurhjeraði			1,700 —
—— - Barðastrandarhjeraði...			1,700 —
—— - Blönduóshjeraði			1,700 —
—— - Sauðárkrókshjeraði			1,700 —
—— - Borgarfjarðarhjeraði			1,500 —
—— - Stykkishólmshjeraði			1,500 —
—— - Dalahjeraði			1,500 —
—— - Strandahjeraði			1,500 —
—— - Húsavíkurhjeraði			1,500 —
—— - Vopnafjarðarhjeraði			1,500 —
—— - Hróarstunguhjeraði			1,500 —
—— - Reyðarfjarðarhjeraði:			
laun	1,500 kr.		
viðbót við sjálfan hann...	400 —		
			1,900 —
—— - Hornafjarðarhjeraði			1,500 —
—— - Síðuhjeraði			1,500 —
—— - Rangárhjeraði			1,500 —
		Flyt ...	35,300 kr.

		Fluttar ...	35,300 kr.
Læknirinn í	Eyrarbakkahjeraði		1,500 —
——	- Skipaskagahjeraði		1,500 —
——	- Ólafsvíkurhjeraði		1,500 —
——	- Þingeyrarhjeraði		1,500 —
——	- Hesteyrarhjeraði		1,500 —
——	- Miðfjarðarhjeraði..		1,500 —
——	- Hofsóshjeraði		1,500 —
——	- Siglufjarðarhjeraði		1,500 —
——	- Höfðahverfishjeraði		1,500 —
——	- Reykdælahjeraði		1,500 —
——	- Axarfjarðarhjeraði		1,500 —
——	- Fljótsdalshjeraði		1,500 —
——	- Mýrdalshjeraði		1,500 —
——	- Grímsnesshjeraði		1,500 —
——	- Kjósarhjeraði		1,300 —
——	- Mýrahjeraði...		1,300 —
——	- Reykhólahjeraði		1,300 —
——	- Flateyjarhjeraði		1,300 —
——	- Nauteyrarhjeraði		1,300 —
——	- Þistilfjarðarhjeraði		1,300 —
——	- Fáskrúðsfjarðarhjeraði		1,300 —
——	- Berufjarðarhjeraði		1,300 —
——	- Vestmannaeyjahjeraði:		
	laun	1,300 kr.	
	viðbót við sjálfan hann	1,150 —	
			2,450 —
——	við holdsveikraspítalann		2,700 —
		Samtals ...	71,850 kr.

Laun landlæknis eru talin samkvæmt lögum 8. oktbr. 1883, laun læknisins við holdsveikraspítalann samkvæmt lögum 4. febrúar 1898, og laun hinna læknanna samkvæmt lögum um skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl. 13. oktbr. 1899 sbr. um viðbæturnar lög nr. 15, 15. oktbr. 1875 og fjárlögin fyrir 1888 og 1889.

Við 2. *Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar.*

Við 3. *Styrkur til Guðm. læknis Björnssonar.*

Við 4. a—b. *Styrkur til augnlæknis Björns Ólafssonar.*

Við 5. *Styrkur til tannlæknis í Reykjavík.*

Þessir liðir eru eins og á núgildandi fjárlögum.

Við 6. *Útgjöld við holdsveikraspítalann.*

Stjórn holdsveikraspítalans hefur farið fram á ýmsar breytingar á hinni fyrri fjárhagsáætlun. Þessar tillögur mun alþingi gefast kostur á að kynna sjer, og skal því vísað til þeirra viðvíkjandi nánari ástæðum fyrir breytingunum. — En breytingarnar eru þessar:

Hækkaðir eru þessir liðir:

b. 1. og 2. Viðurværi handa sjúklingum og handa starfsmönnum um 466 kr. 62 a. Stafar þessi hækkun aðallega af því, að mjólk og kjöt hefur stigið í verði, og af skorti á fiskmeti.

f. Ljósmeti úr 475 kr. upp í 650 kr., sökum þess að steinolia er meira notuð en áður til þess að elda við á steinolíuvjelum, en það hefur í för með sjer talsverðan kolasparnað.

g. Viðhald á húsum úr 1,200 kr. upp í 2,600 kr. fyrra árið. Hækkunin á gjaldlið þessum er sumpart kostnaður við að mála *norður-* og *vestur*-hlið spítalans 1,000 kr. og sumpart kostnaður við að koma upp einangrunarklefa á spítalanum til þess að geyma þar í til bráðabirgða sjúklinga, er verða vitskertir 400 kr. — *Suður-* og *austur*-hlið spítalans er óumflýjanlega nauðsynlegt að mála nú þegar á þessu sumri, og verður leitað aukafjárveitingar til þess á fjáraukalögum fyrir árin 1904 og 1905.

k. Greptrunarkostnaður úr 250 kr. upp í 275 kr.

o. Skattar og brunabótagjald úr 717 kr. 19 a. upp í 728 kr. 52 a. Hækkunin nemur því alls 2,077 kr. 95 a. fyrra árið en 677 kr. 95 a. síðara árið.

Þessi liður er lækkaður:

e. Eldsneyti úr 3,035 kr. niður í 2,915 kr. eða um 120 kr.

Verður því hækkunin alls síðara árið 557 kr. 95 a.

Spítalalæknirinn hefur farið þess á leit að fá ókeypis ljós og eldivið í bústað sínum, og hefur yfirstjórn spítalans eindregið mælt með þessari beiðni hans, og þykir stjórnarráðinu eptir atvikum ástæða til þess að fallast á hana, og hefur því sett athugasemd inn á eftir tölulið f., er heimilar þetta, en eigi hefur þótt ástæða til fyrir þessa sök að hækka liðina e. og f., því þessi viðauki nemur svo litlu í samanburði við eyðsluna í heild sinni, en hinsvegar erfitt að gizka á hve miklu munurinn nemi.

Þá hefur þess verið farið á leit, að fá veittar 60 kr. til þess að koma spítalanum í telefónsamband við Reykjavík; þetta virðist hentugt, og virðist mega taka þessa litlu upphæð af gjaldlið p. ýmisleg útgjöld.

Við 5. *Útgjöld við bólusetningar.* Að vísu hefur kostnaður við bólusetningar numið árin 1903 og 1904 þrefalt meiri upphæð en þeirri sem áætluð er, en þar sem þetta má telja afleiðingu þess, að lögum 26. febr. 1898, sem nú eru upp hafin með lögum 27. sept. 1901, var mjög linlega framfylgt af læknanna hálfu, virðist ástæða til að ætla, að útgjöldin nú fari aptur mjög svo minnkandi, og þykir því eigi þörf á að hækka þennan lið.

Við 8. *Önnur útgjöld.* Gjaldliður g. er hækkaður um 1,000 kr. með því að ætla má, að með stöðugt vaxandi samgöngum, muni optar þurfa að beita sóttvörnum en áður. Auðvitað hrekkur þessi upphæð skammt, ef um víðtækar ráðstafanir er að ræða, er næmur sjúkdómur hefur náð að útbreiðast áður en vörnum er beitt. En hinsvegar getur og verið von um, að ekki þurfi á þessu að halda til muna á fjárhagstímabilinu, því vonandi er, að alþýða manna, læknar og yfirvöld leggist nú á eitt að stöðva þegar í *upptökum* útbreiðslu næmra sjúkdóma, er það hefur sýnt sig svo áþreifanlega, að takast má að stöðva svo næma sjúkdóma sem mislingar eru með þeim ráðstöfunum, sem heimilaðar eru með lögunum frá 31. jan. 1896. Það er því ekki áætluð hærri upphæð en 2000 kr. í þessu skyni hvort árið.

Við 8.—i. Hjúkrunarkona Steinun Árnadóttir hefur í eitt ár verið að búa sig undir að læra tannlækningar í Kaupmannahöfn og hefur í því skyni notið styrks af »det Classenske Fideicommis«. Nú vantar hana efni til þess að borga tannlækni fyrir kennsluna, sem venjulega kostar 1000 kr., en hún hefur verið svo heppin að fá kost á kennslu hjá góðum tannlækni fyrir 600 kr. Þessa upphæð hefir hún sótt um að fá úr landssjóði, með því að hún ætli sjer, að náminu loknu, að stunda tannlækningar á Íslandi. Með tilliti til þessa, og með því skilyrði, að hún setjist hjer að að afloknu námi, hefur stjórnarráðinu þótt ásæða til að setja þessa fjárveitingu inn í fjárlögin sem nýjan tölulið i, þar sem hún hefur fengið beztu meðmæli hjá fyrv. landlækni Schierbeck, lækni Petrus Beyer og prófessor dr. med. Haderup.

Við 12. gr.

A.

Til útgjalda við póststjórnina.

Við 1. a—c. *Laun.*

Launin handa póstmeistaranum eru talin eins og í núgildandi fjárlögum, svo og b. 1 og c. En að því er liðinn b. 2 snertir, þá hefur póstmeistari farið fram á, að hann yrði hækkaður um 700 kr., og ætlast hann til, að fyrsti póstafgreiðslumaður fái 500 kr. af upphæðinni, en þriðji póstafgreiðslumaður fái 200 krónur.

Fyrsti póstafgreiðslumaður hefur farið fram á þessa launahækkun, með því að honum sje ekki hægt að lifa á launum þeim, sem hann hefur haft. Með því að póstafgreiðslumaður þessi hefur fyrir mikilli fjölskyldu að sjá, en getur ekki fengizt við nein veruleg aukastörf, þar sem vinnutími hans í pósthúsinu er frá kl. 9 á morgnana til kl. 7 á kvöldin að frádregnum matartíma, og með því að póstmeistari telur það mjög bagalegt, að póstmenn, sem búnir eru að fá góða æfingu og hafa reynzt ágætlega, skulu neyðast til að segja stöðu sinni lausri fyrir það, að starfið sje svo illa borgað, að það sje eigi hægt fyrir þá, þó mestu sparsemdarmenn sjeu, að komast af með launin, þá verður stjórnarráðið að vera á þeirri skoðun, að það sje ástæða til að verða við þessari beiðni, og leggur því

til, að þessi liður verði hækkaður um 500 kr., sem fyrsti póstafgreiðslumaður fái í launaviðbót fyrir sjálfan hann.

Aptur á móti telur stjórnarráðið ekki nauðsynlegt, að hækka að svo stöddu laun til þriðja póstafgreiðslumanns, þar sem hann er alveg nýskipaður í þessa sýslan, sbr. nefndarálit fjárlaganefndar neðri deildar 1903 (alþ.tíð. 1903 C. bls. 214).

Við 2. *Póstflutningur.*

Við 3. *Til póstvagnaferða.*

Við 4. *Önnur útgjöld.*

Þessir liðir eru alveg eins og á núgildandi fjárlögum.

B. Til vegabóta:

Við 1. a og b *Til verkfræðings landsins.*

Við 2. *Til verkfróðra aðstoðarmanna* við samgöngubætur.

Þessar upphæðir eru hinar sömu og á núgildandi fjárlögum, en undir tölulið 2 er farið fram á að fella burtu orðin »hinar vandaminni«; það getur verið nauðsynlegt að fá aðstoð við vandasamar samgöngubætur, og sje hægt að fá hæfan mann til þess, og það verður eptirleiðis hægt, virðist engin ástæða til að binda þessa fjárveitingu eingöngu við minni háttar samgöngubætur, heldur gefa stjórninni frjálsar hendur, til þess að nota fjeð til aðstoðar við samgöngubætur almennt.

Við 3. *Til flutningabrauta.*

Upphæðirnar eru settar eptir tillögum verkfræðings Jóns Þorlákssonar. Viðvíkjandi flutningabrautinni um Fagradal álítur hann, að það, sem eptir verði ógjört af henni haustið 1905, verði fullgjört á 4 árum með 35,000 kr. fjárveitingu hvort fjárhagstímabil, og muni þá öll vegagerðin frá Reyðarfirði til Lagarfljóts kosta rúmar 100,000 kr.

Með því að gjört er ráð fyrir að ritsími verði lagður yfir land frá Austfjörðum til Reykjavíkur sumarið 1906, og að við það verk verði full sumarvinna fyrir allt að 200 manns, má álíta óhentugt að láta mikla vegagerð fara fram það árið; bæði mætti búast við, að hörgull yrði á verkamönnum — eða að kaupgjald yrði að hækka, — og svo er óheppilegt, að taka eitt sumar mikinn vinnuafla frá öðrum atvinnuvegum fram yfir það, sem þörf er á að jafnaði. Ennfremur verða útgjöld landssjóðs til samgöngumála óvenjulega há þetta ár, vegna símalagningarinnar, og því ástæða til að takmarka önnur útgjöld til samgöngumála sem mest það árið.

Af þessum ástæðum er ekki gjört ráð fyrir, að unnið verði að lagningu flutningabrauta nema á þessum eina stað, Fagradal, fyrra árið, en að flutningabrautinni upp Borgarfjörð verði haldið áfram seinna árið.

Til viðhalds flutningabrauta mun eigi veita af 12,000 kr. hvort árið, því

bæði þarf að gjöra talsvert við Mosfellsheiðarveginn, sem víða er orðinn ofaníburðarlítill, og svo þarf vegurinn austur yfir Hellisheiði að bætast á ýmsum köflum, t. d. í Flóanum, frá Ölfusárbrú að Hraungerði, á Hellisheiði, í Svínahrauni og víðar.

Við 4. *Til þjóðvega.*

Af þjóðvegafjenu er ætlast til, að 5000 kr. verði varið til áframhalds veginum út Kræklingahlíðina fyrra árið, en að öðru leyti er ekki það árið ætlað fje til annars, en nauðsynlegs viðhalds og viðgerða á þjóðvegum. Síðara árið er gjört ráð fyrir, að til vegarins út Kræklingahlíðina verði varið 5000 kr., til þjóðvegarins milli Borgarness og Stykkishólms 6000 kr., og til vegagerðar í Geithellnahreppi 7000 kr. Ennfremur 4000 kr. til vegagerðar og viðgerða yfir Ásustaðaskriðu og Vatnsskarð og 3000 kr. til að byrja á veginum upp Mosfellssveitina. Það sem þá verður eptir af þjóðvegafjenu er ætlast til, að gangi til viðhalds og smærri viðgerða og vegagerða.

Við 5. *Til fjallvega.*

Þennan lið er farið fram á að hækka um 1000 kr. seinna árið, með því að það er, nú sem stendur, margir fjallvegir, sem þurfa nauðsynlega aðgerðar við, svo sem Hólssandur, Tunguheiði, Öxarfjarðarheiði, Brekknaheiði, Grímstunguheiði o. fl.

Við 6. *Til áhaldakaupa o. fl.*

Þar sem árlega hefir verið varið miklu fje til áhaldakaupa og viðhalds þeirra, þykir nægilegt fyrir næsta fjárhagstímabil að að áætla 4000 kr. í þessu skyni.

Við 7. *Tillag til sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa.*

Við 8. *Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum.*

Þessir liðir eru eins og á núgildandi fjárlögum.

C.

1. *Til gufuskipaferða.*

Þessi liður er eins og á núgildandi fjárlögum. Stjórnarráðið er að vísu þeirrar skoðunar, að þetta tillag sje allhátt í samanburði við útgjaldamagn landssjóðs, en þar sem eigi hefur enn tekizt, að fá tilboð um að halda uppi hinum sömu strandferðum og nú eru, fyrir lægra tillag, og stjórnarráðið býst við því, að þingið kynoki sjer við því, að takmarka til muna þessar ferðir, þá hefur stjórnin nú, við samningu fjárlagafrumvarpsins, eigi talið annað fært, en að láta upphæðina haldast óbreytta ásamt athugasemdinni, en hún mun gera sjer far um að reyna að komast að aðgengilegri kjörum, ef unnt er, til þings.

Við 2. a.—c. *Til gufubátsferða.*

Upphæðirnar eru að mestu hinar sömu og á núgildandi fjárlögum.

Við 12. gr.

D.

Við 1. Það kom brátt í ljós, að ekkert mundi verða úr málaleitunum þeim viðvíkjandi símlausu firðritunarsambandi milli Íslands og útlanda, og milli 4 kaupstaðanna hjer á landi, sem um er getið í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið fyrir 1904 og 1905, og um síðustu áramót lagðist niður fjelag það í Kaupmannahöfn, sem hafði snúið sjer um þetta málefni til samgöngumálaráðherrans í Danmörku og viljað fá 20 ára einkarjett til alls hraðskeytasambands frá Íslandi til allra annara landa, með heimild til að mega selja einkarjett þenna öðrum. Hófust þá brjefaskriptir milli stjórnarráðsins hjer og Marconifjelagsins í Lundúnum, sem ofannefnt Kaupmannahafnarfjelag hafði verið í samningum við, og kom Marconifjelagið fram með tilboð um, að setja þráðlaust samband milli Skotlands og Reykjavíkur eingöngu, fyrir rúmlega 376 þúsund króna greiðslu í eitt skipti fyrir öll, og auk þess 36 þúsund króna tillag á ári; en um innanlandssamband á Íslandi, eða samband milli kaupstaðanna innbyrðis, vildi fjelagið engin tilboð gjöra. Kvað sig bresta alla reynslu til þess að geta um það sagt, hvernig aðferð þeirra mundi gefast yfir snjó, jökul og freðna jörð, og ljet í ljósi, að það skildi ekki í, hversvegna ekki ætti að nota landsímalagning hjer eins og annarstaðar til innanlandssambanda. En þegar af þeirri ástæðu, að leyfi fjárveitingarvaldsins til þess að verja ritsímatillaginu til loftritasambands, var bundið því skilyrði, — sem stafaði af málaleitunum ofangreinds Kaupmannahafnarfjelags, — að loftritasambandið væri eigi aðeins milli Íslands og útlanda, heldur og á milli kaupstaðanna hjer á landi, var það þegar augljóst, að þessu boði gat ekki orðið að neinu sinnt á þessu fjárhagstímabili, enda kostnaðurinn allt of gífurlegur fyrir framlagsmagn Íslands, er ekki var meira nje tryggara í aðra hönd.

Jafnframt þessum málaleitunum hafði verið unnið að því af kappi, að gjöra mögulega samninga við hið stóra norræna ritsímafjelag um sæsímalagningu til Íslands, sem litlar sem engar líkur höfðu verið til, að takast mundi, þegar síðasta fjárlagafrumvarp var samið. Þetta lánaðist. Að áliðnu sumri í fyrra var svo langt komið, að fjelagið gaf kost á ritsímalagningunni án annars tillags en 54,000 kr. árstillags frá Danmörku, og þess 35,000 kr. árstillags frá Íslandi, sem veitt er, án sjerstakra skilmála, til ritsíma á núgildandi fjárlögum; en þáverandi stjórnarráð Íslands hefði þegar eptir þing 1903 tilkynnt samgöngumálaráðaneytinu, að fje þetta væri til taks til móts við styrk af Danmerkur hálfu, ef til kæmi. Fjelagið bauð sömu kosti og fyr: að leggja símann til Þorlákshafnar, og landþráð þaðan til Reykjavíkur, eða að leggja sæsímann til Austfjarða, og leggja 300 þúsund kr. fram til landsímalagningar. Úr þessu þurfti fljótt að skera, ef málið átti að geta fengið framgang á næstu árum, og til þess að tefla framgangi þess ekki í tvísýnu. Stjórnin leit svo á, að óþarft væri að bíða eptir nýrri yfirlýsing alþingis, með því að það hefur þegar tvisvar sinnum, 1899 og 1901, veitt stjórninni heimild til þess að ákveða, ef til kæmi, að síminn skyldi koma á land fyrir austan, og undirbúa landsímalagning þaðan til Reykjavíkur, gegn 300 þúsund kr. framlagi frá þeim, er sæsímann legði. Þar sem tillögur í þá átt, að fella burt þessa heimild úr fjárlögunum, höfðu verið feldar með miklum atkvæðamun bæði árin, er þetta atriði var lagt fyrir þingið, þótti það augljóst, hver vilji alþingis væri um þetta efni, og yfirlýsing þess bindandi, þar sem hún eigi hafði verið apturkölluð. Áður endanleg ákvörðun væri tekin þótti

þó rjett, að gjöra enn frekari gangskör að því, að ganga úr skugga um, hvort tiltök væru, að betri kjör mundu fást með loptskeytasambandi, og fór ráðherrann því til Lundúna, til þess að ræða mál þetta við formann Marconifjelagsins, og komu þá fram kostnaðaráætlanir, sem alþingi mun gefast kostur á að kynna sjer, bæði um það, hvað kosta mundi þráðlaust samband milli Skotlands og eins staðar á Íslandi einungis, milli Skotlands, Færeyja og ýmsra staða á útkjálkum Íslands með landsímum þaðan til kaupstaðanna, og eingöngu innanlands á þann hátt, er síðast var sagt. En ekkert af þessum upplýsingum er þannig vaxið, að nein tiltök virðist fyrir Ísland að ráðast í slíkt nú, það því fremur, sem þráðlausa firðritunin er enn eigi orðin svo fullkomin eða örugg, að slíku fyrirkomulagi væri fulltreystandi, til þess að tryggja nauðsynlegt samband, og einskis tilstyrks var því að vænta frá Danmörku til þessa. Eftir ítarlega samninga milli formanns hins stóra norræna ritsímafjelags annarsvegar, og ráðherra Íslands og samgöngumálaráðherrans hins vegar, var þá 26. sept. f. á. samþykkt og undirskrifað eptirfarandi uppkast að leyfisskrá til fjelagsins, er þeir ráðherrarnir skuldbundu sig til að leita konunglegrar staðfestingar á í vor, er ráðherra Íslands kemur til Kaupmannahafnar, að því tilskildu að fjárlaganefnd fólksþingsins samþykkti þau atriði, er í leyfisskránni er vikið frá því, er aftalað hafði verið af stjórninni við tjeða fjárlaganefnd árið 1898.

Uppkastið hljóðar svo:

Uppkast.

Vjer, Christian hinn níundi o. s. frv.

Gjörum kunnugt:

Eptir beiðni hlutafjelagsins »Hið stóra norræna ritsímafjelag« veitum Vjer tjeðu fjelagi hjer með leyfi til þess, að stofna og starfrækja neðansjávarritsíma milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands, með þeim kjörum, er nú skal greina.

1. gr.

Sæsíminn skal lagður frá Hjaltlandi til Þórshafnar, og þaðan til Seyðisfjarðar (eða Reyðarfjarðar). Ef ekki koma fyrir tálmanir, sem samgöngumálaráðherrann, og að því er snertir landtöku símans á Íslandi, ráðherra Íslands, telja óviðráðanlegar eða að minnsta kosti afsakandi, skal sæsíminn vera opnaður til almenningsnota 1. d. Októbermán 1906.

Sæsímalagningin skal sæta því eptirliti, sem samgöngumálaráðherrann ákveður.

2. gr.

Leyfisskrá þessi gildir í 20 ár frá þeim degi að telja, er sæsíminn og landsími sá til Reykjavíkur, sem um ræðir í 4. gr., er tekinn til starfa.

Í 20 ár frá þeim degi að telja, er sæsíminn til Seyðisfjarðar (eða Reyðarfjarðar) tekur til starfa, eptir að verkið er samþykkt af samgöngumálaráðherranum og af ráðherra Íslands, að því er snertir landtöku símans og endastöð á Íslandi, skal greiða fjelaginu tillag 54,000 kr. árlega úr ríkissjóði Danmerkur og 35,000 kr. á ári úr landssjóði Íslands (sbr. þó 6. gr. i. f.).

Svo framarlega sem sæsímasambandinu milli Hjaltlands og Færeyja er slitið í meira en 4 mánuði, falla bæði hin nefndu tillög burtu fyrir þann tíma, sem sambandsslitin standa yfir 4 mánuði. Ef sæsímasambandinu milli Færeyja og Íslands er slitið í meira en 4 mánuði, fellur niður tillagið frá Íslandi og helmingurinn af tillaginu úr ríkissjóði fyrir þann tíma, er sambandsslitin standa framyfir 4 mánuði.

Þegar leyfistíminn er á enda, getur leyfið fengizt endurnýjað. Ef fjelagið vill ekki fá leyfið endurnýjað án tillags, eða brjóti það leyfið af sjer (sbr. 12. gr.) skulu Danmörk og Ísland eiga rjett á, að sæsíminn sje afhentur þeim endurgjaldslaust til sameignar eptir hlutföllum $^2/_3$ og $^1/_3$. Ef Ísland vill ekki taka þátt í að taka sæsímann að sjer, á Danmörk rjett á að gjöra þetta ein.

3. gr.

Meðan leyfið stendur fær fjelagið allar tekjur af sæsímanum.

Hámark gjalda fyrir notkun sæsímans skal ákveðið af samgöngumálaráðherranum fyrir allt að því 5 ár í bili.

Hækkun á starfsgjöldunum verður ekki gjörð nema í samráði við ráðherra Íslands. Gjöldin fyrir notkun landsímans til innanlandsþarfa skulu ákveðin af stjórnvöldum Íslands.

4. gr.

Meðan leyfið stendur ber fjelagið allan kostnað, sem stafar af viðhaldi sæsímans og starfrækslu hans eptir tímans kröfum. Í Þórshöfn og á Seyðisfirði (eða Reyðarfirði) reisir fjelagið á sinn kostnað ritsímastöðvar, er annast afgreiðslu allra símrita gegnum sæsímann, og borgar starfsmönnum. En afgreiðsla símrita gegnum landsímann, og móttaka og útsending hraðskeyta er fjelaginu óviðkomandi. Samvinna milli fjelagsins og póststjórnar og símastjórnar á landtökustaðnum, ákveðst með samkomulagi við hlutaðeigandi stjórnarvöld.

Frá landtökustað sæsímans á Íslandi verður lagður landsími til Reykjavíkur, og skal hann tilbúinn til starfa 1. okt. 1906, nema óviðráðanlegar eða afsakanlegar tálmanir banni. Til símastofnunar þessarar leggur fjelagið fram í eitt skipti fyrir öll 300,000 kr. til landssjóðs Íslands. Stjórn Íslands sjer um lagning landsímans á kostnað landssjóðs sem verður eigandi símans. Allur kostnaður við viðhald og starfrækslu landsímans greiðist af landssjóði, sem og fær allar tekjur af landsímanum.

Ef sæsíminn bilar, svo að símritunin teppist eða verður örðug, skal fjelagið svo fljótt, sem unnt er, gjöra allar þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að gjört verði við það sem aflaga fór.

Slitni landsíminn eða raskist samband milli landtökustaðar sæsímans og Reykjavíkur, lætur stjórn Íslands gjöra við það svo fljótt sem unnt er. Aldrei á fjelagið þó undir neinum kringumstæðum kröfur til skaðabóta fyrir tekjurírnun, stafandi af ólagi á landsímanum.

5. gr.

Fjelagið er, með tilliti til síma þess, er leyfi þetta hljóðar um, háð ákvæðunum í ritsímasamningi þeim, er gjör var í St. Pjetursborg 10.—22. júlí 1875 og þeim alþjóðareglum, sem settar eru eða verða eptir samningi þessum.

6. gr.

Meðan leyfi þetta stendur skal ekki mega veita neinum öðrum en fjelaginu rjett til símalagningar eða annara til almenningsnota ætlaðra rafmagnssambanda milli Íslands og Færeyja, eða milli Íslands eða Færeyja og annara hluta Norðurálfu. Aptur á móti skal leyfisskrá þessi ekki vera því til fyrirstöðu, að reistar sjeu á Íslandi og í Færeyjum stöðvar fyrir þráðlausa firðritun, til hraðskeytasambands við skip á sjó úti. Heimilt er og stjórn Íslands, áður leyfi þetta er á enda, að stofna þráðlaust firðritunarsamband milli Færeyja og einhvers staðar í nánd við Reykjavík, ef stjórninni þykir það æskilegt, með því skilyrði, að fjelagið fái sömu borgun fyrir hraðskeyti send með loptritunartækjunum, eins og fyrir sæsímaskeyti frá eða til eða gegnum Ísland. Meðan slíkt þráðlaust samband er reglulega notað, færist tillag það frá landssjóði, sem nefnt er í 2. gr., niður um 13,000 kr á ári.

7. gr.

Svo framarlega sem aðrir en fjelagið, meðan leyfi þetta stendur, sækja um leyfi til að koma á firðritunarsambandi milli Íslands og einhvers lands utan Evrópu, þá skal fjelaginu gefinn kostur á að láta uppi álit sitt, og að öllu jöfnu hafa forgangsrjett til þess að fá leyfið.

Sje ritsími lagður milli Íslands og einhvers lands utan Evrópu, skal færa niður tillög þau, sem nefnd eru í 2. gr., með tilliti til hagsmuna þeirra, sem fjelagið fær við það.

8. gr.

Þeir starfsmenn, sem settir verða til þess að rækja sæsímastöðvarnar í Þórshöfn og á Seyðisfirði (Reyðarfirði), skulu hafa rjett innborinna manna í Danmörku. Þeir skulu vinna eið þann, sem stílaður er dönskum ritsímamönnum um að gæta þagnarskyldunnar, og skulu hlíta hegningarákvæðunum í lögum 11. maí 1897, 18. gr.

9. gr,

Danmerkurstjórn áskilur sjer rjett til þess, að stansa alveg sambandið gegnum þráðinn af ástæðum, sem að almenningsöryggi lúta, án þess fjelagið geti átt heimting á neinum skaðabótum fyrir það.

10. gr.

Við lok hvers reikningsárs ber fjelaginu að senda samgöngumálastjórninni og stjórnarráði Íslands reikning yfir tekjur og gjöld sæsímans um hið liðna reikningsár.

11. gr.

Fjelagið getur því að eins selt öðrum rjett sinn eptir leyfi þessu, að samgöngumálaráðherrann og ráðherra Íslands samþykki. Samþykkis samgöngumálaráðherrans þarf og til þess, að fjelagið geti breytt um þjóðerni eða flutt heimili sitt frá Kaupmannahöfn.

12. gr.

Að því er snertir skýringar á þessum samningi, ber fjelaginu að hlýta úrskurði samgöngumála-ráðherrans.

Haldi fjelagið ekki þær skuldbindingar, sem því eru á herðar lagðar í leyfisskrá þessari, má svipta það leyfinu.

Með því að nauðsynlegt er, til þess að geta fengið endingargóða símastaura, að þeir sjeu sjerstaklega undirbúnir og gagndreyptir, þarf að panta þá að minnsta kosti ári áður, en þeir geta orðið hingað fluttir og notaðir. Þess vegna voru þegar gjörðar ráðstafanir til þessa í fyrra haust, og rjeði stjórnin sjer sjerfróðan (»tekniskan«) ráðunaut, ritsímaverkfræðing Krarup, sem hefur unnið kappsamlega að því, að fá sem bezt tilboð um símastaura og útvega þær upplýsingar til undirbúnings símalagningunni, sem unnt hefur verið. Hefur hann ferðast til Noregs í því skyni, og búið til tillögur og áætlun um bygging landsímalínunnar og kostnað við starfræksluna, sem að mestu leyti er lögð til grundvallar í því, er hjer fer á eptir; en að því er snertir vinnukostnað og flutningskostnað hjer í landi, og annað, sem lýtur að sjerstökum landsháttum hjer, hefur áætlun hans verið löguð eptir áliti og tillögum verkfræðings landsins, sem er þeim atriðum kunnugri, og hefur miðað við reynslu þá, sem þegar er fengin hjer um uppsetning talsímastaura.

Við 2. Landsíminn á að setja landtökustað sæsímans í samband við Reykjavík. En jafnframt á hann, svo mjög sem unnt er, að koma sem flestum stöðum á leið þeirri, er hann liggur um, í samband hvorum við annan og við landtökustöðvarnar og Reykjavík.

Um það er að velja, hvort síminn skuli vera úr stáli eða bronze, einn símþráður eða tveir. Símalína með tveim bronzeþráðum er hjer áætlað að kosta muni 417,000 krónur. Tvílagður stálsími mundi verða allt að því 90 þúsund kr. ódýrari. Einfaldur bronzesími mundi verða 60—70 þúsund krónum ódýrari, og einfaldur stálsími allt að því 120 þúsund krónum ódýrari en tvílagður bronzeþráður.

Reynslan hefur sýnt, að norðan til í Noregi, þar sem mikið er um norðurljós, er eigi hægt að bjargast við einstakan þráð til talsímanota, með því að jarðsegulmagnið veldur truflun, aukahljóðum (suðu) í tækjunum. Með einföldum stálsíma væri alls ekki hægt að hafa talsímasamband. En ritsímasamband mætti fá gott með einstökum síma, hvort heldur væri stálsími eða bronsesími, milli Reykjavíkur og sæsímastöðvanna, með millistöð á Akureyri. Aðrar millistöðvar væri eigi auðið að hafa, nema hafa ritsímatæki og starfslið með þeirri sjerþekkingu, er til símritunar þarf á hverri þeirra, og það væri vart ráðlegt, að hafa þær fleiri en 4—5 alls, því það yrði mjög örðugt að girða fyrir, að sambandsskekkjur kæmu fyrir á þessum millistöðum, og gæti aðalsambandið slitnað og tafizt við slíkt.

Með tvöföldum bronzesíma má gjöra ráð fyrir afbragðsgóðu ritsímasambandi beint milli Reykjavíkur og landtökustöðvanna, og ágætu talsímasambandi um hálft landið (Reykjavík — Akureyri) en nokkuð örðugra talsímasambandi alla leið frá Reykjavík til Austfjarða. Þá er hægt að setja 17 eða fleiri millistöðvar við línuna, auk Akureyrar, og starfsrækslan á þeim með talsímatækjum getur orðið mjög óbrotin. Það er hægt að stilla svo til, að ekki verði hætt við skekkjum í sambandssetning. Sje tvísettur stálsími notaður, er hægt að setja eins margar millistöðvar eins og að framan greinir, en þá yrði að hafa ritsímastöð og nota ritsímatæki á Akureyri, og það er vafasamt, hvort millistöðvar, sem liggja miðja vegu milli Reykjavíkur og Akureyrar, gætu haft talsímasamband við þá kaupstaði.

Málsímasamband er ekki hægt að hafa öruggt gegnum hálft landið með tvísettum stálsíma.

Sje símritun notuð eingöngu, gæti þannig að eins orðið 4—5 millistöðvar alls, sem með fólkshaldi og tækjum hlyti að kosta að minnsta kosti 1000 kr. hver á ári, auk kostnaðarins við dýra aðalstöð á Akureyri; en verði *símtal* viðhaft, má setja stöðvar meðfram endilangri línunni, t. d. með 30 kílómetra millibili, og þá væntanlega fá þjónustu þeirra fyrir svo sem 120 kr. ári fyrir hverja, auk dálítillar þóknunar fyrir hvert samtal eða skeyti.

Þar sem það auk þessa mundi verða miklu erfiðara og dýrara að koma á og starfrækja aukalínur, er ætla má að settar verði í samband við aðallínuna, ef eigi væri notuð talsímatæki, heldur að eins símritun á millistöðvum, þá er farið fram á, að lagður sje tvísettur bronzeþráður alla leið, og er starfrækslan hugsuð þannig, að milli Reykjavíkur og sæsímastöðvanna sjeu ritsímaskeyti send beina leið með Morse-tækjum, en skeyti frá útlöndum verði send með Wheatstonetækjum gegnum sæsímann, til og frá sæsímastöðvunum. Öll símskeyti milli millistöðva skulu afgreidd með talsíma, og sömuleiðis skeyti milli millistöðva og Reykjavíkur eða sæsímastöðvanna.

Til þess að fullt gagn geti orðið af talsímarækslunni verður að setja upp skiptiborð á þeim millistöðvum, þar sem hliðarlínur koma eða heimilissímar, svo að nauðsynleg sambandafærzla geti fram farið.

Jafnvel þótt öll skeyti frá millistöðvum sjeu send til endastöðvanna með talsímafærum, mætti vel hafa ritsímarækslu (Morse-tæki) á Akureyri og á einstöku stöðum öðrum. En með því að jafnframt yrði að halda þar uppi talsímarækslu vegna skeyta og samtala frá smærri stöðvunum, þá yrði ritsímarækslan aðeins til aukakostnaðar, bæði að því er snertir áhöld og starfsmenn, án nokkurra hagsmuna. Það er eins tryggt að senda skeyti þaðan með talsíma til sæsímastöðvanna eða Reykjavíkur, því að með hinni nýju aðferð til þess að lesa skeytin fyrir í talsímanum, sem nú hefur verið notuð í Kaupmannahöfn í 7—8 ár til þess að senda áleiðis flókin og dulrituð verzlunarskeyti, er alveg komið í veg fyrir upplestrarvillur. Þess vegna er álitið rjettast, að hafa að eins málsímatæki á Akureyri, en ekki ritsímarækslu.

Við a. Á þessum lið er gjört ráð fyrir þessum útgjöldum:

13,500 staurar á 5.00	67,500 kr.
28,000 ísólatorar á 0.30	8,400 —
13,500 hettur og krókar á 0.85	11,475 —
2×640 kílóm. = 80,700 kg. 3 m/m bronzevír á 1,50	121,050 —
Ýmislegt efni og verkfæri	8,000 —

Vegalengdin frá Hólmum í Reyðarfirði, um Bustarfell í Vopnafirði, Grímsstaði, Akureyri, Heljardalsheiði, Sauðárkrók, Kolugafjall, Blönduós og þaðan sem póstleið liggur til Reykjavíkur mun vera 77 til 78 mílur. Auk þess má gjöra ráð fyrir, að kringum 8% þurfi að leggja ofan á fyrir bugum og krókum, og er því vegalengd sú, sem áætlunin er miðuð við, 84 mílur eða nál. 640 kílómetrar.

Á hverja mílu koma 160 staurar, og svarar það til, að millibilið sje 25 faðmar, sjeu þeir settir með jöfnum millibilum. Í Danmörku er algengast að hafa 110 staura á hverri mílu, og í Noregi er álitið tryggilegt, að hafa 150 staura á mílu (80 álna millibil).

Til þess að fá sem bezta og varanlegasta staura, hefur stjórnarráðið gjört ráðstafanir til, að þeir yrðu gagndreyptir, sumir með kreósótolíu, sumir með koparvitríóli; 3,950 staurar eru pantaðir hjá ritsímastjórn Noregs, sem góðfúslega lánar gagndreypingaráhöld sín í Namros hjá Þrándheimi; 150 staurar verða fengnir frá upplagi danska ríkisritsímans í Sórey. Hitt er pantað hjá R. Collstrop í Horsens (austprússnesk fura). Búizt er við, að allir staurarnir endist í kringum 25 ár.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem að framan eru greindar, er gjört ráð fyrir, að brúka óvenjulega harðan og sterkan koparsíma (bronzevír). Verðið á slíkum vír hefur leikið á kr. 1.30 til kr. 1.70 fyrir kílógrammið, og er því gjört hjer ráð fyrir kr. 1.50 fyrir kílógram.

Fyrir utan stálvír og bronsevír, sem áður var talað um, er og til þriðja tegundin, sem er kölluð tveggjamálmavír, og er það stál innan en kopareir utan. Er álitið að hann sje jafngóður bronzevírnum bæði að styrkleika og leiðslugildi fyrir talsímastrauma, en fullnægjandi upplýsingar um hann eru ekki fengnar enn, með því að hann hefur ekki verið notaður til muna nema á Frakklandi og Þýzkalandi.

Í samanburði við bronzevír mætti spara 10 til 25 þús. kr. með því að nota þennan vír.

Ef til þess skyldi koma, að sjerstakar torfærur yrðu á leiðinni, sem ekki verður hægt að koma símanum yfir, með því að brúka hina hæstu staura (12 metra), sem til verða, þarf að leggja þar niðurgrafinn síma, járnvarðan, og kostar hver faðmur af honum um 5 kr.

Að svo stöddu þykir ekki líklegt, að neinar slíkar torfærur verði á leiðinni, og er því ekki gjört ráð fyrir kostnaði þar af leiðandi.

Við b. Útgjöldin á þessum lið sundurliðast þannig:

Eptirlit með tilbúningi vírsins	2.000 kr.
Eptirlit með gagndreypingu stauranna og þóknanir í sama skyni	3.000 —
Flutningsgjald fyrir staurana til landsins ...	22.000 —
Annar flutningur til landsins, 200 tons	5.000 —
Að flytja staurana inn á línuna og dreifa þeim þar	43.000 —
Sami flutningur á öðru efni...	6.000 —

Með því að það er áríðandi, að vírinn sje svo sterkur og gallalaus, sem unnt er, og að hann hafi leiðslugildi það sem áskilið er, á að hafa eptirlit með tilbúningnum í verksmiðjunni, og láta nægilega margar prófmælingar fara fram þar.

Sami maður, sem hefur á hendi eptirlit fyrir dönsku ríkisjárnbrautirnar, á að hafa eptirlit með staurum þeim, sem pantaðir eru í Horsens, bæði hvað stærð, gæði og gagndreypingu snertir. Norsku staurana útvegar ríkisritsímastjórnin norska, og gagndreypir þá með mjög hagfeldum kjörum. Virðist rjett, að starfsmenn þeir og embættismenn við ríkisritsímann norska, sem hafa verið við verkið riðnir, fái nokkra þóknun, enda hafa þeir og mjög góðfúslega látið í tje upplýsingar um símalagningu í norðlægum, strjálbyggðum hjeruðum.

Flutningsgjald til landsins er að meðaltali fyrir stærri og minni staura $1^1/_2$ til 2 kr. fyrir hvern staur, en hið sameinaða gufuskipafjelag hefur látið líklega um, að slaka töluvert til um það gjald.

Að flytja staura og annað efni inn í línuna, getur orðið talsvert erfitt sumstaðar. Er í ráði að fela sýslumönnunum umsjón með þeim flutningum, og verða staurarnir fluttir veturinn 1905—06; verður að flytja þá á sleðum, þar sem þess er kostur, og undirbúa flutninginn í tíma.

Nákvæma áætlun um flutningskostnað þennan er ekki hægt að gjöra fyrri en leiðin hefur verið ákveðin til fulls; eptir bráðabyrgða-áætlun um það má gjöra ráð fyrir, að landflutningur nemi um 3 mílum fyrir hvern staur að meðaltali. Þyngd stauranna verður að líkindum allt að 200 pd. að meðaltali.

Eins og áætlunin ber með sjer, eru ætlaðar rúmar 3 kr. til flutnings á hverjum staur, en þar í er innifalinn nokkur sjóvegsflutningur á sumum staurunum.

Við c. Útgjöldin á þessum lið sundurliðast þannig:

Framkvæmdarstjóri í 150 daga á 25 kr.	3.750 kr.
4 aðrir verkfræðingar í 130 daga á 20 kr.	10.400 —
12 verkstjórar í 130 daga á 8 kr.	12.480 —
2 »montörar« í 130 daga á 7 kr.	1.820 —
200 verkamenn í 100 daga á 3 kr.	60.000 —
Hestar	3.000 —
Ferðakostnaður út og utan fyrir 19 menn	4.000 —
Tjöld og annar útbúnaður	5.000 —

Svo er til ætlast, að símalagningunni verði lokið á 100 dögum; verkinu stjórni verkfræðingur (framkvæmdarstjóri) með aðstoð 4 annara verkfræðinga og 12 verkstjóra. Þessir 17 verða, ef unnt er, menn, sem hafa margra ára æfingu í símalagningu í fjalllendi; hefur ritsímastjórinn norski tekið mjög vel í að láta svo marga æfða menn, sem missast mega frá Noregi.

Þar sem gjört er ráð fyrir, að 200 manns auk verkstjóranna vinni verkið á 100 dögum, er það ríflega í lagt með tilliti til þess, að verkamennirnir eru óvanir ýmsu af því, sem gjöra þarf. Undir hverjum verkstjóra verða 16 til 17 manns, og er hverjum flokki ætlað að koma upp 7 mílum yfir sumarið.

Hestar eru ætlaðir verkfræðingunum, — má gjöra ráð fyrir tveim hestum handa hverjum — og þar að auki svo sem 4 hestar hverjum verkmannaflokki, til þess að flytja til staura og annað efni og handa verkstjóranum. Má gjöra ráð fyrir, að ódýrast verði að kaupa flesta hestana að vorinu, og selja aptur að haustinu, að undanskildum reiðhestum.

Vera má að hentugt væri að ætla á þessum lið nokkurt fje til aukaþóknana þeim starfsmönnum, er sjerstakan dugnað sýna, ef verkið kemst fram í tæka tíð, en að svo stöddu er ekki farið fram á það.

Við d. Útgjöldin á þessum lið sundurliðast þannig:

Ýms mælingarverkfæri, voltmælar etc.	1200 kr.
Taltæki m. m. handa 17 málþráðarstöðvum á 120 kr.	2040 —

Ritsímaáhöld í Reykjavík og íslenzku deildinni á landtökustöðinni	2000 kr.
Skiptiborð og »boxtelefón«-tæki í Reykjavík, Akureyri og landtökustöðinni	2500 —
Varaáhöld og »batteri«	500 —
Útbúnaður, handbækur, reikningsbækur o. s. frv. handa forstjóra og aðalstöðvum	3500 —
Prentun á símgjaldaskrám, reglum og fleiru... ...	300 —

Til þess að mæla upp línuna þarf auk nokkurra stálbanda, hornmælispegla o. s. frv. að kaupa dálítinn handhægan thedolit. Til afnota við viðhald rafmagns-batteríanna, rannsóknar á áhöldum og einangran og leiðslumagni símans þarf nokkra litla voltmæla, 1 »præcisions- Milliampere«-mæli og nokkur önnur áhöld, er væntanlega allt má fá fyrir hjer um bil 1200 kr. Handa talsímastöðvunum verður að taka góð talsímatæki, og verður að taka tillit til nægilegs útbúnaðar til eldingavarna, og ef útvega þarf aukatæki (differentialruller) og straumbreyta, sem eru nauðsynlegir til þess að koma í veg fyrir, að tsímritun truflist, þótt samtímis sje símtalað á millistöðvum. Aftur á móti er ekker áætlað fyrir þeim skiptitækjum, sem verða nauðsynleg, ef einhver af millistöðvunum á að geta sett í samband við hliðarlínur eða heimatæki utanstöðva.

Með því að öll afgreiðsla frá endastöðvunum til hinna stöðvanna, frá hinum stöðvunum til endastöðvanna, eða milli hinna stöðvanna sín á milli, verður að gjörast með talsíma, verður einnig að hafa góð talsímatæki á endastöðvunum og á Akureyri. Á þessum aðalstöðvum verður og að búa svo um, að almenningur geti ekki komið inn í afgreiðsluherbergin, og verður því að hafa þar talklefa með taltækjum fyrir almenning. Til þess að geta sett aðalsímann í samband við þessi taltæki, og önnur taltæki á stöðvunum verður að fá skiptiborð handa þeim öllum. Það er því gjört ráð fyrir slíku borði fyrir 100 manns í Reykjavík, og 50 á Akureyri og á sæsímastöðinni. Það er ekki ríflega ílagt að ætla 2500 kr. fyrir þessi 3 borð, og er ætlazt til, að kostnaður við útbúnaðinn greiðist af 2. C.

Við e. Af óvissum gjöldum, sem ef til vill eru heldur lágt talin, er ætlazt til, að greidd verði þóknun til ráðanauts stjórnarinnar, sem hefir unnið að því að útvega upplýsingar og gefa leiðbeiningar um kostnað og tilhögun símans, frá því í fyrra haust.

Þar sem talið er aðeins 292 þúsund krónur til frádráttar sem tillag frá stóra norræna ritsímafjelaginu, er því svo varið sem nú skal greina:

A. P. Hanson verkfræðingur, nú í Berlín, sem einna fyrstur mun hafa komið fram með tillöguna um, er til sæsímalagningar kæmi til Íslands, að nota mismuninn á kostnaði við að leggja sæsíma til Austfjarða og til suðvesturlandsins til þess að gjöra það kleyft, að fá landsíma um endilangt Ísland, fór árin 1898—99 eftir tilhlutun »stóra norræna ritsímafjelagsins«, og með ráði íslenzka stjórnarráðsins í Kaupmannahöfn, rannsóknarferð um landið, til þess að athuga, hvar heppilegast væri að leggja landþráð, og gjöra bráðabirgðaundirbúning til þess. Lofaði stjórnarráðið í Kaupmannahöfn því, að ritsímafjelagið, sem kostaði rannsóknina til bráðabirgða, skyldi mega telja kostnaðinn við ferð þessa og útreikn-

ingsstörf og annað er af henni leiddi, sem part úr og fyrirframgreiðslu af því 300 þúsund króna framlagi, sem fjelagið gjörði kost á að leggja til landsímans ef til kæmi. Borgun fyrir rannsóknarferðina var svo ákveðin 4000 kr.; en 8000 kr. ef Hanson ætti ekkert við ritsímalagninguna. Frá þessu loforði stjórnarinnar var alþingi skýrt í athugasemdunum við fjárlagafrumvarp það, er lagt var fyrir þingið 1899, um leið og beiðzt var ákvörðunar um það, hvar síminn skyldi á land dreginn, og veitti alþingi heimild til þess, að ákveðið væri, að síminn kæmi á land á Austfjörðum, gegn hinu framboðna 300,000 kr. tillagi, án þess andæft væri ofannefndri ráðstöfun stjórnarinnar um frádrátt frá þessari upphæð til bráðabirgðarannsóknanna. Hanson verkfræðingur hefir þegar fengið greiddar 4000 kr., og hefir verið leitað eptir því við hann, að takast á hendur forstöðu landsímalagningarinnar; en kröfur hans eru svo háar, eins og þinginu mun verða gefinn kostur á að sjá, að þær þykja að svo stöddu óaðgengilegar. Það sem í raun og veru greiðist landssjóði frá fjelaginu til þess verks, sem nú er fyrir hendi, verður því að eins 292 þús. kr.

3. Með því að gengið var að því vísu, að innan skamms mundu verða sett hliðarsambönd, með eða án styrks af því opinbera, og það er mjög mikilsvarðandi, að staurarnir sjeu sem beztir, en þeir batna við að geymast, var álitið sjálfsagt að taka nú nokkuð fleiri staura en áætlað er, að þurfi til landsímalagningarinnar 1906, með því að þeir fengust með svo góðum kjörum, er svo mikið var tekið í einu, og flutningskostnaður til landsins auk þess fjekkst tiltölulega ódýrari, en er lítið er tekið í einu. Auk þess er línan enn óákveðin, svo ekki er enn auðið að segja, nema valin verði lengri leið en ráðgjört hefur verið í áætluninni. Ennfremur er mögulegt, að staurar fari forgörðum á einhvern hátt, og er þá nauðsynlegt að hafa svo fyrir búið, að ekki þurfi að verða stans á verkinu fyrir efnisskort. Af þessum ástæðum voru pantaðir alls 16000 staurar, eða 2500 fram yfir það, sem talið er þurfa til aðallínunnar, og er þá það sem umfram er, fyrst um sinn til vara, en afgang má selja fullu verði, ef landið sjálft notar hann eigi innan skamms. Á sama hátt er farið fram á að fá nokkuð umfram af öðru verkefni.

4. Með því að búast má við, að sú leið, sem ákveðin verður í vor, verði ekki þrædd nákvæmlega, þegar til framkvæmda kemur, er gjört ráð fyrir, að ný mæling fari fram sumarið 1907 og uppdrættir sjeu gjörðir yfir leiðina, stöðvarnar o. s. frv., og kílómetramerki sett við leiðina, sem bæði er nauðsynlegt vegna viðgjörða á línunni síðarmeir, og auk þess mundi verða vegfarendum að miklu gagni. Áætlað er að merki úr gleruðu járni fáist fyrir 6—800 kr. en 2200—2400 kr. er áætlað, að gangi til kostnaðar við að koma merkjunum upp, við mælinguna og aðstoð við hana, og fyrir að gjöra uppdrætti eptir á.

5. Það er álitið ódýrara, að styrkja efnilega unga menn, til þess að fara hjeðan til útlanda, til þess að nema firðritun og annað, er að starfrækslu landsímans lýtur, heldur en að fá hingað um $1^1/_4$ ár dýra menn frá útlöndum til þess að kenna frá sjer hjer. og stjórna starfinu fyrst í stað, eins og ráðanautur stjórnarinnar hefur lagt til. Auðvitað er álitamál, hvort betur gæfist.

6. Með því að stjórnarráðið getur ekki að svo stöddu aðhyllzt tillögur hins tekniska ráðanauts um fyrirkomulag og kostnað við starfræksluna, og ekki

hafa verið tök á að fá ýmsar nauðsynlegar upplýsingar, eru tölur þær, sem hjer eru settar, að eins til bráðabirgða, og verður komið fram með nánari tillögu á þinginu.

Tillögur og skýringar hins tekniska ráðanauts ritsímaverkfræðings Krarup's um þetta efni, eru prentaðar sem fylgiskjal með frumvarpi þessu til athugunar, og vísast til þess, að því er ýmsar almennar upplýsingar snertir. Það skal tekið fram, að formaður hins stóra norræna ritsímafjelags hefur tilkynnt, að hann vilji ekki binda sig við tilboð þau, viðvíkjandi skipting árskostnaðarins við sameiginlega stöð á landtökustaðnum, sem tilgreind eru í áætlun Krarups, lengur en fimm fyrstu ársfjórðungana.

E.

Til vita.

Við a. *Til umsjónarmanns vitanna við Faxaflóa.*

Við b. *Til eptirlitsferða.*

Þessir liðir eru eins og á núgildandi fjárlögum.

Við c. 1—6. *Til vitans á Reykjanesi.*

Á þessum liðum eru gjörðar þessar breytingar.

Liður 2 fyrir olíu; þessi liður er hækkaður um 50 krónur, sem stafar af því, að dýrari olíutegund er nú brúkuð, eptir tillögu vitamálastjórans í Danmörku.

Áður hafa verið veittar 150 kr. fyrir lampakveyki o. fl. og 300 kr. til viðhalds á húsum og áhöldum. Eptir tillögum eptirlitsmannsins eru þessir tveir liðir, sem að nokkru leyti eru sömu tegundar, sameinaðir í einn lið (5. lið), og upphæðin jafnframt hækkuð um 50 kr., sökum þess að þessar upphæðir hafa áður optast reynzt ónógar, vegna þess að árlega verður að verja talsverðu fje til þess að endurbæta lendinguna við vitann.

Þá er loks farið fram á að hækka flutningskostnaðinn um 50 kr., með því sú upphæð, sem áður hefur verið veitt, hefur því að eins reynzt nægileg, ef flutningurinn gengur í bezta lagi.

Hækkunin á þessum lið nemur því 150 krónum.

Við d. *Til vitans á Skagatá.*

Hjer er farið fram á af sömu ástæðum og áður greinir. að hækka fjárveitingu til olíu um 25 kr., og að hækka flutningskostnað um 25 kr., með því hin veitta upphæð hefur aldrei til hrokkið, að öðru leyti eru hinir venjulegu liðir eins og í núgildandi fjárlögum.

Nú er vörzlugarður sá, sem veitt var fje til á núgildandi fjárlögum fullgjör, og því eigi annað fyrirsjáanlegt, en að vitanum sje alllengi borgið fyrir sjávargangi. En nú þarf að gjöra varðklefann, sem byggður er við vitann, traustari en hann er nú; hann er byggður úr timbri og járnvarinn, en þarf nauðsyn-

lega að byggjast úr steinsteypu. Þegar stórflóð eru og aftakabrim, skellur brimið upp fyrir miðjan vitaturn, og sjórinn rennur inn í varðklefann, og þyrfti þá að hækka dyr klefans og gólf um leið og hann væri steyptur. Eftir áætlun múrara í Reykjavík, kostar slík breyting á varðklefanum 350 kr. og er þessi upphæð sett inn í frumvarpið undir 7. lið.

Við e. *Til vitans við Gróttu.*

Hjer eru aðeins gjörðar þær breytingar, að til olíu er tillagið hækkað um 25 kr., og að tillagið til viðhalds og lampakveykja, sem fært er saman í einn lið, er fært niður um 60 krónur, með því að reynzlan hefir sýnt, að það er nægilegt.

Við f. *Til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga.*

Hjer er einungis farið fram á að hækka styrkinn til gæzlumanns upp í 400 kr., og hefur hann þá sömu laun og aðrir vitaverðir. Hingað til hefur enginn þokulúður verið til við þennan vita, en nú er búið að gera ráðstafanir til þess að útvega hann, og virðist þá sanngjarnt, að vitavörður fái aukna borgun sína fyrir það starf, enda hefir sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu farið fram á það.

Við g. *Til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð.*

Eptir undanfarandi ára reynslu þykir mega færa niður borgun fyrir olíu um 50 kr., til viðhalds húsa og til lampakveykja um 80 kr., og til flutningskostnaðar 25 kr. Nemur þá öll niðurfærslan 155 kr.

Við h. *Til vitans á Arnarnesi.*

Við i. *Styrkur til vörðuvita á Gerðatanga.*

Við k. *Til vita á Skipaskaga.*

Við l. *Til vita á Elliðaey.*

Þessar fjárveitingar eru hinar sömu og á núgildandi fjárlögum.

Við m. *Til vita á Vestmannaeyjum.*

Það hefur opt verið vakið máls á því, að nauðsynlegt væri að setja upp vita á Vestmannaeyjum vegna hinnar miklu skipaumferðar, sem þar er. Stjórnarráðið hefur nú aflað sjer upplýsinga um, hvað hæfilegur viti þar mundi kosta, og hefur vitastjórnin í Danmörku gjört teikningu af fyrirhuguðum vita og áætlun um kostnaðinn við vitaáhöldin, en verkfræðingur landsins hefur gjört áætlun um annan kostnað.

Kostnaðurinn nemur eptir þessum áætlunum:

Vitaáhöld öll og ferðakostnaður verkfræðings til að setja upp áhöldin og annar kostnaður við það	kr.	11,500 »
Byggingar, flutningur og annar kostnaður	—	2,700 »
	Kr.	14,200 »

Stjórnin leggur því til, að allt að 15 þús. kr. verði veittar til þessarar vitabyggingar. Teikningar og áætlanir verða lagðar fyrir þingið.

Við n. *Til vitafræðings til að rannsaka vitastæði.*

Þótt viti komi á Vestmannaeyjar, þá verður þó ekki hjá því komizt að koma sem fyrst upp landtökuvita við Dyrhólaey, er væntanlega þarf að vera dýrari heldur en Vestmannaeyjavitinn. Eins og kunnugt er, er strönd landsins öll vitalaus, þegar Faxaflóavitunum sleppir, nema hvað smávitar eru til leiðbeiningar við innsiglingar á fjörðum á þrem stöðum. Yfir þessu ástandi er almennt kvartað af sjómönnum, og þar sem sigling, bæði stafandi af vaxandi fiskiúthaldi og verzlun, eykst svo að segja árlega, vex vitaþörfin ár af ári, og þegar lengi hafa skipstjórar bent á ýmsa staði, þar er nauðsynlegt væri að setja ljósker og vita, svo sem, Seley, Langanes, Grímsey, Siglunes, Öndverðarnes og fleiri. En áður en ráðist er í, að fara að byggja nokkurn af þessum vitum, þykir stjórninni nauðsynlegt, að vitastæði um land allt verði rannsökuð af þar til hæfum manni, svo að áætlanir geti orðið gjörðar, og niðurröðun á því, hvað sitja eigi í fyrirrúmi. Þessi áætlun og yfirlit ætti svo að vera tilbúið svo snemma, að það yrði lagt fyrir þingið 1907 ásamt tillögum um þá vitabyggingu, er þætti nauðsynlegast að byrja á. Þess skal getið, að sjóliðsstjórnin hefur eptir samráði við stjórnarráð Íslands kvatt nokkra vel kunnuga sjóliðsforingja, sem hafa siglt hjer við strendurnar, til þess að taka málefni þetta til íhugunar.

Við 13. gr.

A. Í þarfir andlegu stjettarinnar.

Við A. a. *Árslaun biskupsins,* sem skipaður var 25. maí 1889, eru samkvæmt lögum 25. októbr 1875, 9. gr. og lögum 9. desbr 1889, 1. og 7. gr., laun 5000 kr., og viðbót við hann sjálfan 2000 kr.

Við A. b. 1. *Tillag til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880 1. gr.* Þessi gjöld hafa verið árið 1902 9,063 kr. 94 a. og 1903 9,204 kr. 52 a., og þykir því mega telja þar 9,500 kr hvort árið.

Við A. b. 2. *Til bráðabirgðaruppbótar brauðum.*

Við A. b. 3. *Til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti.*

Við A. b. 4. *Viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafapresta og prestsekkna.*

Við A. b. 5. *Skrifstofukostnaður biskups.*

Allir þessir liðir eru eins og á núgildandi fjárlögum.

Við A. b. 6. Formaður milliþinganefndar þeirrar, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 2. marz. f. á. til að taka kirkjumál landsins til íhugunar, hefur í brjefi 14. okt. f. á., gefið stjórnarráðinu skýrslu um störf nefndarinnar, og lýsir því þar yfir fyrir hönd nefndarinnar, að henni hafi frá upphafi verið það ljóst, að hún gæti eigi lokið störfum sínum svo tímanlega, að tillögur hennar gætu

komið fyrir næsta alþingi, og að hún því hafi kveðið svo á, að láta ekki uppi tillögur sínar, fyr en hún hafi lokið við málið allt, einkum vegna þess, að hún búist við því, að það geti komið fyrir, að síðari rannsóknir, og síðari umræður hennar kunni að leiða til breytinga á áður gjörðum bráðabirgðaályktunum hennar; og enn fremur verði hún að telja það miður heppilegt, að einstakar ályktanir hennar sjeu teknar til opinberrar umræðu, áður en hún hefur lokið málinu öllu. Nefndin ætlast til að ljúka starfi sínu árið 1906, svo tímanlega, að allt málið geti þá verið komið til stjórnarráðsins fyrir jól. Af þessum ástæðum hefur nefndin farið fram á, að tekin yrði upp á næstu fjárlög fjárveiting til nefndarinnar, er eigi mætti vera minni en 3000 kr., og hefur stjórnarráðinu, þar sem svona stendur á, þótt sjálfsagt að verða við þessum tilmælum, og því sett þessa upphæð undir þessum lið.

B.

Til kennslumála.

I. Til prestaskólans.

Við A. Laun. Útgjöldin liðast þannig niður:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Forstöðumaður prestaskólans:			
laun	4,000	4,000	8,000
Fyrsti kennari við skólann:			
laun	2,800	2,800	5,600
Annar kennari við skólann:			
laun	2,400	2,400	4,800
Samtals ...	9,200	9,200	18,400

Launin eru talin samkvæmt lögum 9. desbr. 1889, 5. gr.

Við B. b. 1—8. Gjaldliðir þessir eru að öllu leyti taldir eins og í núgildandi fjárlögum, nema húsaleigustyrkurinn er talinn eins bæði árin með lægri upphæðinni, og námsstyrkurinn sömuleiðis talinn jafn bæði árin með hinni hærri upphæð.

II. Til læknaskólans.

Við a. Þessi gjaldliður sundurliðast þannig:

Þóknun sú, sem veitt er lækninum í 1. læknishjeraði fyrir kennslu í skólanum, er samkvæmt lögum 11. febrúar 1876. ... ... 800 kr.
Laun hins fasta kennara eru samkv. lögum 8. nóvbr. 1883... 2,400 —
Alls á ári ... 3,200 kr.

Við b. 1—8. *Önnur útgjöld.*

Þessar upphæðir eru að mestu leyti hinar sömu og á núgildandi fjárlögum, nema 2. liður er eptir tillögum landlæknis hækkaður um 50 krónur, af því hin fyrri upphæð hafði ávallt reynzt ónóg.

3. og 5. liður eru lækkaðir um 100 kr. og 280 kr., síðari liðurinn, aðallega af þeirri ástæðu, að skólinn er eigi nú sem stendur meira sóttur en það, að þessi upphæð mun nægja.

Við II. c. *Húsaleiga handa læknaskólanum* er talin hin sama og á núgildandi fjárlögum.

III. Hinn almenni menntaskóli.

Við a. *Laun:*

Skólameistari	3.600 kr.	á ári
Yfirkennarinn	3,200 —	- —
Fyrsti kennari	2,800 —	- —
Annar kennari	2,800 —	- —
Þriðji kennari	2,400 —	- —
Fjórði kennari	2,400 —	- —
Fimmti kennari	2,000 —	- —
Samtals	19,200 kr.	á ári

Launin eru talin eptir lögum 9. desbr. 1889, 6. gr.

Við b. *Aðstoðarfje.* Þessir gjaldliðir eru hinir sömu og á núgildandi fjárlögum.

Við c. 1. *Til bókasafns skólans.* Þessi liður er lækkaður um helming.

Með þeim styrk, sem Landsbókasafnið nýtur, og eins og það nú er orðið, ætti það að geta fullnægt kennurum og piltum, að öðru leyti en því, að það kann að vera þörf á, að kaupa við og við *sjerstakar* bækur til skólans, sem eigi má gjöra ráð fyrir, að Landsbókasafnið kaupi. Til þessa, og til þess að innbinda þær bækur, sem skólinn fær að gjöf, ætti þessi upphæð að vera nægileg.

Athugasemdin, sem á núgildandi fjárlögum er við þennan lið, er felld burt eptir tillögum skólameistara, með því að engar líkur eru til, að skrásetningunni verði haldið áfram eins og nú stendur.

Við c. 2. *Til eldiviðar og ljósa.* Eins og á núgildandi fjárlögum.

Við c. 3. *Til skólahússins utan og innan.* Þessi liður er eptir tillögum skólameistara hækkaður um 400 kr. árlega.

Við c. 4. *Til timakennslu og prófdómenda.* Þessi upphæð er hin sama og á núgildandi fjárlögum.

Við c. 5. *Laun til aukakennara.* Með því að stjórnarráðinu þykir æskilegt, að fá aukakennara, í stað Bjarna kennara Jónssonar, er vikið hefur verið frá þessum starfa, til þess að hafa á hendi hina sömu kennslu og Bjarni hafði, er upphæðin látin halda sjer, en ekkert nafn tilgreint.

Við c. 6. *Námsstyrkur.* Það er lagt til að lækka námsstyrkinn um helming, og styðst það við þá skoðun, sem allt af er að ryðja sjer til rúms, að það ætti yfirleitt að vera nóg, að efnaminni piltar fengju ókeypis kennslu, og að ekki sje rjett að draga ungmenni að þessum skóla sjerstaklega frá öðrum starfsvæðum með tiltölulega miklum styrkveitingum af almannafje.

Að svo stöddu hefur þó stjórnarráðið eigi viljað fara lengra en að lækka ölmusurnar um helming.

Við c. 7.—13. Eru eins og á núgildandi fjárlögum, nema 9. liður: »ýmisleg útgjöld«, er eptir tillögum skólameistara lækkaður um 30 krónur. — Upphæðin í 11. lið »til vísindalegra áhalda« er eigi sundurliðuð eins og áður var gjört.

Við c. 14. *Til að kaupa verðlaunabækur.* Jafnframt því, sem námsstyrkurinn er takmarkaður, hefur stjórnarráðinu þótt nauðsynlegt, að hafa litla upphæð til að kaupa fyrir verðlaunabækur, er gefnar yrðu þeim piltum er sköruðu fram úr öðrum að ástundun og góðu framferði, og leggur því til, að þessi upphæð verði veitt.

Við c. 15, *Til að byggja leikstofu milli skólans og bókhlöðunnar.* Það hefur opt komið til tals meðal kennara skólans, að full þörf væri á því, að til væri eitthvert skýli yfir nemendur í tómstundum þeirra milli kennslustunda, þegar veður er svo, að ekki er verandi úti undir beru lopti, því að í fordyri skólans og í göngunum er ekki rúm handa nemendum, einkum ef aðsóknin eykst að miklum mun, eins og búast má við, einkum í neðri bekkjunum, vegna breytingar á reglugjörð skólans. Á kennarafundi í vetur var samþykkt að fara þess á leit við fjárveitingarvaldið, að fá slíkt skýli, er bezt þótti henta að setja milli skólahússins og bókhlöðunnar, þannig, að innangengt væri í það úr skólahúsinu. — Eptir teikning og áætlun, sem fengin hefur verið, kostar slíkt skýli kr. 6,213,42. Með því að stjórnarráðið verður að telja slíkt skýli, sem síðar mætti taka til kennsluafnota ef á þarf að halda, mjög svo æskilegt, er hjer farið fram á fjárveitingu í þessu skyni, og verður þinginu gefinn kostur á að kynna sjer teikning og áætlun, svo og ýtarlega rökstutt erindi frá umsjónarmanni skólans,

Við c. 16. og 17. *Til að búa út stofu fyrir handavinnukennslu og til áhalda.* Í bráðabirgðarreglugjörð skólans er gjört ráð fyrir kennslu i handavinnu, og er því þörf á að sjá skólanum fyrir húsrúmi til þess, og kaupa áhöld til kennslunnar. Eptir skýrslu umsjónarmanns skólans, er ágætt rúm til þess á efra lopti skólahússins í norðurendanum uppi yfir salnum. Að koma þar upp bjartri og rúmgóðri stofu til kennslu í handavinnu handa 20 nemendum í einu, kostar eptir áætlun, sem útveguð hefur verið kr. 2485,88. Uppdráttur af stofunni og á-

ætlun mun verða lögð fyrir þingið. Til þess að kaupa nauðsynleg verkfæri handa 20 nemendum mun að álíti Stefáns Eiríkssonar, er samið hefur skrá yfir þessi áhöld, eigi veita af minna en 800 kr. Þessa upphæð verður því að veita í eitt skipti fyrir öll; en ætlazt er til, að þeim nemendum, sem taka þátt í handavinnu, sje gjört að skyldu að leggja fram á hverju ári lítið tillag (allt að 1 krónu) í sjóð, er verja á til viðhalds verkfærunum og til að endurnýja þau, er þörf gjörist.

Skólameistari hefur lagt það til, að svonefndar heimavistir þær, eða lestrarpláss, sem nú eru í menntaskólanum, verði afnumdar, því það sje einróma álit kennaranna, að þær hafi gjört, og geri enn, talsverðan skaða eins og þær hafi verið notaðar. Ef þær væru afnumdar, mætti fá ágætar kennslustofur handa 5. og 6. bekk úr heimavistarstofunum á vesturhliðinni og eina kennslustofu mætti fá úr heimavistarstofunni að austanverðu, og mætti taka til hennar, ef skipta þyrfti bekk vegna nemendafjölda. Með þessu móti mætti fá »salinn« sem hefur verið hólfaður sundur í mörg ár, og 6. bekkur hafður í vestari endanum, aptur allan fyrir hátíðar- og viðhafnarsal, og færi ólíkt betur á því, heldur en eins og nú er.

Stjórnarráðið verður að vera því samdóma, að heimavistirnar, eins og þeim er nú fyrirkomið, sjeu til lítilla bóta eða gagns, og það verður einnig að álíta þær breytingar á bekkjaskipun, er stungið er uppá, mjög æskilegar. Kostnaður sá, sem þessari breytingu yrði samfara, er mjög lítill, og mætti sennilega taka hann af þeirri upphæð, sem veitt er á 3. lið, einkum þar sem hann hefur verið dálítið hækkaður.

Loks hefur umsjónarmaður skólans tekið það fram, að ofnar þeir, sem nú eru í kennslustofunum, og hafa verið þar nær því í 25 ár, sjeu orðnir mjög svo brunnir og skældir, að varla megi við þá búa, nema svo sem 1 eða 2 ár, með því þó að taka þá alla sundur og laga á hverju sumri. Hann hafi því látið gera áætlun um það, hve mikið það mundi kosta, ef sett væri upp miðstöðvar hitun í skólahúsið allt, uppi og niðri, og í alla bókhlöðuna, og er svo áætlað af ingeniör Knud Zimsen að ekki muni veita af kr. 12,000 til þessa verks.

Jafnvel þó stjórnarráðið viðurkenni, að það sje fyllsta þörf á því að endurbæta upphitun skólans á þann hátt, sem farið er fram á, sem einnig skólameistari hefur mælt fram með, þá er þó þetta mál svo lítið undirbúið enn, áætlunin ekkert sundurliðuð, að varla er treystandi á hana, þar sem hins vegar ofnarnir þó væntanlega geta dugað í tvö ár enn, þykir stjórninni rjettara að láta málið bíða til næsta þings, og leggja það þá fyrir ýtarlega undirbúið.

IV. Til gagnfræðaskólans á Akureyri.

Við a. *Laun.*

Skólastjóri	3000 kr.
Fyrsti kennari	2000 —
Viðbót fyrir sjálfan hann	400 —
Annar kennari	1600 —
Viðbót fyrir sjálfan hann	400 —
Samtals	7400 kr.

Launin og uppbæturnar eru talin eptir lögum nr. 38, 10. nóvember 1903, 3. grein.

Við b. 1—5. Þessir liðir eru taldir hjer með þeim upphæðum, sem skólastjóri hefur farið fram á, og skal sjerstaklega, að því er liðina 2, 3 og 5 snertir, tekið fram, að þeir eru settir eptir ágizkun, með því að enn er engin reynsla fengin fyrir því, hve miklu þeir muni nema í raun og veru; sjerstaklega á þó þetta við 3. lið »til tímakennslu«. Það er viðbúið, að það þurfi að auka kennsluna að mun, einkum ef aðsókn fer vaxandi frá því, sem er í vetur, sem öll líkindi eru til.

V. Til stýrimannaskólans.

Við a. *Laun.*

Við b. *Önnur útgjöld.*

Báðir þessir liðir eru taldir eins og á núgildandi fjárlögum.

VI. Til annarar kennslu.

Við a 1—2. *Til kvennaskóla í Reykjavik.* Upphæðirnar eru hinar sömu og í núgildandi fjárlögum.

Við a 3. *Til kvennaskóla á Blönduósi.* Forstöðunefnd þessa kvennaskóla hefur farið þess á leit, að kvennaskólinn á Blönduósi verði gjörður að aðalkvennaskóla fyrir Norðurland, og allur kostnaður af skólahaldinu greiddur af landssjóði, eins og á sjer stað um gagnfræðaskólann á Akureyri, en sjái stjórnarráðið sjer eigi fært að fallast á þetta, þá sjeu skólanum veittar á næsta fjárhagstímabili 3500 kr., til þess að skólastofnunin geti vel gegnt hlutverki sínu. Auk þessa hefur hún beiðzt þess, að fá sjerstaklega veittar 500 kr. árlega til kennslu í heimilisiðnaði.

Stjórnarráðið álítur, að meðan skólamálum vorum er eigi fullráðið, geti það eigi komið til mála, að taka þennan kvennaskóla alveg upp á landssjóð, en því virðist hins vegar ástæða til, að veita skóla þessum hinn umbeðna styrk, 3500 kr., og hyggur, að skólinn með þessari upphæð geti varið því, sem með þarf, til kennslu í heimilisiðnaði, einkum þar sem skólinn nýtur styrks annarsstaðar frá, og verður því fjárveitingin svo, að styrkurinn sje til kvennaskólans og til kennslu í heimilisiðnaði.

Fjárlaganefndirnar á alþingi 1903 ætluðust til þess, að kvennaskólinn á Akureyri yrði lagður niður, þegar gagnfræðaskólinn, sem er samskóli, kæmist á; samkvæmt þessu er fjárveiting til þess kvennaskóla eigi tekin upp. Að vísu má búast við því, að Eyfirðingar kunni því illa að missa þennan skóla, sem þeir hafa haft undir 30 ár, og að þeir því breyti honum í praktiskan skóla, t. a. m. hússtjórnarskóla. En þar sem engin skeyti hafa borizt til stjórnarráðsins, hvorki frá stjórnarnefnd nje sýslunefnd, um það, hvað Eyfirðingar ætla sjer með skólann, hafa engin tök verið á því, að taka upp í frumvarpið styrk til neins slíks skóla.

Við b. 1 og 2. *Til barnaskóla og sveitakennara.* Þessir liðir eru hvor um sig hækkaðir uppí 10,000 kr. árlega. Barnaskólum fer fjölgandi ár frá ári, og sá styrkur, sem þeim hingað til hefur verið veittur, hefur verið af heldur skornum skammti. Þó þessi aukning, ef til vill, dragi ekki skólana mjög mikið, þá hefur stjórnarráðinu þó eigi virzt ráðlegt að fara lengra, meðan eigi er búið að ráða menntamálinu til lykta, eða komast að fastri niðurstöðu um skólaskyldu barna.

Kjör sveitakennaranna hafa hingað til eigi verið sjerlega glæsileg, enda hafa þeir að líkindum margir hverjir lítt verið starfi sínu vaxnir, en það hefur þó virzt ástæða til að bæta þau nokkuð, og er því farið fram á, að um leið og tillagið er hækkað, geti styrkur til hvers orðið allt að 100 kr., en skilyrðin að öðru leyti óbreytt.

Við b. 3. Þó að alþýðumenntamálinu sje ekki til lykta ráðið og óvíst hverjar viðtökur frumvarp það, sem lagt verður fyrir þingið um þetta efni, á þar í vændum, þykir þó rjett að veitt sje nú þegar nokkurt fje til þess, að tilraun geti orðið gjörð með einn eða tvo heimavistarskóla í sveitum, þar sem svo hagar til að eigi er hægt að hafa heimangönguskóla, því að reynzla fyrir því, hvernig slíkur skóli muni gefast í nokkuð stærri stíl, hvort fyrirkomulagið sje heppilegt, og hve mikið öll aðbúð muni kosta o. s. frv. er eigi fyrir hendi. Það er því farið fram á fjárveitingu í þessu skyni síðara árið, og þykir eigi mega fara fram á minni fjárupphæð en 10,000 kr. Er ætlast til, að fyrirkomulag skólanna verði fyrirfram ákveðið af stjórnarráðinu, og að ekki verði veitt meira af landsfje en allt að því helmingur til móts við það, sem skólahjeraðið geldur. Auðvitað verður að gæta þess, að skólarnir verði reistir fyrir hæfilega stór svæði.

Við b. 4. Það virðist nauðsynlegt, að skipaður sje sjerstakur maður er hafi eptirlit með kennslunni í barna- og alþýðu-skólum og með kennslu sveitakennara, og enn nauðsynlegra verður þetta, ef skólum fjölgar og skólaskylda verður innleidd að meiru eða minna leyti. Umsjónarmaður þessi ætti og að vera ráðanautur stjórnarinnar í hinum lægri menntamálum. Til að launa slíkum manni er því farið fram á 2,000 kr. árlega, og til ferðakostnaðar alt að 500 kr. árlega eptir reikningi. Þessi upphæð ætti að nægja fyrst um sinn, meðan skólum fjölgar eigi að mun.

Við c—f. Jafnvel þótt lagt sje fyrir þingið frumvarp um annað fyrirkomulag á kennarakennslunni (kennaraskóla í Reykjavík), eru liðir þessir þó látnir halda sjer fyrst um sinn í frv. eins og þeir eru á núgildandi fjárlögum, og má þá breyta þeim undir meðferð málsins á þingi, eptir því hvernig málinu verður þar til lykta ráðið. En hvort sem kennarakennslan verður sett í sjerstakan skóla, eða heldur áfram í Flensborg, virðist verða að ætla gagnfræða- og alþýðuskólanum í Flensborg nokkurn styrk fyrst um sinn, því að hann sækja menn á öðrum aldri en þeir, sem kost eiga að ganga í gagnfræðadeild hins almenna menntaskóla í Reykjavík, og ætla má að helst sæki að gagnfræðaskólanum á Akureyri eptirleiðis, og yrði Flensborgarskólinn þá aðallega fyrir eldri nemendur, sem vinna fyrir sjer á sumrum, en vildu afla sjer menntunar á vetrum.

Við g—n. Þessir liðir eru hinir sömu og á núgildandi fjárlögum.

VII. Til sundkennslu a—b.

Þessir gjaldliðir eru eins og á núgildandi fjárlögum.

VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kennslu í teikningu og trjeskurði í Reykjavík o. fl.

Þessi liður er talinn, eins og á núgildandi fjárlögum.

IX. Styrkur til lögfræðings til þess að búa sig undir að vera kennari við lagaskólann.

Með lögum 4. marz f. á. var lagaskóli stofnaður í Reykjavík, en eptir 5. gr. laganna, á hann fyrst að taka til starfa, þegar fje er veitt til hans á fjárlögum.

Stjórnarráðinu hefur nú eigi virzt tími til kominn að leita í *þetta sinn* fjárveitingar, til að setja skólann á stofn, af þeirri ástæðu, að ekki er nú sem stendur völ á neinum þeim lögfræðing, er án frekari undirbúnings gæti tekizt á hendur forstöðu og aðalkennslu við skólann. Það verður því að teljast nauðsynlegt að sá, sem hyggst að taka starfa þennan að sjer, fái tíma til að búa sig undir hann. Það er venjulegt í útlöndum, að þeir sem hugsa sjer að verða kennarar við æðri sjermenntastofnanir, eða háskóla, leiti til annara landa og fullkomni sig þar, og verður það eigi síður að teljast nauðsynlegt, að væntanlegur forstöðumaður lagaskólans fari t. a. m. til Þýzkalands og hlýði þar við háskóla á rjettarheimspeki, og kynni sjer hin nýjustu rit lögfræðinga í hinum borgaralega rjetti, og hvernig honum er skipt niður í kerfi. En auk þessa, verður væntanlegur forstöðumaður að hafa nokkurn tíma, áður en skólinn getur tekið til starfa, til þess að undirbúa fyrirlestra sína eða bækur um íslenzka löggjöf. Að vísu er sú upphæð, sem stungið er upp á til þessa undirbúnings, nokkuð lítill, einkum ef um veru í útlöndum um lengri tíma er að ræða, en stjórnarráðið verður þó að álíta, að kennaraefnið sjálft eigi að leggja nokkuð í sölurnar, þar sem það á í vændum að fá á eptir gott og virðulegt embætti.

X. Til fræðandi og skemmtandi fyrirlestra.

Það má optlega sjá það í frjettapistlum úr sveitunum, er birtast í blöðunum, að fólki, sjerstaklega æskulýðnum, þyki daufleg vistin þar, því þar sje lítið um fræðandi og skemmtandi samkomur, og flykkist því unga fólkið í kaupstaðina og sjávarsveitirnar, þar sem meir sje um mannfundi og gleði, eða jafnvel fari til Ameríku; á eptir unga fólkinu fari svo hið eldra, vinnuhjúin fyrst og svo bændurnir. Hvort sem nú þetta er í raun og veru svo, þá er það víst, að vinnuhjúaekla er orðin almenn í mörgum sveitum, og horfir til vandræða, ef straumurinn úr sveitunum verður allt of mikill. Væri því auðið að gjöra eitthvað, sem gæti gjört unga fólkinu vistina þar geðfeldari, eða nema burtu eitthvað af því, sem tilefni gefur til óánægju með lífið til sveita, þá væri það til mikilla bóta. Það er vitanlegt, að í mörgum sveitum, einkum hinum afskekktari, er harla lítið um skemmtandi eða fræðandi samkomur, er gefa fólki færi á að hittast og skemmta sjer saman, en hinsvegar auðvitað löngunin til þess að koma á mannamót og sjá og heyra eitthvað til gagns og gamans eins þar, eins og í verzlunarstöðum, þar sem færið er betra. Víða í sveitum eru þó húsakynni til, þar sem samkomur gætu verið við og við, og ef sjeð væri um það af sveitastjórnarvöldunum, að haldnir

væri á hentugum tímum, fróðlegir fyrirlestrar eða slíkt, sem menn gætu safnazt saman um, þá mundi mega ganga að því vísu, að framtakssamir menn meðal æskulýðsins, mundu setja í samband við það glímur, dans og aðrar saklausar skemmtanir er mættu verða mönnum til ánægju og hrinda vetrardeyfðinni við og við. Stjórnarráðið hefur því sett inn á frumvarpið fjárveitingu í þessu skyni, 10 þús. kr. árlega, til þess að styrkja sveitanefndir til þess að koma í sveitaplássum upp fyrirlestrasamkomum við og við á veturna, og býst það reyndar auðvitað eigi við því, að það sje einhlýtt til þess að stöðva útflutninginn úr sveitunum, heldur að það gæti orðið eins og einn liður í alþýðufræðslu landsins, sem ef til vill gjörði menn ánægðari með kjör sín og tilveru yfir höfuð til sveita, og þannig óbeinlínis gæti orðið til þess, að óholl og ofmikil aðsókn úr landsveitum í sjávarsveitir og kauptún minnkuðu. Stjórnarráðið ætlast til, að sýslunefndirnar ráðstafi fjenu og útvegi fyrirlestrarmenn og semji við þá, og annist yfir höfuð um framkvæmd í þessu máli.

Við 14. gr.

a. Til vísinda og bókmennta.

Við 1. a.—i. *Til Landsbókasafnsins.*

Stjórnarnefnd bókasafnsins hefur lagt það til, að halda öllum liðunum óbreyttum, og hefur það því verið gjört.

Við 2. a.—c. *Til amtsbókasafna.*

Við 3. *Til sýslubókasafna.* Þessir liðir eru eins og á núgildandi fjárlögum.

Við 4. a.—d. *Til Landsskjalasafnsins.* Landsskjalavörðurinn hefur farið fram á allmiklar breytingar á þessum liðum. Í fyrsta lagi hefur hann farið fram á, að liðurinn c. sje hækkaður upp í 800 krónur, af þeim ástæðum, *að* skjalasafnið sje fullt af grautfúnum skjölum og handritum, sem upp þurfi að skrifa, og *að* nauðsynlegt sje að afskrifa eignarskjöl jarðeigna og opinberra stofnana í landinu, áður en þau glatizt eða drafni alveg niður. Þar næst hefur hann farið fram á að fá 350 kr. á ári til þess að kaupa fyrir blöð, bækur og handrit. Getur hann þess, að það sje æskilegt, að fá í safnið öll þau blöð, sem eru eldri en lögin frá 13. sept. 1901, er gera öllum prentsmiðjum landsins að skyldu að láta skjalasafninu í tje eitt eintak af vissum blöðum og tímaritum, og enn fremur sje nauðsynlegt, að skjalasafnið eignist ýmsar bækur, svo sem dómasafn, lagasöfn, og því um líkar bækur. Loks hefur hann farið fram á, að fá veittar 1000 kr. fyrra árið, til þess að endurgjalda sýslumönnum staðfestar afskriptir af landamerkjabókum sýslnanna handa safninu, með því að þessar bækur þurfi um aldur og æfi að liggja við skjalasöfn sýslnanna, en það sje öldungis ómissandi að fá afskriptir þessar, svo að þær sjeu til í safninu, ef eitthvað af þeim kynni að glatast úti í hjeruðunum, og auk þess muni opt þurfa á þeim að halda hjer.

Jafnvel þó stjórnarráðið verði að viðurkenna, að þessar tillögur landsskjalavarðar, sem þingið mun fá til yfirlesturs, sjeu að ýmsu leyti vel rökstuddar,

og því ástæða til að taka þær til greina, einkum þó tillöguna um að fá eptirrit úr landamerkjabókunum, þá getur stjórnarráðið þó, eins og fjárhag landsins er nú varið, ekki lagt til, að fjárstyrkur til safnsins sje neitt hækkaður á næsta fjárhagstímabili, og hefur því einungis gjört þær breytingar, að lækka b-liðinn um 100 kr., með því að búið er að binda inn og búa um mikið af skjalasafninu svo ágætlega fer um það, og hækka jafnframt liðinn c. um 100 kr., og er svo *til ætlast*, að af þessu fje megi verja einhverju til að kaupa eldri blöð og bækur. Loks er eptir beiðni skjalavarðarins breytt orðunum »í skjalasafninu« í »handa skjalasafninu«.

Við 5.—11. Liðir þessir eru eins og á núgildandi fjárlögum.

Við 12. Cand. mag. *Sigfús Blöndal* hefur undanfarin 2 ár verið að undirbúa íslenzk-danska orðabók, sem er mjög mikil þörf á. Í síðasta fjárlagafrumvarpi lagði stjórnin það til, að honum væri veittur 500 kr. styrkur á ári til þessa starfa, til móts við styrk af ríkissjóði, og var þetta samþykkt af báðum deildum alþingis 1903, en síðan fellt í sameinuðu þingi.

Umsækjandinn hefur því að eins haft hinn litla styrk úr ríkissjóði til þessa starfs, en hefur þó þegar unnið allmikið starf, eins og sjest á umsókn hans, er lögð verður fyrir þingið.

Með því að hann hefur nú fengið nokkuð aukinn styrk af ríkissjóðnum til þessa verks, hefur hann í þetta sinn að eins farið fram á 300 kr. af landssjóði á ári, og telur stjórnin alla sanngirni mæla með því, að þetta verði veitt, þar sem hinn hækkaði styrkur af ríkissjóði, — sem jafnframt er til annars starfs, engan veginn er svo ríflegur, að hann sje einhlítur, enda virðist starf þetta þess eðlis, að það taki engu síður til Íslands en Danmerkur að styrkja það.

Við 13.—14. Til *Brynjólfs Jónssonar* og *Páls Ólafssonar* skálds óbreytt.

Við 15. Það er farið fram á, að hækka styrkinn til *Þorsteins Erlingssonar* skálds um 200 kr. hvort árið, því að hann er mjög heilsutæpur maður, og getur því lítið sem ekkert unnið sjer inn með kennslu eða á annan hátt.

Upphæðin til hans er því sett sama og til *Valdimars Briem*.

Liðirnir 16.—24. eru eins og liðirnir 15. 18. 19. 20. 21. 23. 25. 26. og 29. á núgildandi fjárlögum.

Þó að það væri í sjálfu sjer heppilegast, að stjórnin hefði eitthvert fje til umráða, til þess að styðja vísindaleg fyrirtæki og listir, svo að þingið þyrfti eigi að vera að verja tíma sínum til þess, að vega hæfilegleika einstakra manna, er um styrk sækja í þessu skyni, þá hefur hún þó, vegna fjárhagsins, í þetta sinn eigi viljað fara fram á slíkt,

15. gr.

Til verklegra fyrirtækja.

Það hefur þótt rjettara, að hafa nýja grein með þessari fyrirsögn.

Við 1. *Styrkur til eflingar búnaði.*

Við a. *Til búnaðarskóla.*

Milliþinganefndin í landbúnaðarmálinu hefur samið frumvarp, sem lagt verður fyrir þingið, um að stofnaðir verði tveir bændaskólar, annar á Norðurlandi og hinn á Suðurlandi, og að kostnaðurinn við rekstur þeirra greiðist að mestu leyti úr landssjóði.

Þó nú frumvarp þetta verði að lögum, þá verða skólarnir þó eigi komnir í fullan gang fyr en haustið 1906, og verður því að ætla núverandi skólum styrk fyrir veturinn 1905—1906. En síðara árið er gjört ráð fyrir, að eigi sjeu styrktir nema 2 skólar, einn á Suðurlandi og 1 á Norðurlandi.

Um þetta atriði og væntanlegan kostnað vísast að öðru leyti til þess, sem tekið er fram í athugasemdum milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálinu við frumvarpið um bændaskóla.

Við b. *Til búnaðarfjelaga.* Er óbreytt eins og á núgildandi fjárlögum.

Við c. *Til búnaðarfjelags Íslands.* Eptir tillögum fjelagsstjórnarinnar er þessi gjaldliður hækkaður um 6000 kr. hvort árið. Ástæður til þessarar hækkunar eru þær, að kröfurnar til fjelagsins fara stöðugt vaxandi í öllum greinum, með auknum áhuga og búnaðarframkvæmdum, og má í því efni sjerstaklega nefna kynbæturnar.

Auk þess þarf Ræktunarfjelag Norðurlands aukinn styrk, og loks má búast við því, að Búnaðarsamband Austurlands eflist svo og breiðist yfir fjórðunginn, að það verði maklegt verulegs styrks af Búnaðarfjelaginu til búnaðarframfara á Austurlandi.

En þar sem fjelaginu þannig er fengin til umráða sívaxandi upphæð til almenningsþarfa af almannafje, sem að rjettu ber undir þing og stjórn að hafa nákvæmt eptirlit með, þykir nauðsynlegt, að hið opinbera hafi á einhvern hátt hönd í bagga með stjórn og framkvæmdum fjelagsins. Hvernig þessari tilhlutun af hálfu þess opinbera ætti að vera varið, til þess að skerða eigi frumtak fjelagsins nje koma í bág við sjálfstæði þess, er álitamál. Hjer er stungið upp á, að hvor deild alþingis um sig kjósi 4 af fulltrúum fjelagsins, og er það hin sama tala fulltrúa og amtsráðin nú kjósa.

Við d. *Til sama fjelags til kennslu í mjólkurmeðferð.* Eptir tillögum fjelagsins er lagt til, að hækka styrkinn um 1500 kr. fyrra árið, og 500 kr. síðara árið. Eptir brunann á Hvanneyri hefur verið reist miklu stærra hús á Hvítárvöllum með fullkomnari útbúnaði, og ætluð þar kennsla fyrir 10 stúlkur, þar sem hún á Hvanneyri var ekki nema fyrir 6 eða mest 8. En við stækknn skólans og fjölgun nemenda hlýtur hinn árlegi kostnaður að aukast nokkuð. Hin sjerstaklega útgjaldahækkun fyrra árið stafar af því, að óumflýanlegt er að byggja til viðbótar á lóð skólans, geymslu- og þvottahús handa honum.

Við e. og f. Þessir liðir eru eins og á núgildandi fjárlögum, nema hvað styrkurinn undir f. færist niður um 600 kr. síðara árið.

Við g. *Verðlaun fyrir útflutt smjör.* Ef lögum nr. 21. 3. okt. 1903 er haldið óbreyttum, mun eigi veita af þeirri upphæð, sem hjer er sett, verðlaunin námu fyrir árið 1904 um 18,000 krónur.

Við 2. *Laun til verkfræðings til aðstoðar landsstjórninni.* Á núgildandi fjárlögum er veittur styrkur til rannsóknar á byggingarefnum landsins, og til leiðbeiningar í húsagjörð. Búnaðarfjelagið, sem átti að ráða, hvernig fje þessu skyldi varið, hefur skýrt frá, að cand. polyt. Jón Þorlákssson, sem var ráðinn til þessara rannsókna, telji þeim nú lokið með þessu fjárhagstímabili, en um leiðbeining í húsagjörð sje það að segja, að annaðhvort verði að veita enn meira fje til fyrirmyndar-bygginga, eða leiðbeining þessi verði sem aukaverk fyrir verkfræðing, sem til annars sje ráðinn í þjónustu landsins, og sjái það því, eptir því sem á stendur, ekki að þessum lið verði haldið á næstu fjárlögum.

Stjórnarráðið verður nú að telja það mjög svo æskilegt að fá styrk handa verkfræðingi, sem gæti verið landsstjórninni og hjeraðsstjórnum til aðstoðar, bæði við undirbúning ýmsra mannvirkja, og framkvæmd þeirra, auk þess sem hann gæti haft á hendi leiðbeining í húsagjörð. Það koma þráfaldlega beiðnir til stjórnarinnar frá ýmsum hjeruðum um, að fá verkfræðing til að skoða lendingarstæði, bryggjustæði og skipakvíar o. s. frv., en það hefur venjulega orðið að neita um slíka aðstoð, af því hinn fasti verkfræðingur hefur verið bundinn við áður ákveðin störf. Stjórnin verður því að leggja eindregið með, að það fje, sem áður var ætlað til rannsóknar á byggingarefnum landsins, verði nú veitt til verkfræðings, og verður þá einnig að ætla honum ferðakostnað; er hann áætlaður hinn sami og til verkfræðings landsins.

Við 3 a—b. *Laun handa dýralæknum.*

Við 4. *Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar.*

Við 5. *Styrkur til tveggja manna til að nema dýralækningar.*

Þessir liðir eru eins og á núgildandi fjárlögum.

Við 6. *Til útrýmingar fjárkláða.* Böðunum á sauðfje til útrýmingar fjárkláðanum samkvæmt lögum nr. 41 13. nóvember 1903, verður að líkindum lokið í vetur, eða að sjálfsögðu haustið 1905; og ætti þá fjárkláðanum að vera með öllu útrýmt hjer á landi, ef allt gengur sem allra bezt, en það verður þó að búast við því, að kláði geti komið upp á stöku stað, sökum vanrækslu við böðunina að einhverju leyti, og er þá afaráríðandi, að þar sje strax baðað. Stjórnarráðið telur því nauðsynlegt, að eitthvað fje sje veitt í þessu skyni árið 1906, og hefur farið fram á 5000 kr. fyrra árið, en telur það að öðru leyti sjálfsagt, að hrökkvi þessi upphæð ekki, þá verði að verja nauðsynlegu fje til þess að reyna að yfirstíga kláðann til fulls, því annars mundi því mikla fje, sem veitt hefur verið síðustu árin til útrýmingar kláðanum, alveg kastað á glæ.

Við 7. *Til iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til eflingar iðnaði.* Þessari styrkveitingu, sem er hin sama og áður, er haldið óbreyttri samkvæmt ósk og beiðni stjórnar fjelagsins. Reikningur skólans og skýrslu-ágrip, sem prenta á eptir lok skólaársins, verður lagt fyrir þingið.

Við 8. Biskup landsins hefur í erindi dags. 20. febrúar þ. á. borið sig upp undan því, að hvorki stiptsyfirvöldin fyr, eða h a n n nú, hefði átt kost á nauðsynlegri aðstoð manna með verklegri sjerþekkingu í húsagjörð, þegar af-

greiða hefði átt og giöra út um það, hvort veita ætti prestum leyfi til þess að taka embættislán upp á prestaköllin til margvíslegra húsabóta á stöðunum, sem mjög væri nú farið að tíðkast, eins og alkunnugt sje. Slík aðstoð hefði þó verið nauðsynleg til þess að geta gert sjer hugmynd um, hvort uppástungur til húsabóta væru heppilegar, hvaða kostnað þær hefðu í för með sjer, og hvort þessi upphæð væri prestakallinu ofvaxin eða ekki; til alls þessa útheimtist yfirgripsmikil verkleg sjerþekking, sem með engu móti yrði ætlazt til hjá biskupi eða stjórnarráðinu, sem þó ættu að fjalla um slík mál og taka ákvörðun um þau.

Ennfremur bendir biskup á, að *hingað til hafi verið hið stakasta regluleysi á flestum kirkjubyggingum hjer á landi.* Prestar, bændur og söfnuðir byggðu kirkjur sínar að heita má eptirlitslaust, hver eptir sinni geðþekkni og optast nær af harla ónógri þekkingu. Af þessu hafi leitt margt illt: kirkjur hafi orðið að ýmsu leyti ómyndarlegar, óvaranlegar, gallaðar, ófagrar, stillausar og jafnvel smekklausar og með ókirkjulegu sniði. *Petta ástand sje blátt áfram ópolandi;* þar sem tilhögunin ætti að vera sú, að enga kirkju mætti byggja, án þess að kirkjustjórnin hefði samþykkt uppdrátt með tilheyrandi skýringum og kostnaðaráætlun.

Biskup leggur það því til, að veittur yrði styrkur 1000—1200 kr. árlega til byggingarfróðs manns, og nefnir hann sem hæfan mann til þess, kand. Rögnvald Ólafsson, til þess að vera ráðanautur landsstjórnarinnar í þessum efnum.

Stjórnarráðið er samdóma biskupi og telur það nauðsynlegt, að fá byggingarfróðan mann til aðstoðar við kirkjubyggingar og aðrar almennar byggingar, en ætlar að 800 kr. árlega í þessu skyni muni nægja fyrst um sinn.

Við 9. *Laun til tveggja yfirmatsmanna.* Er eins og á núgildandi fjárlögum

Við 10. *Til vörumerkjaskráritara.* Eptir lögum nr. 43, 13. nóvbr, 1903, 2. gr. hefur ráðherrann ákveðið laun vörumerkjaskráritarans 300 kr. árlega, þangað til 31. desbr. 1905, en úr því skulu þau ásamt ritfje ákveðin á fjárlögunum. Stjórnarráðið leggur til, að launanum sje haldið óbreyttum, en virðist ekki ástæða til að ákveða neitt ritfje.

Við 11. Þessi fjárveiting er tekin hjer upp samkvæmt umsókn frá »Kunstflidsforeningen« í Kaupmannahöfn, sem þinginu mun verða gefinn kostur á að kynna sjer.

Við 12. *Styrkur til skipakviar í Oddeyrarbót til vetrarlegu fyrir þilskip.*

Eyfirðingar hafa eigi getað notað fjárveitingu þá, sem þeim var heimiluð á núgildandi fjárlögum til skipakviar við Eyjafjörð, hvorki tillagið úr landssjóði nje lánið, af þeim ástæðum, að álitið er að skipakví geti ekki komið að tilætluðum notum annarsstaðar en í Oddeyrarbót, með því að flestir skipaútgerðarmenn eiga heima á Akureyri, og svo af því, að lánveitingin er bundin því skilyrði, að lánið sje ábyrgzt eigi að eins af Akureyrarkaupstað, heldur og sýslufjelagi Eyjafjarðarsýslu, en nefnt sýslufjelag hefur enga hvöt eða skyldu til að ábyrgjast slíkt lán, sem að minnstu leyti mundi koma sýslubúum að gagni, og þá sízt meira, en öðrum sýslufjelögum, t. a. m. Þingeyjarsýslu. Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur líka lýst því yfir, að hún sje mjög ófús á að takast á hendur ábyrgð fyrir slíku láni, en mælir hins vegar fastlega með skipakví í Oddeyrarbót. Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, hefur farið þess á leit að

fá úr landssjóði styrk til þessarar skipakvíar, að minnsta kosti 50.000 kr. eða til vara, að fjárveiting sú, 15,000 kr. og lánsheimild 40,000 kr. sem eru á núgildandi fjárlögum til skipakvíarinnar verði, teknar upp í fjárlagafrumvarpið með þeirri breyting, að upphæðirnar verði taldar styrkur til skipakvíar í Oddeyrarbót og lán í sama skyni til Akureyrarkaupstaðar.

Stjórnarráðið getur nú eigi, eins og fjárhag landsins er varið, lagt til, að veita 50,000 kr. styrk til skipakvíar, en verður hins vegar að álíta varabeiðnina mjög sanngjarna, og þær ástæður, sem færðar eru fyrir breytingunni rjettmætar. Stjórnarráðið leggur því til, að þessar breytingar verði teknar til greina af þinginu, enda hafa þær engin aukin útgjöld frá núgildandi fjárlögum í för með sjer. Mál þetta hefur verið rætt ýtarlega af bæjarstjórn Akureyrar og undirbúið rækilega á ýmsan hátt, síðan á síðasta þingi, og mun alþingi gefast kostur á því að kynna sjer öll hjer að lútandi skjöl.

Við 16. gr.

Gjöldin samsvara tekjum þeim, sem taldar eru í 2. og 3. lið 5. gr.

Við 17. gr.

Gjöld þessi eru talin 108 þús. kr. Skrá yfir eptirlaun til embættismanna ekkna og barna, eins og þau voru við árslok 1904 er prentuð hjer á eptir.

Við 18. gr.

Eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 20. gr.

Heimild til lánveitinga til mjólkurbúa er haldið með sömu upphæð og kjörum og áður, og er það sjerstaklega gjört með tilliti til Norðurlands, þar sem nú á að fara að koma upp slíkum búum.

Lánveitingum til að kaupa eða byggja þilskip og til þurrabúðarmanna, er haldið með sömu kjörum og áður, en upphæð hinna síðarnefndu færð niður um 5,000 kr., sem eptir fyrri ára reynslu mun vera hæfilegt.

Thorvaldsensfjelagið, sem stofnað er árið 1875 og síðan hefur verið frumkvöðull að ýmsum nytsemdarfyrirtækjum í Reykjavík. t. d. í mörg ár haldið uppi ókeypis kennslu í handavinnu fyrir fátæk stúlkubörn, byggt hús við »Laugarnar« sem skýli fyrir þvottakonur, og hin miklu fiskileysisár 1896 og 97 úthýtt um 90 matskömtum á dag til fátæklinga um 3ja mánaða tímabil að vetrinum til, hefur farið þess á leit, að fá að láni úr landssjóði 13,000 kr., sem afborgist og ávaxtist með 6% árlega í 28 ár, gegn veði í húseigninni nr. 3 í Veltusundi, er fjelagið hefur keypt fyrir kr. 16,400, og ætlar að láta gjöra við fyrir um 1000 kr. Hús þetta hefur fjelagið keypt, til þess að geta haft þar útsölu á íslenzkum iðnaðarmunum, einkum heimilisiðnaði; á slíkri útsölu byrjaði fjelagið árið 1900, undir nafninu »Bazar Thorvaldsensfjelagsins«, og hefur haldið henni

áfram síðan, og hefur hún stöðugt farið vaxandi, og voru síðasta ár, 1904, alls seldir munir fyrir liðugar 11 þús. kr., mest til útlendra ferðamanna.

Með því að stjórnarráðið verður að telja þetta fjelag mjög gagnlegt og alls góðs maklegt, og með því að það með útsölu sinni eigi eingöngu eflir og eykur innlendan iðnað, heldur og stuðlar til þess, að hann verði kunnur í útlöndum, og með því að stjórnarráðið verður að álíta hina framboðnu tryggingu nægilega, eptir því verði, sem er á húsum og lóðum í miðbænum, en þar stendur húsið á bezta stað, þá er það eindregið álit stjórnarráðsins, að ástæða sje til að veita fjelaginu hið umbeðna lán með þeim kjörum, sem greint er.

Fylgiskjal 1.

Skrá

yfir

eptirlaun þau til embættismanna og embættismannaekkna og barna, sem hvíldu á landssjóði í árslok 1904.

	A. Embættismenn:	kr. a.	kr. a.
1	Adolph Christian Baumann, sýslumaður í Gullbringu og Kjósarsýslu . ... kon. úrsk. 19/11 1861.	kr. a. 982, 18	
2	Benedikt Gröndal kennari við lærða skólann í Reykjavík... ... ... kon. úrsk. 13/4. 1883, stj. br. 14/4. s. á.; frá 1. maí 1883.	800, »	
3	Páll Melsteð, sögukennari ... ... Lög 16/9 1893.	1,800, »	
4	Skúli Thoroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði ... ... kon. úrsk. 31/5 1895.	1,500, 54	
5	Þorgrímur Johnsen, hjeraðslæknir í 11. læknishjeraði kon. úrsk. 14/4 1896.	1,586, 20	
6	Einar Thorlacius, sýslumaður í Norður-Múlasýslu ... kon. úrsk. 29/5 1896.	1,593, 78	
7	Þorvaldur Thoroddsen, latínuskólakennari, dr. phil. próf. ... ... kon. úrsk. 1/12 1899.	2,000, »	
8	Franz Siemsen, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu ... ... kon. úrsk. 1/8 1899.	1,601, 40	
9	Þorvaldur Jónsson, hjeraðslæknir í Ísafjarðar hjeraði kon. úrsk. 14/11 1900.	1,626, 66	
10	Magnús Stephensen, landshöfðingi. ... ... Biðlaun frá 1/2 1904.	6,222, 22	
11	Björn Magnússon Olsen, rektor við lærðaskólann í Reykjavík . ... kon. úrsk. 25/4 1904.	2,255, 56	
		Flyt 21,968, 54	

		kr. a.	kr. a.
	Fluttar	21,968, 54	
12	Julius Havsteen, amtmaður í Suður- og Vesturamtinu	4,000, »	
	Biðlaun frá 1/10 1904.		
13	Árni Thorsteinsson, landfógeti ... ... kon. úrsk. 9/9 1904.	3,645, 81	29,614, 35

B. Embættismanna ekkjur og börn.

		kr. a.	kr. a.
1	Ragnheiður Thorarensen, ekkja sýslumanns V. Thorarensen í Strandasýslu, frá 1. ágúst 1854	100, 79	
2	Anna María Johnsen, ekkja hjeraðslæknis Eggerts Johnsen, kon. úrsk. 20. febr. 1856, frá 1. ág. 1855 ... ... kr. a. 138, 75		
	Eptir fjárlögunum fyrir 1882 og 1883 viðbót frá 1. jan. 1882 . ... 150, »	288, 75	
3	Clara Margrethe Henriette Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonar í Borgarfjarðarsýslu, frá 1. sept. 1860 ... ... kr. a. 212, 87		
	Ennfremur styrkur til húsaleigu á ári 40, »	252, 87	
4	Ingibjörg Schulesen, ekkja kammerráðs, sýslumanns S. Schulesen í Þingeyjarsýslu frá 1. maí 1862 .	416, 60	
5	Maren Ragnheiður Friðrikka Lárusdóttir, ekkja sýslumanns Jóhannesar Guðmundssonar í Mýra- og Hnappadalssýslu frá 1. apríl 1869	289, 83	
6	Ragnheiður Thorarensen, ekkja hjeraðslæknis, kancelliráðs Skúla Thorarensens frá 1. maí 1872 .	273, 33	
7	Camilla Tómasson, ekkja hjeraðslæknis Þórðar Tómassonar frá 1. desbr. 1873 kr. a. 184, » kon. úrsk. 20. júní 1874		
	Viðbót frá sama tíma ... ... 13, »	197, »	
8	Kristjana Havstein, ekkja amtmanns Pjeturs Havsteins frá 1. júlí 1875	529, 16	
9	Hildur Solveig Bjarnadóttir, ekkja sýslumanns B. M. Magnússonar, frá 1. júlí 1876	538, 27	
10	Lovise Emilie Mariane Weywadt, ekkja hjeraðslæknis Weywadts frá 1. nóv. 1881	81, 25	
11	Sigríður Blöndal, ekkja sýslumanns G. Blöndals í Barðastrandarsýslu frá 1. júní 1884	300, 45	
12	Elínborg Thorberg, ekkja landshöfðingja Bergs Thorberg frá 1. febr. 1886	919, 17	
13	Christiane Caroline Bolbroe, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Bolbroe í Vestmannaeyjum frá 1. maí 1888 ...	75, »	
	Flyt	4,262, 47	29,614, 35

		kr. a.	kr. a.
	Fluttar	4,262, 47	29,614, 35
14	Kristín Skúladóttir, ekkja hjeraðslæknis Boga Pjeturssonar í 18. læknishjeraði frá 1. jan. 1890	187, 50	
15	Caroline Rosa Jónassen, ekkja amtmanns E. Th. Jónassen frá 1. október 1891	750, »	
16	Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja hjeraðslæknis Einars Guðjohnsen í 13. læknishjeraði, frá 1. ág. 1891	187, 50	
17	Þórhildur Tómasdóttir, ekkja lektors theol., forstöðumanns prestaskólans Helga Hálfdánarsonar frá 1. febrúar 1894	575, »	
18	Ásta Hallgrímsson, ekkja læknaskólakennara Tómasar Hallgrímssonar, frá 1. jan. 1894 ... 350 kr. Samkv. kon. úrsk. 9. nóv. 1894 handa Tómasi syni hennar fæddum 9. ágúst 1894 til fullra 18 ára ... ... 100 —	450, »	
19	Ingunn Halldórsdóttir, ekkja sýslumanns H. E. Johnson í Rangárvallasýslu frá 1. maí 1894	412, 59	
20	Kristín Blöndal, ekkja sýslumanns Lárusar Blöndal í Húnavatnssýslu, frá 1. júní 1894	582, 45	
21	Ingibjörg Jensdóttir, ekkja hjeraðslæknis Hjörts Jónssonar í 4. læknishjeraði, frá 1. maí 1894	305, »	
22	Þuríður Johnsen, ekkja sýslumanns Jóns Johnsens í Suður-Múlasýslu, frá 1. nóvbr. 1894	430, 80	
23	Sigþrúður Friðriksdóttir, ekkja justitiarii Jóns Pjeturssonar frá 1. febr. 1896	725, »	
24	Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja hjeraðslæknis Ólafs Sigvaldasonar frá 1. júní 1896...	187, 50	
25	María Kristín Finsen, ekkja Ó. Finsen póstmeistara frá 1. apríl 1897	300, »	
26	Sigurveig Friðfinnsdóttir, ekkja hjeraðslæknis Árna Jónssonar í 13. læknishjeraði, frá 1. apríl 1897 ... ... kr. a. 187, 50 Samkvæmt kon. úrsk. 13. sept. 1897 handa börnum hennar til fullra 18 ára: 1. Sigríði f. 29. júlí 1892 ... ... 80, » 2. Sigurbjörgu f. 15. júlí 1894 ... ... 80, » og handa stjúpsyni hennar Jóni f. 11. ág. 1889 ... ... 80, »	427, 50	
27	Margrjet Guðmundsdóttir, ekkja Jóhannesar Ólafssonar, sýslumanns í Skagafjarðarsýslu, frá 1. apríl 1897... ... ... kr. a. 398, 37 Samkvæmt konungsúrskurði 11. jan. 1898 handa börnum hennar til fullra 18 ára:		
	Flyt 398, 37	9,783, 31	29,614, 35

		kr. a.	kr. a.
	Fluttar 398, 37	9,783, 31	29,614, 35
	1. Alexander, f. 15. júlí 1888 ... ... 100, »		
	2. Sigrúnu, f. 1. ágúst 1889 ... ... 100, »		
	3. Valdimar Davíð, f. 18. sept. 1896... 100, »	698, 37	
28	Ragnhildur Sverrisson, ekkja sýslumanns Sigurðar Sverrisson í Strandasýslu frá 1. febr. 1899 ...	328, 58	
29	Charlotte Caroline Leopoldine Friðriksson, ekkja yfirkennara við lærða skólann í Reykjavík Halldórs Kr. Friðrikssonar frá 1. apríl 1902	400, »	
30	Elín Guðrún Blöndal, ekkja hjeraðslæknis Páls Blöndal í 3. læknishjeraði frá 1. febr. 1903	187, 50	
31	Henriette Louise Jensson, ekkja Björns Jenssonar kennara við lærða skólann í Reykjavík frá 1. kr. a. marz 1904 . ... 350, »		
	Samkv. kon. úrsk. 21. apríl 1904 handa börnum hennar til fullra 18 ára:		
	1. Sigríði, f. 8. sept. 1888 ... ... 80, »		
	2. Haraldi Viggo, f. 30. okt, 1889... 80, »		
	3. Þórdísi, f. 22, febr. 1892... ... ... 80, »		
	4. Ágústu, f. 14. febr. 1894 ... ... 80, »		
	5. Arndísi, f, 17. marz 1895 ... ... 80, »		
	6. Soffíu, f. 25. apríl 1899 ... ... 80, »	830, »	
32	Sigríður Lydía Helgason, ekkja hjeraðslæknis Tómkr. a. asar Helgasonar frá 1. júlí 1904 . ... 187, 50		
	Samkv. kon. úrsk. 9. sept.br. 1904 handa börnum hennar til fullra 16 ára:		
	1. Helga Hagbarth, f. 25. sept. 1896... 80, »		
	2. Sigríði Þórhildi, 24. júlí 1899 ... ... 80, »		
	3. Ástu Þórdísi, f. 21. sept. 1900 ... 80, »	427, 50	
33	Álfheiður Briem, ekkja amtmanns Páls Briem. Eptirlaun hennar og uppeldisstyrkur til barna hennar eru ekki ákveðin, en áætluð	1,125, »	
			13,780, 26
	C. Uppgjafaprestar:		
1	Jón Bjarnason, fyrv. prestur í Skarðsþingum: frá fardögum 1891	kr. a. 350, »	
2	Jón Jónsson, fyrv. prestur að Stað á Reykjanesi: frá fardögum 1895	250, »	
	Flyt	600, »	43,394, 61

		kr. a.	kr. a.
	Fluttar	600, »	43,394, 61
3	Daníel Halldórsson, fyrv. prestur að Hólmum í Reyðarfirði: frá fardögum 1895, sbr. lög 13. desbr. 1895	583, 83	
4	Halldór Þorsteinsson, fyrv. prestur í Landeyjaþingum: frá fardögum 1898	70, 80	
5	Stefán Stephensen, fyrv. prestur að Mosfelli: frá fardögum 1900	208, 65	
6	Lárus Benediktsson, fyrv. prestur að Selárdal: frá fardögum 1902	54, 29	
7	Tómas Björnsson, fyrv. prestur að Barði: frá fardögum 1902	405, 28	
8	Jón Þorláksson, fyrv. prestur að Tjörn: frá fardögum 1903	410, 26	
9	Jakob Benediktsson, fyrv. prestur að Glaumbæ: frá fardögum 1900	33, 34	
10	Ingvar Nikulásson, fyrv. prestur að Gaulverjabæ: frá fardögum 1903	100, »	
11	Ólafur Stephensen, fyrv. prestur að Mosfelli: frá fardögum 1903	145, 56	
12	Jón Magnússon, fyrv. prestur að Ríp: frá fardögum 1904	230, »	
13	Arnór Árnason, fyrv. prestur að Felli: frá fardögum 1904	155, 96	
14	Gísli Kjartansson, fyrv. prestur í Mýrdalsþingum: frá fardögum 1904	131, 78	
15	Matthías Jochumsson (jafnframt skáldlaun	2,000, »	
			5,129, 75
	D. Prestsekkjur:		
	Eptir landsreikningnum fyrir 1903 numu eptirlaunin til prestsekkna við árslok	kr. a. 3,904, 69	
	Af þeim hafa síðan fallið burtu	273, 71	
		3,630, 98	
	en bætt við	338, 11	
			3,969, 09
		Flyt ...	52,493, 45

		kr. a.
Fluttar ...		52,493, 45
E. Samkvæmt 16. gr. fjárlaganna:		
	kr. e.	
Eptirlaun ekkjufrúar Jakobínu Thomsen	300, »	
Viðbót við eptirlaun ekkjufrúar Önnu Johnsen ...	150, »	
— — — prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur	105, 40	
Styrkur til ekkjufrúar Torfhildar Holm...	200, »	
— — — Bjargar Jónsdóttur	300, »	
— — — Valgerðar Þorsteinsdóttur...	250, »	
— — — Solveigar Þórðardóttur	200, »	
— — — Magneu Ásgeirsson	200, »	
		1,705, 40
Alls ...		54,198, 85

Fylgiskjal 2.

Úr skýrslu og tillögum ritsímaverkfræðings C. E. Krarup.

— — — — — — — — — — — — — — —

Angaaende Kabelstationen er der fört Forhandlinger med Selskabet resulterende i følgende foreløbige Forslag:

Selskabet opfører (med en anslaaet Udgift af ca. 15,000 Kr.) en forsvarlig og solid Bygning, der paa 1. Sal rummer en Lejlighed for Bestyreren, og i Stuen de fornødne Lokaler til Ekspedition paa Kabel-Apparaterne, Landlinie-Telegrafen og de nævnte Telefon-Vekslerbord, endvidere Lokaler til Føringen af Journalerne, og til Publikum. Det Arbejde, som skal udføres i denne Bygning af Bestyreren og hans Assistenter, vil være:

a. Vedkommende Selskabet:
   1. Afsendelse af Kabeltelegrammer.
   2. Modtagning af Kabeltelegrammer.
   3. Journalisering og Takstfordeling for samtlige Kabeltelegrammer.

b. Vedkommende Landlinien:
   1. Modtagning og eventuelt Taksering af Kabeltelegrammerne fra Landlinien (Telegraf eller Telefon) eller Publikum (direkte eller pr. Telefon).
   2. Afsendelse af Kabeltelegrammerne til Landlinien (pr. Telegraf eller Telefon) eller Udlevering til Publikum (pr. Telefon eller Bud).
   3. Journalisering af Kabeltelegrammerne.
   4. Modtagning af Telegrammer og Telefonsamtaler (Boks) til Landlinien (først Publikums-Ekspedition, saa Apparattjeneste).
   5. Ekspedition af ankommende Telegrammer og Telefonsamtaler (først Apparattjeneste, saa Udbringning pr. Bud eller Telefon).
   6. Journalisering af de indenlandske Telegrammer.
   7. Ekspedition af lokale Telefonsamtaler ved Vekslerbordet.
   8. Oplæring af islandske Ekspedienter.

Ekspeditionerne a 1—a 3 er ganske svarende til b 1—b 3; men da Ekspeditionerne b 4—b 8 maa antages at repræsentere et mangedobbelt Arbejde af b 1—b 3, ses det, at kun en ringe Brøkdel af Personalets Arbejde egentlig kan belastes Selskabet; Hovedparten maa regnes at henhøre under den indenlandske Trafik. Imidlertid har Selskabet tilbudt, trods det nævnte Forhold, at betale Halvdelen af Omkostningerne ved Anlæg og Drift af Kabelstationen, naturligvis med Undtagelse af de særlige Apparater for den indenlandske Trafik (Morse-Telegraf og Telefon).

Ved Samraad med Selskabet er man kommen til det Resultat, at der paa Kabelstationen vilde kræves følgende Personale foruden Bestyreren, (som af Hensyn til de særlige Kvalifikationer, som Kabelapparaternes Betjening og Kablets Maaling kræver, vælges og udnævnes af Selskabet): normalt to danske Telegrafister, 2 islandske Telegrafister og to islandske kvindelige Telefonister. De første $^5/_4$ Aar vil der derimod kræves 4 danske Telegrafister i Stedet for to, men da skal Bestyreren og disse 4 øvede Danske, være forpligtede til i enhver Henseende, at oplære og indøve 2 islandske mandlige og 2 islandske kvindelige Elever, hvilke 4 sidste tænkes lønnede for den Hjælp, de i de første $^5/_4$ Aar (Læretiden) kan yde, med 500 Kr. hver.

Efter det ovenfor anførte om Arbejdet paa Kabelstationen, maa det Tilbud, Selskabet har gjort med Hensyn til Bygningen og Personalet, kaldes meget fordelagtigt og imødekommende, idet det gaar ud paa, at samtlige Udgifter til Stationens Drift, deles ligeligt mellem Selskabet og Landskassen.

De aarlige Udgifter til Forrentning og Amortisation af Byggesummen for Stationen (15000) samt til Vedligeholdelse og Assurance tilbyder Selskabet da at regne til 8 %, ialt 1200 Kr., saaledes at hvis denne Sum overskrides, betaler Selskabet Resten. Til Brændsel og Belysning for Stationslokalerne og Bestyrerboligen, regnes ialt 600 Kr., idet Bestyreren indtil videre tænkes lønnet med 3000 Kr. samt fri Bolig, Brændsel og Belysning. De to Bude, der tillige skulle besørge Stationens Rengøring, ere væsentlig tænkt lønnede med Betaling for hvert Telegram efter Afstanden. Paa Grund af de store Afstande er det ikke sikkert, at man kan nøjes med 2 Bude. Anskaffelse og Vedligeholdelse af de særlige Kabel-Ekspeditions-Apparater og deres Batterier, betales alene af Selskabet, Landliniens Telegraf- og Telefonapparater med Batterier alene af Landskassen.

Landskassens Udgifter til Kabelstationens Drift faas da saaledes:

	1906	1907	Normalt Aar
	Kr.	Kr.	Kr.
Husleje (inkl. Vedligeholdelse og Assurance) ...	400	1200	1200
1 Bestyrer (fri Bolig, Brændsel og Belysning)...	1000	3000	3000
2 danske Telegrafister	1666,67	5000	5000
Udrejse og Flyttegodtgørelse for disse 3	933,33	»	»
2 danske Telegrafister	1250	5000	»
Ud- og Hjemrejse for disse 2	500	500	»
2 islandske, mandlige Telegrafister	.....	1000	2800
2 islandske, kvindelige Telefonister	.....	1000	2400
2 Bude	180	720	720
Brændsel og Belysning (ogsaa til Bestyreren) ...	200	600	600
Kontorhold, Tryksager, uforudsete Udgifter ...	170	680	680
Sum ...	6300	18700	16400
Landskassens Halvdel heraf ...	3150	9350	8200

De anførte Lønningsatser ere opsatte efter Samraad med Selskabet, og med Vilje satte saa lavt som overhovedet forsvarligt, naar der skal skaffes dygtigt Personale, som kan paatage sig alle de forefaldende Hverv. Satserne er dog kun tænkt, at kunne benyttes uforandrede nogle ganske faa Aar. De to danske Telegrafister, som kun skal forblive paa Stationen til i Begyndelsen af December 1907, er regnede til 2500 Kr. om Aaret, skønt Posten er rent midlertidig. Da de fleste danske Telegrafister iberegnet Ekstratjeneste tjener 3000 a 3200 Kr. om Aaret, ses det, at man for de opstillede Satser kun faar yngre Ekspedienter, men da der findes dansk Bestyrer, og endnu to øvede Telegrafister, har man ment, at Satserne kan forsvares. Huslejen, Brændsel og nogle af Lønningerne ere regnede fra 1. Sept., da der medgaar nogle Uger til Montering. — Angaaende Telegrafisternes og Budenes Lønning henvises iøvrigt til Bemærkningerne til Konto 3 b.

Til 3 b—i. Iberegnet den nævnte Halvdel af Udgifterne til Kabelstationen antages Driftsudgifterne at blive følgende:

	1906.	1907.	Normalt Aar.
	Kr.	Kr.	Kr.
a. Halvdelen af Udgifterne til Kabelstationens Drift	3,150	9,350	8,200
b. Lønninger:			
1 Driftsbestyrer (tillige Telefon- og Telegrafbestyrer samt Ingeniør)	1,250	5,000	5,000
1 islandsk Telefonbestyrer i Akureyri ...	.....	1,000	2,000
2 danske Telegrafister i Reykjavik	2,333 33	7,000	
2 — —— i Akureyri	2,333 33	7,000	
Ud- og Hjemrejse for disse fire	1,000	1,000	
2 islandske mandlige Telegrafister i Reykjavik	.....	1,000	2,800
2 islandske kvindelige Telefonister i Reykjavik	.....	1,000	2,400
2 islandske kvindelige Telefonister i Akureyri	.....	1,000	2,400
Uddannelse i Danmark for tre Islændere	3,000		
17 Bestyrere af Landtelefonstationer a 120 Kr.	510	2,040	2,040
2 faste Linieopsynsmænd...	180	720	720
3 Bude	270	1,080	1,080
c. Dagpenge og Rejseudgifter ved Vedligeholdelsesarbejder.			
For Driftsbestyreren og de tre store Stationers Personale	650	2,600	2,600
For Landtelefonbestyrerne og Linieopsynsmændene	1,000	4,000	4,000
At overføre	15,676 66	43,790	33,240

	1906.	1907.	Normalt Aar.
	Kr.	Kr.	Kr.
Overført ...	15,676, 66	43,790	33,240
d. Husleje, Opvarming, Belysning.			
Husleje i Reykjavik og Akureyri	350	700	700
Brændsel og Belysning samme Steder ...	200	600	600
e. Materiel til Vedligeholdelse.			
For Linien	1,250	5,000	5,000
For Stationerne	125	500	500
f. Blanketter, Tryksager, Porto, Kontorhold ...	375	1,500	1,500
g. Bidrag til det internationale Bureau i Bern	100	400	400
h. Uforudsete Udgifter.., ...	523, 34	1,510	1,260
Ialt ...	18,600	54,000	43,200

Til Leder af hele Driften af Telefon- og Telegraflinien paa Island samt af de Telefonanlæg, som maatte knytte sig dertil, tænkes engageret en dygtig Fagmand, saavidt muligt en saadan, der baade har Kendskab til alle tekniske Spørgsmaal og til de Regnskabsforretninger, der forekommer (Afregningerne med Selskabet og Udlandet), samt helst Rutine i den daglige Telegraf- og Telefontjeneste. Det kan da antages, at den samme Mand vil kunne forestaa Reykjavik Station som Bestyrer, og fungere som Ingeniør for hele Landet. I alt Fald vil dette kunne forudsættes for den første Tid, da der er forudsat at være to øvede, danske Telegrafister til Stede paa Stationen, en paa hver Vagt. At finde en Mand til Driftsbestyrerposten med alle de nævnte Egenskaber vil imidlertid ikke blive let, naar der virkelig ønskes en Mand med special-teknisk Dygtighed og saadan teoretisk Uddannelse, at alle de øvrige Funktionærer kunne se op til ham, og raadspørge ham angaaende eventuelle nye Konstruktioner, og de mange vanskelige Fejl paa Linie eller Stationer, som utvivlsomt vil vise sig, og som kun kan findes af en virkelig rutineret Telegrafingeniør. — Man nærer imidlertid Haab om at finde en kvalificeret Mand, som kan formaas til at overtage Posten for 5000 Kroner om Aaret, i alt Fald til at begynde med. En Telegrafingeniør ved den danske Statstelegraf har en Slutningsløn af 4700 Kr. (ved de danske Statsbaner 6000 Kr.), hvor til kommer ca. 300 Kr. som 1% af Ny-Anlæg, og nogen Fortjeneste ved Diæter, der er 3 Kr. om Dagen. Da Flytning til Island for en dansk Familie altid medfører en Del Afsavn og Omkostninger, (bl. a. ved Børnenes Studeringer), vil det ikke være raadeligt at sætte Lønnen lavere, eftersom en kvalificeret Mand da næppe faas.

Naar Driftsbestyreren bliver en dygtig Mand, og naar han fra 1. Sept. 1906 til i December 1907 har to dygtige, danske Telegrafister til Hjælp, antages det, at det derefter vil være tilstrækkeligt i Reykjavik, at have 2 islandske mandlige, og 2 islandske kvindelige Ekspedienter.

I Akureyri vil det, hvis der ikke benyttes Telegraf men kun Telefon, være tilstrækkeligt ligeledes i de første $^5/_4$ Aar at have to danske Telegrafister, hvorefter Tjenesten vil kunne passes af en islandsk Bestyrer og to Damer.

De nævnte danske Telegrafister til midlertidig Tjeneste ere satte til 3500 Kr. aarlig, da det — i Modsætning til Kabelstationen med fast Bestyrer — vil være nødvendigt, at søge disse mellem fuldt uddannede, ældre Telegrafister. Der kan godt skaffes Telegrafister til 3000 Kr. aarlig, men de dygtige melder sig da ikke.

Med Hensyn til det islandske Personale, vil det, baade med Hensyn til de mandlige og de kvindelige, — ogsaa efter »Store Nordiske's« Mening — være aldeles nødvendigt, at skaffe Personale med Kundskaber i Fysik, Geografi og Sprog, som staar paa Højde med Fordringerne til den saakaldte »Præliminæreksamen« i Danmark. I Danmark maa Telegrafisterne, for at opnaa Ansættelse, foruden Præliminæreksamen, bestaa en særlig Eksamen, ved hvilken fordres fejlfri Nedskrivning af en tysk, fransk eller engelsk Tekst efter Diktat. Det maa erindres, at det paa alle Stationerne skal ekspederes Telegrammer pr. Telefon, og at der i Kystbyerne kan ventes en Del Telegrammer paa fransk og engelsk, eventuelt ogsaa tysk. Disse lader sig da ikke videre befordre med nogenlunde Betryggelse for Korrekthed, naar Personalet ikke har de nævnte Kundskaber. Og hvis en saadan fremmed Tekst misforstaas, sender Modtagerstationen en telegrafisk Forespørgsel, som skal besvares af Afsenderstationens Ekspedient, alt sammen paa det fremmede Sprog. Da der, foruden nævnte elementære Kundskaber, kræves Færdighed i Telegrafering, samt en ordentlig Forstaaelse af de Apparaters Teknik, hvormed man har at gøre, ses det, at et Ophold i Danmark nogle Maaneder vil være ønskeligt for de Islændere, der skulle indtage de noget overordnede Poster, (f. Eks. Bestyrerposten i Akureyri). Men selv om et vist Fond af Kundskaber paa de særlige Felter, i Løbet af kort Tid erhverves, — med velvillig Assistance fra det danske Telegrafdirektorats Side, — vil der dog i den praktiske Tjeneste forekomme en saadan Mængde Tvivlspørgsmaal, tekniske Vanskeligheder etc., at det er nødvendigt, at der det første Aars Tid, er 2 dygtige danske til Stede i Akureyri, (en paa hvert Vagthold) og ligeledes 2 i Reykjavik, foruden Driftsbestyreren, der ofte maa være bortrejst.

Lønnen for de nævnte Islændere er foreslaaet saaledes: Telefonbestyreren i Akureyri 2000 Kr., de mandlige Telegrafister 1400 Kr., de kvindelige Telefonister 1200 Kr. Lønnen for de fast ansatte Telegrafister ved Statstelegrafen stiger for de mandlige fra 800 til 2780 Kr., for de kvindelige fra 800 til 2180 Kr. (i København), foruden Fortjeneste ved Ekstravagter. Naar der derfor er foreslaaet de nævnte Satser, er det fordi man maa regne med kvalificerede, dygtige Personer, for Telefonsbestyrerens Vedkommende, med en særlig intelligent og dannet Mand, der dog eventuelt vil kunne have anden Virksomhed ved Siden af. Satserne ere kun tænkte som Begyndelseslønninger, men forøvrigt henstilles det paa en eller anden Maade, at gøre Lønningerne proportionale med Arbejdet, f. Eks. ved at give Ekspedienterne 1 Øre for hver besørget Telefonsamtale eller Telegram.

Bestyreren af Landtelefonstationerne ere satte til en fast Løn af 120 Kr. om Aaret, men det er Tanken, at de desuden skulle lønnes med en vis Sum for hver Ekspedition, maaske 5 Øre for hver Samtale eller Telegram, saaledes som de tilsvarende lønnes i Danmark. I Danmark betales der til saadanne slet ingen fast Løn, men paa Island vil det være nødvendigt, da Ekspeditionernes Antal vil være meget lille, og hans Nærværelse dog kræves ofte til Linieprøve.

De faste Linieopsynsmænd, der tillige skulle bistaa Driftbestyreren med Eftersyn af Batterier, Apparater etc., ere tænkte at faa deres væsentligste Indtægt

derved, at der betales dem 3 kr. hver Dag, de ere paa Liniearbejde udenfor Hjemstedet. Det samme Dagpengebeløb er tiltænkt Landtelefonbestyrerne, hvortil maa søges Folk, der, boende paa de rette Steder langs Linien, ere villige og ere i Stand til at efterse og reparere Linien.

For Driftsbestyreren og Bestyrerne paa de store Stationer, er tænkt et Dagpenge-Beløb af 6 Kr., for Telegrafister af 5 Kr. for hver dag udenfor Hjemstedet.

Budenes Løn er kun sat til 360 Kr. om Aaret, nemlig som Vederlag for Udbringningen i selve Byen, samt for Stationens Rengøring etc. Men alle længere Ture tænkes lønnede — af Telegrammets Afsender — efter en Afstandstakst. Der er dog Mulighed for, at 3 Bude paa de to Stationer, Reykjavik og Akureyri bliver for lidt, naar Hensyn tages til de lange Ture, som maa forudsættes.

Da det antages, at der fra Liniens og Stationernes Anlæg vil blive saa meget Materiel — navnlig Stænger — til overs, at der er nok til et Par Aar, kunde Kontoen til Materiel paa en Maade indskrænkes omtrent til Nul i Begyndelsen. Men det har i Danmark vist sig, at det regnskabsmæssigt set er en Fordel, at der skabes en saakaldet Lager-Konto, hvis Formue til at begynde med blot bestaar af det tiloversblevne Materiel. Til Brug for Driften købes da det fornødne Materiel efterhaanden af Lagerkontoen, som Tid efter anden suppleres ved Køb, der bliver samlede og derfor billigere. Dette faar sin særlige Betydning for Stængerne, der gærne skal lagres 1 a 2 Aar for Brugen, og saaledes ikke godt kan købes efterhaanden, hvorfor der ogsaa heraf er købt et meget rigeligt Antal.

Udgiften til Blanketter, Tryksager, Porto, Kontorhold er i høj Grad afhængig af Korrespondancens Omfang. Det er en Konto, som i Løbet af faa Aar vil stige betydeligt, ja til det flerdobbelte Beløb. De forskellige Blanketter og Tryksager tænkes opsatte skematisk, i Lighed med hvad der bruges i andre Lande, og tænkes første Gang trykt i Danmark. Derefter ville de antagelig kunne trykkes i Reykjavik.

Alle Jordens Telegrafadministrationer have et fælles Bureau i Bern, hvorfra de enkelte Administrationer forsynes med alle nødvendige Stationsfortegnelser, Taksttabeller, Telegrafkort o. s. v. for de andre Lande. De deltagende Lande betale Andele af Omkostningerne alt efter deres Størrelse. Hvis Island optoges for sig, antages det, at Omkostningerne vilde blive henimod 400 Kr. om Aaret. En saadan Anmeldelse skulde ad diplomatisk Vej meddeles alle de andre Deltagere, og vilde derfor tage lang Tid; men det er endnu ikke afgjort, om Tilslutningen til Bureaut ikke bør ske, og Fordelene derved nydes, alene gennem det danske Telegrafdirektorat. Derved vil Kontoen helt udgaa. Foreløbig har Ministeriet draget Omsorg for, at Landlinierne (ligesom Kablet) indtegnes paa det officielle Telegrafkort over Evropa, som Bureauet udgiver 1905 og som antagelig først vil blive fornyet om 7 Aar.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1902 og 1903.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903 og fjáraukalögum 25. septbr. 1902 fyrir hin sömu ár, veitast kr. 38,225,71 til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—7, gr. hjer á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 10. gr. fjárlaganna, veitast:

Við C. Ýmisleg útgjöld:

Við tölulið 1. Kostnaður við útgáfu stjórnartíðinda og landshagsskýrslna

1902	kr.	783.14
1903	—	3068.19
	Kr.	3851.33

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til útgjalda við læknaskipunina, veitast:

Við tölulið 8. Önnur útgjöld:

— — - g. Til náms yfirsetukvenna 1902 og 1903	kr.	1007,69
— — - h. — verkfæra handa yfirsetukonum 1903 . . .	—	323.28
— — - i. Kostnaður við sóttvarnir 1902	—	3239.16
	Kr.	4570.13

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við A. Til útgjalda við póststjórnina:

Við tölulið 2. Til póstflutnings:

1902	kr.	4620.02
	Flyt kr.	4620.02

Flutt kr.	4620,02
1903 . . . . . —	1868.02
Við tölulið 4. Önnur útgjöld:	
Við d. fyrir prentun 1902 . . . . . —	7739.22
Við h. óviss útgjöld:	
1902 . . . . . —	867.50
1903 . . . . . —	992.46
Við B. til vegabóta:	
Við tölulið 1.b. Ferðakostnaður verkfræðingsins 1902 og 1903 —	329.00
Við tölulið 3. Til flutningabrauta . . . . . —	8720.63
Kr.	25136.85

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kennslumála, veitast:

Við B. Til kennslumála:

Við I. Til prestaskólans:	
Við b. 4. Til bókakaupa 1902 . . . . . kr.	182.70
Við II. Til læknaskólans:	
Við b. 8. Ýmisleg útgjöld 1902 og 1903 . . . . . —	272.78
Við III. Til lærða skólans:	
Við c 11. b. Til áhalda við kennslu í eðlisfræði 1902 og 1903 —	106.88
Við VI. Til annarar kennslu:	
Við staflið k. Til kennslu heyrnar- og málleysingja 1902 —	522.14
Kr.	1084.49

6. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem talin er í 17. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda, veitast kr. 2942.65.

7. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er í fjáraukalögum 25. sept. 1902 til sóttvarnarhúss á Seyðisfirði, veitast kr. 640.26.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Að því er snertir upphæðir þær, er ræðir um í hinum einstöku greinum frumvarpsins, skal til skýringar vísað sumpart til athugasemdanna við reikningslaga frumvarpið fyrir árin 1902 og 1903, sumpart til athugasemda yfirskoðunarmanna landsreikninganna, svara til þeirra og tillagna endurskoðunarmanna.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1904 og 1905.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1904 og 1905 veitast kr. 12.050.00 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—5. gr. hjer á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitast:

Við tölulið 7, útgjöld við holdsveikraspítalann.

Við g. viðhald á húsum ... ... kr. 1000.00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitast:

1.	Við D. Ritsími. Til rannsóknarferðar og annars undirbúnings við símalagningu vorið 1905	kr.	8000.00
2.	Við E. Til vita, e. til Gróttuvita	—	1500.00
	a. til að kaupa ½ Gróttu ... ... kr. 1000.00		
	b. til að gjöra við varnargarð ... ... — 500.00		
		kr.	9500.00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna, til kirkju- og kennslumála, veitast:

1.	Við B. IV. c. ýmisleg útgjöld til Möðruvalla (Akureyrar) skólans: til aukakennslu	kr.	100.00
2.	Við B. V. b. 4 ýmisleg útgjöld til sýrimannaskólans	—	100.00
		kr.	200.00

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna, til vísinda, bókmennta og verklegra fyrirtækja, veitast:

1.	Við A. Styrkur til myndasmiðs Einars Jónssonar	kr. 350.00
2.	Við B, Styrkur til sjerfróðs manns, til að rannsaka hvernig hefta megi sandfok á Rangárvöllum	— 1000.00
		kr. 1350.00

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 2. gr.

Yfirstjórn holdsveikraspítalans skýrði stjórnarráðinu frá því með brjefi 11. júlí 1904, að yfirlæknirinn hefði þá tjáð sjer, að það væri nauðsynlegt að mála hálfan holdsveikraspítalann að utan þá um sumarið, og að kostnaður við það mundi verða 1140 kr., er gluggar og útidyr væru teknar með. Yfirstjórnin lýsti því jafnframt yfir, að henni kæmi þessi málaleitun mjög svo á óvart, þar sem spítalinn hefði allur verið olíuborinn og málaður sumarið 1901, og skaut því til stjórnarráðsins, hvort það sæji fært að leggja fram þá þegar þessa upphæð, uppá væntanlega aukafjárveitingu. Stjórnarráðið áleit, að þar sem spítalinn var svo nýmálaður, mundi það mega dragast að mála hann, þangað til alþingi hefði veitt fje í þessu skyni, og neitaði því að svo stöddu, að leggja þá fram fjeð. En í erindi dags. 13. jan. 1905, hefur yfirstjórnin endurnýjað þessa beiðni, með því að það væri óumflýjanlega nauðsynlegt, að mála nú þegar á yfirstandandi sumri *suður*, og *austur*-hlið spítalans, og þar sem stjórnarráðið hefur sannfært sig um, að mikil þörf er á því, þá er hjer farið fram á aukafjárveiting til þess að mála þessar hliðar nú í sumar, og er kostnaðurinn við það, þar sem málning glugga er eigi meðtalin, áætlaður 1000 krónur. Á fjárlögunum fyrir 1906 og 1907 er farið fram á, að fá nauðsynlega upphæð til þess að mála *norður-* og *vestur*-hlið spítalans.

Um 3. gr.

Við 1. Áður en endileg ákvörðun verður tekin um, hvar landsíminn milli Austfjarða og Reykjavíkur eigi að liggja, ber nauðsyn til að láta rannsaka alla staðháttu á leiðinni nákvæmar heldur en gjört hefur verið, bæði til þess að ákveða, hvar símann eigi að leggja, og hvernig bezt og haganlegast megi koma staurum og öðru efni á staðinn. Þegar búið er að ákveða símalínuna, er nauðsynlegt að búa til margar teikningar og uppdrætti um legu hans alla leið, til leiðbeiningar við sjálfa lagninguna, og svo til þess, að senda sýslumönnum fyrir veturinn 1905—1906, þeim til leiðbeiningar, hvert flytja eigi efnið, og hve mikið á hvern stað. Til að annast um þetta, er nauðsynlegt, að vel hæfur maður, helst sá, sem á að verða aðalverkstjóri við lagninguna 1906, rannsaki þetta sjálfur

með góðri aðstoð, og hefur landmælingadeild hersins lofað, að veita einum af sínum kunnugustu mönnum, er fengizt hefur við mælingar hjer á landi, fararleyfi til að takast á hendur þetta erindi, þannig að borgun til hans fari eptir samningum.

Enn fremur er svo til ætlað, að vanur íslenzkur verkstjóri verði með í ferðinni. Til þessarar rannsóknar er áætlað, að gangi alltað 7000 kr.

Ennfremur eru áætlaðar 1000 kr. fyrir að búa til teikningar, áætlanir og fleira þesshättar, og til að afrita það, eða fleirfalda á annan hátt.

Við 2. a. Í fjáraukalögum fyrir árin 1900 og 1901 frá 27. sept. 1901, 2. gr., voru veittar 2500 kr. til að kaupa býlið Gróttu og endurbæta hýbýli þar. Þegar til kom fjekkst þó að eins hálflendan keypt, og var því í frumvarpi til aukafjárlaga fyrir árin 1902 og 1903, sem lagt var fyrir alþingi 1903, farið fram á, að þingið samþykkti aðra ráðstöfun á því fje, sem veitt hafði verið til jarðakaupanna (Alþtíð. 1903 C. bls. 68—69), og veitti þingið þetta samþykki.

Á síðastliðnu vori fjekk stjórnarráðið vitneskju um, að hinn jarðarhelmingurinn fengist til kaups fyrir 1000 kr. Stjórnarráðinu þótti eigi áhorfsmál að festa kaup á þessum jarðarhelming, upp á væntanlegt samþykki fjárveitingavaldsins, og fer því fram á, að þessi upphæð verði veitt.

Við 2. b. Sjórinn hefur í vetur brotið skörð á tveim stöðum í grjótgarð kringum tún jarðarinnar, og hafa þessar skemmdir orsakazt af því, að sjórinn hefur grafið undan garðinum undirstöðuna að utanverðu í brimróti. Túni og húsi vitavarðar virðist vera hætta búin af sjávarágangi, ef ekki er þegar gjört að þessu. Jón Þorláksson ingeniör, sem skoðað hefur þessar skemmdir, álítur að kostnaður við að bæta úr þeim verði 470 kr. Vatnsbólið í Gróttu er mjög ljelegt, og þarf aðgjörðar við, og er áætlað að til þess gangi 30 kr. Til aðgjörðar er því farið fram á að fá alls 500 kr.

Um 4. gr.

Við 1. Forstjóri gagnfræðaskólans á Akureyri hefur sótt um, að fá nokkurt fje til tímakennslu við skólann fyrir veturinn 1904—05, með því að kennararnir geti eigi svo vel fari, gegnt svo mörgum tímum á dag, og þeir verði að gjöra, yfir 30 tímum á viku. Með því að stjórnarráðið verður að vera á sama máli og skólastjóri um það, að eigi sje heimtandi meira en 30 tímar á viku af neinum kennara, hefur það upp á væntanlegt samþykki fjárveitingarvaldsins, veitt 100 kr. til tímakennslu þennan vetur, og fer fram á samþykki þingsins til þessarar veitingar.

Við 2. Forstöðumaður stýrimannaskólans hefur tjáð stjórninni, að haustið 1903 hafi vatn verið leitt inn í skólann úr Landakotsbrunninum, og hafi kostnaður við það orðið kr. 164.36, og óskar nefndur forstöðumaður að fá þessa upphæð endurgoldna úr landssjóði. Stjórnarráðinu virðist full ástæða til, að landssjóður beri nokkurn hluta af þessum kostnaði, og leggur því til, að í nefndu skyni sjeu veittar 100 krónur.

Um 5. gr.

Við 1. Ráðherra Íslands hefur í marzmánuði 1904, upp á væntanlegt samþykki alþingis veitt myndhöggvara Einari Jónssyni frá Galtafelli 350 króna styrk úr landssjóði af ástæðum þeim, er nú skulu greindar.

Veturinn 1902 fór nefndur Einar Jónsson með styrk frá alþingi til Róma-

borgar til þess að framast í list sinni. Meðan hann dvaldi þar, gjörði hann mynd er hann nefnir »Maður og kona,« og var hún haustið 1903 tekin á listasýninguna í Vínarborg, og þar lokið á hana miklu lofsorði. Að sýningunni endaðri var hún send til Kaupmannahafnar í því skyni, að hún kæmist þar á sýninguna í Charlottenborg í marzmánuði, en þar eð Einar skorti fje til að borga flutning myndarinnar frá Vínarborg m. m. og honum var tjáð, að myndin yrði bráðlega seld við uppboð, ef hún væri eigi útleyst af tollbúðinni í Kaupmannahöfn, enda brýn nauðsyn til, að hún kæmist sem fyrst í hendur dómnefndar sýningarinnar, ef hún ætti að komast að, þá virtist ráðherranum það skylt, sem framhald af áður veittum landsjóðsstyrk að hjálpa þessum efnilega myndhöggvara, þar sem svo mátti segja, að framtíð hans væri komin undir þessari hjálp.

Við 2. Veturinn 1903—04 sneri sýslunefnd Rangvellinga sjer til Búnaðarfjelags Íslands með beiðni um, að það hlutaðist til um, að forgöngumenn skógarræktunar hjer á landi, tækju að sjer framkvæmdir til að hepta sandfok á Rangárvöllum. Samkvæmt þessari beiðni rannsakaði kandídat Flensborg alla staðháttu á Rangárvöllum sumarið 1904, og hve mikinn skaða sandfok hefði gjört þar. Það þykir sannað með þeim rannsóknum, *að* sandfokið hefur gjört feykimikinn skaða, *að* það má hefta fokið, en *að* sveitarmenn þar eru eigi einfærir um að gjöra það. Forgöngumenn skóggræðslunnar Captain Ryder og prófessor Prytz bjóðast til þess, að takast forgöngu þessa verks á hendur, ef þeirra ráðum sje fylgt við þessar tilraunir; en þeir telja það nauðsynlegt að fá sjerstakan mann, sem hafi sjerþekkingu í þessu máli, til að rannsaka staðháttu, og athuga hvar byrja eigi á vörnum gegn sandfoki, og á hvaða stöðum halda skuli þeim áfram, og í hverri röð. Þessi rannsókn álítur stjórnarráðið að þurfi að fara fram vorið 1905, svo snemma, að hægt sje að leggja fyrir alþingi þau áform, sem nauðsynleg þykja til að hefta sandfokið. Þeir hafa útvegað sjerfróðan mann í þessu skyni, »Overklitfoged« Dahlerup, sem stendur fyrir vörnum gegn sandfoki og fyrir sandgræðslu við Skagann í Danmörku, og ætla þeir, að 1000 krónur muni hrökkva til þessarar rannsóknar.

Með því að hjer er um harla þýðingar mikið mál að ræða, er snertir eitt blómlegasta hjerað landsins, og með því að skemmdir af sandfokinu fara vaxandi með hverju ári, þá hikaði stjórnarráðið eigi við, að taka þessu góða tilboði, og leggur því eindregið til, að þessi upphæð, 1000 kr. sjeu veittar af þinginu.

Öll skjöl málsins mun þinginu gefast kostur á að kynna sjer.

Frumvarp til laga

um

samþykkt á landsreikningnum fyrir 1902—1903.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

I. Tekjur.	Fjárveiting, kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	90,000, »	91,002, 58
2. Húsaskattur	13,000, »	17,388, 50
3. Tekjuskattur	29,000, »	35,147, 50
3. Aukatekjur	29,000, »	82,512, 43
5. Erfðafjárskattur	60,000, »	4,911, 03
6. Vitagjald	6,000, »	22,661, 70
7. Gjöld fyrir leyfisbrjef	17,000, »	8,575, 65
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	110,000, »	177,074, 05
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000, »	252.178, 95
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000, »	207,665, 68
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	390.000, »	508,619, 87
12. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	60,000, »	48,300, »
13. Tekjur af póstferðum	70,000, »	247,687, 90
14. Óvissar tekjur	5,000, »	57.311, 64
15. Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestmötu m. m.	46,000, »	49,649, 66
16. Tekjur af kirkjum	200, »	127, 79
17. Tekjur af silfurbergsnámum í Helgustaðafjalli	4,000, »	3,577, 02
18. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	86,000, »	80.153, 33
Borgað upp í lán, fjárveiting: 97,676 kr. 80 a. reikningur: 106,536 kr. 17 a.		
19. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	15,000, »	17,974, 58
20. Innborganir frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	4,000, »	5,971, 92
21. Endurgjald skyndiláns til embættismanna	1,200, »	2,927, 07
22. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000, »	7,527, 69
23. Tillag úr ríkissjóði	120,000, »	120,000, »
24. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	. . . . .	14,596, 11
Samtals	1,535,400, »	2,063,542, 65

II. Gjöld.	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800, »	27,800, »
2. Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	39,600, »	62,340, 43
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn o. fl.:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	53,566, 67	54,169, 13
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	176,100, »	174,079, 04
C. Ýmisleg útgjöld	31,960, »	36,019, 28
4. Til útgjalda við læknaskipunina	229,574, 36	224,193, 11
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	135,100, »	151,437, 95
B. Til vegabóta	191,100, »	206,598, 49
C. Til gufuskipaferða	135,400, »	126,160, »
D. Til ritsíma	35,000, »	» »
E. Til vita	20,492, »	20,456, 80
6. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	49,000, »	48,303, 65
B. Til kennslumála	226,696, »	221,170, 99
7. Til vísinda, bókmennta og verklegra fyrirtækja:		
A. Til vísinda, bókmennta og lista	58,650, »	58,310, »
B. Til verklegra fyrirtækja	151,310, »	135,357, 67
8. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200, »	21,452, 46
9. Eptirlaun og styrktarfje	99,000, »	48,080, 30
10. Til óvissra útgjalda	2,000, »	5,942, 65
11. Útborganir samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum	» »	175,366, 68
12. Tekjuafgangur fjárhagstímabilsins	» »	230,304, 02
Samtals	1,667,549, 03	2,063,542, 65

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1903	1,105,261, 54
Tekjueptirstöðvar landssjóðs s. d.	46,598, 02
Peningaforði landssjóðs s. d.	549,469, 81
Í landsbankanum á hlaupareikningi s. d.	120,000, »

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið gefin út, og fylgir því sundurliðað yfirlit, er lið fyrir lið þræðir fjárlögin, og er þar að auki í athugagreinum þeim, er á eptir fara, vísað til þeirra tekju- og gjalda-greina, er í yfirlitinu standa undir samslags tölulið.

Yfirlit

yfir

tekjur og gjöld Íslands á árunum 1902 og 1903.

I. Tekjur.	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje:		
a. á ábúð og afnotum jarða	34,000, »	91,002, 58
b. á lausafje	56,000, »	
2. Húsaskattur	13,000, »	17,388, 50
3. Tekjuskattur	29,000, »	35,147, 50
4. Aukatekjur	60,000, »	82,512, 43
5. Erfðafjárskattur	6,000, »	4,911, 03
6. Vitagjald	17,000, »	22,661, 70
7. Gjöld fyrir leyfisbrjef	5,000, »	8,575, 65
8. Útflutningsgjald af fiski, lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	110,000, »	177,074, 05
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000, »	252,178, 95
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000, »	207,665, 68
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	390,000, »	508,619, 87
12. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	60,000, »	48,300, »
13. Tekjur af póstferðum	70,000, »	247,687, 90
14. Óvissar tekjur	5,000, »	57,311, 64
15. Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu m. m.	46,000, »	49,649, 66
16. Tekjur af kirkjum	200, »	127, 79
17. Tekjur af silfurbergsnámum í Helgustaðafjalli	4,000, »	3,577, 02
18. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	80,000, »	80,153, 33
Borgað upp í lán: fjárveiting kr. 97676, 80 reikningur — 106536, 17		
19. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	15,000, »	17,974, 58
20. Innborganir frá brauðum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880	4,000, »	5,971, 92
21. Endurgjald skyndilána til embættismanna	1,200, »	2,927, 07
22. Endurgjald á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000, »	7,527, 69
23. Tillag úr ríkissjóði	120,000, »	120,000, »
24. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	» »	14,596, 11
Samtals	1535,400, »	2063,542, 65

II. Gjöld.	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800, »	27,800, »
2. Til kostnaðar við alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	39,600, »	62,340, 43
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál.		
3. A. 1. Laun	36,566, 67	36,566, 67
4. — 2. Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	8,400, »	9,002, 46
5. — 3. Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	8,600, »	8,600, »
B. Dómgæzla og lögreglumál.		
6. B. 1. Laun:		
a. dómara og sýslumanna	136,600, »	137,600, »
b. hreppstjóra	16,000, »	15,275, 17
7. — 2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	2,800, »	2,800, »

	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.		
8. — 3. Til hegningarhússins og fangelsanna:				
a. laun umsjónarmannsins	2400, »	2400, »		
þóknun handa dómkirkjupresti	200, »	200, »		
—— —— lækni	120, »	120, »		
b. viðurværi handa föngum	2450, »	2267, 36		
3 skamtar af miðd.mat handa fangav.	460, »			
þvottur	60, »	66, 61		
eldiviður og ljós	1040, »	1114, 79		
útgjöld við húsið sjálft og áhöld	800, »	1486, 51		
til að útvega verkefni	1000, »	470, 40		
ýmisleg útgjöld	300, »	178, 33		
	8830, »	8304, »		
Arður af verkum	1230, »	1557, 17		
	7600, »	6746, 83		
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	600, »	251, 46		
d. til byggingar fangahúss á Seyðisfirði	2000, »	2000, »	10,200, »	8,998, 29
9. — 4. Önnur útgjöld:				
a. þóknun handa 2 settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	3200, »	3200, »		
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn	100, »	100, »		
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofurnar	100, »	59, 80		
d. til viðhalds á þeim o. fl.	100, »	130, »		
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	6000, »	5081, 68		
f. kostnaður við gjafsóknarmál	600, »	409, 30		
g. til að gefa út dómasafn	300, »	300, »		
h. útgjöld við sáttamál	100, »	124, 80	10,500, »	9,405, 58
		Flyt	296,066, 67	318,388, 60

			Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.	Reikningur kr. a.	Relkningur kr. a.
		Flutt			296,066, 67	318,388, 60
		C. Ýmisleg útgjöld.				
10.	C. 1.	Til að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
		a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna . .	900, »	900, »		
		b. til pappírs og prentunar	5,160, »	7,259,64		
		c. til kostnaðar við sendingu með póstum	900, »	604,19		
		d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur	2,400, »	4,347,50	9,360, »	13,211, 33
11.	C. 2.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef.			5,000, »	8,524, 70
12.	— 3.	Brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar. .			2.000, »	1,793, 80
13.	— 4.	Til embættis-eptirlitsferða			2,000, »	488, 45
14.	— 5.	Þóknun fyrir aðstoð við endurskoðun á skipamælingum			600, »	600, »
15.	— 6.	Tillag til veðdeildar landsbankans.			10,000, »	10,000, »
16.	— 7.	Til millipinganefndar um fátækra- og sveitarstjórnarlöggjöf.			3.000, »	1,400, »
		Útgjöld við læknaskipunina:				
17.	1.	Laun			144,500, »	136,129, 30
		Styrkur til G. Hannessonar læknis til að launa aðstoðarlækni á Akureyri			1,600, »	1,133, 34
19.	3.	Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga			300, »	300, »
20.	4.	a. Styrkur til Björns augnalæknis Ólafssonar.			4,000, »	4,000, »
		b. Styrkur til sama manns til læknisferða kringum landið			600, »	374, 20
21.	5.	Styrkur til tannlæknis í Reykjavík			2,000, »	2,000, »
22.	6.	Útgjöld við holdsveikraveikraspitalann:				
		a. laun starfsmanna	10,130, »	10,483,58		
		persónuleg launaviðbót handa núverandi hjúkrunarkonu	800, »			
		b. viðurværi:				
		1. handa 60 sjúklingum	16,644. »	16,665,09		
		2. — 18 starfsmönn.	7,902,36	8,088, »	24,546.36	24,753,00
		c. klæðnaður sjúklinga	1,200, »	1,555,56		
		d. meðul og sáraumbúnaður	2,800, »	2,328,08		
		e. eldsneyti	6.000, »	4,781,29		
		f. ljósmeti	850, »	1,118,02		
		g. viðhald á húsum	4,400, »	4,736,59		
		Flyt	50,726.26	49,818, 22	481,026, 67	498,344, 59

		Fjárv. kr. a.	Reikn. kr. a.	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
	Flutt	50,726, 36	49,818, 22	481,026, 67	498,344, 59
	h. húsbúnaður	1,200, »	2,040, 31		
	i. þvottur og ræsting	1,600, »	1,530, 56		
	k. greptrunarkostnaður	1,000, »	647, »		
	l. flutningskostnaður	150, »	10, 25		
	m. til að skemta sjúklingum	400, »	294, 87		
	n. hesta- og hænsnafóður	450, »	290, 77		
	o. ýmisleg útgjöld	2.000. »	2,743, 97		
	p, til geymsluhússgjörðar	1,500, »	»	59,026, 36	57,376, 05
23. 7.	Útgjöld við bólusetningar			1,000, »	1,797, 42
24. 8.	Önnur útgjöld:	Fjár-veiting kr. a.	Reikn-ingur kr. a.		
	a. styrkur til sjúkrahúss í Reykjavík	2,400, »	2,400, »		
	b. —— — —— á Akureyri	800, »	800, »		
	viðbótarstyrkur fyrir árið 1902	800, »	800, »		
	c. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði	800, »	800, »		
	d. —— — —— á Seyðisfirði	800, »	800, »		
	e. —— — —— - Patreksfirði	400, »	400, »		
	f. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík	48, »	22, »		
	g. — náms yfirsetukvenna	4,000, »	5,007, 69		
	h. — verkfæra handa yfirsetukonum	800, »	1,160, 88		
	i. gjöld samkvæmt 13. gr. i sóttvarnarlög-unum 31. janúar 1896	2,000, »	5,183, 36	12,848, »	17,382, 93
	(Fjárlögin telja veitt 800 kr. ofmikið, viðbótarstyrkurinn til Akureyrarspítala 1902 er tvítalinn).				
25. 9.	Styrkur til utanfarar til læknaskólakennara Guðm. Magnússonar			1,200, »	1.200, »
26. 10.	Uppbót til Júliusar læknis Halldórssonar fyrir flutning til Blönduóss			2,500, »	2,500. »
	Útgjöld til samgöngumála.				
	A. Útgjöld við póststjórnina.				
27. A. 1.	Laun:	Fjár-veiting kr. a.	Reikn-ingur kr. a.		
	a. handa póstmeistaranum	6,000, »	6,000, »		
	b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	17,000, »	17,000, »		
	2. handa póstafgreiðslumönnum í Reykjavík	5,000, »	5,000, »		
	c. handa brjefhirðingarmönnum	12,000, »	12,198, »	40,000, »	40,198, »
28. A. 2.	Póstflutningur			82,000, »	88.488, 04
29. — 3.	Til póstvagnferða frá Reykjavík austur að Egissiðu			1,200, »	1,200, »
			Flyt	680,801, 03	708,487, 03

		Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
	Flutt	680,801, 03	708,487, 03
30. A. 4.	Önnur útgjöld:	Fjár-veiting kr. a.	Reikn-ingur kr. a.
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistara	4,000, »	4,000, »
	b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰. . .	400, »	822, 56
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistara	400, »	98, »
	d. fyrir prentun á ýmsu	2,000, »	9,568, 79
	e. til áhalda	3,000, »	3,199, 05
	f. til brjefburðar í Reykjavík	800, »	800, »
	g. — —— - öðrum kaupstöðum	200, »	165, »
	h. óviss útgjöld	400, »	2,259, 96
	i. til viðhalds húsi og áhöldum	200, »	200, »
		11,400, »	21,113. 26
31. — 5.	Til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum.	500, »	438, 55
	B. Til vegabóta.	Fjár-veiting kr. a.	Reikn-ingur kr. a.
32. B. 1.	Til verkfræðings landsins:		
	a. laun	6,000, »	6,000, »
	b. ferðakostnaður.	1,000, »	1,329, »
		7,000, »	7,329. »
33. — 2.	Til verkfróðra aðstoðarmanna við vandaminni samgöngubætur	3,000, »	766, 16
34. — 3.	Til flutningabrauta.	48,000, »	62,720, 63
35. — 4.	— þjóðvega	92,000, »	99,961, 94
36. — 5.	— fjallvega	10,000, »	8,979, 30
37. — 6.	Tillag til sýsluvega:		
	a. til vegagjörðar á Breiðdalsheiði	5,000, »	5,025, 43
	b. — —— frá Fossvöllum norður á Brekknaheiði	5,000, »	5,000, »
	c. — dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum	600, »	600, »
	d. viðbótarstyrkur til brúargjörðar á Hörgá.	2,500, »	2,500, »
	e. til brúargjörðar á Ósinn í Bolungarvík	2,000, »	1,975, 86
38. — 7.	Til að bæta innsiglingu á Stokkseyri	16,000, »	11,740, 17
	C. Til gufuskipaferða.		
39. C. 1.	Til gufuskipaferða milli Íslands og útlanda og umhverfis Ísland	100,000, »	100,000, »
40. — 2.	Til gufubátaferða:	Fjár-veiting kr. a.	Reikn-ingur kr. a.
	a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa	20,400, »	20,000, »
	b. á Ísafjarðardjúpi	7,000, »	6,160, »
	c. á Breiðafirði	8,000, »	» »
		35,400, »	26.160, »
	Flyt	1,019,201, 03	1,062,797, 43

					Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
				Flutt	1,019,201, 03	1,062,797, 43
	D. Til ritsíma milli Íslands og útlanda				35,000, »	» »
	E. Til vita.					
				Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.	
41.	E. a. Til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa			600, »	600, »	
	b. Til eptirlitsferða.			200, »	97, 12	
	c. Til vitans á Reykjanesi:	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.			
	1. laun vitavarðar .	2,400, »	2,400, »			
	viðbót fyrir sjálfan hann	400, »	166, 66			
	2. fyrir olíu	400, »	427, »			
	3. — lampakveiki o. fl.	300, »	293, 37			
	4. fyrir steinkol . .	320, »	296, »			
	5. flutningskostnaður	500, »	631, 98			
	6. til viðhalds húsi og áhöldum. . .	600, »	1,020, 21			
	7. eptirgjald eptir lóðina	60, »	60, »	4,980, »	5,295, 22	
	d. Til vita á Skagatá:					
	1. til vitavarðar . .	800, »	800, »			
	2. fyrir olíu	300, »	311. »			
	3. fyrir lampakveiki o. fl.	200, »	127, 60			
	4. til viðhalds húsi og áhöldum. . .	400, »	523, 34			
	5. fyrir steinkol . .	200. »	185, »			
	6. flutningskostnaður	150, »	184, 60			
	7. eptirgjald eptir lóðina	32. »	32, »	2,082, »	2,163, 54	
	e. Til vita á Gróttu:					
	1. til vitavarðar . .	800, »	800, »			
	2. fyrir olíu	250, »	253, 68			
	3. — lampakveiki o. fl.	200, »	113, 70			
	4. til viðhalds húsi og áhöldum. . .	320, »	87, 71			
	5. steinkol.	120, »	107, 60			
	6. flutningskostnaður	80, »	63, »	1,770, »	1,425, 69	
				Flyt 9,632, »	9,581, 57	1.054,201, 03	1,062,797, 43

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
	Flutt	9,632, »	9,581, 57	1,054,201, 03	1,062,797, 43
f.	Til árlegra útgjalda við vitann á Dalatanga	1.000, »	717, 09		
g.	Til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:				
	1. til vitavarðar	800, »	800, »		
	2. fyrir olíu	350, »	69, 35		
	3. — lampakveiki o. fl.	300, »	8, 90		
	4. til viðhalds á húsum og áhöldum	160, »	155, 50		
	5. flutningskostnaður	400, »	5, 25	1,710, »	1,039, »
h.	Styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga			150, »	150, »
i.	— — ljóskers á Skipaskaga			150, »	150, »
j.	Til vita á Arnarnesi í Skutulsfirði			4,200, »	4,586, 81
k.	— — - Elliðaey			1,650, »	1.140, 46
l.	— sjómerkja á Grímsey við Steingrímsfjörð og víðar			2,000, »	3,031, 87
				20,492, »	20,456, 80
	Til kirkju- og kennslumála.				
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar.				
42. A. a.	Laun biskupsins			14,000, »	14,000, »
b.	Önnur útgjöld:				
	1. Til prestakalla samkv. lögum 27. febr. 1880. 1. gr.			18,000, »	18,143, 95
	2. Til bráðabyrgðaruppbótar fátækum brauðum			5.600, »	5,026, »
	3. Til nokkurra brauða í fyrrverandi Hólastipti			1,200, »	1,333, 70
	4. Bráðabyrgðaruppbót á Kvíabekkjarprestakalli			400, »	400, »
	5. Bráðabyrgðaruppbót á Meðallandsþingum			400, »	
	6. Bráðabyrgðaruppbót til Reynistaðarprestakalls			600, »	600, »
	7. Viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum			6,000, »	6,000, »
	8. Bráðabyrgðaruppbót til sjera Þorsteins Benediktssonar, Bjarnanesi			200, »	200, »
	9. Endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað			2,000, »	2,000, »
	Flyt			48,400, »	47,703, 65	1,074,693, 03	1,083,254, 23

		Fjár-veiting. kr. a.	Reikn-ingur. kr. a.	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
	Flutt	48,400, »	47,703, 65	1,074,693, 03	1,083,254, 23
	10. Til Lundarbrekku kirkju til viðgerðar	600, »	600, »	49,000, »	48,303, 65
	B. Til kennslumála.				
	I. Til prestaskólans.				
43.	B. a. Laun	18,400, »	18.400, »		
	b. Önnur útgjöld:				
	1. húsaleigustyrkur	2,240, »	1,280, »		
	2. námsstyrkur	1,600, »	1,500, »		
	3. til tímakennslu	200, »	200, »		
	4. — bókakaupa	600, »	782, 70		
	5. — eldiviðar og ljósa	300, »	179, 80		
	6. — umsjónar	200, »	200, »		
	7. ýmisleg útgjöld	400, »	371, 24		
	8. til að gefa út kennslubækur . .	500, »	471, 87	24,440, »	23,385, 61
	II. Til læknaskólans.				
44.	a. Laun	6.400, »	6,400, »		
	b. Önnur útgjöld:				
	1. námsstyrkur	2,400, »	2,400, »		
	2. eldiviður, ljós og ræsting . . .	500, »	250, 25		
	3. til bókakaupa, verkfæra og kennsluáhalda	1,200, »	660, 13		
	4. ferðastyrkur handa læknaefnum	600, »	900, »		
	5. húsaleiga handa lærisveinum .	2,560, »	2,000, »		
	6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	400 »	400, »		
	7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis klínik	400, »	425, 54		
	8. ýmisleg útgjöld	400, »	672, 78	14,860, »	14,108, 70
	III. Til hins lærða skóla:				
45.	a. Laun			38,400, »	38,400, »
		Fjár-veiting. kr. a.	Reikn-ingur. kr. a.		
	b. Aðstoðarfje:				
	handa söngkennaranum	1,200, »	1,200, »		
	— fimleikakennaranum	1,400, »	1,400, »		
	— dyraverði	2,000, »	2,000, »		
	fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans	400, »	400, »	5,000, »	5,000, »
			Flyt	1,206,393, 03	1,212,452, 19

		Fjárveiting	Reikningur
		kr. a.	kr. a.
	Flutt	1,206,393, 03	1,212,452, 19
	Fjár-veiting. kr. a.	Reikn-ingur. kr. a.	
c. Önnur útgjöld.			
1. til bókasafns skólans	1,000, »	1,000, »	
2. — eldiviðar og ljósa	2,800, »	2,537, 20	
3. — skólahússins utan og innan .	5,200, »	5,191, 06	
4. — tímakennslu og prófdómenda	2,100, »	2,106, 75	
5. laun cand. mag. Bjarna Jónssonar	3,200, »	3,200, »	
6. námsstyrkur	8,000, »	8,000, »	
7. húsaleigustyrkur til 36 lærisveina	1,440, »	1,400, »	
8. þóknun handa lækni	200, »	200, »	
9. ýmisleg útgjöld	1,860, »	1,743, 96	
10. fyrir prestsverk	96, »	96, »	
11. til vísindalegra áhalda við kennslu			
a. í náttúrusögu	400, »	383, 22	
b. í eðlisfræði	800, »	906, 88	
12. til að gefa út kennslubækur . .	1,200, »	270, »	
13. — áhalda við fimleikakennsluna	400, »	399, 30	28,696, » 27,434, 37
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum.			
46. a. Laun			13,200, » 13,200, »
b. Önnur útgjöld:	Fjár-veiting. kr. a.	Reikn-ingur. kr. a.	
1. til bóka og áhaldakaupa við kennsluna	1,000, »	499, 55	
2. — eldiviðar og ljósa	1,000, »	138, 75	
3. — skólahússins utan og innan	1,400, »	»	
4. ýmisleg útgjöld	800, »	1,979, 83	
5. til styrkveitingar námspiltum	800, »	800, »	
6. húsaleigustyrkur handa skólastjóra . .	»	450, »	
7. húsaleiga fyrir skólann	»	225, »	5,000, » 4,093, 13
V. Til stýrimannaskólans.			
47. a. Laun			6,400, » 6,400, »
b. Önnur útgjöld	Fjár-veiting. kr. a.	Reikn-ingur. kr. a.	
1. til tímakennslu	2,400, »	2,220, 84	
2. — áhaldakaupa	400, »	140, »	
3. — eldiviðar og ljósa	1,000, »	1,970, 44	
4. ýmisleg útgjöld	800, »		4,600, » 4,331, 28
	Flyt		1,264.289, 03 1,267,910, 97

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
			Flutt	1,264,289, 03	1,267,910, 97
	VI. Til annarar kennslu.				
48.	a. Til kvennaskóla:				
	1. til kvennaskólans í Reykjavík	5,000, »	5,000, »		
	2. — sama til kennslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum	1,800, »	1,800. »		
	3. til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga	4,400, »	4,400, »		
	4. til kvennaskóla Eyfirðinga	4,400, »	4,400, »		
	5. styrkur til byggingar skólahúss á Blönduósi fyrir kvennaskóla Húnv. og Skagf.	4,000, »	4,000, »	19,600, »	19,600, »
	b. 1. Til barnaskóla utan kaupstaða			14.000. »	14,000. »
	2. — sveitakennara			14,000, »	14,000, »
	3. — Guðm. Finnbogasonar til að kynna sjer uppeldis- og menntamál erlendis			4,000, »	4,000, »
	c. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			5,000, »	5,000. »
	d. — kennarafræðslu			6,400, »	6,400, »
	e. Námsstyrkur handa kennaraefnum			1.200. »	1,500, »
	f. Til skólaiðnaðarkennslu			1,000, »	1,000, »
	g. — stúdentafjelagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum			600, »	600, »
	h. Til kennara í organslætti og sönglist og organleikara við dómkirkjuna			2,000, »	2,000, »
	i. Til Magnúsar Einarssonar til að kenna söng og organslátt á Akureyri			600, »	600, »
	j. Styrkur til að semja og gefa út kennslubækur			600, »	120, »
	k. Til kennslu heyrnar- og málleysingja			10,000, »	10,089, 15
	l. — sjera Ólafs Helgasonar til aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja			300, »	274, 75
	m. Styrkur til unglingaskóla í Dalasýslu			2,000, »	2,000, »
	VII. Til sundkennslu.				
49.	a. í Reykjavík			600, »	600, »
	b. til sundkennslu annars staðar			2,000, »	834, »
50.	VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að kenna teikningu og trjeskurð í Reykjavík			2.200, »	2,200, »
			Flyt	1,350,389, 03	1,352,728, 87

		Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
	Flutt	1,350,389, 03	1,352.728, 87
	Til vísinda, bókmennta og verklegra fyrirtækja.		
	A. Til vísinda, bókmennta og lista.		
51. A. 1.	Til landsbókasafnsins:	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
	a. laun bókavarðar	3,000, »	3,000, »
	b. til aðstoðarmanns við safnið	1,800, »	1,800, »
	c. fyrir bækur, handrit, bókband o. fl.	9,000, »	9,000, »
	d. til eldiviðar og áhalda m. m.	900, »	900, »
	e. brunabótagjald fyrir safnið	600, »	660, »
		15,300, »	15,360, »
— 2.	a. til amtsbókasafns norðuramtsins	1,000, »	1,000, »
	b. — ——— austuramtsins	800, »	800, »
	c. — ——— vesturamtsins	800, »	800, »
		2,600, »	2,600, »
— 3.	Til landsskjalasafnsins:		
	a. laun bókavarðar	2,400, »	2,400, »
	b. til bókaskápakaupa	1,000, »	1,000, »
	c. — að binda inn og búa um skjöl o. fl.	1,750, »	1,750, »
	d. — — afrita merk skjöl og bækur í safninu	700, »	700, »
	e. til að gefa út skrá yfir safnið	500, »	500, »
		6,350, »	6,350, »
— 4.	Til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík	4,000, »	4,000, »
— 5.	— Þjóðvinafjelagsins	1,500, »	1,500, »
— 6.	— Forngripasafnsins:	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
	a. til að útvega forngripi og til áhalda	2,000, »	2,000, »
	b. — umsjónar	1,200, »	1,200, »
	c. — húsnæðis og hita	4,000, »	4,000, »
		7,200, »	7,200, »
— 7.	Til Fornleifafjelagsins	800, »	800, »
— 8.	— Náttúrufræðisfjelagsins	1,600, »	1,600. »
— 9.	Styrkur til kennara Benedikts Gröndal til myndasafns og þjóðmenningarsögu Norðurlanda	1,600, »	1,600, »
— 10.	Til að vinna að textaútgáfu af fornbrjefasafninu	1,600, »	1,600, »
— 11.	— Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna	600, »	600, »
— 12.	— Þorsteins Erlingssonar	1,000, »	1,000, »
— 13.	— Páls Ólafssonar	1,000, »	1,000, »
— 14.	— sjera Valdimars Briem	1,600, »	1,600, »
— 15.	— stórstúku Goodtemplara til eflingar bindindi	1,600, »	1,600, »
— 16.	— rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa	600, »	600, »
— 17.	— skólakennara Geirs Zoëga til að semja íslenzk-enska orðabók	500, »	500, »
— 18.	Styrkur til Bibliufjelagsins til þýðingar og útgáfu gamla testamentisins	2,000, »	2,000, »
	Flyt	1,401,839, 03	1,404,238, 87

	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
Flutt	1,401,839, 03	1,404,238, 87
A. 19. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands	2,400, »	2,400, »
— 20. Styrkur til amtmanns Páls Briem til að gefa út Lögfræðing	400, »	» »
— 21. Til Leikfjelags Reykjavíkur	600, »	600, »
— 22. — Einars Jónssonar myndhöggvara	3,000, »	3,000, »
— 23. — Halldórs Lárussonar til að kenna hraðritun	800, »	800, »
B. Til verklegra fyrirtækja.		
52. B. 1. Styrkur til eflingar búnaði:		
a. Til búnaðarskóla:	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1. Til skólans í Ólafsdal	5,000, »	5,000, »
2. — —— á Hólum	5,000, »	5,000, »
3. — —— - Eyðum	5,000, »	5,000, »
4. — —— - Hvanneyri	5,000, »	5,000, »
5. Styrkur til vesturamtsins, ef það kaupir skólann í Ólafsdal	10,000, »	» »
	30,000, »	20,000, »
b. Til búnaðarfjelaga	40,000, »	40,000, »
c. — Búnaðarfjelags Íslands	24,000, »	24,000, »
d. — sama til kennslu í mjólkurmeðferð	10,000, »	10,000, »
e. — —— — gróðrartilrauna	4,000, »	4,000, »
f. — —— — að styrkja slátrunarhús og kjötsölu erlendis	2,000, »	1,200, »
g. — skógræktartilrauna	11,000, »	11,000, »
h. — verðlauna fyrir útflutt smjör	1,000, »	5,331, 19
i. — Sauðárkróksbúa til varnar gegn vatnságangi	250, »	250, »
k. — þess að varna skemdum á Örfirisey	2,250, »	2,223, 58
— 2. a. Laun handa tveimur dýralæknum	4,800, »	2,400, »
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík	800, »	800, »
— 3. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í vesturamtinu	600, »	600, »
— 4. Til að fá aðstoð fróðs manns við ráðstafanir gegn fjárkláða í norður- og austurömtunum	6,000, »	3,542, 90
— 5. Til jafnaðarsjóðs austuramtsins, endurgjald á tolli af 600 pd. af tóbaki til fjárkláðalækninga	210, »	210, »
— 6. Styrkur til tveggja manna til að nema dýralækningar	2,400, »	1,800, »
— 7. —— — Stefáns Stefánssonar til að rannsaka fóður- og beitijurtir	1,000, »	1,000, »
— 8. Til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	800, »	800, »
— 9. Til cand. mag. Helga Pjeturssonar til jarðfræðisrannsókna	1,000, »	1,000, »
Flyt	1,551,149, 03	1,541,196, 54

	Fjárveiting	Reikningur
	kr. a.	kr. a.
Flutt	1,551,149, 03	1,541,196, 54
B. 10. Til stud. polyt. Ásgeirs Torfasonar til fjöllistanáms . .	1,200, »	1,200, »
— 11. — iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til eflingar iðnaði	2,800, »	2,800, »
— 12. — cand. phil. Rögnv. Ólafssonar til að nema húsgerðarlist	1,200, »	1,200, »
— 12. Til lífsábyrgðarfjelags sjómanna við Faxaflóa	4,000, »	» »
53. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200, »	21,452, 46
54. Til eptirlauna, styrktarfjár o. fl.	99,000, »	84,080, 30
55. Til óvissra útgjalda	3,000, »	5,942, 65
56. Útborgað samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum	» »	175,366. 68
57. Tekjuafgangur fjárhagstímabilsins	» »	230,304, 02
Samtals	1,667,549, 03	2,063,542, 65

Athugasemdir

við

yfirlit yfir tekjur og gjöld Íslands á árunum 1902 og 1903.

I. Tekjur.

Við 1. *Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje*, sbr. fjárlögin 2. gr. 1.

a. á ábúð og afnotum jarða.

b. á lausafje.

Þessar tekjur hafa numið eptir reikningnum 1902:

a.	kr. 17,585, 54		
b.	— 26,031, 69	kr. 43,617, 23	
og eptir reikningnum 1903:			
a.	kr. 17,977, 61		
b.	— 27,157, 74	— 45,135, 35	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum		— 2,550, »	kr. 91,302, 58
Af þessu er borgað:			
1902	kr. 43,467, 23		
1903	— 47,535, 35	— 91,002, 58	
Tekjueptirstöðvar			kr. 300, »

Við 2. *Húsaskattur*, sbr. fjárlögin 2. gr. 2.

Tekjur þessar hafa numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 7,980, »		
— ——— 1903	— 9,258, 50		
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum		— 150, »	kr. 17,388, 50
Af þessu er borgað:			
1902	kr. 8,130, »		
1903	— 9,258, »	— 17,388, 50	

Við 3. *Tekjuskattur*, sbr. fjárlögin 2. gr. 3, hefur numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 16,941, 25		
— ——— 1903	— 17,456, 65		
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum		— 750, »	kr. 35,148, »
Af þessu er borgað:			
1902	kr. 16,991, 25		
1903	— 18,156, 25	— 35,147, 50	
Tekjueptirstöðvar			kr. 0, 50

Við 4. *Aukatekjur*, sbr. fjárlögin 2. gr. 4, hafa numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 40,313, 84	
— —— 1903	— 41,243, 41	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árnm	— 1,135, 10	kr. 82,692, 44
Af þessu er borgað:		
1002	kr. 39,400, 03	
1903	— 43,112, 40	— 82,512, 43
Tekjueptirstöðvar		kr. 180, 01

Við 5. *Erfðafjárskattur*, sbr. fjárlögin 2. gr. 5, hefur numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 2,847, 46	
— —— 1003	— 2,063, 15	
Eptirstöðvar frá fyrri árum	— 0, 42	kr. 4,911, 03
Af þessu er borgað:		
1902	kr. 2,847, 46	
1903	— 2,063, 57	— 4,911, 03

Við 6. *Vitagjald*, sbr. fjárlögin 2. gr. 6, hefur numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 11,658, 70	
— —— 1003	— 11,001, »	kr. 22,661, 70
Af þessu er borgað:		
1902	kr. 11,659, 70	
1903	— 11,002, »	— 22,661, 70

Við 7. *Gjöld fyrir leyfisbrjef*, sbr. fjárlögin 2. gr. 7, hafa numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 4,036, 84	
— —— 1903	— 4,538, 81	kr. 8,575, 65
Af þessu er borgað:		
1902	kr. 4,046, 84	
1903	— 4,538, 81	— 8,575, 65

Við 8. *Útflutningsgjald af fiski, lýsi m. m.*, að frádregnum 2% í innheimtulaun, sbr. fjárlögin 2. gr. 8, hefur numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 79,871, 64	
— —— 1903	— 83,558, 76	
Eptirstöðvar frá fyrri árum	— 14,254, 82	kr. 177,685, 22
Af þessu er borgað:		
1902	kr. 88,240, 12	
1903	— 88,833, 93	— 177,074, 05
Tekjueptirstöðvar		kr. 611, 17

Við 9. *Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum*, að frádregnum 2% í innheimtulaun, sbr. fjárlögin 2. gr. 9, hefur numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 110,818, 77	
— —— 1902	— 142,436, 74	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	— 9,514, 44	kr. 272,769, 95
Af þessu er borgað:		
1902	kr. 111,798, 18	
1903	— 140,380, 77	— 252,178, 95
Tekjueptirstöðvar		kr. 10,591, »

Við 10. *Aðflutningsgjald af tóbaki*, að frádregnum 2% í innheimtulaun, sbr. fjárlögin 2. gr. 10, hefur numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 106,585, 78	
— —— 1903	— 107,790, 99	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	— 4,478, 58	
	kr. 218,855, 05	
Þar frá dregst oftalinn tóbakstollur úr Strandasýslu 1902, sjá ath. á 10. fskj. við LR. 1903	— 170, »	kr. 218,685, 05
Af þessu er borgað:		
1902	kr. 105,842, 44	
1903	— 101,823, 24	— 207,665, 68
Tekjueptirstöðvar		kr. 11,019, 37

Við 11. *Aðflutningsgjald af kaffi og sykri*, að frádregnum 2% í innheimtulaan, sbr. fjárlögin 2. gr. 11, hefur numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 255,481, 81	
— —— 1903	— 252,538, 09	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	— 16,674, 66	
	kr. 524,694, 56	
Þar frá dregst oftalinn kaffi og sykurtollur:		
a. úr Ísafjarðarsýslu	kr. 43, 61	
b. — Strandasýslu	— 500, 25	
c. — Þingeyjarsýslu	— 10, » kr. 553, 86	kr. 524,140, 70
Sjá ath. við 11. fskj. við LR. 1903.		
Af þessu er borgað:		
1902	kr. 257,464, 44	
1903	— 251,155, 43	— 508,619, 87
Tekjueptirstöðvar		kr. 15,520, 83

Við 12. *Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja*, sbr. fjárlögin 2. gr. 12, hafa numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 25,600 »	
— —— 1903	— 22,900. »	kr. 48,500, »
Flyt		kr. 48,500, »

Flutt kr. 48,500, »

Af þessu er borgað:

1902 . . . . . kr. 25,400, »
1003 . . . . . — 22,900, » — 48,300, »
Tekjueptirstöðvar kr. 200, »

Við 13. *Tekjur af póstferðum*, sbr. fjárlögin 2. gr. 13, hafa numið:
eptir reikningnum 1902 . . . . . kr. 142,249, 07
— —— 1903 . . . . . — 105,438, 83 kr. 247,687, 90

Við 14. *Óvissar tekjur*, sbr. fjárlögin 2. gr. 14, hafa numið:
eptir reikningnum 1902 . . . . . kr. 44,646, 48
— —— 1903 . . . . . — 12,665, 16 kr. 57.311, 64

Við 15. *Tekjur fasteignum landssjóðs*, að frádregnum umboðskostnaði, prestmötu m. m., sbr. fjárlögin 3. gr. 1, hafa numið:
eptir reikningnum 1902 . . . . . kr. 35,881, 59
gjöldin voru það ár . . . . . — 11,892, 13 kr. 23,989, 46
eptir reikningnum 1903 . . . . . kr. 36,592, 17
gjöldin voru það ár . . . . . — 12,957, 59 — 23,634, 58
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum . . . . . — 5,294, 27 kr. 52,918, 31

Af þessu er borgað:
1902 . . . . . kr. 25,136, 62
1903 . . . . . — 24.513, 04 — 49,649, 66
kr. 3,268, 65

Þegar hjer frá dregst samkvæmt fskj. 15 nr. 1 við reikninginn 1902 . . . . . kr. 32, 80
og samkvæmt nr. 2 á sama fylgiskjali . . . . . — 168, 19 — 200, 99
verða tekjueptirstöðvar . . . kr. 3,067, 66

Við 16. *Tekjur af kirkjum*, sbr. fjárlögin 3. gr. 2. hafa numið:
eptir reikningnum 1902 . . . . . kr. 63, 47
— —— 1903 . . . . . — 64, 32 kr. 127, 79

Við 17. *Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli*, sbr. fjárlögin 3. gr. 3, hafa numið:
eptir reikningnum 1902 . . . . . kr. 1,570, 73
— — 1903 . . . . . — 2,006, 29 kr. 3,577, 02

Við 18. *Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs*, sbr. fjárlögin 4. gr. 1, hafa numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 40,214, 83	
— —— 1903	— 38,840, 68	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	— 945, 69	kr. 81,001, 20
Af þessu er borgað 1902	kr. 40,714, 84	
og 1903	— 39,438, 49	— 80,153, 33
	Tekjueptirstöðvar . . .	kr. 847, 87
Upp í lán borgað:		
1902	kr. 57,121, 57	
og 1903	— 49,414, 60	— 106,536, 17

Við 19. *Leigur af láni landssjóðs til landsbankans*, sbr. fjárlögin 4. gr. 2, hafa numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 9,245, 36	
— —— 1903	— 82,729, 22	kr. 17,974, 58

Við 20. *Innborganir frá brauðum*, sbr. fjárlögin 5. gr. 1, hafa numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 3,579, 95	
— —— 1903	— 4,232, 25	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	— 2,048, 09	kr. 9,860, 29
Af þessu er borgað:		
1902	kr. 3,676, 17	
1903	— 2,295, 75	— 5,971. 92
	Tekjueptirstöðvar . . .	kr. 3,888, 37

Við 21. *Endurgjald skyndilána til embættismanna*, sbr. fjárlögin 5. gr. 2, hefur numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 1,311, 47	
— —— 1903	— 1,615, 60	kr. 2,927, 07

Við 22. *Endurborgun á öðrum fyrirframgreiðslum*, sbr. fjárlögin 5. gr. 3, hefur numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 754, 53	
— —— 1903	— 6,773, 16	kr. 7,527, 69

Við 23. *Tillag úr ríkissjóði*, sbr. fjárlögin 6. gr., hefur numið:

1902	kr. 60,000, »	
1903	— 60,000, »	kr. 120,000, »

Við 24. *Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri,* að frádregnum 2% í innheimtulaun, sbr. fjárlögin 19. gr. og tolllög 8. nóvember 1901, hefur numið:

eptir reikningnum 1902	kr. 7,046, 51	
— ——— 1903	— 7,920, 84	kr. 14,967, 35
Af þessu er borgað:		
1902	kr. 6,914, 50	
1903	— 7,681, 61	kr. 14,596, 11
Tekjueptirstöðvar		kr. 371, 24

II. Gjöld.

Við 1. *Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi,* sbr. fjárl. 8. gr.

voru borgaðar 1902	kr. 13,400, »	
og 1903	— 14,400, »	kr. 27, 800, »

Við 2. *Til alþingis og yfirskoðunar landsreikninganna,* sbr. fjárl. 9. gr.

voru borgaðar 1902	kr. 23,792, 73	
og 1903	— 38,547, 70	kr. 62,340, 43

Við 3—5. *Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál,* sbr. fjárl. 10. gr. A. 1—3.

			1902	1903	Alls
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
3. A. 1.	Laun		18,266, 67	18,300, »	36,566, 67
4. — 2.	Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.		4,353, 85	4,648, 61	9,002, 46
5. — 3.	a. Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	kr. a. 2,500, »			
	b. Viðbót fyrir hinn núver. endurskoðara	500, »			
	c. Skrifstofukostnaður	300, »			
	d. Handa föstum aðstoðarmanni, er landshöfðingi	1,000, »	4,300, »	4,300, »	8,600, »
					Alls 54,169, 13

Við 6—9. *Dómgæzla og lögreglustjórn,* sbr. fjárl. 10. gr. B. 1—4.

		1902	1903	Alls
6. B. 1.	Laun:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
	a. Til dómara og sýslumanna	68,800, »	68,800, »	137,600, »
	b. — hreppstjóra	7,620, 50	7,654, 67	15,275, 17
7. — 2.	Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400, »	1,400, »	2,800, »
				Flyt 155,675, 17

		1902		1903		Alls	
		kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.
	Flutt	»	»	»	»	155,675, 17	

8. B. 3. Til hegningarhússins og fangelsanna:

	1902		1903				
	kr.	a.	kr.	a.			
a. Laun umsjónarmannsins. .	1,000,	»	1,000,	»			
Viðbót við laun hans . . .	200,	»	200,	»			
Þóknun handa dómkirkju-prestinum	100,	»	100,	»			
Þóknun handa lækni . . .	60,	»	60,	»			
b. Viðurværi handa föngum, 42 aurar á dag . . . . . 3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði	1,029,	23	1,238,	13			
Þvottur	19,	58	47,	03			
Til eldiviðar og ljósa . . .	576,	68	538,	11			
Útgjöld við húsið sjálft og áhöld	354,	34	1,132,	17			
Til þess að útvega verkefni	57,	10	413,	30			
Ýmisleg útgjöld	86,	90	91,	43			
	3,483,	83	4.820,	17			
Arður af verkum	823,	92	733,	24			
	2,659,	90	4,086,	93			
c. Kostnaður við viðhald fangelsanna	155,	92	95,	54			
d. Til byggingar fangahúss á Seyðisfirði	1,000,	»	1,000,	»	3,815,	82	5,182, 47	8,998, 29

9. — 4. Önnur útgjöld:

a. Þóknun handa 2 settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	1,600,	»	1,600,	»			
b. Laun sendiboðans við yfirrjettinn	50,	»	50,	»			
c. Til eldiviðar í yfirrjettarstofunum	45,	30	14,	50			
d. Til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl..	50,	»	80,	»			
e. Kostnaður við sakamál og lögreglumál	2,242,	19	2,839,	49			
f. Kostnaður við gjafsóknarmál	20,	»	389,	30			
g. Til að gefa út dómasafn. .	»	»	300,	»			
h. Útgjöld við sáttamál	19,	50	105,	20	4,026,	99	5,378, 59	9,405, 58
							Alls 174,079, 04

Við 10—16. *Ýmisleg útgjöld*, sbr. fjárl. 10. gr. C. 1—13.

		1902 kr. a.	1903 kr. a.	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
10. C. 1.	Til að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
	a. Þóknun fyrir útg. tíðindanna	405, »	450, »			
	b. Til pappírs og prentunar	2,863, 23	4,396, 41			
	c. — kostnaðar við sending með póstum	187, 41	506, 78			
	d. Þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur	1,962, 50	2,395, »	5,463, 14	7,748, 19	13,211, 33
11. — 2.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			3,691, 93	4,833, 77	8,525, 70
12. — 3.	Brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar			818, 78	975, 02	1,793, 80
13. — 4.	Til embættiseptirlitsferða			414, 50	73, 95	488, 45
14. — 5.	Þóknun fyrir aðstoð við endurskoðun á skipamælingum			300, »	300, »	600, »
15. — 6.	Tillag til veðdeildar landsbankans			5,000, »	5,000, »	10,000, »
16. — 7.	Til millipinganefndar um fátækra- og sveitarstjórnarlöggjöf			1,200, »	200, »	1,400, »
						Alls 36,019, 28

Við 17—26. *Útgjöld við læknaskipunina*, sbr. fjárl. 11. gr. 1—10.

		1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
17. 1.	Laun	67,029, 17	69,100, »	136,129, 17
18. 2.	Styrkur til G. Hannessonar læknis til að launa aðstoðarlækni á Akureyri	333, 34	800, »	1,133, 34
19. 3.	Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga	150, »	150, »	300, »
24. 4.	a. Styrkur til Björns Ólafssonar augnalæknis í Reykjavík	2,000, »	2,000, »	4,000, »
	b. Styrkur til sama manns til læknisferða kringum landið	165, 20	209, »	374, 20
21. 5.	Styrkur til tannlæknis í Reykjavík	1,000, 00	1,000, »	2,000, »
22. 6.	Útgjöld við Holdsveikraspítalann:			

	1902 kr. a.	1903 kr. a.
a. Laun starfsmanna	4,942, »	5,141, 58
Persónuleg launaviðbót handa núverandi yfirhjúkrunarkonu	400, »	» »
b. Viðurværi: 1. handa 60 sjúklingum 2. handa 18 starfsmönnum	11,803, 07	12,950, 02
c. Klæðnaður sjúklinga	733, 10	822, 46
d. Meðul og sáraumbúnaður	1,106, 07	1,222, 01
Flyt	18,984, 23	20,136, 07

143,936, 71

		1902 kr. a.	1903 kr. a.	1902 kr. a.	1902 kr. a.	Alls kr. a.
	Flutt	18,984, 24	20,136, 07			143,936, 71
	e. Eldsneyti	2,330, 19	2,451, 10			
	f. Ljósmeti	495. 21	684, 82			
	g. Viðhald á húsum	4,383, 40	353, 19			
	h. Húsbúnaður og áhöld	961, 69	1,078, 62			
	i. Þvottur og ræsting	695, 18	835, 48			
	k. Greptrunarkostnaður	303, 68	343, 32			
	l. Flutningskostnaður	6, 50	3, 75			
	m. Til að skemmta sjúklingum	132, »	162, 87			
	n. Hesta- og hænsnafóður	191, 89	98, 88			
	o. Ýmisleg útgjöld	1,366, 44	1,377, 53			
	p. Til geymsluhússgjörðar	» »	» »	29,850, 42	27,525, 63	57,376, 05
23. 7.	Útgjöld við bólusetningar			242, 50	1,554, 92	1,797, 42
24. 8.	Önnur útgjöld:					
		1902 kr. a.	1903 kr. a.			
	a. Styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200, »	1,200, »			
	b. Styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400, »	400, »			
	Viðbótarstyrkur fyrir árið 1902	800, »	» »			
	c. Styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði	400, »	400, »			
	d. Styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði	400, »	400, »			
	e. Styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði	» »	400, »			
	f. Til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa	22, »	» »			
	g. Til náms yfirsetukvenna	1,342, 50	3,665, 19			
	h. Til verkfæra handa yfirsetukonum	446, 60	723, 28			
	i. Gjöld samkvæmt 13. gr. í sóttvarnarlögum 31. janúar 1896	4,239, 16	944, 20	9,250, 26	8,132, 67	17,382, 93
25. 9.	Styrkur til utanfarar til læknaskólakennara Guðmundar Magnússonar			1,200, »	» »	1,200, »
26. 10.	Uppbót til læknis Júlíusar Halldórssonar fyrir flutning til Blönduóss			2,500, »	» »	2,500, »
					Alls	224,193, 11

Við 27.—41. *Útgjöld til samgöngumála*, sbr. 12. gr. fjárlaganna.

27.—31. Útgjöld við póststjórnina:

		1902 kr. a.	1903 kr. a.	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
27. A. 1.	Laun:					
	a. handa póstmeistaranum	3,000, »	3,000, »			
	b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	8,500, »	8,500, »			
	2. handa 2 póstafgreiðslumönnum í Reykjavík	2,500, »	2,500, »			
	c. handa brjefhirðingamönnum	6,070. »	6,128, »	20,070, »	20,128, »	40,198, »
28. — 2.	Póstflutningur			45,620, 02	42,868, 02	88,488, 04
29. — 3.	Til póstvagnaferða frá Reykjavík austur að Ægissíðu			600, »	600, »	1,200, »
		1902 kr. a.	1902 kr. a.			
30. — 4.	Önnur útgjöld:					
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	2,000, »	2,000, »			
	b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰	408, 26	414, 30			
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans	» »	98, »			
	d. fyrir prentun á ýmsu .	8,739, 22	829, 57			
	e. til áhalda	1,489, 27	1,709, 78			
	f. — brjefburðar í Reykjav.	400, »	400, »			
	g. — brjefburðar í öðrum kaupstöðum	65, »	100, »			
	h. óviss útgjöld	1,067, 50	1,192, 46			
	i. til viðhalds húsi og áhöldum	100, »	100, »	14,269, 25	6,844, 11	21.113, 36
31. — 5.	Til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum			438, 55	» »	438, 55
					Alls	151,437, 95

Af þessum gjöldum er í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903 farið fram á að veitt verði sem viðbót: 1. póstflutningur 1902 og 1903 kr. 6,488, 04, 2. fyrir prentun 1902 kr. 7,739, 22, 3. óviss útgjöld 1902 og 1903 kr. 867. 50 + kr. 992, 46 = 1,859, 96.

			1902 kr. a.	1903 kr. a.	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
32.—38.	B.	Til vegabóta:					
32.	B. 1.	Til verkfræðings landsins:					
		a. laun	3,000, »	3,000, »			
		b. ferðakostnaður og fæðispeningar	819, 53	509, 47	3,819, 53	3,509, 47	7,329, »
33.	2.	Til verkfróðra aðstoðarmanna við vandaminni samgöngubætur			297, 16	469, »	766, 16
34.	3.	Til flutningabrauta			31,721. 24	30,999, 39	62,720, 63
35.	4.	— þjóðvega			58,433, 10	41,528, 84	99,961, 94
36.	5.	— fjallvega			6,226, 30	2,753, »	8,979. 30
37.	6.	Tillag til sýsluvega:					
		a. til vegagjörðar á Breiðadalsheiði			2,475, »	2,550, 43	5,024, 43
		b. — —— frá Fossvöllum norður á Brekknaheiði			2,500, »	2,500, »	5,000, »
		c. til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum			300, »	300, »	600, »
		d. viðbótarstyrkur til brúargjörðar á Hörgá .			2,500, »	» »	2,500, »
		e. til brúargjörðar yfir Ósinn í Bolungarvík .			1,700, »	275, 86	1,975, 86
38.	7.	Til að bæta innsiglingu á Stokkseyri			4,800, »	6,940, 17	11,740, 17
						Alls	206,598, 49

Af þessum gjöldum er í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903 farið fram á, að veitt verði sem viðbót: 1. ferðakostnaður verkfræðingsins kr. 329, 00. 2. til flutningabrauta kr. 8720, 63.

			1902 kr. a.	1903 kr. a.	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
39.—40.	C.	Til gufuskipaferða:					
39.	C. 1.	Til gufuskipaferða milli Íslands og útlanda	» »	» »	50,000, »	50,000, »	100,000, »
40.	—. 2.	Til gufubátaferða:					
		a. í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa	10,000, »	10,000, »			
		b. á Ísafjarðardjúpi	2,660, »	3,500, »			
		c. á Breiðafirði	» »	» »	12,660, »	13,500, »	26,160, »
						Alls	126,160, »

		1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
	D. Til ritsíma milli Íslands og útlanda	» »	» »	» »
	E. Til vita:			
41.	E. a. Til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa	300, »	300, »	600, »
	b. — eptirlitsferða	48, »	49, 12	97, 12
			Flyt	697, 12

	1902 kr. a.	1903 kr. a.	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
Flutt	» »	» »	» »	» »	697, 12
c. Til vitans á Reykjanesi:					
1. laun vitavarðar	1,200, »	1,200, »			
viðbót fyrir sjálfan hann	166, 66	» »			
2. fyrir olíu	200, »	227, »			
3. — lampakveiki o. fl. . .	150, »	143, 37			
4. — steinkol	160, »	136, »			
5. flutningskostnaður . .	250, »	381, 98			
6. til viðhalds húsi og áhöldum	546, 61	473, 60			
7. eptirgjald eptir lóðina .	30, »	30, »	2,703, 27	2,591, 95	5,295, 22
d. Til vita á Skagatá:					
1. til vitavarðar	400, »	400, »			
2. fyrir olíu	150, »	161, »			
3. — lampakveiki	100, »	27, 60			
4. til viðhalds húsi og áhöldum	200, »	323, 34			
5. fyrir steinkol	100, »	85, »			
6. flutningskostnaður . . .	75, »	109, 60			
7. eptirgjald eptir lóðina .	16, »	16, »	1,041, »	1,122, 54	2,163, 54
e. Til vita á Gróttu:					
1. til vitavarðar	400, »	400, »			
2. fyrir olíu	125, »	128, 68			
3. — lampakveiki	100, »	13, 70			
4. til viðhalds húsi og áhöldum	43, 19	44, 52			
5. fyrir steinkol	60, »	47, 60			
6. flutningskostnaður . . .	40, »	23, »	768, 19	657, 50	1,425, 69
f. Til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga . . .			405, 24	371, 85	777, 09
g. Til tveggja vita við leiðina inn Hafnarfjörð:					
	1002 kr. a.	1903 kr. a.			
1. til vitavarðar	400, »	400, »			
2. fyrir olíu	» »	69, 35			
3. — lampakveiki o. fl. .	» »	8, 90			
4. til viðhalds á húsum og áhöldum	27, 15	128, 35			
5. flutningskostnaður . . .	» »	5, 25	427, 15	611, 85	1,039, »
h. Styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga			75, »	75, »	150, »
i. —— — ljóskers á Skipaskaga			75, »	75, »	150, »
j. Til vita á Arnarnesi í Skutulsfirði			4,155, 55	431, 26	4,586, 81
k. — — - Elliðaey			951, 88	188, 58	1,140, 46
l. — sjómerkja á Grímsey við Steingrímsfj. og víðar.			878, 91	2,152, 96	3,031, 87
				Alls	20,456, 80

	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
Við 42. *Til kirkju- og kennslumála,* sbr. 13. gr. fjárlaganna.			
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
42. a. Laun biskupsins	7,000, »	7,000, »	14,000, »
b. Önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1870 1. gr.	8,875, 56	9,268, 39	18,143, 95
2. — bráðabyrgðaruppbótar fátækum brauðum . .	2,226, »	2,800, »	5,026, »
3. — nokkurra brauða í hinu fyrverandi Hólastipti	632, 25	701, 45	1,333, 70
4. bráðabyrgðaruppbót á Kviabekkjarprestakalli . .	200, »	200, »	400, »
5. —— á Meðallandsþingum . . .	» »	» »	» »
6. —— til Reynistaðarprestakalls .	300, »	300, »	600, »
7. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000, »	3,000, »	6,000, »
8. Bráðabyrgðaruppbót til sjera Þorsteins Benediktssonar í Bjarnanesi	100, »	100, »	200, »
9. Endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000, »	1,000, »	2,000, »
10. til Lundarbrekkukirkju til viðgjörðar	600, »	» »	600, »
		Alls	48,303, 65

Við 43. B. Til kennslumála.	1902	1903		1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
I. Til prestaskólans.						
43. a. Laun				9,200, »	9,200 »	18,400 »
b. Önnur útgjöld	1902 kr. a.	1903 kr. a.				
1. húsaleigustyrkur	680, »	600, »				
2. námsstyrkur	800, »	700, »				
3. til timakennslu	100, »	100, »				
4. — bókakaupa	482, 70	300, »				
5. — eldiviðar og ljósa	95, 25	84, 55				
6. — umsjónar	100, »	100, »				
7. ýmisleg útgjöld	189, 75	181, 49				
8. til að gefa út kennslubækur . . .	250, »	221, 87		2,697, 70	2,287, 91	4,985, 61
						Alls 23,385, 61

Af þessum gjöldum er í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903 farið fram á að veitt verði sem viðbót: Til bókakaupa 1902 kr. 182, 70.

	1902	1903		1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
II. Til læknaskólans.						
44. a. Laun				3,200 »	3,200, »	6,400, »
b. Önnur útgjöld:	1902 kr. a.	1903 kr. a.				
1. námsstyrkur	1,200, »	1,200, »				
2. eldiviður, ljós og ræsting . . .	73, »	177, 25				
3. til bókakaupa, verkfæra og kennsluáhalda	391, 03	269, 10				
Flyt	1,664, 03	1,646, 35		3,200, »	3,200, »	6,400, »

	1902 kr. a.	1903 kr. a.	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
Flutt	1,664, 03	1,646, 35	3,200, »	3,200, »	6,400, »
4. Ferðastyrkur handa læknaefnum	600, »	300, »			
5. Húsaleiga handa lærisveinum	960, »	1,040, »			
6. Þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	200, »	200, »			
7. Til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis klíník . .	285, 29	140, 25			
8. Ýmisleg útgjöld	273, 70	399, 08	3,983, 02	3,725, 68	7,708, 70
				Alls	14,108, 70

III. Til hins lærða skóla:

	1902 kr. a.	1903 kr. a.	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
45. a. Laun			19,200, »	19,200, »	38,400, »
b. Aðstoðarfje:					
Handa söngkennaranum . . .	600, »	600, »			
— fimleikakennaranum . .	700, »	700, »			
— dyraverði	1,000, »	1,000, »			
Fyrir umsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans	200, »	200, »	2,500, »	2,500, »	5,000, »
c. Önnur útgjöld:					
1. Til bókasafns skólans . . .	500, »	500, »			
2. — eldiviðar og ljósa . . .	1,370, 65	1,166, 55			
3. — skólahússins utan og innan	3,791, 06	1,400, »			
4. — tímakennslu og prófdómenda	1,043, 25	1,063, 50			
5. Laun cand. mag. Bjarna Jónssonar sem aukakennara . .	1,600, »	1,600, »			
6. Námsstyrkur	4,000, »	4,000, »			
7. Húsaleigustyrkur	680, »	720, »			
8. Þóknun handa lækni . . .	100, »	100, »			
9. Ýmisleg útgjöld	926, 57	817, 39			
10. Fyrir prestsverk	48, »	48, »			
11. Til vísindalegra áhalda við kennsluna:					
a. Í náttúrusögu	183, 68	199, 54			
b. Í eðlisfræði	528, 37	378, 51			
12. Til þess að gefa út kennslubækur handa skólanum . .	» »	270, »			
13. Til áhalda við fimleikakennsluna	199, 30	200, »	14,970, 88	12,463, 49	27,434, 37
				Alls	70,834, 37

IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:

		1902 kr. a.	1903 kr. a.	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
46.	a. Laun	» »	» »	6,600, »	6,600, »	13,200, »
	b. Önnur útgjöld:					
	1. Til bóka og áhaldakaupa	» »	499, 55			
	2. — eldiviðar og ljósa	» »	138, 75			
	3. — skólahússins utan og innan	» »	» »			
	4. Ýmisleg útgjöld	1,621, 68	358, 15			
	5. Til styrkveitingar námspiltum	400, »	400, »			
	6. Húsaleigustyrkur handa skólastjóra	150, »	300, »			
	7. Húsaleiga fyrir skólann	» »	225, »	2,171, 68	1,921, 45	4,093, 13
					Alls	17,293, 13

V. Til stýrimannaskólans:

		1902 kr. a.	1903 kr. a.	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
47.	a. Laun	» »	» »	3,200, »	3,200, »	6,400, »
	b. Önnur útgjöld:					
	1. Til tímakennslu	1,150, 16	1,070, 68			
	2. — áhaldakaupa	140, »	» »			
	3. — eldiviðar og ljósa	435, 02	1,085, 82			
	4. Ýmisleg útgjöld	449, 60		2,174, 78	2,156, 50	4,331, 28
					Alls	10,731, 28

VI. Til annarar kennslu:

		1902 kr. a.	1903 kr. a.	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
48.	a. Til kvennaskóla:					
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík	2,500, »	2,500, »			
	2. — sama til kennslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum	1,500, »	300, »			
	3. Til kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga	2,200, »	2,200, »			
	4. Til kvennaskóla Eyfirðinga	2,200, »	2,200, »			
	5. Styrkur til byggingar skólahúss á Blönduósi fyrir kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga	4,000, »	» »	12,400, »	7,200, »	19,600, »
	b. 1. Til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum			7,000, »	7,000, »	14,000, »
	2. — sveitakennara, allt að 80 kr. til hvers			7,000, »	7,000, »	14,000, »
	3. — Guðmundar Finnbogasonar til að kynna sjer uppeldis- og menntamál erlendis			2,000, »	2,000, »	4,000, »
	c. Til gagnfræða- og alþýðu-skólans í Flensborg			2,500, »	2,500, »	5,000, »
					Flyt	56,600, »

		1902	1903	Alls
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Flutt	» »	» »	56,600, »
d.	Til kennarafræðslu	3,200, »	3,200, »	6,400, »
e.	Námsstyrkur handa kennaraefnum	450, »	1,050, »	1,500, »
f.	Til skólaiðnaðarkennslu	500, »	500, »	1,000, »
g.	Til stúdentafjelagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum	300, »	300, »	600, »
h.	Til kennara í organslætti og organleikara við dómkirkjuna	1,000, »	1,000, »	2,000, »
i.	Til Magnúsar Einarssonar til að kenna söng og organslátt á Akureyri	300, »	300, »	600, »
j.	Styrkur til að gefa út kennslubækur	120, »	» »	» »
k.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja	5,522, 13	4,567, 02	10,089, 15
l.	Til sjera Ólafs Helgasonar til aðstoðarkennara við kennslu heyrnar og málleysingja	124, 75	150, »	274, 75
m.	Styrkur til unglingaskóla í Dalasýslu	1,000, »	1,000, »	2,000, »
			Alls	81,183, 90

49. VII. Til sundkennslu:	1902	1903	Alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
a. Í Reykjavík	300, »	300, »	600, »
b. Til sundkennslu annarsstaðar	234, 75	599, 25,	834, »
		Alls	1,434, »

50. VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að kenna teikning og trjeskurð í Reykjavík	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
	1,200, »	1,000, »	2,200, »

Til vísinda, bókmennta og verklegra fyrirtækja.

A. Til vísinda, bókmennta og lista:

51. A. 1. Til landsbókasafnsins:	1902 kr. a.	1903 kr. a.	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
a. Laun bókavarðar	1,500, »	1,500, »			
b. Til aðstoðarmanns við safnið	900, »	900, »			
c. Fyrir bækur, handrit, bókband o. fl.	4,500, »	4,500, »			
d. Til eldiviðar og áhalda m.m.	450, »	450, »			
e. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	300, »	360, »	7,650, »	7,710, »	15,360, »
— 2. a. Til amtsbókasafns Norðuramtsins	500, »	500, »			
b. Til amtsbókasafns Austuramtsins	400, »	400, »			
c. Til amtsbókasafns Vesturamtsins	400, »	400, »	1,300, »	1,300, »	2,600, »
				Flyt	17,960, »

	1902 kr. a.	1903 kr. a.	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
Flutt	» »	» »	» »	» »	17,960, »
A. 3. til landsskjalasafnsins:					
a. laun skjalavarðar	1,200, »	1,200, »			
b. til bókaskápakaupa	1,000, »	» »			
c. til að binda inn og búa um skjöl	875, »	875, »			
d. til að afrita merk skjöl og bækur í skjalasafninu	350, »	350, »			
e. til að gefa út skrá yfir safnið	250, »	250, »	3,675, »	2,675, »	6,350, »
— 4. Til deildar hins ísl. bókmenntafjelags í Reykjavík .			2,000, »	2,000, »	4,000, »
— 5. — Þjóðvinafjelagsins			750, »	750, »	1,500, »
— 6. — Forngripasafnsins:					
	1902 kr. a.	1903 kr. a.			
a. til að útvega forngripi og til áhalda	1,000, »	1,000, »			
b. til umsjónar	600, »	600, »			
c. — húsnæðis og hita	2,000, »	2,000, »	3,600, »	3,600, »	7,200, »
— 7. Til Fornleifafjelagsins			400, »	400, »	800, »
— 8. — Náttúrufræðisfjelagsins			800, »	800, »	1,600, »
— 9. Styrkur til kennara Benedikts Gröndal til myndasafns og þjóðmenningarsögu Norðurlanda			800, »	800, »	1,600, »
— 10. Til að vinna að textaútgáfu af fornbrjefasafninu . .			800, »	800, »	1,600, »
— 11. — Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna . .			300, »	300, »	600, »
— 12. — Þorsteins Erlingssonar			500, »	500, »	1,000, »
— 13. — Páls Ólafssonar			500, »	500, »	1,000, »
— 14. — sjera Valdimars Briem			800, »	800, »	1,600, »
— 15. — stórstúku Goodtemplara til eflingar bindindi . .			800, »	800, »	1,600, »
— 16. — rektors Jóns Þorkelssonar til vísindalegra starfa			300, »	300, »	600, »
— 17. — skólakennara Geirs Zoëga til að semja íslenzk-enska orðabók			500, »	» »	500, »
— 18. Styrkur til Bibliufjelagsins til þýðingar og útgáfu gamla testamentisins			1,000, »	1,000, »	2,000, »
— 19. Til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands			1,200, »	1,200, »	1,200, »
— 20. Styrkur til amtmanns Páls Briem til að gefa út Lögfræðing			» »	» »	» »
— 21. Til Leikfjelags Reykjavíkar			300, »	300, »	600, »
— 22. — Einars Jónssonar myndhöggvara			2,000, »	1,000, »	3,000, »
— 23. — Halldórs Lárussonar til að kenna hraðritun . .			400, »	400, »	800, »
				Alls	58,310, »

B. Til verklegra fyrirtækja.

		1902 kr. a.	1903 kr. a.	1902 kr. a.	1903 kr. a.	Alls kr. a.
52. B. 1.	Styrkur til eflingar búnaði:					
	a. Til búnaðarskóla:					
	1. til skólans í Ólafsdal . .	2,500, »	2,500, »			
	2. — —— á Hólum . .	2,500, »	2,500, »			
	3. — —— á Eiðum . .	2,500, »	2,500, »			
	4. — —— á Hvanneyri .	2,500, »	2,500, »			
	5. styrkur til Vesturamtsins, ef það kaupir skólann í Ólafsdal, jarðir og bú .	» »	» »	10,000, »	10,000, »	20,000, »
	b. Til búnaðarfjelaga			19,926, 44	20,073, 56	40,000, »
	c. — Búnaðarfjelags Íslands			12,000, »	12,000, »	24,000, »
	d. — sama fjelags til kennslu í mjólkurmeðferð			8,000, »	2,000, »	10,000, »
	e. — — —— — gróðrartilrauna			2,000, »	2,000, »	4,000, »
	f. — — —— — að styrkja slátrunarhús og kjötsölu erlendis			» »	1,200, »	1,200, »
	g. Til skógræktartilrauna			6,000, »	5,000, »	11,000, »
	h. — verðlauna fyrir útflutt smjör			1,546, 31	3,784, 88	5,331, 19
	i. — Sauðárkróksbúa til varnar gegn vatnságangi			250, »	» »	250, »
	k. — þess að varna skemdum á Örfirisey . . .			2,223, 58	» »	2,223, 58
B. 2.	a. Laun handa dýralæknínum			1,200, »	1,200, »	2,400, »
	b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík			400, »	400, »	800, »
3.	Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300, »	300, »	600, »
4.	Til að fá aðstoð fróðs manns við ráðstafanir gegn fjárkláða í Norður- og Austurömtunum			» »	3,542, 90	3,542, 90
5.	Til jafnaðarsjóðs Austuramtsins, endurgjald á tolli af 600 pd. af tóbaki til fjárkláðalækninga			210, »	» »	210, »
6.	Styrkur til tveggja manna til að nema dýralækningar			1,200, »	600, »	1,800, »
7.	Styrkur til Stefáns Stefánssonar til að rannsaka fóður- og beitijurtir			1,000, »	» »	1,000, »
8.	Til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna			800, »	» »	800, »
9.	Til cand. mag. Helga Pjeturssonar til jarðfræðisrannsókna			» »	1,000, »	1,000, »
10.	Til stud. polyt. Ásgeirs Torfasonar til fjöllistanáms			600, »	600, »	1,200, »
11.	— iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til eflingar iðnaði			1,400, »	1,400, »	2,800, »
12.	Til cand. phil. Rögnv. Ólafssonar til að nema húsgerðarlist			600, »	600, »	1,200, »
13.	Til lífsábyrgðarfjelags sjómanna á þilskipum við Faxaflóa			» »	» »	» »
					Alls	135,357, 67

Við 53. *Til skyndilána handa embættismönnum og annara lögboðinna fyrirframgreiðslna*, sbr. 15. gr. fjárlaganna, hafa gengið

1902	kr.	4,148, 98
1903	—	17,303, 48
Alls	kr.	21,452, 46

Við 54. *Til eptirlauna, styrktarfjár o. fl.*, sbr. 16. gr. fjárlaganna, hafa gengið

1902	kr.	43,452, 31
1903	—	40,627, 99
Alls	kr.	84,080, 30

Við 55. *Til óvissra útgjalda*, sbr. 17. gr. fjárlaganna, hafa gengið

1902	kr.	1,531, 22
1903	—	4,411, 43
Alls	kr.	5,942, 65

Við 56. *Fjárgreiðslur samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum*, sbr. 19. gr. fjárlaganna.

Útborgað 1902	kr.	57,542, 41
og 1903	—	117,824, 27
Alls	kr.	175,366, 68

Við 57. *Tekjuafgangur fjárhagstímabilsins*, sbr. 18. gr. fjárlaganna.

Samkvæmt reikningunum fyrir árin 1902 og 1903 hafa tekjurnar numið alls:

1902	kr.	1,051,560, 93	
1903	—	1,011,981, 72	kr. 2,063,542, 65

Gjöldin hafa numið alls:

1902	kr.	896,334, 89	
1903	—	936,903, 74	— 1,833,238, 63
Tekjuafgangur af fjárhagstímabilinu			kr. 230,304, 02

Frumvarp til laga

um

samþykktir um kynbætur nautgripa.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Sýslunefndum veitist heimild til að gjöra samþykktir um kynbætur nautgripa á þann hátt, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Þegar sýslunefnd álítur hagfellt að gjöra samþykkt fyrir alla sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í hjeraði því eða á því svæði, sem ætlast er til að samþykktin nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir þeir, er þar búa og kosningarrjett hafa til alþingis.

Sýslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara; er sýslumaður fundarstjóri, eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa kjörskrá við höndina.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur, til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í fæðispeninga, og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. gr.

Sýslunefndin semur frumvarp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði funda þeirra, er rætt er um í 2. gr. Samþykki fundarmenn frumvarp sýslunefndar með $^2/_3$ hlutum atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, skal hún senda frumvarpið stjórnarráðinu til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með $^2/_3$ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykir þær á rökum byggðar, og sendir það síðan stjórnarráðinu til staðfestingar, en áliti sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún frumvarp sitt að nýju undir atkvæði hjeraðsmanna. Verði það þá samþykkt með $^2/_3$ atkvæða, ber að senda það stjórnarráðinu til staðfestingar.

Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefur ver-

ið samþykkt með $^2/_3$ atkvæða, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyr en að ári liðnu.

4. gr.

Nú virðist stjórnarráðinu, að fyrirmæli samþykktar gangi of nærri rjetti manna, eða að þær komi á einhvern hátt í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar það þá um staðfestingu sína, en skýra skal það sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir það samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún skuli öðlast gildi og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþykktin nær yfir.

Nú vilja menn nema samþykkt úr gildi, eða breyta henni, og fer um það eftir öllum sömu reglum, og fyrir er mælt í lögum þessum um stofnun hennar.

5. gr.

Nú er samþykkt um kynbætur nautgripa löggilt, og má þá ekkert graðneyti eldra en 5 mánaða ganga á því svæði, er samþykkt nær yfir, nema að það sje í öruggu hliðarhafti, eður annari fullgildri gæzlu, svo sem samþykkt mælir nánar um. Sá sem brýtur þetta ákvæði, hvort sem hann er á samþykktarsvæðinu eða utan þess, skal greiða skaðabætur til þess eða þeirra, er skaða líða af yfirgangi nauts.

6. gr.

Í samþykkt skal ávallt ýtarlega ákveða um eptirlit það, er þarf til þess, að hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

7. gr.

Fyrir brot mót löggiltri samþykkt skal ákveða sektir frá 5—50 kr., er renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

8. gr.

Með brot mót samþykktum skal fara sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórnarráðinu hefur frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu, er skipuð var samkvæmt konungsúrkurði 2. marz f. á., borizt frumvarp til laga um samþykktir um kynbætur nautgripa.

Í athugasemdum við frumvarpið hefur milliþinganefndin látið þess getið, að það sje samið eftir ósk ýmsra fjelaga, er stofnuð eru til eflingar nautgriparæktar. Það mun og vera nauðsynlegt til þess að kynbætur nautgripa geti aukizt að nokkru ráði, að gefin sjeu út samþykktarlög, svo hægt sje að fyrirbyggja, að einstaka menn geti gjört ónýtt það, sem aðrir kynnu að vinna að kynbótum nautpenings. Samskonar lög hafa áður verið gefin um kynbætur hesta, sbr. lög 11. des. 1891 og viðaukalög 20. des. 1901, og er frumvarp þetta að mestu leyti sniðið eftir þeim lögum. Með því að stjórnarráðið fellst á frumvarpið, er það lagt fyrir þingið með þeim einum breytingum, *að* ákvæðið

í niðurlagi 5. gr. um að skaðabætur skuli greiða eptir mati óvilhallra manna, er fellt burtu, og þá einnig 6. grein, er nánar mælir fyrir um, hvernig matsmenn skuli til kveðja, *að* í stað 6. gr. nefndarfrumvarpsins er sett ákvæði samhljóða 6. gr. laga 11. des. 1891, og *að* í 7. gr. er í samræmi við almenn lög ákveðið, að sektir skuli renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, en eigi, eins og nefndin hefur stungið upp á, í sveitarsjóð þar, er sá býr, er fyrir órjetti varð, en alloptast mun þetta tvennt falla saman.

Ástæðurnar fyrir fyrstu breytingunni eru þær, að stjórnarráðinu þykir sú aðferð, að fá matsmenn til að ákveða skaðann í hvert skipti, of umsvifamikil og enda gagnslaus, ef málsaðili sá, er bæta á skaða eptir mati, eigi vill gjöra það góðmótlega, því að þá þarf eigi að síður að ganga dómstólaveginn, til að geta fengið aðfararheimild fyrir skaðabótunum. Það virðist því eðlilegast, að þessi skaði sje metinn á venjulegan hátt, af dómaranum, ef hann treystir sjer til þess eptir framkomnum upplýsingum eða samkomulagi undir rekstri málsins, eða þá af dómkvöddum mönnum eptir á samkvæmt dómsorðinu. Ennfremur skal það tekið fram, að ákvæði nefndarinnar um matsmennina eru hvergi nærri nógu ýtarleg, en um það er eigi þörf að fjölyrða, úr því að þau eru feld burtu í frumvarpi þessu. Að öðru leyti skírskotast til athugasemda enfndarinnar við frumvarp hennar.

Frumvarp til laga

um

verðlaun fyrir útflutt smjör.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Fjárhagstímabilið 1906 og 1907 hafa íslenzk samvinnusmjörbú, er út hafa flutt á árinu til sölu erlendis eigi minna en 5000 pund smjörs, rjett til verðlauna úr landssjóði, ef smjörið nær því verði, er til er tekið í 2. gr.

2. gr.

Verðlaunin miðast við hæsta mat smjörmatsnefndarinnar dönsku í Kaupmannahöfn, fyrir þá viku, er hið íslenzka smjör er selt í, þannig að það smjör, sem selst 20 aurum eða minna undir matsverðinu, fær 5 aura verðlaun á hvert danskt pund, enda hafi útsöluverð smjörsins eigi verið undir 65 aurum fyrir pundið. Það smjör, sem selst 21 eyri eða meira undir matsverðinu, fær engin verðlaun.

3. gr.

Sá, er verðlaun vill hljóta, sækir um þau til stjórnarráðs Íslands; skal hann láta umsókn sinni fylgja farmskrá frá skipstjóra þeim, er smjörið flutti eða vottorð frá afgreiðslumanni skips þess, er smjörið var sent með, er sýni

þyngd þess með umbúðum og tölu íláta. Svo skal og fylgja sölureikningurs mjörsins, undirritaður af þeim, er með söluna fór, og sje söludagur þar tilgreindur.

Nú er umsókn um verðlaun fyrir smjörsölu á hinu liðna ári eigi komin til stjórnarráðsins fyrir lok febrúarmánaðar 1907 og 1908 og verður sú umsókn þá eigi tekin til greina.

4. gr.

Stjórnarráðið sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett samkvæmt 3. gr., og úthlutar verðlaunum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1906, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög um verðlaun fyrir útflutt smjör 3. okt. 1903.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórnarráðinu hefur frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 2. marz f. á., borizt frumvarp til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör. Verður stjórnarráðið að vera landbúnaðarnefndinni alveg samdóma um, að full ástæða sje til, að takmarka þá fjárupphæð, er gengur til smjörverðlauna. Eins og tafla sú sýnir, er prentuð er hjer á eptir, hefur síðastliðið ár verið útflutt 218,731 pund af smjöri, og auk þess 1254 pund, er ekki hafa fengið verðlaun vegna ónógra upplýsinga, og því ekki flokkuð, og hefur verið greitt sem verðlaun úr landssjóði tæpar 18,000 kr. Eptir því sem smjörútflutningurinn hefur aukizt má telja sennilegt, að næsta fjárhagstímabil flytjist út, eins og landbúnaðarnefndin áætlar, 600,000 pd., og ef smjörsalan gengur líkt og síðastliðið ár, mundu verðlaunin úr landssjóði eptir núgildandi lögum nema á fjárhagstímabilinu 50,000 kr. Þetta mun flestum vaxa í augum sem vonlegt er, og hefur landbúnaðarnefndin athugað ýmsar leiðir til að takmarka verðlaunaupphæðina. Nefnir hún fyrst þá leið, að færa niður mismuninn milli hámatsins og söluverðsins, setja t. d. 20—16 aura til að ná 5 aura verðlaunum, en að það smjör, sem seldist 15 aurum fyrir neðan hámat, fengi 10 aura verðlaun. Nefndin ræður þó frá þeirri breytingu, því söluhlutföllin gætu orðið þau, að verðlaunin yrðu mjög lítil. Hefur nefndinni reiknast að af 43,000 pundum af smjöri, er nefndin hafði í höndum söluskýrslu um, hafi verðlaunin verið 3000 kr. eptir núgildandi lögum, en með ofannefndri breytingu mundu að eins hafa hlotið 1300 kr. verðlaun. — Við þenna útreikning er þó það að athuga, að salan á nefndum 43,000 pundum hefur yfirleitt ekki tekizt vel og megnið af smjörinu er selt einmitt þá, er danska smjörið stóð sem allra hæst í september og oktobermánuðum. Stjórnarráðið hefur nú rannsakað hvaða áhrif ofannefnd niðurfærsla mundi hafa haft á c. 123,000 pund af smjöri, er Faber og Co. hefur annast um sölu á. Þetta smjör hefur hlotið c. 11,200 kr. verðlaun, en með ofannefndri niðurfærslu hefðu verðlaunin orðið c. 7,600 kr., og hefur þó jafnframt verið gjört ráð fyrir 3 aura almennri hámatshækkun eins og nefndin bendir á að þurfi. Þessi niðurfærsla á mismuninum milli hámatsins og útsöluverðs smjörsins virðist því naumast nægileg til að halda smjörverðlaunaupphæðinni innan hæfilegra takmarka.

Landbúnaðarnefndin leggur til að flokka smjörið í þrjá jafna flokka

eptir því, sem það selst í hlutfalli við hámatið, og láta 1. flokk fá 10 aura, 2. flokk 5 aura verðlaun, en 3. flokk engin verðlaun. Þessi tillaga hefur þann mikla kost að takmarka verðlaunaupphæðina, en að öðru leyti virðist hún nokkuð flókin, og jafnvel ekki sem rjettlátust í framkvæmd. Ýmsar kringumstæður, sem smjörbúin ráða ekki við, geta gjört það að verkum, að smjör þeirra reynist ekki eins gott, þegar það er komið á útlendan markað, eins og smjör frá öðrum búum, þó að smjörið hafi verið eins vel vandað og í sjálfu sjer eins gott, þegar það fór frá búinu, og má sem ástæðu til slíks nefna langan og erfiðan landvegsflutning, strjálar skipaferðir og óhentugt geymsluplass á útskipunarstaðnum, mismunandi gott rúm í flutningaskipum o. s. frv. Gæti því svo farið, eptir tillögu nefndarinnar, að þau bú, sem hægast eiga með að koma smjörinu frá sjer á erlendan markað, fengju 10 aura verðlaun fyrir allt sitt smjör, en hin búin, sem erfiðara ættu, sætu algjörlega á hakanum, þrátt fyrir jafngóða vöruvöndun. Það virðist því rjettara, að hafa verðlaunin minni, og láta þau koma jafnara niður, og er því hjer lagt til, að verðlaunin sjeu sett jöfn fyrir allt smjör, sem nær tilteknu takmarki, og verðlaunaupphæðin sett 5 aurar á pundið, sem er sama sem allt útflutt smjör mundi fá upp og ofan eptir tillögum nefndarinnar. Smjörið íslenzka selst venjulega á Skotlandi fyrir 70—80 aura og í hlutfalli við ekki meira verðmæti, virðist of mikið að gefa kost á 10 aura verðlaunum, einkum ef litið er til annara atvinnuvega landsins en smjörgjörðar. Það virðist því rjett að slá því föstu sem fyrst, að verðlaun á smjörpund fari aldrei fram úr 5 aurum, því annars gæti svo farið, að menn færu að stofna smjörbú í sveitum, þar sem betri skilyrði eru fyrir sauðfjárrækt en kúabú. Það er og álitamál, hvort eigi er gjört of mikið úr áhrifum þeim, er verðlaunin hafa á vöruvöndunina, því útsöluverðið á Skotlandi ætti eitt fyrir sig að knýja smjörbúin til að vanda vöruna sem bezt. Verðlaunin hafa aðallega þá þýðingu að hvetja menn til að framleiða smjör til útflutnings, en smjörbú, sem stofnuð eru í því skyni, verða eigin hagsmuna vegna að reyna að gjöra vöruna svo úr garði, að hún seljist sem bezt, og má ætla, að þau gjöri það eins vel eins og þekking og vandvirkni er til, hvort sem upphæð verðlauna er nokkru hærri eða lægri. Því sýnist engin ástæða til að hafa nema ein verðlaun, og þau veitist öllu smjöri, sem nær nokkurn veginn sómasamlegu verði á erlendum markaði.

Að endingu skal það tekið fram, að verðlaunin verða með þessu óbrotna fyrirkomulagi ekki miklum mun minni samtals, en eptir frumvarpi landbúnaðarnefndarinnar, þannig hefðu smjörverðlaunin síðastliðið ár eptir frumvarpi nefndarinnar orðið um 11,000 kr., en eptir þessu frumvarpi um 7,600 kr., og eptirleiðis má búast við, að munurinn yrði minni. Að öðru leyti þykir nægja að vísa til hinna ýtarlegu athugasemda nefndarinnar, bæði um frumvarpið í heild sinni og einstakar greinar þess, að því viðbættu, að í 2. gr. er skotið inn þeim takmörkum, að engin verðlaun greiðist fyrir smjör, sem ekki selst á 65 aura brúttó á útlendum markaði, því að víst þykir mega telja, að á þeim árstímum, er gott og verðlaunavert smjör stendur svo lágt á útlendum markaði, að það nær eigi því verði, muni eins holt að selja það innanlands, og því eigi rjett að stuðla að útflutningi á því. Ennfremur skal þess getið, að vissara hefur þótt vegna þeirra smjörbúa, sem eru eða upp kunna að koma mjög langt frá Reykjavík, að láta umsóknarfrest ná til febrúarloka í stað janúarloka, eins og nefndin hafði stungið upp á.

Fylgiskjal.

Skýrsla
um
útflutt smjör á árinu 1904.

Nöfn útflytjenda:	Engin verðlaun	5 aura verðlaun	10 aura verðlaun	Upphæð verðlaunanna	
	pd.	pd.	pd.	Kr.	au.
Magnús Sigurðsson	1041	»	4171	417	10
Sigurjón Markússon	»	»	738	73	80
Sigurður Ólafsson	»	»	1594	159	40
Rjómabú Vatnsdæla	2218	»	1699	169	90
(Ennfremur sent 1254 pd.)	»	»	»	»	»
Rjómabú Reykdæla	»	»	2492	249	20
Jes Zimsen	»	311	959	111	45
Rjómabú við Hróarsholtslæk	205	1227	9718	1033	15
— — Yxnalæk	»	»	6832	683	20
— — Apá	1246	4158	2579	465	80
— — Áslæk	834	1132	11855	1242	10
— að Hjalla	611	»	7062	706	20
— — Rangá	406	2177	9400	1048	85
— — Framnesi...	402	»	8308	830	80
— — Arnarbæli	501	1124	11270	1183	20
— Landmanna	»	903	8863	931	45
— við Geirsá	»	1037	14396	1491	45
— Fljótshlíðar	525	3544	5080	685	20
— á Rauðalæk	1649	7378	15937	1962	60
— í Birtingaholti	»	3089	8652	1019	65
— á Torfastöðum	305	6987	5311	880	45
— - Kálfá	1327	4002	1296	329	70
— - Deildá	1046	7223	6502	1011	35
— Fossvallalækjar	»	6171	3920	700	55
— Kjósarmanna	»	3639	2490	430	95
Gestur Einarsson	»	1189	»	59	45
	12316	55291	151124	17876	95

Af smjöri útfluttu 1903 er árið 1904 borguð smjörverðlaun c. 273 kr.

Frumvarp til laga

um

breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. marz 1900.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðsins er að efla ræktun landsins. Stofnfjeð má aldrei skerða, en því skal varið til lánveitinga til jarðabóta og hvers kyns atvinnubóta við jarðyrkju.

Enn fremur má lána úr sjóðnum gegn öðrum veðrjetti til ábýliskaupa, hvort heldur eru jarðir, eða grasbýli og þurrabúðir utan kaupstaða og kauptúna.

Af vöxtum sjóðsins má verja árlega allt að helmingi til að verðlauna atorku, hagsýni og eptirbreytnisverðar nýjungar í landbúnaði, og í annan stað styrkja menn til lífsábyrgðarkaupa til viðbótartryggingar lánveitingunum til ábýliskaupanna. Að öðru leyti skal vöxtunum varið til að auka stofnfje sjóðsins.

2. gr.

Þriðja grein laga 2. marz 1900 um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands skal úr lögum numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1906.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er komið til stjórnarráðsins frá nefnd þeirri, sem skipuð var samkvæmt allrahæstum úrskurði 2. marz f. á., til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins. Tillögur frumvarpsins um lánveitingar með 2. veðrjetti til ábýlakaupa, og um styrk til lífsábyrgðarkaupa til viðbótartryggingar lánveitingum úr sjóðnum til ábýliskaupanna, standa í nánu sambandi við tvö önnur frumvörp nefndarinnar: Um sölu opinberra jarðeigna, og um forkaupsrjett að jarðeignum einstakra manna, sem lögð eru fyrir þingið með öðrum fyrirsögnum og nokkuð breytt. Með því að tillögur þessar eiga að öllu leyti eins vel við frumvörpin í þessari mynd, sem þau hafa fengið hjá stjórnarráðinu, og stjórnarráðið getur að öllu leyti fallizt á breytingar þær og við-

auka við ræktunarsjóðslögin frá 2. marz 1900, sem nefndin hefur farið fram á, þykir nægja að vísa til athugasemda þeirra, sem prentaðar eru með frumvarpi nefndarinnar.

Frumvarp til laga

um

vátrygging sveitabæja og tómthúsa í sveitum, utan kauptúna.

(Lagt fyrir alþingi 1905.)

I. kafli.

Um brunabótasjóði sveitarfjelaga.

1. gr.

Sveitarfjelögum á Íslandi er heimilt að stofna brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum utan kauptúna með skylduábyrgð (sbr. 7. gr.) Lög þessi tiltaka verkssvið þeirra, en fyrirkomulagið skal ákveðið í reglugjörð.

2. gr.

Brunabótasjóður bætir þrjá fjórðu hluta alls þess skaða á húsum, vátryggðum þar, er af eldsbruna hlýzt, nema ábúandi, kona hans, eða nánustu erfingjar hafi af ásettu ráði eða stórkostlegu hirðuleysi valdið brunanum, eða bruninn er svo lítill að eigi nemi 20 kr. í 200 kr. húseignum og meiri, eða 1% á minni húseignum. Til brunaskaða teljast og skemmdir á vátryggðum húsum, sem stafa af björgunartilraunum.

3. gr.

Til húsa telst allt múrfast og naglfast, þar á meðal eldstór, ofnar, föst rúmstæði, o. s. frv.

4. gr.

Skylduábyrgð hvílir á öllum íbúðarhúsum, sem liggja utan kauptúna, án tillits til, af hvaða efni þau eru byggð, og geymsluhúsum, sem þeim eru áföst. Heimilt er og að vátryggja í brunabótasjóðum hreppanna peningshús, hlöður og önnur hús til ábúðarnota.

Ennfremur er heimilt með samþykki meiri hluta atkvæðisbærra húsráðenda, að taka til ábyrgðar í brunabótasjóði hrepps samskonar hús og í hreppnum, þótt þau sjeu í öðrum hreppi, ef ástæður þar banna, að stofnaður sje brunabótasjóður samkvæmt lögum þessum.

Sá er undanþeginn skylduábyrgð í sjóðnum, er sýnir sveitarstjórn árlega skilríki fyrir því, að hann hafi vátryggt hús sín í áreiðanlegu erlendu brunabótafjelagi.

5. gr.

Ekki er brunabótasjóði skylt að takast á hendur hærri ábyrgð á einu húsi eða á húsaþyrpingu, sem er í sameiginlegri brunahættu, en sem nemur 4500 kr. upphæð, enda eru hús þau, eða húsaþyrpingar, sem hærra verði nema en 6000 kr., undanþegin skylduábyrgð.

6. gr.

Einn fjórða hluta þeirra húsa, sem vátryggð eru samkvæmt lögum þessum, má hvergi vátryggja.

7. gr.

Á lögmætum sveitarfundi geta húsráðendur þeir, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum, stofnað brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum. Meiri hluti atkvæða allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppnum ræður úrslitum, en þá er sveitarfundur lögmætur, er hreppsnefnd boðar fundinn með skriflegu fundarboði með viku fyrirvara að minnsta kosti, enda sje þar til tekið, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Nú er samþykkt að stofna brunabótasjóð eptir því, sem fyr var sagt, og skal þá sveitarstjórnin tilkynna það tafarlaust stjórnarráði Íslands.

8. gr.

Sveitarsjóður ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er hvíla á brunabótasjóði hreppsins, og greiðir brunabætur, ef brunabótasjóðurinn hrekkur ekki til. En brunabótasjóður endurborgar sveitarsjóði svo fljótt, sem því verður viðkomið. Skal þá auka iðgjöld til brunabótasjóðs, svo sem sveitarstjórn þykir við þurfa, og eigi minna en svo, að skuldin við sveitarsjóð greiðist á næstu 10 árum af auka-iðgjöldum.

Nú hafa tveir eða fleiri hreppar samþykkt að stofna brunabótasjóði, og geta þá sveitarstjórnir þeirra, að fengnu samþykki meiri hluta húsráðenda á almennum fundi, komið sjer saman um að sameina brunabótasjóði þeirra. Hvíla þá skuldbindingar allar óskiptar á hinum sameiginlega brunabótasjóði þessara hreppa. Tekur hver sveitarsjóður þá tiltölulega þátt í gjöldum til brunabótasjóðsins eptir iðgjöldum þeim, sem greidd eru úr hreppnum. Innheimtu á iðgjöldum, reikningsskil o. fl. annast hver sveitarstjórn í sínum hreppi, eins og ákveðið er í síðasta hlut 9. gr. og 10.—12. gr. en sveitarstjórnin í þeim hreppnum, sem hæst iðgjöld greiðir tekur á móti og ávaxtar iðgjöldin (sbr. 9. gr. 1. málslið) hafi hlutaðeigandi sveitarstjórnir ekki öðruvísi um samið.

9. gr.

Sveitarstjórnin hefur með höndum alla stjórn og umsjón brunabótasjóðs og setur fje hans á vöxtu á hentugum stað með nægri trygging. Hún hefur á hendi innheimtu á iðgjöldum til sjóðsins, og hafa iðgjöldin sama lögtaksrjett sem sveitarútsvör. Hún hefur á hendi reikninga sjóðsins og skýrslugjörð, og leggur ársreikning hans fyrir sýslunefnd, til endurskoðunar og úrskurðar, um sama leyti og sveitarsjóðsreikning.

10. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, ef lögmætur sveitarfundur samþykkir árlega,

að leggja úr sveitarsjóði fje til stofnunar og styrktar brunabótasjóði hreppsins 10 fyrstu árin, þó eigi meira en jafna upphæð iðgjöldum vátryggjanda.

11. gr.

Nú stofnar hreppur brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður nefna til skoðunarmenn, tvo eða fleiri í hreppi, eptir því sem sveitarstjórn ákveður nánar, til þess að gjöra lýsing og virðing allra húsa, sem vátryggjast eiga í sjóðnum, og annað það, er reglugjörð mælir fyrir. Skulu þeir vinna eið að starfi sínu. Eigandi eða leigjandi húseignar getur krafizt yfirvirðingar, og kveður þá sýslumaður til þess 4 menn, óvilhalla fyrir rjetti. Hina fyrstu almennu skoðun borgar sveitarsjóður, 2. kr. á býli, hverjum skoðunarmanni. En önnur störf þeirra skal launa sem reglugjörð ákveður.

12. gr.

Allar virðingargjörðir rita skoðunarmenn í sjerstaka bók, er sveitarstjórn varðveitir, og sendir hún stjórnarráði Íslands afrit af öllum virðingargjörðum, jafnskjótt og þær eru bókaðar. Húsvirðingabók sje gegn dregin og staðfest af yfirvaldi. Í hana rita skoðunarmenn eiðstaf sinn, þá er þeir hefja starf sitt.

13. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinni vátryggðu eign, en greiðist af húsráðanda. Sje hann leiguliði, getur hann haldið iðgjaldinu eptir af eptirgjaldinu eða leigunni.

14. gr.

Nú eru hús veðsett, sem vátryggð eru samkvæmt lögum þessum, og nær sá veðrjettur einnig til brunabótafjárins. Fyrirgjöri veðsetjandi rjetti sínum til brunabóta, hefur veðhafi eigi að síður rjett til brunabótanna að svo miklu leyti sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

15. gr.

Brunabætur úr brunabótasjóðum hreppanna skulu að fullu ganga til endurbóta eða endurbyggingar húsum, sem brunnið hafa, nema sveitarstjórn samþykki að öðru vísi sje með farið. Eigi þarf sveitarstjórn að láta brunabót af hendi, nema trygging sje fyrir endurbyggingu, þeirri er henni líkar.

16. gr.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki lögmæts sveitarfundar, að gjöra samþykkt um björgunartilraunir við eldsbruna. Hefur samþykkt sú gildi fyrir alla fulltíða menn í hreppnum, ef hún er staðfest af stjórnarráðinu.

II. kafli.

Um sameiginlegan brunabótasjóð.

17. gr.

Nú hafa 10 hreppar tilkynnt stjórnarráði Íslands, að þeir hafi stofnað brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal það jafnskjótt stofna sam-

eiginlegan brunabótasjóð fyrir sveitahíbýli á Íslandi. Er hlutverk hans að veita endurtrygging brunabótasjóðum hreppanna.

18. gr.

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja tvo hluta þeirra þriggja fjórðunga virðingarverðs allra híbýla og annara húsa, sem vátryggð eru í brunabótasjóðum hreppanna. Tveir þriðju allra fastra iðgjalda frá vátryggjendum ganga til endurtryggingar. Stjórnarráð Íslands mælir fyrir um gjalddaga og greiðslu endurtryggingariðgjalda.

19. gr.

Nú brennur hús, sem vátryggt er samkvæmt lögum þessum, eða skemmist af bruna, svo að nemi brunabótum, og er þá skylt að greiða úr hinum sameiginlega brunabótasjóði tvo þriðjunga brunabótanna (sbr. 2. gr.) til hlutaðeigandi brunabótasjóðs, en hann greiðir eiganda einn þriðjung upphæðarinnar. Ennfremur greiðir hinn sameiginlegi brunabótasjóður, að tveimur þriðju við brunabótasjóð hreppsins, kostnað við skoðun þá, er leiðir af bruna.

20. gr.

Stjórnarráð Íslands annast stofnun, stjórn og framkvæmd hins sameiginlega brunabótasjóðs, og ávaxtar fje hans á tryggilegan hátt. Stjórnarráðið getur, þegar því sýnist nauðsyn bera til, falið einum eða fleiri mönnum stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum sem það ákveður.

21. gr.

Nú verða brunar svo miklir á húsum, sem endurtryggð eru í sjóði þessum, að hann hrekkur eigi til endurtryggingar, og skal þá landssjóður lána vaxtalaust það er á skortir, og endurborgast það eptir því sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo að lán þetta nemi meiri upphæð en 10,000 kr., skal leggja á alla brunabótasjóði hreppanna aukagjald að rjettu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur til þess, að sá hluti lánsins, sem umfram er 10,000 kr., greiðist landssjóði að fullu á eigi lengri tíma en 10 árum.

22. gr.

Nú fær stjórnarráðið líkur um, að of há sje brunabótavirðing á húsum í fleiri eða færri af hreppum þeim, er stofnað hafa brunabótasjóði samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðing. Lækki virðing á þeim húsum til jafnaðar við endurvirðing, greiðist kostnaðurinn við hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps; en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

23. gr.

Stjórnarráð Íslands setur reglur um nánara fyrirkomulag á brunabóta-

sjóðum hreppanna og hinum sameiginlega brunabótasjóði. Skal þar, meðal annars, segja fyrir um flokkun hinna vátryggðu húsa eptir brunahættu og ákveða upphæð iðgjalda. Reglugjörð þessa sendir stjórnarráðið síðan öllum sveitarstjórnum á Íslandi.

24. gr.

Stjórnarráðið setur reglur um, hversu haga skuli eldstæðum og reykpípum í húsum, vátryggðum samkvæmt lögum þessum, svo og um annað það, er nauðsynlegt er til varúðar gegn eldsvoða. Eru reglur þessar og skilyrði gildandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur stjórnarráðið prenta eyðublöð fyrir ábyrgðar-skírteini handa öllum vátryggjendum, og sje þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, er einkum varða hvern vátryggjanda. Byrjar ábyrgð brunabótasjóðs, þá er vátryggjandi hefur í hendur fengið vátryggingarskírteini eða hin fyrstu greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi. Ennfremur lætur stjórnarráðið prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir vátryggingarsjóði hreppanna og hinn sameiginlega sjóð. Prentunarkostnaður greiðist úr landssjóði, þar til er hinn sameiginlegi brunabótasjóður hefur fengið fje til umráða, en síðan ber sá sjóður slíkan kostnað.

25. gr.

Húsvirðingabækur og gjörðabækur fyrir vátryggingarsjóði hreppanna lætur stjórnarráðið tilbúa á kostnað landssjóðs, og fá sjóðirnir þær ókeypis. Húsvirðingabækur sjeu lands eign og sendist Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru, og nýjar bækur komnar, eptir því sem stjórnarráðið nánar ákveður. Vanskil á bókunum varða sektum.

26. gr.

Brot vátryggjanda og vanræksla á lögum þessum, og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða rjettarmissi til brunabóta eptir málavöxtum, svo sem reglugjörð tiltekur nánar. Svo má og reglugjörð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—100 krónur, er renni í sjóð þann, er brotið er við.

27. gr.

Með mál út af brotum mót lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá nefnd þeirri sem skipuð var samkvæmt allrahæstum úrskurði 2. marz f. á. til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins hefur stjórnarráðinu borizt frumvarp til laga um vátrygging sveitabæja, sem prentað er með ástæðum ásamt öðrum frumvörpum nefndarinnar, og er stjórnarráðið samdóma nefndinni um, að mál þetta sje mjög þýðingarmikið, og geti orðið til talsverðra hagsmuna fyrir landbúnaðinn, ef það kemst í heppilegt horf. Það hefur því

álitið sjálfsagt að leggja frumvarpið fyrir alþingi með nokkrum breytingum, er virzt hafa nauðsynlegar, og eru aðalbreytingarnar þessar:

1. Nefndin ætlast einungis til, að ábyrgðin nái til sveitabæja þ. e. húsa og híbýla, sem brúkuð eru við ábúð á jörð. sem metin er til dýrleika. Þetta þykir stjórnarráðinu of þröngt; það álítur, að fullt svo mikil þörf sje til þess að vátryggja tómthús og önnur híbýli til sveita, er eigi fylgja jörðu, eins og jarðarhús, því ef tómthús eða lík híbýli brenna, eru líkindi til, að sá sem þar býr, missi alt, sem hann á, en þótt bær á jörð brenni heldur ábúandi þó venjulega eptir skepnum sínum og enda heybirgðum. Stjórnarráðið hefur því gjört þá breytingu að láta vátrygginguna ná einnig til tómthúsa og annara býla utan kauptúna, því það þykir eigi ráðlegt að svo stöddu að ganga enn lengra, og taka hús í kauptúnum með, enda þó kauptúnið væri eigi stórt. Með þessari breytingu gætu um 2300 heimili komizt undir lögin; heimili voru á landinu eptir síðasta fólkstali, alls 12,679
   Þar af voru í kaupstöðunum og 10 stærstu verzlunarstöðunum 3,675
   Sveitabæjarheimili eptir búnaðarskýrslum eru um 6,664
   Tómthús og önnur híbýli um 2,340 12,679
2. Stjórnarráðinu virðist endurgjaldið fyrir skaða vera of lágt sett hjá nefndinni, tveir þriðjungar, og leggur því til, að brunabótasjóður bæti þrjá fjórðu hluta alls skaðans; hyggur stjórnarráðið, að það muni fremur hvetja menn til að stofna ábyrgðarsjóð.
   Þar sem lagt er til, að undir ákvæði laganna skuli einnig falla tómthús og önnur býli utan kauptúns, auk húsa, sem notuð eru við jarðarábúð, þykir það sanngjarnt að *allir* atkvæðisbærir húsráðendur á svæðinu, en eigi búendur eingöngu, hafi atkvæðisrjett um það, hvort stofna eigi brunabótasjóð (sbr. 7. gr.), eða hvort taka eigi til ábyrgðar í sjóðnum hús í öðrum hreppi, (sbr. 4. gr.), o. s. frv. og hefur sett þar að lútandi ákvæði inn í frumvarpið.
4. Stjórninni virðist æskilegt að hafa ákvæði um það í lögunum, að dreifa megi ábyrgðinni, ef því verður við komið og getur það einkum orðið heppilegt, ef lítill hreppur á í hlut. Stjórnin hyggur, að það geti vel verið, að tveir eða fleiri nágrannahreppar vilji slá sjer saman í fjelag, og taka sameiginlega ábyrgð upp á sig, og hefur því sett fyrirmæli um það í 8. gr., að slíkt sje þeim leyfilegt, ef meiri hluti húsráðenda í hverjum hreppi er þessu samþykkur.
5. Eptir frumvarpi nefndarinnar átti ábúandi að greiða iðgjaldið, en fá það aptur endurgoldið af landsdrottni, nema öðruvísi væri um samið í byggingarbrjefi. Stjórnarráðið fellst á það, að ábúandi eða húsráðandi greiði iðgjaldið, en álítur þá um leið sanngjarnt, að húsráðandi hafi rjett til að halda eptir iðgjaldinu af eptirgjaldinu eða húsaleigunni. Svo virðist og stjórninni það sjálfsagt, að gjald þetta hvíli á sjálfri hinni vátryggðu eign og að hún því sje, ef annað þrýtur, trygging fyrir greiðslu gjaldsins. Ákvæði um þetta hafa því verið sett inn í 13. gr. Það segir sig sjálft, að lögtak má eptir þessu ákvæði gjöra í eigninni fyrir iðgjaldinu, ef það er eigi greitt af húsráðanda í rjettan gjalddaga.
6. Stjórnarráðið telur rjettara að endurtryggja í hinum sameiginlega bruna-

bótasjóði tvo hluta af þeim þremur fjórðu hlutum, er vátryggðir eru, og falla þá einnig tveir þriðju allra fastra iðgjalda til endurtryggingarinnar. Á þennan hátt verður vátryggingin áreiðanlegri en áður, og í öðru lagi minnkar ábyrgð sveitarfjelaganna að nokkru, sem virðist vera hentugt, einkum ef bruni kemur upp í litlum hreppi. Ef bær í slíkum hreppi brynni, og hann væri talinn 1200 kr. virði, þá ætti brunabótafjelag hreppsins eptir frumvarpi nefndarinnar að bera 400 krónur af brunaskaðanum, en eptir þessu frumvarpi einungis 300 krónur.

7. Með því að gjöra má ráð fyrir, að störf hins sameiginlega brunabótasjóðs vaxi allmikið, þegar tímar líða fram, hefur stjórninni þótt ástæða til að setja inn í lögin ákvæði um það, að stjórnarráðið geti, þegar nauðsyn þyki til bera, falið einum eða fleiri mönnum stjórn sjóðsins gegn því endurgjaldi, er það ákveður. Ef helmingur allra hreppa og sjávarsveita á landinu gengju undir lögin, þá væru þar með hjerum bil 4500 húseignir vátryggðar, en hver af þessum eignum þarf að hafa sjerstaka síðu í skránni yfir hin vátryggðu býli, til þess þær verði færðar inn í virðingargjörðir á þeim, o. s. frv. Bókfærsla sjóðsins hlýtur því með tímanum að verða meiri en svo, að henni verði gegnt eins og ber á einni skrifstofu stjórnarráðsins, sem þarf að gegna mörgum öðrum og sundurleitum störfum. Sjerstök stjórn mundi og betur geta gefið sig við því að rannsaka, samkvæmt reynslunni, fyrning húsa víðsvegar á landinu, brunahættu og önnur þýðingarmikil atriði fyrir sjóðinn. Það virðist og vera fullkomlega sanngjarnt, að stjórn sjóðsins sje kostuð af vátryggjendum, og þegar að því kemur, að skipa þurfi sjerstaka stjórn fyrir sjóðinn, má búast við því, að tekjur hans sjeu orðnar svo, að hann geti launað stjórn sína, enda mundu launin auðvitað fara eptir efnahagnum.

8. Ákvæði nefndarinnar í 21. gr., að landssjóður skuli 10 fyrstu árin leggja til hins sameiginlega brunabótasjóðs, jafn mikinn styrk og endurtryggingariðgjöld hreppanna nema, er fellt burtu, vegna þess að það þykir nægja, að landssjóður sje skyldur til að lána sjóðnum allt að 10,000 kr. vaxtalaust, hvenær sem hann þarf þess við.

Um aðrar breytingar þykir eigi ástæða til að fjölyrða, þær eru annaðhvort auðsæjar, eða orðabreytingar einar, og að öðru leyti skírskotast því til ástæðna þeirra, er fylgja frumvarpi nefndarinnar.

Frumvarp til laga

um

landsdóm.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Landsdómur skal stofnaður á Íslandi. Samkomustaður hans er að jafnaði í Reykjavík.

2. gr.

Landsdómurinn dæmir mál þau, er alþingi lætur höfða gegn ráðherranum út af embættisrekstri hans, eða á móti landritara útaf embættisrekstri hans, er hann gegnir ráðherrastörfum á eigin ábyrgð.

3. gr.

Í landsdómnum eiga sæti dómararnir í landsyfirdómnum þrír, og ennfremur þrír hinir elztu lögfræðingar landsins, er í öðrum embættum sitja, eiga ekki sæti á alþingi og eru ekki í stjórnarráðinu.

4. gr.

Enn eiga sæti í dómnum 24 þar til kjörnir menn, og skal kosningu á þeim hagað svo, að hver sýslunefnd og bæjarstjórn á landinu kjósi svo marga innanhjeraðs- og innanbæjarmenn, sem hjer segir:

Sýslunefndin í	Vesturskaptafellssýslu	kýs	2
———	- Vestmannaeyjasýslu	—	1
———	- Rangárvallasýslu	—	4
———	- Árnessýslu	—	6
———	- Gullbringusýslu	—	3
———	- Kjósarsýslu	—	1
———	- Borgarfjarðarsýslu	—	2
———	- Mýrasýslu	—	2
———	- Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	—	3
———	- Dalasýslu	—	2
———	- Austurbarðastrandarsýslu . . .	—	1

Sýslunefndin í	Vesturbarðastrandarsýslu . . .	kýs	2
———	- Vesturísafjarðarsýslu	—	2
———	- Norðurísafjarðarsýslu	—	3
———	- Strandasýslu	—	2
———	- Húnavatnssýslu	—	4
———	- Skagafjarðarsýslu	—	4
———	- Eyjafjarðarsýslu	—	4
———	- Suðurþingeyjarsýslu	—	4
———	- Norðurþingeyjarsýslu	—	1
———	- Norðurmúlasýslu	—	3
———	- Suðurmúlasýslu	—	4
———	- Austurskaptafellssýslu	—	1
Bæjarstjórnin í	Reykjavík	—	6
———	á Ísafirði	—	2
———	- Akureyri	—	2
———	- Seyðisfirði	—	1
		Samtals	72

Þar sem fleiri skal kjósa en einn, getur hver sýslunefndarmaður eða bæjarfulltrúi krafizt hlutfallskosningar, er þá fer fram eptir fyrirmælum þingskapa alþingis um slíka kosning þar.

Af hinum kjörnu 72 mönnum nefnir efri deild alþingis þess, er fyrst kemur saman, eptir að kosning í sýslunefndum og bæjarstjórnum hefur fram farið, á öðrum fundi sínum tvennar tylftir frá, eptir þeim reglum, sem gilda um nefndarkosningar (einnig hlutfallskosningar). Því næst sendir forseti deildarinnar skýrslu, svo fljótt sem verða má, um það, hverja deildin hafi frá nefnt, til forseta sameinaðs þings, en hann lætur þá á fundi sameinaðs alþingis taka með hlutkesti tvær tylftir af þeim fjórum tylftum, sem eptir eru. Þær tvær tylftir, er þannig eru hlutkesti teknar, eiga setu í landsdómnum. Hinar tvær tylftirnar skulu vera til vara til að ganga í dóminn, ef einhver hinna kjörnu dómenda deyr, missir kjörgengi eða forfallast.

5. gr.

Enginn er kjörgengur í landsdóminn, sem

a. er yngri en 40 ára eða eldri en 60 ára;
b. á sæti á alþingi;
c. hefur verið dæmdur fyrir verknað, er svívirðilegur er að almenningsáliti;
d. hefur misst fjárráð;
e. hefur þegið af sveit og ekki annaðhvort endurgoldið styrkinn eða fengið eptirgjöf á honum;
f. er öðrum háður sem hjú;
g. er þegn annars ríkis eða í þjónustu þess;
h. á heima í öðru landi.

6. gr.

Forstjóri landsyfirdóms er forseti landsdómsins.

7. gr.

Nú deyr kjörinn dómandi einn eða fleiri, áður en dómur er ruddur (§ 11), missir kjörgengi eða forfallast á annan hátt, þannig að hann getur ekki setið í dómnum, og tekur þá forseti dómsins með hlutkesti jafnmarga menn af varamönnum, og úr gengu, og eiga þeir eptir það sæti í dómnum. Ef dómur er ruddur, og kjörinn dómandi, er eptir hefur setið í dómnum, forfallast eða verður að víkja eptir almennum reglum, tekur forseti með hlutkesti 2 af varamönnum í hans stað, og ryður ákærður öðrum þeirra.

8. gr.

Dómendur skipa dóminn, meðan þeir fullnægja kjörgengisskilyrðunum, en varamennirnir skulu kosnir 6. hvert ár, þannig að sýslunefndir og bæjarstjórnir kjósa samkvæmt 3. gr. 72 innanhjeraðs- og innanbæjarmenn, og nefnir efri deild alþingis frá 24 þeirra á þann hátt, er segir í sömu grein. Af þeim fjórum tylftum, er þá verða eptir, tekur forseti dómsins með hlutkesti varamennina 24.

Hvar þess er forseti lætur hlutkesti fram fara, skal hann hafa viðstadda tvo valinkunna menn, og ennfremur skal vera þar við maður, er ráðherrann skipar til þess, og, er mál er höfðað, ákærð ureða maður, er hann til þess nefnir.

9. gr.

Dómendum bera sömu fæðispeningar og alþingismönnum og endurgjald fyrir ferðakostnað eptir reikningi, sem dómurinn sjálfur úrskurðar. Allur dómskostnaður greiðist úr landsjóði.

10. gr.

Ákvörðun alþingis um málshöfðun gegn ráðherranum eða landritaranum skal gjörð með þingsályktun og skulu kæruatriðin vera nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda sje sókn málsins bundin við þau. Jafnframt útnefnir þingið mann til að sækja málið af sinni hendi, og annan til vara, ef hinn kynni að forfallast.

11. gr.

Sóknari sendir forseta landsdómsins síðan tafarlaust þingsályktunina í frumriti og eptirriti. Forseti sendir ákærðum eptirritið með áritaðri áskorun um að ryðja dóminn, og aðvarar um leið sóknara skriflega um að ryðja dóminn. Þá skipar forseti ákærðum verjanda, og skal taka til þess mann, sem heima á á Íslandi. Rjett er að ákærður tilnefni sjálfur manninn, ef hann vill, eða og haldi sjálfur uppi vörn fyrir sig jafnframt. Dómruðning fer þannig fram, að báðir málspartar, sóknari og ákærður eða verjandi hans, mæta fyrir forseta á tilteknum stað og stundu, og ryður ákærður 2 af hinum lögskipuðu dómendum og 9 af hinum kjörnu, en sóknari 1 af hinum fyrnefndu dómendum en 3 af hinum.

Nú ryður aðili annarhvor eða báðir eigi dóminn, og tekur þá forseti burtu með hlutkesti jafnmarga og ryðja átti. Sje forseta rutt, gegnir hann

samt forsetastörfunum, þangað til dómurinn kemur saman. Við dómruðning skulu viðstaddir sem vottar 4 menn valinkunnir og óvilhallir.

Nú lætur annarhvor málsaðila þess getið við dómruðning, að hann þurfi að afla upplýsinga um kæruatriðin utan Reykjavíkur, og skal þá forseti kalla dómendur þá, er dæma eiga málið, saman með 3—6 mánaða fresti, eptir því sem ástæður eru til, en óski hvorugur aðila að leita sannana utan Reykjavíkur, kallar forseti dómendur saman með öðrum hæfilegum fresti, ekki þó lengri en 3 mánaða. Stefnu skal hann jafnan gefa út á hendur ákærðum, með hinum sama fresti, sem dómendum er veittur, en sóknari lætur birta stefnuna. Stefnan skal rituð á frumrit þingsályktunarinnar.

12. gr.

Það er skylda sóknara að leita allra sannana, og verjanda að færa fram allt það, er sýkna má ákærðan, eða mýkja málstað hans, enda er ákærðum frjálst að gæta hagsmuna sinna ásamt verjanda. Kona ákærðs, foreldrar hans og tengdaforeldrar og fjarskyldari eða fjartengdari beint upp á við, börn hans og barnabörn og fjarskyldari beint niður á við, systkini eða jafntengdir menn verða ekki krafðir vitnisburðar um kæruatriðin. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur um vitni og vitnaskyldu.

13. gr.

Þá er leita þarf vitna utan Reykjavíkur, skal vitnaleiðslan fara fram með venjulegum hætti fyrir hjeraðsdómi, og skal til hennar stefnt með sama hætti og sama fresti, sem um einkamál væri að ræða milli sóknara og ákærðs. Vitnaleiðsla í Reykjavík fer fram fyrir landsdómnum sjálfum. Forseti á, er þess er krafizt af öðrum hvorum málsaðila, að gefa út stefnu til vitna þeirra, er leiða á fyrir landsdómnum.

14. gr.

Nú eru dómendur komnir á dómstað og hefur forstjóra yfirdómsins verið rutt, og skulu þeir þá kjósa sjer forseta úr sínum flokki.

Eigi er dómur lögmætur, nema tveir af hinum lögskipuðu og 10 af hinum kjörnu dómendum, hinir sömu, hlýði á alla sókn og vörn í málinu og taki þátt í uppkvaðning dómsins.

15. gr.

Málflutningur fyrir landsdómi fer fram í heyranda hljóði þannig, að sóknari leggur fram fyrir dómstólinn sönnunargögn sín: útskriptir af vitnaleiðslum utan Reykjavíkur og önnur skjöl, færir síðan fram vitni þau, er nærstödd eru, og spyr hann þau sjálfur, en ákærðum og verjanda er heimilt að leggja fyrir þau gagnspurningar. Dómurinn á engan þátt í vitnaleiðslunni en heimilt er bæði vitninu og aðilum að skjóta því til úrskurðar forseta, hvort spurning sje svo háttað, að svara þurfi henni, og skal hlíta þeim úrskurði. Þá er sóknari hefur fært fram sönnunargögn sín, flytur hann sókn í málinu munnlega. Síðan færir ákærður eða svaramaður hans á sama hátt

fram sín sönnunargögn, þar á meðal nærstödd vitni, er hann spyr sjálfur, en sóknara er heimilt að leggja fyrir vitni ákærðs gagnspurningar. Gildir um aðstöðu dómsins við þessa vitnaleiðslu hið sama, sem við vitnaleiðslu af sóknara hálfu. Er færð eru fram sönnunargögn af hálfu ákærðs, flytur verjandi fram vörnina eða og ákærður sjálfur jafnframt, einnig munnlega. Sóknari á þá rjett á að svara, og ákærður og talsmenn hans til að svara aptur. Hvort aðilar taki optar til máls, ákveður forseti dómsins, en jafnan skal gæta þess að ákærður og talsmenn hans hafi tækifæri til að taka eins opt til máls og sóknari, og að taka til máls síðast, áður en málið er tekið upp til dóms.

16. gr.

Dómur skal ganga í málinu innan 3 sólarhringa, frá því er sókn og vörn var úti.

Ákærðum verður ekki gjörð refsing, nje heldur verða skaðabætur nje málskostnaður lagður á hann nema $^4/_5$ dómenda sjeu á eitt sáttir.

Í dómnum skal ákveða sóknara og svaramanni hæfilega þóknun fyrir málfærsluna. Þóknun verjanda má eigi vera minni en sóknarans. Að öðru leyti fer um málskostnaðargreiðslu eptir almennum reglum.

Dómurinn skal byggður á forsendum, en án fullnægingarfrests.

Sóknari annast um birtingu og fullnustu dómsins á venjulegan hátt.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Á síðasta þingi var af þingmanna hálfu borið upp í neðri deild frumvarp um landsdóm, innlendan dómstól, er skyldi dæma mál þau, er alþingi ljeti höfða gegn ráðherranum útaf embættisrekstri hans eða landritaranum útaf embættisrekstri hans, er hann gegnir ráðherrastörfum á eigin ábyrgð. Frumvarpið var samþykkt í einu hljóði við þriðju umræðu í deildinni, en með því að þingtíminn var þá á enda, komst málið ekki lengra. Eins og tekið er fram bæði í nefndarálitinu um málið á síðasta þingi (Alþ. tíð. C 1903, bls. 683—685) og umræðunum (Alþ. tíð. B 1903, bls. 241—251), er krafan um slíkan dómstól jafngömul kröfunni um innlenda stjórn.

Stjórnarráðið hefir nú fundið ástæðu til að taka upp framannefnt frumvarp neðri deildar, með fáeinum breytingum, og verður gjörð grein fyrir breytingum þessum hjer á eptir, en um frumvarpið að öðru leyti skal vísað til umgetins nefndarálits og umræðna um málið á þingi.

Um 1. gr.

Þessi gr. er samhljóða 1. gr. í frv. neðri deildar.

Um 2. gr.

Úr 2. gr. frvs neðri deildar hafa verið felld orðin: »rannsakar og«, sem höfðu komizt þar inn í ógáti, því að bæði var það, að frumvarpið (Nd,)

ætlaðist ekki til að eiginleg rannsókn færi fram, með því að mál fyrir dómi þessum átti samkvæmt því að reka sem einkamál, og svo er hitt, að samkvæmt því frv. eru það sóknari og verjandi, sem leita eiga allra upplýsinga. Þetta sjest og ljóslega af nefndarálitinu.

Um 3. gr.

Þessi grein er ný. Í nefndarálitinu um málið er þess getið, að það vanti á í frv. Nd., að fullkomin trygging sje fengin fyrir því, að löglærðir menn sitji í dóminum, en við það hafi ekki orðið ráðið, úr því kjósa hafi átt dómendurna. Að vísu skyldi, auk kjörinna 12 dómenda, sitja í landsdómnum forstjóri landsyfirdómsins, sem forseti, ef hann ætti ekki sæti á alþingi, en væri svo, og ef hvorugur meðdómendanna í landsyfirrjettinum gætu komið í hans stað, áttu landsdómendur sjálfir að kjósa forseta sín á meðal, og þá var í raun-inni engin trygging fyrir því, að í dóminum sæti nokkur löglærður maður, eptir því sem kosningunni átti að haga. Hjer er reynt að bæta úr þessu á þann hátt, að auk 24 dómenda, kosinna á svipaðan hátt, sem segir í 2. gr. frv. Nd., skuli eiga sæti í dómnum allir dómendur í yfirrjettinum og þrír lögfræðingar hinir elztu, sem í embætti eru, þó svo að undanskildir sjeu embættismennirnir í stjórnarráðinu. Við þetta fjölgar dómendum um 5 (2). Það þykir sjálfsagt, að undanskilja embættismennina í stjórnarráðinu, því að ekki er ólíklegt, að þeir geti verið að einhverju leyti riðnir við þau verk, er sakaraðila eru gefin að sök.

Um 4. gr.

Í þessa grein eru tekin upp ákvæði 3. gr. frv.s Nd. með nokkrum breytingum, svo sem að krefjast megi hlutfallskosningar, er sýslunefnd á að kjósa fleiri en einn mann í dóminn, til þess að rjettur minni hlutans verði eigi fyrir borð borinn. Enn fremur er hjer sett það ákvæði, að efri deild alþingis skuli nefna frá 2 tylftir af hinum kjörnu mönnum, í stað þess að frv. Nd. tiltók, að öll amtsráðin nefndi frá eina tylft til samans, og alþingi aðra. Þykir fullt svo einlægt að láta efri deild nefna frá báðar þessar tylftir. Loks er fellt burt ákvæðið um, að dómurinn kjósi sjer skrifara úr sínum flokki. Þykir óþarft að ákveða nokkuð um það, enda getur vel hugsazt, að dómurinn vilji heldur kjósa skrifara, sem ekki er dómandi, og virðist ekkert geta verið því til fyrirstöðu.

Um 5. gr.

Þessi grein er samhljóða 4. gr. í frv. Nd.

Um 6. gr.

Sjá athugasemdir við 14. gr.

Um 7. gr.

Þessi grein svarar til 6. gr. í frv. Nd. og er sú breyting ein á gjörð, að fyrirmælin um votta við hlutkesti eru flutt til annarar greinar (8. gr.)

Um 8. gr.

Þessi grein svarar til 7. gr. frvs Nd. með þeirri breytingu, að til er ætlazt hjer að efri deild nefni frá þær tvær tylftir, er amtsráðin og alþingi áttu að nefna frá samkvæmt frv. Nd. Hjer er og tekið upp ákvæði um votta við hlutkesti, og þykir það nóg að tveir valinkunnir menn sjeu viðstaddir, auk manns tilnefnds af stjórninni, og, ef mál er höfðað, af ákærðum sjálfum eða umboðsmanni hans. Fyrirmæli frv. Nd. um að 3 dómendur skuli jafnan vera viðstaddir, er forseti lætur hlutkesti framfara, gæti, ef til vill, eigi orðið framfylgt, nema með allmiklum kostnaði, t. a m. eptir dómruðning, ef enginn af dómendum þeim, er eptir sitja, ættu heima í Reykjavík eða þar í grennd.

Um 9. gr.

Þessi grein er samhljóða 8. gr. í frv. Nd.

Um 10. gr.

Þessi grein er samhljóða 9. gr. frv. Nd.

Um 11. gr.

Þessi grein svarar til 10. gr. í frv. Nd., og, að því er dómruðning snertir, að nokkru leyti til 3. gr. sama frvs. Það hefur þótt rjett að hafa tölu hinna sjálfkjörnu lögfræðinga, sem í dómum eiga sæti, helmingi fleiri en dæma eiga um málið, til þess að færi geti orðið á að ryðja úr dómnum öllum þeim meðal hinna umræddu lögfræðinga, sem sæti kynnu að eiga á alþingi, eða annars mætti óttast um, að ekki væri með öllu óvilhallir, eða að minnsta kosti flestum, er svo stæði á um. Hjer eru sett nokkuð nákvæmari ákvæði um dómruðning en í frv. Nd. Það virðist vera ástæða til þess að hafa stefnufrestinn fyrir málsfyrirtektina lengri, ef leita þarf upplýsinga með vitnaleiðslu utan Reykjavíkur, heldur en þá, er ekki þarf að leita slíkra upplýsinga.

Um 12. gr.

Þessi grein er samhljóða 12. grein í frv. Nd., nema að því leyti, að sleppt er hjer að geta þess, að dómurinn eigi ekki þátt í því, að leiða vitni eða leita upplýsinga á annan hátt, með því að það er tekið fram annarsstaðar í frv. þessu, hvernig upplýsinga skuli aflað og vitni leidd. Svo er og fellt burtu ákvæðið um, að sóknari skuli útvega útskript úr gjörðabók ríkisráðsins. Þetta ákvæði er þýðingarlaust.

Um 13. gr.

Með því að upplýsinga á yfirleitt bæði eptir þessu frumvarpi og frv. Nd. að leita í þeim málum, sem hjer er um að ræða, sem í öðrum einkamálum, virðist ekki vera neitt athugavert við það að láta vitnaleiðslu, sem fara þarf fram utan Reykjavíkur, framfara fyrir hinum reglulegu hjeraðsdómurum, einkum þar sem sennilegt er að sjaldan þurfi til þess að taka að leita umfangsmikilla upplýsinga utan Reykjavíkur. Hitt virðist sjálfsagt, að vitna-

leiðslan fari fram í áheyrn dómsins, að svo miklu leyti sem auðið er, með því að landsdómurinn á, eptir því sem hann á að vera skipaður samkvæmt frv. þessu og frv. Nd., að vera nokkurs konar kviðdómur.

Um 14. gr. sbr. 6. gr.

Eptir því sem málsfærslunni er skipað með þessum lögum, hefur ekkert þótt athugavert við það að láta forstjóra landsyfirrjettarins gegna forsetastörfum við landsdóminn, þangað til dómurinn kemur saman, jafnvel þótt hann sem þingmaður eða af öðrum ástæðum, ef til vill, geti eigi talizt alveg óvilhallur. Undirbúningur sá undir málið, er forseti hefur á höndum, áður en dómurinn kemur saman, er ekki þannig lagaður, að freisting geti verið fyrir mann í jafnveglegri stöðu, til að beita nokkrum órjetti hvorki ákærða í hag eða óhag.

Um 15. gr.

Með því að málaflutningur fyrir landsdómnum eptir frv. þessu og N d. er allmjög frábrugðinn málaflutningi við alla aðra dómstóla landsins, hefur þótt hlýða að segja nokkru nákvæmara en gjört er í frv. Nd. fyrir um það, hvernig flytja skuli málið fyrir dómnum.

Um 16. gr.

Þessi grein svarar til 16. gr. í frv. Nd., með þeirri breytingu, að heimtað er að $^4/_5$ dómenda þurfi að vera sammála um að sakfella ákærðan, til þess að hann verði dæmdur sekur. Eins og áður er sagt, verður landsdómurinn að teljast nokkurs konar kviðdómur, og um slíka dómstóla er einatt svo ákveðið, að ákærður verði ekki dæmdur sekur, nema allir dómendurnir sjeu sammála um það, enda virðist það alveg nauðsynlegt eptir því, sem til hagar, til að tryggja ákærðum óhlutdrægan dóm, að heimta það, að mikill meiri hluti landsdómsins telji hann sekan.

Frumvarp til laga

um

hefð.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Hefð má vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafje, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign.

2. gr.

Skilyrði fyrir hefð er 20 ára óslitið eignarhald á fasteign en 10 ára óslitið eignarhald á lausafje.

Nú hefur maður umráðum náð með glæp eða óráðvandlegu atferli, og má hann þá ekki hefð vinna. Sama er og ef hefðarmaður, áður en hefðin er fullnuð, fær vitneskju um að eignarhaldið sje þannig til komið.

Nú hefir hefðarmaður fengið hlutinn að veði, til geymslu, til láns eða á leigu, og geta þá slík umráð ekki heimilað hefð.

3. gr.

Til hefðartíma má telja óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri, ef eignarhaldið hefir löglega gengið frá manni til manns. Eignarhald hvers einstaks hefðarmanns verður að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr.

4. gr.

Nú missir hefðarmaður umráð yfir hlutnum og slitnar þá hefðarhaldið, nema svo sje, að hann hafi umráðin óviljandi misst, og náð þeim aptur innan 6 mánaða eða nái þeim með lögsókn, er hafin sje innan þess frests og rekin með hæfilegum hraða.

Nú er rjettur hefðarmanns til eignarhaldsins vefengdur með löglega birtri kæru til sáttanefndar eða dómstefnu, og málið síðan rekið með hæfilegum hraða, eða sagt er til vefengingarkröfu í búi hans, ef það hefur verið tekið til opinberrar skiftameðferðar, og slitnar þá hefðarhaldið.

5. gr.

Nú hefur maður arðberandi hlut í eignarhaldi, er til hefðar mátti leiða samkv. 2. gr., og hluturinn verður af honum dæmdur, þá ber honum að eins að standa skil á þeim arði, er hann hefur haft af hlutnum, frá þeim degi, er honum var birt sáttakæra, eða dómstefna eða sagt var til kröfu í búi hans.

6. gr.

Fullnuð hefð skapar eignarrjett yfir hlut þeim, er í eignarhaldi var, og þarf hefðarmaður ekki að styðjast við aðra eignarheimild.

Afnotarjettur, sem stofnaður er áður en hefðarhaldið byrjaði, fellur úr gildi um leið og hefðin er fullnuð, ef umráð hefðarmanns yfir eigninni hafa útilokað afnotin. Afnotarjettur, sem stofnaður er af öðrum en hefðarmanni, meðan hann hafði eignina í hefðarhaldi, fellur einnig úr gildi um leið og hefð er fullnuð, þótt ekki sjeu liðin 20 ár frá því, er hann var stofnaður, ef umráð hefðarmanns hafa útilokað afnotin.

Afgjaldsskyldur, er á jörð hvíla, og sjálfsvörzluveðsrjettur falla ekki úr gildi við það, að eign sú, er rjettindi þessi hvíla á, verður hefðuð.

7. gr.

Notkun með samsvarandi skilyrðum og þeim, er gilda um eignarhefð, skapar afnotarjett.

8. gr.

Hefð á ósýnilegum ítökum svo sem slægjum, beit, reka o. s. frv. getur að eins unnizt með 40 ára notkun og öðrum skilyrðum sömu sem eignarhefð.

9. gr.

Nú hefur maður haft jörð, er metin er til dýrleika eða útmælda lóð í kaupstöðum eða kauptúnum í eignarhaldi í 20 ár, án þess að hafa þinglesna eignarheimild, þá getur hann fengið eignardóm fyrir fasteigninni, ef hann uppfyllir eptirfarandi skilyrði,

1. að hann með stefnu, sem birt er á þann hátt, er fyrir er mælt í 10. gr., innkalli með 6 mánaða fyrirvara hvern þann, er tilkall kann að gjöra til eignarinnar,
2. að enginn mæti samkvæmt stefnunni, er sanni rjett sinn til eignarinnar eða aðrar kringumstæður, er útiloki eignarrjett eða hefð stefnanda.

Stefnandinn er ennfremur skyldur til að mæta persónulega við fyrstu fyrirtekt málsins fyrir rjettinum og leggja fram sannanir fyrir því, að stefnan

hafi verið birt á lögskipaðan hátt, svo og sannanir fyrir því að hann hafi haft eignina í hefðarhaldi í 20 ár, og yfirhöfuð gefa allar þær skýrslur og skýringar um eignarhaldið, er dómarinn finnur ástæðu til að heimta. Ennfremur ber honum að sanna eða gjöra sennilegt, að hann hefði ekki getað á annan hátt án mikilla erfiðleika, tímaspillis og kostnaðar fengið löglega eignarheimild fyrir eigninni.

Eignardóminum má svo þinglýsa sem eignarheimild fyrir jörðinni.

Eignardómsmál samkvæmt þessari grein skulu rekin fyrir aukarjetti, er halda skal á skrifstofu lögsagnarumdæmis þess, er fasteignin liggur í.

10. gr.

Stefna sú, er getur um í 9. gr., skal birt þrisvar sinnum í blaði því á Íslandi, er flytur stjórnarvalda-auglýsingar, og skal ennfremur samtímis fest upp á þingstaðnum í dómþinghá þeirri, er fasteignin liggur í.

11. gr.

Ákvæði Jónsbókar í 26. kap. landsleigubálks og ákvæði 16. gr. í erindisbrjefi biskupanna 1. júlí 1746 um hefð eru úr lögum numin.

12. gr.

Til að fylla hefðartíma má telja með eignarhald það, sem hefðarmaður hefur haft áður en lög þessi ganga í gildi, þó svo að engin hefð eptir lögum þessum sje talin fullnuð fyr en í árslok árið 1909.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Frumvarp til laga um hefð og fyrningu rjettinda var af stjórnarinnar hálfu lagt fyrir hið fyrsta ráðgefandi alþingi 1845. Var í frumvarpi þessu farið fram á, að ákvæðin í landsleigubálki Jónsbókar 26. kap. og kaupabálki 8. kap. væru afnumin og í stað þeirra sett ákvæði dönsku laga 5. bókar 5. kap. (N. L. 5—5—3 o. fl.) og 5. bókar 14. kap. 4. gr. (N. L. 5—13—2) um hefð og fyrningu skulda. Í ástæðunum fyrir lagafrumvarpi þessu var skýrt frá undirbúningi málsins, og höfðu að heita má allir lögfræðingar landsins verið á einu bandi um að ráða til að gjöra frumvarpið að lögum. Samt sem áður sætti málið mikilli mótspyrnu á alþingi og var fellt með 16 atkv. gegn 8. Ástæður þær, er fluttar voru gegn frumvarpi stjórnarinnar snertu bæði formhlið málsins og efni laganna. Það spilti fyrir framgangi frumvarpsins, að það var þannig úr garði gjört, að látið var duga að lögleiða ákvæði dönsku laga hjer að lútandi, án þess að búa til sjálfstætt frumvarp, sem nefnd ákvæði væru tekin í.

Að því er innihald lagafrumvarpsins snertir, þá var meiri hluti nefndar þeirrar, er sett var til að athuga það, hefðarákvæðunum andvíg, en þar á móti voru allir nefndarmenn samhuga í að mæla fram með ákvæðum frumvarpsins um fyrning skulda.

Ástæður nefndarinnar eða meiri hluta hennar gegn því, að lögleiða hefð, snertu eingöngu jarðeignir og þar að lútandi rjettindi; þar á móti hefur hefð á lausafje eigi komið til álita; það var tekið fram að vegna þess, að löndin væru ummálsmikil og landamerki óglögg og ógreinileg, mætti með ásælni og yfirgangi ná parti frá einni jörð undir aðra; eignir og ítök lægju svo afskekkt til fjalla, að hægt væri að nota þau af öðrum, án þess eigandi eða umráðamaður vissi neitt af; ætti þetta sjerílagi stað um kirknaítök, því víða skipti opt um presta og þeir opt illa settir til að nota hlunnindi kirknanna. Þar á móti voru engin rök leidd að því, að óheppilegt væri yfirleitt að gjöra hefð að lögum hjer á landi.

Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífið, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífið, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Þó þetta hafi ef til vill borið einhvern árangur, þá er það þó víst að mjög mikið vantar á, að jarðeigendur hafi eignarheimildir sínar í lagi, og hafa því bæði landsbankinn og aðrar lánsstofnanir orðið að láta sjer nægja vottorð sýslumanna um, að hlutaðeigandi sje »vitanlegur eigandi«, en bæði er það auðsætt, að þesskonar vottorð eru engan veginn tryggileg, enda vantar sýslumenn optlega nægan kunnugleik til að gefa þau.

Úr þessu á lagafrumvarp þetta að bæta að miklu leyti, því þar eru gefnar reglur fyrir því, að sá, sem haft hefur jörðina í eignarhaldi í 20 ár og að öðru leyti uppfylt hin ákveðnu hefðarskilyrði, geti sjer kostnaðar og umsvifalítið fengið eignardóm fyrir jörðinni, og með því að láta þinglýsa dóminum öðlast þinglýsta eignarheimild fyrir henni, en það er víst, að ákvæði Jónsbókar í landsleigubálki kap, 26, veita alls enga hjálp í þessu tilliti.

Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845, og að því er hefð á ítökum snertir er það tekið fram í 8. gr., að ósýnileg ítök hefðist ekki með 20 ára notkun.

Ákvæðin um hefð eru að mestu leyti löguð eptir því, sem hjeraðlútandi ákvæðum í dönsku og norsku lögum hefir verið beitt í framkvæmdinni.

Um hin einstöku ákvæði hefðarlaganna skal þetta tekið fram.

1. gr.

Í þessari grein er tekið fram, að allir hlutir, sem á annað borð geta verið einstakra manna eign, dauðir og lifandi, fastir og lausir og hvort sem hluturinn er eign einstakra manna, landsins eða opinberra stofnana, falli undir áhrif hefðarinnar, ɔ: megi hefða. Skuldabrjef verða og að falla undir ákvæði greinarinnar.

2. gr.

Hjer eru tekin fram skilyrðin fyrir því, að hefð skapi eignarrjett. Þar til útheimtist í fyrsta lagi eignarhald. Hefðarhald eða eignarhald ɔ: það samband milli manns og muna, er heimta verður sem skilyrði fyrir hefð, er naumast hægt að skýra í ákveðnum formála, sem við eigi í öllum hlutföllum, er fyrir koma, en svo mikið má segja, að hefðandinn verður að ráða yfir hlutnum þannig, að aðrir hafi útilokazt frá jafnhliða að ráða yfir honum. Þannig er það að því er skuldabrjef snertir ekki nóg, að handhafi hafi geymt skuldabrjefið hjá sjer, heldur verður hann að hafa ráðið yfir kröfu þeirri, er skuldabrjefið hljóðar um, t. d. með því að taka á móti vöxtum, útiloka aðra frá að fá vextina greidda, veðsetja skuldabrjefið o. s. frv.

Þetta eignarhald er samkvæmt greininni útilokað, ef það sannast að umráðandinn hefur fengið hlutinn að veði, til geymslu, láns eða leigu, eða með öðrum orðum, þau umráð eru útilokuð frá hefðarhaldi, þar sem handhafi hefur skuldbundið sig beinlínis eða óbeinlínis (ex contractu og quasi ex contractu) við móttöku hlutarins eða síðar, til að skila honum aptur. Ennfremur eru þau umráð útilokuð, sem handhafi hefir náð með glæp eða óráðvandlegu atferli. Er þar átt við, að handhafi hafi haft þann ásetning og verið sjer þess meðvitandi að hann ranglega gjörði öðrum skaða með því að leggja hlutinn undir sig og ráða yfir honum.

Það virðist óþarfi að taka það sjerstaklega fram í lögunum, að á sama stendur, hvort hefðandinn ræður yfir hlutnum sjálfur, eða lætur aðra gjöra það sin vegna.

Hefðartíminn er ákveðinn, að því er fasteign snertir, hinn sami eins og í dönsku lögum, 20 ár. Aptur á móti hefur virzt ástæða til að hafa hann að eins 10 ár, ef um lausafje er að ræða, og er það að dæmi Þjóðverja.

3. gr.

Samkvæmt 3. gr. má leggja saman hefðartíma 2ja eða fleiri umráðenda, ef eignarhald eptirmannsins er löglegt áframhald af eignarhaldi formanns, t. d. að eptirmaðurinn hefur keypt hlutinn, eða fengið hann að erfðum frá formanni. Eignarhaldið hjá hverjum einstökum af hefðendunum verður að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr.

4. gr.

Hefðarhaldið á samkv. 2. gr. að vera óslitið, en hefðarhaldið slitnar

þegar hefðarmaðurinn missir umráð yfir hlutnum, þó hefur virzt nauðsynlegt til að vernda rjett hefðarmannsins að gjöra þá undantekningu, að ef hefðandinn óviljandi missir umráðin, en nær þeim aptur innan 6 mánaða, eða nær þeim með málssókn, er hann hefur hafið innan þess tíma, þá skuli hefðarhaldið ekki álítast slitið.

Í öðru lagi slitnar hefðarhaldið, ef rjettur hefðarmannsins til eignarinnar er vefengdur með löglega framfylgdri kæru til sáttanefndar eða dómstefnu, og hluturinn verður af honum dæmdur.

Sama gildir um vefengingar-kröfu í dánar- eða þrotabúi hefðarmanns.

5. gr.

Í þessari grein, er svarar til D. L. 5—5—4 (N. L. 5—5—6), er ákveðið að handhafi, er uppfyllir hin subjektívu skilyrði til að geta unnið hefð, þurfi ekki að endurgjalda arð þann, er hann hefur haft af hlutnum fyr en frá kæru eða stefnudegi.

6. gr.

Hjer ræðir um hin lagalegu áhrif hefðarinnar. Það leiðir af sjálfu sjer, að hefðandinn fær eignarrjett yfir hlutnum, þegar hefðin er fullnuð, en jafnframt leiðir það af tilgangi hefðarinnar, að öll afnotarjettindi annara yfir hlutnum, er stofnuð voru áður en hefðarhaldið byrjaði, verða að falla úr gildi, ef þau hafa engin lífsmörk sýnt í 20 ár, heldur þvert á móti hefðandinn hefur notað og meðhöndlað hlutinn þannig, að afnotarjettindi þessi voru óframkvæmanleg. En ekki að eins þessi rjettindi, heldur einnig þau afnotarjettindi, er stofnuð eru eptir að eignarhaldið hófst, verða að falla úr gildi um leið og hefðin er fullnuð, ef þeim hefur ekki verið haldið í gildi með því að nota afnota-rjettinn, því það er tilgangur hefðarinnar að tryggja hefðandanum þann rjett eða þau umráð yfir hlutnum, er hann hefur haft í 20 ár, en þetta er því að eins hægt, að þessi rjettindi falli úr gildi, þegar hefðin er fullnuð.

Þessi rjettindi geta að vísu verið löglega stofnuð, og ef þau hefðu verið gjörð gildandi áður en hefðin var fullnuð, þá hefðu þau haldizt í fullum krapti; en þegar eigandi afnotarjettindanna þar á móti gjörir ekkert til að hagnýta sjer þessi rjettindi innan þess tíma, þá virðist það í sjálfu sjer ekki órjettlátt, að sá hluti af hefðartímanum, er liðinn var, þegar þessi rjettindi stofnuðust, teljist á móti honum, því rjettur heimildarmanns hans var nú þessum anmörkum bundinn, að hefðarhald yfir eigninni var byrjað.

Um ítök verða að gilda samskonar reglur; en að því er þau snertir, verður að leggja áherzlu á það, að hefðandinn hafi notað og meðhöndlað eignina í 20 ár þannig, að ítakið var óframkvæmanlegt. Að því er sýnileg ítök snertir, þá verður aðallega það krefjast, að ítakstilfærin hafi verið tekin í burtu eða gjörð óbrúkanleg. Að því er ósýnileg ítök snertir t. d. engjaítak, þá er það ekki nægilegt, að ítakseigandinn hafi ekki notað þennan rjett sinn, heldur verður að krefjast þess, að hefðandinn hafi ráðið þannig yfir jörð sinni að það var ósamrýmanlegt við ítaksrjettinn, með því t. d. að gjöra landið að flæðengi, slá það upp árlega o. s. frv. Að því er snertir hinar svonefndu negatívu kvaðir gildir hið sama. Sem dæmi má nefna rjett til útsýnis. Þessi

rjettur verður að hverfa, ef byggt hefur verið á þeirri lóð, er kvöðin hvíldi á, þannig að tekið hefur fyrir útsýnið, og byggingin hefur staðið í 20 ár.

7. og 8. gr.

Hjer er ákveðið, að notkun skapi afnotarjett undir samskonar skilyrðum og við eignarhefð. Notkunin verður þannig að hafa staðið yfir í 20 ár óslitin. Nothefðin er útilokuð þar sem umráðamaður hefur skuldbundið sig til að sleppa umráðunum, eða hefur náð þeim með glæp eða óráðvandlegu atferli. Notkunin verður að vera að sama skapi stöðug og framhaldandi eins og það eignarhald, sem er skilyrði fyrir eignarhefð. Það er enginn vafi á því, að þessu skilyrði er fullnægt að því er snertir ábúðarrjett; hafi t. d. ófullveðja maður byggt öðrum jörð upp á lífstíð, má ripta slíkum samningi, en hafi leiguliði búið á jörðinni í 20 ár, þá hefur hann unnið hefð á ábúðarrjettinum, og honum verður ekki riptað úr því.

Sama er að segja um sýnileg ítök.

Að því er þar á móti snertir ósýnileg ítök ɔ: þar sem notkun ítaksins útheimtir engan útbúning, er eingöngu er gjörður í þessu skyni, þar er notkunin ekki að sama skapi stöðug eins og eignarhaldið, og uppfyllir því ekki þau skilyrði, er gilda um 20 ára nothefð. Það voru einmitt þessi ítök, er andmælendur hefðarlaganna sjerstaklega höfðu fyrir augum á alþingi 1845. Andmælendurnir litu svo á, að þau ættu að falla inn undir 20 ára hefðina, og álitu það mjög óheppilegt og jafnvel hættulegt. Til þess nú að taka af allan vafa er það í 8. gr. ákveðið, að þessi ítök falli ekki undir hina vanalegu hefð. Þau eignast menn að eins með 40 ára samfleyttri notkun, og að öðru leyti með samskonar skilyrðum og við eignarhefð.

9. og 10. gr.

Ákvæði þessara greina miða að því að gjöra þeim, er uppfyllir þau skilyrði, sem sett eru um hefð, sem ljettast fyrir að útvega sjer formlega eignarheimild, en auðvitað hefur það jafnframt verið haft fyrir augum að setja nægilegar tryggingar fyrir því, að þeir einir geti fengið eignardóm, sem lögmætt tilkall hafa til eignarinnar. Ákvæði þessi eiga þó að eins við fasteignir, nfl. jarðir eða jarðarparta, sem metnir eru til dýrleika, og útmældar lóðir í kaupstöðum og kauptúnum. Ennfremur verða þessi ákvæði að eiga við hluta úr jörðum, sem er sjálfstæð eign með tilteknum ummerkjum og innfærður er í afsals- og veðbrjefabækurnar; en að því er skuldabrjef snertir, hefur þótt rjettast að halda sjer við hið eldra form, leyfisbrjef til eignardóms.

Það virðist ekki þurfa að taka fram, að ákvæði þessi breyta í engu þeim ákvæðum, er gilda um dóma í landamerkjamálum.

12. gr.

Í þessari grein er ákveðið, að til að fylla hefðartíma, megi telja með eignarhald það, sem hefðarmaður hefur haft áður en lög þessi ganga í gildi, þó þannig, að engin hefð sje talin fullnuð fyr en við árslok árið 1909. Sam-

kvæmt eðli hefðarinnar, að vernda og tryggja viðskiptalífið, virðist þessi tilhögun rjettust, en rjettindahafanum er gefinn nægilegur frestur, 4 ár, til að gæta rjettar síns.

Frumvarp til laga

um

lögaldursleyfi handa konum.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

Frá 1. janúar 1906 má veita konum lögaldursleyfi eptir sömu reglum og með sömu skilyrðum og karlmönnum.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Með opnu brjefi 4. janúar 1861 fengu ógiptar konur myndugleika í fjármálum á sama hátt og karlmenn; urðu hálfmyndugar 18 ára og fullmyndugar 25 ára, og með lögum 12. janúar 1900, 10. gr., öðluðust giptar konur hið sama forræði og ógiptar, en í hvorugum þessum lögum er heimild til þess að veita konum lögaldursleyfi eða undanþágu frá lögaldursákvæðunum á líkan hátt og karlmönnum. Með því að slíkar undanþágur auðvitað höfðu aldrei tíðkazt, áður en opið brjef 4. janúar 1861 kom út, og heldur eigi hafa átt sjer stað eptir þann tíma, þangað til stjórnarskrá Íslands var gefin, þá er nú samkvæmt 13. gr. stjórnarskrárinnar engin heimild til þess að veita slíkar undanþágur.

Það hefir nú komið fyrir nýlega, að ófullveðja kona hefir sótt um lögaldursleyfi, og hefir orðið að neita um það. Þar sem löggjöfin hefur á síðari árum aðhyllst þá stefnu að gjöra konur eins rjettháar í fjármálum og karlmenn, sbr. fyrnefnd lög 12. janúar 1900, virðist engin ástæða til að gjöra þeim lægra undir höfði í þessu atriði, enda getur þeim verið eins áríðandi og karlmönnum að fá lögaldursleyfi, og hefur því stjórnarráðinu virzt ástæða til að leggja frumvarp þetta fyrir alþingi.

Þess skal að endingu getið, að orðið »konur« á bæði við giptar og ógiptar konur, og að sýslumenn og bæjarfógetar veita leyfið, þegar konan er fullra 22 ára, sjá tilsk. 23. ágúst 1904 I. 1. j. 3, en stjórnarráðið, þegar konan er að eins 21 árs að aldri og sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, er gjöra það nauðsynlegt fyrir hana að fá lögaldursleyfi.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum 7. apríl 1876 um þingsköp handa alþingi ásamt lögum 22. maí 1890 um viðauka og breyting á þingsköpum alþingis.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Síðasta málsgrein í 2. gr. laga 7. apríl 1876 skal hljóða þannig:

Eptir sömu reglum skal farið, þegar kjósa á varaforseta, en er skrifararnir verða kosnir, skal atkvæðafjöldi ráða, nema óskað sje eptir hlutfallskosningu, og hún viðhöfð, því þá fer hún fram eins og segir í 40. grein.

2. gr.

Fyrsta málsgrein í 3. grein laganna hljóði þannig:

Síðan skal kjósa óbundnum kosningum þá 8 þjóðkjörnu alþingismenn, sem eiga að hafa sæti í efri deild þingsins (16. gr. stjórnarskrárinnar, og 5. grein stjórnarskipunarlaga 3. oktbr. 1903).

3. gr.

Við 4. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Þingmaður sá, er fyrir aldurssakir skipar forsæti, hvort heldur í sameinuðu þingi, eða í þingdeildunum, hefur á meðan allan sama rjett og skyldur sem forseti, hann tekur því eigi þátt í atkvæðagreiðslu.

4. gr.

Á 5. gr. laganna verða þessar breytingar:

2. málsgrein í 2. lið hljóði þannig:

Þeir ráða ritara og aðra þá menn, sem þörf er á til þingstarfa, og ákveða laun þeirra.

Á eptir 3. lið í sömu málsgrein bætist:

og umsjón með alþingishúsinu.

5. gr.

6. gr. laganna skal hljóða þannig:

Í forföllum forseta gengur varaforseti í öllu tilliti í hans stað.

Nú er hvorki forseti nje varaforseti búsettur í Reykjavík, eða svo nálægt Reykjavík, að hæglega verði til þeirra náð, og skal þá í þinglok kjósa þingmann, er uppfyllir þessi skilyrði, til þess að annast störf forseta milli þinga. Kosning þessi skal fara fram á sama hátt og áður er tekið fram um forsetakosningu.

6. gr.

2 fyrstu málsgreinar í 7. gr. laganna skulu hljóða þannig:

Skrifararnir halda undir umsjón forsetans stutta bók, þar sem ritað er efni umræðanna og úrslit þeirra; hún skal síðar undirskrifuð af forseta og öðrum skrifaranna, og vera til sýnis þingmönnum á lestrarsalnum, að minnsta kosti 2 tíma, áður en næsti fundur byrjar. Ennfremur telja skrifararnir saman atkvæði við atkvæðagreiðslurnar; við nafnakall greiða þeir fyrst atkvæði, og skrá síðan hin atkvæðin.

7. gr.

Á eptir 1. lið í 11. grein laganna komi svohljóðandi ákvæði:

Þau lagafrumvörp, að undanskildum frumvörpum til stjórnarskrárbreytingarlaga, og til breytingar á þingsköpum alþingis, sem borin eru upp af þingmanna hálfu, og fram koma fjórum vikum eptir þingsetningu, verða því að eins tekin til reglulegrar meðferðar í deildinni, að meiri hluti þingmanna í þeirri deild, sem frumvarpið er borið upp í, samþykki það. Þessa samþykkis skal leitað, þá er málið kemur til 1. umræðu, og eptir að flutningsmaður einn hefur tekið til máls, og skýrt frá þýðingu frumvarpsins. Neiti deildin um samþykkið, er frumvarpið þarmeð fallið, og skal næsta mál á dagskránni tekið fyrir.

8. gr.

Í 14. gr. laganna breytist síðasta málsgrein 1. liðs þannig:

Að því búnu skal bera frumvarpið upp undir atkvæði í heild sinni í því formi, sem það nú er.

Fyrri málsgrein 2. liðs hljóði svo:

Enginn má við neina umræðu taka til máls optar en tvisvar í sama máli, nema ráðherrann eða umboðsmaður hans, framsögumaður og flutningsmaður, eða ef fleiri en einn eru flutningsmenn, þá sá, sem fyrstur stendur skráður af flutningsmönnum eða til þess er nefndur af meðflytjendum.

9. gr.

4. og 5. málsgrein í 19. gr. laganna orðist þannig:

Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess, að gjörð verði fullnaðarályktun í málinu, að meira en helmingur þingmanna úr hvorri deildinni um sig sje á fundi, og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum, um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti, að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu (9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. oktbr. 1903).

10. gr.

Á eptir 20. gr. komi ný grein, 21. gr. svohljóðandi:

Lagafrumvarp, sem önnurhvor deildin hefur fellt, má eigi bera upp aptur á sama þingi.

11. gr.

Aptan við 23. gr., sem nú verður 24. gr., bætist:

Breytingartillögu, um atriði, sem búið er að fella í annarihvorri deildinni, má eigi bera upp aptur í sömu deildinni á hinu sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi, ef tækifæri er til þess eptir þingsköpunum. Forseti úrskurðar, hvort það er hið sama atriði, sem nú liggur fyrir, og búið er að útkljá, og eru þingmenn skyldir að hlíta þeim úrskurði.

12. gr.

Síðasti liður í 27. gr. laganna orðist svo:

Þyki þingdeildinni eigi ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, getur hún vísað því til ráðherrans (stjórnarskipunarlög 3. okt. 1903 12. gr.

13. gr.

28. gr. (nú 29. gr.) orðist þannig:

Sjerhver þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls, og fengið leyfi til þess, skal standa upp frá sæti sínu og mæla þaðan. Enginn má ávarpa annan þingmann eða nefna hann nafni.

14. gr.

35. gr. (nú 36. gr.) 1. málsgrein hljóði þannig:

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt mál, nema meira en helmingur þingmanna sje á fundi, og greiði þar atkvæði (11. gr. stjórnarskipunarlaga 3. oktbr. 1903).

15. gr.

2. málsgrein í 37. gr. (nú 38. gr.) hljóði þannig:

Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla jafnaðarlega fram á þann hátt, að þingmenn standi upp úr sætum sínum, sem forseti hefur ákveðið hverjum fyrir sig; á þennan hátt skal greiða atkvæði bæði með og móti; skrifararnir telja atkvæðin.

16. gr.

Upphaf 38. gr. (nú 39. gr.) orðist þannig:

Kosningar fara venjulega fram eptir atkvæðafjölda á þann hátt o. s. frv.

17. gr.

Á eptir 38. gr. (nú 39. gr.) komi ný grein, er verður 40. gr. svohljóðandi:

Þá er þriðjungur þingmanna í sameinuðu þingi eða þingdeildarmanna í annarihvorri deildinni óskar þess, skal hlutfallskosningaraðferð viðhafa við nefndarkosningar. Aðferðin skal vera þessi:

Tölu atkvæðaseðlanna skal deilt með tölu nefndarmanna, töluna, sem þá kemur út, að broti frátöldu, skal leggja til grundvallar fyrir kosningunni (hlutfallstala).

Seðlunum skal vandlega blandað í hylki, og dregur forseti einn og einn upp í einu, og les upp það nafn, er efst stendur á seðli hverjum, en skrifararnir skrá það. Þá seðla, sem sama nafn stendur efst á, skal leggja saman í bunka, og þegar er sama nafn hefur svo opt upplesið verið, að það nær hlutfallstölunni, skal hlje gjöra á upplestrinum. Forseti og skrifarar bera seðlana saman við það, sem ritarar hafa bókað, og gæta þess, að það sje rjett. Lýsir forseti svo þann rjett kjörinn, sem hlutfallstölunni hefur náð. Síðan er haldið áfram upplestri á þeim seðlum, sem eptir eru, en þó svo, að standi nafn þingmanns, sem þegar er kosinn, efst á seðli, skal strika það út, og lesa upp hið næsta nafn á eptir á þeim seðli, og skal að öllu með fara, sem áður er sagt, og svo koll af kolli, unz allir seðlarnir eru upplesnir, eða allir nefndarmenn kosnir.

Nú er nafn eigi svo glöggt táknað, að víst sje, eða nafn er með öllu skakkt, og fellur það þá úr, en eigi er seðill ógildur að heldur. Eigi er seðill ógildur, þótt fleiri nöfn eða færri, en þörf er á, sjeu á hann rituð.

Verði nefnd eigi fullkosin, eptir þessari aðferð, skal kjósa þá, er til vantar, einfaldri meiri hluta kosningu, en til þess að kosningin sje gild, þarf sá, sem kosinn er, að hafa meira en helming atkvæða þeirra, sem greidd eru,

18. gr.

Í stað orðanna »landshöfðingja« í 14. gr. fyrri lið, »fulltrúa stjórnarinnar« í 29. gr., »Landshöfðinginn eða aðstoðarmaður hans« í 30. gr. 2. lið og »landshöfðingi« í 43. gr., komi orðin: »ráðherra eða umboðsmaður hans« (10. gr. stjórnarskipunarlaga 3. oktbr. 1903) í þeim föllum, sem við á.

Í stað orðsins »landshöfðingja(num)« í 16., 17., 18., 19. og 24. gr. á tveim stöðum komi orðið »ráðherra«.

19. gr.

Í stað orðanna »28. gr. stjórnarskrárinnar« í 8., 15., 17., 18. og 19. gr. laganna komi:

9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. oktbr. 1903.

Í stað orðanna »(39. gr. stjórnarskrárinnar)« í enda 27. gr. laganna komi: (11. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903).

Í stað orðanna »(34. gr. stjórnarskrárinnar)« í enda 30. gr. laganna komi: (10. gr. stjórnarskipunarlaga 3. okt. 1903).

Tilvitnanir í 44. gr. (46. gr.) laganna breytast samkvæmt lögum þessum.

20. gr.

Um leið og lög þessi eru staðfest, getur konungur gefið út texta laganna 7. apríl 1876 um þingsköp handa alþingi Íslendinga, með þeim breytingum, sem þessi lög innihalda, sem »lög um þingsköp handa alþingi«.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 22., 22. maí 1890 um viðauka og breyting á þingsköpum alþingis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hin nýju stjórnarskipunarlög 3. oktbr. 1903, einkum 9.—12. gr., hafa að sjálfsögðu í för með sjer nokkrar breytingar á þingsköpum alþingis. Þetta var alþingi 1903 einnig ljóst, því það veitti með lögum nr. 51, 27, nóvbr. 1903 heimild til þess að ákveða þær nauðsynlegu breytingar á þingsköpunum, sem nefnd stjórnarskipunarlög hefðu í för með sjer, til bráðabirgða með konunglegri tilskipun.

Samkvæmt þessari heimild verður nauðsynleg breyting gjörð með konunglegri tilskipun á þingsköpunum fyrir alþingi 1905, en jafnframt virðist sjálfsagt að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um þessar breytingar. Úr því farið var að hreifa við þingsköpunum, þótti stjórnarráðinu ekki ástæða til að binda sig eingöngu við þær breytingar, sem nauðsynlegar væru vegna

stjórnarbreytingarinnar, heldur áleit það rjett, að koma einnig fram með aðrar breytingar, er æskilegar væru, og lögfesta ýmsar venjur, sem myndazt hafa. Stjórnarráðið verður að telja æskilegt, að hafa þingsköpin öll í einni heild, svo fljótlegt sje að fletta upp í þeim, án þess að þurfa að leita í breytinga- og viðaukalögum.

En til þess að tefja ekki tíma þingsins með því, að leggja fyrir það til samþykktar þann meginþorra gildandi þingskapa, sem ekki er farið fram á neina breytingu við, og þannig gjöra örðugra fyrir, að átta sig á breytingum þeim, sem upp á er stungið, hefir verið valið það form, að setja bæði hinar nýju breytingar og eldri viðauka við þingsköpin fram í lagaboði um aðra orðun á tilteknum greinum í þingskapalögunum frá 7. apríl 1876, og jafnframt gefa heimild til jafnskjótt og lög þessi nái staðfesting konungs, að gefa út texta þeirra laga með þeim breytingum, er lögteknar verða, sem og lög um þingsköp fyrir alþingi. Þetta form við breyting á stærri lagabálkum er mjög farið að tíðkast á ríkisþingi Dana hin síðustu ár og þykir mjög hentugt.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Við 1. gr.

Í enda greinarinnar er bætt við að kjósa megi skrifarana með hlutfallskosningu. Það virðist vera í fullu samræmi við, að slíkri aðferð er beitt við nefndarkosningu, og vera eins mikil ástæða til, að tryggja minni hlutanum áhrif á skrifarakosningu og á nefndarkosningu. Þetta er líka svo í þingsköpum fólksþingsins danska (3. gr.), en í landsþinginu eru skrifarar kosnir á sama hátt og forseti og varaforseti.

Við 2. gr.

Breytingin að kjósa skuli 8 þingmenn upp í efri deild í stað 6, sem áður var, er bein afleiðing af fyrirmælum 5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. oktbr. 1903.

Við 3. gr.

Hjer er farið fram á, að tengja aptan við 4. gr. þingskapanna, 1. gr. í lögum 22. maí 1890 alveg óbreytta.

Við 4. gr.

Ritarar eru beint nefndir sem starfsmenn þingsins í 40. gr. eins og hún verður eptir þessu frumvarpi (2. gr. laga 22. maí 1890), og þykir því rjett að nefna þá sjerstaklega meðal starfsmanna þingsins.

Þar sem það í sömu grein er lagt til, að bæta því við, að forsetarnir hafi umsjón með alþingishúsinu milli þinga, þá er það samkvæmt þeirri venju, sem gilt hefir síðan alþingishúsið var byggt.

Við 5. gr.

Þeirri venju hefir verið fylgt af þinginu, að ef hvorki forseti nje varaforseti hefir verið búsettur í Reykjavík, þá hefir í þinglok verið kosinn sjerstakur þingmaður búsettur í Reykjavík til þess að gegna störfum forseta milli þinga. Það virðist vera ástæða til, að löghelga þessa venju, og er því ákvæði hjer að lútandi tekið upp, sem viðbót við 6. gr. þingskapanna. Það virðist eigi ástæða til, að einbinda búsetu millibilsforsetans við Reykjavík, heldur að hann búi svo nálægt Reykjavík, að hæglega verði til hans náð, og verður þingið með kosningu sinni, að skera úr því, hvenær það álítur það skilyrði fyrir hendi.

Við 6. gr.

Eptir 7. gr. þingskapanna á að lesa upp gjörðabókina í byrjun hvers fundar, og hefir þetta alltaf verið gjört, en á þennan upplestur virðast fáir hlusta. Það er því farið fram á, að sleppa þessu ákvæði, en ákveðið í þess stað, að bókin skuli lögð fram á lestrarsalinn, að minnsta kosti 2 tímum fyrir byrjun næsta fundar. Á þennan hátt er þingmönnum hægra, að kynna sjer bókun málanna og leiðrjetta hana, en þó hún sje lesin upp í flýti.

Í sömu grein er gjört ráð fyrir, að skrifararnir við *allar* atkvæðagreiðslur greiði fyrstir atkvæði, en þetta á í rauninni að eins við þegar nafnakall fer fram, og er því breyting í þessa átt, sem er alveg samkvæm venjunni, gjörð í þessari grein.

Við 7. gr.

Á undanförnum þingum hefir opt og einatt verið kvartað yfir því, að starfstími þingsins ódrýgðist mjög við það, að hlaðið væri inn nýjum og nýjum frumvörpum og málefnum fram eptir öllu þingi, jafnvel fram undir þinglok, svo þingmenn ættu ómögulegt með að komast yfir, að taka þau öll til rækilegrar íhugunar og úrslita, en þingið yrði of hlaðið störfum án tilsvarandi árangurs. Hafa þingmenn verið að ráðgast um það sín á milli, hvernig þetta gæti orðið hindrað eða takmarkað. Helzt hafa menn hneigzt að því, að kjósa ætti nefnd, til að íhuga og úrskurða, hvaða mál ættu að sitja á hakanum; úr þessu hefir þó aldrei orðið, enda hefði það orðið þýðingarlítið án lagaheimildar. Þar sem nú má búast við, að þingmenn fari að nota minna en áður frumkvæðisrjett sinn, virðist það ekki ósanngjarnt, þó að tími til að koma fram með frumvörp og tillögur sje takmarkaður að nokkru í þingsköpunum, í líkingu við það, sem er í þingsköpum Norðmanna. Samkvæmt þessu er í þessari grein lagt til, að komi þingmenn fram með frumvörp, eptir að þingtíminn er hálfnaður, þá komi málið að vísu fyrir til 1. umræðu á venjulegan hátt, en er flutningsmaður einn hefir skýrt deildinni frá þýðingu málsins, sje það þegar borið undir atkvæði, hvort málið skuli hafa reglulegan gang á þinginu. Sje það samþykkt, heldur 1. umræða áfram á venjulegan hátt, og segir það sig sjálft, að það má eins fyrir þetta fella frumvarpið á hvaða stigi málsins sem er, jafnvel frá 2. umræðu. Fáist ekki samþykkið, er málið þar með fallið. Undantekningu frá þessu virðist rjett að gjöra um stjórnarskipunarlög og breytingu á þingsköpunum. Öll þau frumvörp og til-

lögur, sem búið er að útbýta innan 4 vikna frá þingsetningu, sæta venjulegri meðferð.

Það má nú ef til vill segja, að þetta takmörkunarákvæði sje óþarft, því það standi alltaf í þingsins valdi, að fella málið frá 2. umræðu, og er það að vísu svo, en opt getur svo verið, að þingmönnum þyki viðurhlutamikið, að greiða atkvæði *móti* frumvarpi, vegna efnis þess, þótt fyrirsjáanlegt sje, að ekki sje tími til að ræða málið nægilega á því þingi, en hika sjer þó við að greiða atkvæði með framgangi slíks frumvarps, og auk þess getur þetta ákvæði orðið til þess að spara óþarfa, og ef til vill langa fyrstu umræðu, enda mundi þingið aldrei útiloka nein frumvörp og tillögur, sem mikils væri um vert og tiltök væri að leiða til lykta. Mundi ákvæði þetta því aðallega verða til þess, að stemma stigu fyrir miður nauðsynlegum frumvörpum, sem koma fram, þegar svo er áliðið þingtímann, að þau gjöra eigi annað en tefja fyrir íhugun og framgangi þýðingarmikilla mála.

Við 8. gr.

Ákvæðið í 14. gr. þingskapanna, að skrifari undir tilsjón forsetans skuli skrásetja lagafrumvarp eptir þeim atkvæðagreiðslum, sem fram hafa farið við 3. umræðu, og að síðan skuli lesa það upp, ef þörf er á, er óhentugt, og því heldur aldrei fylgt, heldur eru frumvörp, þegar búið er að samþykkja þau með áorðnum breytingum, skrásett af skrifstofustjóra og skrifara. Það er því lagt til, að fella þetta ákvæði burtu.

Það virðist ástæða til að taka það fram með berum orðum, að flutningsmaður megi tala optar en tvisvar við sömu umræðu, eins og framsögumaður, enda hefir það ætíð tíðkazt. Ef flutningsmenn eru fleiri en einn, þá er sá skoðaður flutningsmaður, sem fyrstur er skráður af þeim eða sjerstaklega tilnefndur af meðflytjendum.

Við 9. gr.

Breytingin á þessari grein er alveg í samræmi við og bein afleiðing af 9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. október 1903.

Við 10. gr.

Það hefur verið álitið svo, sem eigi væri heimild til að bera upp aptur á sama þingi frumvarp um sama efni, sem fellt hefði verið í annarihvorri deildinni. Engin lagaheimild er þó fyrir þessu, en þar sem þetta virðist alveg eðlilegt og sjálfsagt, er hjer farið fram á að löghelga þetta ákvæði; það er auðvitað hlutaðeigandi forseti, sem úrskurðar, hvort það sje hið sama lagafrumvarp, sem á ný er uppborið.

Við 11. gr.

Um breytingartillögur hefur aptur á móti verið allt öðru máli að gegna; þær hafa eigi einungis verið teknar upp aptur í hinni deildinni, eða í sameinuðu þingi, heldur hafa þær einnig verið teknar upp aptur og aptur í sömu deild og þær hafa fallið í, stundum með litilfjörlegri breytingu (t. a. m.

lækkun á upphæð í breytingartillögum við fjárlögin), en mjög opt alveg óbreyttar. Þessa »uppvakninga« virðist ástæða til að takmarka, þannig, að atriði, sem einu sinni er fallið í annari deildinni, megi ekki taka upp í þeirri deild. Hinsvegar virðist vera ástæða til að leyfa að bera upp aptur þessar felldu tillögur í hinni deildinni í sameinuðu þingi, þegar þess er kostur.

Þetta ákvæði, að eigi megi vekja upp aptur á sama þingi það, sem einu sinni er afgjört, er algengt í þingsköpum annara þjóða, sjá t. a. m. 36. gr. í þingsköpum fyrir stórþingið í Noregi. Þessu ákvæði er því bætt við 23. gr. þingskapanna.

Við 12. gr.

Er aðeins sjálfsögð breyting.

Við 13. gr.

Hjer er stungið upp á að sleppa því ákvæði, að þingmenn skuli snúa máli sínu til forseta; því er aldrei fylgt, og slíkt ákvæði er ekki almennt í þingsköpum.

Við 14. gr.

Þessi breyting er sjálfsögð eptir 11. gr. stjórnarskipunarlaga 3. október 1903.

Við 15. gr.

Í 37. gr. þingskapanna er svo ákveðið um atkvæðagreiðslur, að þeir þingmenn, sem *sitja* í *sætum* sínum, standi upp. Þessu þykir rjett að breyta þannig, að *allir* þingmenn, sem eru í þingsalnum, þá er atkvæðagreiðsla fer fram, *skuli* greiða atkvæði úr *sætum* sínum, svo að atkvæðagreiðsla þeirra annarsstaðar í salnum sje ógild; slíkt mundi fyrirbyggja allan glundroða, sem annars gæti átt sjer stað, enda líka það sem vanalegast er. Það hefur orðið ágreiningur um sætin milli þingmanna, og virðist það eðlilegast, að forseti ákveði sætin, og er því ákvæði hjer að lútandi sett í greinina.

Við 16. gr.

Hjer er einungis bætt inn í að kosningar fari *venjulega* fram eptir atkvæðafjölda, því hlutfallskosning er undantekning, sem aðeins fer fram, ef hennar er óskað af þriðjungi þingmanna, sjá 17. gr.

Við 17. gr.

Þessi grein er alveg samhljóða 2. gr. í lögum 22. maí 1890.

Við 18. og 19. gr.

Þessar breytingar eru nauðsynleg afleiðing af hinum nýju stjórnarskipunarlögum.

Við 20. gr.

Um formið vísast til þess sem áður er ritað.

Frumvarp til laga

um

breytingar og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Í stað fyrirsagnarinnar fyrir 2. kafla kosningalaganna frá 3. okt. 1903, komi ný fyrirsögn: »Kjördæmi og kjörstjórnir«. Í stað 7. greinar laganna komi ný 7. gr,. svo hljóðandi:

Landið skiptist í 7 kjördæmi þannig:

Fyrsta kjördæmi tekur yfir Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu, og kýs 6 alþingismenn.

Annað kjördæmi tekur yfir Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjar og Dyrhóla,- Hvamms- og Álptavershreppa af Vestur-Skaptafellssýslu; kýs 5 alþingismenn.

Þriðja kjördæmi tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu; kýs 5 alþingismenu.

Fjórða kjördæmi tekur yfir Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað og Norður-Ísafjarðarsýslu; kýs 4 alþingismenn.

Fimmta kjördæmi tekur yfir Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, svo og yfir Hvanneyrar, Þóroddsstaða og Svarfaðardalshreppa í Eyjafjarðarsýslu; kýs 5 alþingismenn.

Sjötta kjördæmi tekur yfir hina aðra hreppa Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Norður-Þingeyjarsýslu og Skeggjastaða og Vopnafjarðarhreppa í Norður-Múlasýslu; kýs 5 alþingismenn.

Sjöunda kjördæmi tekur yfir hina aðra hreppa Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Austur-Skaptafellssýslu og Vestur-Skaptafellssýslu, vestur að Kúðafljóti, (Leiðvallar- Skaptártungu- Kirkjubæjar og Hörglandshreppa) og kýs 4 alþingismenn.

2. gr.

Framan við 8. grein kosningalaganna komi svohljóðandi ákvæði:

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn; sitja í henni 5 menn, oddviti og 4 aðrir af kjósendum kjördæmisins. Oddvitar yfirkjörstjórna skulu vera: Í fyrsta kjördæmi oddviti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík; í öðru kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Árnessýslu; í þriðja kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Snæfellsness og Hnappdalssýslu; í fjórða kjördæmi oddviti bæjarstjórnarinnar á Ísafirði; í fimmta kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Húnavatnssýslu; í sjötta kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Suður-Þingeyjarsýslu og í sjöunda kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Suður-Múlasýslu. — Í yfirkjörstjórn fyrsta kjördæmis kýs bæjarstjórn Reykjavíkur og sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu tvo menn hvor. Í hinum öðrum kjördæmum kjósa sýslunefndir þær og bæjarstjórnir, sem í þeim eru, einn mann hvor í yfirkjörstjórn, nema sýslunefndirnar í Snæfellsness og Hnappadalssýslu, Suður-Þingeyjarsýslu og Suður-Múlasýslu; en sýslunefndirnar í Vesturskaptafellssýslu, Eyjafjarðarsýslu og Norður-Múlasýslu kjósa sinn yfirkjörstjórnarmanninn hver fyrir hvorn kjördæmishlutann í þeim sýslum.

Ef breyting verður á sýsluskipan, má með konungsúrskurði skipa fyrir um þær breytingar á skipun yfirkjörstjórna, er af því leiða.

Nú forfallast einhver hinna kjörnu manna í yfirkjörstjórn, eða yfirkjörstjórn verður af einhverjum ástæðum eigi fullskipuð, og kveður þá oddviti menn af kjósenda flokki í hin auðu sæti.

3. gr.

Í 19. gr. kosningarlaganna falli burt 2. og 3. málsgrein, og tvær fyrstu línurnar í 4. málsgrein, en í staðinn komi svohljóðandi ákvæði:

Á hvern seðil skal skráð með skýru og stóru prentletri: »A. listinn«, »B. listinn«, »C. listinn« o. s. frv. í svo mörgum línum, sem framboðslistar eru, er um skal velja, og skal hvert listamerki standa í línu fyrir sig og ríflegt millibil með lágrjettu striki á milli. Hæfilegt bil skal vera framan við línurnar og framan við hvert listamerki.

Aptan við greinina bætist: Við aukakosningar, þegar aðeins á að kjósa 1 þingmann, koma nöfn framboðinna þingmannaefna í stað listamerkjanna.

4. gr.

Í 22. gr. kosningarlaganna falli burt í enda greinarinnar, orðin: »hver þingmannaefni hafi boðið sig fram«, og í þeirra stað komi:

hverja framboðslista er um að velja; ennfremur skal senda hverri undirkjörstjórn 3 eintök af framboðslista hverjum (sbr. 23. gr.), staðfest með nafni yfirkjörstjórnaroddvita og embættisstimpli yfirkjörstjórnar.

5. gr.

1. og 2. málsgrein 23. greinar kosningarlaganna falli burt, en í staðinn komi svohljóðandi ákvæði:

Kosning alþingismanna fer jafnan, þegar fleiri en einn þingmann á að kjósa, fram með hlutfallskosning eptir framboðslistum, er á eru skráð nöfn þingmannaefna, er gefa kost á sjer til þingmennsku. Hver kjósandi á rjett á að afhenda slíkan lista; skulu þeir afhentir oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en 4 vikum á undan kjördegi. Undir hvern framboðslista skulu hafa ritað sem meðmælendur eigi færri en 20 og eigi fleiri en 30 kjósendur í kjördæmi hverju, og

skulu meðmælendur greina við nöfn sín stöðu sína og heimili. Hverjum framboðslista skulu fylgja skriflegar yfirlýsingar þeirra þingmannaefna, sem á hann eru skráð, um það, að þeir gefi kost á sjer í því kjördæmi og ekki öðru. Ennfremur skulu framboðslista fylgja prentuð eða á annan líkan hátt margfölduð, orðrjett afrit af framboðslistanum, að minnsta kosti 3 fyrir hvern kjörstað í kjördæminu, og skal að minnsta kosti einn af meðmælendum hafa ritað sjálfur nafn sitt á hvert eintak. Sá, sem framboðslista afhendir, á rjett á að oddviti yfirkjörstjórnar riti á eitt slíkt eintak viðurkenning um, að hann hafi veitt listanum ásamt fylgiskjölum móttöku, og hvenær.

Gildur er framboðslisti, þótt á honum standi færri nöfn þingmannaefna, en kjósa á alþingismenn. En standi á honum fleiri nöfn, er hann ógildur. Nafn hvers þingmannsefnis skal vera svo greinilega táknað, með fullu nafni, stöðu og bústað, að enginn vafi sje á, hver maðurinn er, nje villzt geti orðið á honum og öðrum kjörgengum manni. Nöfnin skulu jafnan, er fleiri eru en eitt, vera tölusett (1, 2, 3, o. s. frv.) í þeirri röð, er þau standa á listanum.

Nú er framboðslisti og fylgiskjöl hans eigi svo úr garði gjörð, sem að framan er mælt, og skal þá oddviti yfirkjörstjórnar þegar vekja athygli þess meðmælanda, sem afhenti listann, á gallanum eða göllunum, og gjöra kost á því að leiðrjetta það, er þurfa þykir. Sje það eigi gjört innan hæfilegs frests, er oddviti tiltekur, og gallinn er þess eðlis, að ógildi varði, neitar oddviti með úrskurði til kjörbókar að veita listanum móttöku, og skal þá fá meðmælanda eptirrit af úrskurðinum. Oddviti yfirkjörstjórnar skal merkja hvern framboðslista, er hann tekur við, með sínum bókstaf (A, B, C. o. s. frv.) í rjettri röð, eptir því sem þeir koma, og nefnast listarnir eptir því »A-listinn«, B-listinn«, »C-listinn o. s. frv.

6. gr.

Í stað fyrsta málsliðs í 24. gr. kosningarlaganna komi:

Það þingmannaefni, sem stendur fyrst á hverjum framboðslista, og sá meðmælenda, sem framboðslista afhendir, á rjett á, sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir, að gefa einum manni hvor í hverjum hreppi eða kaupstaðarkjördeild kjördæmisins, umboð til þess að gæta rjettar þingmannaefnanna við kosninguna.

7. gr.

Í stað orðanna: »og einn eða tveir umboðsmenn af hendi hvers þingmannsefnis« í 31. gr. kosningalaganna, komi:

og umboðsmenn þingmannaefna og meðmælenda.

8. gr.

Aptan við 32. gr. kosningalaganna bætast svolátandi ákvæði:

Á kjördegi, frá því stundu áður en kosningargjörð hefst, skulu eintök af framboðslistunum (23. gr,) uppfest á kjörstaðnum, þar sem mikið ber á þeim og í kjörklefanum, og skal hver listi vera skýrt og greinilega táknaður með bókstaf sínum. Á kjörstaðnum skal og vera uppfest prentuð leiðbeining fyrir kjósendur, er landsstjórnin lætur prenta, innihaldandi öll hin verulegustu ákvæði laganna viðvíkjandi kosningarathöfninni og því, er þar að lýtur.

9. gr.

Í stað orðanna: »við það nafn eða þau nöfn, ef fleiri en einn á að kjósa« í 35. gr. kosningalaganna komi:

við það listamerki (bókstaf), er táknar þann framboðslista, er kjósandi vill kjósa eptir, eða við það nafn, ef að eins á að kjósa einn þingmann,

10. gr.

Í stað 36. gr. kosningarlaganna, komi svolátandi

36. gr.

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sjer eptirrit af kjörskránni, og gjöra merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefur neytt kosningarrjettar síns, en hinn meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sjerstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarrjettar nema hann mæti sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir blindu, handarmeins eða af öðrum slíkum ástæðum, er kjörstjórn tekur gildar, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá sá úr kjörstjórninni, sem kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bókað í kjörbókina að tilgreindum ástæðum.

Enginn úr kjörstjórninni nje nokkur annar, sem samkvæmt 31. gr. er staddur í kjörherberginu, má skýra frá því, sem hann í kosningastofunni kann að hafa orðið áskynja um, hvort eða hvernig einhver kjósandi hafi kosið.

Enginn, sem í kjörherbergi er staddur, má meðan á atkvæðagreiðslu stendur, gefa nokkrum kjósanda ráð, áminning eða bendingu um, hverjum lista hann skuli atkvæði gefa.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, þó eigi minna en 20 kr. sekt, eða fangelsi ef miklar sakir eru.

11. gr.

Aptan við 38. gr. kosningalaganna bætist:

Ennfremur er seðill ógildur, ef á honum er atkvæði greitt um annað en það, sem um er að velja, eða þau vegsummerki sjást á honum, að ástæða sje til að álíta, að hann hafi ekki verið afhentur kjósanda af kjörstjórn eða ekki merktur í kjörklefa.

12. gr.

Á 48. gr. kosningalaganna skal gjöra breytingar þær, er nú skal greina:

1, Í stað orðanna: »nafnið eða nöfnin« í 2. línu 2. málsgreinar komi:
listamerki það, eða, ef að eins einn þingmann á að velja, nafn það

2, Í stað orðanna: »við nafn hvers þingmannsefnis« í 4. línu 2. málsgreinar komi:
er hverjum lista hlotnast, eða, ef að eins einn á að velja, nafn hvers þingmannsefnis.

3, Í enda 2. málsgreinar falli burt orðin: »og lýsir þann kosinn — er hún telur gild« og í þeirra stað komi:
og ber tölu seðlanna saman við samlagða tölu samtöluseðla þeirra frá kjörstöðunum, sem um ræðir í 43. gr. Ef skakkar á tölunni, skal lesa upp

aptur kjörseðlana alla, og leiðrjetta skekkjur þær, er kunna að hafa orðið, þegar atkvæðafjöldi sá, sem hverjum framboðslista hefur hlotnazt, þannig er fundinn, skal finna hverjir kosning hafa hlotið, á þann hátt, er nú skal greina:

Atkvæðatölu hvers framboðslista um sig skal deilt fyrst með 1, svo með 2, svo með 3, o. s. frv. uns atkvæðatölu hvers lista hefur verið deilt með svo hárri tölu, sem kjósa skal alþingismenn og listinn getur átt tilkall til, og skulu útkomutölurnar skrifaðar upp í röð fyrir hvern lista. Sá framboðslisti, sem hefur hæsta útkomutölu, fær fyrsta þingmanninn; sá listi, sem hefur næsthæsta útkomutölu, fær 2. þingmanninn, og svo koll af kolli, uns svo margir eru komnir, sem kjósa skal alþingismenn. Af hverjum lista um sig skal taka nöfn þeirra, er kosnir eru, í þeirri röð, sem þau standa á listanum. Sjeu tvær útkomutölur jafnháar, ræður hlutkesti (sbr. 49, gr.). Nú er þingmannsefni á einhverjum lista þegar kosið á öðrum lista, og skal þá strika nafn hans út og taka næsta nafn fyrir neðan. Nú er listi tæmdur, en ætti, eptir útkomutölu listans enn að hljóta þingmann, og skal þá taka nafnið af þeim lista, sem þá hefur næsta útkomutölu.

Þegar að eins skal velja einn þingmann, er sá kosinn, er flest fær atkvæði.

13. gr.

Í stað orðanna: »telja atkvæðin« í 50. gr. kosningalaganna, komi: finna hverjir kosningu hafa náð.

14. gr.

Framan við 54. gr. bætist:

Ef kosning einhvers þingmanns er úr gildi feld af alþingi, ber að líta svo á, sem nafn hans hefði alls ekki á framboðslista staðið, og er þá sá þingmannaefna, sem þá mundi hafa kosningu náð, kvaddur þingsetu.

15. gr.

Fyrra atriði síðari málsgreinar í 57. gr. kosningalaganna orðist svo:

Kostnaðinum við yfirkjörstjórnir skal skipta niður á sýslusjóði þá og bæjarsjóði, er hlut eiga að máli, hlutfallslega eptir tölu kjósenda í hverri sýslu, kaupstað eða sýsluhluta, sem í kjördæminu er.

16. gr.

Í stað orðanna »sýslusjóð eða bæjarsjóð« í 60. gr. kosningalaganna komi: landssjóð.

17. gr.

Orðin »18. og« í 63. gr. kosningalaganna falli burt.

18. gr.

Í stað orðsins »landshöfðingja« (og landshöfðingi) í 8., 16., 20., 48.. 50., 53., 54. og 58. gr. kosningalaganna komi: stjórnarráðinu (stjórnarráðið, stjórnarráðsins) eptir því sem við á í hverjum stað, og breytist orðalagið eptir því.

19. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa viðauka þá og breytingar þær á kosningalögunum frá 3. okt. 1903, sem í lögum þessum eru fólgnar, inn í meginmál þeirra, og getur þá konungur gefið lögin, þannig breytt, út sem »lög um kosningar til alþingis«.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það hefur verið almennt viðurkennt á undanfarandi þingum, að nauðsynlegt væri að endurskoða sem fyrst kjördæmaskipunina í landinu, og á síðasta alþingi, þegar samin voru og samþykkt lögin um kosning þeirra 4 nýju þingmanna, sem við bætast eptir stjórnarskipunarlögunum frá 3. okt. 1903, var beinlínis gengið út frá því, að sú skipan, sem þar er ákveðin, væri að eins til bráðabirgða, og mundi naumast verða notuð nema einu sinni, enda gæti hún ekki og ætti ekki að vera að neinu leyti bindandi fyrir það, hvernig hinni almennu kjördæmaskipan yrði fyrirkomið á sínum tíma (sb. Alþt. 1903 C. bls. 406).

Á Alþingi 1901 ljet nefndin, sem hafði kosningalagafrumvarpið til meðferðar í neðri deild, í ljósi, að hún vænti þess, að stjórnin veitti þörfinni á nýrri kjördæmaskipun sjerstaka athygli og undirbyggi það mál svo fljótt sem föng væru á, einkanlega með því að leita álita yfirvalda og hjeraðsstjórna um það, hvernig heppilegast mundi að skipta landinu í kjördæmi með hliðsjón af íbúafjölda, kjósendatölu og landsháttum.

Í frumvarpinu til kosningalaga, sem lá fyrir alþingi 1902, var stungið uppá að skipta landinu í 30 kjördæmi, er hvert kjósi einn fulltrúa, en meðfram með tilliti til fyrirhugaðrar fjölgunar á þingmönnum var sú tillaga felld, og í stað þess samþykkti neðri deild alþingis þingsályktun um, að skora á stjórnina að leita álits »allra sýslunefnda og bæjarstjórna um það, hvernig kjördæmisskipan mundi haganlegast komið á í hverju umdæmi svo og að leggja að því búnu fyrir næsta þing þar á eptir frumvarp til laga um nýja kjördæmisskipun« (Alþt. 1902 bls. 296).

Samkvæmt þessu var álita hjeraðsstjórnanna leitað, og ljetu þær allar uppi tillögur sínar, eptir því sem þingsályktunin til vísar og sömuleiðis amtsráðin öll. Með því að tillögur þessar komu eigi til landsstjórnarinnar fyr en rjett fyrir þing 1903, og sumar jafnvel ekki fyr en eptir þingbyrjun, gat stjórnin ekki á því þingi komið með frumvarp um þetta efni, en eins og á var vikið kom það fram, að þingið vænti bráðrar breytingar á kjördæmaskipaninni.

Þegar stjórnarbreytingin var komin á, ljet stjórnarráðið það því vera meðal sinna fyrstu verka, að athuga hinar framkomnu tillögur, og það því fremur sem því gat ekki dulist, að auk þeirra ástæðna, sem að undanförnu hafa verið bornar fram fyrir þörfinni á nýrri kjördæmaskipun, var ný ástæða til orðin með hinum nýju kosningarlögum, er gjörði þörfina á að breyta tveggja manna kjördæmunum enn brýnni; eins og kunnugt er hefir sú regla gilt til þessa samkvæmt 34. gr. kosningalaganna frá 14. sept. 1877, að enginn væri rjett kjörinn alþingismaður nema hlotið hefði meira en helming atkvæða þeirra, sem greidd eru. Með 48. gr. hinna nýju kosningalaga 3. okt. 1903 er þessu þannig breytt, að nú eru þeir rjett kosnir, sem hafa flest atkvæði. — Þetta ákvæði leiðir af fjölgun kjörstaðanna,

er gjörir endurkosningar svo umsvifamiklar, að eigi er fært að hafa hið fyrra fyrirkomulag í þessu efni. Það er auðsætt, að af því getur leitt, er margir eru í kjöri og atkvæði dreifast, að lítill hluti kjördæmis ráði úrslitum kosningar. Sje þetta óheppilegt, er að eins um eins manns kosning er að ræða, þá er auðsætt, að það er hálfu verra, er tveir eru kosnir í kjördæmi með þessu fyrirkomulagi.

Ójöfnuður sá, sem er á kjördæmaskipaninni eptir núgildandi lögum sjest ljóslega af eptirfarandi töflu, sem byggð er á síðasta fólkstali, sem stjórnarráðið hafði við hendina, og á kjörskránum frá 1904.

Kjördæmi	Íbúatala var eptir skýrslum prestanna 31. desbr. 1903.	Kjósendatala eptir síðustu kjörskrám	Tiltölulegt fulltrúamagn: miðað við 1 þingmann á hver 2310 manns (=$^{7858}/_{34}$)	Tiltölulegt fulltrúamagn: miðað við 1 þingmann á hverja 287 kjósendur ($^{10110}/_{34}$)	Fulltrúatala eptir núverandi kjördæmaskipun	Til núverandi þingmannatölu í hverju kjördæmi svarar íbúatala	Íbúatala var yfir eða undir rjettri tiltölu við fulltrúamagn		Frá hverju 100 íbúa verður að draga eða við hvert 100 að bæta, til þess að fá rjetta hlutfallstölu	
Reykjavík	7978	1225	3.5	4.1	2	4620	+	3358	÷	43
Gullbringu- og Kjósarsýsla	5292	753	2.3	2.5	2	4620	+	672	÷	13
Árnessýsla	6085	777	2.6	2.6	2	4620	+	1465	÷	24
Rangárvallasýsla	4295	511	1.9	1.7	2	4620	÷	325	+	8
Vestur-Skaptafellssýsla . .	1954	220	0.8	0.8	1	2310	÷	356	+	18
Vestmannaeyjasýsla . . .	722	105	0.3	0.4	1	2310	÷	1588	+	220
Borgarfjarðarsýsla . . .	2516	344	1.2	1.2	1	2310	+	206	÷	8
Mýrasýsla	1918	205	0.8	0.7	1	2310	÷	392	+	20
Snæfellsn.- og Hnappad.s.	3514	471	1.5	1.5	1	2310	+	1204	÷	34
Dalasýsla	2200	246	0.9	0.8	1	2310	÷	110	+	5
Barðastrandarsýsla . . .	3201	427	1.4	1.4	1	2310	+	891	÷	28
Vestur-Ísafjarðarsýsla . .	2368	312	1.0	1.0	1	2310	+	58	÷	2
Ísafjarðarkaupstaður . .	1269	206	0.5	0.7	1	2310	÷	1041	+	83
Norður-Ísafjarðarsýsla . .	3740	425	1.6	1.4	1	2310	+	1430	÷	38
Strandasýsla	1764	199	0.7	0.7	1	2310	÷	546	+	31
Húnavatnssýsla	3919	455	1.7	1.5	2	4620	÷	701	+	18
Skagafjarðarsýsla	4425	542	1.9	1.8	2	4620	÷	195	+	4
Eyjafjarðarsýsla	5263	582	2.3	2.0	2	4620	+	643	÷	12
Akureyrarkaupstaður . .	1533	285	0.7	1.0	1	2310	÷	777	+	51
Suður-Þingeyjarsýsla . .	3789	473	1.6	1.6	1	2310	+	1479	÷	39
Norður-Þingeyjarsýsla . .	1342	156	0.6	0.5	1	2310	:	968	+	72
Norður-Múlasýsla . . .	3270	410	1.4	1.4	2	4620	÷	1350	+	41
Seyðisfjarðarkaupstaður .	892	109	0.4	0.4	1	2310	÷	1418	+	158
Suður-Múlasýsla	4219	c. 550	1.8	1.9	2	4620	÷	401	+	10
Austur-Skaptafellssýsla . .	1071	122	0.5	0.4	1	2310	÷	1239	+	116
	78539	10110	33.9	34.0	34	78540	+	11406		
							÷	11407		

Eins og taflan sýnir er gengið út frá því, að úr því sæti eiga á alþingi 34 þjóðkjörnir alþingismenn, allir kosnir eptir sömu skilyrðum bæði að því er snertir kosningarrjett og kjörgengi, þá sje það rjett tiltala, að hver þrítugasti og fjórði hluti þjóðarinnar eigi kost á að taka lögmæltan þátt í kosning á 1 fulltrúa, og að jöfnuður geti því að eins talizt, að fulltrúamagn hvers kjördæmis sje sem næst því, að samsvara því hlutfalli. Því fer nú svo fjarri, að þessu sje fullnægt eins og nú er, að þar sem í einu kjördæminu verður að draga 43 frá hverju hundraði íbúa eður allt að helmingi til þess að komast niður í meðaltölu, þyrfti í öðru kjördæmi að bæta 220 manns við hvert hundrað íbúa, sem í kjördæminu eru, eða meira en þrefalda íbúatöluna, til þess að meðaltala náist. Mismunurinn í þessu efni er langmestur á Reykjavík og Vestmannaeyjum. En munurinn er og mikill víða annarsstaðar.

Þannig er mismunurinn á íbúatölu og meðaltölu:

í Reykjavík	43	af	hundraði	íbúa
- Suður-Þingeyjarsýslu	39	—	——	—
- Norður-Ísafjarðarsýslu	38	—	——	—
- Snæfellsness og Hnappadalssýslu	34	—	——	—
- Árnessýslu	24	—	——	—
fram yfir meðaltölu.				
í Mýrasýslu	20	af	hundraði	íbúa
- Strandasýslu	31	—	——	—
- Norður-Múlasýslu	41	—	——	—
- Akureyrar kaupstað	51	—	——	—
- Norður-Þingeyjarsýslu	72	—	——	—
- Ísafjarðar kaupstað	83	—	——	—
- Austur Skaptafellssýslu . . .	116	—	——	—
- Seyðisfjarðar kaupstað . . .	158	—	——	—
- Vestmannaeyjasýslu	220	—	——	—
er vantar á meðaltötu.				

Taflan sýnir einnig m. a., að þar sem eitt kjördæmi, sem nú kýs 2 þingmenn (hefur allt til þessa að eins kosið 1) er nú svo fjölmennt, að það ætti eptir rjettu hlutfalli íbúatölu, með hæfilegu tilliti til kjósendatölu að ráða kosningu 4 þingmanna, þá eru sum kjördæmin, sem nú kjósa 1 þingmann hvert, svo smá, að leggja þyrfti saman 7 þeirra (Vestmannaeyjar, Ísafjarðarkaupstað, Norður-Þingeyjarsýslu, Austur-Skaptafellssýslu, Seyðisfjörð, Akureyri og Strandasýslu) til þess að þau samtals hefðu tiltölurjett til 4 fulltrúa.

Auðvitað er íbúatala kjördæmanna breytileg, og breytist misjafnt í hinum einstöku kjördæmum. Þannig hafa kaupstaðirnir vaxið mjög síðari ár, og eru líkindi til, að sá vöxtur haldi áfram, að minnsta kosti að því er sum þeirra snertir. En slíkt er enganvegin ástæða til þess að láta misrjettið haldast, eða skyrrast við að miða nú við þá fólkstölu sem er, því við því er sú bót að endurskoða kjördæmaskipunina við og við, þegar þörf krefur, og kippa í lag misfellum þeim, er tíminn kann að hafa í för með sjer. —

Vegna þess hvernig þingsályktun neðri deildar frá 1902 er orðuð, litu flestallar sýslunefndir og bæjarstjórnir þannig á, að þeim væri ekki ætlað að láta í ljósi álit um, hvernig kjördæmaskipan væri heppilegust yfirleitt, heldur væri þær bundnar við sitt kjördæmi og ættu að eins að láta uppi tillögur um, hvernig væri rjettast að skipta kjördæminu sundur, ef á annað borð ætti að skipta því.

Þannig skilin gat málaleitanin ekki fullkomlega átt við nema í þeim kjördæmum þar sem 2 fulltrúar eru kosnir, eða mannfjöldi svo mikill, að tiltök gátu verið að fara fram á fjölgun þingmanna í kjördæminu, og gildi tillaganna sem grundvöllur fyrir gagngjörðri umsteyping kjördæma í landinu, var þannig fyrirfram takmarkað.

Tillögur hjeraðsstjórna urðu þessar:

I. *Reykjavík.* Aðaltillaga; Bærinn kjósi 3 alþingismenn á einu kjörþingi, er allir kjósendur taki þátt í.

Varatillaga: Verði niðurstaðan sú, að hvert kjördæmi kjósi að eins 1 þingmann, þá skiptist Reykjavík í 3 kjördæmi, þannig:

a, Vesturkjördæmið, taki yfir vesturhluta bæjarins að Aðalstræti og Suðurgötu, að báðum þessum götum frátöldum.

b, Miðkjördæmið taki yfir miðbæinn frá og með Aðalstræti og Suðurgötu að vestan, svo og Þingholtin öll frá læknum austur úr, sunnan Skólavörðustígs, að þeirri götu allri svo og öllu Bankastræti meðtöldu.

e, Austurkjördæmið, austurhluti bæjarins, Skuggahverfi, svæðið milli Laugavegar og Skólavörðustígs, Rauðará, Lauganes og öll önnur býli í austurhluta lögsagnarumdæmisins.

II. *Gullbringu- og Kjósarsýsla:* Ef skipta eigi sýslunni í tvö kjördæmi, telur sýslunefndin heppilegast að sex syðstu hrepparnir yrðu kjördæmi út af fyrir sig og sex nyrztu hrepparnir (Kjósar, Kjalarnes, Mosfells, Seltjarnarness, Garða og Bessastaðahreppar) kjördæmi út af fyrir sig.

III. *Árnessýsla:* Aðaltillaga: Sýslan skiptist í þrjú kjördæmi, þannig:

A.	B.	C.
Skálholtskjördæmi:	*Hraungerðiskjördæmi:*	*Stokkseyrarkjördæmi:*
1. Þingvallahreppur	1. Ölfushreppur	1. Selvogshreppur
2. Grafningshreppur	2. Sandvíkurhreppur	5. Eyrarbakkahreppur
8. Grímsneshreppur	3. Hraungerðishreppur	3. Stokkseyrarhreppur
4. Biskupstungnahr.	4. Villingaholtshreppur	4. Gaulverjabæjarhr.
5. Hrunamannahreppur	5. Skeiðahreppur.	
6. Gnúpverjahreppur		

Varatillaga, ef sýslan ætti að eins að skiptast í 2 kjördæmi.

A.	B.
Skálholtskjördæmi:	*Stokkseyrarkjördæmi:*
1. Þingvallahreppur	1. Selvogshreppur
2. Grafningshreppur	2. Ölfushreppur
3. Grímsneshreppur	3: Eyrarbakkahreppur
4. Biskupstungnahreppur	4. Stokkseyrarhreppur
5. Hrunamannahreppur	5, Sandvíkurhreppur
6. Gnúpverjahreppur	6. Hraungerðishreppur
7. Skeiðahreppur	7. Gaulverjabæjarhreppur
8. Villingaholtshreppur	

fjallasveitir og sjávarsveitir hvorar um sig saman.

IV. *Rangárvallasýsla.* Sýslunefndin telur ekki sanngjarnt að leggja núverandi lögsagnarumdæmi til grundvallar fyrir kjördæmaskiptingu, en vill að Árness og Rangárvallasýsla myndi 5 ný kjördæmi, án tillits til sýsluskipta; en ef skipta skuli sýslunni í tvö kjördæmi leggur nefndin til, að skipt verði þannig:
a, Vestra kjördæmið verði: Ásahreppur, Holtahreppur, Landmannahreppur, Rangárvallahreppur og Hvolhreppur,
b, Austur kjördæmið: Fljótshlíðarhreppur, báðir Landeyjahreppar og báðir Eyjafjallahrepparnir.

V. *Vestmannaeyjasýslu* vill sýslunefndin láta vera kjördæmi út af fyrir sig.

VI. *Vestur-Skaptafellssýsla:*
a, Hjeraðið milli Skeiðarár og Mýrdalssands verði kjördæmi útaf fyrir sig.
b, Vesturhluti sýslunnar sameinist við austurhluta Rangárvallasýslu að Markarfljóti.

VII. *Borgarfjarðarsýsla* verði kjördæmi út af fyrir sig, eins og verið hefur.

VIII. *Mýrasýsla.* Mýrasýsla haldi áfram að vera kjördæmi út af fyrir sig, eins og verið hefur.

Að öðru leyti telur sýslunefndin vankvæði á að svara fyrirspurninni, eins og hún er orðuð, þar sem henni sje ekki gefinn kostur á að segja álit sitt um kjördæmaskipan annarsstaðar, að minnsta kosti í næstu umdæmum.

IX. *Snæfellsnes og Hnappadalssýsla:* Kjördæmið haldist óbreytt að svo stöddu.

Sýslunefndin býst við nýju frumvarpi til kjördæmaskipunar, þegar hið nýja stjórnarskrárfrv. sje gengið í gildi.

X, *Dalasýsla:*
1, Suðurhluti Dalasýslu með Austurhluta Snæfellsnessýslu norðanfjalls(?)
2, Norðurhluti Dalasýslu með Austurhluta Barðastrandarsýslu.(?)

XI. *Barðastrandarsýsla.* Sýslunefndin vill, að kjördæminu sje skipt í tvö sjerstök kjördæmi, eptir takmörkum sýslufjelaganna:
a, Austur-Barðastrandarsýsla verði kjördæmi útaf fyrir sig.
b, Vestur-Barðastrandarsýsla verði kjördæmi út af fyrir sig.

XII. *Vestur-Ísafjarðarsýsla* verði kjördæmi út af fyrir sig eins og nú er.

XIII. *Ísafjarðarkaupstaður* verði kjördæmi út af fyrir sig.

XIV. *Norður-Ísafjarðarsýsla.* Sýslunefndin telur hentugast, að Norður-Ísafjarðarsýsla öll sje kjördæmi út af fyrir sig, og ekkert af henni verði lagt saman við kaupstaðinn. En ef þingið vilji skipta jafnara eptir fólksfjölda, og eitthvað sje tekið af sýslunni til að hafa í kjördæmi með kaupstaðnum, þá sje ekki tiltækilegt, að kaupstaðnum fylgi meira en Eyrarhreppur.

XV. *Strandasýsla.* Sýslunefndin fann ekki ástæðu til að stinga upp á neinum breytingum að því er það kjördæmi snertir.

XVI. *Húnavatnssýsla:* Sýslunefndin leggur til, að henni sje skipt í 2 kjördæmi.
a, Blönduóskjördæmi: Vindhælis, Engihlíðar, Bólstaðahlíðar, Svínavatns, Torfalækjar og Ás hreppar.
b, Miðfjarðarkjördæmi: Sveinsstaða, Þorkelshóls, Þverár, Kirkjuhvamms, Ytri-Torfastaða, Fremri-Torfastaða og Staðar hreppar.

XVII. *Skagafjarðarsýsla.* Sýslunefnd hallast helzt að þeirri skoðun, að hagfeldast sje að núverandi kjördæmi haldist óbreytt, þannig að í því sjeu eptirleiðis kosnir 2 fulltrúar til alþingis. En að því leyti sem kjördæminu væri skipt áleit nefndin haganlegast, að Hjeraðsvötnin ráði skiptingunni, þannig:
a, Fyrra kjördæmi: Holts, Haganess, Fells, Hofs, Hóla, Viðvíkur og Akra hreppar.
b, Lýtingsstaða, Seilu, Staðar, Sauðár, Skefilsstaða og Rípur hreppar.

XVIII. *Eyjafjarðarsýsla:* Sýslunefndin leggur til, að sýslunni verði skipt í tvö kjördæmi, auk kaupstaðarins, er nefndin vill láta vera kjördæmi út af fyrir sig, þannig:
a, fyrra kjördæmið nái yfir Öngulstaða, Saurbæjar, Hrafnagils, Glæsibæjar og Skriðu hreppa.
b. hitt kjördæmið nái yfir Arnarnes, Svarfaðardals, Þóroddsstaða og Hvanneyrar hreppa og Grímsey.

XIX. *Akureyrarkaupstaður.* Bæjarstjórnin leggur til, að kaupstaðurinn verði kjördæmi út af fyrir sig.

XX. *Suður-Þingeyjarsýsla.* Sýslunefndin telur að sýslan eigi eptir fólksfjölda rjett á $1^1/_2$ þingmanni, en telur vanda á að gjöra tillögu um, hvernig þessum rjetti yrði fullnægt, með því að það yrði að skoðast í sambandi við önnur nærliggjandi kjördæmi. Gjörir nefndin þá

Aðaltillögu:

a, Suður-Þingeyjarsýsla, að undanteknum Húsavíkurhreppi verði eitt kjördæmi.
b, Húsavíkurhreppur ásamt Kelduness, Axarfjarðar, Fjalla og Presthólahreppum (eða til vara allri Norður-Þingeyjarsýslu) verði sjerstakt kjördæmi.

Ennfremur gjörir nefndin þá

Varatillögu:

a, Húsavíkur, Aðaldæla, Reykdæla, Skútustaða og Ljósavatns hreppar sjeu eitt kjördæmi.
b, Háls, Grýtubakka og Svalbarðsstrandar hreppar ásamt Öngulstaðahreppi í Eyjafjarðarsýslu, sjeu eitt kjördæmi.

XXI. *Norður-Þingeyjarsýsla:* Sýslunefndin þar gjörir þá aðaltillögu, að sýslan sje kjördæmi út af fyrir sig og kjósi einn þingmann eins og að undanförnu, og þá varatillögu, að Svalbarðs- og Sauðanesshreppar ásamt Norður-Múlasýslu vestan Smjörvatnsheiðar sje eitt kjördæmi, en hinir 4 hreppar sýslunnar ásamt Húsavíkurhreppi í Suður-Þingeyjarsýslu sje annað kjördæmi.

XXII. *Norður-Múlasýsla:* Sýslunefndin gengur út frá því, að *þrír* þingmenn verði kosnir fyrir Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað og leggur til að kjördæmin verði þannig:
a. Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðarhreppur.
b. Jökuldalshreppur, Hlíðar, Hróarstungu, Fella, Fljótsdals og Hjaltastaða hreppur.
c. Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfjarðarhreppur, Loðmundarfjarðarhreppur og Borgarfjarðarhreppur.

XXIII. *Seyðisfjarðarkaupstaður:* Bæjarstjórnin gjörir sömu tillögu eins og sýslunefnd Norður-Múlasýslu með þeirri breytingu, að hún vill ekki, að Borgarfjarðarhreppur sje í kjördæmi með kaupstaðnum, heldur að eins Seyðisfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur.

XXIV. *Suður-Múlasýsla:* Sýslunefndin leggur til að skipta sýslunni í 2 kjördæmi, þannig:
a, Eiða- Valla- Skriðdals- Breiðdals- Beruness- og Geithellnahreppa.
b. Mjóafjarðar- Norðfjarðar- Reyðarfjarðar- og Fáskrúðsfjarðarhreppa ásamt Stövðarfirði.

XXV. *Austur-Skaptafellssýsla:* Sýslunefndin telur rjett að kjördæmið haldist óbreytt.

Eptir þessum tillögum sýslunefndanna yrðu þannig að minnsta kosti 37 kjördæmi, mjög mismunandi að stærð, íbúatölu, og kjósendatölu. — Amtsráðin ljetu einnig uppi tillögur sínar, og eru þær á þessa leið:

A. *Amtsráð Suðuramtsins* leggur til, að í amtinu verði 12 kjördæmi, þannig:

Reykjavík	2	kjördæmi	
Gullbr. og Kjósarsýsla	2	——	
Árnessýsla	3	——	
Rangárvallasýsla	2	——	
Vestmannaeyjasýsla	1	——	
Vestur-Skaptafellssýsla	1	——	
Borgarfjarðarsýsla	1	——	12 kjd.

B. *Amtsráð Vesturamtsins* leggur til, að amtið skiptist í 8 kjördæmi eins og nú er, alveg óbreytt ..... 8 —

C. *Amtsráð Norðuramtsins* leggur til, að amtinu verði skipt í 8 kjördæmi þannig:
1, Miðfjarðarkjördæmi (samkv. till. sýslunefndar).
2, Blönduóskjördæmi (sömuleiðis).
3, Sauðárkrókskjördæmi (sýslunefndartillaga b),
4, Hofsóskjördæmi (sýslunefndartillaga a).
5, Svarfaðardalskjördæmi (sýslunefndartillaga b, að viðbættum Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjars.).
6, Akureyrarkjördæmi (till. bæjarstj.).

Flyt: 20 —

	Flutt:	20 kjd.
7, Eyjafjarðarkjördæmi (sýslun. till. a, að viðbættum Svalbarðs--strandarhr. í Suður-Þingeyjarsýslu).		
8, Húsavíkurkjördæmi (Háls- Ljósavatns- Skútustaða- Reykdæla- Aðaldæla og Húsavíkurhreppur)	8	—

D. *Amtsráð Austuramtsins* leggur til, að amtinu verði skipt í 7 kjördæmi þannig:

1, Norður-Þingeyjarsýsla.		
2, Vopnafjarðarkjördæmi (Skeggjastaða- Vopnafjarðar- Jökuldals- og Hlíðarhreppar).		
3, Hjeraðskjördæmi (Fljótsdals- Fella- Hróarstungu- og Hjaltastaðahreppar í N.-Múlasýslu og Eiða- Valla- og Skriðdalshreppar í S.-Múlasýslu.		
4. Seyðisfjarðarkjördæmi (tillaga sýslun, N.-M.).		
5. Reyðarfjarðarkjördæmi (Mjóafjarðar- Norðfjarðar- og Reyðarfjarðarhreppar).		
6. Breiðdalskjördæmi (Fáskrúðsfjarðar- Breiðdals- Beruness- og Geithellnahreppar).		
7, Austur-Skaptafellssýsla	7	—
Samtals:	35	kjd.

Það er auðsætt, að þótt farið væri svo nærri þessum tillögum hjeraðsstjórnanna, sem þingmannatalan leyfir, þá mundi enganveginn nást full bót á misrjetti því, sem nú er, Tvímenningskjördæmunum væri skipt sundur; en flest smæstu kjördæmin væru óbreytt, eins langt frá jöfnuði eptir hlutfallslegri íbúatölu, eins og þau eru. Þegar þess er gætt, hvernig tillögur þessar eru fram komnar, verða þær ekki skoðaðar sem fullkomin yfirlýsing um það, að sýslustjórnirnar yfirleitt álíti það fyrirkomulag heppilegt, að skipta landinu niður í eins mörg kjördæmi eins og kjósa ber fulltrúa. Sumstaðar virðist jafnvel bóla á annari skoðun.

Mannfjöldaskýrslurnar fyrir hinar einstöku sýslur og sveitir sýna, að það er ekki auðið að skipta landinu niður í 34 einmenningskjördæmi með nokkurnvegin jafnri íbúatölu og kjósendatölu nema vikið sje mjög mikið frá tillögum sýslunefndanna og amtsráðanna, og hreppar víða lagðir saman í kjördæmi án tillits til þess, hverju sýslufjelagi þeir fylgja, og án tillits til eðlilegra staðartakmarka. Það er því hætt við því, að sum kjördæmin mundu verða nokkuð sundurleit og kjósendur ósamhentir í hinum ýmsu brotum úr gömlum kjördæmum, að minnsta kosti fyrst í stað. En því sundurleitara sem einmenningskjördæmi er, því meiri líkindi eru til, að margir kunni að verða til að bjóða sig þar fram án tillits til flokkaskiptingar, og því hættara er við að atkvæði dreifist, svo að þingmaður kunni að ná kosningu eftir 48. gr. hinna nýju kosningalaga, þó að hann í raun-inni hafi að eins fylgi í tiltölulega litlum hluta kjördæmisins, ef hann að eins fær flest atkvæði af þeim sem í kjöri eru. Jafnvel með því fyrirkomulagi, að meir en helming greiddra atkvæði þurfi til að ná kosning, getur atkvæði í mörgum samanliggjandi einmenningskjördæmum auðveldlega fallið svo, að útkoman gefi alveg skakka mynd af almenningsálitinu á því svæði í heild sinni, sem kjör-

dæmin grípa yfir; en hættan á þessu yrði miklu meiri eptir hinni nýju reglu, ef um fleiri flokka en tvo er að ræða.[1] —

Það hafa við og við komið fram raddir á alþingi í þá átt, að heppilegt mundi í ýmsu tilliti og vænlegt til góðra kosninga að skipta landinu í stærri kjördæmi, er hvert kysi fleiri fulltrúa. En með einfaldri meiri hluta kosning er slíkt fyrirkomulag varhugavert, og því varhugaverðara, því fleiri sem kosnir væru á þann hátt í kjördæmi hverju, og yrði mjög ósanngjarnt fyrir minni hlutann.

Þegar frumvarpið um hlutfallskosningar til bæjarstjórna var til meðferðar á síðasta alþingi, með svo góðum byr, að það var samþykkt í einu hljóði í neðri deild og með 9 samhljóða atkvæðum í efri deild, kom ýmsum þm. til hugar, hvort eigi mundi auðið að koma þeirri kosningaraðferð að einnig við kosningar til alþingis, og kom þetta fram í umræðunum í neðri deild. Stjórnarráðið hefur nú tekið þetta atriði til athugunar, og komizt að þeirri niðurstöðu, að langhægast sje að koma jöfnuði á, þannig að hvert kjördæmi hafi fulltrúa eptir rjettri tiltölu íbúa og kjósenda, með því móti að skipta landinu í tiltölulega fá, stór kjördæmi, og að hlutfallskosning, sem er skilyrðið fyrir því, að slík kjördæmaskipting geti leitt til rjettlátra kosningaúrslita, sje enganveginn óframkvæmanleg hjer á landi, þótt hún að vísu sje nokkrum erfiðleikum bundin.

Hjer skal eigi farið út í að lýsa kostum hlutfallskosninga yfir höfuð. Aðferðin miðar að því, að tryggja öllum stefnum og skoðunum, sem nokkurt verulegt fylgi hafa hjá þjóðinni, að þær geti fengið sjer fulltrúa á löggjafarþinginu, svo þingið geti orðið sem næst því að vera rjett ágrip af þjóðinni í heild sinni. Auðvitað næðist þetta takmark bezt með því, að allt landið væri eitt kjördæmi, og kysi í einu alla þingmennina 34; en á þessu eru svo mikil vankvæði í framkvæmdinni, sjerstaklega af því að ekki er hægt að gjöra ráð fyrir því, að hver einstakur kjósandi beri kennsl á svo mörg þingmannaefni, að það þykir ekki með neinu móti fært, enda væri og þegar mjög mikið spor stigið í áttina, ef hlutfallskosning væri á komið í svo stórum kjördæmum, sem framast þykir tiltök á, og þau kjördæmi þannig ákveðin, að íbúatalan væri sem næst því að nema hlutfallstölu ($^1/_{34}$ þjóðarinnar) margfaldaðri með þeirri tölu fulltrúa, sem kjósa ber í kjördæminu.

Stjórnarráðinu er það ljóst, að þessi gagngjörða breyting á kjördæmaskipaninni hefur enganveginn fengið þann undirbúning hjá þjóðinni, sem æskilegt væri; en það hefur þó verið álitið rjett að koma nú þegar fram með frumvarp þetta, þar sem hlutfallskosningafyrirkomulagið er fellt inn í ákvæði hinna nýju kosningalaga, að þeim óbreyttum að öllu öðru leyti, til þess að það sem fyrst geti orðið tekið til athugunar, í sambandi við þær tillögur hjeraðsstjórna, er að framan er frá skýrt, og skal það um leið tekið fram, að þó að málið yrði ekki útrætt á þessu þingi, eru meiri líkindi til, að það verði tekið til rækilegrar athugunar út um land allt, ef það er á dagskrá þingsins, enda eigi fyrirsjáanlegt, að það hafi neina verulega þýðingu, þó að kjördæmaskiptingarmálinu sje eigi ráðið til lykta fyr en á alþingi 1907.

1) Dæmi: Kosning fer fram í fimm kjördæmum, og á að sýna vilja þjóðarinnar um ákveðið málefni. Í fjórum kjördæmum verður atkvæðamunurinn afarlítill, en meiri hlutar allir sama megin. Í fimmta kjördæminu er mjög mikill atkvæðamunur í hina áttina, þannig að samtala minni hlutanna í 4 kjördæmum ásamt meiri hlutanum í hinu 5· verða meiri en samtala fjögurra meiri hlutanna og minni hlutans í 5. Þá fær minni hluti þessa landshluta 4 þingmenn af fimm, en meiri hlutinn að eins einn fulltrúa.

Eins og á var drepið hefur frumvarp þetta ekki í sjer fólgnar aðrar breytingar á kosningalögunum, en þær, sem leiða af hlutfallskosningaraðferðinni, en gjörir engan glundroða á þeim reglum, sem hin nýju kosningalög setja að öðru leyti. Þetta frumvarp er í rauninni að eins áframhald af kosningalögunum til að fylla það, sem í þau vantar, og þó að ákvæði frumvarpsins að forminu til komi fram sem breytingartillögur við kosningalögin, þá er það að eins gjört í því skyni, að hægt sje að koma ákvæðum þessum, ef þau ná samþykki, fyrir í sama bálki á þann hátt, sem segir í 18. gr. frumvarpsins, er virðist mjög hentugt og handhægt form. Frá því sjónarmiði, að varhugavert sje að breyta svo nýjum lögum eins og kosningarlögin eru, virðist því ekki vera hægt að hafa með rjettu neitt á móti frumvarpi þessu.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal það fram tekið er nú skal greina:

Um 1. gr.

Skiptingin er miðuð við það, að íbúatala kjördæmanna með hæfilegu tilliti til kjósendatölunnar sje í rjettu hlutfalli við þá fulltrúatölu, sem hverju kjördæmi er ætlað að kjósa. Hitt þótti ekki máli skipta, að jafnmargir þingmenn væri í kjördæmi hverju, enda verður því naumast komið við svo vel fari, nema Reykjavík verði látin vera kjördæmi út af fyrir sig. En þar sem henni mundi þá bera eptir rjettri tiltölu allt að því 4 fulltrúar, sem er allmikið í samanburði við stór sveita-hjeruð, þykir rjettara, að hún kjósi ásamt Gullbringu og Kjósarsýslu, sem einnig á rjett á meira en 2 fulltrúum eptir tiltölu, þannig að þetta kjördæmi fái samtals 6 fulltrúa. En kjördæmi til sveita. sem væri miðuð við þá fulltrúatölu, yrðu of stór og erfið. — Þar sem unnt hefur verið, hafa sýslutakmörk verið látin ráða kjördæmaskiptum. En sumstaðar hefur ekki orðið hjá því komizt að víkja frá þessari reglu; þannig fylgir eystra Norðurlandskjördæminu, sá hluti Norðurmúlasýslu, sem liggur norðan Smjörvatnsheiðar, og vestara Norðurlandskjördæminu þrír nyrztu hreppar Eyjafjarðarsýslu, og Suðursveitakjördæminu þeir hreppar Vestur-Skaptafellssýslu, sem liggja vestan Kúðafljóts, en þau takmörk, sem þannig fást, virðast eðlileg eptir landsháttum og valda ekki auknum erfiðleikum. Sjerstaklega skal það tekið fram, að það þótti hentugra, að saman væri í kjördæmi þær sýslur, sem liggja að sama flóa, svo sem Strandasýsla með Húnavatnssýslu, Austur-Barðastrandarsýsla með öðrum Breiðaflóahjeruðum, heldur en t. d. leggja alla Vestfirðina, norðan Gilsfjarðar í eitt kjördæmi, sem auðvitað færi bezt á landbrjefi, en ekki að því skapi í viðskiptalífinu, eins og búast má við að það verði með vaxandi samgöngum á sjó. Til fjórðungaskipunar hefur ekkert tillit verið tekið.

Að því er snertir fólksfjölda í hinum einstöku kjördæmum, kjósendatölu og fulltrúahlutföll, vísast að öðru leyti til eptirfylgjandi töflu, sem er í sama formi og gefur samskonar upplýsingar eins og tafla sú, sem að framan er skráð viðvíkjandi núverandi ástandi.

Kjördæmi	Íbúatala var eptir skýrslum prestanna 31. desember 1903.	Kjósendatala eptir síðustu kjörskrám	Tiltölulegt fulltrúamagn: miðað við 1 þingmann á hver 2310 manns	Tiltölulegt fulltrúamagn: miðað við 1 þingmann á hverja 297 kjósendur	Fulltrúatala eptir frumvarpinu	Til þingmannatölu eptir frumvarpinu svarar íbúatala	Íbúatala verður eptir frumvarpinu yfir eða undir rjettri tiltölu við fulltrúamagn	Af hverju hundraði íbúa í kjördæminu nemur mismunurinn
1. *Kjördæmi* (Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla)	13270	1978	5.75	6.66	6	13860	÷ 590	4.4
2. *Kjördæmi* (Árnessýsla, Rangárvallasýsla, Vestmannaeyjar og af Vestur-Skaptafellssýslu: Dyrhóla-, Hvamms- og Álptavershreppar) . .	12052	1501	5.22	5.05	5	11550	+ 502	4.1
3. *Kjördæmi* (Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla)	11288	1388	4.90	4.66	5	11550	÷ 262	2.3
4. *Kjördæmi* (V.-Barðastrsýsla, V.-Ísafj.sýsla, Ísafjarðarkaupstaður, N.-Ísafjarðarsýsla) . . .	9438	1248	4.09	4.20	4	9240	+ 198	2,1
5. *Kjördæmi* (Strandasýsla, Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla og Hvanneyrar, Þóroddsstaða og Svarfaðardalshr.) . .	11898	1405	5.15	4.72	5	11550	+ 348	3.0
6. *Kjördæmi* (Aðrir hreppar Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, báðar Þingeyjarsýslur, Skeggjast. og Vopnafjarðarhr.úrN.M.)	11373	1445	4.93	4.86	5	11550	÷ 177	1,6
7. *Kjördæmi* (Aðrir hr.N.M, Seyðisfjörður, Suður-Múlas, Austur-Skaptafellssýsla og V.-Skaptafellssýsla að Kúðafljóti)	9220	1145	3.96	3.85	4	9240	÷ 20	0.2
	78539	10110	34.00	34.00	34	78540	+ 1049 ÷ 1048	

Það þótti ekki rjett, að miða skiptinguna aðallega við kjósendatölu, sem er mjög misjöfn að tiltölu við íbúafjölda í hinum ýmsu kjördæmum; sjerstaklega eru tiltölulega mjög margir kjósendur í kaupstöðum. Þannig er á Akureyri kjósendatala 18.6 af hundraði íbúa, í Reykjavík 15.4%, í Vestmannaeyjum 14.5%, á Ísafirði 16% o. s. frv., en til sveita, svo sem í Skaptafellssýslum, Mýrasýslu, Dalasýslu, Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu að eins milli 11 og 12%. Kjósendurna virðist rjett að skoða sem lögákveðna umboðsmenn þjóðarinnar til þess að framkvæma rjett hennar til að velja sjer fulltrúa til þingsetu, og það virðist ekki sanngjarnt, að ein sveit fái aukin politisk áhrif fyrir það, þó að óvenjuleg sveitarþyngsli eða ólag gjöri það að verkum, að aukaútsvör verða tiltölulega hærri þar en annarstaðar, svo að tiltölulega fleiri fullnægja skilyrðum fyrir því að framkvæma þetta þjóðarumboð.

Það hefur ekki þótt ástæða til þess að gefa kjördæmunum sjerstök nöfn eptir landshlutum, því að það gæti ef til vill orðið til þess að vekja óánægju þeirra sýslna, sem kjördæmi drægi eigi nafn af, enda virðist mjög vel mega nefna kjördæmin: fyrsta kjördæmi, annað kjördæmi o. s. frv.

Um 2. gr.

Skipan yfirkjörstjórna verður að breytast eptir kjördæmaskipuninni. Það hefir þótt rjett, að hvert sýslufjelag og hver sýsluhluti, sem í kjördæmi er, eigi fulltrúa í yfirkjörstjórninni; en þar sem fleiri en 4 sýslufjelög og bæjarfjelög eiga hlut að máli, er oddviti yfirkjörstjórnar látinn nægja sem fulltrúi fyrir það fjelag, sem hann er úr.

Oddvitar yfirkjörstjórnar eru tilnefndir þeir oddvitar hjeraðsstjórna, er sem næst eru í miðju kjördæmi.

Um 3. gr.

Þessi ákvæði eru alveg samskonar eins og ákvæði kosningalaganna að öðru leyti en því, er leiðir af eðli hlutfallskosninga, að kjósa verður eptir listum, þar sem nöfn frambjóðenda standa í fastri röð, og koma merki listanna þá í stað nafna þingmannaefnanna á kjörseðlunum o: kjósendur velja milli framboðslista í stað einstakra frambjóðenda, þegar fleiri fulltrúa á að kjósa en einn.

Um 4. gr.

Eintök þau af framboðslistunum, sem um ræðir í síðari hluta greinarinnar, eru ætluð til þeirrar notkunar, er segir í 8. gr. og til afnota fyrir kjörstjórnina. Síðara ákvæðið er sett til þess að fyrirbyggja, að skipt sje um lista.

Um 5.—13. gr.

Markmið hlutfallskosningarinnar er, eins og kunnugt er, að hver flokkur eða hópur kjósenda í kjördæmi hverju, sem hefur ákveðna stefnu eða sjerstök áhugamál, sem hann vill fá framgengt, eigi kost á því að fá sjer fulltrúa, ef hann er svo fjölmennur, að hann á nokkurn hátt geti komið til greina eptir rjettri tiltölu fulltrúa og þeirra, sem kosningarrjett vilja nota í kjördæminu. Hlutfallskosningin verndar þannig rjett minni hlutanna til þess að geta látið til sín heyra, og mælt fyrir máli sínu, án þess að skerða að nokkru rjett meiri hlutans til þess að ráða. Aðferð sú til að koma þessu fyrir, sem fylgt er í frumvarpi þessu,

er kennd við mann að nafni de Hondt, og er hin sama eins og notuð er við bæjarstjórnarkosningar eptir lögunum frá 10. nóv. 1903, en nokkuð frábrugðin aðferð þeirri, sem notuð er við hlutfallskosningar til nefnda á alþingi eptir lögum 22. mai 1890. Sú aðferð hefur sem sje þann anmarka, að fyrir getur komið eptir henni, að eigi nái eins margir og kjósa skal, fyrirskipaðri hlutfallstölu, og verður þá að kjósa í skarðið með venjulegri meirihlutakosning. Þetta mundi valda allt of miklum vafningum, tímatöf og kostnaði, er um alþingiskosningar er að ræða fyrir stórt kjördæmi með kjörstað í hverjum hreppi, því að auðvitað mundi það ekki koma fram fyr en yfirkjörstjórn teldi atkvæði saman, hvert nógu margir hefðu náð hlutfallstölu. En með de Hondt's-aðferðinni er girt fyrir þetta, og er aðferðin mjög einföld og sameinast vel leynilegri kosning.

Það álízt óþarft að skýra sjerstaklega hverja grein fyrir sig, því að breytingin er í verunni einungis ein, sameining reglanna um hlutfallskosning við fyrirmæli hinna nýju kosningalaga um leynilega kosning í hreppi hverjum, og er ekki farið fram á neinar aðrar breytingar á meginmáli kosningalaganna, en þær, sem beint stafa af listakosningunni.

Framboðslistarnir er ætlast til að verði í líku formi og sýnt er á eptirfarandi fyrirmynd. Það þykir of umsvifamikið, að öll yfirkjörstjórnin komi saman, til þess að merkja framboðslistana, athuga þá og senda þá til undirkjörstjórnanna. Þetta er því falið oddvita yfirkjörstjórnarinnar, og honum jafnframt lagt á herðar, að leiða athygli þess, er með framboðslista kemur, að formgöllum, sem á honum kynnu að vera, og gjöra kost á að leiðrjetta þá. Um kjörgengisskilyrði hvers einstaks, sem á framboðslista stendur, er yfirkjörstjórn ekki ætlað að dæma, heldur alþingi, og fyrirkomulagið á útreikningi hlutfallskosningarinnar gjörir það mögulegt að mæla svo fyrir, að ef alþingi ónýtir kosning einhvers fulltrúa, þá skuli sá koma í hans stað, sem næst eptir hann hefur hæzta útkomutölu, og að öðru leyti hefur verið löglega í kjöri.

Í eptirfylgjandi dæmum er sýnt, hvernig haga má útreikningnum á því, hver þingmannsefni hafa kosning hlotið af hverjum framboðslista. Fyrsti þingmaður kjördæmisins kemur á þann lista, sem flest atkvæði hefur hlotið. Ef helmingur þeirra atkvæða, er sá listi hefur hlotið, er stærri en atkvæðafjöldi nokkurs annars lista, fær hann einnig annan fulltrúann; en annars kemur annar þingmaðurinn á þann listann, sem næst-hæsta atkvæðatölu hefur. Ef þriðjungur af atkvæðatölu þess lista, sem flest hefur atkvæði, er stærri en atkvæðatala hinna listanna, kemur þriðji þingmaður einnig á þann lista, ella á þann af hinum listunum, sem hefur þá hæzta atkvæðatölu. Þetta er með öðrum orðum, að atkvæðatölu listanna er deilt fyrst með 1, svo með 2, svo með 3 o. s. frv.; útkomutölunum raðað eptir stærð, og þingmennirnir teknir af listunum eptir röð þeirra útkomutalna, sem þeim hafa hlotnazt.

Um 14.—18. gr. álízt ekki þurfa sjerstaka skýringu.

Um 19. gr.

Um form frumvarpsins er þess áður getið, að því er svo hagað, að koma megi öllum kosningalögunum í einn bálk, og er form þetta allmikið notað á ríkisþinginu í Danmörku, er breytt er stærri lagabálkum.

Framboðslisti.

Vjer undirskrifaðir kjósendur í . . . . . kjördæmi Íslands leggjum það til og mælum fram með því, að kosnir verði alþingismenn fyrir kjördæmið við kosningar þær, er í hönd fara, eptirnefndir menn, er gefa kost á sjer til þessa starfs

1. Árni Árnason, hreppstjóri á Hrauni í . . . . . sýslu
2. Bjarni Björnsson kaupmaður á . . . . firði í . . . sýslu
3. Davíð Daníelsson prestur á . . . stöðum í . . . . sýslu
4. Eiríkur Einarsson sýslumaður í . . . vík í . . . . sýslu
5. Finnur Finnsson útgjörðarmaður í . . . nesi . . . sýslu

Hjer með fylgja:

1, skriflegar yfirlýsingar ofangreindra þingmannaefna, um að þeir gefi kost á sjer í þessu kjördæmi og ekki öðru.

2, ... prentuð eintök af framboðslista þessum, með árituðu eiginhandarnafni eins af undirskrifuðum meðmælendum.

Í . . . . . kjördæmi . . . d. . . . . mán. 19 . .

Nöfn meðmælenda.	Staða.	Heimili.
Jón Einarsson,	bóndi,	Loptsstöðum í Árnessýslu

(o. s. frv. eigi færri en 20 og eigi fleiri en 30).

Sýnishorn

af útreikningi hlutfallskosninga í 6 manna og 5 manna kjördæmum.

I.

Kjósa skal 6 fulltrúa. Þrír framboðslistar eru í kjöri, merktir A, B og C; á hverjum framboðslista eru 6 þingmannaefni í tölusettri röð. A-listinn fær við kosninguna 669 atkv., B-listinn 447, og C-listinn 222 atkv.

Atkvæðatala listanna	A-listinn 669	B-listinn 447	C-listinn 222	Útkomutölur raðað eptir stærð og röð kjörinna fulltr.	Útkomutölurnar eru á			Kjörnir alþingismenn
					A-lista	B-lista	C-lista	
Skipt með 1)	669	447	222	nr. 1	669	...	...	A 1
— — 2)	$334^1/_2$	$223^1/_2$	111	— 2	...	447	...	B 1
— — 3)	223	149	...	— 3	$334^1/_2$	...	...	A 2
— — 4)	$167^1/_4$	...	...	— 4	...	$223^1/_2$	...	B 2
... ...	...	...	...	— 5	223	...	...	A 3
... ...	...	...	...	— 6	...	...	222	C 1

II.

Kjósa skal 5 fulltrúa. Þrír framboðslistar í kjöri; A-listinn fær 590. B-listi 300. C-listi 100.

Atkvæðafjöldi listans	A 590	B 300	C 100	Útkomutölur	A	B	C	Kjörnir alþingismenn
Skipt með 1)	*590*	*300*	100	Nr. 1	590	...	...	A 1
— — 2)	*295*	*150*	50	— 2	...	300	...	B 1
— — 3)	*196⅔*	100	33⅓	— 3	295	...	...	A 2
— — 4)	147½	...	...	— 4	196	...	...	A 3
— — 5)	118	...	...	— 5	...	150	...	B 2

Frumvarp til laga

um

heimild til lóðarsölu fyrir Ísafjarðarkaupstað.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

1. gr.

Þá er beðið er um útmæling á lóð undir hús í landareign bæjarins, hvort heldur er á verzlunarlóðinni eða utan hennar, getur bæjarstjórn heimtað endurgjald fyrir lóðina, og skal bæjarstjórn ákveða verð hverrar lóðar eptir tillögu byggingarnefndar.

2. gr.

Nú kaupir einhver af bænum lóð undir hús, og skal þá hús reist á lóðinni áður en 2 ár eru liðin frá því, er kaupin fóru fram, ella fellur lóðin aptur til bæjarins endurgjaldslaust; þó skal kaupandi fá endurgoldin eptir óvilhallra manna mati þau verk, er hann hefur unnið til umbóta á lóðinni.

3. gr.

Andvirði seldra lóða leggist í sjerstakan sjóð og setur stjórnarráðið eptir tillögum bæjarstjórnar reglur um stjórn sjóðsins og notkun hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem útkoma þeirra er birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi það, er kom saman sumarið 1903 samþykkti frumvarp til laga um heimild til lóðarsölu fyrir Reykjavíkurkaupstað, sem borið var upp af þingmanna hálfu og hlaut staðfesting konungs 3. okt. 1903.

Nú hefur bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar sent stjórnarráðinu uppkast að frumvarpi til samskonar laga fyrir þann kaupstað og beiðzt þess, að stjórnarráðið leggi það fyrir alþingi.

Frumvarp þetta er aðallega sama efnis og ofannefnd lög fyrir Reykjavík og sömu ástæður til þess að slík lög sjeu gefin fyrir Ísafjörð, þar sem lóðir þar eru orðnar talsvert dýrar, en rjettara að bæjarfjelagið hafi hagnaðinn af þeirri verðhækkun heldur en einstakir menn, sem krefjast þess að þeim sjeu útmældar lóðir ókeypis, en selja þær síðan öðrum. Annars er efasamt, hvort slík heimildarlög sem þessi í raun og veru eru nauðsynleg, en þau taka af allan vafa um rjett kaupstaðarins í þessu tilliti, svo hann stendur betur að vígi en annars, sjerstaklega nú, eptir að áðurnefnd lög fyrir Reykjavík eru gefin.

Hið einasta ákvæði í frumvarpinu, sem eigi er samhljóða nefndum lögum frá 3. okt. 1903, er í 3. gr., þar sem ákveðið er að andvirði hinna seldu lóða skuli lagt í sjerstakan sjóð, er stjórnarráðið setji reglur fyrir eptir tillögum bæjarstjórnar. Ef slíkt ákvæði eigi væri sett í frumvarpið, hefði kaupstaðurinn sömu ráð yfir andvirði lóðanna eins og öðru fje bæjarsjóðsins, og í sjálfu sjer sýnist ekki vera þörf á að setja sjerstakar reglur um fje það, sem hjer er um að ræða, en úr því að bæjarstjórnin sjálf stingur upp á því, að kaupstaðnum sjeu þannig settar reglur fyrir því, hvernig andvirði lóðanna skuli varið, virðist ekki ástæða til að setja sig á móti því.

Frumvarp til laga

um

fyrning skulda og annara kröfurjettinda.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Skuld eða önnur krafa, sem ekki hefur verið viðurkennd eða lögsókn heimt innan þeirra tímatakmarka, er ákveðin eru í lögum þessum, fellur úr gildi fyrir fyrning.

Nú á kröfuhafi skuld að lúka skuldunaut sínum, og missir hann þá eigi, þótt fyrningarfrestur líði, rjett til að telja kröfuna til skuldajafnaðar, enda sje hún af sömu rót runnin og skuld hans, eða samið hafi verið fyrirfram um skuldajöfnuð eða slíkt áskilið, áður en fyrningarfrest þraut.

Haldsrjettur og veðrjettur ónýtist ekki, þótt skuldin fyrnist, nema sjálfsvörzluveðrjettur í lausafje; hann fellur úr gildi um leið og krafan fyrnist, nema að því er snertir lausafje, sem er löglegt fylgifje með veðsettri fasteign, sbr. 5. og 6. gr. í lögum um veð 4. nóvbr. 1887.

Ennfremur fellur úr gildi sjálfsvörzluveðrjettur fyrir vöxtum og öðrum kröfum, er ræðir um í 2. tölulið 3. greinar, þegar krafan fyrnist.

Þau rjettindi fyrnast ekki, er hvíla á fasteign sem ævarandi afgjaldskvöð.

2. gr.

Þessar kröfur fyrnast á 20 árum:

1. Krafa á hendur landssjóði, banka eða sparisjóði um endurgjald á fje, er lagt hefur verið í sjóðinn til ávöxtunar eða geymslu.

   Banki telst hver sá, sem samkvæmt tilkynningu til verzlunarskránna rekur bankaatvinnu,
2. Krafa um lífeyri og aðrar slíkar kröfur, sem eru fólgnar í rjetti til þess með vissu millibili að krefjast fjárframlags, er ekki getur talizt afborgun af skuld.

3. gr.

Þessar kröfur fyrnast á 4 árum:

1. Kröfur út af:
   sölu eða afhendingu á vörum eða lausafje, sem ekki er afhent sem fylgifje með fasteign,
   leigu á fasteign eða lausafje,
   veru, viðgjörning eða aðhlynningu,
   flutning á mönnum eða munum,
   vinnu, og hverskonar starfa, sem í tje er látinn.
2. Kröfur um gjaldkræfa vexti, húsaleigu, landskuld, leigur, gjaldkræf laun eða eptirlaun, lífeyri, forlagseyri, meðgjöf eða aðra greiðslu, er greiðast á með vissu millibili og ekki er afborgun af skuld.
3. Kröfur, er lögtaksrjett hafa.
4. Kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum, að undanskilinni ábyrgð á fjárskilum opinberra gjaldheimtumanna eða gjaldkera við opinberar stofnanir eða stofnanir einstakra manna. Ennfremur endurgjaldskrafa sú, er ábyrgðarmaður eða samskuldari hefur á hendur aðalskuldunaut, meðábyrgðarmanni eða samskuldara, út af greiðslu skuldar; endurgjaldskrafan er þó jafnan dómtæk eins lengi og innleysta krafan mundi verið hafa.
5. Krafa um endurgjald á því, er maður hefur greitt í rangri ímyndun um skuldbinding, eða í von um endurgjald, er brugðizt hefur, þó svo að móttakandi hafi ekki gjört sig sekan í sviksamlegu atferli,

4. gr.

Á 10 árum fyrnast:

1. Kröfur samkvæmt skuldabrjefi, dómi eða opinberri sátt, er ekki falla undir ákvæði 2. gr. Að því er snertir kröfur þær, er um ræðir í 2.—4. tölulið 3. greinar, gildir 10 ára fyrning þó því aðeins, að skuldabrjef sje útgefið, dómur genginn eða sátt gjörð, eptir að krafan fjell í gjalddaga, eða var orðin sjálfstæð skuldakrafa á annan veg, eða rentumiði hafi verið útgefinn fyrir vöxtum eða annari samskonar kröfu.
2. Allar aðrar kröfur, sem ekki er settur annar fyrningarfrestur fyrir í 2. og 3. gr.

5. gr.

Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf. Gjalddagi á verzlunarskuldum telst 31. desbr. ár hvert fyrir þá skuld, sem stofnuð er á árinu, nema samið sje um annan gjalddaga. Fyrningarfrestur á dómkröfum telst frá dómsuppsögn án tillits til fjárnámsfrests.

Nú fer gjalddagi skuldar eða annarar kröfu eptir undanfarandi uppsögn af hálfu kröfueiganda, og telst þá fyrningarfresturinn frá þeim degi, er skuldin í fyrsta lagi gat orðið gjaldkræf eptir uppsögn. Að því er snertir ábyrgð á kröfu, sem fyrnist á 10 eða 20 árum, telst þó 4 ára fyrningartíminn samkvæmt 4. tölulið 3. greinar að eins frá þeim degi, er krafan á hendur ábyrgðarmanni varð gjaldkræf í raun og veru, jafnvel þótt ábyrgðarkrafan hefði getað fallið fyr í gjalddaga fyrir uppsögn á aðalkröfunni. En jafnframt fyrnist ábyrgðarkrafan á 10 eða 20 árum frá þeim degi, er hún í fyrsta lagi hefði getað orðið gjaldkræf vegna uppsagnar á aðalkröfunni.

Við útreikning á fyrningarfresti á ábyrgðarkröfu skal ekkert tillit taka til þess, þó ekki sje hægt að krefja ábyrgðarmanninn um greiðslu fyr en reynzt hefur árangurslaust, að ná skuldinni inn hjá aðalskuldunaut, eða fyr en eptir undangengna aðvörun.

Að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. tölulið 2. greinar telst fresturinn frá þeim degi, er hin fyrsta greiðsla fjell í gjalddaga. Sama gildir um fyrningarfrest á ábyrgð á kröfum þessum.

6. gr.

Nú viðurkennir skuldunautur skuld sína við kröfueiganda eptir þann tíma, er fyrningarfrest ella hefði átt að telja frá, annaðhvort með berum orðum eða á annan hátt, — t. d. með því að lofa borgun eða greiða vexti —, þá hefst nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er viðurkenningin átti sjer stað, eða frá þeim degi, er skuldin þar á eptir varð gjaldkræf, eða hefði getað orðið gjaldkræf með uppsögn frá kröfueiganda. Hafi skuldabrjef verið útgefið, eða dómur gengið eða sætt verið gjörð um kröfuna, þá fyrnist krafan eptir ákvæðum þeim, er sett eru í 4. gr., sbr. 5. gr.

7. gr.

Ef skuldari sviksamlega dregur dul á, eða vanrækir að skýra frá atvikum, er krafan byggist á, eða valda því, að hún verður gjaldkræf, og skuldaranum bar skylda til að segja frá, þá fyrnist skuldin ekki fyr en 4 ár eru liðin frá þeim degi, er kröfueigandinn fjekk vitneskju um þessi atvik, eða eitt ár er liðið frá dánardegi skuldunauts.

8. gr.

Kröfur:

1. sem hjón hafa hvort á annað,
2. sem ómyndugir hafa á hendur fjárhaldsmanni eða yfirfjárráðanda,
3. sem opinberar stofnanir, hlutafjelög eða aðrir ópersónulegir kröfueigendur eiga á hendur forstjóra,

fyrnast ekki fyr en fjögur ár eru liðin frá því, að hjónabandinu var slitið, fjárhaldið hætti, eða forstjórinn vjek úr stöðu sinni.

9. gr.

Nú deyr skuldari eða kröfueigandi, eða kröfueigandi er sviptur fjárforræði, eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta, og fullt ár er ekki eptir af fyrningartímanum, þá lengist fresturinn um eitt ár frá áminnstum atburði að telja.

10. gr.

Nú er innköllun til skuldheimtumanna, til að koma fram með kröfur sínar innan ákveðins tíma, útgefin af skuldara eða af búi hans, áður en fyrningarfresturinn er á enda, þá fyrnist krafan ekki fyr en innköllunarfresturinn er liðinn.

Hafi krafan verið tilkynnt í tæka tíð, og ekki er að ræða um opinber skipti eða gjaldþrotaskipti, sbr. 13. gr., þá fyrnist krafan alls eigi, fyr en eitt ár er liðið frá því innköllunarfresturinn var á enda.

11. gr.

Málssókn telst byrjuð áður en fyrningarfrestur er liðinn, ef kæra til sáttanefndar eða stefna er birt innan nefnds tíma. Þó má stefnufresturinn ekki vera lengri en nauðsyn krefur, ef kæran eða stefnan á að takast fyrir eptir að fyrningarfresturinn er liðinn. Því að eins skal álíta málssókn byrjaða, áður en málinu er stefnt til dóms, að stefnan sje birt svo fljótt sem unnt er, eptir að málinu var vísað til dóms og laga frá sáttanefndinni, og stefnufrestur ekki ónauðsynlega langur eins og fyr segir. Þá er opinber stefna er viðhöfð, telst málshöfðun byrjuð þann dag, er stefnan er birt í fyrsta sinni í blaði því, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Þegar gagnkrafa er gjörð til skuldajafnaðar, án þess að gagnsóknarmál sje höfðað, telst sóknin byrjuð, þegar gagnkrafan er gjörð fyrir dóminum. Nú er máli vísað frá dómi eða hafið, eða það fellur niður af öðrum ástæðum, án þess dómur gangi um kröfuna, þá hefur kröfueigandi rjett til, þótt fyrningarfresturinn sje liðinn, að höfða nýtt mál gegn varnaraðila í hinu fyrra máli, eða þeim, er komið hefur í hans stað, innan 6 mánaða frá því málinu var frávísað, eða það var hafið eða á annan hátt niðurfellt. Hið sama gildir, ef hinu síðara máli, eða síðari málum verður frávísað, eða þau á annan hátt niðurfalla án efnisdóms.

Nú er máli heimvísað til nýrrar meðferðar við lægri dómstól, þá hefur kröfueigandi heimild til, þótt fyrningarfresturinn sje liðinn, að fá málið tekið fyrir á ný innan 6 mánaða.

12. gr.

Þar sem lögtak eða fjárnám má gjöra án undanfarins dóms eða sáttar, er krafan sótt í tæka tíð, þegar fjárnámið eða lögtaksgjörðin eða nauðungaruppboðið, — þar sem ganga má fram hjá fjárnámi —, er byrjað áður en fyrningarfrestur er liðinn. Verði fjárnámið ekki framkvæmt vegna framkominna mótmæla, eða það fellt úr gildi við æðri dómstól, getur kröfueigandi látið framkvæma fjárnám, lögtak eða nauðungaruppboð á ný samkvæmt ákvæðum 11. greinar, og telst 6 mánaða fresturinn frá því, er hin fyrri sókn endaði.

13. gr.

Þá er bú skuldunauts hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða opinberrar skiptameðferðar samkvæmt skiptalögum 12. apríl 1878, eða búinu er skipt af löggiltum skiptaforstjórum, kemur krafa í búið í stað lögsóknar. Sje krafan viðurkend, en henni ekki fullnægt af eignum búsins, fyrnist krafa sú, er kröfueigandi kann að hafa á hendur skuldara eða erfingjum hans, samkvæmt þeim ákvæðum, sem sett eru í 1. tölulið, 4. gr., þannig að 10 ára fresturinn telst í fyrsta lagi frá skiptalokum. Ef krafan þar á móti hefur ekki verið viðurkennd, þá hefur kröfueigandinn rjett til, þótt fyrningarfresturinn sje á enda, að byrja nýja málssókn, innan 6 mánaða frá skiptalokum að telja, eða hafi

kröfunni verið hrundið með úrskurði skiptarjettar eða dómi æðri rjettar, innan 6 mánaða frá því, að úrskurðurinn eða dómurinn var uppkveðinn.

14. gr.

Nú vill sá, er mál hefur höfðað, gjöra kröfu á hendur öðrum manni, til greiðslu að öllu leyti eða að nokkru leyti á því, er hann kynni ekki að fá sjer tildæmt eða ná inn hjá þeim, er hann hefur höfðað málið á móti, þá er það nægilegt til þess að halda kröfunni í gildi, að kröfueigandinn hafi áður en fyrningarfresturinn var á enda, gjört hlutaðeiganda, eptir reglum þeim, er gilda um birtingu á stefnum, aðvart um málssóknina, enda skal hann þá sækja rjett sinn að lögum innan 6 mánaða, eptir að hinni fyrri málsókn var lokið.

Samsvarandi ákvæði gilda, ef sá, sem stefnt er, vill koma fram kröfu á hendur öðrum manni um skaðabætur fyrir það, er hann kann að þurfa að greiða.

15. gr.

Ef ekki er auðið að svo stöddu að sækja við dómstóla á Íslandi mál út af kröfu, sem fyrnist samkvæmt íslenzkum lögum, þá getur kröfueigandi, með því að tilkynna landsyfirdómnum kröfu sína, áður en fyrningartiminn er liðinn, haldið rjetti sínum óskertum, til að sækja rjett sinn að lögum, annaðhvort innan árs eptir að skilyrði voru fengin fyrir því, að innheimta mætti skuldina við íslenzkan dómstól, eða innan 10 ára frá því tilkynningin var gjörð.

Þessi tilkynning á að vera skrifleg, og skal innfæra hana í bók.

Stjórnarráðið setur ítarlegri reglur um, hvernig haga skuli tilkynningum þessum og um gjald fyrir innfærsluna; gjaldið rennur í landssjóð.

16. gr.

Þótt krafan sje fyrnd samkvæmt framannefndum ákvæðum, skal það þó ekki vera því til fyrirstöðu, að sakamaður, sem dæmdur er fyrir glæp, sje jafnframt dæmdur til að greiða skaðabætur til þess, er skaða hefur beðið við glæpinn. Sjeu skaðabæturnar ekki ákveðnar í sakamálsdóminum getur sá, er misgjört var við, höfðað sjálfstætt mál gegn hinum sakfellda innan 6 mánaða frá dómsuppsögn.

17. gr.

Þegar arðberandi skuld fyrnist, falla jafnframt úr gildi allir áfallnir vextir af skuldinni.

Samsvarandi ávæði gildir einnig um kröfur, sem eru fólgnar í rjetti til að krefjast fjárframlags með vissu millibili, og ekki getur talizt afborgun af höfuðstól.

18. gr.

Krafa samkvæmt peningaseðli fyrnist ekki.

19. gr.

Samningur um lengri fyrningarfrest, en framan er ákveðinn, er löglegur að því er snertir:

1. Skuldabrjef, er ganga eiga kaupum og sölum manna á milli, og út eru gefin í mörgum samhljóða eintökum.
2. Vaxtamiða, sem út eru gefnir fyrir vöxtum af ofannefndum skuldabrjefum eða fyrir arði af hlutabrjefum.
3. Skírteini, sem út eru gefin af lífsábyrgðar- eða framfærslustofnunum.
4. Kröfur þær, er ræðir um í 1. tölulið 2. greinar.

20. gr.

Stjórnarráð Íslands hefur heimild til að veita eiganda veðsettrar eignar leyfisbrjef til ógildingardóms á veðskuldarbrjefi, ef umsækjandi fullnægir eptirfarandi skilyrðum:

1. að liðin sjeu 10 ár, eða, að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. gr., tuttugu ár frá þeim degi, er skuldin, samkvæmt ákvæðum skuldabrjefsins fjell í gjalddaga, eða í fyrsta lagi hefði getað orðið gjaldkræf eptir uppsögn, eða að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. tölulið 2. greinar, frá gjalddaga hinnar fyrstu greiðslu.
2. að sannað sje, að þrátt fyrir ítarlega eptirgrennslan hafi ekki fundizt nokkur maður, er veðbrjefið veiti rjettindi, og
3. að álíta verði eptir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið, að ekkert það atvik hafi fyrir komið, er gjöri það að verkum, að krafan samt sem áður sje enn í gildi, eða ef engin persónuleg skuldbinding hvílir á eiganda veðsins, hefði verið í gildi gagnvart honum, ef slík skuldbinding hefði á honum hvílt.

Ákvæði þessarar greinar hafa engin áhrif á heimild þá, er stjórnarráðið hefur til þess, að veita leyfisbrjef til ógildingardóms á veðbrjefi, þegar álíta verður að veðrjetturinn sje úr gildi genginn.

21. gr,

Ákvæði Jónsbókar í 8. kap. kaupabálks og ákæðið í 1. málsgrein 9. greinar í lögum um aðför 4. nóvbr. 1887, eru úr gildi felld. Önnur ákvæði, þar sem frestur er settur fyrir málshöfðun eða kröfugjörð, standa óhögguð.

22. gr.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um kröfur þær, er þegar eru stofnaðar; þó fellur engin krafa úr gildi samkvæmt lögum þessum fyr en við árslok 1909.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Árið 1890 var að tilhlutun hinnar dönsku stjórnar samið frumvarp til laga um skuldafyrningu. Þetta frumvarp var svo athugað og endurskoðað af dönskum og norskum lögfræðingum. Á þessum grundvelli hafa Norðmenn sett fyrningarlög hjá sjer, og frumvarp til fyrningarlaga, sem í öllum aðalatriðum er samhljóða hinum norsku lögum, hafa verið lögð fyrir ríkisþingið í Danmörku, og er þar í undirbúningi; má ganga út frá því, að lagafrumvarp þetta verði gjört að lögum innan skamms, og er þá sýnilegt að þörfin eykst hjer á landi fyrir því, að hafa heppileg fyrningarlög, þegar þau eru komin á í nágrannalöndum vorum.

Þótt vjer höfum engin almenn fyrningarlög, þá er þó fyrning skulda ekki óþekkt í löggjöf vorri. Sem dæmi þess má nefna 4. lið 7. gr., 3. lið 11. gr. og 14. gr. í tilskipun um eptirlaun frá 31 maí 1855. (Eptirlaunaupphæð tapast, ef hún er ekki hirt innan árs frá gjalddaga og eptirlaunarjettur tapast, ef eptirlaun hafa ekki verið tekin í 3 ár), 7. gr. laga 3. okt. 1884, um eptirlaun prestsekkna (eptirlaun missast, ef þau eru ekki hirt í 3 ár), 78. og 79. gr. víxillaganna 13. jan. 1882 um fyrningu á víxilkröfum, 12. gr. í lögum um lögtak og fjárnám 16. desbr. 1885 (mál til skaðabóta útaf lögtaki skal höfða innan 8 vikna frá lögtaksdegi), 4. gr. laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju 26. okt. 1893. (Mál um skaðabætur eptir ákvæðum laganna skal höfðað innan árs), 32. gr. í lögum um gjaldþrotaskipti 13. apr. 1894, (mál til að rifta ráðstöfunum skuldunauts skal höfða innan 4 vikna eptir skiptafund þann, er kröfurnar eru rannsakaðar á), 17. gr. í póstlögunum 13. sept. 1901. (Skaðabótarkrafa á hendur póststjórninni fyrir sendingu, er glatast hefur, fellur burtu, ef krafan er ekki gjörð innan árs frá því sendingin var látin á póstinn). Fyrningarlagafrumvarp það, er hinir dönsku og norsku lögfræðingar hafa samið, er, eins og að líkindum ræður, næsta ólíkt fyrningarákvæðum dönsku laga, er stjórnin vildi lögleiða 1845. Í dönsku lögum er fyrningarfresturinn ætíð 20 ár, og telst frá stofnunardegi skuldarinnar. Hvorttveggja þessu er breytt í hinum nýju fyrningarlögum. Þar er fresturinn settur 3, 10 og 20 ár, eptir því hverrar tegundar skuldin er, og fresturinn er talinn frá þeim degi, er krafan fjell í gjalddaga, þó með nokkurri breytingu að því er snertir skuldir, er falla í gjalddaga eptir uppsögn frá hálfu kröfueiganda. Það er nú ljóst, að viðskiptalífið og tilgangur fyrningarlaganna heimtar, að fyrningarfresturinn sje ekki ætíð hinn sami. — Tilgangur fyrningarlaga er í stuttu máli sá, af annari hálfu að vera vörn gegn röngum kröfum, og á hinn bóginn að stuðla að því, að menn greiði skuldir sínar innan hæfilegs tíma, eða að menn að minnsta kosti með hæfilegu millibili gjöri upp viðskipti sín; þau eiga ekki sízt að fyrirbyggja, að allt í einu dynji yfir skuldarann gamlar kröfur, er hann ef til vill aldrei hefur vitað af að á sjer hvíldu, eins og vel er hugsanlegt að því er skaðabótakröfur snertir, eða var búinn að gleyma eða hafði ástæðu til að ætla, að hann yrði ekki krafinn um, þar sem skuldin hafði engin lífsmörk sýnt í mörg ár.

Að því er ýmsar stofnanir snertir þá er það vitanlegt, að reikningshald og bókfærsla þeirra er svo nákvæm og glögg, að engin hætta er á, að þaðan komi rangar kröfur á hendur viðskiptamönnum þeirra, og því þyrfti ekki að hafa stuttan fyrningarfrest til þess, að verja þá röngum kröfum, en öðru máli er að gegna með bókfærslu og reikningshald kaupmanna, iðnaðarmanna og

annara atvinnurekenda. Það er ekki við því að búast, að bókfærsla þessara manna sje svo glögg og áreiðanleg, að þar komi ekki ýmsar villur fyrir. Því er engan veginn treystandi, að úttekt, sem tilfærð er í verzlunar- og viðskiptabókum þeirra sem skuld, sje í raun og veru óborguð, því auðveldlega geta ýmsir hlutir ranglega skrifast hjá viðskiftamanninum og eins gleymst að geta þess í bókunum, þegar skuldin hefur verið borguð. Á hinn bóginn er almenningur langt frá því svo varkár sem skyldi að taka kvittun fyrir öllum útborgunum og sízt að kvittununum sje haldið svo vel saman, að hægt sje að finna þær, þegar til á að taka. Ef nú annaðhvort enginn fyrningarfrestur væri settur eða þá eins langur fyrningarfrestur, eins og ákveðið er í Chr. V. dönsku lögum, þá er auðsætt, að sá maður, sem sóttur er um skuld, er á að hafa tilorðið fyrir mörgum árum, á mjög erfitt með að verja sig gegn slíkri kröfu, þótt hún sje alveg röng. Hann mun eiga erfitt með að segja af eða á um það, hvort hann hafi fengið vörur þær, er honum er stefnt fyrir, muna það fyrir víst hvort hann síðar hafi borgað þær o. s. frv. Einmitt fyrir það, hvað langt er um liðið, er hætt við, að honum sje nú ómögulegt að leita sjer nægilegra upplýsinga t. d. með vitnaleiðslu til að geta varist kröfunni.

Að því er þessar kröfur snertir þá er það ljóst, að ef fyrningarlög eiga að hafa verulega praktiska þýðingu, verður fyrningarfresturinn að vera tiltölulega stuttur. Einnig það augnamið fyrningarlaganna, að koma í veg fyrir óholla lánsverzlun, krefur að fyrningarfresturinn sje stuttur. Bæði fyrir kröfueiganda og eins fyrir skuldunaut, eða með öðrum orðum fyrir allt fjelagslífið hefur það mikla þýðingu, að þess konar útgjöld safnist ekki fyrir ár frá ári, því þá er hætt við að skuldarinn lendi í basli og gjaldþrotum. Á hinn bóginn er það áríðandi fyrir atvinnurekandann, að þurfa ekki að gefa langan lánsfrest, því bæði geta skuldirnar fallið og þótt eigi komi til þess, þá er það þó óhagstætt fyrir kaupmanninn að þurfa að binda til langframa fje það, er hann þarf til að geta rekið atvinnu sína.

Af þessum ástæðum hefur mjög víða verið settur 3 ára fyrningarfrestur fyrir umræddar kröfur. og þannig er það í umgetnum lögum í Noregi, og má ganga út frá því sem vísu, að sami frestur verði settur í Danmörku, en þessi 3 ára frestur hefur þótt of stuttur hjer á landi, þar sem enn sem komið er, eru svo miklir örðugleikar á að innheimta skuld sína með málssókn. Hefur verið álitið að ekki dugi að setja frestinn styttri en 4 ár, að minnsta kosti ekki fyrst í stað, meðan menn eru að venjast fyrningarlögunum.

Eins og áður er sagt, er fyrningarfresturinn talinn frá gjalddaga, það er frá þeim degi, er kröfueigandinn hefur rjett til að heimta að skuldin sje borguð, þó með nokkurri breytingu að því er kröfur snertir, er greiðast eiga einhvern ákveðinn tíma eptir uppsögn af hálfu kröfueiganda. Þetta er eðlileg breyting frá hinni eldri reglu í dönsku lögum, er taldi fyrningarfrestinn frá stofnunardegi kröfunnar. Það er fyrst frá þeim degi, er skuldin varð gjaldkræf, að hægt er að heimta að kröfueigandi innheimti skuld sína, og það er óeðlilegt með fyrningarlögum að útiloka menn frá að stofna skuld, er ætti að verða gjaldkræf eptir lengri tíma en sem svaraði fyrningarfrestinum. Þetta ákvæði í dönsku lögum hefur oft valdið óþægindum, en alveg ótækt yrði að halda því í lögum með styttri fyrningarfresti.

Til að girða fyrir fyrningu skuldar útheimtist eftir þessum nýju lögsókn eða viðurkenning hins skulduga, en auk þess er ákveðið í 5—14—4 í

dönsku lögum að kröfueigandinn geti einnig girt fyrir fyrningu skuldarinnar með því, annaðhvort skriflega eða munnlega að krefja skuldarann um hana, eða með því yfir höfuð að minna hann á skuldina. Þessi ákvæði hafa alls ekki reynzt hentug. Það hefur þvert á móti valdið miklum vafningum og ágreiningi milli málsaðila, hvort hann hafi verið minntur á kröfuna eða ekki. Úr þessu mætti auðvitað mikið bæta með því að ákveða, að þessi áminning skuli vera gjörð í tilteknu formi t. d. með nótarial-gjörð eða birt af stefnuvottum. En samt sem áður virðist þetta fyrirkomulag engan veginn fullnægjandi. Með þessu fyrirkomulagi hefði kröfueigandinn það á valdi sínu, að eins með því að tilkynna skuldarmanni með 4, 10, eða 20 ára millibili, að hann þættist hafa kröfu á hendur honum, að halda kröfunni vofandi yfir höfði hans um ótakmarkaðan tíma. Þetta fyrirkomulag útilokar það ekki, að gamlar kröfur sjeu innheimtar með lögsókn, svo löngu eptir að þær eiga að vera til orðnar, að skuldaranum getur verið orðið ómögulegt, að koma fram mótmælum gegn skuldinni, þótt þau í sjálfu sjer sjeu rjettmæt, og með þessu fyrirkomulagi næst undir engum kringumstæðum sá tilgangur fyrningarlaganna, að koma í veg fyrir óholla lánsverzlun. Tilgangur fyrningarlaganna heimtar, að kröfueigandinn innheimti kröfu sína, eða að minnsta kosti fái hana viðurkennda af skuldaranum, innan þess frests, er lögin ákveða.

Sjerstaklega er þetta ljóst, að því er skaðabótakröfur snertir. Í þessu sambandi má og benda á það að lög þau, er að framan voru nefnd, ákveða, að mál skuli höfða innan þess frests, er þar er ákveðinn, og þó er hann optast mjög stuttur. Á Englandi og í Norður-Ameríku hafa um langan aldur allir fyrningar frestar verið lögsóknarfrestar, það er að segja að málssókn verður að vera byrjuð, áður en fresturinn er á enda. Hefur þetta reynzt mikið vel, og hefur víðast hvar verið tekið upp í löggjöf annara landa í seinni tíð. Sú mótbára hefur komið fram, að hart sje að neyða kröfueigandann til þess, að leggja út í kostnaðarsama málssókn, að eins til þess að halda kröfu sinni í gildi, þótt sjáanlegt sje, að ekkert sje af skuldaranum að hafa. Þessi ástæða er þó ekki fullnægjandi, því ef skuldarinn neitar ekki kröfunni, þá mun hann vanalega vera fáanlegur til að samþykkja hana, ef honum að eins er sleppt við frekari óþægindi, en ef hann vefengir kröfuna, þá er það alsendis óeðlilegt, að kröfueigandinn geti um alveg ótakmarkaðan tíma haldið kröfunni vofandi yfir skuldaranum. aðeins með því, með vissu millibili, að tilkynna honum, að hann eigi kröfuna hjá honum.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal þetta framtekið.

1. gr.

Í þessari grein er tekið fram, að fyrning á aðeins við kröfur (obligationes) og í 18. gr. er nefnd ein krafa, sem er undanþegin fyrningu. Jafnframt er tekið fram, að málssókn til innheimtu á kröfunni verði að vera hafin áður en frestur sá er liðinn, er ákveðinn er í frumvarpi þessu. Þar næst er tekið fram, hvenær maður getur notað fyrnda kröfu til skuldajafnaðar. Í þriðju málsgrein er ákveðið að fyrning skuldarinnar hafi engin áhrif á haldsrjett (retentionsrjett) og veðrjett, nema að því er snertir sjálfsvörzluveð í lausafje, ef lausafjeð er ekki löglegt fylgifje með fasteign. Þannig fellur ekki úr gildi handveðsrjettur eða sjálfsvörzluveðsrjettur í fasteign. Þó er gjörð undantekning að því er snertir sjálfsvörzluveð fyrir vöxtum og öðrum kröfum, er ræðir

um í 2. lið 3. gr. Þessar kröfur fyrnast á 4 árum, og þá virðist rjett að veðrjetturinn falli burtu um leið og hin persónulega krafa.

2. gr.

Hjer eru þær kröfur nefndar, er fyrnast á 20 árum, og falla þær í 2 flokka. Annar flokkurinn er peningakröfur á hendur landssjóði, banka eða sparisjóði um endurgjald á fje, er lagt hefur verið í sjóðinn til ávöxtunar eða geymslu. Það sýnist ekki ástæða til að hafa fyrningarfrestinn styttri, að því er þessar kröfur snertir en 20 ár. Geymslufje í landssjóði getur aðallega verið arfar, er erfingjar hafa ekki leitt sig að, og því hafa verið innborgaðir í landssjóð.

Hinn annar flokkur eru kröfur, sem ganga út á að kröfuhafi hafi rjett til með vissu millibili að krefjast fjárframlags, sem þó getur ekki skoðazt afborgun af skuld. Hinar einstöku upphæðir sem fallnar eru í gjalddaga, fyrnast á 4 árum samkvæmt 2. lið 3. gr. Að því er snertir hin almennustu dæmi uppá þessar kröfur, eptirlaun úr landssjóði og lífeyrir, er maður hefur tryggt ekkju sinni í lífsábyrgðarstofnun ríkisins, þá fyrnast þessar kröfur á tiltölulega stuttum tíma samkvæmt ákvæðum sjerstakra laga.

3. gr.

Í þessari grein eru þær kröfur taldar, er fyrnast á 4 árum.

Samkvæmt 1. tölulið fyrnast allar kröfur, er byggjast á þesskonar samningum, er þar eru nefndir. 4 ára fyrningin tekur því ekki að eins til þeirrar kröfu, er seljandinn hefur á hendur viðskiptamanni sínum um greiðslu á kaupverðinu, heldur falla undir þennan lið sú krafa, er kaupandi hefur á seljanda að afhenda honum hina umsömdu vöru, framkvæma verkið o. s. frv., ennfremur falla hjer undir allar skaðabótakröfur, er hlutaðeigendur telja til fyrir samningsrof. Þessar kröfur byggjast líka á samningum.

Undir 2. tölulið falla áfallnir vextir, áfallið eða gjaldkræft eptirgjald, leiga, meðlag, lífeyrir og aðrar greiðslur, sem greiðast eiga með vissu millibili og ekki er afborgun af höfuðstól. Í 1. lið 4. gr. er gjörð sú undantekning frá því, að gjaldkræfir vextir og aðrar samkynja kröfur fyrnist á 4 árum, að þar sem rentumiðar eru útgefnir fyrir óáföllnum vöxtum, þar fyrnast vextirnir á 10 árum. Ákvæðið um að vaxtakröfur fyrnist á 4 árum er útilokað, að því er snertir vexti af upphæðum, er menn eiga inni í sparisjóði eða banka, þegar svo er ákveðið, að vextirnir skuli lagðir við höfuðstólinn jafnóðum og þeir tilfalla, því í þessari ákvörðun felst samningur við sparisjóðinn um útilokun á 4 ára fyrningunni, en slík samþykkt er lögleg samkvæmt 4. lið 29. gr.

Samkvæmt 3. tölulið fyrnast á 4 árum allar kröfur, er lögtaksrjett hafa. Þessar kröfur eru allar þess eðlis, að þær eiga að greiðast fljótlega, og því er eðlilegt að láta þær fyrnast á stuttum tíma.

Samkvæmt 4. tölulið falla undir 4 ára fyrninguna allar kröfur á hendur ábyrgðarmönnum, ennfremur krafa sú, er ábyrgðarmaður eða samskuldari, er orðið hefur að greiða skuldina, hefur á hendur aðalskuldara, meðábyrgðarmanni eða samskuldara. Að því er ábyrgðarkröfur snertir þá er það ljóst, að, ef aðalkrafan fyrnist á 4 árum, þá er líka eðlilegt að krafan á hendur ábyrgðarmanni fyrnist á sama tíma. En þótt aðalkrafan fyrnist á 10 eða 20 árum, virðist þó full ástæða til að láta ábyrgðarkröfuna fyrnast á styttri tíma frá

þeim degi að telja, er aðalkrafan fjell í gjalddaga. Kröfueiganda er engin vorkun að gjöra rjett sinn á hendur ábyrgðarmanninum gildandi innan 4 ára eptir að aðalkrafan varð gjaldkræf; og gagnvart ábyrgðarmanninum væri það ósanngjarnt og ástæðulaust, að láta kröfuna á hendur honum halda lengur gildi sínu. Þegar langur tími er liðinn fer ábyrgðarmaðurinn að hafa ástæðu til að ætla, að engin krafa muni verða gjörð á hendur honum, og það því fremur, sem menn allopt takast ábyrgð á hendur í þeirri trú, að aldrei komi til þess, að þeir þurfi að borga, ábyrgðin sje aðeins form eitt. Þó er álitið rjett að gjöra undantekningu að því er snertir ábyrgð á fjárskilum gjaldheimtumanna og gjaldkera við opinberar stofnanir eða privatstofnanir. Því annars kynni það að koma fyrir, að krafan gæti verið fyrnd áður en tækifæri hafði verið til, að koma ábyrgðinni fram. Frá hvaða tíma telja eigi fyrningarfrestinn, um það er nauðsynlegt að setja ýtarlegar reglur, og verður frekar um það talað í athugasemdum við 5. gr.

Af sömu ástæðum og teknar hafa verið fram um ábyrgðarkröfur virðist einnig rjett að endurgjaldskröfur, er ábyrgðarmenn og samskuldarar hafa á hendur aðalskuldara og öðrum meðskuldurum fyrnist á 4 árum eins og ábyrgðarkrafan, þó er eðlilegt og rjett að gjöra þá undantekningu, að ef hin innleysta krafa er dómtæk lengur en í 4 ár, frá því hún var innleyst, þá öðlist innleysandinn þann sama rjett gegn aðalskuldaranum, sem hinn fyrri kröfueigandi hafði.

Um 5. lið virðist ekki ástæða að fjölyrða.

4. gr.

Í þessari grein eru þau ákvæði sett, að allar skuldir fyrnist á 10 árum, sem ekki falla undir ákvæði 2. og 3. greinar, Auk þess er ákveðið, að á 10 um fyrnist allar kröfur eptir skuldabrjefi, dómi eða opinberri sætt. Þetta er svo að skilja, að ef skuldabrjef er útgefið, dómur genginn eða sátt gjörð um skuldina, þá fyrnist skuldin á 10 árum án tillits til þess hvers kyns krafan er, og það þótt hún annars hefði fyrnzt á styttri tíma, ef þessi formlegi skuldargrundvöllur lægi ekki fyrir. — Þó hefur þótt rjett að gjöra undantekningu að því er kröfur þær snertir, er ræðir um í 2.—4. lið 3. greinar. Þannig fyrnast vextir af skuld, er skuldabrjef hefur verið útgefið fyrir, eptir sem áður á 4 árum; skriflegt loforð um ábyrgð á skuld fyrnist sömuleiðis á 4 árum; þessi undantekning er þó takmörkuð. Hafi kröfueigendi sem sje náð dómi eða sátt, eða fengið sjerstakt skuldabrjef fyrir útistandandi áföllnum vöxtum, þá fyrnist þessi krafa auðvitað á 10 árum, eins og hver önnur krafa eptir skuldabrjefi. Sama er að segja um það, þegar kröfueigandi nær dómi eða sátt, eða fær skuldabrjef útgefið fyrir upphæð, er hann átti hjá ábyrgðarmanni, og sem samkvæmt ábyrgðarskuldbindingu hans var fallin í gjalddaga.

Það virðist naumast þurfa að taka það fram, að þar sem stuttur fyrningarfrestur er ákveðinn í sjerstökum lögum að því er einstakar skuldabrjefskröfur snertir, þá er þeim ákvæðum ekki breytt með þessari grein, sbr. 21. gr., þannig t. d. breytist ekki fyrningarfrestur á kröfu víxli.

5. gr.

Í 5. og 6. gr. eru sett nánari ákvæði um, frá hvaða tíma skuli telja fyrningarfrestinn, hvort sem hann nú er 4 ár, 10 ár eða 20 ár.

Eins og áður hefur verið tekið fram er fyrningarfresturinn talinn frá þeim degi, er krafan varð gjaldkræf. Með þessu orðatiltæki »varð gjaldkræf« er átt við þann dag, er kröfueigandinn getur gengið eptir rjetti sínum og krafizt þess að skuldin sje borguð, verkið unnið o. s. frv. Það er ekkert því til fyrirstöðu. að skuldin verði gjaldkræf á sömu stund og hún verður til, þannig eru skaðabótakröfur gjaldkræfar á sömu stundu og sá verknaður er framinn, er skaðanum veldur. Hafi maður fengið dóm fyrir kröfu, er komin var í gjalddaga, þá er dómkrafan í sjálfu sjer gjaldkræf á sömu stundu og dómurinn er uppkveðinn, en til þess að útiloka allan vafa, er það þó sjerstaklega tekið fram, að fresturinn teljist frá dómsuppkvaðningunni, en ekki frá þeim degi, er gjöra mátti fjárnám samkvæmt dómnum.

Ef skuldin á að greiðast einhvern ákveðinn tíma eptir að kröfueigandinn hefur sagt henni upp til greiðslu, þá er ákveðið að fyrningarfresturinn teljist frá þeim degi, er skuldin í fyrsta lagi hefði getað orðið gjaldkræf eptir uppsögn. Ef t. d. svo er um samið, að skuldin skuli greiðast eptir uppsögn með missiris fyrirvara, þá byrjar fyrningarfresturinn 6 mánuðum eptir að skuldin stofnaðist.

Að því er ábyrgðarkröfur snertir, þá eru í þessari grein sett tvö sjerstakleg ákvæði. Annað ákvæðið á við það tilfelli, að aðalkrafan hljóðar uppá greiðslu eptir uppsögn frá kröfueigandans hálfu og fyrnist á 10 eða 20 árum. Þegar maður tekur að sjer ábyrgð á skuld, er á að standa um lengri tíma, þá getur það verið óeðlilegt og rangt að láta ábyrgðarkröfuna fyrnast á 4 árum frá þeim degi að telja, þá er ábyrgðarkrafan hefði í fyrsta lagi getað orðið gjaldkræf vegna uppsagnar á aðalkröfunni. Þá gæti svo farið, að kröfueigandinn neyddist til, annaðhvort að útvega sjer nýja skuldbindingu frá ábyrgðarmanninum innan 4 ára, eða yrði með málssókn að fá hann dæmdan til að viðurkenna ábyrgðarkröfuna. Þar sem svona stendur á, þá er ákveðið, að fjögra ára fyrningarfresturinn á ábyrgðarkröfunni, skuli teljast frá þeim degi, er hún í raun og veru varð gjaldkræf, en jafnhliða þessu fyrnist ábyrgðarkrafan á 10 eða 20 árum að telja frá þeim degi, er aðalkrafan í fyrsta lagi hefði getað orðið gjaldkræf eptir uppsögn; því það væri rangt, að hægt væri að gjöra ábyrgð gildandi gegn ábyrgðarmanninum, eptir að aðalkrafan er orðin fyrnd.

Hin reglan gengur í fyrsta lagi út á það, að við útreikninginn á fyrningarfresti á ábyrgðarkröfu, skuli ekki taka tillit til þess, þótt ekki sje hægt að krefja ábyrgðarmanninn um greiðslu, fyr en reynzt hefur árangurslaust, að ná skuldinni inn hjá aðalskuldara. Þegar ræða er um einfalda ábyrgð, þá er krafan á hendur ábyrgðarmanni ekki gjaldkræf fyr, en sönnun er fengin fyrir gjaldþrotum aðalskuldara, og venjulega er ekki hægt að fá þessa sönnun nema með því, að fjárnám hafi reynzt árangurslaust hjá aðalskuldara, en af þessu hefði það leitt, ef ofangreint ákvæði hefði ekki verið sett, að 4 ára fyrningin hefði ekki getað talizt fyr en frá þeim degi, er gjaldþrot aðalskuldara voru sönnuð.

Ennfremur er ákveðið, að við útreikning á fyrningarfresti á aðalkröfu, skuli ekki taka tillit til þess, þótt ábyrgðarmaður hafi áskilið sjer, að vera aðvaraður nokkru áður en borgunar er krafizt af honum. Ef þetta ákvæði væri ekki gjört, þá yrði að heimfæra þetta tilfelli undir reglu þá, er gildir um kröfur, er greiðast eiga eptir uppsögn frá kröfueiganda, en viðvíkjandi þeim er ákveðið, að 4 ára fresturinn skuli teljast frá þeim degi, er ábyrgðarkrafan varð gjaldtæk. Ef nú engin undantekning væri gjörð að því er þetta tilfelli snertir, þá

gæti þessi 4 ára frestur ekki byrjað fyr en búið væri að aðvara ábyrgðarmanninn um greiðsluna og hinn áskildi aðvörunarfrestur er liðinn. Þetta væri óeðlilegt, því tilgangur ábyrgðarmannsins með því að áskilja sjer þennan fyrirvara, er venjulega að eins sá, að tryggja sjer dálítið ráðrúm til að útvega sjer peninga, ef að því skyldi reka að hann þyrfti að borga. Það væri því að eins til vafninga, að láta samning um þessa aðvörun, hafa áhrif á fyrningu ábyrgðarkröfunnar.

Hafi ábyrgðarmaður þar á móti áskilið, að kröfueigandi *megi alls* ekki heimta greiðslu af sjer fyr en einhvern ákveðinn dag, þá telst fyrningarfresturinn, hvort sem hann er 4 ár, 10 ár eða 20 ár, auðvitað frá þessum degi og fyr ekki, en að þessu sjerstaka tilfelli slepptu, þá gilda eptir frumvarpinu *eptirfylgjandi reglur um ábyrgðarkröfur:*

Ef aðalkrafan fyrnist á 4 árum, þá fyrnist ábyrgðarkrafan sömuleiðis á 4 árum, frá þeim degi að telja, er aðalkrafan varð gjaldkræf eða hefði getað orðið í fyrsta lagi gjaldkræf, vegna uppsagnar frá kröfueigandans hálfu. Fyrnist aðalkrafan þar á móti á 10 eða 20 árum, þá fyrnist ábyrgðarkrafan á 4 árum að telja frá þeim degi, er aðalkrafan í raun og veru fjell í gjalddaga, en ef aðalkrafan á að greiðast eptir uppsögn frá kröfueigandans hálfu, þá fyrnist ábyrgðarkrafan jafnframt á 10 eða 20 árum frá þeim degi að telja, er aðalkrafan hefði í fyrsta lagi getað orðið gjaldkræf vegna uppsagnar.

6. gr.

Hjer virðist ekki þörf á sjerstakri útskýringu.

7. gr.

Í 7.—10. gr. er ákveðið að fyrningarfresturinn lengist fram yfir það, sem ákveðið er í 2.—6. gr., undir þeim sjerstöku kringumstæðum er þar ræðir um.

Það hefur þótt eðlilegt, að setja sjerstaka reglu um fyrningu skuldar, þar sem svo stendur á, að skuldunautur sviksamlega dregur dul á, eða sviksamlega vanrækir að skýra frá kringumstæðum, er krafan byggist á eða gjörir hana gjaldkræfa, og honum bar skyldu til að segja frá. Sem dæmi þeirra hlutfalla, er hjer er átt við, má nefna það, að maður er skyldur til að gjöra skil fyrir fje, er hann hefur undir höndum fyrir annan, sem forstjóri fyrir verzlun eða annari atvinnugrein, sem sölumumboðsmaður, fjárhaldsmaður eða þess konar. Ennfremur má nefna það, að maður hefur haldið leyndum þeim kringumstæðum, er gjöri honum að skyldu að greiða skatt til landssjóðs t. d. erfðagjald eða lausafjárskatt.

Í þessum tilfellum er í 7. gr. ákveðið að skuldin fyrnist annaðhvort á 4 árum frá því, að kröfueigandi fjekk vitneskju um þær kringumstæður, er skuldarinn sviksamlega hefur leynt hann, eða þá á einu ári frá dauða skuldarans. — Skuldin getur auðvitað verið fyr fallin úr gildi eptir ákvæðunum um innköllun í dánarbúum, en þetta ákvæði getur komið ekkju skuldunauts og erfingjum hans að notum, þar sem innköllun hefur ekki verið útgefin.

8. gr.

Viðvíkjandi þessari grein skal það aðeins tekið fram, að hún útilokar alls ekki ákvæði 7. gr. Hafi fjárhaldsmaðurinn t. d. í sviksamlegum tilgangi látið vera að setja kröfuna í skilagrein sína fyrir fjárhaldinu, þá fyrnist krafan samkvæmt ákvæðum 7. gr.

9. gr.

Þegar kröfueigandi deyr, er sviptur fjárforræði eða bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, hefur þótt ástæða til að gefa þeim, er við stjórn búsins hefur tekið, tómstund til þess, að rannsaka hag búsins og viðskifti hins framliðna. Ef hins vegar skuldarinn deyr, þá er einnig eðlilegt að gefa kröfueiganda ráðrúm til að afla sjer upplýsingar um það, til hvers hann á að snúa sjer um greiðsluna og gefa þeim manni, er tekið hefur við stjórn búsins ráðrúm, til að rannsaka skjöl þess, og útvega sjer aðrar upplýsingar, svo hann geti samkvæmt þeirri rannsókn ákveðið, hvort hann vilji greiða kröfuna eða ekki.

10. gr.

Ákvæði það, er hjer er sett, byggist á því, að það virðist eðlilegt, að þegar skuldunautur eða sá, er stjórnar búi hans, gefur út opinbera innköllun til skuldheimtumanna, þá sje það nægilegt til að girða fyrir fyrningu kröfunnar, að kröfueigandinn tilkynni hana áður en innköllunarfresturinn er liðinn, og jafneðlilegt er það, að þegar kröfueigandinn hefur sagt til kröfu sinnar, þurfi hann fyrst um sinn engar frekari ráðstafanir að gjöra, heldur geti beðið eptir því, að honum verði greidd krafan. Annars væri vel hugsanlegt, að innköllunin væri gjörð til að blekkja og villa kröfueiganda. Að því er opinber skipti snertir, þá skoðast krafan í búið sem málssókn af hendi kröfueiganda, og hefur þær verkanir, er ræðir um í 13. gr. Þar á móti getur krafa í bú, þar sem innköllun er út gefin, án þess að opinber skipti fari fram, svo sem þegar innköllun er út gefin af myndugum erfingjum, er skipta sjálfir eða af ekkju, er fengið hefur leyfi til að sitja í óskiptu búi, ekki talizt málssókn, og því þarf sjerstakt ákvæði um það, að krafan í búið girði fyrir fyrningu skuldarinnar um nokkurn tíma. Þetta ákvæði er sett í síðari málsgrein þessarar greinar.

11. gr.

Þegar maður hefur fengið dóm eða fullnaðargreiðslu á kröfu sinni áður en fyrningarfresturinn er liðinn, þá þarf engin frekari ákvæði, en að framan eru nefnd, en þar sem svo stendur á, að kröfueigandi hefur að vísu byrjað málssókn út af kröfu sinni, en henni er ekki lokið, þegar fyrningartíminn er liðinn, þá er nauðsynlegt að setja ýms ákvæði, og að því miða reglur þær, er settar eru í 11.—13. gr.

Í fyrsta lið 11. gr. er ákveðið, að kæra til sáttanefndar, eða stefna verði að vera birt, áður en fyrningartiminn er á enda, til þess að girða fyrir fyrningu, og er það svo að skilja, að birting sáttakæru sje nægileg einnig þar, sem ekki þurfti að stefna málinu fyrir sáttanefnd. Þó má stefnufresturinn ekki vera lengri en nauðsyn krefur, ef málið er fyrirtekið eptir að fyrningarfresturinn er útrunn-

inn. Hvað hæfilegt er í hverju einstöku tilfelli, verða dómstólarnir að skera úr, og verða naumast úr því nein vandræði. Ef málinu vegna formgalla hefur verið vísað frá dómi, eða það hefur verið hafið, eða því heimvísað, hefur þótt sjálfsagt að gefa kröfueiganda færi á, að ná rjetti sínum, ef hann höfðar nýtt mál innan 6 mánaða frá því að málinu var frávísað.

12. gr.

Það segir sig nú sjálft, að sjaldan þurfi að grípa til þessara ákvæða, en þar sem það þó getur fyrirkomið, og sams konar ákvæði eru í hinum dönsku fyrningarlögum, hefur verið álitið rjett að halda þessari grein.

13. gr.

Í þessari grein er ákveðið, að krafa í þrotabú eða dánarbú, sem er undir opinberri skiptameðferð eða er skipt af löggiltum skiptaforstjórum, komi í stað málssóknar; hefur því kröfueigandi rjett til, ef hann hefur sagt til kröfunnar í tæka tíð, að krefjast greiðslu á skuldinni úr búinu, og er ekkert tímatakmark sett fyrir þessum rjetti kröfueigandans. Ef þannig skipti á búi eru tekin upp á ný, til þess að draga undir skiptin eigur, er búið að vísu átti, en ekki voru innkomnar í búið, þá hafa allir, er gjört hafa kröfu í búið, jafnan rjett til að rjettum hlutföllum að fá greiðslu úr búinu, án tillits til þess, hvað langt er síðan fresturinn byrjaði.

Sje krafan viðurkend en ekki greidd af búinu, þá er hún sett jafnhliða kröfu, sem er viðurkend með dómi, þannig að hún fyrnist á 10 árum frá skiptalokum að telja. Ákvæði síðustu málsgreinar svarar til ákvæðisins í 11. gr. 2. Að eins skal það tekið fram, að með orðunum »að höfða nýtt mál« er auðvitað átt, ekki að eins við dómsmál, heldur einnig fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar eða kröfu í annað bú, t. d. dánar eða þrotabú eins eða fleiri af erfingjum skuldunauts.

14. gr.

Ákvæðið í fyrri hluta þessarar greinar er sjerstaklega nauðsynlegt að því er snertir almenna ábyrgð, þar sem ábyrgðarkrafan getur fyrnzt án tillits til aðalkröfunnar, og fyrningartíminn auk þess er að eins 4 ár, en á hinn bóginn er ekki nein ástæða til að einskorða þetta ákvæði við almenna ábyrgð; það væri mjög óeðlilegt með fyrningarákvæðum, að neyða kröfueigandann til að lögsækja sjálfskuldarábyrgðarmanninn fyrst, ef hann annars hefði ætlað sjer að leita fyrst rjettar síns hjá aðalskuldaranum.

15. gr.

Þessi grein þarf ekki skýringar.

16. gr.

Samskonar ákvæði eru sett í fyrningarlög Norðmanna og tekin upp í frumvarp það, er lagt hefur verið fyrir ríkisþingið danska. Það virðist líka

eðlilegt, að hægt sje að dæma sakborning til skaðabóta jafnframt og hann er dæmdur fyrir glæpinn.

17. gr.

Þessi grein þarf ekki skýringar.

18.—19. gr.

Það hefur ekki þótt nauðsynlegt að taka það sjerstaklega fram í lögunum, að samningur um lengri fyrningarfrest, en lagafrumvarp þetta heimilar, er ógildur, því þetta leiðir af augnamiði fyrningarlaganna, en frá þessari reglu eru þó gjörðar nokkrar undantekningar í 19. gr. Ástæðan fyrir þeim er sú, að þeir skuldarar, er hjer ræðir um, geta sjeð um sig sjálfir og í sjálfu sjer ekki nauðsyn á að veita þeim þá vörn, er lögboðin skuldafyrning veitir.

20. gr.

Þegar krafa fyrnist, er tryggð er með veði í fasteign, þá er það tekið fram í 1. grein frumvarps þessa, að veðrjetturinn falli ekki úr gildi við fyrningarkröfurnar, en þar sem engin rjettindahafi finnst, má sem optast ganga út frá því, að veðskuldin sje borguð eða veðbrjefið á annan hátt, er nú er ekki hægt að upplýsa, úr gildi gengið. Þar sem svona stendur á, er stjórnarráðinu í þessari grein gefin heimild til, að veita leyfisbrjef til ógildingardóms, þótt eigandi hinnar veðsettu eignar geti ekki sýnt fram á, að skuldin sje borguð, eða úr gildi fallin af öðrum ástæðum, en af því að hún sje fyrnd.

21. gr.

Þessi grein virðist ekki þurfa neinnar útskýringar við.

22. gr.

Í þessari grein er ákveðið, að láta ákvæði laga þessara ná einnig til þeirra skulda, er þegar eru stofnaðar, þó þannig, að engin krafa fyrnist samkvæmt lögum þessum fyr en við árslok 1909. Þetta fyrirkomulag virðist haganlegast, en kröfuhafanum er gefinn nægilegur frestur, 4 ár, til að vernda rjett sinn.

Frumvarp til laga

um

breyting á opnu brjefi 26. jan. 1866 um byggingarnefnd á Ísafirði.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Ákvæði það í opnu brjefi 26. jan. 1866 um byggingarnefnd á Ísafirði, að ávallt skuli vera 10 álna svæði autt milli nágrannahúsa, skal úr lögum numið. Á steinhúsum mega þó eigi vera gluggar, dyr, nje önnur op á veggjum þeim, er vita að annars manns lóð, nema því að eins, að veggurinn sje að minnsta kosti 5 ál. frá lóðarmörkum, og að því er kemur til timurhúsa, þá skal hvert einstakt hús vera greint frá næsta húsi með eldvarnargafli, ef bilið milli þeirra er minna en 10 ál., enda þykir byggingarnefndinni eigi viðsjárvert af sjerstökum ástæðum, að húsin standi svo nálægt hvort öðru.

Eldvarnargafl er hjer talinn veggur úr (tigul-)steini, einhlaðinn að minnsta kosti og oplaus, er taki 6 þumlunga að minnsta kosti upp yfir þakið á hærra húsinu, og sje ei minna en 7—8 þumlunga þykkur.

2. gr.

Það skal hjer eptir bannað, að gjöra hús eða bæi af torfi.

3. gr.

Heimilt skal byggingarnefndinni, ef $^2/_3$ hlutar allra nefndarmanna samþykkja það, að banna þvílíkan ytri frágang á húsum og girðingum, er að hennar áliti lýtir eða óprýðir útlit bæjarins, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það sem ábótavant þykir. Slíkum ákvæðum nefndarinnar getur sá, er hlut á að máli, skotið til stjórnarráðsins, og leggur það fullnaðarúrskurð á málið.

4. gr.

Nú reisir einhver nýtt hús eða gjörir verulegar breytingar á eldra húsi, og er hann þá skyldur til, þegar byggingarnefnd krefst þess, og áður en byrjað er á hússmíðinni eða breytingunni, að láta nefndinni í tje uppdrátt af húsinu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag þess.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur farið þess á leit við stjórnarráðið, að það leggi fyrir alþingi frumvarp til laga um breyting á opnu brjefi 26. jan. 1866 um byggingarnefnd á Ísafirði og sent uppkast að sliku frumvarpi. Aðaltilgangur frumvarpsins er sá, að breyta reglum þeim, sem opið brjef 26. jan. 1866 setur í 4. gr. B. um millibil á milli húsa á Ísafirði og enn eru í gildi. Opið brjef 29. mai 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík hafði inni að halda sömu reglur að því er þetta atriði snertir, en því hefur verið breytt með lögum frá 2. febr. 1894 og 15. ág. 1902 og með frumvarpi þessu er aðeins farið fram á að framvegis gildi hið sama að þessu leyti á Ísafirði og í Reykjavík. Á breytingum þessum er sjerstaklega þörf á Ísafirði með því að byggingarstæði eru þar af skornum skammti og auk þess eru lóðir þar orðnar dýrar, svo það væri mikið hagræði fyrir menn að mega nota lóðir sínar betur, en lög hafa leyft hingað til. Að því er brunahættu snertir, skal það tekið fram, að stjórn brunaábyrgðarfjelags hinna dönsku kaupstaða hefur orðalaust samþykkt framangreindar tilsvarandi breytingar fyrir Reykjavík (sbr. tilsk. 14. febr. 1874, 7. gr. og lög 13. des. 1895. 6. gr.), og brunahættan mun eigi meiri á Ísafirði en í Reykjavík, ekki sýzt nú eptir að vatnsleiðsla er komin um allan Ísafjarðarkaupstað, og auk þess er alstaðar í kaupstaðnum stutt til sjávar.

1. gr. frumvarpsins er samhljóða 1. gr. laga frá 15. ág. 1902 um breyting á 1. gr. í lögum 2. febr. 1894 um breyting á opnu brjefi 29. mai 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík.

2. gr. frumvarpsins er að því leyti frábrugðin tilsvarandi ákvæðum fyrir Reykjavík í 2. gr. laganna 2. febr. 1894. að í frumvarpsgreininni er með öllu bannað að gjöra hús eða bæi af torfi, en þetta er leyfilegt í úthverfum Reykjavíkur með samþykki byggingarnefndar. Greinin er orðuð þannig eptir frumvarpsuppkasti bæjarstjórnar Ísafjarðar og virðist eigi ástæða til annars en að láta hana ráða í þessu tilliti, enda mun í nánd við Ísafjörð ekki mega missast mikill grassvörður til húsabygginga.

3. og 4. gr. frumvarpsins er sama efnis og 3. og 4. gr. laganna fyrir Reykjavík frá 2. febr. 1894.

Frumvarp til laga

um

bændaskóla.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Tveir skulu vera skólar á landi hjer, er veiti bændaefnum nauðsynlega sjerþekking til undirbúnings stöðu þeirra, og skal annar skólinn vera á Norðurlandi, en hinn á Suðurlandi. Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór bú, rekin á kostnað hins opinbera.

2. gr.

Við hvorn skólann um sig skulu vera 3 kennarar, og er einn þeirra jafnframt skólastjóri, hefur hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum, og stjórnar skólabúinu og heldur reikninga þess. Hann hefur að launum 1800 kr. á ári, auk leigulauss bústaðar fyrir sig og fjölskyldu sína. Fyrri kennarinn hefur að launum 1200 kr. á ári og annar kennarinn 900 kr. Báðir hafa kennararnir leigulausan bústað á skólanum fyrir sjálfa sig.

3. gr.

Skólarnir heita bændaskólar og eru vetrarskólar. Bóklega kennslan skal aðallega fara fram með fyrirlestrum í þeim fræðigreinum landbúnaðarins, sem reglugjörð nefnir til og segir nánar fyrir um. Reglugjörð kveður og á um það, hverri verklegri kennslu verði komið við á skólabúunum. Útvega skal til skólanna og nota við kennsluna sem fullkomnust kennsluáhöld.

Auk búnaðarfræðslunnar skal sjerstök alúð lögð við að kenna nemendunum að tala og rita móðurmálið vel og skipulega, saga landsins skal sögð og þá einkum búnaðar- og verzlunarsaga, og nemendum kennt að færa sjer í nyt skýrslur um atvinnuvegi vora og þjóðarhag. Kenna skal og reikning, dráttlist, söng og leikfimi.

4. gr.

Nemendum er ætlað að vera 2 vetur á skólanum, en auk þess skulu bændur og bændaefni eiga kost á að dvelja á skólanum um viku- til hálfsmánaðartíma, að því er húsrúm og aðrar kringumstæður leyfa, við áður ákveðin og auglýst kennsluskeið, til að hlýða á fyrirlestra hjá kennurunum og taka þátt í umræðufundum um landbúnað.

5. gr.

Hvor skólinn um sig á að geta tekið á móti allt að 60 nemendum, og skal skólastjórnin sjá um það, að nemendur eigi þar kost á ódýrri þjónustu, og geti komið á sameiginlegu matarhaldi.

6. gr.

Landsstjórnin hefur á hendi yfirumsjón skólanna og gefur út reglugjörðir fyrir þá, er meðal annars kveða á um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kennslunnar og vitnisburðarbrjef.

7. gr.

Fjárupphæðir þær, sem samkvæmt 1. grein laga 4. júní 1898 um breyting á gjaldheimtum til amtsjóða og sýslusjóða, eiga að greiðast úr jafnaðarsjóðunum til búnaðarskólanna, greiðast þegar lög þessi koma til framkvæmdar til bændaskólanna, og gengur tillagið úr Norður- og Austuramtinu til bændaskólans á Norðurlandi, en tillagið frá Suður- og Vesturamtinu til bændaskólans á Suðurlandi. Svo leggst og Búnaðarskólasjóður Austuramtsins til skólans nyrðra, og Búnaðarskólasjóður Vesturamtsins til skólans syðra. Að öðru leyti greiðir landssjóður kostnaðinn við að gjöra skólana úr garði samkvæmt lögum þessum. Svo greiðir hann og laun kennaranna og árleg útgjöld skólanna.

8. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er amtsráðin norðanlands og sunnan hafa hvort um sig afhent landsstjórninni sem móttakanda fyrir landsins hönd búnaðarskólana, sem nú eru á Hólum og Hvanneyri, til fullrar eignar og umráða, með öllum skyldum og rjettindum.

9. gr.

Tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi 12. febrúar 1872 skal numin úr gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Stjórnarráðinu hefur frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 2. marz f. á., borizt frumvarp til laga um bændaskóla. Verður stjórnarráðið að vera landbúnaðarnefndinni alveg samdóma um öll aðalatriði í þessu máli, einkum þó það atriði, sem allt frumvarpið byggist á, að einungis verði 2 búnaðarskólar framvegis, annar á Suðurlandi en hinn á Norðurlandi. Einnig telur stjórnarráðið það vel til fallið, að skólarnir sjeu nefndir bændaskólar í stað búnaðarskóla, og að kennslunni sje því fyrirkomið, með það fyrir augum, að gjöra nemendur að góðum bændum.

Það er einungis eitt atriði, sem eigi þykir víst að muni gefast vel, og það er, að skólastjóri sje um leið bústjóri, það er vandfenginn maður, sem getur gegnt þessu hvorutveggja svo að vel fari, og alltaf hætt við því, að annaðhvort starfið sitji á hakanum, en þar sem nefndin eigi sjer annað fært en að sameina báðar þessar stöður, vill stjórnarráðið eigi að svo stöddu fara fram á breytingar á þessu atriði, en áskilur sjer sjerstöðu til þessa á þinginu. Að öðru leyti þykir nægja að vísa til hinna ýtarlegu athugasemda nefndarinnar, bæði um frumvarpið í heild sinni og einstakar greinar þess, en þó vill stjórnarráðið taka það fram, að hallist þingið að því að setja upp tvo dýra bændaskóla, er vel sje til vandað, þá þolir núverandi fjárhagur landsins það naumast, að aðrir ófullkomnari búnaðarskólar verði styrktir svo neinu nemi, og býst því stjórnarráðið við, að það verði eigi gjört.

Frumvarp til laga

um

ritsíma, talsíma o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. kafli.

Um einkarjettindi landsins.

1. gr.

Landinu er áskilinn einkarjettur til þess að stofna og starfrækja ritsímasambönd og málþráða, svo og hvers kyns önnur rafmagnssambönd, til skeytasendinga á Íslandi og í landhelgi við Ísland.

2. gr.

Ráðherra Íslands getur veitt einstökum mönnum eða fjelögum leyfi til að stofna og starfrækja sambönd þau, sem um ræðir í 1. gr. Leyfið skal veitt um ákveðið árabil, þó eigi lengra en 20 ára í senn, með þeim skilyrðum og

kvöðum, sem ástæða þykir til í hvert skipti. Í leyfisskrám skal þó jafnan tekið fram, að ráðherrann ákveði hámark skeytisgjalda fyrir 5 ár í bili að minnsta kosti, og að leyfishafi sje skyldur til samvinnu bæði við hraðskeytasambönd landsins og einstaka leyfishafa með þeim skilmálum, sem ráðherrann tiltekur, og að tízku skuli fylgt í starfrækslu allri. Ennfremur skal í leyfisskrá tiltekið um umbótaskyldu og aukning á tækjum, og afgjaldsupphæð ákveðin, ef afgjald skal greiða.

Áður leyfi er veitt skal leita álits bæjarstjórna, hreppsnefnda og sýslunefnda á þeim stöðum, þar sem verksvið fyrirtækisins verður.

Þegar leyfistími er á enda, á landið rjett á að fá sjer afhent öll tæki þess fyrir það verð, er tilkvödd nefnd ákveður. Miða skal matsupphæðina við þá fjárhæð, er ætla má að slík tæki mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, með hæfilegu tilliti til slits þess, er á þeim er orðið.

Í matsnefnd skulu vera 3 menn; einn þeirra tilnefnir ráðherrann, og er sá formaður nefndarinnar. Annan tilnefnir landsyfirdómurinn. Hinn þriðji skal dómkvaddur af undirrjettardómaranum í þeirri dómþinghá, þar er leyfishafi á varnarþing.

3. gr.

Einkarjettur landsins samkvæmt 1. gr. nær eigi til:

a. hraðskeytatækja, sem sveitarstjórnarvöld nota eingöngu í sveitarþjónustu innsveitis eða innanbæjar, svo sem við slökkviliðsþjónustu, vatnsveitu eða því um líkt;
b. hraðskeytatækja, sem notuð eru innan takmarka húseignar eða jarðeignar, eða milli húseigna eða jarðeigna, er lúta sama eiganda eða atvinnurekstri, svo framarlega sem skeytaleið liggur ekki yfir landhelgissvæðið, allt með því skilyrði, að tækin sjeu eingöngu notuð í þarfir eiganda sjálfs, og eigi gegn þóknun, beinlínis nje óbeinlínis;
c. hraðskeytatækja, sem einstakir menn, eigi fleiri en 10, koma sjer upp og nota sín á milli, eingöngu til eigin þarfa, án endurgjalds á nokkurn hátt, svo framarlega sem skeytaleið liggur ekki yfir landhelgissvæðið, og fjarlægð er ekki yfir 5 mílur milli endastöðva, allt með því skilyrði, að ekki sjeu fyrir á þessu svæði, þegar tækin eru upp sett, hraðskeytatæki, sem landið á eða leyfishafar, og hlutaðeigendur gætu notað.

4. gr.

Nú eiga einstakir menn eða fjelög hraðskeytasambönd, sem á stofn eru komin og starfrækt hafa verið fyrir 1. júlí 1905 og er þá rjett, að þeim sje haldið áfram eins og að undanförnu, ef eigendur óska. Hafi sjerstakir samningar verið gjörðir um þau við landsstjórnina, ber að fylgja þeim skilyrðum, er þar hafa sett verið.

Nú vilja eigendur framhalda starfrækslu hraðskeytatækja, og skulu þeir þá innan þriggja mánaða eptir að lög þessi öðlast gildi, skýra ráðherra Íslands frá því og ákveður hann þá staðartakmörk fyrirtækisins, um leið og hann veitir viðurkenning fyrir tilverurjetti þess. Þessi viðurkenning veitir eigendum engan frekari rjett en þeir áður höfðu, og er því eigi til fyrirstöðu, að landsstjórnin stofnsetji eða veiti öðrum leyfisskrá til þess, að stofnsetja hraðskeytasambönd innan starfrækslutakmarka þeirra.

Ef eigendur eldri hraðskeytasambanda óska þess, getur ráðherra veitt þeim leyfisskrá samkvæmt því sem fyrir er mælt í 2. gr.

5. gr.

Nú eru síma- eða önnur hraðskeytafæri sett upp án heimildar samkvæmt 2.—4. gr., og skulu þá þau tæki, sem sett hafa verið upp í heimildarleysi, upptæk og fellur andvirði til landssjóðs; auk þess má dæma eiganda eða eigendur í allt að 400 kr. sekt, er rennur í landssjóð. Mál sem út af þessu rísa skulu rekin sem almenn lögreglumál, en því að eins skal mál höfðað, að ráðherra Íslands mæli svo fyrir.

Í leyfisbrjefum, sem gefin verða út samkvæmt 2. og 4. gr., má kveða svo á, að framanskráð hegningarákvæði skuli einnig ná til þess, ef einhver án þess heimilt sje samkvæmt 3. og 4. gr. stofnsetur eða starfrækir hraðskeytasambönd, sem um ræðir í 1. gr., á því svæði, þar sem leyfishafi hefur einkarjett til þess. Andvirði hinna upptæku hraðskeytafæra fellur þá til leyfishafa. Með mál, er út af þessu rísa, skal farið sem almenn lögreglumál, en mál má því að eins höfða, að ráðherra Íslands veiti samþykki sitt til þess.

6. gr.

Nú vill landsstjórnin fá landssjóði til handa hraðskeytasambönd, sem einstakir menn eiga, án þess svo sje ástatt, sem segir í 3. hluta 2. gr., og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka þau eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 2. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki, að einungis nokkur hluti þeirra sje tekinn.

Þegar meta skal endurgjaldið, skal eigi að eins taka tillit til verðs þeirra tækja, sem tekin eru, heldur einnig til þess arðs, sem ætla mætti, að fyrirtækið gæfi af sjer, með hæfilegri starfrækslu og skeytagjöldum, þó svo, að ekki sje gjörður meiri arður en fyrirtækið í raun og veru hefur gefið af sjer.

7. gr.

Eigendur hraðskeytasambanda, sem eigi eru landsins eign, eru skyldir til hvenær sem þess er krafizt, að láta landsstjórninni í tje skýrslur um fyrirtækið. Sjeu þær eigi gefnar innan hæfilegs frests, er stjórnarráðið tiltekur, má knýja þær fram með dagsektum, er renna í landssjóð.

8. gr.

Ráðherrann ákveður gjaldskrár fyrir notkun hraðskeytasambanda landsins, og breytir þeim þegar þörf þykir, nema þær sjeu settar með lögum. Hann setur og reglur um starfrækslu þeirra, viðhald og eftirlit. Leggja má sveitarstjórnarvöldum landsins á herðar störf og skyldur, er að þessu lúta.

2. kafli.

Um lagning síma, vernd hraðskeytatækja o. fl.

9. gr.

Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að ritsímar og talsímar landssjóðs sjeu lagðir um land hans, yfir það eða í jörðu, og að efni það, er þarf til lagningar þeirra og viðhalds, svo sem grjót, möl o. s. frv., sje tekið þar sem næst er; svo er og hver eigandi húss eða annars mannvirkis skyldur að leyfa, að símar þessir sjeu lagðir yfir þau, á eða undir þeim. Verði því viðkomið, skal þó taka tillit til þess, hvar eigendur eða notendur mannvirkja æskja eptir að símarnir sjeu lagðir, þar sem þeir snerta eign þeirra, og það þótt þetta hefði nokkurn kostnaðarauka við símann í för með sjer.

Mönnum, sem í þjónustu landsins eru að starfa að landssjóðssímum eða hafa umsjón með þeim, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þessara starfa. Um hús, sem búið er í, mega þeir þó ekki fara nema á daginn, og einungis þá leið sem vísað er, og því að eins að það sje óþægindalaust fyrir íbúana; að íveruherbergjum hafa þeir eigi aðgang.

10. gr.

Þar sem símar landssjóðs eru fyrir, má engar byggingar gjöra eða jarðrask eða aðrar ráðstafanir, er af kann að geta hlotizt óregla eða skemmdir á símunum, nema það sje tilkynnt skriflega eða munnlega forstöðumanni næstu símastöðvar landsins mánuði áður eða, ef svo stendur á, að óvæntur atburður hefur gjört það óhjákvæmilegt að framkvæma ráðstafanirnar tafarlaust, þá svo fljótt sem auðið er, í síðasta lagi samtímis og byrjað er á þeim.

Nú krefst landeigandi, að landssími sje fluttur af lóð hans um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, þá skal hann fá því framgengt, ef sannað er, að flutningurinn sje nauðsynlegur til að koma í framkvæmd slíkum ráðstöfunum, sem á undan getur, eða til þess að lóðin geti orðið eiganda að tilætluðum notum. Verði samningum ekki komið við, skal gjört út um það með lögmætri skoðunargjörð, hvort nauðsyn sje á að flytja landssjóðssíma um stundarsakir eða fyrir fullt og allt.

11. gr.

Nú vilja einstakir menn, bæjarfjelög eða sveitarfjelög leggja leiðsluþræði fyrir rafmagn til vinnu, lýsingar o. s. frv., á þeim stöðum, þar sem fyrir eru landssjóðssímar, eða önnur hraðskeytafæri hans, er getur um í 1. gr., og skal þá leiðsluþráðum þessum svo fyrir komið, að eigi geti af þeim hlotizt bagi eða óregla á símum eða hraðskeytafærum landssjóðs. Ef samningum verður eigi við komið um þetta, sker ráðherra úr.

Nú detta leiðsluþræðir þessir niður og valda þannig baga eða óskunda við notkun landssímanna eða annara hraðskeytafæra landsins, og skal þá næsta embættismanni eða sýslunarmanni, sem yfir landssímann er settur, heimilt að gjöra á kostnað eigenda þær ráðstafanir viðvíkjandi leiðsluþráðum þessum, sem með þurfa til þess að koma í veg fyrir baga þann, er af þeim hefur orsakazt.

12. gr.

Ef afla þarf lóðar undir ritsíma, eða önnur hraðskeytafæri landssjóðs, er getur um í 1. gr., og samningum verður ekki komið við um kaup á henni, skal hún eptir ráðstöfun ráðherra Íslands tekin eignarnámi, gegn endurgjaldi eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna.

Landssjóður skal og bæta skaða á landi manna, húsum og öðrum mannvirkjum, sem hlýzt af lagningu og viðhaldi ritsíma eða talsíma landssjóðs. Ef samningum verður eigi við komið um skaðabæturnar, skulu þær metnar af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

13. gr.

Brot gegn ákvæðunum í 10. og 11. gr., varða sektum til landssjóðs allt að 200 kr., ef brotið á ekki eptir eðli sínu undir 297. gr. hinna almennu hegningarlaga. Með mál, er út af þessu rísa, skal farið sem almenn lögreglumál, en mál skal því að eins höfða, að ráðherra Íslands mæli svo fyrir.

14. gr.

Í leyfisbrjefum, sem gefin verða út samkvæmt 2. gr., má svo ákveða, að fyrirmæli þau um ritsíma, talsíma og önnur hraðskeytafæri landssjóðs, er standa í 9., 10., 12. og 13. gr. skuli að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum er þurfa þykir, ná til ritsíma þeirra, talsíma eða annara hraðskeytafæra, sem leyfisbrjef hljóðar um.

3. kafli.

Um þagnarskyldu starfsmanna o. fl.

15. gr.

Embættismenn og sýslunarmenn við ritsíma, talsíma og önnur hraðskeytafæri landsins, sem um ræðir í 1. gr., eru skyldir, bæði meðan þeir eru í embætti eða sýslan og eptir að þeir hafa látið af þeim, að halda leyndu fyrir öllum út í frá, efni hraðskeyta þeirra, sem koma eða fara, að þau hafi komið eða farið svo og hver hafi fengið þau eða sent. Á sama hátt eru þeir skyldir að þegja yfir talsímasamtölum og nöfnum þeirra, sem talazt hafa við, gegnum símann.

Þeim, sem brýtur á móti þessu, skal vikið frá nefndu embætti eða stöðu, og auk þess skal hann, hafi það verið af ásettu ráði, sæta fangelsi og ef miklar sakir eru, betrunarhússvinnu, en sektum eða einföldu fangelsi hafi hann af óvarkárni brotið á móti nefndri launungar- og þagnarskyldu.

Ef embættismaður eða sýslunarmaður við ritsíma landssjóðs af ásettu ráði ónýtir, skýtur undan eða aflagar hraðskeyti, sem afhent er til flutnings með símunum, eða ef hann vísvitandi liðsinnir öðrum í þess konar athæfi, þá skal hann sæta hegning þeirri, sem ákveðin er í 139. gr., sbr. 34. og 145. gr. hinna almennu hegningarlaga.

16. gr.

Í leyfisbrjefum, er ráðherra Íslands gefur út samkvæmt 2. og 4. gr., má leggja þá skyldu á starfsmenn við hraðskeytasambönd, sem leyfisbrjefið hljóðar um, að þeir gæti hinnar sömu launungar- og þagnarskyldu og heimtuð er samkvæmt næstu grein á undan af starfsmönnum landssjóðssímanna.

Sá starfsmaður er brýtur á móti þessari launungarskyldu sinni, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi; honum skal vikið úr þjónustu stofnunarinnar, ef ráðherra Íslands krefst þess.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem skýrt er frá staðfesting þeirra í B. deild stjórnartíðindanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hjer á landi hafa ekki hingað til, svo nokkuð hafi kveðið að, verið lögð eða starfrækt hraðskeytasambönd og hefur því ekki verið þörf á lagaákvæðum, sem skipuðu sjerstaklega slíkum málum, enda eru þau engin til í íslenzkum lögum. En nú eru þessi mál komin í nýtt horf, þar sem til stendur, að bæði verði sæsími lagður út hingað til lands og ritsími sem áframhald hans frá Austfjörðum norðan um land til Reykjavíkur, eins og gjört mun grein fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Þar að auki eru einstakir menn nú teknir að bindast samtökum um að koma upp talsímasamböndum hjer á landi og skal sjerstaklega tilnefnt hlutafjelag það, sem lagt hefur talsíma um Reykjavíkurbæ á þessu ári, og ræður að líkindum að slík samtök mundu fara í vöxt, að minnsta kosti í kaupstöðum og kauptúnum og út frá þeim, þegar skeytasamband væri komið á milli Íslands og annara landa, og eptir landinu endilöngu. Að vísu verður að telja, að heimilt væri samkvæmt núgildandi lögum að veita einstökum mönnum eða fjelögum einkarjett á tilteknum svæðum hjer á landi til að koma upp og reka hraðskeytatæki, en annars hefur nú sem stendur hver og einn fulla heimild til þess, að koma á og starfrækja ritsíma og talsímafyrirtæki hjer á landi, án þess að þurfa leyfi landsstjórnarinnar eða sveitastjórna, þar sem verksvið fyrirtækjanna er, svo framarlega sem þeir þurfa ekki að nota við framkvæmd þess eða starfrækslu, land eða mannvirki, sem landinu eða sveitarfjelögunum tilheyra, eða hafa umráð yfir að einhverju leyti, eða landhelgissvæðið, sem liggur undir umráð þjóðfjelagsins. Ef að samtök einstakra manna, eða gjörðir sveitastjórna í þessum málum væru nú látnar afskiptalausar af löggjafarvaldinu, er hætt við því, að framkvæmdir í þessum efnum mundu verða nokkuð í molum, og samvinna eigi sem haganlegust milli fyrirtækja þessara, en að hún sje í lagi, er aðalskilyrði fyrir fullri gagnsemi þeirra, og þetta mundi ennfremur víða valda því, að erfitt yrði seinna meir að skipa þessum málum, svo að haganlegt væri fyrir landið í heild sinni, og að

þau kæmu að fullum notum fyrir allan almenning. Stjórnarráðið hefur því álitið rjett, að láta eigi dragast að skipa þessum málum í heild sinni með lögum, sem sjerstaklega ákveði rjett og skyldur bæði þjóðfjelagsins, sveitafjelaganna og einstakra manna að því er þau snertir, og í þeim tilgangi er þetta lagafrumvarp samið. Það hefur þótt sjálfsagt að taka til fyrirmyndar það fyrirkomulag, sem er hjá öðrum þjóðum á þessum málum, og reynzla þeirra hefur sýnt, að væri það haganlegasta fyrir mál þessi, bæði frá verkfræðislegu og hagfræðislegu sjónarmiði og fyrir allan almenning, sem þau eptir eðli sínu og ætlunarverki varða svo mjög. Frumvarpið er aðallega sniðið eptir lögum þeim, er nú gilda í Danmörku um ritsíma og talsíma frá 11. maí 1897, en frá þeim hefur verið vikið, í fyrsta lagi þar sem ólíkar ástæður hjer á landi hafa gjört það nauðsynlegt eða ráðlegt, og í öðru lagi er frumvarpið gjört víðtækara en dönsku lögin að því leyti, að það er ekki einungis látið ná til ritsíma og talsíma eins og þau, heldur og til allra annara rafmagnstækja til skeytasendinga, t. d. þráðlausrar firðritunar. Einnig hefur verið höfð hliðsjón af norskum lögum um þetta efni, sem þó eru ekki eins ýtarleg, enda eldri en dönsku lögin, sem byggð eru á sömu grundvallarreglum og ákvæði þau, sem gilda um þessi mál í flestöllum ríkjum á meginlandi Norðurálfunnar. Ákvæði frumvarps þessa skulu því næst athuguð hvert fyrir sig.

Um 1. kafla

Í nálega öllum löndum í Norðurálfunni hefur ríkið að lögum einkarjett til að stofna og starfrækja ritsíma og talsíma, og til þess liggja eðlilegar orsakir. Það er líkt um hraðskeytamálin eins og póstmálin, að það er talið haganlegast og mest trygging fyrir almenning, að landsstjórnirnar annist framkvæmd þeirra að sem mestu leyti, og með því verður notkun samgöngufæra þessara óbrotnust og mest samræmi í starfrækslu þeirra, skeytagjöldum o. s. frv. Þetta á nú við hjer á landi eins og annarstaðar, og þar að auki er svo sjerstaklega ástatt hjer, að hraðskeytafyrirtæki gæfu ekki ágóða nema á einstöku stöðum, svo sem í kaupstöðum, kauptúnum og ef til vill í þjettbyggðustu sveitum, og þótt einstakir menn nú kæmu upp hraðskeytasamböndum á þessum stöðum, yrði landssjóður eptir sem áður að kosta eða leggja í öllu falli meira eða minna fje fram til hraðskeytasambanda annarstaðar, fyrir utan fjeð til sambandsins við útlönd, en þessi sambönd landsins ykju hins vegar óbeinlínis að minnsta kosti ágóða hinna. Það virðist því eigi ósanngjarnt, að landssjóður hafi rjett að lögum framar öðrum til að setja á stofn og starfrækja einnig þau sambönd, sem ágóða mundu gefa og þar með vega nokkuð upp á móti fjárhagshallanum af hinum samböndunum. Þegar einkarjetti landsins hins vegar eru sett þau takmörk, sem gjört er í 3. gr. frumvarps þessa, getur hann ekki talizt að skerða atvinnufrelsi manna úr hófi, eða þrengja rjetti þeirra til að skipa einkamálum sínum eptir vild.

Hins vegar getur svo staðið á, að landið vilji ekki nota rjett sinn til að koma hraðskeytasamböndum á allsstaðar, þar sem einstakir menn eða sveitarfjelögin vildu ráðast í það, annaðhvort af því, að ekki þætti rjett að leggja fje úr landssjóði til þeirra, eða af því að nóg þætti undir í svipinn. Þar sem nú eigi væri rjett að varna mönnum sambandanna fyrir þessar sakir, er ráðlegt, að samfara ákvæðunum um einkarjett landsins til hraðskeytasambanda, sje

stjórninni gefin heimild til að veita öðrum einkaleyfi til að stofna slík sambönd á tilteknu svæði, en fyrir leyfinu sjeu þá á hinn bóginn sett þau skilyrði, sem tryggja það, að fyrirtæki þessi verði að tilætluðum notum, og að þeim sje þannig fyrirkomið, að landið gæti tekið þau að sjer seinna meir, ef ástæða þætti til þess.

Um hinar einstöku greinar þessa kafla skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Ætlast er til, að einkarjetturinn nái ekki einungis til síma, heldur og til þráðlausra firðritunarsambanda og allra annara rafmagnstækja, sem notuð eru og notuð kunna að verða til skeytasendinga, á líkan hátt og ritsímar og talsímar. Einkarjetturinn á að ná til alls þess svæðis, sem liggur undir umráð landsins, bæði landið sjálft og landhelgina kringum það.

Um 2. gr.

Með því að heimild sú, sem eptir núgildandi lögum telst vera til þess að veita einstökum mönnum einkaleyfi til að koma upp og reka hraðskeytasambönd hjer á landi, mundi falla burt, ef landið fengi svofelldan einkarjett, sem 1. gr. sbr. 3. gr. frumvarps þessa ákveður, verður ekki hjá því komizt að gefa jafnframt heimild til þess að veita megi einstökum mönnum og sveitarfjelögum leyfi til að koma á fót og starfrækja slík sambönd til viðbótar við landssamböndin. Og leyfi þetta mun optast þurfa að vera einkaleyfi um víst árabil, því annars mundu menn víðast ekki leggja út í slík fyrirtæki.

Skilyrðunum fyrir leyfisveitingum verður auðvitað að haga nokkuð eptir því, hvernig því fyrirtæki er háttað sem leyft er, en þó hefur þótt rjett að taka nokkur atriði fram, sem ávallt skulu sett á slíkar leyfisskrár og að takmarka leyfistímann við 20 ár í hæsta lagi í senn; ennfremur er boðið að leita álits hlutaðeigandi sveitastjórna áður en leyfi er veitt.

Við skipun matsnefndar þeirrar, sem meta á til peningaverðs tæki þau, sem landið á að eiga heimting á að fá afhent við lok leyfistímans, virðist ekki neitt athugavert, en í greininni eru settar grundvallarreglur, sem nefndin á að byggja mat sitt á.

Um 3. gr.

Aðalástæðan fyrir því að veita landinu einkarjett á hraðskeytasamböndum er, eins og getið er hjer á undan sú, að það er ákjósanlegast fyrir allan almenning, að samgöngufæri þessi sjeu í höndum landsstjórnarinnar, en þar við eru og hins vegar hin rjettu takmörk hans sett. Hraðskeytasambönd þau, sem almenningi er ekki ætlað að nota að neinu leyti, eiga að vera undanskilin einkarjetti landsins, en hins vegar verða slíkar undantekningar að vera svo afmarkaðar, að þær geti ekki gefið tilefni til að farið verði kringum hann. Undantekningarnar undir staflið a og b virðast nú vera sjálfsagðar og eigi hætta á, að þeim geti orðið misbeitt til að skerða einkarjett landsins. Undantekningin undir staflið c fer nokkru lengra en hinar tvær, en þar sem hún er bundin því skilyrði, að eigi sjeu fyrir sambönd, sem landið á eða leyfishafar og hlutaðeigendur geta notað, gjörir hún ekki mikið eða ástæðulaust skarð í einkarjettinn.

Um 4. gr.

Það er að vísu svo, að enginn hefur nú einkaleyfi til að reka hraðskeytasambönd nokkurs staðar hjer á landi, en á hinn bóginn eru þó hjer fyrir talsímasambönd, sem taka verður tillit til við lagasmíði þessa. Í Reykjavík hefur á þessu ári verið sett á stofn og byrjað að reka talsímafyrirtæki í töluvert stórum stíl, og mundi það koma í bága við alla sanngirni að minnsta kosti, ef einkarjettur landsins ætti, þegar er lög þessi öðlast gildi, að taka fyrir starfrækslu þess skilmálalaust, þar sem fyrirtækinu er löglega á fót komið. Sama er að segja um talsímasamband það, sem fyrir allmörgum árum var komið upp milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og rekið hefur verið síðan og nú í sambandi við fyrirtækið í Reykjavík. Fyrir utan þau munu ekki vera rekin hraðskeytasambönd hjer á landi, er þá ekki falla inn undir undantekningarnar í 3. gr., en fleiri sambönd geta vel verið á komin áður en lög þessi öðlast gildi. Í frumvarpinu er farið fram á, að þessi fyrirtæki megi »halda áfram eins og að undanförnu«, og ef það er kosið, skuli það tilkynnt ráðherranum, er svo ákveði staðartakmörk þeirra, og verða þau því bundin við svæði það, sem sambönd þeirra eru lögð um, áður en lögin öðluðust gildi, svo að út fyrir það má ekki fara, en hins vegar má halda við tækjum þeirra á því svæði og auka samböndin á því smátt og smátt, einsog gjört hefur verið, eptir því sem þörfin hefur krafið og eptirspurnin eptir samböndum, þó verða þau að vera sömu tegundar og hin, sem fyrir eru. Fyrirtækin verða við þetta ekki verr sett en áður, heldur þvert á móti, þar sem einstakir menn geta ekki eptir að lögin hafa öðlazt gildi, lagt án leyfis landsstjórnarinnar sambönd á svæði fyrirtækisins, er við það keppi. Ef landið hins vegar vill taka að sjer sambönd fyrirtækjanna, eru í 6. gr. ákvæði um, að þau megi taka eignarnámi.

Þess skal getið til skýringar því ákvæði, að fylgt skuli þeim skilyrðum, sem hafi sett verið í sjerstökum samningum við stjórnina viðvíkjandi hraðskeytafyrirtækjum þeim, er hjer um ræðir, að nokkrir menn í Reykjavík sóttu á síðastliðnu sumri um einkaleyfi til að leggja talsímasambönd um bæinn út frá einni miðstöð, og mælti bæjarstjórnin með því að það væri veitt; stjórninni þótti þó ekki rjett, að það yrði veitt að svo komnu, einkum þar sem leyfisbeiðendur áskildu sjer nokkuð langan tíma til að koma því á. Þegar annað fjelag í bænum svo síðar að áliðnu sumri tjáði sig búið, til að koma slíkum samböndum á, án einkaleyfis og á styttri fresti, en hinir að minnsta kosti í byrjun höfðu ætlað, var neitað um einkaleyfið, en fjelagið, sem nú hefur komið samböndunum á, skuldbatt sig hins vegar gagnvart stjórnarráðinu til að hlíta vissum skilyrðum, að því er talsímafyrirtæki þess snerti, að öllu verulegu sömu, eins og verið mundi hafa, ef fjelagið hefði ekki verið stofnað fyr, en eptir að frumvarp þetta hefði öðlazt lagagildi, og mun alþingi verða gefinn kostur á að kynna sjer þá skuldbinding fjelagsins.

Um 5. gr.

Upptaka hinna ólöglegu tækja er, samkvæmt ákvæðum greinarinnar, hegning fyrir brotið á móti einkarjettinum jafnframt sektunum, og ber ákvæðunum um hana því að beita á sama hátt og öðrum sektarákvæðum. Þar sem það er vegna þjóðfjelagsins, að einstökum mönnum er veitt einkaleyfi til hraðskeytasambanda, er eðlilegt, að hegning liggi einnig við því, að brjóta í bága

við einkarjett þann, sem þeim er veittur, þó er það lagt undir dóm ráðherrans, hvort brotið sje svo mikilvægt, að ástæða sje til að höfða mál útaf því.

Um 6. gr.

Auk þess sem getið var í athugasemdunum um 4. gr., skal það tekið fram viðvíkjandi ákvæðum þessarar greinar, að matsnefndinni eru hjer settar aðrar reglur til að fara eptir, þegar hún ákveður endurgjaldið, en henni eru settar í 2. gr., af því hjer er um reglulegt eignarnám að ræða.

Um 7. gr.

Það er áríðandi fyrir stjórnina að geta krafizt skýrslna um þau hraðskeytasambönd, sem ekki eru landsins eign. Upplýsingar um, hve mikið þau eru notuð, um tekjur þeirra og kostnaðinn við rekstur þeirra, eru til dæmis að taka nauðsynlegar til þess að geta gjört sjer ljóst, hvort landið ætti að taka þau að sjer, eða koma hraðskeytasamböndum á þar sem líkt er ástatt. Þessar skýrslur gætu og komið að gagni við eptirlitið með fyrirtækjum þessum af af landsstjórnarinnar hálfu. Eigendum þeirra er því í grein þessari gjört að skyldu, að viðlögðum dagsektum, að láta stjórninni í tje skýrslur þær um þau, er hún kynni að heimta af þeim.

Um 8. gr.

Þótt svo sje til ætlazt, að það sje regla, að gjöldin fyrir notkun hraðskeytasambanda landsins sjeu ákveðin með lögum, þykir þó rjett að setja vara-ákvæði um það, að ráðherrann geti ákveðið þau, svo framarlega og að svo miklu leyti, sem það er ekki gjört með lögum. Í grein þessari er ennfremur farið fram á, að ráðherrann setji reglur þær, sem fylgt skal í starfrækslu hraðskeytasambanda landsins, og skipi fyrir um viðhald og eptirlit þeirra, og að leggja megi sveitarstjórnarvöldum skyldur á herðar, er að þessu lúta.

Um 2. kafla.

Í kafla þessum eru sett ákvæði um það, að hve miklu leyti og með hverjum skilyrðum megi ráða yfir landi manna og mannvirkjum undir landssíma og síma, sem einstakir menn hafa fengið leyfisskrár fyrir. Ennfremur er hjer veitt almenn heimild til eignarnáms, ef afla þarf lóða undir hraðskeytatæki, hvort sem þau eru eign landsins eða leyfishafa. Svo eru og sett ýms ákvæði til að tryggja það, að símar og önnur hraðskeytatæki verði ekki fyrir skemmdum eða óreglu af gjörðum manna, því ákvæðin í 297. gr. hinna almennu hegningarlaga þykja ekki tryggja það nægilega. Þar sem hins vegar takmarkanir þær á gjörðafrelsi manna, sem af þessum ákvæðin leiða, eru lagðar á vegna þjóðfjelagsins, sem ríður það á miklu, að samböndin verði fyrir sem minnstri óreglu, og eru í sjálfu sjer ekki þungbærar, geta þær ekki orðið taldar athugaverðar, nje heldur hegningar þær, sem lagðar eru við brotum á þeim.

Um hinar einstöku greinar þessa kafla skal annars getið þessa:

Um 9. gr.

Þau ráð yfir eignum manna, sem leyfð eru í þessari grein að því er snertir lagningu síma, eru svo vaxin, að eigendur eða notendur landsins eða

mannvirkjanna, sem símarnir liggja um eða á, munu naumast liða nokkurn skaða eða baga af þeim, og verða skaðabætur því venjulega ekki heimtaðar, enda geta þeir samkvæmt grein þessari ráðið nokkru um, hvar símarnir eru lagðir um eignir þeirra, og samkvæmt 10. gr. krafizt þess, að þeir sjeu fluttir, ef bagi verður af þeim. En hljótist hins vegar skaði, sem vel getur fyrir komið, t. d. af átroðningi á ræktuðu landi við lagning, eða við aðgjörðir á símum, eða sje efni til þeirra tekið eiganda til skaða, verður að sjálfsögðu að bæta það og eru ákvæði þar að lútandi í 12. gr. frumvarpsins. Þegar aðgangur starfsmanna við símana að húsum og híbýlum er takmarkaður eins og hjer er gjört, er naumast neitt athugavert við að leyfa hann.

Nm 10. gr.

Það er óhjákvæmilegt að leggja þá kvöð, — sem í rauninni verður aðalkvöðin af símunum — á eignir þær, sem þeir liggja um, að eigi sje ráðizt þar, án þess nauðsyn reki til, í fyrirtæki eða vinnu, sem getur valdið skemmdum eða óreglu á þeim, nema stjórn eða starfsmönnum símanna sje tilkynnt það hæfilega löngu áður, svo að þeir geti gjört ráðstafanir til að fyrirbyggja spell á þeim. Ef að sönnur hins vegar verða færðar á það, að lega símanna um eignina valdi því, að eigandi geti ekki notað hana eptir tilætlan sinni, verður hann að eiga heimting á því, að hindrun þessari sje rutt úr vegi og símarnir fluttir.

Um 11. gr.

Vegna þess hve áríðandi það er fyrir þjóðfjelagið, að hraðskeytasambönd landsins verði ekki fyrir baga eða óreglu af rafmagnsfyrirtækjum einstakra manna eða sveitarfjelaga, virðist ekki neitt athugavert við að leggja á þau þær kvaðir, sem hjer er farið fram á og eptir eðli sínu geta ekki gefið neinn rjett til skaðabóta. Ráðstafanir þær, sem leyfðar eru í 2. hluta greinar þessarar til að koma í veg fyrir spell af rafleiðsluþráðum einstakra manna eða sveitarfjelaga, mega embættismenn eða sýslunarmenn landsins einir gjöra. Það er ekki ætlast til að leyfishöfum verði veittur rjettur sá, sem ákvæði greinar þessarar veita að því er snertir sambönd landsins, sbr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Samkvæmt því, sem hjer á undan greinir, mun nú reyndar sjaldan þurfa að eignast lóðir undir hraðskeytafærin, en það getur þó komið fyrir, t. d. undir stöðvar eða annan útbúnað við samböndin, og til þess að þurfa þá ekki í hvert sinn að leita lögjafarvaldsins, er hjer farið fram á, að veitt sje almenn heimild til eignarnáms á venjulegan hátt á lóðum í því skyni. Ennfremur er hjer tekið fram, að úr landssjóði skuli bæta skaða, er hlýzt af lagningu eða viðhaldi landsíma; er það sjálfsagt ákvæði.

Um 13. gr.

Af því að svo mikið er í húfi fyrir þjóðfjelaginu, ef skemmdir eða óregla verður á hraðskeytasamböndunum, þykir rjett að leggja sektir við brotum á móti ákvæðum 10. og 11. gr., án tillits til þess, hvort brotið hefur valdið skaða eða óreglu á samböndunum eða eigi, og er greinin orðuð samkvæmt því.

Um 14. gr.

Jafnframt því að vísa til athugasemdanna um 5. gr. hjer á undan, að því er snertir þörfina á þessum ákvæðum, skal þess getið, að ætlast er til, að sett sjeu í leyfisskrárnar ákvæði, sem girða fyrir það, að leyfishafar misbeiti rjetti þeim, er þeim má veita samkvæmt þessari grein.

Um 3. kafla.

Það er eitt af aðalskilyrðunum fyrir því, að hraðskeytasamböndin komi að fullum notum, að það megi treysta því, að skeytasendingum verði haldið leyndum fyrir öllum útí frá, og verður því að búa sem bezt um hnútana til að tryggja það. Í þessum kafla eru því sett ýtarleg ákvæði um launungar- og þagnarskylduna, og lögð sjerstakleg hegning við því, að brjóta á móti henni. Að því er hegningarákvæðin snertir er farið fram á, að fangelsi, og ef miklar sakir eru, betrunarhússvinna liggi við því, ef embættis- eða sýslunarmaður við hraðskeytasambönd landsins brýtur af ásettu ráði gegn launungar- og þagnarskyldunni, og sektir eða einfalt fangelsi, ef hann hefur gjört það af óvarkárni; en auk hinnar eiginlegu hegningar er lagt til, að hinum brotlega skuli *ávallt vikið frá embættinu* eða stöðunni, því brot þessi eru svo vaxin, að eigi þykir gjörlegt að trúa þeim, sem einu sinni hefur brotið, fyrir störfunum framvegis. — Hegningin fyrir brot á launungarskyldunni af hálfu starfsmanna við hraðskeytasambönd leyfishafa, verða eptir eðli sínu að vera mildari en fyrir afbrot í embættisfærslu.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar þykja eiga við eptir efni frumvarpsins.

Frumvarp til laga

um

kennaraskóla í Reykjavík.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Kennaraskóla skal setja á stofn í Reykjavík og má verja til húss og muna allt að 40000 kr. úr landssjóði.

2. gr.

Skólinn er jafnt fyrir konur og karla; kennslan veitist ókeypis, og allt að 20 heimavistir skulu vera við skólann fyrir nemendur.

3. gr.

Skólaárið er frá 1. október til 14. maí; 3 ársdeildir eru í skólanum.

4. gr.

Kennslugreinar skólans eru þessar: Íslenzka, danska. saga, landafræði og náttúrufræði, og þó einkum það, er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skript, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristin fræði, uppeldis- og kennslufræði og kennsluæfingar. Auk þess má taka upp kennslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr.

Við skóla þennan skipar ráðherrann þrjá fasta kennara; er einn forstöðumaður og hefur í árslaun 3000 krónur auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu; annar kennari hefur 2000 kr. í árslaun og þriðji kennari 1600 kr. í árslaun.

6. gr.

Stjórnarráðið hefur á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugjörð hans.

7, gr.

Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Alþingi 1903 hafði til meðferðar frumvarp til laga um kennaraskóla í Reykjavík, er borið var upp af þingmanna hálfu, og gekk málið allgreiðlega gegnum neðri deild, þótt nokkur væri skoðanamunur, sjerstaklega um það, hvort skólinn ætti að vera í Reykjavík eða Hafnarfirði, en málið varð þó eigi útrætt.

Stjórnarráðið leggur nú frumvarpið fyrir á ný, eins og það var samþykkt með 17 atkvæðum í neðri deild við eina umræðu, að öðru leyti en því, að numið er burt það ákvæði í 3. gr., er segir, að jafnframt skuli kennslunni hagað svo, að farkennarar geti fyrst um sinn lokið sjer af á einum vetri. Telur stjórnarráðið rjettara að setja þegar markmið kennarafræðslunnar jafnhátt fyrir alla, er á skólann ganga; á þann hátt verður mest eining í starfi skólans, og hinsvegar er þá sú ein kennarafræðsla studd, er telja má vel viðunandi sem undirbúning kennarastöðu við hvern lýðskóla, sem er. Enntremur eru laun forstöðumanns sett 3000 kr., eins og laun forstöðumannsins fyrir gagnfræðaskólanum á Akureyri, svo að launaupphæðir verði hinar sömu og við þann skóla, enda eigi ástæða til þess að setja forstöðumannslaunin lægri í Reykjavík, það því síður sem þessum embættum fylgir eigi eptirlaunarjettur.

Heimavistir mega naumast vera færri en 20, ef þær eiga að vera nokkrar, og stjórnarráðið verður að vera þeirrar skoðunar, að heppilegt sje að hafa heimavistir við skólann, bæði til þess að gjöra nemendum úr sveitum aðsóknina ódýrari og hagfeldari, og til þess að þeir, sem síðar eiga að veita forstöðu heimavistarskólum fyrir börn í sveitum, geti kynnzt af eigin reynd lífi og háttum heimavistarskóla, er þeir geti tekið sjer til fyrirmyndar.

Að öðru leyti var frumvarp þetta svo ýtarlega rætt á þinginu 1903, að vart mun þörf að fjölyrða meira um einstök atriði þess, og það því síður,

sem eigi hafa síðar komið fram neinar ástæður, er raski þeim grundvelli, sem frumvarpið er byggt á, enda býst stjórnin við að meiri hluti þjóðarinnar sje sammála um það, að umbætur lýðmenntunarinnar hljóti hjer á landi, eigi síður en annarstaðar, að byggjast á *góðri kennaramenntun*, og að mál þetta þoli eigi frekari bið,

Frumvarp til laga

um

málaflutningsmenn við landsyfirrjettinn í Reykjavík.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

1. gr.

Hverjum þeim, sem leyst hefur af hendi fullkomið lögfræðispróf, er aðgang veitir að embættum þeim hjer á landi, sem lögfræðingar skipa, sbr. 4. gr. laga nr. 3 frá 4. marz 1904, og að öðru leyti fullnægir þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess að geta fengið embætti á Íslandi, getur ráðherra Íslands veitt almennt leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn. Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal áður en leyfisbrjefið er afhent honum, undirskrifa eiðstaf um að hann skuli flytja mál þau, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmennsku og í hvívetna rækja störf sín ráðvendnislega og með samvizkusemi. Málaflutningsmaður fyrirgjörir þessum rjetti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svívirðilegt, eða missir fjárráð sín.

2. gr.

Nú óskar sakborningur, að málaflutningsmaður, er slíkt leyfi hefur fengið, haldi uppi vörn fyrir sig fyrir yfirdómi, eða málsaðili, er gjafsókn hefur fengið, að slíkum manni sje falið mál hans þar, og skal hann þá skipaður til þess, ef hann undirgengst að gjöra það endurgjaldslaust af almannafje. Að öðru leyti hafa hinir settu föstu málaflutningsmenn við yfirdóminn einkarjett til þeirra mála, eins og hingað til.

3. gr.

Einkarjettur sá, sem hinum settu málaflutningsmönnum við landsyfirdóminn er veittur með konungsúrskurði 19. marz 1858, skal afnuminn, að því er einkamál snertir.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1906.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með því að nú eru margir embættislausir lögfræðiskandidatar hjer á landi, og gera má ráð fyrir því, að tala þeirra aukist eigi alllítið á næstu árum, er hæfir gætu verið til málfærslu við landsyfirdóminn, svo búast þykir mega við, að nógir verði til að sækja um hinar föstu málaflutningsmannsstöður við yfirrjettinn, þó að dregið sje úr einkarjetti þeim, er þeim stöðum hefur fylgt til þessa, þykir ástæða til að rýmka um aðgöngu til málaflutnings við tjeðan dóm, bæði til þess að kandidatarnir geti fengið atvinnu nokkra af námi sínu, og til þess að málsaðilar, er þurfa að fá flutt einkamál fyrir rjettinum, geti átt úr fleirum lögfræðingum að velja, og sjeu eigi bundnir við að fela mál sín tveim málaflutningsmönnum, jafnvel þótt aðrir kynnu að vera til jafn hæfir, er þeir treysta betur eða kysu heldur af öðrum ástæðum.

Stjórnarráðið hefur því í frumvarpi þessu lagt það til, að aftekinn sje einkarjettur málaflutningsmannanna í einkamálum. En í sakamálum og gjafsóknarmálum með skipuðum málafærslumanni er einungis rýmkað svo til, að sakborningur og málsaðili geta kosið annan, en hina skipuðu málaflutningsmenn, ef hann greiði sjálfur kostnað þann, er af því leiðir. Að afnema alveg hinar föstu málafærslusýslanir, eða leggja það til, að þóknunin til þeirra sje felld niður, virðist stjórnarráðinu eigi tiltækilegt að svo stöddu, meðan ekki er komin nein málaflutningsmannastjett í Reykjavík. Frumvarpið hefur verið borið undir landsyfirrjettardómarana, og hafa þeir fallizt á það, eins og það er lagt fyrir.

Um einstakar greinir frumvarpsins skal þetta tekið fram.

Um 1. gr.

Það er sjálfsagt skilyrði, að þeir einir geti fengið rjett til málfærslu við landsyfirrjettinn, er leyst hafa af hendi fullkomið lagapróf, er aðgang veitir að embættum hjer á landi, en það getur verið álitamál, hvort eigi væri rjett að taka það fram, að sá lögfræðiskandidat, sem t. a. m. hefði verið í dómaraembætti, eða verið fulltrúi hjá hjeraðsdómara eða yfirrjettarmálaflutningsmanni vissan tíma, eigi *rjett* til þess að fá málaflutningsleyfi. Yfirdóminum hefur samt eigi virzt ástæða til að taka neitt fram um þetta, heldur megi hitt nægja, að fela ráðherranum að veita þetta leyfi, því að þá megi gjöra ráð fyrir, að aðeins nýtir menn og vel að sjer fái slíkt leyfi. Um önnur atriði í greininni virðist eigi þörf að fjölyrða.

Um 2.—4. gr.

Um þessar greinar er ekkert frekara að segja.

Frumvarp til fátækralaga.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

I. kafli.

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Sveitarstyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sjer þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Sveitarstyrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar og honum haga svo, sem hún telur rjett vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Sveitarstyrk skal endurgjalda eptir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af þurfaling sjálfum eða framfærslumanni (2—30. gr.)

Sá er sveitarstyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í fjelagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín skilgetin, þangað til þau eru 16 ára. Söm er skylda móður við börn sín óskilgetin.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefur áður með öðrum manni barn eða börn, skilgetin eða óskilgetin, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnaðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni (39. og 40. gr.), og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giptist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefur og kona við skilgetin börn eiginmanns síns, þau er hann hefur átt, áður en hún giptist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aptur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Ef kona eignast barn óskilgetið, og maður sá, er hún kennir barnið, gengst eigi við faðerninu, á hún rjett á því, að sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er hún er heimilisföst eða stödd, veiti henni aðstoð sína til þess að barnsfaðernismál verði höfðað gegn manni þeim, er hún kennir barnið, á varnarþingi hans. Fara skal með mál það sem einkalögreglumál. Í barnsfaðernismáli skal við undirrjett hvorki greiða rjettargjöld nje gjald til rjettarvotta eða stefnuvotta, en um önnur gjöld fer sem málið væri gjafsóknarmál af hálfu barnsmóður. Sje málinu áfrýjað, fer um slík gjöld við æðri rjetti eptir almennum reglum.

Nú hefur maður gengizt við faðerni óskilgetins barns, eða það er löglega ákveðið, að hann skuli álitast faðir þess, og er honum þá jafnt móður þess skylt að framfæra og ala upp barnið samkvæmt því, er segir hjer á eptir.

7. gr.

Þröngva má barnsföður með úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta, þar er hann á heima, til að gefa með óskilgetnu barni sínu helming meðgjafar eða meira, þó aldrei meira en meðgjöf þá, er í raun og veru er greidd með barninu.

Í yfirvaldsúrskurði þeim, er gjörir barnsföður að skyldu að greiða meðlag með óskilgetnu barni sínu, eða meðlagsskyldan er staðfest með honum, skulu vera upplýsingar þær, er fyrir hendi eru, um aldur barnsföðurins, fæðingarstað og framfærslusveit.

8. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eptir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem skuld, er komin sje í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni skyldi greiða, hvort sem hún er ákveðin með meðlagsúrskurði eða samningi, svo framarlega sem beiðni kemur um það til skiptaráðanda áður en liðinn er skuldlýsingarfrestur (proclama) eða 6 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi verið boðaður. Sje barnsfúlga sú, er hinn dáni gjalda skyldi, hvorki ákveðin með samningi nje yfirvaldsúrskurði, skal greiða svo mikið, sem meðalmeðgjöf (9. gr.) með barninu nemur frá dánardægri hans þangað til það er 16 ára. Ef ekkja barnsföður er á lífi, þá skal eigi fje út leggja með öðrum óskilgetnum börnum hans en þeim, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband, og skal þess gætt, er ekkja eða skilgetin börn barnsföður eru á lífi, að meðgjöf sú, er greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meiru fje en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri.

Nú situr ekkja barnsföður í óskiptu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er á barnsföður hvíldi, að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta þykir hæfa eptir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtjeðra fyrirmæla.

Um barnsfúlgu, er greidd er af hendi í einu eptir lát föðurins, skal fara sem um fje ómyndugra, og skal tiltaka, á hverjum tíma og hverjum greiða skal meðlögin.

Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu fyrir þá sök, að barnið deyr áður en það er orðið 16 ára, þá skal fje það, er óeytt er, koma til skipta meðal erfingja barnsföður. Sparist fúlgan af öðrum ástæðum, skal afgangurinn falla til barnsins.

9. gr.

Sje barnsfúlga, sem föður óskilgetins barns er skylt að borga samkvæmt úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta eða sættargjörð, staðfestri af nefndu yfirvaldi, eigi greidd á rjettum gjalddaga, og eigi móðir þess rjett til framfærslu hjer á landi, þá er henni heimilt að krefjast þess, að fúlgan verði greidd sjer af sveitarfje í dvalarsveit sinni, þó eigi nema fyrir hið síðasta ár, og eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í; en upphæð meðalmeðgjafar ákveða sýslunefndir og bæjarstjórnir fyrir hvert sveitarfjelag fyrir 5 ár í senn, og skal taka tillit til aldurs barnanna. Beiðni barnsmóður hjerum skal fylgja meðlagsúrskurður sýslumanns eða bæjarfógeta löglega birtur (af stefnuvottum), eða sættargjörð, staðfest af sama yfirvaldi, löglega birt og lífsvottorð barnsins, og skal beiðandi jafnframt láta þær upplýsingar í tje um framfærslusveit barnsföður, sem hún er fær um.

Meðlagið skal talið sveitarstyrkur til handa barnsföður frá dvalarsveit móðurinnar, og fer um endurgjald á honum sem á öðrum sveitarstyrk. Sannist það, að barnsfaðir hafi verið farinn af landi alfarinn eða dáinn, þegar meðlagið var fallið í gjalddaga, þá er framfærsluhreppur hans laus við að endurborga það, og skal styrkurinn talinn sveitarstyrkur, veittur barnsmóðurinni, nema hann sje þegar í stað endurgoldinn.

Nú hefur meðlagið eigi verið innheimt fyrir þá sök, að ekki hefur hafzt upp á barnsföður, eða hann hefur komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, er ekki hefur fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er hann síðar kemur fram, að ganga að honum að lögum, ef ekki er um seinan, að því er meðlagið snertir, og ennfremur láta hann vinna af sjer styrkinn á þann hátt, sem segir í 59. gr. þessara laga.

10. gr.

Sama rjett sem móðir að óskilgetnu barni hefur samkvæmt framansögðu, hafa og þeir menn, er annast eiga framfærslu og uppeldi barnsins eptir móðurina látna, burtfarna eða af líkum orsökum, og ennfremur framfærslusveit barnsins, þá er hún hefur orðið að takast framfærslu þess á hendur.

11. gr.

Þá er móðir óskilgetins barns deyr, eða fer alfarin af landi burt, eða hún álízt óhæf, að dómi hlutaðeigandi prests, og sýslumanns eða bæjarfógeta, til að ala barnið upp, á faðir þess því að eins rjett á að fá það til sín,

til framfærslu og uppeldis, að hann ættleiði það, eða hann fái til þess leyfi sýslumanns eða bæjarfógeta á þeim stað, þar er barnið er.

12. gr.

Þegar faðir óskilgetins barns hefur að lögum verið skyldaður til að greiða meðlag með því, en menn vita eigi, hvar hann er niður kominn, hefur móðir barnsins rjett til þess, ef þörf gerist, að krefjast fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans. Sama rjett hefur bæði sá maður, er á að annast framfærslu óskilgetins barns, hvort heldur eptir móður þess látna, eða burtfarna, eða af öðrum orsökum, og eins framfærslusveitin, hafi hún orðið að takast framfærslu þess á hendur.

13. gr.

Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verði gert að skyldu að greiða að minnsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförunum leiddi fyrir hana. Upphæð þessarar fjárreiðslu getur barnsmóðirin heimt eptir reglum þeim, er segir í 9. gr.

14. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega eigi foreldrar verða sveitarþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau; þó skulu börn laungetin ekki skyld að framfæra föður sinn nema ættleidd sjeu og hafi alizt upp á vegum hans. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

15. gr.

Framfærslumaður á rjett á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá, nema sveitarnefndinni í dvalarsveit þeirra þyki það eigi ráðlegt, af því að sjerstaklega stendur á. Móðir óskilgetins barns hefur jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sjer, eða ráða verustað þess, sbr. þó 11. gr. hjer að framan.

Vilji framfærslumaður eigi una ákvæði sveitarnefndar, er honum rjett að fá um það úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta.

Ef framfærsluþurfi er giptur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín, og hver gjalda meðlag, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

16. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast af ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

17. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni hús-

bónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sjerstaklegum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

18. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs nje húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sjerstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstaklegt sjúkrafæði — í allt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kennt, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í allt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann og ekki yfir 50 aura um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eptir læknisráði, hvort heldur á sjúkrahús eða annað, enda sje hvorki því nje húsbónda þess um leguna að kenna.

19. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið, þegar er hjúið verði sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slíkum skilmála, eður og af því að svo hefur verið um samið eptir að það varð sjúkt, þá losast hann eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eptir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu, nje framfærslumanni þess eða sveit.

20. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sje á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sje ekkert mein þar af búið, nje öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

21. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eptir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greptrun þess, ef erfingjar gjöra það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

22. gr.

Hver sá húsráðandi eða eigandi, sem tekur mann í húsmennsku á heimili sitt eða land, þann er eigi hefur húsmennskuleyfi, skal framfæra hann og skyldulið hans, ef hann verður sveitarþurfi, til næstu fardaga, án endurgjalds frá framfærslusveit hans.

23. gr.

Ef lögskráður skipverji sýkist eða slasast við vinnu sína í þarfir skipsins, þannig að hann kemst eigi með skipinu, og er sjálfum eigi um að kenna, þá á hann að fá lækning og hjúkrun ákostnað útgjörðarmanns, þó ekki lengur en um 4 vikur.

Nú sýkist skipverji eða slasast, meðan skip er á ferð, og er honum eigi um að kenna, og skal honum þá hjúkrað á skipi, eða hann sendur í land til lækningar og hjúkrunar, ef það er gjörandi og þörf á því. Ef hann er eigi orðinn svo ferðafær, er skipið fer þaðan, sem hann var fluttur í land, að hann verði hafður með, þá skal skipstjóri annast um að haldið verði áfram að veita honum aðhjúkrun í landi og að hann verði, þegar þar að kemur, sendur heim, hvorttveggja á kostnað útgjörðarmanns.

24. gr.

Ef einhver skipverja deyr á ferð, þá annast skipstjóri útför hans, en útfararkostnaðinn má borga af kaupi hans meðan hrekkur.

25. gr.

Nú sýkist skipverji og er sjálfur valdur að, og er skipstjóri engu að síður skyldur til að útvega honum lækning og aðhjúkrun, hvort heldur á skipinu eða í landi erlendis; og sje það erlendis, skal skipstjóri fje út leggja fyrir fram í þessu skyni, svo sem þörf er á; en kostnað af þessu má borga af kaupi hans, meðan það hrekkur.

26. gr.

Ef skipverji er sjúkur, án þess sjálfum honum verði um kennt, þá er skipið kemur heim, þá á hann að fá lækning og aðhjúkrun í allt að 4 vikur á kostnað útgjörðarmanns.

27. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eptir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sje sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefur beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að, og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eptir að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefur svo verið umsamið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður umsamið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 16., 17. og 20. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 17. gr. og ofangreind fyrirmæli um rjett lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sje eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

28. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með þurfamann sinn eða ómaga, og er þá sveitinni skylt að annast framfærslu þurfamannsins eða ómagans gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi sveitarstjórnin í dvalarsveit hans álítur, að hann sje fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta, en úrskurði þeim má skjóta til stjórnarráðsins.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, nje heldur um framfærslu þá, er getur um í 16.—21. gr. og 23.—27. gr.

29. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður sýslumaður í þeirri sýslu, eða bæjarfógeti í þeim kaupstað þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefur hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (13. gr.).

30. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (29. gr.) löglega birtur, og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rjett að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (39. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara, sem segir í lögum þessum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. kafli.

Um framfærslusveit.

31. gr.

Hver hreppur, kaupstaður eða kauptún, er hefur sveitarstjórn sjerstaka er framfærslusveit fyrir sig. Nú er skipt sveit eða sveitarmörkum breytt, og heldur þá sveitfestisdvölin áfram í þeirri sveit, er maður verður í við skiptingu una eða merkjabreytinguna, þannig að maður verður sveitfastur í þeirri sveit á þann hátt, að lögð er við dvöl hans þar eptir skiptinguna dvöl hans í hinu forna sveitarfjelagi hans.

32. gr.

Með þeirri undantekningu, sem getur um í 36. gr. laga þessara, vinnur hver sá, er hefur rjett innborinna manna, sjer framfærslurjett í þeirri sveit (31

gr.), þar er hann hefur eptir 16 ára aldur dvalið tvö ár samfleytt búandi, vistfastur, eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum, nje á þremur árunum næstu á undan.

33. gr.

Nú hefur maður unnið sjer sveit víðar en í einu sveitarfjelagi, og á hann þá rjett til framfærslu í þeirri sveit einni, þar er hann hefur síðar eða síðast unnið sjer sveit. Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 65 ára gamall, heldur hann síðan.

34. gr.

Sveitfestisdvöl telst frá þeim degi, að honum meðtöldum, er innflytjandi tekur sjer fast aðsetur í sveitinni, til þess dags, að þeim degi meðtöldum, er hann víkur þaðan burtu. Nú er hjú ráðið skildaga á milli og kemur í vist hálfum mánuði eptir hjúaskildaga, eða fer úr vist hálfum mánuði fyrir hjúaskildaga, og skal þó telja árið fullt. Sama er og þótt hjúið fari meir en hálfum mánuði fyrir skildaga úr vistinni, ef það er af því, að hjúaskildagi er fyr í þeirri sveit, er hjúið fer í, en í hinni, er það fer úr, enda fari það vist úr vist; svo er og, að telja skal árið fullt, ef maður kemur um fardaga og fer aptur á hjúaskildaga. Eigi slitnar sveitfestisdvöl fyrir það, þótt maður sje í vist að hálfu í annari sveit, ef hann er þar eigi meira en annað sveitfestisárið að hálfu.

Ef vinnuhjú flytur að vísu ekki í vistina heim til húsbónda síns á vinnuhjúaskildaga, en fer þó þá þegar að vinna honum, t. a. m. í veri, á fiskiskútu o. s. frv., enda flytji í rauninni heim áður en vistarárið er hálfnað, þá telst það svo, sem það hafi byrjað dvöl sína á vinnuhjúaskildaga í sveit þeirri, er húsbóndi þess á heima í.

Lausamaður vinnur sjer eigi sveit, þar sem hann hefir ársheimili samkvæmt 3. gr. í lögum 2. febr. 1894 um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana, nema hann dvelji þar að minnsta kosti fjórðung af árinu og sveitfestisdvölin telst frá þeim tíma, er hann í raun og veru kemur sjálfur inn í sveitina.

Nú á maður fleiri heimili en eitt, og vinnur hann þá sveit, þar er aðalaðsetur hans er.

35. gr.

Eigi vinnur maður framfærslusveit með dvöl sinni á skóla, sjúkrahúsi, holdsveikrahæli eða þess konar stofnun, eða fangahúsi. Slík dvöl slítur eigi heldur sveitfestisdvöl í þeirri sveit, þar er maður hefur verið næst áður, þannig, að eigi maður á meðan sjálfstætt heimili í þeirri sveit, þá telst það aðalaðsetur hans, en hafi hann ekki haldið þar neinu heimili, þá vinnur hann að vísu hvergi sveit, meðan hann dvelur í skóla, sjúkrahúsi, holdsveikrahæli eða þess konar stofnun eða fangahúsi, en heldur að eins áfram sveitfestisdvölinni, ef hann hverfur aptur til hinnar sömu sveitar eptir dvöl sína á nefndum stofnunum.

Eigi vinnur maður sjer heldur framfærslurjett með ólöglegri dvöl í húsmennsku.

36. gr.

Þeir menn, er fæddir eru í Danmörku eða í Færeyjum og eiga ekki framfærslusveit hjer, samkvæmt 41. gr. (sbr. 39. og 40. gr.) þessara laga vinna sjer framfærslurjett hjer á landi með 5 ára óslitinni dvöl í sömu sveit eptir 16 ára aldur, og að öðru leyti eptir framansögðum ákvæðum (31.—35. gr.).

37. gr.

Utanríkismenn vinna sveit hjer á landi, þá er þeir fá rjett innborinna manna, og eiga þá framfærslurjett í þeirri sveit, þar er þeir mundu eiga sveit eptir hinum almennu ákvæðum laga þessara um sveitfesti innborinna manna. Síðan vinna þeir sjer sveit með 2 ára dvöl.

38. gr.

Kona gipt er jafnan sveitföst þar, er maður hennar á sveit, og heldur ekkja manns sveitfesti þeirri, er maður hennar átti á deyjanda degi, þangað til hún vinnur sjer sjálf sveit. Svo heldur og kona, er skilin er að lögum við mann sinn, sveit hans, þangað til hún vinnur sjer sjálf sveit.

39. gr.

Börn skilgetin og yngri en 16 ára fylgja framfærslusveit foreldranna þannig: Ef foreldrar eru báðir á lífi og hjónabandi þeirra eigi slitið að lögum, fylgja börnin sveit föður síns. Ef að eins annað foreldra er á lífi, þá fylgja börnin framfærslusveit þess. Nú eru báðir foreldrar dánir, og fylgja þá börnin framfærslusveit þess þeirra, er síðar andaðist. Ef báðir foreldrarnir eru á lífi, en hjónabandi þeirra slitið að lögum, þá fylgir barn framfærslusveit þess foreldris, er það er hjá, eða síðast var hjá, eða það er á vegum þess.

40. gr.

Laungetin börn, yngri en 16 ára, fylgja framfærslusveit móður sinnar.

41. gr.

Þeirri framfærslusveit, er maður þannig á, er hann er 16 ára, heldur hann, þangað til hann vinnur sjer sveit.

42. gr.

Nú verður framfærslusveit þurfamanns eigi fundin eptir framantöldum ákvæðum, og er þá fæðingarsveitin framfærslusveit hans.

Fæðingarsveit manns er sú sveit, þar er móðir hans átti lögheimili, er hann fæddist, eða átti síðast, áður en barnið fæddist. Nú verður þetta eigi vitað, og er þá sú sveit fæðingarsveit manns, þar er móðir hans var stödd, er hún ól hann.

Njóti foreldrar skilgetins barns eða móðir óskilgetins barns fátækrastyrks, þá er barnið fæðist, telst framfærslusveit þeirra fæðingarsveit barnsins.

43. gr.

Maður, sem eptir framansögðu hefur öðlast framfærslurjett á Íslandi, missir hann:

1. þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan

hann að lögum getur eigi notið þeirra rjettinda, er bundin eru við rjett innborinna manna. En fái hann aptur þessi rjettindi, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann átti áður en hann varð borgari annars ríkis, þangað til hann vinnur sjer sveit af nýju eptir framantöldum ákvæðum.

2. Þá er hann vinnur sjer sveit í Danmörku eða í Færeyjum, þangað til hann vinnur sjer sveit aptur á Íslandi eptir hinum almennu reglum.

44. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurjett hjer á landi samkvæmt framanskráðum ákvæðum, þurfandi fátækrastyrks hjer, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í þeirri sveit, þar er hann á lögheimili, eða, ef hann ekkert lögheimili á hjer á landi, þá í þeirri sveit, þar er hann dvelur, er hann verður styrks þurfandi.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hjer við framfærslu manns, sem ekki á sveit hjer á landi eptir ákvæðum þessara laga, eða sveitfesti hans verður eigi fundin, og stjórnarráðið álítur, að ekki verði hjá því komizt að veita manni þeim viðtöku, og er þá rjett, að stjórnarráðið vísi honum, með fjölskyldu ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er það til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum, skal henni endurgoldinn af landssjóði.

45. gr.

Þeir, sem unnið hafa sjer sveit hjer á landi, áður en lög þessi koma í gildi, halda þeirri sveit, þangað til þeir þar eptir hafa unnið sjer sveitfesti samkvæmt lögum þessum. Að öðru leyti fer um sveitfesti manna frá þeim degi að telja, er þau öðlast gildi, svo sem segir fyrir um í lögum þessum. Þó skulu þeir menn, er dvalið hafa síðustu 5 árin, áður en lögin koma í gildi, sveitfestisdvöl samkvæmt núgildandi lögum í einhverri sveit, vinna sjer þar framfærslusveit, ef þeir halda áfram dvöl sinni þar á eptir í hinni sömu sveit enn 1 ár, og að öðru leyti uppfylla skilyrði þau, er lög þessi setja fyrir að vinna sveit. Ef svo stendur á, að ekki vantar nema hluta af 10. árinu til þess, að maður vinni sjer sveit, þá er þessi lög öðlast gildi, þá þarf hann þó ekki að halda áfram dvöl sinni í sömu sveit nema þann tíma, sem á vantar til þess að 10 árin verði full, enda uppfylli hann að öðru leyti gildandi sveitfestisákvæði.

III. kafli.

Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

46. gr.

Sveitarstyrk skal veita á þann hátt, að gætt sje svo sem verða má hvorstveggja í einu, hagsmuna fátækrafjelagsins, og þarfa og velferðar þurfalingsins.

47. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

48. gr.

Þurfamönnum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sje lagður þeim heim, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara á sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða vinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og stjórnarráðið hefur sett reglur fyrir.

49. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum.

Engu síður skal kosta kapps um að velja slík heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

50. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja af sveit, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og hæfilega fræðslu; og skal meðgjöf með þeim þangað talin sveitarstyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sje þegar í stað endurgoldin.

51. gr.

Sóknarprestar skulu líta eptir því, að fyrirmælum í 49. og 50. gr. sje fylgt, og yfir höfuð, að vel sje farið með börn þau, er þar ræðir um, svo og alla aðra niðursetninga í sóknum þeirra, sem og þurfamannabörn, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti þykir einhversstaðar vera misbrestur á þessu, og hann getur eigi með umvöndun komið lögun á það, ber honum að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn, er gjalda til sveitar, hafa einnig rjett til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær.

Rannsókn um slíhar hörur skal framfara á manntalsþingi, þegar því verður við komið, og kostnaðarlaust, nema brýna nauðsyn beri til að hraða rannsókninni, vegna þess að um glæpsamlegt athæfi sje að ræða.

52. gr.

Fátækrastjórn skal gjöra sjer far um að stuðla að því, að börn, sem upp eru alin á sveit, fái sæmilega atvinnu, þá er þau eru af ómagaaldri.

53. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita fátækrastyrks vegna þess að að þeim þrengir um stund, má hreppsnefnd eða bæjarstjórn vísa á atvinnu, ef fæst, eða til opinberrar vinnustofnunar, ef til er.

IV. kafli.

Vald sveitarstjórnar yfir þurfamönnum.

54. gr.

Sá, sem þegið hefur sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld.

Sveitarstyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barni innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í fjelagi, ef þau eru gipt og bæði á lífi, en annars því foreldri barnsins, er barnið fylgir að sveitfesti (39. og 40. gr.), ef það foreldri barnsins er á lífi; en sje barnið munaðarlaust, fellur endurgjaldskrafan niður.

Ekki á sveitarstjórn rjett á að krefjast endurgjalds á styrk veittum af sveitarfje til að greiða:

a. Kennslukaup fyrir barn í barnaskóla, eða hjá farkennara, eða gjald fyrir nauðsynlegar bækur og önnur kennsluáhöld handa barninu, og
b. Greptrunarkostnað.

Styrkur veittur framfærslumanni í þessu skyni skal eigi talinn honum veittur sem eiginlegur sveitarstyrkur, og eigi koma honum að neinu leyti til baga.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 5 ár eru liðin frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit. Ef þurfamaðurinn hefur þegið af sveit á síðustu 5 árunum, þarf samþykki sýslunefndar til að gefa upp styrkinn.

55. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í fjelagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir hæði; þó skal, ef annað þeirra deyr, og ekki er fje til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifandi meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau þá voru í.

56. gr.

Þegar þeginn sveitarstyrkur er færður inn í sveitarbók og að minnsta kosti meiri hluti hreppsnefndar hefur skrifað undir innfærsluna eptir að hafa sannfært sig um, að styrkurinn sje rjett tilfærður, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðst lögtaks á skuldinni eptir fyrirmælum laga 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram, en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

57. gr.

Sveitarstjórnin getur látið lógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eptirriti af uppskriptargjörðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á uppskrifuðu munina skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur sveitarþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær þurfamanni í hendur, eru eptir sem áður eign sveitarinnar.

58. gr.

Sannist það fyrir stjórnarráðinu, að sá, er þiggur eða þegið hefur sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eptirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefur undir höndum, skal stjórnarráðið eptir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal stjórnarráðið nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

59.

Sá, sem þiggur af sveit, og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist, og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er sker úr því, eptir að hafa leitað um það álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur sveitarstjórn látið föður óskilgetins barns vinna af sjer barnsfúlgu þá, er sveitin hefur orðið að borga samkvæmt 9. gr., hafi hann ekki fyrir konum og börnum að sjá.

60. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hjer á undan, og má þá kæra hann um það fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gjörist, með sektum eða fangelsi, eptir málavöxtum.

Hýsi maður að nauðsynjalausu þurfamann, sem honum er kunnugt um að óhlýðnast skipun hreppsnefndar, eða þiggi verk af honum, skal hann sekur um allt að 100 kr., er renna í sveitarsjóð þar er brotið er framið.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

61. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefur vandamenn, sem ekki eru sjálfhjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra heimtar, skyldur að setja viðunanlega trygging fyrir því, að vandamenn hans, er eptir verða, verði eigi sveitarfjelaginn til þingsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

62. gr.

Nú sýnir þurfalingur mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi upp á venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuði, þó því að eins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eptir reglum, er stjórnarráðið þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eptir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

63. gr.

Enginn maður, karl eða kona, er á síðustu 5 árum hefur þegið sveitarstyrk, er eigi er endurgoldinn, má kvongast eða giptast, fyr en styrkurinn er endurborgaður, nema sveitarstjórnin, þar er brúðguminn er sveitlægur, gefi samþykki sitt þar til.

Nú ætlar maður, karl eða kona, að ganga í hjónaband, og skulu þau þá sýna embættismanni þeim, er hjónavígsluna á að framkvæma, vottorð frá framfærslusveit sinni um, að hann eða hún hafi eigi þegið sveitarstyrk 5 síðustu árin, er eigi sje endurgoldinn, eða yfirlýsing framfærslusveitar brúðgumans um, að þeim sje heimilt að ganga í hjónabandið. Ef sjerstaklega stendur á og vissa er um, að brúðhjónin hafi ekki þegið sveitarstyrk 5 síðustu árin, má umgetinn embættismaður veita undanþágu frá þessu ákvæði.

V. kafli.

Viðskipti sveitarstjórna.

64. gr.

Nú þarfnast maður sveitarstyrks og skal hann veittur honum af dvalarsveit, jafnt fyrir það þótt hann sje eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskildan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveitin aldrei heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meiru en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefur veitt þurfalingnum, en skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefur veittur verið af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin eigi fjekk endurborgaðan, verði að rjettri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveitin rjett á að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er um ræðir í 3. málsgrein 54. greinar.

65. gr.

Áður en utansveitarþurfaling sje veittur sveitarstyrkur, skal, — nema styrksþörfin sje svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unnt er —, sveitarstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað, aldur þurfamannsins, og framfærslusveit hans, þá er hann var 16 ára gamall; sje hann giptur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gipzt.
2. Ætterni hans eptir 16 ára aldur.
3. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk, og hvort styrkurinn sje endurgoldinn.
4. Heimilisástæður hans og hag yfirleitt og hvers vegna hann sje þurfandi orðinn.

Sje skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rjetti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er stjórnarráðið semur, gefin

undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og þurfamanninum sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrzluna eptir beztu vitund, og sje skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, er hentugast er.

Ef utansveitarbarn yngra en 16 ára þarfnast styrks, og hvorugt foreldra er innansveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helzt mega af vita.

66. gr.

Nú er skýrsla sú, er um getur í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkurinn er veittur, eða svo fljótt og svo fullkomin, sem unnt er, og missir þá hlutaðeigandi sveitarfjelag rjettinn til endurgjalds á styrknum.

67. gr.

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 64. gr., og skal þá fátækrastjórnin, áður en mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni sínum eða bæjarfógeta áskorun um að rannsaka svo fljótt, sem við verður komið, hvar þurfamaður sje sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt í 65. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gjöra það, sem fyrir er mælt í grein þessari, missir sveitarsjóður rjett til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.

68. gr.

Hvar þess er dvalarsveit missir fyrir vanrækslu sveitarstjórnar, lögreglustjóra eða hreppstjóra rjett til endurgjalds á styrk veittum utansveitarmanni, skulu þeir, er sekir eru, bæta sveitinni skaðann.

69. gr.

Þegar gjörð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurjett þurfalings í sveit sinni, eða sent erindi um önnur atriði viðvíkjandi sveitfesti þurfalings eða styrk honum veittan, skal hún, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er málaleitnin barst henni til handa, senda hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta svar sitt upp á hana; að öðrum kosti skal það varða hana sektum, eptir atvikum dagsektum, sem renna í landssjóð, eptir ákvæði sýslumanns. eða stjórnarráðsins, ef bæjarstjórn er sek.

Nú verður óhæfilegur dráttur á endurborgun sveitarstyrks til dvalarsveitar af hálfu framfærslusveitar, og má þá gjöra síðarnefndri sveit að greiða vexti af styrksupphæðinni, 5 af hundraði um árið.

70. gr.

Nú hefur maður, sem framfærslurjett á annarsstaðar, þegið 100 kr. styrk eða meir í dvalarsveit sinni, og bersýnilegt er, að hann sje kominn á

stöðugt sveitarframfæri, og hefur þá dvalarsveit hans og framfærslusveit hvor um sig rjett til að krefjast þess, að hann sje fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína.

71. gr.

Þurfaling má eigi flytja fátækraflutningi úr einum hreppi í annan, nema áður sje ákveðið, hvar hann eigi framfærslurjett, annaðhvort með yfirlýsingu sveitarstjórnar þeirrar, er í hlut á, eða með úrskurði yfirvalds.

72. gr.

Nú á þurfalingur að flytjast á framfærslusveit sína, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti fá honum vegabrjef, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar hann skuli fluttur, svo og hve margt fólk er í flutningnum, ef um fleiri er að ræða. Skal tilgreina nöfn þeirra og aldur.

73. gr.

Dvalarsveit og framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sjer saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann, en náist ekki samkomulag um það, getur dvalarsveit ein annast flutninginn. Ef framfærslusveitin heimtar að fátækraflutningur skuli fram fara, án þess að tiltaka, hvernig honum skuli hagað, skal líta svo á, að hún ætlist til, að sveitarnefndin í dvalarsveitinni annist flutninginn, enda skal hin síðarnefnda þá skyld þar til.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í framfærslusveitinni.

74. gr.

Þurfamann skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg eða sjóveg; svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sje eigi í hættu stofnað.

75. gr.

Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveit einn þriðjung en framfærslusveit tvo þriðjunga; skal allur kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess sveitarfjelags, er flutninginn annast.

Flutningskostnaðinn skal eigi telja sveitarstyrk veittan þurfaling.

76. gr.

Nú vanrækir sveitarstjórnin í dvalarsveitinni að flytja þurfamann fátækraflutningi, er henni bar að annast, og skal þá framfærslusveitin með öllu laus við að endurgjalda styrk þann, er þurfamaðurinn þiggur í dvalarsveitinni frá þeim tíma, er flutningurinn hefði átt fram að fara, þangað til hann verður framkvæmdur.

77. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfjelaga á milli um skyldur þær, er á þeim

hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti skera úr ágreiningi þeim. Sjeu sveitarfjelög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er það sveitarfjelag er, sem krafið er. Úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta má hvor málsparta skjóta til stjórnarráðsins á 12 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila varð kunnugt um úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu stjórnarráðsins, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hjer á landi og sveitarfjelags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli ráðherra Íslands og innanríkisráðherrans, og úr deilu milli íslenzkrar sveitar og færeyskrar með samkomulagi milli Íslandsráðherra og dómsmálaráðherrans.

VI. kafli.

Sjerstakur styrkur úr landssjóði.

78. gr.

Ef þurfalingur fer eptir læknisráði á sjúkrahús — annað en holdsveikraspítala — þá kostar framfærslusveit hans dvöl hans þar, lyf og læknishjálp, allt að 200 kr. á ári. Það, sem fram yfir er 200 kr., greiðist úr landssjóði, þó aldrei nema fyrir tvo þurfalinga í einu úr sama sveitarfjelagi eða bæjarfjelagi.

79. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurjett hjer á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk allt að 150 kr. um árið. Það sem fram yfir er 150 kr., greiðist úr landsjóði. Sömuleiðis greiðist úr landsjóði allur kostnaður við flutning þess þurfamanns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst eigi á annan hátt endurgoldinn.

Landssjóðsstyrkur samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan er ekki apturkræfur.

VII. kafli.

Um það hver lagaákvæði sjeu numin úr gildi með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

80. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Tilsk. 14. oktbr. 1763 um greiðslu meðlags með óskilgetnum börnum.

Tilsk. 10. desbr. 1790 um meðlag með óskilgetnum börnum.

Tilsk. 30. maí 1794 um uppfóstur óskilgetinna barna.

Tilsk. 10. ágúst. 1798 um þvingun við menn, sem skildir eru við konur sínar að borði og sæng.

Kansellibrjef 5. desbr. 1820 um greiðslu framfærslueyris með óskilgetnum börnum af launum vinnuhjúa.

Opið brjef 28. maí 1825 um meðferð mála um meðlag með óskilgetnum börnum.

Reglugjörð 8. janúar 1834 fyrir fátækramálefna lögun og stjórn á Íslandi.

Opið brjef 6. desbr. 1839 um breyting á löggjöfinni um meðlag með óskilgetnum börnum.

Opið brjef 6. júlí 1848 um breyting á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til að eignast sveit eptir 6. gr. í reglugjörðinni 8. janúar 1834.

Opið brjef 17. apríl 1868 um það hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum.

4. gr. í tilsk. 25. júní 1869 um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum.

Lög 4. nóvbr. 1887 um sveitarstyrk og fúlgu.

Lög 7. febrúar 1890 um breyting á lögum um sveitarstyrk og fúlgu.

Lög 12. janúar 1900 um meðlag með óskilgetnum börnum o. fl.

Lög 23. oktbr. 1903 um viðauka við lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. frá 12. janúar 1900.

Loks eru úr gildi felld öll önnur ákvæði gildandi laga, þau er koma í bága við lög þessi.

81. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1907.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Frá milliþinganefndinni í fátækra- og sveitarstjórnarmálum, sem skipuð var samkvæmt allrahæstum úrskurði 13. nóvbr. 1901, hefur stjórnarráðinu borizt frumvarp til fátækralaga. Stjórnarráðið hefur fallizt á öll aðalatriði þess frumvarps nema eitt, er það að svo stöddu lætur liggja á milli hluta, nefnilega ákvæðin um sveitfestisvinnsluna, sem vafasamt þykir að heppileg muni reynast. Með því að hjer er um mjög mikið álitamál að ræða, en hinsvegar þykir rjett að alþingi gefist kostur á að ræða þessar tillögur, sem byggðar eru á rækilegum undirbúningi, og þar sem stjórnarráðið hefur að eins haft stuttan tíma til þess að athuga þessar tillögur, sem bárust því eigi fyr en í marzmánuði, hafa tillögur meiri hluta nefndarinnar verið látnar halda sjer í frumvarpi stjórnarinnar, en ráðherrann býst við að bera sig saman við væntanlegar þingnefndir um þetta atriði, er á þing kemur.

Að öðru leyti er frumvarp þetta samhljóða frumvarpi milliþinganefndarinnar, með þeim breytingum einum, sem hjer skulu taldar:

Nefndin hefur lagt það til, að barnsaldurinn skuli að dæmi Norðmanna og Svía talinn til fullnaðs 15 ára aldurs, þannig að framfærsla barns skuli ekki ná lengra en upp að því aldursmarki, en þaðan af skoðast það sem sjálfstætt að því er framfærslu snertir. Stjórnarráðið hefur ekki getað sjeð neina ástæðu til þess, að breytt sje frá því, sem um langan aldur hafa verið lög

hjer á landi, að miða barnsframfærsluna við 16 ára aldur. Það er og í beztu samræmi við lög vor að öðru leyti að láta fullnaðan 16 ára aldur einmitt vera takmarkið milli barns- og unglingsaldursins. 16 ára gamall má maður ráða sig hjer sjálfur sem hjú, og þannig kjósa sjer heimkynni. Því er framfærsla barns alstaðar í frumvarpi þessu miðuð við 16 ára aldur, en ekki, eins og nefndin gjörir, 15 ára aldur. Að öðru leyti hafa verið gjörðar þær breytingar á frumvarpi nefndarinnar, er hjer skal greina.

Í 5. gr. er sett »kjörforeldri« í stað »manni«, og er það að eins orðabreyting.

Í 6. gr. er í stað orðanna: »á annan hátt sannað, að hann geti verið faðir þess« sett: »löglega ákveðið, að hann skuli álítast faðir þess«. Orðalag nefndarinnar þótti bæði ekki nógu glöggt, og miður heppilegt að hafa orðið »sanna« (væntanlega undirskilið: með dómi) í þessu sambandi.

Í 7. gr. er sett: »barni óskilgetnu« í stað: »lausaleiksbarni«. Að vísu hefur orðið lausaleiksbarn í máli rjettu þá þýðing, sem við á í þessu samandi, en í daglegu tali gjörir málvenjan mun á lausaleik og hór. Ákvæðið á vitanlega að ná yfir hvortveggja, bæði hórbörn og börn manns og konu, er hvorugt er gipt.

Í 8. gr. eru öptustu tvö orðin: »sem arfur« felld burtu sem óþörf.

Í 9. gr. er á tveim stöðum breytt orðaröðinni þannig: í stað: »löglega birt sættargjörð, staðfest af sama yfirvaldi« kemur: »sættargjörð, staðfest af sama yfirvaldi, löglega birt« og í stað: »farinn af landi alfarinn, þegar meðlagið var fallið í gjalddaga, eða dáinn« kemur: »farinn af landi alfarinn eða dáinn, þegar meðlagið var fallið í gjalddaga«. Í fyrra staðnum þótti rjett að láta það sjást glögglega, að það væri staðfest sættargjörð, sem birta átti, því að sættargjörðina sjálfa ætti í rauninni ekki að þurfa að birta, heldur að eins staðfesting (úrskurð) yfirvaldsins. Að vísu er ákvæði þetta orðað svo í gildandi lögum, sem í frv. nefndarinnar. Í síðari staðnum hefur nefndin aptur breytt orðaröðinni frá því, sem er í gildandi lögum, og er það hjer fært í samt lag. Annars kynni breytingin að verða skilin svo, að orðin: »þegar meðlagið var fallið í gjalddaga« ætti ekki við þá, er barnsfaðirinn væri dáinn, heldur að eins, ef hann væri farinn alfarinn af landi burt, en það hefur ekki verið tilgangur nefndarinnar.

Í 15. gr. er á tveim stöðum sett: »sveitarnefndar« í stað: »hreppsnefndar«, svo að ákvæðið nái bæði til bæjarstjórna og hreppsnefnda, en það hefur auðsjáanlega verið tilætlun nefndarinnar. Sama er um samskonar breyting á einum stað í 73. gr.

Í 18. gr. frumvarpsins hefur nefndin lagt það til, að húsbóndi skuli ala hjú sitt sjúkt allt að 6 mánuðum. Stjórnarráðið fellst á það, að rjett sje að setja einhvern ákveðinn tíma, er húsbóndi skuli ala hjú sitt sjúkt í lengsta lagi, en þykir 6 mánuðir allt of langur tími, og telur hæfilegt að setja þann tíma 3 mánuði í mesta lagi. Stjórnarráðið getur og fallizt á það, að ástæða geti verið til þess, að húsbóndi leggi hjúi sínu á sjúkrahúsi í jafnlangan tíma, eins og hann ætti að fæða það sjúkt ókeypis heima, svo mikið sem fæðispeningunum mundi nema, en telur fæðið allt of hátt sett hjá nefndinni. Stjórnarráðið álítur hæfilegt að setja fæðið 50 aura um daginn, enda getur það hjá mjög mikłum fjölda fólks hjer á landi eigi kostað meira, eptir þeim tekjum, er menn hafa.

Í 21. gr. er sett: »dvalarsveitinni« í stað: »sveitarsjóði« og þykir það gleggra.

Í 23. gr. fyrri málsgrein er bætt inn í orðunum: »þannig að hann kemst

eigi með skipinu«. Í frumvarpi nefndarinnar og tilsvarandi grein í farmannalögunum er þetta ákvæði ekki fullgreinilegt, en það er auðsjeð á sambandinu, og einkum ef borið er saman við hinn danska texta farmannalaganna, að þessi málsgrein á við það, þegar maður sýkist eða slasast, áður en skip fer í ferð.

Í frumvarpi nefndarinnar er svo ákveðið, að utanríkismenn, er öðlast rjett innborinna manna, fái framfærslurjett í þeirri sveit, er þeir eru í, þá er þeir fá þennan rjett. Rjettara þykir, vegna sambandsins við Danmörku, að hafa þetta ákvæði alveg í samræmi við dönsku fátækralögin, og er því þessari grein breytt þar eptir.

Í 42. gr. er bætt inn í aðra málsgrein orðunum: »átti síðast lögheimili áður en barnið fæddist«, og verður þá ákvæði fyrstu og annarar málsgreinar um fæðingarsveitina alveg í samræmi við gildandi lög vor. Eptir því sem ákvæðið er orðað hjá nefndinni, er ekki hægt að finna framfærslusveit barns, er fætt er á hreppamótum, eða á skipi hafna ámilli, ef móðir þess á ekkert lögheimili, og framfærsluhreppur hennar verður ekki fundinn.

Í 60. gr. er, eins og er í gildandi lögum, í stað: »í sjóð framfærslusveitar þurfamannsins«, sett: »í sveitarsjóð, þar er brotið er«.

Í 63. gr. er sett: »Enginn maður. . . . . má kvongast« í stað: »Hver maður . . . . . má eigi kvongast«. Það er auðvitað aðeins orðabreyting.

Í fyrri málsgrein 64. gr. er sleppt síðustu tveim orðunum: »af þurfamanninum«. Það virðist óþarft að taka þetta fram, og getur jafnvel villt, því að reyndar er tilætlazt að endurgjaldið til dvalarsveitarinnar komi frá þurfamanninum sjálfum, en, ef framfærslusveitin hefur tekið við endurborgun hjá honum, þegar svo stendur á sem um er rætt í greininni, og þurfamaðurinn annaðhvort getur ekki greitt meira eða ekki næst til hans, þá verður framfærslusveitin að greiða dvalarsveitinni tiltölulegan hluta af því endurgjaldi, sem hin fyrnefnda hefur fengið.

Í 71. gr. er sett: »ákveðið« í stað: »sannað«, því að það þykir ekki viðkunnanlegt, að segja að eitthvað sje sannað með úrskurði.

Í 78. gr. frumvarps síns leggur nefndin til að landssjóður hlaupi undir bagga með sveitarfjelögum, er þau verða að kosta til þurfamanns á sjúkrahúsi meira en 150 kr. sama árið og getur stjórnarráðið fallizt á það, að til þessa geti verið ástæða, einkum ef um fámenn og fátæk sveitarfjelög er að ræða. Samt virðist það ekki ofætlun neinu sveitarfjelagi að borga 200 kr á ári með hverjum þurfamanni á sjúkrahúsi, er samsvarar tæpum 55 aurum á dag, ef ómaginn lægi allt árið, og hefur tillagið frá sveitinni því verið fært upp um 50 kr., úr 150 kr. í 200 kr.

Af sömu ástæðum er tillag það, er um ræðir í 79. gr., fært upp úr 100 kr. í 150 kr.

Það er lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1907, og er þá byggt á því, að þau verði samþykkt á þinginu 1905, því að það liggur í augum uppi, að, hvenær sem ný fátækralög verða samin, þá þurfa sveitarstjórnir og aðrir, er þau eiga að hafa um hönd, nokkurn tíma til að kynna sjer þau, áður en þau koma í gildi.

Frumvarp til laga

um

skýrslur um alidýrasjúkdóma.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Landsstjórninni ber að annast um, að teknar sjeu árlega skýrslur um hina helztu alidýrasjúkdóma hjer á landi, og skipar hún fyrir um, hver stjórnarvöld skuli vinna að skýrslum þessum.

2. gr.

Stjórnarráðið semur reglugjörð um fyrirkomulag skýrslnanna og samning þeirra, og annast um, að út sjeu gefin á kostnað landssjóðs eyðublöð undir þær.

3. gr.

Þeir, sem alidýr eiga eða hafa undir hendi, skulu, svo sem þeir framast vita, skýra stjórnarvaldi því, er skýrslnanna krefur, frá þeim sjúkdómum, sem komið hafa á skýrsluárinu í alidýr þeirra og gefa þar að lútandi upplýsingar, allt eptir því sem fyrir er mælt í reglugjörð þeirri, sem um getur í 2. gr.

4. gr.

Tregðist nokkur við að láta þær upplýsingar í tje, sem lög þessi bjóða og mælt verður fyrir um í reglugjörð, má þröngva honum til þess með dagsektum 1—5 kr. á dag.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórnarráðinu hefur frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 2. marz f. á. borizt frumvarp til laga um skýrslur um alidýrasjúkdóma. Frumvarpið fer í sömu átt og lög um hagfræðisskýrslur frá 8. nóv. 1895, og lög um viðauka við lög þessi frá 3. okt. 1903, að auka hagfræðislega þekking hjer á landi. Nú sem stendur vita menn ekkert með vissu um það, hverjir alidýrasjúkdómar gjöra mest tjón, hverjir sjúkdómar eru algengastir í hinum einstöku landsfjórðungum o. s. frv.; en þekking á þeim atriðum og öðrum viðvíkjandi sjúkdómum þessum, er nauðsynleg til þess að ráðstafanir gegn þeim verði gjörðar þannig, að sem mest gagn verði að. Að vísu má búast við því, að skýrslur frá mörgum verði eigi svo áreiðanlegar, sem æskilegt væri, en bæði er það að slíkar skýrslur, sem hjer er um að ræða, verða naumast fengnar á annan hátt en frá eigendum fjenaðarins, og allir hinir helztu sjúkdómar eru þó almenningi kunnir; gætu menn og haft nokkurn stuðning af leiðbeiningum, er prentaðar væru á skýrslueyðublöðin. Það virðist rjettast, að öll nánari ákvæði viðvíkjandi því, um hverja sjúkdóma skuli heimta skýrslur, hvenær skýrslur skuli gefnar, o. s. frv., sjeu látin bíða reglugjörðar, sem ræðir um í 2. gr. og má gjöra ráð fyrir, að stjórnarráðið leiti álits dýralæknis um hana.

Með því að frumvarp þetta er í öllu verulegu samhljóða frumvarpi nefndarinnar, skírskotast að öðru leyti til athugasemda nefndarinnar við frumvarp hennar.

Frumvarp til laga

um

innköllun seðla landsbankans og útgáfu nýrra seðla.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að innkalla seðla þá, sem gefnir hafa verið út fyrir landsbankann samkvæmt lögum 18. sept. 1885 og konungsúrskurði 20. maí 1886, sbr. stjórnarráðsauglýsing 25. s. m., og nú ganga manna á meðal, gegn nýjum seðlum, er út verða gefnir, með árs fyrirvara, þannig að gömlu seðlarnir upp frá því verði ógildir, svo að engin krafa verði á þeim byggð. Auglýsing um innköllunina skal birt í Stjórnartíðindunum og í blaði því á Íslandi, sem flytur opinberar auglýsingar, svo og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn, og auk þess lesin upp á kirkjufundum í sveitum á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilsk. 8. okt. 1824, 1. gr.

2. gr.

Kostnað við innköllun seðlanna og tilbúning hinna nýju seðla, sem koma eiga í stað hinna, ber að greiða af tekjum landsbankans.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Seðlar landsbankans hafa lengi þótt fremur óhentugir að gerð. Í brjefi 15. maí 1900 fór stjórn landsbankans þess á leit, að 5-króna og 10-króna seðlarnir væri innkallaðir og gefnir væri út nýir seðlar í þeirra stað. Ástæðurnar fyrir beiðni þessari voru þær, *að* seðlar þessir væri of stórir, og færi því illa í meðferðinni, *að* pappírinn í þeim væru óvandaður, og *að* mótið á þeim væri fremur ósmekklegt. Beiðni bankastjórnarinnar var þó eigi til greina tekin, sjerstaklega vegna þess, að ekki þótti hlýða að kosta til nýrrar seðlagjörðar fyrir landsbankann, meðan verið var að ræða um nýja skipun á bankamálum landsins og ekki mátti á milli sjá, hvernig fara mundi um tillögur um að leggja landsbankann niður. Haustið 1903 sneri bankastjórnin sjer aptur til stjórnarinnar með þessa málaleitan, en þá þótti rjettara, að leitað væri fjárveitingarvaldsins um þann kostnað, er af því mundi stafa fyrir landssjóð samkvæmt 3. gr. bankalaganna frá 18. sept. 1885. Á síðastliðnu sumri hefur bankastjórnin enn snúið sjer til stjórnarráðsins um þetta mál, og leggur áherzlu á, að ástæður þær, sem að framan eru greindar, hafi fengið enn meiri þýðingu, eptir að Íslandsbanki sje farinn að gefa út seðla, hentugri að stærð og lögun, og yfirleitt vandaðri að gerð, en seðlar landsbankans, og býst bankastjórnin við, að seðlar landsbankans verði því síður útgengilegir meðal almennings eptir en áður. Bankastjórnin endurnýjar því beiðni sína um, að 5-króna og 10-króna seðlarnir verði innkallaðir í skiptum fyrir nýja seðla, og býðst til að leggja fram af bankans fje kostnaðinn til bráðabirgða, þangað til veiting fengist fyrir honum á fjárlögunum.

Stjórnarráðið er bankastjórninni samdóma um, að full þörf sje á því, að landsbankinn skipti um seðla, en álítur rjettast, að hinir nýju seðlar verði allir sem næst í sama stíl, að þessvegna sje rjettast að einskorða ekki innköllunarheimildina við 5 kr. og 10 kr. seðlana, heldur láta það vera heimilt að innkalla einnig 50 kr. seðlana, þó að það væri eigi gjört nú þegar. Að vísu mætti innkalla seðlana með konunglegri auglýsing án sjerstakrar lagaheimildar, en með því að lagafrumvarp þurfti hvort sem var, til þess að koma fram breytingum þeim á kostnaði við seðlagjörðina, sem hjer er farið fram á, þótt rjett að leita einnig heimildar til innköllunar seðlanna, sjerstaklega með tilliti til innköllunarfrestsins og afleiðinganna af innkölluninni og jafnframt fela stjórnarráðinu að gefa auglýsinguna út. Þó að farið sje fram á, að seðlarnir skuli vera ógildir, ef þeir komi eigi fram innan innköllunarfrests, eins og ákveðið er við innköllun á seðlum þjóðbankans í Danmörku, er þó búist við, að allri lipurð yrði beitt í því efni, og seðlarnir innleystir þrátt fyrir það, að minnsta kosti fyrst í stað, eptir að fresturinn væri liðinn, nema sjerstakar ástæður væru fyrir hendi.

Með því að kostnaðurinn við að búa til nýja vandaða seðla, sem búast má við að verði talsvert mikill, ef til vill allt að 10 þúsund krónum, virðist eiga mjög skylt við annan kostnað við bankahaldið, en varasjóður bankans hins vegar orðinn svo öflugur, að ekkert varhugavert virðist vera í því, að hann greiði sjálfur kostnað þennan, er hjer farið fram á þá breytingu á 3. gr. laga 18. sept. 1885 um stofnun landsbankans, og 2. gr. laga 12. jan. 1900 um breyting á þeim lögum, að kostnaður við útgáfu og endurnýjun hinna nýju seðla greiðist af tekjum bankans.

Frumvarp til laga

um

heimild fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út nýjan flokk (seriu) bankavaxtabrjefa.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Veðdeild landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabrjef allt að 2 miljónum króna til viðbótar bankavaxtabrjefaupphæð þeirri, sem hún nú má gefa út samkvæmt lögum 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík og viðaukalögum við þau 25. september 1902.

2. gr.

Um bankavaxtabrjef þau, sem gefin verða út samkvæmt þessum lögum og kölluð verða 2. flokkur (seria) vaxtabrjefanna, gilda allar hinar sömu reglur og settar eru með áminnstum lögum 12. jan. 1900, sbr. tilvitnuð lög 25. sept. 1902, að svo miklu leyti eigi eru settar aðrar reglur með eptirfarandi greinum þessara laga.

3. gr.

Landsbankinn leggur til tryggingarfje fyrir 2. flokki bankavaxtabrjefanna, og skal það aldrei nema minni upphæð en $^1/_6$ af verðhæð útgefinna bankavaxtabrjefa þeirra, er óinnleyst eru á hverjum tíma. Tryggingarfjeð skal vera í ríkisskuldabrjefum og skal upphæð tryggingarfjárins miðast við gangverð nefndra verðbrjefa. — Landsstjórnin varðveitir tryggingarfjeð, en vextir af því renna í landsbankann.

4. gr.

Ráðherra Íslands og stjórn landsbankans undirskrifa bankavaxtabrjefin.

5. gr.

Þegar veðdeildin tekur jarðir að veði, skal virða jarðarhúsin með eigninni, og gjörist þess eigi þörf að þau sjeu vátryggð. Öll önnur hús skal virða sjerstaklega og vátryggja, ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni, sbr. 7. gr. í nefndum lögum 12. janúar 1900.

6. gr.

Þegar bankastjórnin eptir kröfu lánþega og samkvæmt 9. gr. nefndra laga 12. jan. 1900 á að annast um að koma bankavaxtabrjefum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, er henni heimilt að selja þau svo sem þau ganga bezt eða taka þau eptir gangverði.

7. gr.

Þá er bankastjórn heimilt að telja veðdeildarlán eða eptirstöðvar þess komnar í gjalddaga án uppsagnar, ef skuldunautur vanrækir að halda húseignum viðunanlega vátryggðum, sem áskilið er að vátryggðar sjeu, sbr. 10. gr. og 7. gr. nefndra laga 12. jan. 1900.

8. gr.

Samkvæmt 11. gr. nýnefndra laga skulu skuldunautar veðdeildarinnar greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs skal vera $^1/_2$ af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, og afborgunargjaldið má eigi vera minna en svo, að láninu sje lokið á 50 árum, sje veðið jarðeign, á 35 árum, sje veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sje veðið timburhús og á 15 árum, sje veðið torfhús.

9. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eptir almennum lögum.

10. gr.

Sjerstakan reikning skal halda fyrir 2. flokk bankavaxtabrjefanna, og skal þeim til tryggingar vera sjerstakur varasjóður, er í hann renna tekjur veðdeildarinnar eptir þessum lögum. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars kostnaðar, er af þessu leiðir, má greiða allt að því 2500 kr.

11. gr.

Ákvæði þessara laga snerta að engu leyti bankavaxtabrjef þau, sem gefin eru út samkvæmt framannefndum lögum 12. jan. 1900 og 25. sept. 1902.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1906.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Stjórnarráðið leitaði í vetur álits stjórnar landsbankans um það, hvort og á hvern hátt væri tiltækilegt að gefa kost á lánum úr veðdeild bankans, sem væru ódýrari fyrir lántakendur, en lán úr henni eru samkvæmt gildandi lögum. Í áliti sínu, sem alþingi mun gefinn kostur á að kynna sjer, hefur bankastjórnin getið þess, að veðdeildin hafi nú þegar gefið út um 2,200,000 kr. í bankavaxtabrjefum, og það megi því búast við því, að útgáfuheimild hennar á bankavaxtabrjefum, samkvæmt hinum núgildandi lögum, muni þrjóta áður en ár er liðið, og það því þegar af þeirri ástæðu sje þörf á nýjum lögum, er auki heimild veðdeildarinnar til útlána. Bankastjórnin telur hins vegar, að heppilegast muni, að koma aukning veðdeildarinnar þannig fyrir, að heimild sje veitt til að gefa út nýjan sjálfstæðan flokk bankavaxtabrjefa, og að því er hann snertir gjöra lántakendum svo góða kosti, sem framast þyki ráðlegt, en annars láta um þann flokk bankavaxtabrjefanna aðallega gilda hinar sömu reglur, og nú eru settar í veðdeildarlögunum frá 12. janúar 1900, og hefur bankastjórnin sent með álitsskjali sínu uppkast að lagafrumvarpi í þá átt.

Stjórnarráðið hefur getað fallizt á tillögur bankastjórnarinnar í þessu efni, og er lagafrumvarp þetta tekið eptir nefndu frumvarpsuppkasti hennar, og skal þess getið hjer á eptir í athugasemdunum um hinar einstöku greinar frumvarps þessa, hvar vikið hefir verið frá frumvarpi bankastjórnarinnar svo máli skipti.

Um 1. gr.

Upphæð sú, sem hjer er tiltekin, er talið að muni nægja um nokkurt árabil til að fullnægja lánsþörfinni.

Um 2. gr.

Eins og á undan getur er ætlast til þess, að öll ákvæði veðdeildarlaganna frá 12. jan. 1900 og 25. sept. 1902 gildi um hinn nýja flokk bankavaxtabrjefanna, svo framarlega sem aðrar reglur eru ekki settar um þau í lögum þessum. Bankavaxtabrjefin er ætlast til, að auðkennd verði með orðunum: *2. flokkur,* áprentuðum.

Um 3. gr.

Samkvæmt 2. gr. laga 12. jan. 1900 var tryggingarfjeð lagt fram allt í einu, en samkvæmt viðaukalögunum við þau 25. sept. 1902 má auka hið þar

nefnda tryggingarfje smátt og smátt, þannig að upphæð hinna útgefnu bankavaxtabrjefa fari aldrei fram úr sexfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðs til samans. Hjer er ætlast til þess, að tryggingarfjeð sje einnig aukið smátt og smátt þannig, að það ávallt sje að minnsta kosti $^1/_6$ af upphæð hinna útgefnu og óinnleystu vaxtabrjefa 2. flokksins. Í tillögum sínum hefur bankastjórnin farið fram á, að tryggingarfjeð megi einnig vera í bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar, útgefnum samkvæmt lögunum frá 12. jan. 1900 og 25. sept. 1902. Að vísu eru veðdeildarbrjef þessi að því leyti sjálfstæð, að fyrir þeim er sjerstök trygging, en stjórnarráðið telur þó óráðlegt og telur það geta valdið lægra verði á 2. flokki bankavaxtabrjefanna, einkum erlendis, að hafa brjef veðdeildarinnar sjálfrar að tryggingarfje fyrir bankavaxtabrjefum hennar, þótt annar flokkur sje, og verður stjórnarráðið því að halda fram, að tryggingarfjeð sje látið vera í verðbrjefum, sem eru alveg óháð veðdeildinni; stjórn þjóðbankans danska hefur á sínum tíma einnig lagt mikla áherzlu á þetta, sbr. Alþ.tíð. 1902, C. bls. 34. Tryggingarfjeð, sem sett hefir verið fyrir veðdeildarbrjefunum samkvæmt nýnefndum lögum, hefur verið miðað við kauphallarverð ríkisskuldabrjefanna; hjer er þetta einungis tekið fram með berum orðum um tryggingarfjeð fyrir 2. flokki, að það skuli miðað við gangverð verðbrjefanna.

Um 4. gr.

Þessi breyting á 6. gr. veðdeildarlaganna frá 1900 leiðir af breyting þeirri, sem orðið hefur á hinni æðstu umboðsstjórn Íslands.

Um 5. gr.

Bankastjórnin hefur tekið það fram, að ekkert ákvæði veðdeildarlaganna hafi valdið jafnmikilli óánægju og það ákvæði 7. gr. þeirra, að jarðarhús öll skuli virða sjerstaklega, þegar veðið er jarðeign, og að húsin skuli vátryggð, ef þau eigi að koma til greina, þegar ákveðin er lánsupphæðin; annars skuli að eins lána eptir virðingu jarðarinnar húsalausrar, en þannig hafi niðurlag 7. gr. verið skilið af bankastjórninni undanfarið. Þetta ákvæði telur bankastjórnin eigi heldur hafa reynzt heppilegt í framkvæmdinni, því það hafi vafalaust leitt til hærri virðinga á jörðunum, en ella hefði verið og hæfilegt er, og eptir reynslu sinni telur hún, að þetta ákvæði 7. gr. geti eigi nokkru sinni verið gagnlegt; hún hefur því farið fram á, að um 2. flokk bankavaxtabrjefanna verði því breytt eins og gjört er í þessari grein frumvarpsins. Þar eð bankastjórnin leggur svo mikla áherzlu á þetta atriði og ber fyrir sig reynzlu sína, virðist mega fara að tillögum hennar í þessu efni.

Um 6. gr,

Hjer er ekki farið fram á neina breyting á því, sem ákveðið er í 9. gr. veðdeildarlaganna, heldur er að eins tekið skýrara fram, að bankastjórninni sje heimilt að selja brjefin eins og þau bezt ganga, eða taka þau eptir gangverði, þegar lánþegar krefjast þess. Bankastjórnin hefur óskað, að þetta sje tekið fram með berum orðum, með því að hún þykist hafa orðið þess vör, að almenningur leggi rangan skilning í þetta ákvæði veðdeildarlaganna.

Um 7. gr.

Með tilliti til þess, hvernig 5. gr. þessa frumvarps er orðuð, virðist verða að víkja við orðunum í 10 gr. veðdeildarlaganna: »er að veði eru og talin eru með í matinu (sbr. 7. gr.)« og með það fyrir augum er þessi grein frumvarpsins samin. Hver hús skal vátryggja, fer eptir því, hvað áskilið er í því efni, en eigi eptir hinu, hver hús eru talin með í matinu.

Um 8. gr.

Með breytingum þeim, sem hjer eru gjörðar frá ákvæðum veðdeildarlaganna, er leitast við að gjöra lánskjörin svo aðgengileg fyrir lántakendur sem hægt er, án þess að tryggingin fyrir bankavaxtabrjefum þessa flokks rýrist um of. Í fyrsta lagi er tillagið til að borga kostnað við deildina ákveðið hjer $^1/_2$ af hundraði á ári af lánsupphæðinni eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, í stað þess, að gjald þetta samkvæmt 11. gr. veðdeildarlaganna skal greiðast á ári hverju af hinni upprunalegu upphæð lánsins, þangað til lánið er að fullu borgað. Í öðru lagi er lánsfresturinn eigi alllítið lengdur, þar sem jarðeignarveðslánstíminn er færður úr 40 upp í 50 ár, og að því er húseignarveð snertir, er lánsfresturinn, þegar veðið er steinhús og steinsteypuhús, lengdur um 10 ár, og svo er leyft að lána út á torfhús til 15 ára, en það virðist áhættulaust að lána til svo langs tíma út á torfhús á þeim stöðum, er þau endast allt að 40 árum ef vel eru vönduð og vel við haldið.

Um 9. gr.

Bankastjórnin hefur farið fram á, að heimiluð væri innköllun á glötuðum bankavaxtabrjefum, sem nafnskráð eru í bókum veðdeildarinnar, þar sem þetta væri áhættulaust, en til mikils ljettis fyrir eigendur brjefanna í samanburði við það, að nú þarf til þess ónýtingardóm samkvæmt 14. gr. veðdeildarlaganna 12. jan. 1900. Þessi tillaga er hjer tekin til greina, en innköllunarfresturinn lengdur úr 6 upp í 12 mánuði.

Um 10. gr.

Með því að svo er tilætlast, að 2. flokkur bankavaxtabrjefanna verði alveg sjálfstæður, verður að hafa alveg sjálfstætt reikningshald fyrir hann; bankastjórnin áætlar, að eigi megi setja minni upphæð en 2,500 kr. á ári til þess að standast hinn árlega kostnað er af því leiði. og mun það ekki vera fjarri sanni. Samkvæmt 19. gr. veðdeildarlaganna frá 12. jan. 1900 greiðir landsbankinn kostnaðinn við að koma lögum þessum í framkvæmd, svo sem prentun eyðublaða undir bankavaxtabrjefin.

Um 11. gr.

Það er tekið hjer fram með berum orðum, að frumvarp þetta, ef það verður að lögum, snerti að engu leyti bankavaxtabrjef þau, sem út eru gefin samkvæmt veðdeildarlögunum frá 1900 og 1902. Það getur ekki komið til mála að skerða að neinu leyti trygging þá, sem er fyrir bankavaxtabrjef-

um þeim, sem út eru gefin. Ef tryggingin fyrir þeim þætti óþarflega há, eða rjettindi þau, er þau gefa of þungbær, verður því að rjettu lagi ekki breytt á annan hátt, en með því að kalla þau inn og útleysa þau og gefa svo út ný í stað þeirra.

Um. 12. gr.

Viðvíkjandi því tímatakmarki, sem hjer er sett, skal þess getið, að bankastjórnin telur líklegt, að hin núverandi veðdeild geti haldið áfram lánveitingum sínum til þessa tíma.

Frumvarp til laga

um

forkaupsrjett leiguliða o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Þegar jarðeign, sem er í bygging, gengur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafnmikið verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann öðrum fremur hafa rjett til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sjeu honum eigi gjörð erfiðari borgunarkjör, eða aðrir skilmálar en í raun og veru standa til boða frá öðrum.

Nú hefur ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega byggt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrjetti það sem eptir er af ábúðartíð hans, meðan jörð er óbyggð; en frá þeim tíma á sá forkaupsrjettinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár, og hefur fengið bygging fyrir henni.

2. gr.

Nú eru afrjettarlönd eða óbyggð lönd seld útaf fyrir sig, og á þá sveitarfjelag það, eða sveitarfjelög þau, sem land það liggur í, forkaupsrjettinn.

3. gr.

Nú eru ítök, skógar, veiðiár, fossar eða önnur jarðgögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, seld eða leigð útaf fyrir sig, og á þá sá forgangsrjett til kaups eða leigu, er land á undir.

4. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsrjettar samkvæmt lögum þessum, skal segja

til þess innan hálfs mánaðar frá því er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja; sama er og um leigurjett samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Sje eigi gætt fyrirmælanna í 1.—3. gr., getur sá, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafizt þess, að gjörningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu framhaldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

6. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numið konungsbrjef 22. des. 1797 um forkaupsrjett leiguliða og tilsk. 18. júní 1723 að því er Ísland snertir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Milliþinganefnd sú, sem skipuð var samkvæmt allrahæstum úrskurði 2. marz 1904 til þess að athuga landbúnaðarmál landsins, hefur sent stjórnarráðinu frumvarp til laga um forkaupsrjett á jarðeignum einstakra manna, er stendur í nánu sambandi við þjóðjarðasölufrumvarp nefndarinnar og er aðaltilgangur frumvarpsins, að veita öllum leiguliðum sama forkaupsrjett að býlum sínum eins og leiguliðum þeim, sem lífstíðarábúð hafa á jörð, nú ber eptir konungsbrjefi 22. desbr. 1797, til þess að styðja að sjálfseign bænda eður sjálfsábúð. En jafnframt vill nefndin tryggja hlutaðeigandi jarðeigendum forkaupsrjett að ítökum, skógum, fossum og öðrum gæðum, er skilin eru eða skilin verða frá jörðum, og veita hreppunum forgangsrjett til þess að eignast jarðir, fyrst og fremst afrjetti og óbyggð lönd, en þar næst einnig bújarðir, ítök og önnur jarðgæði, ef sá, er forkaupsrjett hefur fyrst, afsalar sjer honum.

Stjórnarráðið er samdóma nefndinni um aðalefni frumvarpsins, almennan forkaupsrjett leiguliða að ábýlum sínum og telur einnig heppilegt, að þeir, sem jörð eiga undir, sitji fyrir kaupum á ítökum, er á jörð þeirra hvila, svo framarlega sem þau eru seld sjerstaklega, einnig hitt, að sá, sem land á undir sitji fyrir kaupi og leigu á skógum, fossum, veiðiám o. s. frv., er þessi jarðgæði eru fráskilin jörðu. Hitt virðist aptur á móti of langt gengið, að lögbjóða að afrjettir og ítök, sem nú fylgja jörðum, skuli undanskilin kaupum og slitin frá jörðum þeim, er þau hafa fylgt að undanförnu, ef jarðir þessar eru seldar. En svo mundi verða eptir 1. og 3. gr. frumvarps nefndarinnar; eptir þeim greinum færi svo, ef seld er jörð, sem ítök á og afrjetti, þá ætti leiguliði rjett á að fá jörðina sjálfa, hreppurinn afrjettarlönd jarðarinnar, og eigandi jarða þeirra, sem hin selda eign hefur átt — ef til vill bráðnauðsynleg — ítök í, ætti rjett á að kaupa ítökin, svo seljandi hefði eigi nema eitt af tvennu um

velja, að verða af sölu á jörðinni, eða skipta henni og gæðum hennar þannig sundur í þrennt; en það gæti auðveldlega gjört hana miklu verðminni en ella.

Eigi fær stjórnarráðið heldur sjeð, að nein ástæða sje til þess að stuðla sjerstaklega að því, að hrepparnir eignist ábýli manna, sem í hreppnum búa. Það virðist engin ástæða til að ætla, að sveitarstjórnir almennt yrðu betri landsdrottnar, hvorki að því er snertir kjör leiguliða nje meðferð jarða og jarðarhúsa, heldur en einstakir menn, sem vegna eigin hagsmuna verða að gæta þess, að jörðin sje sem bezt setin, enda virðist hætt við, að kaup sveitarfjelaga á jarðeignum yrði fremur til þess að tefja fyrir og hindra almenna sjálfsábúð í landinu, og þar með spilla fyrir ræktunarframtaki einstakra manna, heldur en stuðla að slíku.

Í þessu frumvarpi er því sleppt forkaupsrjetti hreppsfjelaga, og að öðru leyti nokkrar breytingar gjörðar frá frumvarpi nefndarinnar. Viðvíkjandi aðaltilgangi frumvarpsins er nægilegt að vísa til athugasemda nefndarinnar, en að því er snertir einstök atriði, er frumvarp þetta víkur frá frumvarpi nefndarinnar og eigi eru þegar nefnd, skal það tekið fram, er nú skal greina:

Við 1. gr.

Eins og í frumvarpi nefndarinnar, er forkaupsrjettur leiguliða bundinn við það, er jarðeignir ganga kaupum og sölum (privat), og ná ákvæði frumvarpsins því ekki til þess, er fasteignarveð er selt á nauðungaruppboði, eða skiptarjetturinn selur jarðeignir búa eptir fyrirmælum gildandi laga. Ennfremur er hjer haldið sama skilyrði, sem sett er fyrir forkaupsrjetti lífstíðar-leiguliða í tilsk. 18. júní 1723, sem sje að hann vilji framhalda ábúð á jörðunni; ella næst ekki tilgangur laganna. Að vísu er ekki auðið að girða fyrir það, að sá leiguliði, er neytir forkaupsrjettar að býli sínu, selji það aptur og flytji þaðan; en það er engin ástæða til þess að lögtryggja honum kauprjett í því skyni; hann verður að geta byggt kaupbeiðni sína á þeim yfirlýsta vilja, að halda áfram að búa á jörðinni, meðan kringumstæður leyfa. Það þykir ekki ástæða til að útiloka ábúanda frá forkaupsrjetti, þótt hann hafi sagt jörð lausri frá næstu fardögum, ef jörð er seld meðan ábúðartími hans er ekki út runninn og enginn annar hefur fengið ábúðarrjett á jörðunni, því að vel má vera, að ástæðan fyrir uppsögninni hafi einmitt verið sú, að hann hafi eigi viljað búa sem leiguliði lengur, en jörðin ekki föl fyrr. Eins þykir varhugavert, að undanskilja þann leiguliða forkaupsrjetti, er löglega hefur verið sagt upp ábúð, því að þá væri opnuð greið leið til þess að fara í kringum fyrirmæli þessara laga í mjög mörgum tilfellum. Yfir höfuð þykir rjettast, að jafnan sje einhver, sem forkaupsrjett eigi að jörð hverri með því skilyrði, að búa sjálfur á henni. Væri nú forkaupsrjetti leiguliða lokið, ef hann hefur fyrirgjört abúðarrjetti eða verið löglega sagt upp ábúð, eins og nefndin leggur til, þá gæti jarðeigandi selt jörðina hverjum sem hann vildi án ábúðarskilyrðis, því að þá væri enginn, sem forkaupsrjett hefði frá því, er fyrra ábúanda væri sagt upp, þangað til jörðin væri aptur byggð. Hjer er því lagt til, að hver ábúandi haldi forkaupsrjetti það, sem eptir er af ábúðartíð hans, meðan jörð er óbyggð; en frá þeim tíma eigi sá rjettinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár og hefur fengið byggingu fyrir henni.

Loks er ákveðið, að eigi megi gjöra ábúanda kaupin óaðgengilegri á neinn hátt, en þau kjör eru, sem í raun og veru standa til boða frá öðrum.

Við 2. og 3. gr.

er ekkert sjerstaklegt að athuga.

Við 4. gr.

Það þykir allt of mikið hapt á umráðarjetti jarðeiganda yfir eign sinni. að hann þurfi að bíða 3 mánuði eptir því, hvort forkaupsrjettur verði notaður eða ekki, og gæti þetta í mörgum tilfellum orðið honum til mikils tjóns. Hjer er því lagt til, að sá, sem neyta vill forkaupsrjettar, skuli segja til innan 14 daga frá því, er honum voru boðin kaupin, og virðist það nægilegt fyrir leiguliða, sem alloptast hlýtur að vita þegar, hvort hann vill eða getur sinnt boðinu; því að ætla má, að peningastofnanir sjeu nú komnar í það horf, að jafnan muni lán fáanlegt, ef tryggging er til.

Við 5. gr.

Hjer eru settar reglur um afleiðingarnar af því, er forkaupsrjettur er fyrir borð borinn, nokkru nákvæmar en í frumvarpi nefndarinnar. Reglur um þetta vantar í tilsk. 18. júní 1723, og reglur þær, er nefndin stíngur upp á virðast sumpart of ótilteknar, sumpart allt of strangar. Sömuleiðis vantar í frumvarp nefndarinnar ákvæði um, hver skuli sækja mál til ógildingar gjörningum og til sekta fyrir brot, og hvað skuli vinnast fyrir leiguliða við það að fá gjörninginn gjörðan ógildan. Loks vantar tímatakmark; því að það er bersýnilegt, að fyrning og hún stutt, verður að vera á brotum þessum, ef viðskiptalífinu á ekki að vera þröngvað um of, nje rjettarvissunni teflt í tvísýnu, Það er sjálfsagt, að mál útaf þessu eru rjett rekin við varnarþing fasteignarinnar samkvæmt N. L. 1—2—15., og að skaðabætur þær, sem um ræðir í greininni, verða að vera ákveðnar eptir dómi, ef ekki næst samkomulag.

Frumvarp til laga

um

stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Af andvirði embættisjarðanna Arnarhóls, að meðtöldu verði hinnar svonefndu Klapparlóðar, sem seld er samkvæmt lögum nr. 38, 6. nóv. 1902, og Örfiriseyjar skal stofna sjóð, er nefnist byggingarsjóður Íslands. Sjóði þessum skal varið til opinberra bygginga eptir því, sem nánar er tiltekið í lögum þessum, og síðar verður ákveðið með lögum.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja Reykjavíkurkaupstað Örfirisey fyrir 6000 krónur. Ennfremur veitist honum heimild til að selja Arnarhólslóðina alla, að undanskildum bletti þeim, sem nú fylgir stjórnarráðshúsinu, og spildu milli Hverfisgötu og væntanlegs framhalds af Lindargötu, sem ætluð er fyrir opinberar byggingar. Arnarhólslóðina má selja þeim, er kaups beiðast, í stærri eða minni pörtum, til byggingarlóða og annara afnota, fyrir það verð, er nemi 3 kr. fyrir ferhyrningsalin hverja að minnsta kosti, en þó eigi lægra en tveir dómkvaddir menn meta í hvert skipti, er kaupa er beiðzt.

3. gr.

Til byggingarsjóðs greiðir landsbanki Íslands 7500 krónur á ári, um leið og hann greiðir landssjóði hundraðsgjald það af seðlaskuld sinni, sem ákveðið er í lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 og lögum frá 12. jan. 1900 um breyting á þeim lögum.

4. gr.

Byggingarsjóðurinn stendur beint undir landsstjórninni. Gjaldkeri landssjóðs er gjaldkeri sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum alþingis.

5. gr.

Veita má byggingarsjóði lán úr viðlagasjóði eptir því, sem í hvert skipti þarf, til þess að koma upp byggingum þeim, sem lagaheimild er til að byggingarsjóður kosti. Lánin skulu ávöxtuð með $2^1/_2$ af hundraði á ári, og endurborguð jafnóðum og sjóðnum greiðist andvirði jarðar þeirrar eða lóða, sem um ræðir í 2. gr.

6. gr.

Stjórnarráðinu veitist heimild til að láta reisa nú þegar byggingar þær, er nú skal greina.

1. Bókasafnsbygging úr steini. Hún skal vera þannig byggð, að auka megi við hana síðar eptir þörfum; en í bráð skal hún rúma landsbókasafnið og landsskjalasafnið eins og þau nú eru ásamt viðauka þeim, er ætla má, að þau fái næstu 50—60 ár. Skal haga svo til, að fyrst um sinn geti orðið geymd þar einnig hin önnur söfn landsins, eptir því sem rúm leyfir. Til byggingar þessarar má verja allt að 160 þúsund krónum.
2. Ráðherrabústað úr steini eða steinsteypu. Til byggingar húss þessa og til útbúnaðar risnuherberja þar má verja allt að 100,000 krónum.

Stjórnarráðið samþykkir uppdrætti, er fylgja skal við byggingar þessar og gjörir alla samninga, er að byggingunni lúta. Samningar skulu lagðir fyrir næsta alþingi til athugunar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hjá því verður ekki komizt að vinda bráðan bug að því, að koma upp byggingu fyrir bókasafn landsins. Landsbókasafnið kemst eigi lengur fyrir í alþingishúsinu, og má svo að orði kveða, að naumast sje einusinni auðið að koma fyrir neinstaðar í húsum landsjóðs kössum þeim, sem nýkomnar bækur safnsins verða að geymast í óuppteknar, hvað þá koma bókunum svo fyrir, að þær geti að notum komið. Hinum öðrum söfnum er líkt farið. Forngripasafnið verður rúmþrota innan skamms. Landskjalasafnið er í þrengslum og í svo óhentugum híbýlum, að ekki er við sæmandi. Málverk þau, er landinu voru gefin í þeim tilgangi að mynda vísi til málverkasafns, fara illa í vetrarrakanum í alþingishúsinu, og það, sem safninu bætist, nú síðast af gjöf próf. W Fiskes, á sjer engan vísan stað. Hið eina stóra myndhöggvaraverk, sem landið hefur eignazt (gjöf konsúls D. Thomsens) er húsvilt, og eyðileggur sem stendur húsrýmið í forsal alþingishússins; en væri byggt hús fyrir landsbókasafnið og landsskjalasafnið, sem ætlað væri svo við vöxt, að ekki þyrfti við það að bæta fyrstu 50—60 árin, mætti væntanlega koma hinum öðrum söfnum fyrir til bráðabirgða í þeim hluta byggingarinnar, sem landsbókasafnið þyrfti ekki á að halda í bráðina.

Það er og mjög óhentugt, að eigi eru til nein húsakynni, þar sem göfugum útlendum gestum gæti orðið viðtaka veitt, ef á þyrfti að halda, því að úr þessu má búast við, að hingað kunni að koma þeir höfðingjar frá öðrum löndum, að eigi sje minnkunarlaust landinu að bjóða í þau húsakynni, sem

nú væri völ á. Það getur einnig komið í bága, að hafa engin vís híbýli fyrir æðsta valdsmann landsins, því að ómögulegt gæti verið fyrir hann, eins og nú er ástatt hjer, að fá í svipinn sæmilegt húsnæði, ef fljótlega þyrfti til að taka. Það virðist því naumast verða hjá því komizt að byggja sem fyrst hæfilegan ráðherrabústað með nægilegum risnuherbergjum, er að eins væru notuð við móttöku gesta.

Auk þessara bygginga má gjöra ráð fyrir, að fleiri muni nauðsynlegar þykja áður mjög langt um líður, og skal hjer að eins nefna landsspítala og bygging fyrir söfn landsins önnur en landsbókasafnið, er það vex svo, að það þarf sjálft að nota húsrúm það, sem til bráðabirgða verður tekið til hinna safnanna í hinni nýju byggingu, sem fram á er farið í frumvarpi þessu. Kostnaður við slíka bygging mundi ætíð verða mjög mikil íþyngíng fyrir fjárlögin og draga úr öðrum framkvæmdum, ef tillit þyrfti að taka til slíkra útgjalda í hvert skipti, þannig að ætla þyrfti tilsvarandi tekjur á móti í fjárhagsáætluninni fyrir það fjárhagstímabil, er slíka bygging ætti að reisa. Það virðist því mjög heppilegt, ef hægt væri, að ætla sjerstakt fje í þessu skyni, fráskilið hinni almennu fjárhagsáætlun landsins, og til þess að koma því fram, virðist beinast að stofna sjerstakan sjóð með sjerstökum tekjum, sem auðvitað má styrkja með sjerstökum framlögum af árlegu veltufje landsins, er ástæða virðist til, en sem að öðru leyti hefur starfsvið sitt og reikningshald út af fyrir sig.

Það vill nú svo vel til, að við stjórnarbreytinguna hefur losnað um tvær embættisjarðir, sem hingað til hafa verið lagðar til afnota landshöfðingja og landfógeta, og ekki gefið af sjer neinar tekjur fyrir hið opinbera, nfl. Arnarhól og Örfirisey. Þessar jarðir má nú selja, og virðist mjög vel við eiga að nota andvirði þeirra til þess að mynda sjóð í þessu skyni. — Stjórnin lagði fyrir þingið 1903 frumvarp um sölu Arnarhólslóðar, og neðri deild samþykkti það í einu hljóði með nokkrum breytingum, sem nefndin í málinu um aðra skipun hinnar æðstu umboðsstjórnar gjörði við það; var það tilætlunin, að andvirðið gengi til þess að reisa ráðherrabústað fyrir, og skyldi andvirðið í því skyni renna í landsjóð. En efri deild felldi frumvarpið, bæði af því að álitið var að nota þyrfti túnið undir opinberar byggingar, og af því að víst var talið, að lóðin mundi stíga í verði, enda talið rjett að geyma hinni nýju stjórn að taka málið til nýrrar íhugunar. En það sjest ekki, að menn hafi gjört sjer ljóst, um hve mikið verðmæti hjer væri að ræða í raun og veru.

Það er kunnugt, að bygging Reykjavíkurbæjar hefur hagað sjer þannig síðari ár, að mest hefur byggzt austur á bóginn, og er þegar orðin svo mikil bygging austan- og sunnanvert við Arnarhólslóðina, að heita má, að hún liggi nú því sem næst í miðjum bæ; í öllu falli nálægt miðbænum. Lóðir þar hafa stigið mjög mikið í verði hin síðari árin, þannig að 5—10 kr. verð á □ alin ar ekki talið afarhátt, og hafa lóðir jafnvel verið seldar dýrara í síðustu tíð. Jafnframt þessari verðhækkun lóða hefur athygli vakizt á því, að við Arnarhólslóðina muni vera allgóðar lendingar og bryggjustæði, svo að ætla má, að strandlengjan þar hafi ýms skilyrði til þess að vera hentug til verzlunarafnota og víða á lóðinni eru auk þess mjög fögur byggingarstæði, að því er útsýni snertir. Það virðist því vart of mikið áætlað, þó að ráð sje gjört fyrir, að Arnarhólstúnið, eða það, sem af því má missast frá opinberum byggingum seljist smám saman til byggingarlóða á 3 kr. □ alin, að minnsta kosti upp og niður.

Stjórnarráðið hefur látið mæla Arnarhólslóðina og gjöra uppdrátt af henni. Lóðin öll mældist 166,200 □ álnir. Af þessari lóðarstærð er hinn svo nefndi Stjórnarráðsblettur (svo nefndur á uppdrættinum, sem lagður mun verða fyrir alþingi) 9,930 ferhyrningsálnir, og er ætlazt til, að ekkert af þeim parti verði selt. Ennfremur er ætlazt til, að undanskilin verði sölu spilda eptir þveru túninu, neðan frá læk og uppúr, meðfram Hverfisgötu, milli hennar og fyrirhugaðs framhalds af Lindargötu, til þess að hafa svæði þetta til þess að reisa á því opinberar byggingar eða láta stærri eða minni bletti af henni í skiptum fyrir lóðir undir opinberar byggingar, ef hússtæði álítast hentugri annarstaðar. Stærð þessarar spildu verður ekki að svo stöddu nákvæmlega tiltekin, af því Lindargötuframhaldið er enn ekki ákveðið; en eptir uppdráttum þeim og áætlunum, sem gjörðar hafa verið, mundi spildan hvergi verða mjórri en 114 álnir og hvergi breiðari en 134 álnir mitli gatna, að lengd frá austri til vesturs um 362 álnir í báða jaðra, syðri og nyrðri, en að flatarmáli um 46200 ferálnir.

Þegar þessi spilda og stjórnarráðslóðin væri dregin frá, yrði þannig eptir af lóðinni hjer um bil 110,000 ferálnir, og þótt gjört sje ráð fyrir, að eitthvað verði selt vægu verði undir götur, ætti því að mega telja, að söluverð þess, er selja má, verði um 300 þúsund krónur. Auðvitað geta horfur versnað og allangur tími liðið, þangað til allt væri selt; en eptir því, sem nú stendur, mun þetta ekki sjerlega djúpt tekið í árinni.

Af Arnarhólslandi er þegar selt samkvæmt lögum 6. nóv. 1902 hin svonefnda Klapparlóð, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur keypt fyrir 16,183 krónur. Það hefur verið talið nokkuð vafasamt, hvort Ræktunarsjóður mundi geta átt tilkall til lóðarverðs þessa. Stjórnarráðið álítur, að rjettast sje, að andvirði þessa hluta af Arnarhólslóðinni fylgi lóðarverðinu í heild sinni, og er lagt til, að þetta lóðarverð renni í Byggingarsjóðinn ásamt öðru andvirði jarðarinnar.

Að því er snertir Öfirisey, þá virðist rjettast, að hún verði eign Reykjavíkur, þar sem eyjan er afarnauðsynleg fyrir höfnina. Bæjarstjórnin hefur og farið þess á leit að fá hana keypta, og eigi skorazt undan að greiða fyrir hana 6000 kr., ef alþingi vilji ekki selja hana ódýrara.

Til þess að Byggingarsjóðurinn geti þegar tekið til starfa, að því er snertir þær tvær byggingar, sem nefndar eru í lagafrumvarpi þessu, bókasafnsbyggingu og ráðherrabústað, er lagt til, að hann geti fengið lán af viðlagssjóði til þess, án sjerstakrar tryggingar. Til þess að víst sje, að jafnan sje fyrir hendi fje til áskilinnar vaxtagreiðslu, er það lagt til, að landsbankinn greiði í byggingarsjóð jafnmikið og hann greiðir landsjóði af seðlaskuld sinni, 1%, eða 7500 kr. á ári, og þar sem varasjóður hans vex um tugi þúsunda árlega, virðist svo sem þetta ætti ekki að geta orðið bankanum til neins hnekkis að neinu leyti.

Stjórnarráðið hefur gjört ráðstafanir til þess, að uppdrættir verði gjörðir af þeim byggingum, sem fram á er farið í frumvarpi þessu, að byggðar sjeu þegar, og vonar að geta lagt uppdrætti þessa fyrir þingið til athugunar.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins er eigi neitt sjerstakt að athuga umfram það, sem þegar hefur sagt verið. Að eins skal það tekið fram viðvíkjandi 4. gr., að rjettast þótti, að reikningur byggingarsjóðsins fylgi landsreikningunum til endurskoðunar, og að gjaldkeri landssjóðs sje gjaldkeri sjóðsins. Við 5. gr. athugast, að vaxtaupphæðin, $2^1/_2$ af hundraði, er miðuð við það, sem landssjóður getur fengið af innieign á *folio* í bönkum. Auðvitað

mun byggingarsjóður áskilja sjer hærri vexti hjá þeim kaupendum, sem frest fá á borgun á andvirði lóða; en því fyr vex sjóðurinn, og því fremur kemur hann að tilætluðum notum.

Frumvarp til laga

um

fræðslu barna.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

I. kafli.

Um fræðsluskyldu.

1. gr.

Fræðsla barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi verður ákveðið með skólareglugjörð (6. gr.). Skal hvert barn 10 ára að aldri vera orðið nokkurn veginn læst og skrifandi, ef það er til þess hæft. Komist skólanefnd að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi uppfræðslu í þessu tilliti, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni með aðstoð sóknarprests og fyrir tilstyrk viðkomandi sveitarstjórnar að gjöra ráðstöfun til, að börnunum verði komið fyrir annarsstaðar, þar sem þau fái nauðsynlega tilsögn. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en borga má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnað þennan má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á að hafa lært:

1. að lesa móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gjört skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurn veginn ritvillulaust og mállýtalaust; það skal vita nokkuð um merkustu menn vora, einkum þá, er lifað hafa á síðustu öldum, og kunna utanbókar nokkur íslenzk kvæði, helzt ættjarðarljóð og söguleg kvæði, og geta skýrt rjett frá efni þeirra í óbundnu máli.
2. að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.
3. í kristnum fræðum það, sem heimtað er eða heimtað kann að verða, að börnin kunni í þeirri grein til fermingar;
4. fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einföldustu

líkama; það skal og vera leikið í því að reikna með lágum tölum í huganum.

5. að nota landabrjef; það skal og hafa nokkra þekking á náttúru Íslands og atvinnuvegum þjóðar vorrar, þekkja legu helztu landa í Norðurálfunni og vita hvernig álfur liggja á hnettinum.
6. nokkur einföld sönglög, einkum við íslenzk ættjarðarljóð.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem 2. gr. ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta skóla, öðlast þá fræðslu í landafræði, sögu Íslands, náttúrufræði og öðrum greinum, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugjörðum skólanna.

II. kafli.

Um skólahald.

4. gr.

Hver sá hreppur, sem ekki hefur færi á að senda börn á skólaaldri í fastan skóla, skal á sinn kostnað halda farkennara, einn eða fleiri, og skal kennslu þeirra hagað svo, að hvert barn í hreppnum, 10—14 ára að aldri, geti notið að minnsta kosti tveggja mánaða fræðslu hjá farkennara ár hvert. Sknlu foreldrar og þeir aðrir, er hafa börn á þessum aldri til framfærslu, skyldir að láta þau njóta þessarar fræðslu, nema skólanefnd hreppsins veiti undanþágu, og skal hún gjöra það, ef hún álítur, að fræðsla sú, er börnin fá með því móti, verði jafngild þeirri fræðslu, sem fer fram á hreppsins kostnað. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok kennsluársins ár hvert.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, er barn hafa til framfærslu, ákvæðum þessum, án gildra ástæðna, og varðar það 1—25 kr. sekt eptir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð.

Sleppa má í farskólum kennslu í kristindómi, ef skólanefnd telur það heppilegt.

5. gr.

Geti barn eigi gengið daglega milli heimilis síns og þess kennslustaðar, sem skólanefnd hreppsins hefur ákveðið því, skal sá, er barnið hefur til framfærslu, koma því fyrir á kennslustaðnum eða á heimili svo nálægt honum, að barnið geti sótt skólann þaðan.

6. gr.

Í kaupstöðum. sjóþorpum og þjettbýlum sveitum, þar sem eru eða settir verða á stofn fastir heimangönguskólar og reglugjörð þeirra og hollustuhættir eru samþykkt af yfirstjórn lýðskólanna, skulu öll börn 10—14 ára að aldri, þau er skóla geta sótt að heiman, njóta þar kennslu, nema foreldrar þeirra eða húsbændur, hafi fengið undanþágu með sama hætti og segir í 4. gr.

Árlegur námstimi skal vera að minnsta kosti 6 mánuðir. Þó getur yfirstjórn lýðskólanna veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um einn mánuð, sje það gjört til þess að nota skólann til kennslu barna 8—10 ára að aldri, að minnsta kosti 2 mánuði haust eðu vor, samkvæmt reglugjörð, er yfirstjórnin samþykkir. Yfirstjórnin getur og veitt kaupstöðum og hreppum heimild til að skipa fyrir um skólaskyldu fyrir börn, sem eru yngri en 10 ára, þó ekki yngri en 7 ára fullra.

Nú geta nokkur börn í hreppnum, 10—14 ára að aldri, fyrir vegalengdar sakir ekki sótt skólann að heiman, og skal þá annaðhvort sjá þeim fyrir farkennslu með þeim hætti, er segir í 4. og 5. gr., eða koma þeim fyrir í heimavistir í skólanum sjálfum eða á heimili í nánd við hann, svo að þau geti sótt skólann þaðan.

Brot móti ákvæðum þessarar greinar varða sektum samkvæmt því sem segir í 4. gr.

7. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna setur reglur um tilhögun heimavistarskóla þeirra. er settir kynnu að verða á stofn í sveitum.

8. gr.

Í öllum þeim skólum, sem nú hafa taldir verið, veitist kennslan ókeypis.

III. kafli.

Um próf.

9. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hreppi hverjum og kaupstað. Skal það fram fara á vorin, og ákveður skólanefnd stað og tíma.

Til prófs skulu koma öll börn, sem eru 10 ára að aldri og allt að fullra 14 ára.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs, án gildra forfalla, og sætir þá sá, er barnið hefur til framfærslu, sektum frá 2 til 20 kr., eptir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar, Sektin rennur í sveitarsjóð.

10. gr,

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur eru til. að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu, áður en það er 14 ára fullra, ber skólanefnd að gjöra ráðstafanir til, að lögð sje við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sjerstaka kennslu á kostnað þess, er barnið hefur til framfærslu, samkvæmt því sem segir í 1. gr.

11. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefur eigi fengið hina lögskipuðu kunn-

áttu, ber skólanefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 10. gr., og er því skylt að koma árlega til prófs, unz það stenzt prófið eða er fullra 16 ára. Undanskilin fyrirmælum þessarar greinar og fyrirmælum næstu greinar á undan, eru þau börn, er skólanefndin dæmir óhæf til hins lögboðna náms sakir gáfnaskorts eða vanheilsu.

12. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

IV. kafli.

Um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnafræðslu.

13. gr.

Styrkur af landssjóði veitist til farkennslu og barnaskóla utan kaupstaða eptir þeim reglum, sem segir í eptirfarandi greinum.

14. gr.

Enginn hreppur fær styrk úr landssjóði til farkennslu, nema:

1. kennslunni sje hagað eptir reglugjörð, sem skólanefnd hreppsins semur samkvæmt fyrirmynd, er yfirstjórn lýðskólanna hefur samið og sett
2. kennarinn sje ráðinn af skólanefnd með skriflegum samningi og hafi, auk fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minnsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann kennir.

Nú fullnægir hreppur kröfum þessum, og fær hann þá úr landssjóði styrk að tiltölu við tölu þeirra barna, 10—14 ára að aldri, er kennslunnar nutu, og lengd námstímans.

15. gr.

Enginn hreppur fær styrk úr landssjóði handa föstum heimangönguskóla, nema:

1. kennslu skólans sje hagað eptir reglugjörð, sem yfirstjórn lýðskólanna hefur samþykkt;
2. að fullnægt sje reglum þeim, er yfirstjórnin setur um hollustuhætti slíkra skóla og kröfum hennar um kennsluáhöld,
3. að hver kennari skólans sje ráðinn af skólanefnd, — með hæfilegum uppsagnarfresti af beggja hálfu, — með skriflegum samningi, og hafi aðalkennarinn að minnsta kosti 18 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, og aðstoðarkennari eigi minna en 12 kr. um vikuna, er þeir kenna 4—5 stundir á dag.

Nú fullnægir hreppur þessum kröfum, og fær hann þá úr landssjóði styrk að tiltölu við barnafjölda skólans og lengd námstímans.

16. gr.

Heimavistarskóla veitist styrkur úr landssjóði eptir sömu reglum og öðrum föstum barnaskólum, ef hann fullnægir þessum skilyrðum:

1. að skólastaður, tilhögun skólahússins og stærð og takmörk skólahjeraðsins sje ákveðið með samþykki yfirstjórnar lýðskólanna.
2. að kennslunni og skipulagi skólans verði hagað eptir reglugjörð, sem yfirstjórnin samþykkir;
3. að aðalkennari skólans hafi að minnsta kosti 25 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, auk húsnæðis, ljóss og hita, ef ekki færri en 30 börn njóta kennslu í skólanum í senn, en að því skapi minni laun, sem nemendur eru færri, þó aldrei minni en 18 kr., og skal kennarinn ráðinn af skólanefnd — með hæfilegum uppsagnarfresti frá beggja hálfu — með skriflegum samningi og með samþykki yfirstjórnar lýðskólanna.

17. gr.

Hverri beiðni um styrk til barnafræðslu, samkvæmt því, er nú hefur sagt verið, skulu fylgja skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn lýðskólanna fyrirskipar.

V. kafli.

Um skólanefndir.

18. gr.

Í hreppi hverjum og kaupstað skal vera skólanefnd, og sitja í henni 5 menn: Kennari við skólann, 2 menn, er hreppsnefndin (bæjarstjórnin) kýs sín á meðal, og 2 menn kosnir á safnaðarfundi af þeim, sem atkvæðisrjett eiga þar; kjörgengur er hver sem þar hefir atkvæðisrjett. Þar sem fastur lýðskóli er í hreppnum (kaupstaðnum), skal aðalkennari hans sjálfkjörinn í nefndina. Sje annars fleiri en einn barnaskólakennari við sveitarskóla innan skólahjeraðsins, nefnir hreppsnefnd annan eða einn þeirra í skólanefndina.

Þegar hreppar ganga saman í eitt skólahjerað, skulu skólanefndir hreppanna halda fund með sjer, og kjósa sín á meðal nýja skólanefnd fyrir skólahjeraðið, og skulu í henni vera fimm menn eða sjö.

19. gr.

Kosning nefndarmanna gildir um 3 ár, og má endurkjósa þá að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við kosningu fyr en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni. Kosning til skólanefndar skal jafnan fram fara, er hreppsnefndarmenn hafa setið í hreppsnefnd þrjú ár eða sex. Þeir, sem kosnir verða í hina fyrstu skólanefnd hreppsins, skulu kosnir að eins til þeirra tímamóta. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara orsaka vegna, áður en þrjú ár eru liðin, frá því er hann var kosinn, skal sá, er kosinn er í hans stað, að eins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eptir.

20. gr.

Nefndin kýs úr sínum hóp til eins árs formann, varaformann og skrifara. Skyldir eru embættismenn nefndarinnar að taka við endurkosningu tvö ár í röð.

Enginn nefndarmanna hefur atkvæðisrjett um þau mál, er snerta hann sjálfan sjerstaklega.

21. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo opt, sem þörf krefur. Nefndin getur enga ályktun gert, nema að minnsta kosti fullur helmingur hennar sje viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gjörðabók.

22. gr.

Skólanefnd skal sjá um að menntun barna í hreppi hennar eða kaupstað nái því takmarki, sem lög þessi ákveða eða sett verður með reglugjörðum samkvæmt þeim. Hún annast um að herbergi þau, er notuð eru til kennslu, sjeu svo, að heilsu barnanna sje eigi hætta búin, og jafnframt skal hún leitast við að velja kennslustaði svo, að sem mestur jöfnuður verði á aðstöðu þeirra, er senda börn til kennslunnar, og hún útvegar börnum samastað, ef aðstandendur þeirra geta það ekki (sbr. 4. og 5. gr.). Skólanefnd skal gera sjer far um að útvega sem hæfasta kennara og skulu þeir, sem staðizt hafa kennarapróf jafnaðarlega vera látnir ganga fyrir þeim, sem ekki hafa staðizt slíkt próf. Hún skal sjá um að börnin hafi til náms síns nauðsynlegustu bækur og áhöld. Hún hefir og umsjón með prófum þeim, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum. Skólanefnd sjer um bygging skólahúsa eptir uppdrætti, er yfirstjórnin hefur samþykkt, og um útvegun nauðsynlegra skólaáhalda; hún annast og viðhald húsa og kennsluáhalda og endurbætur á þeim. Hún hefur til vörzlu fje það, sem hreppurinn (kaupstaðurinn) veitir til barnafræðslu, og afhendir hreppsnefnd (bæjarstjórn) í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna fyrir hvert ár. Hún semur og undirritar beiðnir um styrk úr landssjóði til barnafræðslunnar og býr út skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn lýðskólanna heimtar um allan hag barnafræðslunnar.

23. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólanefnda.

VI. kafli.

Um yfirstjórn lýðskólanna og umsjón.

24. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna og umsjón hefur stjórnarráð Íslands á hendi, og hefir það sjer til aðstoðar mann, sem framkvæmir umsjón þess með lýðskól-

um landsins, og skal hann undirbúa ráðstafanir þær og reglugjörðir, sem stjórnarráðið setur um þessa skóla eða aðrar þær stofnanir, er að lýðmenntun lúta. Umsjónarmann þenna skipar ráðherra Íslands með 2500 kr. launum og fær hann ferðakostnað, sem stöðu hans er samfara, greiddan eftir reikningi. Starfsvið hans ákveður stjórnarráðið nánara með reglugjörð.

VII. kafli.

Um það, hver lagaákvæði sjeu úr gildi numin með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: Konungsbrjef 2. júlí 1790 um uppfræðing barna, og lög 9. janúar 1880 um uppfræðing barna í skript og reikningi.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1906.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Mag. art. Guðmundur Finnbogason hefir að undirlagi stjórnarráðsins samið frumvarp um fræðslu barna, með ástæðum, og er frumvarp þetta byggt á rannsóknum þeim bæði utanlands og innan, sem hann hefur framkvæmt með styrk frá alþingi í því skyni, að hann væri í ráðum með landstjórninni um skipun þessa máls. Frumvarp þetta hefir verið borið undir nokkra þá menn hjer nærlendis, er helzt hafa fengizt við alþýðufræðslu, þar á meðal undir kennendurna við Flensborgarskólann. Telja þeir frumvarpið yfirleitt fallið til að byggja á fyrirkomulag á fræðslu barna, og að það hafi í sjer fólgna allmikla rjettarbót. Stjórnarráðið verður og að fallast á aðalatriðin i tillögum mag. art. Guðmundar Finnbogasonar, og ástæðum þeim, er tillögurnar eru byggðar á. Skal því vísað til álitsskjals hans, þess sem prentað er hjer á eptir, en gjörðar nokkrar frekari athugasemdir við frumvarp þetta að því leyti, sem hjer er vikið frá tillögum hans.

Í frumvarpi Guðmundar Finnbogasonar 7. gr. er tillaga um það, að skólanefnd, að viðlögðum 5—20 kr. sektum, geti skyldað húsráðanda hvern í sveitinni, ef hann hafi húsrúm til, að halda farskóla í allt að 2 mánuði. Þetta ákvæði telur stjórnarráðið ganga of nærri persónulegu frelsi manna, en hefir þá trú, að mjög sjaldan þurfi á þessu ákvæði að halda, og er því sleppt hjer.

Að öðru leyti skal athugað um einstakar greinar:

Um 1. gr.

Hjer er bætt við ákvæði um aðhald að heimakennslunni. Það virðist nauðsynlegt að fá þeim, sem eptirlitið eiga að hafa með heimakennslunni, eitthvert vopn í hendur gagnvart aðstandendum barnanna, ef þeir skyldu vanrækja mjög heimakennsluna, og virðist þá liggja næst að taka upp ákvæði núgildandi laga um hið sama efni, nefnilega 4. gr. í lögum 9. janúar 1880 um uppfræðing barna í skript og reikningi. Svo er og gjört hjer. Að öðru leyti er engin efnisbreyting gjörð á 1. gr. í tillögum Guðmundar Finnbogasonar.

Um 2. gr.

Um 1. lið. Það virðist ekki vera nein ofætlun 14 ára gömlu barni að vita eitthvað um helztu menn þjóðar vorrar, og ekki næg ástæða til þess að einskorða kröfuna að þessu leyti við skáldin á hinum síðustu tímum.

Um 3. lið. Guðmundur Finnbogason hefir lagt það til að kverkennslan sje falin heimilunum og prestunum, og talið það fullt eins hollt trúarlífi barnanna, eins og kverkennslan sje í skólunum, með því að hún sje almennt »bókstafsstagl, eilíf yfirheyrsla og utanaðlærdómur og mörgum kennara hvimleið ekki síður en börnunum«.

Stjórnarráðið telur efasamt, að slík skipting kennslunnar milli heimilanna og skólanna sje í sjálfri sjer heppileg, eður komi vel heim við þá skipun lýðmenntunar, sem þetta frumvarp vill koma á, nefnilega að fela heimilunum sjálfum kennsluna til 10 ára, en skólunum, að minnsta kosti föstum skólum, kennslu barna frá 10—14 ára aldurs, og vitanlega er það einkum á aldrinum 10—14 ára, sem kennsla fer fram í kverinu. Ef farið er að kosta verulega til skólahalds fyrir allan þorra barna frá 10—14 ára, þá virðist heppilegast, að börnin geti fengið í skólum þessum alla þá fræðslu, sem lögskipuð er. Nú eiga svo að segja öll börn hjer að hafa lært kverið, áður en þau eru 14 ára eða komin á fermingaraldur, því að svo að segja öll börn hjer á landi heyra til hinni sömu kirkju, hinni evangelisku lútersku. Fyrir fjöldann allan fátækra foreldra, einkum í kauptúnum og verstöðum, hefur það verið hinn mesti ljettir að fá, eins og allvíða á sjer stað, ókeypis kennslu handa börnum sínum í barnaskólum, og geta kastað allri sinni áhyggju upp á skólana að þessu leyti, því að hjá mörgum er svo ástatt, að heimakennsla er alveg ómöguleg, einkum þegar allur veturinn, — 6 mánuðir að minnsta kosti, — tekst frá vegna skólagöngu barnanna, enda örðugt að þurfa að kaupa sjerstaka kverkennslu. Þar sem sveitarfjelögin leggja allmikið fje til fastra barnaskóla, ætti ekki að þurfa að kosta miklu sjerstaklega til kennslu sveitarbarna, að minnsta kosti ekki eptir 10 ára aldur, en væri kverið ekki kennt í skólunum, mundi framfærsla slíkra barna verða töluvert dýrari, að minnsta kosti í kauptúnum og verstöðum. Það er kvartað um það, að kristindómskennslan í barnaskólunum sje slæm eins og nú er, og að kennararnir vilji gjarnan losast við hana, enda sjeu þeir vart færir til að hafa hana á hendi sumir. Það er eflaust rjett að kennslunni í þessari grein er mjög ábótavant, eins og reyndar kennslu barnaskólanna í fleirum greinum, en ráðið til að bæta þessa kennslu er varla það, að vísa henni burtu úr skólunum, heldur hitt að gjöra kennara hæfari til að kenna, og vonandi verður þess ekki langt að bíða, að kennarafræðslan komist í viðunanlegt horf, en það er vitanlega undirstaðan undir góðri barna- og unglinga-

fræðslu. Því virðist vera rjettast, að kristindómskennslunni sje haldið í föstu skólunum, eins og verið hefur. Allt öðru máli er að gegna um farkennsluna, sem varla má gjöra ráð fyrir að verði lengri en 2 mánuði á ári í hverjum stað. Það er svo sem auðvitað, að þessi tveggja mánaða tími ár hvert í 4 ár, nægir ekki til að kenna börnunum allt það, er þau eiga að kunna samkvæmt lagafrumvarpi þessu, og þá getur verið alveg eins heppilegt að fela heimilunum og prestum kristindómskennsluna, enda er hjer allt hægra um vik, þegar skólinn stendur ekki yfir nema 2 mánuði af vetrinum, heldur en þar sem fastir skólar eru, er standa yfir allan veturinn, eða 6 mánuði að minnsta kosti. Stjórnarráðið hefur því álitið rjett, að veita heimild til þess að farskólarnir slepptu kristindómskennslunni. Það er auðvitað, að þau börn, er ekki eiga að alast upp í trú þjóðkirkjunnar, þurfa ekki að taka þátt í kristindómskennslunni, enda er ákvæðið orðað þannig.

4. Orðunum: »almennum brotum og tugabrotum«, sem eru milli sviga, er sleppt, því það virðist alveg óþarft að taka þetta fram.

Um 3. gr.

Þessi grein er alveg samhljóða 4. gr. í tillögum Guðmundar Finnbogasonar, með einni orðabreytingu óverulegri.

Um 4. gr.

Í tillögum Guðmundar Finnbogasonar (5. gr.) er ákvæði umþað, að skólanefnd skuli veita undanþágu undan skólaskyldu barna, »ef ætla má, að fræðsla sú, er börnin fá með því móti, verði jafngild þeirri fræðslu, sem fer fram á hreppsins kostnað«. Með þessu er ekki beint sagt um það, hver dæma eigi um gildi þessarar heimafræðslu. Hugsunin er auðsjáanlega sú, að skólanefndin eigi að gjöra þetta, og er hjer gjörð breyting á, svo að það komi glögglega fram.

Það þykir varhugavert að láta skólanefnd hafa heimild til að gjöra mönnum sektir, einkum ef ekki er lögð fastákveðin upphæð við hverju broti og það virðist varla gjörlegt að svo stöddu. Hjer er því úrskurðarvaldið um sektirnar lagt undir lögreglustjóra, og þykir hagfellt að sektirnar sjeu ákveðnar með úrskurði án lögregluprófs, en ekki dómi eða lögreglurjettarúrskurði.

Hinar aðrar breytingar eru að eins orðabreytingar.

Um 5. gr.

Í þessu frumvarpi er ákveðið að skólarnir skulu engan kennslueyri taka (8. gr.), og í frumvarpi stjórnarinnar til fátækralaga er ákvæði um, að fátæk börn skuli fá kennsluáhöld (bækur, pappír, blek og penna, ritspjöld o. s. frv.) á kostnað sveitarinnar, án þess að sá styrkur sje skoðaður veittur foreldrum barnanna sem sveitarstyrkur. Lengra hefur stjórnarráðinu eigi þótt fært að fara, og hefur það því fellt burt ákvæði það í tillögum Guðmundar Finnbogasonar (6. gr.), sem segir að fátækum börnum skuli auk þess veitt ókeypis framfærsla, er þau þurfa að dvelja af bæ langdvölum vegna skólagangs.

Um 6. gr.

Af sömu ástæðu, sem talin er í athugasemdunum um 5, gr., er fellt burtu ákvæði það, sem stendur í tilsvarandi grein í tillögum

Guðmundar Finnbogasonar (8. gr.), um styrk af sveitarsjóði til að koma börnunum fyrir annarsstaðar. Í fljótu bragði mætti það sýnast hart að fátækir foreldrar yrðu að þiggja sveitarstyrk einungis af því, að þeir væri eigi færir um að borga meðgjöf með börnum sínum af bæ, meðan þau sæktu skólann, en þetta er eigi samt svo ósanngjarnt sem sýnist, þar sem skólaskyldan er eptir frumvarpi þessu ekki ríkari en svo, að börnin þurfa ekki að ganga í skólann, ef þau fá lögskipaða fræðslu heima. Nú er það svo eptir gildandi lögum, að fái börn ekki lögskipaða fræðslu í heimahúsum, má koma börnunum fyrir annarsstaðar til kennslu með sveitarstyrk, er talinn er veittur foreldrum eða öðrum aðstandendum barnanna.

Aptur á móti er bætt hjer við ákvæði, sem virðist vanta í tillögum Guðmundar Finnbogasonar (8. gr.) um viðurlög, ef húsbændur óhlýðnast fyrirmælum þessarar greinar.

Um 8. gr.

Stjórnarráðið verður að vera þeirrar skoðunar, að rjett sje að fastaskólarnir taki engan kennslueyri, og er hjer sleppt því ákvæði í tilsvarandi grein í tillögum Guðmundar Finnbogasonar (10. gr.) að föstum skólum megi veita heimild til að taka lágan kennslueyri.

Um 9. gr.

Hjer er ákveðið að sektir skuli lögreglustjóri úrskurða, en ekki skólanefnd, sbr. athugasemdirnar um 4. gr. sbr. að öðru leyti 11. gr. í tillögum Guðmundar Finnbogasonar.

Um 10. gr.

Þessi grein er samhljóða 12. gr. í tillögum Guðmundar Finnbogasonar.

Um 11. gr.

Það virðist nóg að gera þeim börnum, sem skólanefnd dæmir hæf til lærdóms, en ekki hafa náð lögskipaðri kunnáttu 14 ára gömul, skylt að ganga undir próf árlega allt til fullnaðs 16 ára aldurs, því að standist barnið þá ekki prófið, þrátt fyrir sjerstakar ráðstafanir, sem skólanefnd hefur gjört til fræðslu þess, þá virðist fremur lítil von um, að eptiræsktu takmarki verði náð, þótt prófskyldunni sje haldið áfram til 18 ára aldurs, eins og sagt er í tillögum Guðmundar Finnbogasonar. (13. gr.)

Undanþága sú, er veitt er í annari málsgreininni, virðist rjett að nái og til 10, gr., og er breyting á gjörð samkvæmt því.

Um 12. gr.

Þessi grein er samhljóða 14. gr. tillögum Guðmundar Finnbogasonar.

Um 13. gr.

Það hefur þótt rjettara, að taka það beint fram, sem auðvitað er tilætlazt, sbr. frumvarpið að öðru leyti, að úr landssjóði skuli greiða styrk til barnakennslu þeirrar, er sveitirnar, að kaupstöðum undanskildum, kosta.

Um 14. gr.

Í tillögum Guðmundar Finnbogasonar (15. gr.) virðist ekki felast nægileg trygging fyrir því, að kennslu farskólanna verði hagað svo, sem vera ber, og

þykir rjett að binda styrkveitingu úr landssjóði því skilyrði, að reglugjörð fyrir kennslu þeirra sje samin eptir fyrirmynd, er yfirstjórn lýðskólanna býr til.

Aptur á móti virðist örðugt að dæma um skilyrði það viðvíkjandi árangri kennslunnar, sem sett er í tillögum Guðmundar Finnbogasonar fyrir upphæð landssjóðsstyrksins, og er skilyrði þessu því sleppt

Um 15. gr.

Hjer er sleppt ákvæðinu um árangur kennslunnar sem skilyrði fyrir upphæð landssjóðsstyrksins, sbr. athugasemdirnar um 13. gr. og einnig ákvæðinu um að taka megi tillit til námsgreinafjölda. Það er meir undir því komið, að sem mest sje kennt, en ekki svo mjög undir hinu, að sem flest sje kennt. Aptur á móti er það gjört að skilyrði, sem í rauninni er sjálfsagt en ekki þó ávallt gætt sem skyldi, að skólinn sje útbúinn nauðsynlegum kennsluáhöldum. Enn er það áskilið að kennarinn sje ráðinn til óákveðins tíma, og með uppsagnarfresti, því að það liggur í augum uppi, að óheppilegt er, að kennarinn sje, eins og nú tíðkast, ráðinn fyrir vetur og vetur í einu, og fái svo, ef til vill, ekki að vita fyr en að haustinu, hvort hann haldi hinni sömu atvinnu næsta vetur, sbr. að öðru leyti 16. gr. í tillögum Guðmundar Finnbogasonar.

Um 16. gr. sbr. 7. gr.

Heimavistarskólar, slíkir sem Guðmundur Finnbogason gjörir ráð fyrir í tillögum sínum (9. og 17. gr.) eru ekki alveg án fyrirmyndar hjer á landi, og slíkir skólar virðast geta átt vel við landsháttu hjer, ef tækist að koma þeim á fót og halda þeim við. Því er og á fjárlagafrumvarpi því, er lagt verður fyrir alþingi 1905, tekin upp fjárveiting til stofnunar slíkum skóla, en þetta verður að eins að skoða sem tilraun, og þessvegna þykir rjett að gefa ekkert í skyn um það, hvort haldið verði áfram að veita styrk af landssjóði til stofnunar slíkum skólum. Á hinn bóginn þykir ástæða til að gjöra ráð fyrir því í frumvarpi til barnafræðslulaga, að slíkir skólar geti verið til, og þá hvernig um þá skuli fara, og í samræmi við það, er sagt er hjer að framan, gera að eins ráð fyrir styrk handa slíkum skólum eins og öðrum föstum skólum.

Í tillögum Guðmundar Finnbogasonar er ákveðið, að aðalkennari heimavistarskóla skuli hafa 25 kr. um vikuna, ef nemendur sjeu ekki færri en 30, en ekkert um það sagt, hve há launin skuli vera, ef þeir eru færri.

Það þykir rjett að launin megi vera að því skapi minni, sem börnin á skólanum eru færri, þó ekki undir 18 kr. um vikuna.

Um 17. gr.

Þessi grein er samhljóða 18. gr. í tillögum Guðmundar Finnbogasonar.

Um 18. gr.

Það þykir rjett, að kennari sje sjálfkjörinn í nefndina, en hitt virðist efamál, hvort heppilegt sje, að sóknarpresturinn sje það; það getur vel verið, að fleiri en einn fastur skóli og fleiri en einn hreppur sje í prestakalli og þar af leiðandi fleiri en ein skólanefnd, og að ekki sje full ástæða til, að

presturinn sje í báðum eða öllum, ef fleiri eru en tvær. Það má ganga að því vísu, að prestur verði optast nær kosinn í nefndina, ef hann er til þess fallinn og er því ekki beint ákveðið hjer, að hann skuli sjálfkjörinn í hana. Ef kennarar eru fleiri en einn í skólahjeraði, nema þar sje að eins einn skóli með einum aðalkennara, skulu kennarar, eptir tillögum Guðmundar Finnbogasonar, kjósa sín í milli, hver ganga skuli í skólanefndina. Þetta virðist ekki viðkunnanlegt, ef t. a. m. ekki eru fleiri kennararnir, er kjósa á í milli, en tveir, og því er það hjer lagt undir atkvæði hreppsnefndar, hver kennari af fleirum skuli ganga í skólanefnd. Hjer er og beint sagt, að til skólanefndar skuli almenningur kjósa á safnaðarfundi, eins og Guðmundur Finnbogason eflaust hefur ætlazt til, þótt það komi eigi ljóst fram í tillögum hans (19. gr.).

Um 19. og 20. gr.

Þessar greinar eru svo að segja óbreyttar teknar eptir frumvarpi Guðmundar Finnbogasonar, 20. og 21. gr.

Um 21. gr.

Það virðist nauðsynlegt, að í lögunum standi einhver ákvæði um menntun og hæfilegleika kennaranna. Það er auðvitað torvelt nú sem stendur, að gjöra nokkra ákveðna kennaramenntun að beinu skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði, þar sem tiltölulega fáir menn eru með nokkurri kennaramenntun. En nauðsynlegt virðist, að til sjeu lagaákvæði, sem geri það að verkum, að þeir menn, sem hafa fullkomnari og dýrari kennaramenntun, standi bærilega í samkeppninni við allsendis ómenntaða menn, sem kunna að bjóðast til barnakennslu, eða menn, sem að minnsta kosti hafa ekki aflað sjer neinnar sjerstakrar undirbúningsmenntunar til þess að verða kennarar. Væru engin ákvæði hjer að lútandi til í lögum, er hætt við að aðsóknin yrði miður góð að kennaraskóla þeim, er væntanlega verður settur á fót, áður en langt um líður. Á hinn bóginn á ákvæði um þetta atriði eigi að koma þeim að meini, sem nú fást við barnakennslu og hafa sýnt góða hæfileika til þess starfa þótt þeir hafi ekki kennarapróf.

Svo þykir og nauðsynlegt, að yfirstjórn lýðskólanna hafi hönd í bagga með byggingu skólahúsanna, því að annars verður örðugt að gæta þess, að hollustuhættir þeirra sjeu í lagi (15. gr. nr. 2).

Um 22. og 23. gr.

Þessar greinar svara til 23. og 24. gr. í tillögum Guðmundar Finnbogasonar.

Fylgiskjal

Frumvarp til laga um fræðslu barna, með ástæðum og athugasemdum

eptir

Guðmund Finnbogason

mag. art.

I. KAFLI.

Um fræðsluskyldu.

1. gr.

Fræðslu barna til 10 ára aldurs skulu heimilin sjálf annast og kosta, nema þar sem öðruvísi verður ákveðið með skólareglugjörðum. Skal hvert barn 10 ára gamalt hafa fengið nokkra leikni í lestri og skript.

2. gr.

Fræðslu barna í kristindómi undir fermingu skulu heimilin og prestarnir annast, að öðru leyti en því er snertir fræðslu þá í bibliusögum er getur um í 3. gr. laga þessara.

3. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára á að hafa lært:

1. Að lesa móðurmálið skýrt og áheyrilega, og geta sagt munnlega frá því, sem það les um; það skal og geta gjört skriflega grein fyrir efni sem það þekkir vel, nokkurn veginn ritvillulaust og mállýtalaust; það skal vita nokkuð um helztu skáld vor á síðustu öld og á vorum tímum, og kunna utanbókar nokkur íslenzk kvæði, helzt ættjarðarljóð og söguleg kvæði, og geta skýrt rjett frá efni þeirra.
2. að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.
3. fjórar höfuðgreinir reikningsins með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum), og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem fyrir koma í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einföldustu líkama; það skal og vera leikið í því að reikna með lágum tölum í huganum.
4. nokkur aðalatriði bibliusögunnar, einkum nýja testamentisins, sjerstaklega um líf og kenningu Krists.
5. að nota landabrjef; það skal og hafa nokkra þekkingu á náttúru Ís-

lands og atvinnuvegum þjóðar vorrar, þekkja legu helztu landa í Norðurálfunni, og vita hvernig álfur liggja á hnettinum.

6. nokkur einföld sönglög, einkum við íslenzk ættjarðarljóð.

4. gr.

Auk þeirrar fræðslu sem 3. gr. ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta skóla öðlast þá þekkingu í landafræði, sögu Íslands, náttúrufræði og öðrum greinum, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugjörðum skólanna.

II. KAFLI.

Um skólahald.

5. gr.

Hver sá hreppur sem ekki á aðgang að föstum skóla, skal á sinn kostnað halda farkennara, einn eða fleiri, og skal kennslu þeirra hagað svo, að hvert barn í hreppnum, 10—14 ára að aldri, geti að minnsta kosti notið tveggja mánaða fræðslu hjá þeim ár hvert. Skulu foreldrar og þeir aðrir, er hafa börn á þessum aldri til framfærslu, skyldir að láta þau njóta þessarar fræðslu, nema skólanefnd hreppsins veiti undanþágu, og skal hún gjöra það, ef ætla má að fræðsla sú er börnin fá með því móti, verði jafngild þeirri fræðslu, sem fer fram á hreppsins kostnað. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, sem hún sjálf ákveður og auglýsir í lok kennsluársins ár hvert.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir er börn hafa til framfærslu ákvæðum þessum, án gildra ástæðna, og varðar það 1—25 kr. sekt, eptir úrskurði skólanefndar hreppsins. Sektin rennur í landssjóð.

6. gr.

Geti barn eigi gengið daglega milli heimilis síns og þess kennslustaðar, sem skólanefnd hreppsins hefur ákveðið því, skal sá er barnið hefur til framfærslu, koma því fyrir á kennslustaðnum, eða á heimili svo nálægt honum, að barnið geti sótt skólann þaðan. Þeir, sem fyrir fátæktar sakir geta eigi staðist kostnaðinn við þetta, skulu fá til þess styrk af sveitarsjóði, og missi þeir engra réttinda við. Skulu umsóknir um slíkan styrk vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok kennsluársins ár hvert.

7. gr.

Neiti heimilisfaðir, án gildra ástæðna, að hafa farskóla á heimili sínu þann tíma er skólanefnd ákveður, varðar það sektum frá 5—20 kr., eptir ákvæðum skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð. Þó er enginn skyldur að taka við farskóla á heimili sitt lengur en 2 mánuði ár hvert.

8. gr.

Í kaupstöðum, sjóþorpum og þjettbýlum sveitum, þar sem eru eða settir verða á stofn fastir heimangönguskólar, og reglugjörð þeirra og hollustuhættir eru samþykkt af yfirstjórn lýðskólanna, skulu öll börn 10—14 ára að aldri, þau er skólana geta sótt að heiman, njóta þar kennslu, nema foreldrar þeirra eða húsbændur hafi fengið undanþágu með sama hætti og segir í 5. gr.

Árlegur námstími sje minnst 6 mánuðir. Þó getur yfirstjórn lýðskólanna veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um einn mánuð, sje það gjört til þess að nota skólann til kennslu barna 8—10 ára að aldri, að minnsta kosti 2 mánuði haust eða vor, samkvæmt reglugjörð, er yfirstjórnin samþykkir. Yfirstjórnin getur og veitt kaupstöðum og hreppum heimild til að innleiða skólaskyldu fyrir börn sem eru yngri en 10 ára, þó ekki yngri en 7 ára fullra.

Nú geta nokkur börn í hreppnum, 10—14 ára að aldri, fyrir vegalengdarsakir ekki sótt skólann að heiman, og skal þá annaðhvort sjá þeim fyrir farkennslu, með þeim hætti er segir í 5. og 6. gr., eða koma þeim fyrir í heimavistir á skólanum sjálfum, eða á heimili í nánd við hann, svo að þau geti sótt skólann þaðan, og má veita til þess styrk af sveitarsjóði samkvæmt því er segir í 6. gr.

9. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna setur reglur um tilhögun heimavistarskóla þeirra, er settir kynnu að verða á stofn í sveitum.

10. gr.

Á öllum þeim skólum, sem nú hafa taldir verið veitist kennslan ókeypis. Þó má yfirstjórn lýðskólanna veita leyfi til að taka lágan kennslueyri við fasta heimangönguskóla, ef hlutaðeigandi skólanefndir mæla með því.

III. KAFLI.

Um próf.

11. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hreppi hverjum og kaupstað. Skal það fram fara á vorin og ákveður skólanefnd stað og tíma.

Til prófs skulu koma öll börn, sem eru 10 ára að aldri og allt að fullra 14 ára.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs, án gildra forfalla, og sætir þá sá, er barnið hefur til framfærslu sektum, frá 2 til 20 kr., eptir ákvæði skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð.

12. gr.

Reynist barn sem er yngra, en 14 ára svo vankunnandi, að sterkar líkur eru til að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu áður en það er 14 ára fullra,

ber skólanefnd að gera ráðstafanir til að lögð sje við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sjerstaka kennslu á kostnað þess, er barnið hefur til framfærslu.

13. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára, og hefir eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 12. gr., og er það skyldugt að koma árlega til prófs, unz það stenzt prófið, eða er fullra 18 ára.

Undanskilin fyrirmælum þessarar greinar eru þau börn, er skólanefndin í einu hljóði dæmir óhæf til hins lögboðna náms, sakir gáfnaskorts eða vanheilsu.

14. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna setur reglur um tilhögun prófanna, og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

IV. KAFLI.

Um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnakennslu.

15. gr.

Enginn hreppur fær styrk úr landssjóði til farkennslu, nema:

1. kennslunni sje hagað eptir reglugjörð, sem skólanefnd hreppsins semur fyrir hvert kennsluár;
2. að kennarinn sje ráðinn af skólanefnd með skriflegum samningi, og hafi auk fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minnsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku sem hann kennir. Nú fullnægir hreppur kröfum þessum og fær hann þá úr landssjóði styrk, að tiltölu við tölu þeirra barna, 10—14 ára að aldri, er kennslunnar nutu, lengd námstímans og árangur kennslunnar.

16. gr.

Enginn hreppur fær styrk úr landssjóði handa föstum heimangönguskóla, nema:

1. kennslu skólans sje hagað eptir reglugjörð, sem yfirstjórn lýðskólanna hefur samþykkt;
2. að fullnægt sje reglum þeim, er yfirstjórnin setur um hollustuhætti slíkra skóla;
3. að hver kennari skólans sje ráðinn af skólanefnd með skriflegum samningi, og hafi aðalkennarinn að minnsta kosti 18 kr. laun fyrir hverja viku er hann kennir, og aðstoðarkennari eigi minna en 12 kr. um vikuna, er þeir kenna 4—5 stundir á dag.

Nú fullnægir hreppur þessum kröfum, og fær hann þá úr landssjóði styrk að tiltölu við barnafjölda skólans, lengd námstímans og árangur kennslunnar. Taka má og tillit til námsgreinafjölda.

17. gr.

Nú vill einn hreppur eða fleiri hreppar í samlögum setja á stofn heimavistarskóla fyrir börn 10—14 ára að aldri, og veitist þá af fje því, sem til slíks skóla er ætlað á fjárlögunum, helmingur skólahússverðsins, sje þeim kröfum fullnægt sem hjer segir:

1. að skólastaður, tilhögun skólahússins og stærð, og takmörk skólahjeraðsins, sje ákveðið með samþykki yfirstjórnar lýðskólanna.
2. að kennslunni og skipulagi skólans verði hagað eptir reglugjörð, sem yfirstjórnin samþykkir;
3. að aðalkennnari skólans hafi að minnsta kosti 25 kr. laun fyrir hverja viku er hann kennir, auk húsnæðis, ljóss og hita, ef ekki færri en 30 börn njóta kennslu á skólanum í senn, og verði kennarinn ráðinn af skólanefnd með skriflegum samningi, og með samþykki yfirstjórnar lýðskólanna.

Nú fullnægir heimavistarskóli þessum kröfum og veitist honum þá styrkur úr landssjóði, eptir sömu reglum og öðrum föstum skólum.

18. gr.

Hverri beiðni um styrk til barnafræðslu samkvæmt því, er nú hefur sagt verið, skulu fylgja skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn lýðskólanna fyrirskipar.

V. KAFLI.

Um skólanefndir.

19. gr.

Í hreppi hverjum og kaupstað skal vera skólanefnd, og sitja í henni 5 menn: sóknarprestur, 2 menn, er hreppsnefndin (bæjarstjórnin) kýs sín á meðal, einn maður kosinn af þeim, sem atkvæðisrjett eiga á safnaðarfundi (kjörgengur er hver, sem þar hefur atkvæðisrjett), og einn kennari; þar sem fastur lýðskóli er í hreppnum (kaupstaðnum), skal aðalkennari hans sjálfkjörinn í nefndina, að öðrum kosti skal kennarinn kosinn af öllum kennurum hreppsins; sjeu fleiri en einn sóknarprestur í hreppnum, skulu þeir, sem atkvæðisrjett eiga á safnaðarfundi kjósa, einn þeirra í skólanefnd. Þegar hreppar ganga saman í eitt skólahjerað, skulu skólanefndir hreppanna halda fund með sjer og kjósa sín á meðal nýja skólanefnd fyrir skólahjeraðið, og skulu í henni vera fimm menn eða sjö.

20. gr.

Kosning nefndarmanna gildir um 3 ár, og má endurkjósa þá að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við kosningu fyr en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni. Kosning til skólanefndar skal jafnan fram fara, er hreppsnefndarmenn hafa setið í hreppsnefnd þrjú ár eða sex. Þeir, sem kosnir verða í hina fyrstu skólanefnd hreppsins, skulu kosnir aðeins til þeirra tímamóta. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara orsaka vegna, áður en þrjú ár eru liðin frá því hann var kosinn, skal sá er kosinn

er í hans stað að eins vera í nefndinni þann tíma af hinum þrem árum, sem enn er eptir.

21. gr.

Nefndin kýs úr flokki sínum til eins árs formann, varaformann og skrifara. Þó má eigi kjósa kennarann til formanns eða varaformanns, og eigi hefur hann atkvæðisrjett um neitt það, er snertir sjálfan hann persónulega. Skyldir eru embættismenn nefndarinnar að taka við endurkosningu tvö ár í röð.

22. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo opt, sem þörf krefur. Nefndin getur enga ályktun gert, nema að minnsa kosti fullur helmingur hennar sje viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gjörðabók.

23. gr.

Skólanefnd skal sjá um að menntun barna í hreppi hennar eða kaupstað nái því takmarki, sem lög þessi ákveða eða sett verður með reglugjörðum samkvæmt þeim. Hún annast um, að herbergi þau, er notuð eru til kennslu, sjeu svo, að heilsu barnana sje eigi hætta búin, og jafnframt skal hún leitast við að velja kennslustaði svo, að sem mestur jöfnuður verði á afstöðu þeirra, er senda börn til kennslunnar. Skólanefnd skal gera sjer far um að útvega sem hæfasta kennara; skal hún sjá um, að börnin hafi til náms síns nauðsynlegustu bækur og áhöld. Hún hefur umsjón með prófum þeim, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum. Skólanefndin sjer um bygging skólahúsa, þar sem þau verða reist, um viðhald skólahúsanna og endurbætur á þeim. Hún hefur til vörzlu fje það, sem hreppurinn (kaupstaðurinn) veitir til barnafræðslu, og afhendir hreppsnefnd (bæjarstjórn) í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna fyrir hvert ár. Hún semur og undirritar beiðnir um styrk úr landssjóði til barnafræðslunnar, og býr út skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn lýðskólanna heimtar um allan hag barnafræðslunnar.

24. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólanefnda.

VI. KAFLI.

Um yfirstjórn lýðskólanna og umsjón.

25. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna og umsjón hefur stjórnarráð Íslands á hendi, og hefur það sjer til aðstoðar mann, sem framkvæmir umsjón þess með lýðskólum landsins, framhaldsskólum fyrir unglinga, og kennaraskólum, og skal hann

undirbúa ráðstafanir þær og reglugjörðir, sem stjórnarráðið setur um þessa skóla eður aðrar þær stofnanir, er að lýðmenntun lúta. Umsjónarmann þenna skipar ráðherra Íslands með 2500 kr. launum, og fær hann ferðakostnað, sem stöðu hans er samfara, greiddan eptir reikningi. Starfssvið hans ákveður stjórnarrráðið nánar með reglugjörð.

Ástæður og athugasemdir:

Samkvæmt ósk hins háa stjórnarráðs leyfi eg mjer hjer með virðingarfyllst að senda

frumvarp til laga um fræðslu barna.

Vil jeg jafnframt taka það fram, að mjer hefur veitzt mjög örðugt að gera það úr garði nú þegar, því að löggjöf um þetta efni er jafnan vandasöm, ekki sízt hjá oss, þar sem staðhættir eru svo ólíkir þeim, sem aðrar þjóðir búa við, þær sem lengst eru komnar í slíkri löggjöf, og því fátt, er vjer að öllu getum tekið oss til fyrirmyndar hjá þeim. Hins vegar verður löggjöf um fræðslu barna hjer á landi að byggjast á ljósri þekkingu á því, hvernig barnafræðslan *nú* er hjá oss, tilhögun hennar, árangur og tilkostnaður við hana, hvernig kennarar þeir eru, sem vjer í svipinn höfum á að skipa, skólahús og kennsluáhöld, og loks þurfum vjer að vita, hve mikið fje nauðsynlegar umbætur á barnafræðslunni mundu kosta, og gjaldþol einstakra hjeraða og landsins í heild sinni til slíkra umbóta. Um síðasta atriðið mun hinu háa stjórnarráði kunnugra en mjer. Hin atriðin hefur svo sem kunnugt er þing og stjórn falið mjer að rannsaka og gefa skýrslur um. Að þessu hef jeg unnið á tvennan hátt: Eg hef búið út skýrsluform þau, er að tilhlutun stjórnarráðsins voru send út um land allt til að fá hagfræðilega vitneskju um allt ástand barnafræðslunnar á landi hjer; því næst hef jeg ferðast um landið til þess að kynna mjer hag barnafræðslunnar af sjón og raun, og viðtali við þá menn, sem við hana eru riðnir. Á þennan hátt hef jeg fengið í hendur stórt og viðfangsmikið efni, sem jeg svo hef varið nokkrum hluta síðasta sumars og vetrinum, síðan jeg kom úr síðustu ferð minni í nóvemberbyrjun, til að rannsaka og vinna úr. Hefur mjer reynzt það bæði seinlegt og vandasamt, sem kemur af því, að skýrslurnar eru stundum illa úr garði gerðar, vantar í þær eða eru óljósar. Verður því opt að ráða einstök atriði af líkum, einkum kostnað við kennsluna. Hef eg stundum orðið að fara yfir ekki að eins þær skýrslur, sem mjer voru ætlaðar, heldur og þær skýrslur, sem einstakir kennarar hafa sent til stiptsyfirvaldanna, með umsóknum sínum um styrk. Get eg þessa til þess að það komi fram, á hverju niðurstöður mínar eru byggðar, og jafnframt mjer til rjettlætingar, að jeg hef með engu móti getað leyst verkið fljótara af hendi en orðið er. Það er von mín, að jeg með vorinu fái lokið þessu starfi, svo að þá liggi fyrir hagfræðileg skýrsla um barna- og unglingafræðslu í hverjum hreppi og kaupstað landsins og landinu í heild sinni, um kostnaðinn við kennsluna, um kennarana, um skólahús,

kennsluáhöld, um lestrarfjelög o. fl., með athugasemdum um allt þetta, byggðum á því, er jeg hefi orðið vísari af skýrslunum og af ferðum. Allra hluta vegna hefði það verið æskilegast, að jeg hefði getað lokið þessu starfi til fullnustu, áður en jeg samdi frumv. um barnafræðsluna, og hefði þannig grundvöllur þess í heild sinni komið fram jafnframt því, og fyrir sjálfan mig hefði þetta verið þægilegast og drýgst fyrir vinnuna. En til þess að hafa lokið þessu starfi nú, hefði jeg þurft að hafa tvöfaldan vinnukrapt við þann, sem jeg hef. Nú hefur hið háa stjórnarráð óskað þess, að frumv. kæmi sem fyrst frá minni hendi, sem nauðsynlegt er, ef það á að geta haft frumv. til hliðsjónar, er það býr þetta mál undir næsta þing. Hef jeg því tekið það ráð að ná út úr skýrslum mínum aðeins þeim atriðunum, sem nauðsynlegust eru til hliðsjónar fyrir löggjöfina, en láta hitt bíða. Með þessum formála skal jeg svo víkja að ástæðunum fyrir frumv. þessu, eins og það liggur fyrir.

Aðalgallarnir á barnafræðslunni á landi hjer og gildandi lögum um hana eru orðnir flestum ljósir. Þeir eru í stuttu máli þessir:

1. Mark þeirrar kunnáttu, sem til fermingar er heimtuð með »konungsbrjefi um uppfræðing barna og uppeldi« frá 2. júlí 1790, og »lögum um uppfræðing barna í skript og reikningi« frá 9. jan. 1880, er of lágt.

2. Heimilin geta ekki lengur almennt veitt börnunum hina lögskipuðu fræðslu sjálf. Veldur því ekki sízt fólksfæðin á mörgum heimilum, sem farið hefur vaxandi, og hins vegar eru heimilismenn opt ekki færir um að veita hina lögskipuðu fræðslu, þótt þeir hefðu tíma til þess.

4. Farkennararnir, sem hafa átt að bæta úr skorti heimilisfræðslunnar, eru margir illa hæfir til þess, sumir óhæfir, og engin ákvæði hafa verið sett til að tryggja sjer að teknir væru til kennslustarfsins hæfustu mennirnir, er byðust.

4. Þing og stjórn hefur ekki sjeð þjóðinni fyrir nægilega vel undirbúnum kennurum, nje heldur með fjárframlögum úr landssjóði og skilyrðum fyrir þeim gert kennarastöðuna svo aðlaðandi, að margir efnilegir menn vildu gera kennarastarfið að lífsstarfi sínu.

5. Lítið sem ekkert hefur verið gert til þess, að föstu skipulagi væri komið á farkennsluna, og leiðbeiningar í því efni og aðhald frá hendi hins opinbera hefur vantað. Auk þess hefur vantað leiðbeiningar um fyrirkomulag skólahúsa, þar sem þau hafa verið reist, innanstokksmuni þeirra, kennsluáhöld o. s. frv. Skortur á góðum kennslubókum hefur verið mjög tilfinnanlegur.

6. Aðhald að hreppunum og kaupstöðunum, og eptirlit með því, að hvert barn nái því markmiði, sem sett hefur verið, er með öllu ófullnægjandi. Það er aðallega falið prestunum, en engin trygging fyrir því, að þeir framkvæmi eptirlitið sæmilega, nje geti gert það.

7. Nægilegt eptirlit með því, hvernig fje því er varið, sem veitt er til farkennslu og fastra skóla, hefur vantað. Fullnæging skilyrða þeirra, sem sett hafa verið fyrir fjárveitingu úr landssjóði, er því opt meiri á pappírnum en í raun og veru.

Með öðrum orðum: markmiðið er of lágt, tækin til að ná því mjög ófullkomin, og eptirlit með því að þeim tækjum, sem fyrir hendi eru, sje beitt, er með öllu ófullnægjandi.

Frá þessu eru auðvitað til nokkrar heiðarlegar undantekningar, en þær

raska ekki þessum dómi í heild sinni, enda mun hann í aðalatriðunum vera almennt viðurkenndur.

Úr þessum annmörkum verður ný löggjöf um barnafræðslu að bæta. Við nánari íhugun hefur mjer virzt óráðlegt að ætla sjer að kippa þessu í lag með fjárframlögum einum úr landssjóði og skilyrðum fyrir þeim. Hreppar og kaupstaðir verða þegar í stað að hafa lagaaðhald til að bæta barnafræðsluna að nokkrum mun, að öðrum kosti verða framfarir hennar háðar dugnaði og ósjerplægni einstakra manna, er fljótt þreytast, þegar aðstoð laganna vantar. Þetta eru og sveitirnar sumar farnar að finna. Einn hreppur, Landmannahreppur í Rangárvallasýslu, hefur þannig gert kennslusamþykkt 1902, er var samþykkt með 24 samhljóða atkvæðum, og setur hún fastar reglur um það, hvernig farkennslunni skuli haga í hreppnum, og skyldar þá, er börn hafa til framfærslu, 11—14 ára að aldri, til að láta börnin njóta farkennslunnar ákveðinn tíma á ári. Sýnir þetta, að hreppurinn telur nauðsynlegt að lögbinda kennsluna, er hann setur sjer lög sjálfur. En því miður eru hreppar ekki svona framtakssamir almennt.

Þar sem það nú má telja viðurkennt, að heimilisfræðslan geti ekki almennt einu sinni fullnægt þeim kröfum, sem gerðar eru til fermingar, að á hinn bóginn ekki verður unnt að koma upp heimavistarskólum fyrir börn í sveitum nema smátt og smátt, þá verður farkennslan eina úrræðið fyrst um sinn, og verður því að setja um hana ákvæði, er tryggi sem bezt að markmiðinu verði náð. Þegar sveitirnar eru þannig neyddar til að koma föstu skipulagi á farkennsluna og kosta hana, þá finna þær bezt annmarkana, sem slík kennsla er háð, en það verður þeim hvöt til að finna upp svo hentugt farkennslufyrirkomulag, sem auðið er, eða til að koma upp heimavistarskólum, ef þeir reynast vel, þar sem þeir verða settir á fót. Á þennan hátt verður lögskipuð farkennsla undirbúningur annars betra, og skóli fyrir sveitirnar í rjettum skilningi á því, hvernig barnafræðslunni verður bezt hagað, skóli, er sveigir þær inn á rjetta braut.

Aðsókn barna að föstu skólunum verður einnig að lögákveða, og er það ekki nema skylt, er þeir njóta tiltölulega ekki all lítils styrks úr landssjóði. Skal jeg víkja að þessu atriði, þar sem jeg tala um þær greinar frumv., er að föstu skólunum lúta.

Það er að vísu satt, að framkvæmdir laganna hljóta að verða erfiðar og ófullkomnar, þangað til að búið er að koma upp nýrri kynslóð duglegra kennara í viðbót við þá, sem vjer þegar höfum hæfa í þeirri stöðu, og þangað til komnar eru út góðar kennslubækur, sem vjer nú höfum mjög af skornum skammti. En þrátt fyrir það tel jeg óhyggilegt að leggja árar í bát um skeið, og ætla sjer svo að koma fullkomnu lagi á, þegar góð tæki eru fengin, allt í einu, jeg sje ekki annað en að vjer verðum að herða róðurinn strax með þeim tækjum, sem vjer höfum, nota gömlu árarnar, þangað til búið er að smíða nýjar og betri, sem vjer tökum til notkunar jafnóðum og þær verða til.

Við samning frumv. hef jeg því haft þetta fyrir augum, að setja kröfurnar þegar svo hátt, sem gera má sjer von um að unnt verði nokkurn veginn að fullnægja með hæfilegri áreynslu og með þeim tækjum, sem vjer nú höfum og fáum í nánustu framtíð, en búa jafnframt svo um, að með reglugjörðum megi setja markið hærra, eptir því sem áhugi aðstandenda og fjárframlög vaxa, og kennarar og kennslutæki verða betri.

Yrði frumv. þetta að lögum, er það von mín, *að* með því sje markmiðið ákveðið nær rjettu lagi en áður, *að* nokkur trygging sje fyrir því að beztu kennslukraftarnir, sem völ verður á, verði notaðir meir og meir, *að* eptirlitið og framkvæmdirnar á ákvæðum laganna verði stórum betri en áður og *að* undirbúningur og leiðbeining af hendi yfirstjórnarinnar geti orðið í allgóðu lagi.

Skal jeg þá víkja að einstökum greinum frumvarpsins í þeirri röð, sem þær standa:

Aths. við 1. gr.

Heimilin verða sjálf að annast fyrstu kennslu barnanna í lestri og skript, enda gjöra þau það almennt, því að enginn skal ætla að börn læri að lesa eingöngu á því, þótt kennari sje með höppum og glöppum tekinn örfáar vikur á vetri á heimilið. Hitt er annað mál, að þegar kennari er tekinn á annað borð, þá er hann látinn hafa til kennslu öll þau börn, sem á heimilinu eru, af því börnin eru svo fá á hverjum stað, sem kemur af því að lítil gangskör er gerð að því að safna börnum saman á fáa kennslustaði, og það þótt hægt væri stundum með því að láta þau ganga stuttan veg. Auðvitað er þetta gert allvíða, en hvergi nærri eins og hægt væri. Samkvæmt farkennsluskýrslunum koma á hvern kennslustað 5,5 börn. Af 4257 börnum, er farkennslu nutu, voru 1379, eða nokkru minna en $^1/_3$, yngri en 10 ára. Utan kaupstaðanna fjögra voru 310 börn, er kennslu nutu, yngri en 7 ára. Má á farkennsluskýrslunum sjá nokkur 3 ára gömul börn tilfærð sem nemendur! Ef nú heimilin ekki geta innt af hendi þessa allra minnstu kröfu, sem gera verður til þeirra, að kenna börnunum nokkuð að lesa og skrifa, þá finnst mjer þau verði sjálf að bera kostnaðinn við þá kennslu og eigi ekki að borga til hennar af sveitarsjóðum eða landssjóði. Hjer má og taka það fram, að byrjunarkennsla í lestri hlýtur hjá oss almennt að vera einstaklingskennsla, því að vjer höfum ekki kennara, er kunni að kenna mörgum börnum lestur í senn, og fáum þá ekki fyr en með nýjum kennaraskóla. Auðvitað gegnir nokkuð öðru með skriptarkennsluna, en hana geta farkennarar stutt með forskriptum eða útvegun forskriptarbóka. Kennsla heimilanna verður og auðvitað því hægari, sem eldri börnin á heimilunum fá betri fræðslu. Þau geta þá sagt þeim yngri til.

Aths. við 2. gr.

Kverkennslan tekur almennt upp mjög mikinn tíma af barnafræðslunni á landi hjer. Hún er auðvitað misjöfn eins og önnur kennsla, en jeg hygg, að varla sje of djúpt tekið í árinni, þó að sagt sje að hún sje almennt bókstafsstagl, eilíf yfirheyrsla og utanaðlærdómur og mörgum kennara hvimleið, ekki síður en börnunum. Virðist mjer því rjettara að fela hana heimilunum og prestunum og hygg jeg að trúarlífi barnanna væri engu verr borgið með því lagi. Annars skal jeg leyfa mjer að skjóta því fram, hvort ekki væri tími til kominn að endurskoða löggjöf vora um ferminguna.

Aths. við 3. gr.

Kröfur þær, sem hjer eru gerðar, eru hærri en verið hefur til fermingar og sje þeim framfylgt væri það mikil framför frá því, sem nú er. Jeg

hef gert þær svo nákvæmar, sem þær eru, til þess að í lögunum sjeu tekin af tvímæli um hvað átt er við. Móðurmálið er sett efst, því að það á að vera aðalnámsgrein hvers barnaskóla. Núgildandi ákvæði um lestrarkunnáttu barna, frá 2. júlí 1790, eru sannarlega ekki samboðnar kröfum nútímans: »þá álizt barn fulllæst, er það getur skýrt og viðstöðulitið lesið hverja prentaða bók á máli landsins, t. d. sálma og guðspjallabók o. s. frv.; en eigi má þá leita upp handa barninu þá vandastaði, er jafnvel eldri almúgamönnum mundu þykja erfiðir«!

Þar sem heimtað er að börnin viti nokkuð um helztu skáld vor á síðustu öld og á vorum tímum, þá er ætlazt til að þau fái þessa fræðslu í sambandi við lestrarkennsluna. Jeg ætlast t. d. til að börn, sem lesa kvæðið »Gunnarshólmi«, fái vitneskju um hvaða maður Jónas Hallgrímsson var. Meiningin er ekki að þau eigi að læra íslenzka bókmenntasögu. Þegar ekki er unnt að heimta kennslu í ýmsum greinum, svo sem sögu Íslands, landafræði, náttúrufræði o. s. frv., bæði vegna þess, hve námstíminn er stuttur, og hins, að kennararnir eru ekki almennt færir um að kenna þessar greinar, þá er auðsætt, að nauðsyn er á að fá sem fyrst hæfa lesbók, þar sem börnin fá nokkuð af þessum fróðleik, einmitt við það að lesa og gera grein fyrir því, sem þau lesa um. Að börnin læri kvæði utanað, glæðir fegurðartilfinning þeirra og þroska í kunnáttu málsins. Ættjarðarkvæðin og kvæði um menn úr sögu vorri eiga að glæða ættjarðarástina og vinna að nokkru leyti sama verk, sem unnið yrði með kennslu í sögu landsins, ef unnt væri að kenna hana vel, en þess mun því miður ekki kostur enn hjá oss.

Skript er sú grein, sem er tiltölulega bezt kennd hjá oss, og er furða, hve vel sum fermingarbörn skrifa víða út um land. Hygg jeg því að vel megi ná því marki almennt, sem hjer er sett.

Í *reikningi* er hjer heimtað það meira en í lögunum frá 1880, að bætt er við almennum brotum og tekið fram, að börnin skuli læra að reikna flatarmál og rúmmál einföldustu líkama og fá nokkra leikni í hugareikningi. Ef til vill verður einna örðugast að fá þessum kröfum fullnægt alstaðar. Reikningskennslu er víða mjög ábótavant, börnin læra opt að reikna með aðferðunum án þess að skilja, hvernig á þeim stendur, og hugarreikningur er almennt lítið stundaður. En jeg hygg, að þetta mætti mikið laga, væru gefnar út hentugar kennslubækur í reikningi með þessa kennslu fyrir augum og fylgdu þeim góðar leiðbeiningar um reikningskennslu. Væri æskilegt að landstjórnin hlutaðist til um að slíkar bækur yrðu samdar og gæfi þeim sín meðmæli við kennslu þá, er styrks nýtur af landssjóði.

Varla verða skiptar skoðanir um það, að heimta beri fræðslu í þeim greinum, sem nú hafa verið taldar, þótt einhverjir vilji ef til stíla kröfurnar eitthvað öðruvísi. Aptur á móti veit jeg, að ýmsir mundu vilja að öll kristindómskennsla hyrfi úr skólunum og væri falin heimilunum og prestunum til umönnunar. Um kverkennsluna hef jeg talað, en um fræðslu þá í *biblíusögum*, sem hjer er farið fram á, skal jeg taka það fram, að bæði mundu kennarnir almennt færari um að hafa hana á hendi, en kverkennsluna, og því jafnframt stunda hana með ljúfara geði, og hins vegar virðist mjer varla með rökum verða haft á móti því, að skylt er að fræða börnin um helztu atriðin í lífi og kenningu Krists, en á það ber að leggja aðaláherzluna. Auk þess mun þykja svo, sem heimilunum sje nóg íþyngt, er þau eiga að taka að sjer kverkennsluna.

Að kunna að nota *landabrjef* er nauðsynlegt fyrir hvern þann, er vita vill um hag lands síns eður annara landa. Það er eitt skilyrðið til að geta haft not af sumu af því, sem stendur í bókum þeim og blöðum, er hverjum manni berast í hendur. Þekking sú, sem átt er við á náttúru landsins og atvinnuvegum þjóðar vorrar, er álíka og börn nú fá í barnaskólum vorum; en ákvæðin um þekking á öðrum löndum og álfum eru í rauninni að eins nokkur trygging þess að börnin hafi fengið í hendur og notað önnur landabrjef en uppdrátt Íslands.

Ákvæðið um *söngkunnáttu* væri ef til vill rjettara að stíla svo: »rjett er að barnið kunni o. s. frv.«, af því að opt getur verið, að kennarar syngi ekki sjálfir og geti því ekki kennt einföldustu lög. Ákvæðið á að vera til þess að hvetja til þess, að kennarar láti börnin syngja lög, sem þau kunna eða kennararnir geta kennt þeim. En auðvitað yrði í reglum þeim, er settar yrðu um próf, tekið fram, að ekki mætti láta vankunnáttu í söng ráða úrslitum um það, hvort barnið teldist hæfilega vel að sjer eða ekki. Það er næsta sorglegt, sem jeg víða hef rekið mig á í skólum úti um land, að börnin kunna ekki einu sinni: »Ó, fögur er vor fósturjörð«, hvorki orð nje lag.

Það er von mín, að kröfur þær, sem jeg nú hef skýrt, sjeu ekki of harðar, ef gert er ráð fyrir að minnsta kosti tveggja mánaða fræðslu ár hvert í 4 ár og börnin eru sæmilega lesandi og nokkuð skrifandi 10 ára að aldri, en í því efni hafa heimilin nokkurt aðhald í ákvæðunum um prófin, sjá 12. gr.

Aths. við 4. gr.

Takmarkið verður yfirleitt hið sama fyrir fasta skóla og farskóla í móðurmáli, skript, reikningi og biblíusögum. Þeir föstu skólar, sem vjer nú höfum, hafa allvíðast tekið upp kennslu í flestum þeim greinum, sem heimtaðar mundu verða með reglugjörðum skólanna. Það að meiri fræðsla sje heimtuð, þar sem unnt er að láta börn sækja fasta skóla, styðst við það, að þeir staðir eiga hægra aðstöðu með það að veita börnunum menntun, og má því heimta meira af þeim en strjálbyggðu sveitunum.

Aths. við 5. gr.

Auk þess, sem minnst var á farkennsluna hjer að framan, skal jeg taka það fram, að eptir því, sem jeg kemst næst, hafa börn þau, er farkennslu nutu hjer á landi 1903—'04 að meðaltali fengið 8 vikna fræðslu hvert. Kennslutíminn verður auðvitað að miðast við kröfurnar, sem gerðar eru, en hins vegar virðist mjer rjett að hafa hliðsjón af meðaltalinu og ekki óskynsamlegt, þegar kröfurnar eru auknar, að heimta sama lágmark, sem meðaltalið er.

Með ákvæðum 5. gr. er skólanefndinni að vísu veitt allmikið vald, er hún á úrskurð um það hverjir sjeu færir um að fræða börn sín heima, en varla er það hættulegt ákvæði, því að freistingin verður meiri í hina áttina að lofa sem flestum að fræða börn sín heima, til þess að hreppurinn þurfi sem minnstu til kennslunnar að kosta. Um sekt þá, sem ákveðin er í greininni, geta verið skiptar skoðanir, hve há hún skuli vera. Norðmenn ákveða sömu sekt.

Aths. við 6. gr.

Ákvæðið um styrk af sveitarsjóði til að koma börnum fyrir er óhjákvæmilegt, eigi lögunum almennt að verða framfylgt. Kennslusamþykkt Landmanna hefur þetta ákvæði og Norðmenn hafa sams konar í lýðskólalögum sínum, 17. gr.

Aths. við 7. gr.

Þar sem farkennslan yrði alls ekki framkvæmanleg, ef heimilisfeður almennt neituðu að veita farskóla viðtöku, virðist mjer nauðsynlegt að neitun varði sektum og sje sektin svo há, að freistingin til þess verði sem minnst. 5—20 kr. sýnist því ekki fjarri lagi. Norðmenn leggja sektir við því sama.

Aths. við 8. gr.

Með þessari grein yrði innleidd skólaskylda við föstu skólana fyrir börn á aldrinum 10—14 ára, *þegar* yfirstjórnin væri búin að samþykkja reglugjörðir þeirra og hollustuhætti (loptrými fyrir hvert barn, o. s. frv.). Í ákvæðunum um það, hvenær lögin ganga í gildi má taka tillit til þess, að tíma þarf til að koma sumum skólahúsunum í hæfilegt lag, stækka þau o. s. frv. eða selja þau gömlu og reisa ný, og væri því rjett að veita frest um ákveðinn tíma þeim hreppum, sem ekki hafa fullnægjandi skólahús nú þegar. Við það að kynna mjer skólana út um landið, hef jeg sjeð það æ betur og betur, að skólaskylda er þar bráðnauðsynleg víðast, eigi að eins vegna barna þeirra, sem fara nauðsynlegrar fræðslu á mis, vegna þess að þau eru ekki skyld að sækja skólana, heldur og vegna kennslu þeirra barna, sem skólana sækja. Vöntun á skólaskyldu við þá skóla, sem komnir eru á fót hjá oss, stendur skólunum fyrir þrifum. Þetta er ofurskiljanlegt. Meðan foreldrar eru sjálfráðir um það, hvenær þeir senda börn sín á skólana, þá verður það alltaf svo, að sumir foreldrar, ýmist fyrir fátæktar eða hirðuleysis sakir draga það að senda börn sín í skólann þangað til einu eða tveimur árum fyrir ferminguna. Afleiðingin verður sú, að börnin geta illa eða alls ekki orðið samferða í náminu. 13 ára barn, sem kemur í skóla og kann jafnlítið og 9 ára barn, sem þar er fyrir, getur ekki orðið því samferða. Þroski 13 ára barnsins er meiri og auk þess þarf það að flýta sjer til þess að ná fermingu á rjettum tíma. Kennarinn getur því ekki látið fara fram verulega *sameiginlega* kennslu, hann verður að taka börnin annaðhvort í smáhópum eða hvert út af fyrir sig. Fyrir bragðið vinnst ekki tími til annars en að hlýða börnunum yfir það, sem þeim hefur verið sett fyrir, en slík skyndiyfirheyrsla er í raun og veru engin *kennsla*. Auðvitað kveður ekki eins mikið að þessum annmarka þar sem skólarnir eru orðnir svo öflugir, að hægt er að skipta börnunum í marga eða nokkra bekki, svo sem í kaupstöðunum fjórum. En samt sem áður stendur það hvervetna fyrir þrifum, að skólaskylduna vantar. — Skólanefndir verða sumstaðar að ganga með grasið í skónum eptir foreldrunum til þess að fá þá til að senda börnin á skólana.

En þá er kostnaðurinn, sem af þessu mundi leiða. Hann þyrfti ekki að verða eins tilfinnanlegur og í fljótu bragði kann að virðast. Erfiðast yrði með stækkun skólahúsanna. En fyrst er þess að gæta, að sumstaðar eru nýbyggð skólahús svo stór og hentug, að engu þyrfti að breyta, þó að öll börn, sem

gengið geta á skólann, 10—14 ára að aldri, fengju þar kennslu. Á ¼ hluta af öllum skólum utan kaupstaðanna fjögra væri óhjákvæmilegt að auka skólastofurnar, *ef* loftrými fyrir hvert barn ætti að vera það sama og nú er fyrir þau börn, er *nú* sækja skólana, eða rjettara sagt sóttu þá veturinn 1903—'04. En verði settar strangar kröfur um loftrými í skólum, t. d. 130 rúmfet fyrir hvert barn, þyrfti auðvitað miklu víðar að stækka skólana. Sjá um þetta efni fylgiskjal. Sje nú litið á gjaldþol hreppanna til að standast útgjöldin við stækkun skólanna, þá er það auðvitað misjafnt, en benda má á það, að þeir skólar, sem nú eru komnir upp, eru komnir það af eigin ramleik hreppanna og kaupstaðanna sjálfra. Auðvitað eru ýmsir þeirra enn í nokkurri skuld fyrir skólahúsin, en optast munu það þá vera þeir, sem fyrir skemmstu hafa byggt og því þyrftu minnstu að breyta. Hins vegar væri það undarlegt, ef hreppur gæti byggt skólahús sjer að meinalitlu, en gæti svo með engu móti stækkað það nokkuð, án þess að gugna undir byrðinni. Ef til vill gæti landssjóður veitt hreppunum lán með góðum kjörum til þess að standast kostnaðinn við breytingar þær, sem ný lög hefðu í för með sjer, og væri það mjög æskilegt og sanngjarnt.

Jeg geri ráð fyrir að kaupstaðirnir 4 þyrftu mestu til að kosta, en þeir ættu líka að hafa bezt beinin til að bera kostnaðinn.

Jeg skal þá víkja að breytingu þeirri, sem yrði á um aldur barna þeirra, er skólana sækja. 1903—'04 voru á föstu skólunum utan kaupstaðanna (þeim föstu skólum, er nutu styrks úr landssjóði sem slíkir) 1020 börn, af þeim voru 194 börn yngri en 10 ára, eða tæpur ⅕ hlutinn. Á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði gengu samtals 273 börn á skólana; af þeim voru 49 yngri en 10 ára og hlutfallið því hið sama. Og nú ber þess að gæta, að þau börnin, sem koma svo ung á skólana, munu að öllum jafnaði einmitt vera börnin frá beztu heimilunum, þeim heimilum, sem ættu hægast með að veita börnum sínum undirbúningsfræðslu utan skólanna. — Í Reykjavík er hlutfallið öðru vísi en í hinum kaupstöðunum; 1903—'04 voru 426 börn á barnaskólanum í Reykjavík, 133 þeirra, eða tæpur ⅓ hlutinn, voru yngri en 10 ára.

Ákvæðið um, að yfirstjórnin geti leyft að stytta hinn lögboðna námstíma um einn mánuð, í þeim tilgangi, sem tekinn er fram, er sett til þess að þeir hreppar, sem vegna ónógrar heimilisfræðslu þurfa að halda skóla fyrir börn yngri en 10 ára, geti gert það án þess að stækka skólana meira en þessi lög hafa beint í för með sjer, og er ætlazt til, að það sem missist við að námstíminn styttist, vinnist upp við það, að börnin komi betur undirbúin í skólann 10 ára gömul. Nú er árlegur námstími á skólunum almennast 6 mánuðir, af því það er lágmarkið, sem sett hefur verið í styrkveitingaskilyrðunum.

Ákvæðið um heimild til að taka upp skólaskyldu fyrir yngri börn en 10 ára, er auðvitað sett með sjerstöku tilliti til kaupstaðanna í framtíðinni, einkum Reykjavíkur.

Niðurlag 8. gr. mun ekki þurfa skýringar við.

Að öllu samanlögðu virðist mjer ekki mikil fjarstæða að lögleiða skólaskyldu, eins og lítur út fyrir að ýmsum mönnum virðist, er á þetta hafa minnzt í blöðunum, heldur sje það spor, sem vjer getum stigið og verða mundi þjóðinni til gagns.

Aths. við 9. gr.

Heimavistarskólar eru í undirbúningi á nokkrum stöðum út um land, og þykir mjer líklegt, að jafnvel komi ein eða fleiri umsóknir um styrk til að setja upp slíka skóla til næsta þings. Virðist mjer mjög æskilegt að veitt yrði fje til þess að koma slíkum skólum á fót til reynslu sem fyrst, og vandað til þeirra eptir föngum. En sökum þess, hve skólahúsin og rekstur skólanna hljóta að verða dýr, er varla hugsandi að minni hjálp nægði frá landssjóðs hendi, en að hann borgaði helming af byggingarkostnaði skólanna, og legði auk þess til helming af launum starfsmanna skólanna. Af því jeg hef skrifað grein um fyrirkomulag og kostnað slíkra skóla, eins og jeg hugsa mjer þá, skal jeg ekki fjölyrða um þetta atriði, en að eins leyfa mjer að vísa til þessarar greinar, sem verið er að prenta, og skal jeg leyfa mjer að senda stjórnarráðinu hana.

Aths. við 10. gr.

Skólagjald er almennt við barnaskóla hjer á landi, og það hærra en tíðkast víðast við samskonar skóla erlendis, þar sem skólagjald er tekið. Sjá fylgiskjal um skólagjald hjer á landi. Í því efni eins og sumum öðrum, er að skólamálum lúta, förum vjer öfugt að við aðrar þjóðir. Þær hafa almennt skólagjald við hærri skólana, en ókeypis kennslu við lýðskólana, og þarf varla að leiða rök að því, að hitt er rangt. Þjóðfjelagið á að veita ókeypis þá fræðslu sem það heimtar af öllum meðlimum sínum, án tillits til efnahags þeirra, enda er almennt svo litið á, sem skólaskyldu eigi að vera samfara ókeypis kennsla. Það verður því að vera reglan. Hitt virðist mjer ekki óeðlilegt, að veita megi heimild til að taka lágt skólagjald, þar sem skólanefndir mæla með því, því að þær eiga að þekkja bezt, hvað skólanum hentar.

Aths. við 11. gr.

Barnapróf eru mjög víða haldin á landi hjer, og sækja prófin börn 10—14 ára að aldri. Þau þykja almennt reynast vel, vekja kapp og ástundun bæði foreldra og barna. Þar sem prestar eru duglegir og áhugasamir um þau, eru prófin vel sótt. Hjer er nú farið fram á að gera það, sem er sæmilega almenn venja, að lögum, og leggja sektir við, sje út af brugðið. Vegna þess að skólanefnd verður að styðjast við prófin, er hún úrskurðar um hvort foreldrar sjeu færir um að fræða börn sín heima, er það nauðsynlegt að hafa tryggingu fyrir að þau verði sótt.

Aths. við 12. og 13. gr.

Með þessum greinum er ætlazt til, að skólanefnd hafi nægilegt aðhald að foreldrunum. Prestar munu sjaldan beita þeirri heimild, sem þeir í lögunum frá 1880 hafa til þess að taka börn af heimilunum, og koma þeim fyrir til fræðslu annarsstaðar. Þó veit jeg dæmi til þess, þar sem prestar eru áhugasamir. Með þessu verður að nokkru leyti ljett af prestunum þeirri óvild og óþægindum, sem stundum kunna að rísa af framkvæmdum slíkra ákvæða, þar sem þetta verður á valdi skólanefndarinnar í heild sinni.

Aths. við 14. gr.

Um tilhögun prófanna skal eg geta þess, að eg hugsa mjer að prófað

sje í öllum námsgreinum; í söng þannig að börnin syngi saman öll lag, er þau kunna. Til yfirstjórnarinnar ætlast jeg til að ekki sje að eins sendur prófdómurinn, heldur og sýnishorn af skript og rjettritun hvers barns með nafni þess og aldri tilfærðum, og auk þess reikningsdæmi þau, er gefin hafa verið við prófin. Nú er það auðvitað talsvert verk, ef yfirstjórnin ætti að lesa vandlega og meta um 7000 stíla ár hvert, en þó hún geri það ekki, þá hygg jeg að meira megi læra á því, að líta yfir stíla frá einhverjum skóla, en af ótal prófskýrslum. Auðvitað yrðu stílarnir að vera gerðir undirbúningslaust við prófið sjálft og með nægu eftirliti.

Aths. við IV. kafla, 15., 16. og 17. gr.

Að semja skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði er mjög vandasamt, eigi að gjöra það svo, að þau verði ekki hapt á frjálsum og eðlilegum vexti og viðgangi fræðslunnar. Fyrst og fremst ríður oss á að reyna að tryggja oss að notaðir verði hæfustu kennararnir, sem bjóðast, og það má að nokkru leyti með því að fastákveða lágmark launanna. Jeg hygg, að ekki sje enn tími kominn til að setja föst lög um kennarana, skilyrði fyrir, að þeim sje veitt staða, skyldur þeirra og rjettindi. Verðum vjer því að reyna að ryðja þeim kafla laganna braut með því að bæta hag kennaranna með styrkskilyrðum.

Þegar skólanefndirnar verða með skriflegum samningi að ráða kennarana fyrir kaup, sem ekki má fara niður fyrir ákveðið lágmark, þá fara þær að hugsa um það að fá kennara, sem vinna fyrir því kaupi, sem ekki verður komist hjá að borga þeim, þ. e. þær reyna að fá sem hæfasta kennara. Og jafnframt verður reynt að hafa þeirra sem mest not: láta þá hafa til kennslu svo mörg börn í senn, sem þeir fá með góðu móti yfir komizt. Við þetta fækkar kennurum, en þá verður landssjóðstyrknum ekki dreift eins og nú er og verður því launahækkun kennara ekki eins tilfinnanleg og í fljótu bragði kann að virðast.

Hjer kemur og til greina að ekki verður veitt fje til kennslu yngri barna en 10 ára.

Á Íslandi voru samkvæmt manntalinu 1901 alls 6392 börn á aldrinum 10—14 ára (tekið eptir skýrslu sem hagfræðisskrifstofan í Höfn gaf mjer 1902). 1903—'04 nutu alls um 6210 börn og unglingar kennslu, samkvæmt skýrslunum. Við manntalið 1901 var tæpur fjórði hluti allra landsmanna í kaupstöðum og kauptúnum. Þegar nú teknar eru með þær sveitir, er hafa fasta skóla, má ætla að 2100 barna á aldrinum 10—14 ára geti sótt fasta skóla. Gerum nú ráð fyrir að þau 4300 börn, sem samkvæmt þessu ættu að vera í skólalausum sveitum, nytu farkennslu. Með því lagi, sem nú er á farkennslunni, komu að meðaltali 5,5 börn á hvern kennslustað. Er þá ekki hátt í lagt, að með betra skipulagi á farkennslunni mætti kenna að meðaltali 8 börnum á hverjum stað. Kennslustaðir yrðu þá 4300 : 8 = 538. Væri nú kennt að meðaltali 10 vikur á hverjum stað (frv. gerir ráð fyrir 8 vikum minnst) þá verða það 5380 kennsluvikur. Ef nú hver kennsluvika kostar 11 kr. (5 kr. fæði og 6 kr. laun), verður kostnaðurinn samtals kr. 59180. Farkennslan 1903—1904 kostaði rúmar 42,000 kr. Af þeim borgaði landssjóður 7000 kr. eða 1/6 hlutann. Ætti nú landssjóður að borga 1/6 hluta kennslunnar, eins og áður, yrði tillagið um 10000 kr. eða 9,862 kr.

Auðvitað verður tilkostnaðurinn fyrir foreldra nokkru meiri en áður við það að koma börnunum fyrir á kennslustöðunum eða í nánd við þá.

Ef hver farkennari kenndi að meðaltali 26 vikur á ári, þá þyrftum vjer til þessarar kennslu um 207 kennara.

Ef vjer gerum ráð fyrir, að í kaupstöðunum fjórum sje um 800 börn og í kauptúnum og þjettbýlum sveitum 1300 og að hver kennari kenni að meðaltali 25 börnum (1903—'04 komu 20 börn á hvern kennara), þá þarf 52 kennara við föstu skólana utan kaupstaðanna. Kenni nú hver þeirra að meðaltali 27 vikur, verða það 1404 kennsluvikur samtals. Ef hver kennsluvika kostar 18 kr., verður kostnaður samtals 25,272 kr. Árið 1903—'04 borgaði landssjóður tæpan helming kennaralaunanna við þessa skóla eða 7000 kr. Etti hann samkvæmt því að borga nú um 12,500 kr.

Svo koma kaupstaðirnir 4. Þeir hafa hingað til legið algjörlega fyrir utan lög og rjett í kennslumálum. Landsjóður hefur engan styrk veitt þeim og þeir engar skýrslur verið skyldir að senda um hag barnafræðslunnar hjá sjer, nje haft hvöt til þess. Nú er reyndar engin ástæða til að útiloka þá frá styrk úr landssjóði til barnafræðslu, nema ef vera skyldi sú, að þeir hafi að ýmsu leyti betri aðstöðu en hrepparnir. Treysti jeg mjer ekki til að ákveða með vissu, hvað rjettast væri í því efni, og skal að eins benda á, að yrðu kaupstaðirnir teknir með, þá verður það nýr útgjaldaliður, sem ekki má hafa áhrif á fjárveitingu til hinna skólanna.

Að því nú er snertir hin styrkskilyrðin, mun varla verða ágreiningur um þau: Ef til vill kynni það að þykja einkennilegt að heimta að kennslunni sje hagað eptir reglugjörð, sem skólanefndin semur (15. gr. 1.), þegar hún þarf ekki samþykkis yfirstjórnarinnar við, en í raun og veru er tryggingin fyrir því, að reglugjörð sem yfirstjórnin hefur samþykkt, verði fylgt, engu meiri, í hvoru tveggja tilfellinu er allt komið undir því, hvernig skólanefndin er, hvort hún svíkst um eða ekki svíkst um, falsar eða falsar ekki.

Að setja ákveðna barnatölu sem skilyrði fyrir styrkveitingu til fastra skóla, mun vera óþarfi, þegar lágmark launanna er ákveðið, því að enginn hreppur mundi halda kennara með 18 kr. launum á viku, ef hann hefði færri börn en 12, eins og nú er lágmarkið. Með því að veita styrk úr landssjóði tiltölulega við barnafjölda og námstíma, stendur hann í beinu hlutfalli við kennaraþörfina og verður því ákveðið brot af laununum, þegar lágmark þeirra er ákveðið. Um árangur kenslunnar verður veitingarvaldið að gera sjer hugmynd af skýrslum þeim og skírteinum, er það fær sent, svo og af eptirlitsferðum umsjónarmannsins.

Um heimavistarskólana skal jeg að eins geta þess, að mjer virðist nauðsyn til bera, að yfirstjórnin hafi hönd í bagga með um allt þeirra fyrirkomulag, af því þeir verða tilraunir, er leiða verður með gætni.

Aths. við V. og VI. kafla, 19.—25. gr.

Þessir kaflar byggjast að öllu leyti á skoðunum þeim, er eg hef haldið fram í kaflanum um stjórn og umsjón lýðskólanna í bók minni Lýðmentun, bls. 183—196 og skal jeg því leyfa mjer að vísa á hann.

Loks skal jeg leyfa mjer að drepa á fyrirhugaðan kennaraskóla, þó að ekki standi, svo að heitið geti, ákvæði um hann í þessu frumvarpi. Vonir

um betri barnafræðslu og lýðmenntunina í heild sinni hljóta, eins og margsinnis hefur verið tekið fram, aðallega að byggjast á *góðum* kennaraskóla. Skoðanir mínar á því, hvernig sá skóli eigi að vera og *hvar* hann eigi að standa, munu vera stjórnarráðinu kunnar. Skal jeg því að eins taka það fram, að jeg held fast fram stefnu frumvarps þess um kennaraskóla í Reykjavík, sem samþykkt var við 3. umr. í Nd. 1903, nema í síðari hluta 3. gr., sem jeg hygg að rjettast mundi að fella burt; (»en jafnframt . . . . . einum vetri«), sökum þess að jeg hygg, að bæði mundi þetta fyrirkomulag, að hafa sjerstaka farkennarafræðslu á einum vetri, líklega valda skólanum örðugleika og hins vegar sje, þegar á allt er litið, rjettara að setja öllum nýjum kennaraefnum markmiðið hátt. Það verður nóg þörf á góðum kennurum. Að því er kennaraþörfina snertir, skal jeg benda á, að þó að komnir væru fastir heimangönguskólar alstaðar, þar sem hægt er, og á hinum stöðunum heimavistarskólar, þá þyrftum vjer samt á þriðja hundrað kennara. Svo skólinn hefur nóg að gjöra fyrst um sinn með fyrirkomulagi því, er haldið var fram 1903.

Áður en þetta mál kemur fyrir þingið, væri æskilegt, að stjórnarráðið hefði í höndum ákveðið svar frá bæjarstjórn Reykjavíkur um þau atriði, er nú skal greina:


Ef kennaraskóli með sjerstökum æfingaskóla, t. d. fyrir 70 börn, 7—14 ára að aldri, yrði settur á stofn hjer í Reykjavík, vill þá bærinn borga kennaraskólanum ákveðna upphæð fyrir að taka að sjer alla kennslu þeirra barna, er komast á æfingaskólann. og þá hve mikið? Hafi kennaraskólinn ekki sjerstakan æfingaskóla, með hvaða kjörum vill þá bærinn heimila kennaraskólanum aðgang að barnaskóla Reykjavíkur til kennsluæfinga? Vill hann borga kennaraefnunum fyrir þá fræðslu, er þeir eptir ákveðnum samningi milli barnaskólans og kennaraskólans kynnu að hafa á hendi í barnaskólanum og hve mikið vill hann þá borga?

Fylgiskjal.


Heimavistarskóli handa 40 börnum.

Teikning eptir hjeraðslækni Guðm. Björnsson.

Skólahús 30×18 ál. Lopthæð 6 álnir.



Kjallari 30×18 ál. Lopthæð 4½ ál.



Fylgiskjal.

Áætlun

um byggingarkostnað á heimavistarskóla handa 40 börnum.
Stærð hússins 30×18 álnir; lofthæð 6 álnir.

	Tala trjánna	Lengd hverstrjes í fetum	Gildleiki	Fet samtals	Kr.	aur.
Fótstykki og sillur	4 trje	30 fóta	5×5″	128 fet á $^{0}/_{18}$	21	60
—— — —	4	— 32 —	5×5″	128 — $^{0}/_{18}$	23	04
Reimstykki	4	— 30 —	3×5″	120 — $^{0}/_{14}$	16	80
Gólfslár	20	— 36 —	$4^{1}/_{2}$×8″	720 — $^{0}/_{35}$	252	00
Bitar	20	— 36 —	5×7″	720 — $^{0}/_{29}$	228	80
Sperrur	36	— 19 —	5×5″	684 — $^{0}/_{18}$	119	12
Stafir í hliðar	34	— 12 —	5×5″	408 — —	73	44
Stafir í gafla	18	— 13 —	5×5″	234 — —	42	12
Stífur í hliðar	4	— 14 —	5×5″	46 — —	7	28
Stífur í gafla	4	— 15 —	5×5″	60 — —	10	80
Lausholt og bindingur í hærri gafla	»	»	4×5″	180 — $^{0}/_{15}$	27	00
Stafir í skilrúm inni	12	— 12 —	4×4″	144 — —	17	28
Stífur í skilrúm inni	12	— 14 —	4×4″	168 — $^{0}/_{12}$	20	16
Stafir og stífur í þverskilrúm inni	20	— 13 —	3×3″	260 — $^{0}/_{81/2}$	22	10
Gólfslár í kjallara	16	— 18 —	4×4″	288 — $^{0}/_{12}$	34	56
— - —	12	— 17 —	4×4″	204 — —	24	48
Skilrúm í kjallara stafir	22	— 9 —	4×4″	198 — —	23	76
Dregarar undir gólfbita	2	— 22 —	4×5″	44 — $^{0}/_{15}$	6	60
— — —	3	— 18 —	4×5″	54 — —	8	10
Reimstykki í kjallara	»	»	2×4″	98 — $^{0}/_{81/2}$	8	33
Stafir í langskilrúm í kjallara	48	— 9 —	4×4″	532 — $^{0}/_{12}$	63	84
Stífur í kjallara	16	— 10 —	4×4″	160 — —	19	20
Lausholt	»	»	4×4″	98 — —	11	76
Stafi	28	— 9 —	3×3″	252 — $^{0}/_{81/2}$	21	42
Stífur	8	— 10 —	3×3″	80 — —	6	80
Lausholt	»	»	3×3″	78 — —	6	63
			Efni í grindina		1117	02
Að grafa fyrir kjallara					60	00
Kjallari 30° 4″×18° 4″ með steypugólfi grófu og tjöru eða asfaltlagi yfir					1768	00
Þrír reykháfar tvöfaldir allir 45 hl. álnir frá kjallaragólfi í mæni					270	00
Strompar úr eldföstum steini 24 krónur hver					72	00
Rúplægð 5×4 borð á þakið og veggina 1788 □ álnir eða $99^{1}/_{8}$ tylftar 1200					1194	00
Þakborð og vindskeiðar 288 hl. fet eða 2 tylftir					24	00
Pappi utan húss á þak og veggi 178 rúllur hver á kr. 2,50					345	00
				Flyt kr.	4850	02

	Kr.	aurar
Fluttar kr.	4850	02
Plankar í vatnslista 100 hl. álnir 2×64	14	00
Sljett járn (nr. 26) á vatnslista, kjöl, og kringum glugga 24 pl. 10 fóta 300	72	00
Bárujárn (nr. 26) á veggi 96 plötur 10 fóta á 300	288	00
— — — - — 68 — 7 — - 190	129	20
— (nr. 24) - þak 136 — 10 — - 335	455	60
30 gluggafög með járnum og gleri hvert á 22,00	660	00
Saumur í járnið 6000, hundraðið á 1,00	60	00
Hurðir 22 með karmi lásum og lömum, hver á 18,50	407	00
Milligólf í 2 bitalög 62 tylftir eða 1054 □ álnir, tylft á 5,00...	310	00
Listar á bita undir milligólf 1440 hl. fet...	43	00
Deigulmór eða leir milli gólfa	15	00
Gólfborð í þrjú gólf 81½ tylft 1467 □ álnir, tylftin á 12,00 ...	978	00
Þiljuborð ¾×4½" á veggi og neðan á loptin 3857 □ eða 320 tylftir á 6,00	1920	00
Þakrennur, og niðurhlaupsrennur, hver hl. alin 0/55, alls 78 hl. al.	42	90
Strigi og pappír neðan á loft í sjúkrastofum, svefnstofum, gæzlukonuherbergjum og skrifstofu 180 □ al....	42	00
Loftlistar og gólflistar 1134 hl. álnir, alin á 0/15	170	30
Gerikti kringum dyr og glugga 1340 fet á 0/8	107	20
Óhefluð málborð í ýmislegt 6 tylftir á 12,00 tylftin	72	00
— 1" borð - — 4 — - 10,00 —	40	00
Eldhúsborð, skápar og hyllur í kjallara ca.	100	00
Stigi úr kjallara og upp á loptið	120	00
Stigi upp á efra loptið, beinn og einfaldur	20	00
Farfi og olía hjer um bil...	125	00
Innrigluggar 17 fög á 8,00, hvert með gleri og járnum	136	00
Ofnar: 3 ofnar á 120 krónur hver	360	00
7 — - 50 — —	350	00
1 eldavjel á 60 krónur	60	00
Baðofn og baðker	175	00
1 þvottapottur	70	00
9 loptsmugulokur (ventilar) á 5,00 hvor...	45	00
Vinnulaun, smíði og málun.		
Smíði á grindinni og að reisa hana...	400	87
Að klæða húsið utan með járni, borðum, pappa og listum og leggja þakið	590	00
Að smíða vatnslista, þakbor, kjöl, vindskeiðar og koma fyrir þakrennum	104	40
Að gjöra í kringum 15 gluggafög með smíði á sólbekkjum og vatnsbrettum	30	00
Flyt kr.	13362	49

	Kr.	aurar
Fluttar kr.	13362	49
Fyrir að láta milligólf í 2 bitalög, leggja gólf í kjallara og 2 gólf uppi	244	45
Að láta í og gera kringum 22 hurðir og fella á 30 gluggafög og láta gerikti og smíða sólborð inni	75	80
Fyrir að rjetta af og þilja alla veggi og láta á þá pappa	576	60
Fyrir að þilja neðan á lopt í kjallara og uppi	146	30
Fyrir að láta lista á gólf og lopt í öllum herbergjunum	56	70
Smíði á eldhúsborði með skápum	16	00
Smíði á 2 salernum	24	00
Málaralaun	75	00
Múrtöflur við ofna og eldavjel 200 □ á 3,00	600	00
Kostnaður við bygginguna kr.	15177	34

Áætlun þessi er samin af Sigvalda trjesmið Bjarnasyni og býðst hann til að byggja húsið hjer fyrir þetta verð, eða jafnvel minna því »rabat« af trjávið sje eigi meðreiknað.

Frumvarp til laga

um

sölu þjóðjarða.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á þjóðjörð sitja, ábýli sín, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Heimild þessi nær eigi til þeirra þjóðjarða, sem að áliti sýslunefndar þar, er jörð liggur, eru hentugar til embættisseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almennings nota.

Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á þjóðjörð eða sýslunefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skamms, eða sýslunefnd hyggur jörðina sjerstaklega fallna til sundurskiptingar á milli margra grasbýla, og má þá eigi selja jörðina án sjerstakrar lagaheimildar í hvert skipti.

3. gr.

Þegar þjóðjörð er seld samkvæmt lögum þessum, skal ávallt undanskilja náma, sem vera kunna í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rjett til að nota þá.

4. gr.

Nú er fleirbýli á þjóðjörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðinni búa, alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja.

5. gr.

Nú er þjóðjörð í eyði, og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur.

6. gr.

Nú gengur jörð, sem seld hefur verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, og skal þá hreppstjóri tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá því og gefa sem fyllsta skýrslu um jörðina. Komist ekki jörðin í sjálfsábúð innan tveggja ára, á landsjóður endurkaupsrjett á henni fyrir sama verð og hann seldi hana, að frádregnu því, er hún kann að hafa rýrnað eptir mati úttektarmanna og er stjórnarráðinu heimilt að innleysa hana fyrir það.

Andvirði þjóðjarða þeirra, sem þannig ganga til landsjóðs aptur, greiðist úr sjóði þeim, er það rann í upphaflega.

7. gr.

Sá, er leita vill kaups á þjóðjörð, semur um það beiðni, stýlaða til stjórnarráðsins, og sendir hana til oddvita sýslunefndarinnar.

Ef beiðandi fullnægir skilyrðunum fyrir því að geta fengið jörðina keypta eptir lögum þessum, leggur sýslumaður beiðni hans fyrir sýslunefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi, hvort hún telji jörðina til þeirra þjóðjarða, sem getur um í 2. gr. Ennfremur skal sýslunefnd segja álit sitt um, hvort undan sölunni ætti að skilja skóglendi, fossa eða önnur jarðargögn, önnur en náma.

8. gr.

Nú telur sýslunefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr., skal þá sýslumaður dómkveðja tvo óvilhalla menn til þess að gjöra lýsing á jörðinni ásamt öllu því, er henni fylgir og fylgja ber, og meta til peningaverðs. Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4% í vöxtu á ári veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um 10 síðastliðin ár, ef leigumáli að dómi matsmanna hefur verið hæfilegur og honum hefur á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskipti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt eptir leigumála jarða í því byggðarlagi.

Nú hefur sýslunefnd látið í ljósi það álit samkvæmt 7. gr., að undan sölu þjóðjarða ætti að skilja skóglendi, fossa eða annað, og skal þá meta jörðina bæði að gæðum þessum meðtöldum og án þeirra.

9. gr.

Nú hefur ábúandi á næstu 10 árum áður en mat fer fram og án nokkurs styrks úr umboðssjóði, gjört jarðabætur eða jarðarhúsabætur á þjóðjörð umfram

það, er byggingarbrjef áskildi, skulu þá matsmenn þeir, er um getur í 8. gr., tilgreina sjerstaklega í matsgjörð sinni, hve mikið þær umbætur hafi hækkað matsverð jarðarinnar. Sú upphæð skal dregin frá söluverði jarðarinnar, þegar ábúandi sá, er þær gjörði, ekkja hans eða niðjar eru kaupendur.

10. gr.

Jafnframt því er sýslumaður kveður matsmenn samkvæmt 8. gr., skal hann útvega frá umboðsmanni eða umráðamanni þjóðjarðarinnar skýrslur þær viðvíkjandi jörðinni, sem matsmenn þurfa samkvæmt ákvæðum 8. og 9. gr. við mat sitt og lýsing á jörðinni. Umboðsmanni eða umráðamanni er skylt að láta þessar skýrslur í tje innan hæfilegs tíma, er sýslumaður tiltekur.

11. gr.

Lýsingar- og matsgjörð sína á jörðu senda matsmenn ásamt öllum tilheyrandi skjölum til sýslumanns, er síðan skal láta matsmennina staðfesta gjörðina fyrir rjetti að tilkvöddum kaupsbeiðanda og umboðsmanni eða umráðamanni jarðarinnar. Beiðnina um kaupin, lýsingar- og matsgjörðina ásamt öllum öðrum skjölum málsins sendir sýslumaður að því búnu hlutaðeigandi umboðsmanni, en hann afgreiðir málið til stjórnarráðsins, ásamt áliti sínu um það, svo fljótt sem því verður við komið.

12. gr.

Nú vill eigandi jarðar, sem þjóðjörð á ítak í, leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við ábúanda þjóðjarðarinnar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsins á sama hátt og um þjóðjarðir samkvæmt 7.—11. gr.

13. gr.

Þegar málið er komið til stjórnarráðsins, getur það, ef því þykir sjerstaklegar ástæður til bera, kvatt sjer til ráðaneytis kunnuga menn, er lýsi jörðum þeim og ítökum, sem til kaups er falað, meti til verðs og segi álit sitt um, hvort rjett sje að selja.

14. gr.

Nú kaupir ábúandi jörð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá greiða að minnsta kosti tíunda hluta kaupverðsins um leið og kaupin eru gerð. Um eptirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og greiðir þær síðan ásamt 4% í ársvöxtu, með jöfnum ársgreiðslum á eigi lengri tíma en 28 árum.

15. gr.

Nú er þjóðjörð eða ítak selt eptir lögum þessum, og ákveður ráðherrann þá endanlegt söluverð, sem þó aldrei má minna vera en verð það, sem metið hefir verið samkvæmt 8.—13. gr., og gefur út afsalsbrjef fyrir hinu selda.

16. gr.

Kostnað við matsgjörð þá, sem ræðir um í 8. gr., greiðir sá, er kaups beiðist á þjóðjörð eða ítaki, og getur sýslumaður krafizt, að hann setji trygging fyrir

skilvísri greiðslu kostnaðarins, um leið og hann afhendir sýslumanni beiðni sína samkvæmt 7. gr.

Borgun til þeirra manna, sem ráðherra kann að kveðja sjer til ráðaneytis samkvæmt 13. gr., greiðist úr umboðssjóði, hvort sem úr sölu verður eða eigi.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1906.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá milliþinganefndinni, sem skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 2. marz f. á. til þess að íhuga landbúnaðarmálefni landsins, hefur stjórnarráðinu borizt frumvarp til laga um sölu opinberra jarðeigna og ítaka. Í þessu frumvarpi fer nefndin fram á, að stjórnarráðinu verði veitt heimild til sölu á þjóðjörðum og kirkjujörðum, svo og ítökum og kvöðum þeim, sem jarðir þessar eiga, og setur hún fyrir heimild þessari þau aðalskilyrði, er hjer skal greina: Jarðir þær, sem ætlaðar eru til embættisseturs, fyrir almenna skóla eða sjúkrahæli eða önnur almennings not, má stjórnarráðið eigi selja, og aðrar jarðir ekki öðrum en ábúanda, hreppsfjelagi eða sýslufjelagi því, þar sem jörð liggur, og ítak ekki öðrum en þeim, er land á undir, eða sveitarfjelagi, þar sem það liggur; svo má kvöð selja þeim einum, er hún hvílir á. Að því er jarðakaupin snertir er ákveðið, að ábúandi gangi fyrir sveitarfjelagi og sýslufjelagi, nema sveitarfjelag vilji kaupa jörðina til almennra nota, því þá á það að ganga fyrir ábúanda, eða á jörðinni sje, eða ætla megi að þar komi upp, kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður, eða hún sje talin sjerstaklega vel fallin til sundurskiptingar milli margra grasbýla, því þá á sýslufjelag að hafa forgangsrjett til kaupa og, að því frágengnu, sveitarfjelag. Á jörðum þeim, sem eigi eru í bygging, eiga sýslufjelag og sveitarfjelag að hafa kauprjett framar þeim, sem tekur eyðijörðina til eigin nytja. Þá eru í frumvarpinu sett ákvæði um kaupbeiðnir og meðferð þeirra, virðing og söluverð jarðanna, greiðslu verðsins og endurkaupsrjett seljanda og um það, hvert söluverð skuli renna.

Að því er sölu kirkjujarðanna snertir, getur stjórnarráðið eigi fallizt á tillögur nefndarinnar. Það er að vísu rjett, að þær eru landsins eign á líkan hátt og þjóðjarðirnar, en að öðru leyti er margt ólíkt með jörðum þessum. Tekjur af jörðum þessum renna hvorki, nje hafa runnið, í landssjóð og eru ekki teknar inn í fjárlögin. Þær eru fengnar einum flokki embættismanna landsins, prestunum, til uppeldis og umráða, og það ekki einungis meðan þeir eru í embættum, heldur njóta þeir og eptirlauna af tekjunum af þeim, og ekkjur þeirra, og hafa bæði uppgjafaprestar og prestsekkjur sjerstaklegan rjett til að fá jarðirnar til ábúðar. Þar sem embættismenn þessir þannig með veitingarbrjefi sínu hafa fengið rjett til að njóta afraksturs jarða þessara sem annara embættislauna, verða þær ekki seldar að þeim nauðugum meðan þeir eru í embættunum, nema fyrir komi fullar skaðabætur. Það er nú hætt við, að jarðirnar að jafnaði myndu ekki seljast fyrir svo hátt verð, að afnotendur þeirra yrðu taldir bera sinn hlut frá borði með rentunum af kaupverðinu, enda eru líkindi til, almennt tekið, að peningarnir muni heldur

lækka í verði með tíð og tíma en jarðirnar hækka; það er því hætt við að gera mætti ráð fyrir nokkrum útgjöldum, sem ekki yrðu greidd annarstaðar frá en úr landssjóði, ef selja ætti kirkjujarðirnar án leyfis þeirra embættismanna, er afraksturs þeirra njóta og umráð þeirra hafa, en til slíkra útgjalda úr landssjóði getur stjórnarráðið ekki ráðið sem stendur að minnsta kosti. Og til sölu jarðanna á þenna hátt þyrftu og aðrar og ýtarlegri reglur en um sölu þjóðjarðanna. Ef hinsvegar á ekki að selja þær, nema nefndir embættismenn leyfi það eða æski þess, væri lík lög um sölu þeirra og nefndin hefir stungið upp á óþörf. Ef prestarnir hafa óskað eptir að selja kirkjujarðirnar, mun sem sje í fyrsta lagi eigi hafa verið fyrirstaða á því að minnsta kosti í seinni tíð, að því fengist framgengt, svo framarlega sem svo hátt verð hefur fengizt fyrir jörðina, að hjeraðsfundur og yfirmenn prests í kirkjumálum hafa ekki með rökum talið það peningalegan óhag fyrir prestakallið, og hefur verið leitað konungsúrskurðar til heimildar fyrir sölunni, er þessi skilyrði hafa legið fyrir; ekki eru líkindi til að sölu fáist síður framgengt framvegis, þar sem nú er kostur á að ávaxta peninga á umsvifalítinn, tryggilegan og arðberandi hátt í bankavaxtabrjefum eða öðrum verðbrjefum. Þess skal getið í þessu sambandi, að ekki var það tilætlunin með ákvæðum 23. gr. stjórnarskrárinnar, að þau næðu til kirkjujarða, þótt landseign sjeu, enda hafa þau ekki verið skilin svo hingað til, en hinsvegar getur löggjafarvaldið auðvitað ráðstafað þessum málum ef það vill. Á hinn bóginn er það tryggt, ef frumvarp það um forkaupsrjett leiguliða, sem lagt verður fyrir þingið og samið er eptir öðru frumvarpi frá nefndinni, verður að lögum, að kirkjujarðirnar komist í rjettar hendur, ef þær verða seldar eptir sömu heimild og hingað til. Af framangreindum ástæðum hefur stjórnarráðið fellt burt úr lagafrumvarpi þessu öll ákvæði um sölu kirkjujarða, og hefur ekki heldur fundið ástæðu til að leggja sjerstakt frumvarp um það fyrir þingið.

Að því er hinsvegar tillögur nefndarinnar um sölu þjóðjarða snertir, getur stjórnarráðið yfir höfuð fallizt á þær, þó að einu atriði undanskildu, er nefndin virðist hafa lagt talsverða áherzlu á, en það er kauprjettur sveitarfjelaga og sýslufjelaga á jörðunum. Stjórnarráðið telur það sem sje eiga að vera aðalmarkmið sölu á þjóðjörðum, að með henni aukist sjálfsábúð í landinu, þar sem stjórnin er sammála nefndinni um, að með stöðugri aukning sjálfsábúðarinnar sje ræktun landsins og framförum í búnaði bezt borgið. En stjórnarráðið hefur ekki getað sannfærst um það, að það sje að öllum jafnaði affarasælla, að ábúendur jarða sjeu leiguliðar sveitarfjelaga eða sýslufjelaga, heldur en landssjóðs; reynslan mun vart hafa sýnt það, að með því sje framtíðarmarkmiðinu, að auka ræktun landsins, betur borgið en með eignarrjetti landsins á þjóðjörðunum. Það atriði sem nefndin tekur fram í athugasemdunum við frumvarp sitt um forkaupsrjett á jarðeignum einstakra manna, að sveitarstjórnir vilji ekki selja þær jarðir, er þær nú eiga, bendir helzt í þá átt, að ekki verði sala þjóðjarðanna til sveitarfjelaganna vegur til að sjálfsábúðin aukist framvegis, enda getur margt annað vakað fyrir sveitarstjórnum, er þær vilja halda eða ná í byggingarrjett á jörðum, heldur en það, að þeim með því gefist kostur á að bæta kjör leiguliða og ræktunarástand jarðanna, það t. d., að þær þá geti enn betur ráðið því, hverjir í sveitina flytji. Sje aptur á móti um þær þjóðjarðeignir að tala, þar sem ábúð þeirra er aukaatriði, en hitt aðalatriðið, að sveitarstjórnarvöldin geti sem mestu ráðið um byggingarfyrirkomulag á þeim og niðurskipting þeirra í margar smálóðir, eða ætli sveitarfjelag eða sýslufjelag að fá þjóðjörð til allmennra nota, er ástæða til að gefa þeim kost á því, en í því efni þykir

heppilegast, að löggjafarvaldið ráði sölu þeirra í hvert skipti, enda getur hjer opt verið um stóreign að ræða, sem álitamál er, hvort selja skuli, svo sem grunn undir kauptúnum, er að vísu því að eins er rjett að selja sveitarfjelagi, að sveitarfjelagið grípi aðeins yfir kauptúnið. Af framangreindum ástæðum hefur stjórnarráðið fell t úr lagafrumvarpi þessu öll ákvæði um kauprjett sýslufjelaga og sveitarfjelaga.

Að fráskildum hinum tveim framangreindu atriðum er frumvarp þetta að aðalefni til sniðið eptir frumvarpi nefndarinnar, en greinum hefur verið skipað nokkuð öðruvísi niður en í því, og gjörðar nokkrar orðabreytingar og smávægilegar efnisbreytingar, er nánara skal getið á eptir í athugasemdunum við hinar einstöku greinar. Það er aðalbreytingin, að takmarka söluheimild stjórnarinnar eptir þessu lagaboði algjörlega við sölu þjóðjarða til leiguliða, þannig að heimildin sje auk þess bundin ákveðnum skilyrðum, sem að jörðunum lúta, og söluverð fastsett eptir ákveðnum reglum í tilteknu formi. Vilji stjórnin í einhverju tilfelli ekki neyta söluheimildarinnar, og neiti um kaup, sem um er beðið, er kaupbeiðanda jafnan sá vegur opinn að snúa sjer til alþingis með beiðni sína, og getur löggjafarvaldið þá skorið úr í hverju einstöku tilfelli. Stjórnarráðið er nefndinni samdóma um það, að slík söluheimildarlög sem þessi komi ekki í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar, því ákvæði hennar draga aðeins takmörkin milli valdsviðs framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins að því er þenna flokk mála snertir, en binda ekki löggjafarvaldið að því er efni eða form laga þeirra snertir, er það gefur um þetta efni.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Grein þessi svarar til 1. gr. í nefndarfrumvarpinu. Ítak þykir nægilega víðtækt orð til að tákna þau rjettindi jarða yfir öðrum jörðum, er ákvæði þessa lagafrumvarps eiga við um sölu þeirra, en orðið kvöð of víðtækt og er það því fellt burtu í frumvarpi þessu, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Ákvæði greinar þessarar svara til 3. og 7. gr. í frumvarpi nefndarinnar. Auk þess, sem að framan er getið um ákvæði hennar, skal það tekið fram, að rjettast hefur þótt að láta sýslunefnd á þeim stað, er jörðin liggur, sem staðhátt-um kunnuga, gjöra út um það, auðvitað með rökstuddu áliti, hvort jörð teljist til jarða þeirra, sem eigi er heimilt að selja samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps, heldur aðeins með sjerstökum lögum.

3. gr.

svarar til 4. gr. nefndarfrumvarpsins;

4. gr.

til 9. gr. þess.

Um 5. gr.

Í athugasemdunum við 10. gr. frumvarps síns, sem svarar til þessarar greinar, hefur nefndin stutt tillögu sína um forkaupsrjett sveitarfjelaga og sýslufjelaga á eyðijörðum sjerstaklega við það, að þær sjeu opt vel lagaðar til afrjettarnota.

Í lagafrumvarpi þessu er tekið nægilegt tillit til þessa, þar sem jörðin þá mun falla inn undir ákvæði 2. gr., enda er þar að auki farið fram á í frumvarpi því um forkaupsrjett leiguliða o. fl., sem lagt verður fyrir þingið, að sveitarfjelögum verði tryggður almennur forkaupsrjettur á afrjettarlöndum og óbyggðum löndum.

6. gr.

svarar til 11. gr. nefndarfrumvarpsins.

Um 7.—13. gr.

Ákvæði um þetta efni eru í 2., 6. og 13.—18. gr. nefndarfrumvarpsins, og eru gjörðar nokkrar efnisbreytingar á þessum ákvæðum nefndarinnar, auk þeirra tveggja meginbreytinga, er getur um í athugasemdunum hjer á undan. Það hefur þótt rjettast, að beiðnir um kaup á þjóðjörðunum væru lagðar fyrir sýslunefnd áður en virðingargjörð fer fram á jörðunni; það er ekki ætlast til, að sýslunefndir láti uppi neitt álit um söluverðið á jörðunum, heldur um það eitt, hvort jörð teljist til þeirra jarða, er getur um í 2. gr., og hvort ekki ætti að undanskilja skóglendi, fossa eða annað á jörðinni undan sölu; við það sparast kaupbeiðanda kostnaður við óþarfar virðingargjörðir á jörðum, sem sýslunefnd telur eigi mega selja. Söluverðið er ætlast til, að ákveðið sje af dómkvöddum mönnum eins og við eignarnám, en þó þannig, að þeim er settur mælikvarði fyrir matinu; yfirmats getur kaupbeiðandi hinsvegar ekki krafizt, þar sem aðeins er heimild en engin skylda til að selja honum; aptur á móti er ætlast til (sbr. 13. gr.), að stjórnarráðið geti látið fram fara nokkurs konar yfirmat á því, sem um er beðið til kaups, ef því þykir sjerstakleg ástæða til þess, t. d. annaðhvort af því að virðingargjörð þykir athugaverð eða af því, að stjórnarráðið telur efasamt, hvort ekki ætti að undanskilja skóglendi, fossa eða annað þótt sýslunefnd hafi eigi ráðið til þess. Einnig hefur verið talið rjett, að umboðsmaður fyrir hönd hins opinbera og kaupbeiðandi sjeu kvaddir til eiðfestingar matsmanna, svo þeir geti lagt spurningar fyrir þá, áður en eiðfesting fer fram. Af því umboðsmaður mun kunnugur málavöxtum, er ætlast til, að stjórnarráðið fái umsögn hans um sölumálið.

14. gr.

er samhljóða 1. hluta 19. gr. í nefndarfrumvarpinu.

Um 15. gr.

Þessi ákvæði eru tekin eptir 20. gr. í nefndarfrumvarpinu, en það er tekið hjer beint fram, að aldrei megi selja undir matsverðinu.

Um 16. gr.

Það hefur þótt rjett, að taka þetta fram með berum orðum viðvíkjandi kostnaðinum við hinn fyrirskipaða undirbúning undir sölu þjóðjarða.

Frumvarp til laga

um

gaddavírsgirðingar.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Á fjárhagstímabilinu 1906 og 1907 annast landsstjórnin útvegun á samskonar girðingarefni, og lög um túngirðingar frá 19. desember 1903 hljóða um, fyrir sýslufjelög, sveitarfjelög, búnaðarfjelög og samvinnu-kaupfjelög.

Á því fjárhagstímabili er jafnframt frestað framkvæmd laga um túngirðingar, að undantekinni 16. grein laganna og því ákvæði 17. greinar, er hana varðar, og gilda ákvæði 16. greinar um allar gaddavírsgirðingar.

2. gr.

Landsstjórnin birtir almenningi í tæka tíð verð á girðingarefni því, sem hún útvegar, og nánari fyrirmæli um það, hvers fjelögin verða að gæta, til þess að pöntunum þeirra verði sinnt.

3. gr.

Eigi má setja gaddavírsgirðingar á mörkum landa eða lóða, nema sá eða þeir leyfi, sem land eða lóð eiga á móti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu, sem skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 2. marz f. á., hefur stjórnarráðinu borizt frumvarp til laga um gaddavírsgirðingar.

Á síðastliðnu sumri leitaði stjórnarráðið með auglýsingum í erlendum blöðum, og með málaleitunum við stórar verksmiðjur í þessari iðnaðargrein eptir tilboðum um sölu til landssjóðs á girðingarefni því, sem landsstjórninni er falið að útvega með lögum um túngirðingar 19. des. 1903. Tókst stjórninni að fá girðingarefnið með góðu verði og að ná góðum kjörum á flutningi þess, svo að verðið á girðingarefninu á þessu ári, er birt var almenningi með auglýsing stjórnarráðsins 1. okt. f. á., varð eigi alllítið lægra en verið hefur hjer á líkri vöru fyrirfarandi. Girðingarefnið, sem lagað er eptir kröfum túngirðingalaganna, er þó talið gott og vel vandað. Þótt verðið á girðingarefninu þannig hafi verið lágt, hafa þó tiltölulega fáir sótt um lán til túngirðinga samkvæmt lögunum þetta fyrsta ár, sem þess hefir verið kostur. Tala lánbeiðenda, sem girðingarefni hefir verið pantað fyrir í ár, er eptir sýslum þessi: Í Rangárvallasýslu 4, í Árness. 4, í Kjósars. 1, í Borgarfjarðars. 2, í Mýras. 6, í Dalas. 14, í Barðastrandars. 2, í Strandas. 5, í Húnavatnss. 7, í Skagafjarðars. 3, í Þingeyjars. 1 og í Norðurmúlas. 2, eða samtals á landinu 51. Nokkrir fleiri höfðu reyndar sent lánbeiðnir, sem ekki urðu teknar til greina, sumar vegna þess að hin áskilda fyrirframborgun á nokkrum hluta girðingarefnisins vantaði, en flestar af því, að skýrslum skoðunarmanna um girðingarstæðin var svo ábótavant, að ekki hefði verið hægt úr efni því, er þeir höfðu tiltekið á skýrslunum, að koma upp girðingum, er fullnægðu ákvæðum túngirðingalaganna og reglugjörð um túngirðingar 14. maí 1904. Verðið á hinu pantaða girðingarefni handa framangreindum lánbeiðendum, 51 að tölu, hefur eptir hinu ákveðna verði í nefndri auglýsingu stjórnarráðsins numið alls rúmum 7,200 kr., og kemur þá á hvern lánþega að meðaltali um 140 kr.

Á hinn bóginn bárust stjórnarráðinu, eptir að auglýsingin um verðið á girðingarefninu var komin út, fyrirspurnir um það frá ýmsum mönnum út um land, hvort stjórnarráðið vildi ekki panta girðingarefni fyrir menn, þótt þeir hvorki bæðu um það, nje verðu því samkvæmt ákvæðum túngirðingalaganna, en stjórnarráðið sá sjer fyrir margra hluta sakir ekki fært að gjöra það. Aptur á móti hefur stjórnarráðið útvegað Búnaðarfjelagi Íslands hjer um bil helmingi meira af girðingarefni þessu handa búnaðarfjelögum út um land, heldur en efni það hefur numið, sem beðið hefur verið um samkvæmt reglum túngirðinga laganna og áður er um getið.

Þannig hefur það reynzt svo, að jafnvel þótt enn hafi lítið verið notaðir kostir þeir, er túngirðingalögin bjóða, þá hafa menn hins vegar gjarnan viljað afla sjer girðingarefnis þess, sem þau tiltaka, ef það býðst með góðu verði. Stjórnarráðið hefir því getað fallizt á tillögur milliþinganefndarinnar í þessu máli, og talið rjett að leggja frumvarp nefndarinnar óbreytt fyrir alþingi. Um ákvæði frumvarps þessa skal að öðru leyti vísað til hinna prentuðu athugasemda nefndarinnar við það.

Frumvarp til laga

um

rithöfundarjett.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Höfundur hver hefur eignarrjett á því, er hann hefur samið. — Hann hefur því, innan þeirra takmarka, sem lög þessi setja, einkarjett á að birta og gefa út rit sín skrifuð, prentuð eða margfölduð á annan þvílíkan hátt, svo og til þess að sýna þau á leiksviði og lesa þau upp. Heimilt er þó að lesa upp rit, sem út hefur verið gefið, hafi rithöfundur eigi á titilblaði ritsins lagt bann við því, og þrátt fyrir slíkt bann er upplestur leyfilegur, þegar liðin eru 5 ár frá því, að ritið kom út í fyrsta sinn. Höfundur hefur og einkarjett á að gefa út ræður og fyrirlestra, er hann hefur haldið (sbr. þó 2. málsgr. 8. greinar og niðurlag 13. greinar).

2. gr.

Tónskáld hafa sama rjett á tónsmíðum sínum sem höfundar á ritum. Heimilt er þó að syngja eða leika á hljóðfæri opinberlega, danslög og sönglög, er áður hafa verið birt, svo og einstaka kafla úr öðrum útgefnum lagsmíðum.

Sama rjett hefur og höfundur á stærðfræðisuppdráttum, landsuppdráttum og öðrum þesskonar uppdráttum.

3. gr.

Útgefendur blaða, tímarita eða ritsafna hafa einkarjett á að gefa út rit þessi í einni heild sem höfundar væru. — Sje eigi öðruvísi um samið hafa höfundar hinna einstöku ritsmíða að öðru leyti eignarrjett á þeim eptir sem áður.

4. gr.

Engum er heimilt án leyfis þess, er eignarrjett hefur á riti, að gefa út þýðing á því fyr en 10 ár eru liðin frá því að ritið var gefið út í fyrsta sinn.

Nú hefur rit verið gefið út með fullri heimild á ýmsum tungumálum áður en tjeður 10 ára frestur er liðinn, og er þá eigi heimilt að gefa út þýðing á því á neinu þeirra tungumála nema sá, er eignarrjettinn hefur, leggi á samþykki sitt.

Nú er rit gefið út í heptum og ber þá að telja ofangreint 10 ára tímabil frá útkomu hins síðasta heptis. Sje um rit að ræða, sem út eru gefin í bindum, er koma út á nokkrum fresti, eða skýrslur, sem vísindafjelög gefa út, þá skulu hin einstöku bindi eða skýrslur teljast sjerstök rit að því er um getinn frest snertir.

5. gr.

Þýðing á riti, sem gjörð er með fullri heimild, og þýðing á riti, sem eigi nýtur verndar þessara laga, nýtur sama rjettar og frumrit væri. En heimilt er að gefa út nýja, sjálfstæða, þýðing á riti, sem annars er heimilt hverjum manni að þýða, þótt hið sama rit hafi áður þýtt verið.

6. gr.

Nú er rit samið af fleirum en einum höfundi án þess að ritsmíð hvers einstaks sje sjerstök heild og þarf þá samþykki allra höfundanna til þess að ritið verði birt, nema svo sje að þeir hafi áður en ritið var samið, með berum orðum eða á annan hátt, samþykkt þetta.

Ákvæði þetta á einnig við þegar um það er að ræða, að ritið sje birt á annan hátt en áður hefur verið gjört, t. d. sýnt á leiksviði, er það áður aðeins hefur verið gefið út á prenti.

Nú fá margir eignarrjett á riti að arfi og skal þá sá þeirra, sem höfundur með arfleiðsluskrá hefur til þess kjörið, skera úr því, hvort birta skuli ritið eða birta það á annan hátt, en áður hefur verið gjört. Hafi höfundur eigi gjört slíka ákvörðun skal það hjóna, sem eptir lifir, ef skilnaður að borði og sæng eða algjör hjónaskilnaður eigi hefur átt sjer stað, hafa úrskurðarvald að þessu leyti. Sje hvorugt hjóna á lífi þarf samþykki allra erfingja.

Hafi ritið áður verið gefið út löglega getur hver einstakur höfundur eða erfingi, ef eigi öðruvísi er um samið, eða — að því er erfingja snertir — ákveðið í arfleiðsluskrá, krafist þess að ritið sje gefið út á ný á sama hátt og áður.

Nú hafa fleiri en einn öðlast útgáfurjett með afsali eða lögsókn, og getur þá hver einstakur þeirra krafist þess, að ritið verði gefið út.

Nú eru hlutaðeigendur eigi á eitt sáttir um það, hvernig útgáfu skuli hagað, eða með hvaða skilyrðum ritið skuli gefið út, eða eigi verður fengin yfirlýsing sumra þeirra um þessi atriði, og getur þá hver einstakur þeirra krafist þess, að stjórnarráð Íslands tilnefni 3 menn í nefnd, sem skeri úr ágreiningsatriðunum. Ef nefndarmenn verða eigi á eitt sáttir ræður afl atkvæða. Þeir, sem stjórnarráðið skipar í nefnd þessa, eru, að viðlögðum dagsektum, sem stjórnarráðið ákveður ef til kemur, skyldir til þess að takast starfa þenna á hendur. Borgun til dómsmanna ákveður stjórnarráðið, og greiðist hún af sameigendum, er skulu setja tryggingu fyrir henni fyrirfram, ef stjórnarráðið krefst þess.

Tekjur af útgáfum skiptast meðal sameigenda eptir rjettri tiltölu við eignarrjett hvers eins.

Nú eru margir höfundar að sama riti, og skulu þeir þá hafa jafna hlutdeild í eignarrjettinum, nema öðruvísi sje um samið.

7. gr.

Nú eru gefin út sönglög með teksta, og gilda þá ákvæði 6. greinar að því er snertir útgáfu sönglaganna og tekstans í einni heild.

Höfundar laganna og tekstans eiga rjett á að gefa út hvort fyrir sig sjerstaklega.

8. gr.

Lög, tilskipanir, auglýsingar frá stjórnarvöldum, dóma og opinber skjöl yfirhöfuð, má hver gefa út sem vill. Sama er um umræður á alþingi og hverskonar opinberum fulltrúasamkomum, snertandi sveitarstjórn eða kirkjuleg mál eða önnur opinber erindi, ennfremur ræður manna á opinberum landsmálafundum, lýðmenntasamkomum eða þesskonar fundum, og hvers kyns öðrum opinberum samkomum.

9. gr.

Höfundur á rjett á að fá öðrum í hendur að nokkru eða öllu leyti, rjett að riti sínu.

Nú hefur höfundur veitt öðrum rjett til þess að birta rit á ákveðinn hátt (t. d. á prenti eða á leiksviði), og er þá rjetthafa eigi heimilt að birta ritið á annan hátt en ákveðið var, nje láta þýða það.

Rjetthafi má eigi án leyfis höfundar gjöra breytingar á riti og birta það þannig.

Nú selur höfundur útgáfurjett á riti og nær þá rjettur útgefanda aðeins til einnar prentunar nema öðruvísi sje um samið. Ein prentun má eigi fara fram úr 1000 eintökum, nema um rit þau sje að ræða, er um getur í 3. gr. Höfundur má eigi gefa út nýja prentun af ritinu meðan upplag útgefanda er eigi uppselt.

Nú gefur höfundur eða útgefandi út ritið að nýju í heimildarleysi, eða útgefandi hefur upplagið stærra en rjett er, og skal þá beitt ákvæðum 16., 17. og 19. gr. laga þessara.

10. gr.

Nú selur höfundur öðrum í hendur leikrjett á leikriti og er þá rjetthafa heimilt, sje eigi öðruvísi um samið, að sýna það hvar sem er og eins opt og hann vill, en eigi getur hann fengið rjett sinn öðrum í hendur.

Ef eigi er öðruvísi um samið, er höfundi heimilt að fá einnig öðrum leikrjett á ritinu eða láta leika það sjálfur.

Nú hefur einhver öðlast einkarjett á að sýna rit á leiksviði, en lætur eigi leika það opinberlega í fimm ár samfleytt, og er þá höfundi eða erfingjum hans, en eigi öðrum, er kynnu að hafa náð eignarjetti á ritinu, heimilt að fá öðrum í hendur leikrjettinn eða láta leika ritið sjálfir.

11. gr.

Nú deyr höfundur og skal þá farið eptir ákvæðum erfðalaganna að því er snertir eignarrjett hans á sömdu máli (sbr. þó 2. hluta 6. greinar).

Nú hefur rit eigi verið gefið út meðan höfundur var á lífi, og getur hann þá ákveðið í arfleiðsluskrá, að eigi megi birta það fyr en eptir tiltekinn árafjölda — þó eigi meira en 50 ár — eptir dauða hans, og heimilt er honum að ákveða jafnframt hver skuli eiga rjett á að gæta þess að fyrirmæli hans um þetta sjeu haldin.

Nú er rit samið af fleirum en einum höfundi án þess þó að ritsmíð hvers einstaks sje sjerstök heild, og fellur þá rjettur eins höfundarins til samhöfunda hans, eða þeirra, sem komnir eru í þeirra stað, ef hann deyr án þess að láta eptir sig erfingja og eigi heldur hefur fengið öðrum í hendur rjett sinn. Þó skal rjettur skuldheimtumanna hins látna samkv. 12. gr. óskertur.

Hafi enginn að höfundi látnum eignarrjett að riti hans, þá er hverjum sem vill heimilt að gefa ritið út eða birta það á annan hátt, ef erfðaskrárákvæði eru því eigi til fyrirstöðu.

12. gr.

Nú hefur rit eigi verið birt almenningi, og geta þá skuldheimtumenn höfundar nje erfingjar hans, eigi með lögsókn, öðlast rjett til þess að birta ritið og eigi heldur rjett á að ráða yfir handriti höfundar.

Nú hefur rit verið birt, og geta skuldheimtumenn þá ekki að heldur með lögsókn öðlast rjett til að gefa ritið út af nýju, án leyfis höfundar eða erfingja hans. En rjett er að skuldheimtumenn leiti fullnustu í fjárhagslegum arði af riti, sem út hefur verið gefið eða síðan kann að verða gefið út. Sje höfundur látinn, eiga þeir rjett á að gjöra fjárnám í væntanlegum arði af útgáfum eptirleiðis, hvort sem rit hefur verið áður birt eða eigi, en sje höfundur á lífi má eigi fjárnám gjöra í arði af væntanlegum útgáfum rits, sem eigi hefir birt verið. Hafi fjárnám verið gjört í útgáfum rits eptirleiðis, má höfundur eigi nje erfingjar hans, án samþykkis fjárnámshafa, veita móttöku og eyða andvirði fyrir slíkar útgáfur að viðlagðri hegningu samkvæmt 255. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Rjett þann, sem hjer er veittur fjárnámshafa, hafa og allir skuldheimtumenn í þrotabúum svo og í dánarbúum þar sem erfingjar taka eigi að sjer ábyrgð á skuldum.

13. gr.

Það er brot gegn lögum þessum að birta eða gefa út rit, er annar hefur eignarrjett á, þótt úr því sje fellt, við það bætt eða á því gjörðar breytingar, hvort heldur að efni, orðfæri eða framsetning (t. d. er sögu er snúið í leikrit) ef úrfellingarnar, viðaukarnir eða breytingarnar eigi eru svo verulegar, að heita megi að nýtt og sjálfstætt rit sje til orðið. Heimilt er þó að segja frá efni útgefinna rita, svo og að skýra stuttlega frá ræðum manna og fyrirlestrum.

14. gr.

Eigi er það saknæm eptirprentun:

a. að taka einstaka kafla úr útgefnum ritum annara upp í önnur rit, sem samkvæmt aðalefni sínu eru fullkomlega sjálfstæð;
b. að prenta í lesbókum og skólabókum einstaka kafla úr ritum, þegar full tvö ár eru liðin frá því að ritin voru gefin út í fyrsta sinn;
c. að prenta áður útgefin kvæði sem teksta, þegar sönglög eru gefin út, svo og á söngskrám.

Heimildir skulu jafnan skilmerkilega tilgreindar, (sbr. 15. gr. i. f.).

15. gr.

Heimilt er að taka upp í blöð eða tímarit einstakar greinar úr öðrum blöðum eða tímaritum, nema fylgisögur og skáldsagnir, enda sje þess eigi getið við greinarnar, að eptirprentun sje bönnuð.

Tilgreina skal blað það eða tímarit, sem greinarnar eru teknar úr, og nafn eða merki höfundar, ef nokkurt er.

16. gr.

Nú er rit prentað eða ritað innanlands eða utan, gegn ákvæðum laga þessara og skulu þá öll þau eintök, sem til eru hjer á landi, og ætluð eru til þess að hafa þau á boðstólum, gjörð upptæk og ónýtt.

Nú er aðeins nokkur hluti rits ólöglegur samkvæmt lögum þessum og skal þá, ef unnt er, einungis gjöra þann hluta ritsins upptækan og ónýta hann.

Áhöld öll, sem aðeins verða notuð til þess að drýgja brot gegn lögum þessum, skulu gjörð upptæk og ónýtt, eða farið með þau þannig að þau eigi framar verði notuð.

Rjett er að sá eða þeir, sem misboðið er, fái keypta muni þá, sem upptækir eru gjörðir, gegn því að greiða verð þeirra eptir dómkvaddra manna mati. Verðið skal aldrei ákveðið hærra en svari því, sem sannað verður að tilbúningur munanna hafi kostað, og getur sá, sem misboðið er, krafist þess að matið fari fram áður en hann lætur uppi, hvort hann kaupi hina upptæku muni.

Ákvæði greinar þessarar eiga einnig við afrit, sem ætluð eru til afnota við óheimila opinbera sýning rita á leiksviði.

Sje brot á lögum þessum eigi framið af ásettu ráði, eða af gáleysi, verður þess eigi krafist, að hin ólöglegu eintök eða áhöld þau, er notuð hafa verið, verði af hendi látin eða ónýtt, ef eigandi þeirra sjer um, að þau verði geymd undir umsjón yfirvalda, þangað til eignarrjettur að ritinu er úr gildi genginn.

17. gr,

Sá, sem gegn ákvæðum laga þessara af ásettu ráði eða af gáleysi gefur út rit, eða flytur hingað til lands rit, sem gefið hefur verið út erlendis, án heimildar samkvæmt lögum þessum, í þeim tilgangi að hafa ritið á boðstólum hjer á landi, svo og sá, sem útbýtir, selur öðrum á leigu eða hefur útsölu á

riti, sem gefið hefur verið út hjer á landi eða hingað flutt gegn ákvæðum laga þessara skal sæta 10—1000 kr. sektum, enda hafi hann eigi með atferli sínu unnið til þyngri refsingar. Brot gegn 1. málsgr. 15. greinar varða þó aðeins sektum frá 1— 20 krónum.

Bæta skal hinn seki þeim, sem misboðið er, fullum bótum allt tjón það, er af broti gegn lögum þessum leiðir; hafi rit áður verið gefið út skal meta bæturnar eptir bóksöluverði því, er var á hinni síðustu útgáfu og tölu þeirra eintaka, er sannað verður eða líklegt má ætla að úti hafi verið látin, en verði eigi beinlínis farið eptir þessu, svo og þegar ritið eigi áður hefur verið gefið út, skal svo mjög sem unnt er meta bæturnar eptir álíka mælikvarða.

Þá er brot gegn lögum þessum fullkomnað, þegar eitt eintak er fullprentað eða við það lokið á annan hátt.

18. gr.

Sá, sem af ásettu ráði eða af gáleysi brýtur lög þessi með því í heimildarleysi að sýna gerfileiki eða söngleiki á leiksviði, lesa upp ritsmíðar annara eða syngja eða leika á hljóðfæri opinberlega sönglög eða aðra tónsmíð eða þá nota við söng, ljóð eða annan texta heimildarlaust, sæti 5—500 kr. sektum og bæti auk þess að fullu halla þann, sem rjetthafi hefur af beðið. Bæturnar skulu eigi vera minni en gróði sá, sem orðið hefur af leikunum, upplestrinum, söngnum eða hljóðfæraslættinum og hafi verk það, sem ranglega var notað, eigi verið notað eingöngu, er brot var framið, skal metið hversu mikinn þátt það á í gróðanum.

19. gr.

Nú aðhefst einhver það, sem um er rætt í 17. og 18. gr., án þess að hann hafi gjört það af ásettu ráði eða honum verði gefið gáleysi að sök, og verður hann þá eigi látinn sæta ábyrgð samkvæmt lagagreinum þessum en skila skal hann rjetthafa gróða sínum.

20. gr.

Sá, sem af ásettu ráði eða af gáleysi lætur hjá líða að tilgreina heimild eins og boðið er í 14. og 15. gr., sæti 1—20 króna sektum. Brot þessi hafa hvorki skaðabætur nje upptöku í för með sjer.

21. gr.

Eignarrjettur að sömdu máli helzt lífstíð höfundar og 50 ár eptir hann látinn,

Nú eru fleiri en einn höfundur að riti án þess að ritsmíð hvers einstaks sje sjerstök heild, og skal þá telja greint 50 ára tímabil frá dauða þess þeirra, er lengst lifir. Hafi rit verið birt ber þó einungis að taka tillit til þeirra höfunda, sem birt hafa nöfn sín á ritinu sjálfu eða, sje um leikrit að ræða sem leikið hefur verið, en eigi birt á annan hátt, þeirra höfunda, sem hafa nafngreint sig þegar ritið var leikið.

22. gr.

Rit, sem út koma án nafns höfundar eða með dularnafni svo og rit, er fjelög hafa öðlast eignarrjett á samkvæmt 3. gr., njóta verndar í 50 ár frá lokum þess árs, er þau komu út í fyrsta sinn.

Nú birtir höfundur sjálfur nafn sitt, áður en tjeð 50 ára tímabil er liðið eða einhver, er til þess hefur heimild, nafngreinir hann, annaðhvort á nýrri útgáfu ritsins eða með yfirlýsing, sem birt er á sama hátt og fyrirskipað er um opinberar auglýsingar, og öðlast ritið þá fyllstu vernd samkvæmt 21. gr.

Heimild til þess að nafngreina höfund að honum látnum hefur einungis sá, sem höfundur, samkvæmt því, er segir í 6. gr., hefur fengið í hendur úrskurðarvald um það, hvort ritið skuli birt, en sje enginn maður á lífi, er slíkt vald hefur fengið hjá höfundi, þarf samþykki allra erfingja höfundarins til þess, að hann verði nafngreindur.

23. gr.

Nú eru rit þau, sem ræðir um í 1. málsgrein 22. greinar, gefin út í fleiri deildum, en eru þó í slíku sambandi, að þau mynda eina heild, og skal þá hið umrædda 50 ára tímabil teljast frá þeim tíma, þegar síðasta deildin kom út í fyrsta sinn, nema meira en 3 ár hafi eitthvert sinn liðið milli útgáfu einhverra deildanna, en þó telst tímabilið að því er snertir þær deildir, er áður komu út, frá þeim tíma þegar hin síðasta þeirra var út gefin.

24. gr.

Út af brotum gegn lögum þessum getur enginn höfðað málssókn nema sá, sem misboðið er.

Nú kemur út rit án nafns höfundar eða með dularnafni og skal þá líta svo á, þangað til sönnur eru færðar á annað, að sá maður, sem tilgreindur er á ritinu sem útgefandi þess eða forlagsmaður, hafi umboð til að gæta rjettar höfundar.

25. gr.

Málssókn samkvæmt 17., 18., 19. og 20. gr. skal hafin innan 1 árs frá því að rjetthafi fjekk vitneskju um brotið. Nú er mál eigi höfðað innan tveggja ára eptir að brotið var framið, og verður hinn seki þá eigi dæmdur til hegningar, og sje málssókn eigi hafin áður en 3 ár eru liðin frá því, að brot var framið, verður hann eigi heldur dæmdur til að greiða skaðabætur nje sæta ábyrgð samkvæmt 19. gr.

Meðan helzt höfundarrjettur, er brotinn hefur verið, má höfða málssókn til þess að upptæk sjeu gjörð, ónýtt eða af hendi látin þau eintök af riti, sem ólöglega eru til orðin og ætluð eru á boðstóla, svo og áhöld, sem eingöngu verða notuð til þess að framkvæma brot á lögum þessum.

26. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra ritsmíða danskra þegna, og einnig til ritsmíða utanríkismanna, er forlagsmaður þeirra er íslenzkur. Sje forlag

fjelagseign telst það íslenzkt, ef allir þeir meðlimir firmans, sem ótakmarkaða ábyrgð hafa, eða ef um fjelag með takmarkaðri ábyrgð eða hlutafjelag er að ræða, allir stjórnendur þess, eiga fast heimili á Íslandi. Með konunglegri tilskipun má veita ákvörðunum laga þessara gildi, að öllu eða nokkru, að því er snertir ritsmíðar þegna annars ríkis, þótt eigi sjeu þær útgefnar af íslenzku forlagi, svo framarlega sem sama vernd kemur á móti fyrir ritsmíðar Íslendinga í því ríki. Þó verður eigi gjörður samningur um gagnkvæmi í þessu efni, nema alþingi samþykki, ef af samningnum leiðir fjárskuldbinding nokkur fyrir Ísland.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1906, en eptir ákvæðum þeirra skal fara einnig að því er snertir ritsmíðar, sem eldri eru eður áður útgefnar.

Nú hefur einhver gefið út rit löglega, áður en lög þessi eru birt, og skal hann þá eiga rjett á að selja þau eintök eða hepti, sem þá voru fullprentuð þó útgáfan eigi hefði verið heimil samkvæmt lögum þesssum.

Lög þessi snerta eigi samningsrjettindi manna, sem löglega eru stofnuð áður þau öðlast gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lagaákvæði um eignarrjett að ritsmíðum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

(Sbr. athugasemdir við lagafrumv. um rjettindi rithöfunda og listamanna. Rigsdagstidende 1895 A bls. 1985).

Það er almennt viðurkennt, að rithöfundar eigi að geta ráðið því sjálfir, hvort rit þeirra skuli birt almenningi eða ekki, og að þeim beri rjetturinn til þess að njóta ágóðans af verkum sínum; hæfi því eigi að aðrir gefi rit þeirra út án þeirra leyfis, og slái þannig eign sinni á tekjurnar af útgáfunni, sem höfundi einum beri.

Eignarrjettur að sömdu máli eða rithöfundarrjettur er því sá rjettur, sem lögin tryggja rithöfundum til þess að ákveða, hvort, hvenær og hvernig verk hans skuli út koma og til þess að fá ágóðann af útgáfunni. Rithöfundsrjettur hefur ekki sætt rjettarvernd fyrr en á síðari tímum. Prentlistin og þar af leiðandi útbreiðsla bókmennta meðal fjöldans, gaf tilefni til að skipa þessu með lögum.

Eiginleg rithöfundalög voru fyrst gefin á Englandi árið 1709. Næst þeim lögum kom danska tilskipunin frá 7. jan. 1741. Hin löndin komu miklu seinna til, sum ekki fyrr en á 19. öldinni.

Vernd á rithöfundarjetti nær aðeins til þess, er maður hefur gefið hugsan sinni ákveðið form, en ekki til hugsana þeirra, tilfinninga eða hug-

sjóna, sem í verkinu felast. Það er nauðsynlegt til andlegra framfara, að efniviðir andlegrar starfsemi sjeu almenn eign. Eigi er ástæða til að vernda hverskyns ritsmíðar. Til þess þarf, að ritsmíðin eptir eðli sínu geti haft menntagildi sem samið mál. Slíkt verður ei sagt um bláberan upptalning, auglýsingar, ferðaáætlanir, verðlista, leikendaskrár o. þvl., nje um frjettasögur, frásögn um nýjar uppgötvanir o. fl.; heldur ekki um þesskonar ritplögg, sem ekki setja hugsun fram, heldur eru ætluð til hægri verka við slíkt, svo sem eyðublöð og fyrirmyndir til samninga, tilkynningar og þvl. Loks verður þetta ekki sagt um úrskurði stjórnarvalda, lög, reglugjörðir, ávörp, þjóðasamninga o. s. frv., nje heldur um opinber rjettarskjöl og dóma. Aptur á móti skiptir eigi máli hvert ritsmíðin er mikils verð í sjálfu sjer eða eigi, heldur ekki það, hvort hún er stór eða smá, eða á hvern veg hún er birt. Það má þannig einu gilda, hvort hún er prentuð, skrifuð eða munnlega um hönd höfð. Samskonar grein má gera á tónsmíðum, dráttmyndum og uppdráttum, er iðn snerta eða vísindi.

Rithöfundarjettur ber þeim, sem samdi, eða þegar fleiri vinna að því í sameiningu, þeim, sem sömdu. Þegar fleiri menn en einn leggja saman í rit sjálfstæðan skerf hver, þá á útgefandi rjett að ritinu í heild sinni, en höfundur hver að sinni ritsmíð. Framselja má öðrum rjett þenna að fullu eða nokkru. Aptur á móti geta skuldheimtumenn rithöfunda því að eins gengið að útgáfurjetti eða sýningarrjetti, að höfundurinn sjálfur hafi þegar neytt hans eða veitt hann. Rithöfundarjettur gengur að erfðum eptir almennum erfðareglum.

Í flestum löndum er höfundum tryggður einsær rjettur til hverskonar birtinga á ritsmíð sinni, hvert heldur er með skript, eða margföldun með vjeltækjum eða efnasamböndum, sýning á leiksviði, upplestri eða á annan hátt.

Vernd sú, sem rjetti rithöfunda er í tje látin er nokkuð mismunandi í löndunum. Víðast bindur löggjöfin rjettarverndina við höfundinn sjálfan, og nær aðeins til ritsmíða innlendra höfunda, venjulegast þó með þeirri tilhliðran, að rit útlendinga eru einnig vernduð, ef þau eru út gefin í landinu. En í sumum löndum er rjettarverndin eingöngu bundin við útgáfustaðinn. Jafnframt þessu gefa lögin víðasthvar kost á því, að veita ritsmíðum annars ríkis einnig vernd, ef sama kemur á móti þar. En sje svo að lögin verndi aðeins rjett höfundarins til ritsmíðarinnar á frummálinu, en tryggja honum ekki þýðingarrjettinn, verða þessi ákvæði að litlu gagni í framkvæmdinni. Þörfin á að ráða bót á þessu, leiddi til þess eftir langvinnar umleitanir sendiherra og stjórnmálamanna, að stofnað var Bernarsambandið 9. sept. 1886. Undir ríkjasamning þann er samband þetta byggist á, hafa gengist flest lönd í Norðurálfu, og eru það meginákvæði hans, þau er að höfundarjetti lúta, að rithöfundar skuli í öllum samningslöndum njóta sama rjettar fyrir rit sín, eins og landslög heimila landsmönnum sjálfum í hverju þeirra, þó þannig, að tíminn, er rjetturinn helzt, skuli eigi lengri vera en rithöfundur hver á rjett á heima hjá sjer. Sama regla er gilda látin um ritsmíðar, sem erlendir höfundar hafa gefið út í einhverju samningslandanna. Rithöfundarnir hafa um 10 ára bil frá lokum þess árs að telja, er frumritið kom út, einir rjett til þess að þýða eða láta þýða ritið. Hvert það land, er lög þess heimila vernd þá, sem ríkjasamningurinn ákveður, getur komizt í sambandið með því að snúa sjer til fylkjasambandsstjórnarinnar í Svisslandi.

Brot gegn höfundarjetti varðar hegning og skaðabótum; sje um eptirprentun að ræða, heimildarlausa birting á áður óbirtu riti (fyrirmáls-prent-

un) eða innflutning og útsölu á ólöglegum útgáfum, varðar auk þess upptekt allra ólögmætra eintaka af ritinu, sem í landinu eru og ætluð eru til þess, að láta þau til annara.

Venjulega helzt eignarrjettur að sömdu máli meðan höfundur lifir og 50 ár eptir dauða hans. Þegar höfundur eigi er nafngreindur eða dulnefndur, telst fresturinn venjulega 50 ár frá því er fyrsta útgáfa kom út, ef höfundur nafngreinir sig ekki áður en sá frestur er liðinn.

Það verður eigi sagt, að íslenzk löggjöf hafi nein ákvæði um eignarrjett að sömdu máli eða höfundarjett. Að vísu hefir verið talið að tilsk. 7. jan. 1741 og 7. maí 1828 giltu hjer á landi; en það er hvorttvegga, að vafasamt er að hin fyrnefnda tilskipun hafi náð hjer lagagildi, enda eru þessi ákvæði gjörsamlega ófullnægjandi, með því að fyrirmæli vantar um flest atriði, er snerta þetta efni. Þannig er bönnuð uppprentun, en engin vernd veitt rithöfundum gegn því, að handrit þeirra sjeu tekin og prentuð að þeim fornspurðum. Þó er langt síðan að menn fóru að finna til þess hjer á landi, að nauðsyn var á rjettarvernd fyrir eignarrjett að ritsmíðum. Þannig samþykkti alþingi 1889 lagafrumvarp um þetta efni, en sökum ýmsra galla er á því þóttu vera, var því synjað staðfestingar (sbr. ráðgjafabrjef 30. maí 1891). Á alþingi 1901 var málið tekið upp aptur í neðri deild, en frumvarpið varð ekki útrætt á þinginu. Nú með því þörfin á slíku lagaboði vex ár frá ári, hefur stjórnarráðið útbúið frumvarp þetta, sem nú er lagt fyrir alþingi. Frumvarpið er að mestu sniðið eptir dönsku lögunum frá 29. marz 1901 um rjettindi rithöfunda og listamanna; en þau lög eru til orðin eptir mjög mikinn og ýtarlegan undirbúning, meðal annars í nefnd manna, er skipuð var dönskum og norskum lögfræðingum, og eru hin nýju norsku lög um þetta efni í öllu verulegu samkvæm dönsku lögunum. Það skal fram tekið, að ákvæði danska lagaboðsins um rjettindi listamanna yfir verkum sínum eru ekki tekin upp í frumvarp þetta, af því að listamennska er svo í bernsku hjer á landi, að of snemmt virðist að semja lög um verndan íslenzkra listaverka hjer á landi. Í Danmörku njóta þau verndar eptir lögunum frá 29. marz 1904, sem ná til allra þegna Danakonungs. Loks skal því við bætt, að einstöku ákvæði eru tekin eptir frumvarpi alþingis 1889.

Viðvíkjandi einstökum greinum frumvarpsins athugast:

Við 1. og 2. gr.

Í þessum greinum er leitast við að tiltaka almennt, yfir hvað og hve langt höfundarjettur nái, sbr. hinar almennu athugasemdir hjer að framan. Að dæmi erlendra laga er þegar í stað mörkuð afstaða frumvarpsins gagnvart þessu grundvallaratriði, með beinu ákvæði um það. Að þessi meginregla er tekin fram í tveim greinum, stafar af formástæðum. Þegar reglan á að vera nægilega viðtæk, og þó eigi framsett í afleiddum orðatiltækjum, er ekki auðið að koma henni fyrir í einu ákvæði, án þess að gefa tilefni til efasemda um, yfir hvað reglan nái.

Með tilliti til þess, *hvað rithöfundarjettur nái yfir*, skal það tekið fram, að í nokkrum útlendum lögum eru sjerstök ákvæði um sendibrjef. Það hefur þó verið álitið rjett að sleppa því, eins og gjört er í flestum nýjum lögum um þetta efni. Brjefritarinn nýtur þá verndar sumpart eptir hinni almennu reglu

í 1. gr,, ef álíta má brjefið eptir efni sínu sjálfstætt ritverk, sumpart eptir 222. gr. hegningarlaganna, ef birting þess væri röskun á friði manna á milli. Að svo miklu leyti sem þörf mætti þykja á sjerstökum reglum, ættu þær, hvað sem öðru líður, ekki neitt skylt við löggjöf um höfundarjett.

Að því er snertir *efni* höfundarjettar, er höfundum veittur víðtækur rjettur til að birta og gefa út rit sín á hvern veg sem vill, og takmarkaður einkarjettur til upplesturs á riti sínu, tónskáldum einkarjettur til að fara með tónsmíð sína fyrir almenningi. Það er yfirleitt meginregla frumvarpsins, að áskilja höfundi *hverskonar birting* verks síns um tiltekið árabil, og er hið sama í flestum öðrum lagabálkum um þetta efni. Um einkarjett rithöfunda til upplesturs er það viðurkennt af öllum nýrri lögfræðingum, að það sje rjettmæt krafa; ákvæðið um, að upplestrarrjetturinn skuli þó aðeins haldast 5 ár, sem ekki er í dönsku lögunum frá 29. marz 1904, er tekið upp í þetta frumvarp af þeirri ástæðu, að hjer vantar nægilega reynslu fyrir því, hvort víðtækari einkaréttur mundi eigi verða til hnekkis alþýðufræðslunni; en hinsvegar lítið fjárhagslega að græða á því fyrir rithöfund að hafa rjett þenna, nema fyrst í stað, meðan ritið er nýtt. Þessvegna er álitið nóg að setja 5 ára frest.

Við 3. gr.

Þessi ákvörðun álízt eiga hjer heima, þareð hún heimilar rithöfundarjett fyrir utan þau tilfelli, sem um ræðir í 1. og 2. gr. Með því að ekki er sett neitt sjerstakt ákvæði um hve lengi rjetturinn skuli haldast, fer um það, eptir ákvæðum 21. og 22. greinar. Það er sjálfsagt, að rit, sem fjelög gefa út lúta ákvæðunum um nafnlausar ritsmíðar. Að rjettur útgefanda nái að eins til þess, að gefa út ritið í heild sinni, virðist og leiða af sjálfu sjer.

Við 4. og 5. gr.

Þess er áður getið, að almenn vernd gegn þýðingum í 10 ár að minnsta kosti, sje skilyrði fyrir upptöku í Bernar-sambandið frá 1886. Ákvæði um þetta er því tekið upp í 4. gr. Þar er ennfremur tekin upp sú regla, að er rit hefur verið gefið út á ýmsum tungumálum áður en 10 ára fresturinn er liðinn, þá hafi höfundurinn einkarjett til þýðinga á þeim tungumálum. — Ákvæði þetta er talsvert spor í áttina til þess, að slá því föstu, sem lögfræðingar síðustu tíma telja alla sanngirni með, að þýðingarjetturinn sje aðeins þáttur af höfundarjettinum, og ætti því að njóta sömu rjettarverndar eins og aðrir þættir hans. Það væri ósanngjarnt við höfundinn, að takmarka rjett þann, sem hjer er farið fram á, við það, er allar þýðingarnar koma út í einu, eins og gjört er í norsku, sænsku og finnsku lögunum; það gæti aukið honum erfiðleika og gjört honum óeðlilegan baga, því að hann yrði að bíða með að gefa rit sitt út, þar til er allar þýðingarnar væru búnar. Við þetta mundi opt lítið verða úr vernd þeirri, sem til er ætlazt, og það þegar af þeirri ástæðu, að ókleyft getur orðið, að þýðingarnar geti komið út alveg á sama tíma. — Sá, sem á höfundarjettinn veitir leyfi til þýðingar. Það sjest af 9. gr., að forlagsrjetti fylgir ekki þýðingarjettur.

Ákvæðin í síðari lið 5. greinar eru tekin eptir 10. gr. í frumvarpi því um eignarrjett að sömdu máli, sem samþykkt var á alþingi 1889, og þarf eigi frekari skýringar.

Við 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar í sambandi við 7. gr. koma skipan á rjettarhlutföllin, er rit er samið af fleirum í sameiningu, eða höfundarjetturinn annars ber fleirum í sameiningu. Ákvæði um þetta eru nauðsynleg, því að hinar almennu reglur um sameign gætu naumast átt við, og gætu valdið vafa. Í 6. gr. er gjörður greinarmunur á því, hvort tillit verður að taka eigi aðeins til peningalegra hagsmuna, heldur og til persónulegs rjettar höfundar (sæmdar hans sem rithöfundar o.s.frv.) — 1. og 2. liður greinarinnar — eður peningahagurinn er það, sem aðallega veltur á — 3. liður greinarinnar. — Það er gengið út frá því, að það beri eðlilega undir erfingja rithöfundar, að gæta ritsæmdar hans að honum látnum, ef hann hefur ekki gjört aðra ráðstöfun fyrir því, hver það skuli gjöra; en það á honum að vera heimilt, sbr. 2. lið niðurlags greinarinnar og 2. lið 11. greinar; ef ágreiningur verður milli þeirra, er rjett hafa í sameiningu til útgáfu, er lagt til, að nefnd manna, sem ráðherra Íslands setur, skuli skera úr. Með þessu er búizt við, að fá sem bezta tryggingu fyrir skynbærum og hlutdrægnislausum úrskurði. Ef hlutaðeigendur sjálfir tækju sjer gjörðarmenn, þá gæti það komið fyrir, að verkanautar, er tiltölulega lítið kvæði að, en væru í meiri hluta að tölu, gætu fyrir fram búið sjer í haginn yfirtök yfir öðrum samverkamönnum að ritinu, sem miklu meira væri í varið. Nefnd manna, er sjerstakt skynbragð bæri á bókmenntir, mundi geta haft á þessum atvikum rjett tök, og ætti einskis sjerstaks málsparts umboð að reka.

Það virðist ekki vera neitt varhugavert við það, að skylda þá menn, sem útnefndir eru að viðlögðum dagsektum til þess, að framkvæma úrskurðinn og það er sjálfsagður hlutur, að málsaðilar verði að greiða meðlimum dómnefndarinnar hæfilega þóknun fyrir starf þeirra.

Niðurlag greinarinnar á að eins að taka af allan vafa um atriði, sem væntanlega mundi verða dæmt einmitt á þann hátt, sem ákvæðið segir, þótt ekki væri beint lögákveðið.

Við 7. gr.

Í þessari grein er skipað rjettarhlutföllum milli tónskálds og rithöfundar, sem á textann að tónsmíði. Ákvæðin byggjast á því, að þeir hafi jafnan rjett báðir. Frá því sjónarmiði verða hinar einstöku ákvarðanir greinarinnar sjálfsagðar.

Við 8. gr.

Í grein þessari eru talin ýms ritsmíð og ræður, sem ekki falla undir ákvæði laga þessara um höfundarjett. Ákvæðin væru ef til vill ekki óhjákvæmilega nauðsynleg, og þar sem upptalningin er ekki tæmandi, gæti þau ef til vill verið ísjárverð, ef farið væri að draga af þeim gagnstæðisályktanir. En þó hefur verið rjett talið, að taka þau hjer upp, af því að þau koma í veg fyrir nokkrar efasemdir, og af því að þessi ákvæði eru í flestum útlendum lögum um þetta efni; er þá ætlazt til, að lögskýrendur skilji, að hjer er að eins um upptalning að ræða til fullvissu á nokkrum sjerstaklega mikilsvarðandi atriðum, og að enganveginn má svo ályktа, að allt annað, sem samið er, sje verndað höfundarjetti.

Við 9. gr.

1. og 2. liður greinarinnar eru samkvæmir því sem viðurkennt er, að vera gildandi rjettur. Ákvæðið í 2. lið er svo mikilsvarðandi, að rjett er að það sje skýrt fram tekið; ákvæðið í 3. lið greinarinnar, að sá, sem fengið hefur útgáfurjett, eigi ekki með að gjöra breytingar á riti og birta það þannig, mundi væntanlega vera viðurkennt, þótt það stæði eigi beint í lögunum. Í 4. lið greinarinnar er sett regla, sem gildir, ef ekki er öðruvísi um samið, viðvíkjandi stærð upplags. Talan 1000 er í rauninni alveg tekin af handahófi, og gefur ekki neitt til kynna um það, hvað þyki hæfileg stærð á upplagi. Svo almennan mælikvarða væri yfir höfuð ómögulegt að finna. Talan 1000 er tekin eingöngu þess vegna, að reglan í 4. lið greinarinnar mundi ekki að neinu gagni koma, ef ekkert fast takmark væri sett. Tilgangur ákvæðisins er að eins sá, að tryggja rjett rithöfunda gagnvart ásælni forleggjara með því að knýja fram ákveðinn samning um þetta efni.

Það, sem ákveðið er í síðasta lið greinarinnar er samkvæmt hlutarins eðli; en af því að ágreiningur hefur verið um þetta meðal lögfræðinga þykir beinu ákvæði ekki ofaukið.

Við 10. gr.

Í fyrsta og öðrum lið greinarinnar er eigi annað sagt en það, sem liggur í hlutarins eðli. Það er ekki ætlazt til, að reglan í 3. lið greinarinnar sje ófrávíkjanleg, þannig að hún gildi þótt öðruvísi sje um samið. Hún er í samræmi við regluna í 9. gr. og veitir höfundinum vernd, sem hann þó getur afsalað sjer með berum samningsorðum. Að vísu kemur verndin þá ekki að fullum notum, því að hætt er við, að höfundar verði opt neyddir til að afsala sjer þessum rjetti fyrir fram. Hinsvegar þykir þó ekki sanngjarnt gagnvart þeim, sem birtingarrjettinn hefur keypt, að gjöra þetta ákvæði að ófrávíkjanlegri reglu, því að ýmsar aðrar orsakir geta valdið því að leikrit eða tónsmíð ekki er leikið, heldur en það, að rjetthafi vilji ekki eða vanræki á nokkurn hátt skyldu sína, svo sem skortur á hæfum leikendum, sjúkdómar og ýms forföll. Ef þörf væri á meiri vernd fyrir leikritahöfund heldur en þeirri, sem hann hefur eptir þessu deklaratoriska ákvæði, þá verður það eptir almennum grundvallarreglum laga naumast gjört á annan hátt en með því, að gjöra honum kost á að endurkaupa rjettinn eptir mati.

Við 11. gr.

Í lagafrumvarpi þessu eru hinar almennu erfðareglur heimfærðar upp á rithöfundarjettinn. Það er vafalaust heppilegra, heldar en að hafa sjerstakar reglur um erfðir á þeim rjetti. Auk þess sem ástæðulaust er að hafa aðrar erfðareglur um þessi rjettindi heldur en önnur fjár-rjettindi, verður að viðurkenna, að þær sjerstöku erfða-reglur, sem áður hafa gilt í öðrum löndum um höfundarjettinn, opt gátu leitt til mjög óviðfeldinna málaloka. Ákvæðið í 2. lið greinarinnar á rót sína í titfinningum höfundarins; væri honum innanhandar að eyðileggja handrit sitt, ef ákvæði þetta væri ekki. Til þessa kemur helst um dagbókarhandrit, eptirlátnar æfisögur höfunda og þvl. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringar.

Við 12. gr.

Það hefur lengi verið ágreiningur um það, hvort og að hve miklu leyti skuldheimtumenn eigi að geta gengið að rithöfundarjettinum. Í flestum útlendum lagakerfum er skuldheimtumönnum veittur rjettur til þess að leita fullnægingar í rithöfundarjettinum að riti, sem út er komið. Þetta kemur yfirleitt fram í dómum flestum saman um að rjett sje; það væri ekki rjett, að gjöra skuldheimtumönnum kost á því að fá sjer tildæmdan rjett til þess að prenta og gefa út handrit skuldunauts síns. Höfundur einn á að skera úr því, hvort það geti samrýmst sæmd hans sem rithöfundar, velsæmistilfinning hans eða öðrum tilfinningum, sem hann einn getur metið til fulls. Samskonar sök leiðir til þess, að skuldheimtumenn geti aldrei með lögsóknum öðlast rjett til þess að birta ritsmíð á annan hátt en hún áður hefur birt verið. En að öðru leyti virðist ekki vera nein fullnægjandi ástæða til þess, að neita skuldheimtumönnum um rjett til þess að ganga að höfundarjettinum að því leyti sem hann hefur fjemæti í sjer fólgið.

Tilgangurinn með því fyrirkomulagi sem upp á er stungið er sá, af annari hálfu að fyrirbyggja, að skuldheimtumenn geti þvingð fram nýja útgáfu af riti móti vilja höfundar eða erfingja hans, og af hinni hálfu, að tryggja skuldheimtumönnum allan þann aðgang að því að leita sjer greiðslu af þeim fjárarði, sem rithöfundur hefur af riti, sem samrýmst getur persónulegum rjetti höfunda, einnig að því er snertir rit, sem áður hafa birt verið.

Til þess að koma ekki í bága við grundvallarreglur laga um fjárnám í kaupi fyrir ónunnið verk er rjettur skuldheimtumanna til þess að heimta fjárnám í arði af væntanlegum útgáfum rits takmarkaður þannig, að meðan rithöfundurinn lifir, megi þeir að eins halda sjer að ókomnum arði af þeim ritsmíðum, sem áður hafa birtar verið. Eptir dauða höfundar er eigi ástæða til að halda þessari takmörkun; að vísu eiga erfingjar að ráða því, hvort birta skuli ritsmíðina, en þeir geta ekki fremur skuldheimtumönnum átt rjett á að fá arð þann, sem af því flýtur.

Með því að ekki er auðið að tryggja rjett þann, sem skuldheimtumönnum er heimilaður með þessu ákvæði með neinni beinni ráðstöfun, verða þeir að láta sjer nægja þá trygging, sem er í því, að sá, sem þrátt fyrir fjárnámið vísvitandi gengur á rjett þann, sem þar með er veittur fjárnámshafa, bakar sjer hegningu eptir ákvæðum hinna almennu hegningarlaga. Þetta mun og venjulega nægja. Ákvæðið í niðurlagi greinarinnar er að eins rökrjett afleiðing af skoðun þeirri, sem sjálfangreind ákvæði byggjast á.

Við 13. gr.

Það er naumast auðið að greina nánar en hjer er gjört takmörkin milli leyfilegrar og óleyfilegrar notkunar á annara manna verkum. Þetta verður í hverju einstöku tilfelli að vera komið undir því, hvort sagt verður, að nýtt og sjálfstætt rit sje til orðið eða ekki. Í ýmsum löndum eru sett meira sundurliðuð ákvæði um það, hverskonar ritbreytingar eru leyfðar og hverjar bannaðar; en þetta er naumast eptirbreytnisvert, þareð það er svo að segja ómögulegt að finna fullnægjandi orðalag fyrir slíku ákvæði.

Við 14. og 15. gr.

Þær reglur, sem í þessum greinum eru settar, eru samkvæmar hlutar-

ins eðli; þær eru hentugar með tilliti til almennra menta, og ekki til tjóns fyrir höfundana. Í staflið b. eru kvæðasöfn ekki meðtalin, því að bæði gæti leyfi til slíks orðið haft að skálkaskjóli fyrir rithvinnsku, og auk þess mun sjaldan standa á leyfi til þess að taka kvæði upp í ljóðasöfn, ef tilgangurinn er góður. Ákvæðið í tölulið c. er ef til vill dálítið varhugavert; en þó mun það svo örsjaldan geta komið fyrir, að rithöfundum sje nokkur bagi að því, að rit þeirra sjeu prentuð sem texti með sönglögum eða á söngskrám, að það hefur þótt mega feta í fótspor útlendra laga í þessu efni.

Orðið »heimildir« í niðurlagi greinarinnar er haft til þess að tákna hvorttveggja, bæði nafn eða merki rithöfundarins eða tónskáldsins, og nafn ritsins sem úr er tekið.

Við 16. gr.

Með því að hægt á að vera að gjöra upptæk ólöglega birt rit o. fl. án þess brotið hafi verið af ásettu ráði, en hegning og skaðabætur því aðeins á að leggja, að lögin hafi verið vísvitandi brotin, er rjettast að skipta ákvæðunum um þetta í 2 greinar. Það leiðir af ákvæðum 1. greinar, að upptakan eptir 16. gr. verður og að ná til ólöglegra eptirrita, og til allra eintaka, sem ætluð eru til þess að láta þau úti, — ekki aðeins til sölu, heldur einnig til leigu, ókeypis útbýtingar o. þvl. Með slíku er eins brotið móti höfundarjettinum eins og með sölu. Sjerstaka reglu þarf um það tilfelli, er aðeins hluti af riti er ólöglega tekinn eptir öðru riti, sömuleiðis viðvíkjandi upptöku áhalda og einkum um það, að sá er misgjört er við eigi rjett á að fá sjer afhenta muni þá, sem upptækir eru gjörðir en aðeins gegn verði þeirra. Hitt væri ástæðulaust, að láta höfundinn hafa sjerstakan gróða af brotunum, með því að fá munina endurgjaldslaust. Með þeim hætti, sem hjer er upp tekinn, fær hann allt, sem hann getur átt lögmætt tilkall til. En þá virðist og sanngjarnt, að hann geti fengið munina virta áður en hann lætur uppi, hvort hann vilji taka við þeim; ella getur hann orðið að sæta kostum, er honum ekki væru hagfeldir.

Með því að játa verður, að hin venjulega aðferð — ónýting hinna ólögmætu rita eða áhalda — geti komið ósanngjarnlega niður, þegar brot er eigi framið af ásettu ráði, er í síðasta kafla greinarinnar tekin upp sjerstök regla um þetta, þar sem eiganda er gefinn kostur á að forða þeim ónýting ef hann sjer um, að þeir verði teknir til geymslu undir umsjón yfirvalda, og ber kostnað þann, sem af því leiðir.

Við 17. gr.

Hjer er ákveðið, að skaðabætur skulu metnar eptir bókhlöðuverði á síðustu lögmætri útgáfu, því að sú regla, að skaðabæturnar skyldu metnar beint eptir söluverði eintaka þeirra, sem seld hafa verið, gæti haft í för með sjer, að sá sem afgjört er við fengi meira en fullar bætur. Auðvitað getur ekki komið til skaðabóta fyr en eitthvað hefur verið úti látið.

Það álízt rjett að taka upp orðin »af ásettu ráði« og »í gáleysi« bæði í 17., 18. og 20. gr., til þess að láta það koma skýrt fram, að ábyrgðar-skilyrðin eru önnur heldur en í 16. og 19. gr.

Sektirnar eru í þessu frumvarpi að dæmi frumvarpsins frá 1889 settar miklu lægri heldur en í dönsku lögunum, svo að hámálið er hálfu lægra og lágmálið enn mun lægra en það.

Við 18. gr.

Ákvarðanirnar í þessari grein eru í samræmi við umgjörð þá, sem gefin er í 1. og 2. gr. Ákvæðið um ákvörðun skaðabóta er þannig orðað, að reynt er að koma því í samræmi við grundvallarregluna í 17. gr.

Við 19. gr.

Þótt svo sje, að sakhæfi eigi að vera skilyrði fyrir eiginlegri skaðabótaskyldu eins og fyrir hegningarábyrgð, þá sýnist þó eigi vera ástæða til þess, að láta þann, sem brýtur annara rjett, þannig að honum verður þó ekki gefin sök á því, græða beinlínis á brotinu. Það virðist sjálfsagt, að hann skili ábata þeim, sem hann hefur haft, til þess, sem rjettinn á.

Við 20. gr.

Það væri of hart að láta þann, sem vanrækt hefur að tilgreina heimild eða höfundarnafn, en að öðru leyti löglega notað annars manns ritsmíð, sæta ábyrgð eptir hinu almenna hegningarákvæði í 17. gr., sem mundi verða gjört, ef ekki væri neitt sjerstakt ákvæði um þetta; hinsvegar er nauðsynlegt að brot gegn hjer að lútandi ákvæðum 15. gr. sje ekki vítalaust, og eru því hjer sett vægari hegningaákvarðanir fyrir þetta tilfelli. Sektirnar, sem í dönsku lögunum frá 1904 eru 2—100 kr. eru hjer settar 1—20 krónur.

Við 21.—23. gr.

Tíminn, sem rithöfundarjettur helzt, er settur 50 ár eptir dauða höfundar, eða að því er snertir nafnlaus rit eða rit undir dularnöfnum, 50 ár frá því fyrsta útgáfa ritsins birtist. Hvort rjett sje að setja þetta eða yfir höfuð nokkurt takmark fyrir rjettinum, er að vísu mjög vafasamt, en það þykir mega telja það víst, að almenningsálitið hafi enn ekki gjört sjer þá hugsun tama, að höfundarjettur eigi að standa um ótakmarkaðan tíma. Það hefur því ekki þótt rjett að víkja frá þeirri meginreglu, að takmarka rjettinn, og er tímalengdin, sem hjer er tiltekin, samkvæm því sem tíðkast víðast annarsstaðar. Aðeins örfá lönd hafa frestinn lengri, sum styttri.

Það hefur verið kostað kapps um að hafa ákvæði þessi svo tæmandi og nákvæm sem unnt hefur verið. Það hefur ekki verið álitin þörf á að setja sjerstaka reglu um rit, sem út eru gefin eptir dauða höfundar. Þar getur tillitið til höfundarins ekki gefið tilefni til sjerstakrar, umfangsmeiri verndar, en vegna hagsmuna almennings þykir varhugavert að láta rjettinn ná lengra en tiltekið er í 21. gr.

Aptur á móti hefur verið álitið rjett að taka það beint fram í 22. gr., að ákvæði greinarinnar eigi við um rit, sem vísindastofnanir eða fjelög eignast rjett yfir samkvæmt 3. gr.

Við 24. gr.

Reglan um málshöfðun er samkvæm grundvallarreglum gildandi rjettar; síðara ákvæði greinarinnar er samkvæmt því, sem ýmist er beint ákveðið eða fastslegið í framkvæmd annarsstaðar.

Við 25. gr.

Fyrning er eðlileg á skaðabótakröfu og hegningu; en hitt er óeðlilegt, að krafan um upptekt geti fyrnst á sama tíma. Meðan rjetturinn helzt, er nauðsynlegt að hægt sje að halda honum í krapti, að minnsta kosti svo, að komið verði í veg fyrir áframhaldandi brot. Í lögum annara landa, er á annað borð heimila fyrning á þessum kröfum, er og þessi greinarmunur gjörður. Hvað snertir fyrningarfrestinn mun hjer eins og annarsstaðar, þar sem um skjóta fyrningu er að ræða, vera heppilegt að hafa tvöfalda reglu, lengri skilyrðislausan frest, er telst frá þeim tíma, er brotið var drýgt, og styttri frest, miðaðan við þann tíma, er sá komst að broti, sem brotið er við. Lengd fyrningarfrestsins að því er hegning snertir, er sett í samræmi við hegningarlögin, en fyrningarfrestur á skaðabótum álízt hæfilega settur 3 ár.

Við 26. gr.

Það er komið á í flestum löndum, að binda vernd laganna við þegnrjettindi rithöfunda, en ekki miða að eins við það, hvar bók er út komin. Þó er víðasthvar ákveðið — til þess að veita vernd innlendum bókaútgáfum — að verndin skuli ná einnig til rita utanríkismanna, er þau eru útgefin í landinu. Í litlu landi eins og Íslandi er vafalaust rjett að fylgja þessari meginreglu, því að þar sem fátt er um lesendur getur opt svo farið, að rithöfundar neyðist til þess að koma, ef til vill hinum mest um varðandi ritum sínum út á erlent forlag eða í erlendum tímaritum og væri hart að neita þeim um höfundarjett hjer á landi fyrir þá sök.

Dönsku lögin frá 29. marz 1904 veita samkvæmt 34. gr. vernd í Danmörku ritsmíðum allra danskra þegna, þar á meðal Íslendinga. Það hefur því þótt rjett að hafa samskonar ákvæði í þessu frumvarpi, en einskorða ekki rjettarverndina við höfunda af íslenzku þjóðerni. Gagnkvæm vernd, sem annars er sett með ríkjasamningum, leiðir þannig beint af ákvæðum laganna fyrir Ísland og Danmörk.

Í síðasta kafla greinarinnar er heimild til þess að ganga inn í Bernarsambandið, þó svo, að samþykki alþingis þurfi til þess, ef það hefur í för með sjer nokkur útgjöld fyrir Ísland.

Við 27. gr.

Með tilliti til afstöðu þessara laga til rjettarástands þess, sem verið hefur að undanförnu, má velja ýmsar leiðir, og eru ákvæðin um þetta mismunandi í löndunum. Þar sem hjer er verið að koma á vernd, sem vantað hefur, virðist eðlilegast vera, að lögin fái gildi einnig fyrir eldri ritsmíðar, aðeins svo, að eigi verði haggað við gjörðum samningum. Slíkri reglu hefur og verið fylgt í ýmsum öðrum löndum. Að vissu leyti, sjerstaklega að því er

snertir þýðingarjettinn, er það og nauðsynlegt að þessari reglu sje fylgt, til þess að geta átt kost á því að komast inn í Bernar-sambandið, ef svo ber undir, því í 14. gr. samningsins stendur, að sambandið skuli einnig ná yfir áður útgefnar ritsmíðar, að svo miklu leyti sem rithöfundarjettur að þeim haldist.

Frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

I. KAFLI.

Umdæmi.

1. gr.

Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru; sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.

2. gr.

Sýslum verður eigi fækkað nje fjölgað, nje takmörkum sýslna breytt, nema með sjerstökum lögum.

3. gr.

Stjórnarráðið hefur heimild til að skipta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum. Eigi má neina slíka breyting gjöra, nema eptir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefndar, sbr. þó næstu grein hjer á eptir.

4. gr.

Nú hefur kauptún eða þorp 300 íbúa eða fleiri, og hefur það þá rjett til að fá sjerstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig með þeim ummerkjum, er stjórnarráðið ákveður eptir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Stjórnarráðið kveður á sama hátt á um fjárskipti og skulda með hinu nýja hreppsfjelagi og hinum hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiptingu þessa farið eptir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefur verið skipt 5 árin næstu á undan, nema samkomulag fáist.

II. KAFLI.

Stjórn.

5. gr.

Stjórn sveitarmálefna í hreppi hverjum skal á hendi hafa hreppsnefnd og í sýslu hverri sýslunefnd.

A. Hreppsnefndir.

a. Skipun hreppsnefnda.

6. gr.

Tala hreppsnefndarmanna í hverjum hreppi skal vera söm og verið hefur. En tölu þeirri má sýslunefnd breyta, ef hreppsnefnd fer þess á leit.

7. gr.

Nú er hreppi skipt í 2 hreppa, og ákveður þá stjórnarráðið eptir tillögum sýslunefndar, hve margir menn skuli vera í hreppsnefnd hvors hinna nýju hreppa.

8. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefndar á hver karlmaður í hreppnum, er á einhvern hátt á með sig sjálfur, svo og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er standa fyrir búi eða á annan hátt eiga með sig sjálfar. Enginn hefur þó þennan rjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, sje fullra 25 ára að aldri, hafi fullt ár á undan kosningunni átt lögheimili í hreppnum, og goldið til hans aukaútsvar, sje fjár síns ráðandi og standi eigi í ógoldinni sveitarskuld.

9. gr.

Enginn, hvorki karl nje kona, má sitja með börnum sínum eða barnabörnum í hreppsnefnd.

10. gr.

Kjörtími hreppsnefndarmanns er 6 ár, þó með þeim nánari takmörkunum, er segir í 11.—13. gr.

11. gr.

Í júnímánuði, hinum næsta eptir að lög þessi fá gildi, skal kjósa hreppsnefnd í öllum hreppum á landinu, fulla tölu hreppsnefndarmanna í hverjum hreppi eptir 6. gr. Gömlu hreppsnefndirnar fara jafnframt frá, en endurkjósa má þá menn, er í þeim sátu, sbr. 14. gr. Úr hreppsnefnd þeirri, er þá verður kosin í hreppi hverjum, gengur eptir hlutkesti meiri hluti hennar (2 af 3, 3 af 5) úr nefndinni eptir 3 ár, í júnímánuði; en minni hlutinn (1 af 3, 2 af 5) eptir 6 ár, í júnímánuði. Í stað þeirra nefndarmanna, er úr nefndinni ganga í hvort skipti, skal þegar kjósa jafnmarga menn í hana til 6 ára. Á þennan hátt fer

svo jafnan síðan meiri og minni hluti hverrar hreppsnefndar frá á víxl með 3 ára millibili.

12. gr.

Ef hreppi er skipt í tvo hreppa, þá skal þegar kjósa í hvorum þeirra nýja hreppsnefnd, og má sú kosning framfara á öðrum tíma en í júnímánuði. En meiri eða minni hluti þeirra nefnda skal úr ganga í fyrsta skipti, þegar meiri eða minni hluti annara hreppsnefnda gengur úr samkvæmt 11. gr., og gengur meiri hluti eða minni hluti hreppsnefnda hinna nýju hreppa úr eptir því, hvort meiri hlutinn eða minni hlutinn gengur úr hinum öðrum hreppsnefndum. En síðan fer um úrgöngu hreppsnefndarmanna í hinum nýju hreppum og kosning í þeirra stað svo sem segir í 11. gr.

13. gr.

Ef hreppsnefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal kjósa þegar mann í nefndina í stað hans að eins til þess tíma, er eptir var af kjörtíma hans. Slík aukakosning getur farið fram, hve nær sem nauðsyn krefur.

14. gr.

Mann, sem gengur úr hreppsnefnd má endurkjósa svo opt sem vill. Þó er enginn, sem hefur verið 6 ár eða lengur í hreppsnefnd, skyldur til að taka *móti kosningu af nýju í sömu nefnd, fyr en liðinn er jafnlangur tími* og hann hefur verið í henni samfleytt síðast.

Sextugur maður er eigi skyldur til að taka móti kosningu í hreppsnefnd; eigi heldur kona þótt yngri sje.

Nú er kosinn í hreppsnefnd maður, sem reyndar er eigi orðinn sextugur, en verður það þó innan 6 ára frá kjördegi, og er honum þá heimilt að segja sig úr nefndinni, er hann er orðinn fullra 60 ára.

15. gr.

Í hreppi hverjum stendur *kjörstjórn* fyrir hreppsnefndarkosningu. Í kjörstjórninni er oddviti hreppsnefndarinnar og með honum tveir aðrir nefndarmenn, er hreppsnefndin kýs, þar sem nefndarmenn eru fleiri en 3. En þar sem þeir eru að eins 3, eru þeir allir í kjörstjórninni. Oddviti er formaður kjörstjórnar.

Nú er nýr hreppur myndaður, og tilnefnir þá sýslumaður formann fyrstu kjörstjórnar þar og 2 menn með honum. Síðan fer um kjörstjórn þar eptir því sem áður segir í grein þessari.

16. gr.

Kjörstjórnin býr til fyrir 15. apríl ár hvert kjörskrá yfir þá menn í hreppnum, er kosningarrjett hafa, og skulu nöfn þeirra rituð eptir stafrófsröð. Skráin á að liggja hreppsbúum til sýnis í 3 vikur á hentugum stað, og skal

auglýsa áður með nægum fyrirvara, hvar og hve nær hún verði lögð fram. Aðfinningar við hana verða að koma til kjörstjórnar fyrir kjörfundinn og leggur hún úrskurð á þær áður en til kosninga er gengið.

17. gr.

Dag og stund, þá er kosning skuli fram fara, á kjörstjórnin að auglýsa með þingboði um hreppinn svo snemma, að það verði kunnugt á hverju heimili í honum að minnsta kosti 5 dögum fyrir kjörfund.

18. gr.

Kosningar fara fram eptir kjörskránni í heyranda hljóði. Hver sem vill neyta kosningarrjettar sins, verður sjálfur að koma á kjörfund og skýra munnlega frá, hvern hann kjósi eða hverja. Kjörstjórnin ritar atkvæðin jafnóðum í kjörbók. Þá er allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á að greiða atkvæði sín og atkvæði öll eru bókuð, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en að minnsta kosti klukkustund er liðin frá því, er hún hófst. Formaður kjörstjórnar les þá greinilega upp öll atkvæði, sem greidd eru, en hinir í kjörstjórninni rita þau upp og telja saman. Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir hreppsnefndarmenn. Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

19. gr.

Skorist einhver sá, er kosning hefur hlotið, undan því að taka móti henni, sker kjörstjórnin úr, hvort undanfærsla hans verði tekin til greina. Ef hún er tekin gild, er kosinn annar maður í stað hans. Að öðrum kosti má sá, er kosinn er, bera undanfærslu sína undir sýslunefndina, sem getur fellt úrskurð kjörstjórnar úr gildi og þá látið kjósa hreppsnefndarmann í stað hins.

20. gr.

Kjörstjórn skal jafnan skýra sýslumanni frá, hvernig kosning hafi farið.

21. gr.

Ef einhver vill kæra yfir kosningjargjörð eða úrskurði kjörstjórnar, skal hann senda formanni kjörstjórnarinnar kæru sína skriflega innan 8 daga frá því er úrskurðurinn var uppkveðinn, eða kosningargjörð lokið. Komi kæran síðar fram, skal eigi sinna henni. Þyki kjörstjórninni kæra, sem komið hefur í tæka tið, vera á rökum byggð, getur hún breytt úrskurði sínum, og, ef ástæða er til, efnt þegar til nýrra kosninga. Að öðrum kosti sendir kjörstjórnin sýslunefndinni þegar kæruna með áliti sínu og leggur sýslunefndin úrskurð á málið.

22. gr.

Ef hreppsnefndarmaður missir kosningarrjett og kjörgengi, víkur hann úr nefndinni. Missi hann rjettindi þessi að eins um hríð, má víkja honum um

stundarsakir frá nefndarstörfum. Hinir hreppsnefndarmennirnir skera úr ágreiningi, er rís af slíkum atvikum, og einnig af því, er hreppsnefndarmaður brýtur svo mjög móti skyldum sínum, að nauðsynlegt þykir að víkja honum úr nefndinni. Heimilt er honum að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslunefndar.

23. gr.

Nú vill hreppsnefndarmaður fá lausn úr nefndinni áður en liðinn er tími sá, er hann var kosinn fyrir, og má þá hreppsnefndin veita honum hana. Ef hreppsnefndin synjar honum, getur hann snúið sjer til sýslunefndarinnar, og má hún veita honum lausn, ef ástæða er til.

24. gr.

Þegar hreppsnefnd er kosin, hvort heldur öll, eða meiri eða minni hluti (deild) hennar, skal elzti nefndarmaðurinn kveðja alla nefndarmennina á fund, til að kjósa *oddvita*. Kjörtími oddvita er jafnan til næstu almennra hreppsnefndakosninga (deilda kosninga). Ef oddviti deyr, eða gengur úr nefndinni áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa oddvita í stað hans fyrir það, sem eptir er af oddvitakjörtímanum.

Elzti nefndarmaður stjórnar jafnan oddvitakosningu.

Hver nefndarmaður er skyldur til að taka á móti kosningu til að verða oddviti, eða til að framkvæma önnur sjerstakleg störf, er nefndin felur honum á hendur. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti í 3 ár eða lengur, eða haft önnur sjerstök störf á hendi fyrir nefndina, skorazt undan kosningu til þess starfs um jafnlangan tíma og hann hefur verið oddviti þeirrar nefndar, eða haft starfið á hendi.

Hreppsnefnd hver skal kjósa *varaoddvita*, til að gegna störfum oddvita í forföllum hans. Kjörtími varaoddvita er sami og kjörtími oddvita. Enginn nefndarmaður getur skorazt undan þeirri kosningu. Oddviti stjórnar kosningu varaoddvita.

Sá er rjett kosinn oddviti eða varaoddviti, er fengið hefur meir en helming þeirra atkvæða, er viðstaddir hreppsnefndarmenn hafa greitt. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa af nýju. Fái þá eigi heldur neinn yfir helming atkvæða, skal fara fram bundin kosning milli þeirra tveggja, er við kosninguna á undan fengu flest atkvæði. Ef atkvæði eru jöfn við síðari óbundnu kosninguna, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli velja, er bundna kosningin fer fram. Sömuleiðis ræður hlutkesti, ef atkvæði eru jöfn við hana.

Hinn nýkosni oddviti tilkynnir þegar sýslumanni kosning oddvita og varaoddvita.

25. gr.

Oddviti kveður nefndarmenn til fundar, stjórnar umræðum og sjer um að fundargjörðir og allar ályktanir nefndarinnar sjeu rjett og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sjer um að öll störf, sem nefndin á að annast um, sjeu tilhlýðilega unnin. Hann er fjehirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og brjefaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufje hrepps-

ins, verðbrjef og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir, og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Hreppsnefndin getur þó falið hverjum nefndarmanni, sem hún vill, á hendur einhver ákveðin störf (sbr. 24. gr.), t. d. að sjá um gjaldheimtu, fjallskil, annast brjefagjörð um einstök mál, eða einhverjar greinir mála og annað, er að þeim lýtur o. s. frv. Að öðru leyti annast oddviti um allt slíkt.

Í forföllum oddvita á varaoddviti að annast hlutverk hans að öllu leyti (24. gr.).

26. gr.

Hreppsnefndin skal halda að minnsta kosti 2 nefndarfundi ár hvert, í júnímánuði og októbermánuði, og auk þess svo opt sem oddvita þykir þörf á, eða þegar að minnsta kosti helmingur nefndarmanna krefst þess.

Fundarstað ákveður nefndin, ef hún vill. Að öðrum kosti ræður oddviti honum, og hann ákveður fundardag og stund.

27. gr.

Hreppsnefnd getur enga ályktun gjört, nema meir en helmingur hennar sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita. Sje um einhverja kosning að ræða, og 2 nefndarmenn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti. Þó fer um kosning oddvita og varaoddvita eptir 24. gr.

Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, getur heimtað, að ágreiningsálit hans verði ritað með fám orðum í gjörðabókina. Allir nefndarmenn, sem eru viðstaddir, rita nöfn sín undir hana.

b. Verksvið hreppsnefnda og laun.

28. gr.

Hreppsnefnd stjórnar fátækramálum í hreppi sínum samkvæmt fátækralögum undir yfirstjórn sýslunefndar.

Fela má hreppsnefnd einum manni eða tveimur úr sínum flokki að hafa sjerstaka umsjón með framfærslu þurfalinga hreppsins og að annast störf, er að því lúta (24. og 25. gr.).

29. gr.

Hreppsnefnd hefur umsjón yfir þinghúsi hreppsins og öllum fasteignum, sem hann á eða hefur not af (t. d. Kristfjárjörðum), og á hún að sjá um, að þetta sje haft í góðu lagi. Hún annast um að landamerki afrjettar hreppsins og jarða hans sjeu ákveðin og jafnan glögg.

30. gr.

Hreppsnefnd á að sjá um notkun afrjetta hreppsins og um fjallskil og rjettir, smalanir afrjetta og heimalanda á haustum til fjárskila, og á vorum til mörkunar, rúningar og fráfærna og gjöra ráðstafanir til að eyða refum, allt eptir því sem reglugjörðir um fjallskil, refaveiðar o. s. frv. nánara ákveða.

31. gr.

Hreppsnefnd á að hvetja hreppsbúa til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fjenaði sínum, þeim er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla. Hún ákveður ár hvert, hvenær almenn skoðun á búfjenaði og fóðurbirgðum skuli framfara.

32. gr.

Hreppsnefnd er skylt að leitast við að koma í veg fyrir flakk og húsgang, og hún á eptir mætti að stuðla að því, að góð regla haldist í sveitinni.

33. gr.

Hreppsnefnd hefur heimild til án milligöngu sýslumanns að halda undirboðsþing á vegastörfum og viðhaldi á þinghúsi og ennfremur á því að fá til verk og varning í þarfir sveitarinnar.

34. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sjerstaka sveit, til lykta ráðið, fyr en álits hreppsnefndar þar hefur verið leitað um það. Hreppsnefnd má einnig að fyrra bragði senda stjórnarráðinu tillögur um hvað eina, er verða má sveitinni til gagns, eða til að afstýra tjóni eða hallæri.

35. gr.

Reikningsár hrepps er almanaksárið.

36. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju í júnímánuði gjöra áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi ár, og að því leyti sem fátækratíundin og aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldunum, jafna niður eptir efnum og ástæðum sem *aukaútsvari* því sem vantar, á alla þá, er eiga lögheimili í hreppnum. eða hafa fast aðsetur í honum. Þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í hreppnum. Fast aðsetur í hreppnum skemmri tíma en 4 mánaði kemur ekki til greina. Sömuleiðis má leggja útsvar á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er sjeu rekin að minnsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra hafi eigi haft þar fast aðsetur.

Á hvalveiði og síldarveiði með nót svo og á laxveiðiafnot utanhreppsmanna má leggja aukaútsvar, þótt fyrirtæki þessi eða atvinna sje rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu. Sömuleiðis má leggja aukaútsvar á ábúð á jörð eða jarðarhluta og leiguliðaafnot af jörðu, þótt engin ábúð fylgi, og þótt rekin sjeu skemur en 4 mánuði gjaldársins og þótt leiguliði eða notandi eigi heimili annarstaðar.

Einnig má leggja aukaútsvar á kaupfjelög og pöntunarfjelög, ef þau hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir

eptir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástæðum svo sem hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje haft til annara tekna eða eigna þess, er í hlut á.

37. gr.

Nú stundar aðkomumaður bátfiski á firði eða flóa, á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama eða sömu hreppa samtals 4 vikur eða lengur sömu missiri, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna á hann hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn. Útsvarinu skal formaður lokið hafa fyrir skip sitt áður en hann fer á brott. Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum sveitarfjelögum við þann fjörð eða flóa, sem útræðið er við, ef útsvar er á þá lagt í sveitarfjelagi sjálfra þeirra.

Sá, sem útsvar er á lagt eptir þessari grein, getur kært það skriflega fyrir hreppsnefnd, er tekur kæruna til meðferðar og úrskurðar hana, sje hún komin til nefndarinnar innan frests, sem hún telur hæfilegan eptir því sem á stendur í hvert skipti. Nú er gjaldþegn ekki ánægður með úrskurð hreppsnefndar, og má hann þá skjóta kærumáli sínu undir úrskurð sýslunefndar, og skal sýslunefndin leggja á það fullnaðarúrskurð, ef hún telur áfrýjun á úrskurði hreppsnefndar fram koma á hæfilegum fresti; að öðrum kosti skal kærunni ekki sinnt.

38. gr.

Aukaútsvörum, öðrum en þeim, er talað er um í 37., 41. og 74. gr. jafnar hreppsnefnd niður í júnímánuði ár hvert fyrir reikningsár það, er þá stendur yfir. Hún gjörir nákvæma skrá yfir niðurjöfnunina, og skal niðurjöfnunarskráin lögð fram á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað 7. júlí s. á. og liggja þar hreppsbúum til sýnis þann mánuð út. Framlagning hennar skal áður auglýst um hreppinn.

39. gr.

Heimilt er hverjum þeim, er aukaútsvari er jafnað á samkvæmt 38. gr., að bera upp aðfinningar um það, hvernig útsvörunum er jafnað á aðra eða sjálfan hann, eða að einhverjum hafi ranglega verið sleppt. Sá, er koma vill fram með slíkar aðfinningar, skal gjöra það brjeflega við oddvita áður en liðinn er tími sá, er niðurjöfnunarskráin á að liggja til sýnis. Komi kæran seinna en svo til oddvita, skal hún eigi tekin til greina. Nú kemur útsvarskæra til oddvita í tæka tíð, og skal hann þá, að kærufrestinum liðnum, svo fljótt sem auðið er kveðja hreppsnefndina á fund og boða á fundinn bæði kæranda, og þann eða þá gjaldendur, er kært er yfir, og gefa þeim kost á að láta uppi álit sitt og skýringar um málið. Án þess að þeir eigi kost á þessu, má hreppsnefnd eigi úrskurða um neina útsvarskæru. En láta mega þeir skriflega uppi álit sitt og þurfa ekki að mæta á fundinum, nema þeir vilji. Hreppsnefndin leggur svo úrskurð sinn á kæruna þá þegar á fundinum, nema henni þyki nauðsynlegt að fresta því, til að fá upplýsingar málinu til skýringar, en þá svo fljótt sem verða má. Úrskurð sinn birtir hún kæranda skriflega.

40. gr.

Úrskurði hreppsnefndar um útsvarskæruna getur kærandi eða sá, er útsvar er hækkað á eptir kæru annars, skotið til sýslunefndar, og skal hann þá gjöra það skriflega innan 8 vikna frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Komi málskot hans seinna en svo til oddvita sýslunefndarinnar, skal það ekki tekið til greina.

Þá er oddvita sýslunefndarinnar hefur verið send útsvarskæra, skal hann leggja hana fyrir næsta sýslunefndarfund og kveður nefndin upp úrskurð sinn um hana á þeim sama fundi, nema nauðsynlegt þyki að fresta því til þess að útvega nákvæmari skýrslur um málið, en þá svo fljótt sem auðið er.

41. gr.

Nú atvikast svo, að maður verður eitthvert ár útsvarsskyldur í hreppi samkvæmt 36. gr., en eigi fyr en eptir hina almennu útsvaraniðurjöfnun í júní á því ári, og er þá hreppsnefnd heimilt að leggja útsvar á þann mann, þótt seinna sje á árinu.

Heimilt er hverjum þeim, er lagt er á útsvar eptir þessari grein, að kæra útsvar sitt, og skal þá útsvarskæran komin til oddvita hreppsnefndar innan 3 vikna frá því er útsvarinu var jafnað niður. Að öðru leyti fer um úrskurðun útsvarskæru þessarar og áfrýjun svo sem segir fyrir um í 39. og 40. gr.

42. gr.

Eindagi á aukaútsvörum, sem jafnað er niður í júní eptir 38. gr., er 31. október næst á eptir niðurjöfnuninni. Eindagi á útsvörum, sem jafnað er á eptir 41. gr., er sá, er hreppsnefnd ákveður. Um eindaga á þeim útsvörum, er lögð eru á eptir 37. gr., fer eptir því, sem fyrir er mælt í þeirri grein.

Enginn sá, er sveitarútsvar er lagt á, getur komizt hjá að greiða það á eindaga, þótt hann hafi kært yfir útsvarsupphæðinni og lagt það mál undir úrskurð sýslunefndarinnar. Ef sýslunefndin lækkar útsvarið, skal endurgjalda gjaldþegni af sveitarsjóði það, er hann hafði greitt fram yfir upphæð þá, er sýslunefndin gjörði honum að greiða.

43. gr.

Sveitarútsvör má taka lögtaki.

44. gr.

Hreppsnefnd getur heimtað, að hver gjaldandi greiði tiltölulegan hluta af aukaútsvari sínu í peningum eptir þörfum hreppsins. Að því leyti sem útsvörin eru eigi greidd í peningum, eða gjaldendur taka þau eigi undir sjálfum sjer upp í meðlag með ómögum, eða fyrir eitthvað, sem þeir hafa látið hreppnum í tje, skal greiða þau með innskript í verzlun, þar er hreppsnefnd ákveður, nema fjehirðir láti sjer lynda annan gjaldeyri.

45. gr.

Tekjur sveitarsjóðs eru:

1. Tiundir af fasteign og lausafje.
2. Aukaútsvör.
3. Afgjöld af fasteignum hrepps og upprekstrargjald.
4. Vextir af innstæðufje.
5. Hundaskattur.
6. Endurgjald fyrir sveitarstyrk frá þeim, er fjekk hann, og frá öðrum hreppum fyrir styrk veittan þurfalingum þeirra. Hjer með teljast einnig eptirlátnir fjármunir skuldunauta hrepps að því leyti, sem fjármunir þeir ganga til skuldalúkningar.
7. Endurgjald frá öðrum hreppi fyrir eitthvað í viðskiptum milli hreppanna annað en þurfamannastyrk.
8. Fimmtungur af alls konar fiski, sem veiddur er á opnum bátum á helgum dögum.
9. Óskilafjárverð.
10. Sektir eptir sættum eða dómum.
11. Gjald af síldarveiði og upsa með nót.
12. Gjafir eða aðrar óvæntar tekjur.

46. gr.

Hreppsnefndin skal halda saman stjórnartíðindum þeim, er henni eru send, ganga eptir, ef í þau vantar, láta binda þau inn og geyma þau vel. Kostnaður við það greiðist úr sveitarsjóð.

47. gr.

Útgjöld til skriffæra, brjefasendinga og sendiferða í þarfir hreppsins skal endurgjalda oddvita eptir reikningi.

Allt það, sem oddviti á að fá úr hreppssjóði, skulu hinir hreppsnefndarmennirnir ávísa honum skriflega.

48. gr.

Oddviti skal hafa að launum um árið 1 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Þó mega laun hans eigi nema meiru en 100 kr. og ekki minna en 25 kr. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

49. gr.

Hreppsnefnd hver heldur þessar bækur:

1. *Sveitarbók.* Í hana skal rita:
   a, skýrslu um það, er gjörist á nefndarfundum, mál þau, er nefndin tekur fyrir, og ályktanir um þau.
   b, ársreikninga hreppsins með athugasemdum endurskoðenda og svörum reikningshaldara, svo og úrskurðum sýslunefndar, og aðra reikninga hans, svo og niðurjöfnunarskrár, og um ráðstöfun ómaga og meðlag með þeim, þurfamannastyrk, og annað, er að þessu lýtur, og allar skýrslur.

2. *Brjefabók*, sem rita skal í orðrjett þau brjef, er nefndin (oddvitinn) ritar öðrum.
3. *Kassabók*, sem rita skal í allar peningaupphæðir, sem sveitarsjóður fær eða geldur út.
4. *Dagbók* yfir innkomin brjef eptir fyrirmynd, er sýslunefnd býr til.
5. *Kjörbók*, til að rita í atkvæði við hreppsnefndarkosningar.

Bækur þessar skulu vera löggiltar af sýslumanni, og rannsakar hann þær á hverju manntalsþingi. Andvirði þeirra greiðist úr sveitarsjóði.

50. gr.

Fyrir 20. dag janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari gjöra reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins næstliðið ár, og skal hann gjörður eptir fyrirmynd, er stjórnarráðið býr til.

Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn. En auk þess kýs hún í hvert skipti einhvern innsveitarmann annaðhvort úr hreppsnefndinni eða utan hennar, til að yfirskoða hann. Undan þeirri kosningu getur enginn skorazt, sá er hefur kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefndar.

Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir lok janúarmánaðar, og yfirskoðun hans skal vera lokið fyrir 10. febr. s. á. Síðan skal reikningurinn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara liggja hreppsbúum til sýnis á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað frá 14. febr., að þeim degi meðtöldum, mánuðinn út. Framlagningin skal auglýst áður um hreppinn með nægum fyrirvara. Fyrir 7. marz næst á eftir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með athugasemdum þeim, er gjörðar hafa verið við hann, svörum upp á þær og öðrum fylgiskjölum. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 69. gr.

Öll hreppsnefndin hefur ábyrgð á því, að reikningurinn sje rjettur. Hún ábyrgist einnig innstæðufje, skuldabrjef og aðrar eigur hreppsins.

Stjórnarráðið skipar fyrir um, yfir hvaða tímabil hinn fyrsti reikningur hvers hrepps, eptir að lög þessi fá gildi, skuli ná.

51. gr.

Án samþykkis nefndarinnar má eigi borga nein útgjöld af sveitarsjóði nema þau, sem ákveðin eru í lögum, eða sýslunefndin hefur samþykkt.

52. gr.

Að því er snertir ungmennafræðslu, heilbrigðismál, vegi, alþýðustyrktarsjóð, skattamál, verðlagsskrár, húsmennskuleyfi, þurrabúðarleyfi, áfengissöluleyfi, nýbýlisleyfi, alþingiskosningar, fjárkláðaútrýming og annað, er hreppinn snertir, og eigi er sjerstaklega talið í lögum þessum, hefir hreppsnefnd það hlutverk, er lög á kveða.

53. gr.

Samþykki sýslunefndarinnar útheimtist til þess að ályktun hreppsnefndarinnar sje gild í þessum greinum:

1. til þess að hækka á ári því, sem yfir stendur, upphæðir þær, sem eru á niðurjöfnunarskránni.
2. til þess að sveitin takist á hendur nokkra skuldbinding til langframa, er eigi hvílir beinlínis á henni samkvæmt lögum.
3. til þess að nokkuð verði borgað úr sveitarsjóðnum fyrir aðstoð við sveitarstjórnarstörf, sem einhverjum ber að leysa af hendi, af því að hann er kjörinn til þess, að launum oddvita undanteknum (48. gr.)
4. til þess að á nokkru ár verði að samtöldu lögð á hreppsbúa meiri útgjöld en svo, að nemi þriðjungi fram yfir útgjaldaupphæð sama hrepps að meðaltölu um næstu þrjú ár á undan. Upphæð sú, sem eitthvert ár kann að verða lögð á með samþykki sýslunefndarinnar, má eigi teljast með, þegar síðar meir á að finna áðurgreinda meðaltalsupphæð.
5. til þess að selja megi eða veðsetja fasteignir sveitarinnar eða til að kaupa nýjar fasteignir handa henni.
6. til þess að eyða innstæðufje sveitarinnar.
7. til þess að taka lán handa sveitinni, sem nemi meiru eða sje fyrir lengri tíma, en að það verði borgað aptur fyrir lok næsta reikningsárs, eða endurnýja slíkt lán, eða lengja þann tíma, er á að borga það aptur.

54. gr.

Ef sýslumaður kemst að því, að einhver ályktun hreppsnefndarinnar fer fram yfir það, sem hún hefur vald til, eða er að öðru leyti lögum gagnstæð, eða miðar til að gjöra einhverja ráðstöfun, sem sveitin getur haft tjón af, eða skorast undan að gegna þeirri skyldu, er á sveitinni hvílir, getur hann með brjefi til oddvita hreppsnetndarinnar ónýtt ályktunina fyrst um sinn, ef eigi er enn búið að framkvæma hana. Síðan leggur hann málið fyrir næsta sýslunefndarfund, sem kveður upp fullnaðar úrskurð um það.

B. Sýslunefndir.

a. Skipun sýslunefnda.

55. gr.

Í sýslunefnd hverri skal vera einn kjörinn maður úr hverjum hreppi sýslufjelagsins auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar.

Í Vestmanneyjasýslu er sýslumaðurinn, sóknarpresturinn og þrír kjörnir menn í nefndinni.

56. gr.

Hver hreppur er kjördæmi út af fyrir sig og kýs mann í sýslunefnd. Kosningin fer fram á manntalsþingi með óbundinni atkvæðagreiðslu, er kjörstjórnin skipar fyrir um. Í kjörstjórninni er sýslumaður, formaður, og 2 menn aðrir, er sýslunefnd kýs.

57. gr.

Um kosningarrjett og kjörgengi til sýslunefndar og um það, hvernig

haga skuli kosningunni, gildir að öðru leyti hið sama, sem fyrir er mælt í þessu efni að framan um hreppsnefndirnar. Sömuleiðis skal farið eptir hreppsnefndarkjörskránum, þegar kjósa á í sýslunefndirnar (sbr. 8., 16. og 18.—19. gr.).

58. gr.

Sýslunefndin sker úr mótmælum gegn lögmæti kosningar. En til þess að þeim verði gaumur gefinn, skal bera þau upp brjeflega fyrir oddvita nefndarinnar innan 14 daga frá því er kosningargjörðinni er lokið. Sýslunefndin sker einnig úr málum, er rísa af því, að einhver beiðist þess að mega ganga úr nefndinni, og eins þá er spurning er um að víkja einhverjum úr henni.

59. gr.

Í hreppi hverjum skal kjósa varasýslunefndarmann og gilda sömu reglur við kosning þeirra, sem við kosning sýslunefndarmanns.

Nú er sýslunefndarmaður forfallaður frá að mæta á sýslufundi, og skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt sýslufund.

Varasýslunefndarmaður hefir sömu rjettindi og skyldur sem sýslunefndarmaður.

60. gr.

Sýslunefndarmenn skal kjósa fyrir 6 ár, þó með þeim nánari takmörkunum, er segir í 61.—62. og 64. gr.

61. gr.

Á manntalsþingum hinum næstu eptir að lög þessi fá gildi skal í öllum hreppum á landinu kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann. Gömlu sýslunefndarmennirnir og varasýslunefndarmennirnir fara jafnframt frá, en þá má endurkjósa. Af sýslunefndarmönnum og varasýslunefndarmönnum þeim, er þá verða kosnir í hverja sýslunefnd, gengur eptir hlutkesti milli hreppa meiri hlutinn, ef tala hreppa í sýslu stendur á stöku (3 af 5, 4 af 7, 5 af 9 o. s. frv.), en ella helmingur, úr sýslunefndinni sama ár sem meiri hluti hreppsnefnda á eptir 11. gr. að ganga úr hreppsnefndum, og minni hluti kosinnar sýslunefndar hverrar og varasýslunefndarmanna eða annar helmingur gengur svo úr 3 árum seinna. Í stað þeirra sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna, er úr nefndinni ganga í hvort skipti, skal á manntalsþingum sama ár kjósa jafnmarga menn til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan meiri og minni hluti eða helmingur hverrar kosinnar sýslunefndar frá á víxl með 3 ára millibili.

62. gr.

Ef sýslunefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal á næsta manntalsþingi kjósa mann í

nefndina í stað hans, að eins til þess tíma, er eptir var af kjörtíma hans. Sama er um varasýslunefndarmann.

63. gr.

Um endurkosning og um rjett manns til að skorast undan að taka við kosningu í sýslunefnd skal fara eptir fyrirmælum 14. gr., og á það jafnt við um varasýslunefndarmann sem sýslunefndarmann.

64. gr.

Nú er hreppi skipt í tvo hreppa, og gengur þá sýslunefndarmaður hans þegar úr nefndinni og sömuleiðis varasýslunefndarmaður. Á næstu manntalsþingum á eptir skal í hvorum þessara hreppa kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann, og ganga þeir úr nefndinni eptir nánari ákvörðun sýslunefndarinnar þannig, að fylgt sje reglunum í 61. gr.

65. gr.

Sýslunefndin skal eiga að minnsta kosti einn fund á ári í apríl eða maí, eptir því sem oddviti ákveður nákvæmar. Auk þess má hann kveðja til aukafundar, þegar honum þykir þess þörf, og hann er skyldur til þess, ef helmingur nefndarmanna heimtar það. Nefndin ræður fundarstað, þegar hún vill, ella oddviti.

66. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gjört, nema meir en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita.

Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, á heimting á, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gjörðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við eru staddir, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið.

67. gr.

Oddviti stjórnar umræðum og sjer um að fundargjörðir og allar ályktanir nefndarinnar sjeu rjett og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sjer um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, sjeu tilhlýðilega unnin. Hann er fjehirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og brjefaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar og annað, er henni við kemur. Hann geymir innstæðufje sýslunnar, skuldabrjef og aðrar eignir sýslufjelagsins.

Sýslunefndin getur falið hverjum nefndarmanni, er hún vill, einhver ákveðin störf, er hún á að annast, eða kosið nokkra af nefndarmönnum í undirnefnd, til að leysa þau af hendi, eða starfa að einhverju málefni til undirbúnings milli funda. Fyrir þesskonar störf má hún veita hæfilega þóknun úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á þeim störfum.

b. Verksvið sýslunefnda og laun.

68. gr.

Sýslunefnd hefur yfirstjórn sveitarmálefna í öllum hreppum sýslunnar, og leggur fullnaðarúrskurð á mál þau, er samkvæmt 19., 21.—23., 30., 40,—41., 50. og 53. gr. laga þessara liggja undir hana, svo og á þær ályktanir hreppsnefnda, er skotið er undir úrskurð hennar samkvæmt löggiltum reglugjörðum sýslunefndar. Hún hefur yfir höfuð umsjón með því að hreppsnefndirnar hegði sjer í sveitarstjórnarathöfnum sínum eptir lögum og löglegum fyrirskipunum.

Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmæt gjöld eða neitað að borga það, sem hún á að greiða, eða leitt hjá sjer að framkvæma einhverja aðra ráðstöfun, sem hún er skyld til, eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefur vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sje kippt í lag, og, ef nauðsyn ber til, getur hún beitt þvingunarsektum, til þess að boðum hennar verði framfylgt, og auk þess komið fram ábyrgð á hendur einstökum hreppsnefndarmönnum við dómstólana.

69. gr.

Sýslunefnd kýs á ári hverju einn mann úr sínum flokki til að yfirskoða ársreikninga allra hreppa í sýslunni. Endurskoðari skal, ef honum þykir ástæða til, senda reikningshaldara athugasemdirnar til svars, nokkru fyrir sýslufund, síðan skal úrskurða reikningana á aðalfundi nefndarinnar; semur sýslumaður síðan eptir þeim yfirlit yfir efnahag hreppanna, og sendir stjórnarráðinu.

Yfirskoðara þessara reikninga má veita þóknun úr sýslusjóði, eptir því sem nefndin ákveður.

70. gr.

Sýslunefnd stjórnar öllum sveitarmálum, er varða sýsluna í heild sinni. Eptir tillögum hreppsnefnda gjörir hún, þegar svo ber undir, ráðstöfun til að afstýra hallæri í sýslunni. Ef meira fje þarf til þess en að það verði borgað með helmingnum af öllum hinum venjulegu árstekjum sýslunnar, eptir meðaltölu fyrir 3 ár, verður að leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, sem nefndin afræður. Hún ræður, hvar lögferjur skuli vera og annast um, að þær sjeu jafnan í góðu lagi, og að lögferjumenn gæti skyldu sinnar. Þá er skipa skal hreppstjóra, stingur hún upp á 3 mönnum til þess,, og af þeim skipar sýslumaður einn. Einnig gjörir hún tillögu um, hvort hreppstjóri skuli vera einn í hreppi eða tveir. Hún annast um að prentaðar sjeu eigi sjaldnar en 10. hvert ár nákvæmar skrár yfir fjármörk og, ef ástæður eru til, einnig yfir hestamörk, í allri sýslunni.

71. gr.

Sýslunefnd semur reglugjörð um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjárskila, og sömuleiðis á vorum til mörkunar rúningar og fráfærna, og ráðstafanir til að eyða refum, svo og aðrar reglugjörðir þær, er hún hefir heimild til að semja samkvæmt lögum. Þá er nefndin hefir á fundi með meiri hluta atkvæða samþykkt einhverja slíka reglugjörð, skal senda hana stjórnarráðinu, sem getur veitt henni lagagildi.

72. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar sjerstaka sýslu, til lykta ráðið fyr en álits sýslunefndar þar hefur verið leitað um það. Sýslunefnd má og að fyrra bragði senda stjórnarráðinu tillögur um hvað eina, er verða má sýslunni til gagns, eða til að afstýra hallæri.

73. gr.

Reikningsár sýslusjóðs er almanaksárið.

74. gr.

Sýslunefndin skal á aðalfundi semja áætlun fyrir næstkomandi reikningsár yfir tekjur og útgjöld sýslunnar. Sýsluvegagjald, eins og það er ákveðið í lögum 13. apríl 1894, um vegi sbr. lög um breyting á þeim lögum 23. okt. 1903, rennur í sýslusjóð, en úr honum greiðist kostnaður við sýsluvegi. Að því leyti sem eigi er heimild fyrir greiðslu einstakra gjalda með niðurjöfnun á annan hátt, skal jafna því, sem með þarf, niður á hreppsfjelög sýslunnar eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða, að tveim þriðjungum, og eptir tölu verkfærra karlmanna, að einum þriðjungi í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjaldi því, er þannig kemur á hvert hreppsfjelag, skal hreppsnefndin jafna niður á hreppsbúa, eptir efnum og ástæðum, að öllu leyti samkvæmt fyrirmælunum í 36. gr., og skal hreppsnefndaroddvitinn greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

Rjett er að hreppsnefnd, ef hún óskar þess, feli sýslumanni innheimtu á gjöldum hreppsbúa til sýslusjóðsins, og henni er heimilt að jafna gjöldum þeim niður á þá sjerstaklega með aukaniðurjöfnun, á hverjum tíma árs sem er, eptir því sem atvik eru til. Niðurjöfnunarskrá yfir þau sendir hún sýslumanni fyrir þann tíma, sem hann til tekur, ef hún vill láta hann innheimta það. Niðurjöfnunarskrá þessi skal liggja frammi á þingstað hreppsins í 3 vikur og framlagningin auglýst áður um hreppinn. Um kærur yfir niðurjöfnun þessari fer sem segir í 39. og 40. gr.

75. gr.

Oddvita sýslunefndarinnar skal endurgjalda eptir reikningi hans, það sem hann hefur borgað fyrir ritföng, sendiferðir o. fl., og skal öll nefndin ávísa honum fjeð.

76. gr.

Hver sýslunefndarmaður fær í fæðispeninga 2 krónur hvern dag frá því er hann fer að heiman á sýslufund, til þess er hann kemur heim aptur, svo og ferðakostnað eptir reikningi hans, er sýslumaður rannsakar og úrskurðar. Fje þetta greiðist úr sýslusjóði.

77. gr.

Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði, nema heimild sje fyrir því í lögum, eða það sje ákveðið af sýslunefndinni.

78. gr.

Sýslunefndin kýs árlega á aðalfundi einhvern mann úr sínum flokki til þess að yfirskoða næsta reikning sýslusjóðsins.

79. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal oddviti sýslunefndarinnar gjöra reikning yfir tekjur og útgjöld sýslusjóðsins næstliðið ár og senda yfirskoðara hann fyrir lok sama mánaðar. Yfirskoðari skal fyrir lok næsta febrúarmánaðar senda oddvita aptur reikninginn með athugasemdum sínum. Á næsta aðalfundi þar á eptir rannsakar sýslunefndin reikninginn, í sambandi við athugasemdirnar og svör reikningshaldara upp á þær, og úrskurðar síðan reikninginn.

Reikninginn á að semja eptir áætlun þeirri, sem nefnd er í 74. gr., og skal honum fylgja skrá yfir eignir sýslunnar og yfirlitsreikningur yfir eigur og skuldir hennar. Þetta ásamt reikningnum sjálfum sendir oddviti stjórnarráðinu til yfirlits með næsta pósti, eptir að reikningurinn var úrskurðaður.

Fyrir lok júnímánaðar skal senda hverri hreppsnefnd í sýslunni ágrip af sýslufundargjörðinni ásamt reikningnum, prentað eða á annan hátt margfaldað, svo mörg eintök, er hæfa þykir. Nú eru eigi tök til þessa að áliti sýslunefndar, og skal þá fyrir sama tíma senda í hvern hrepp til oddvita eitt skrifað eptirrit af sýslufundargjörðinni ásamt reikningnum, og skal oddviti sjá um að hreppsbúar fái að lesa það. Fyrir eptirrit þessi fær sýslumaður 50 aura fyrir hverja örk, og skal það, og allur kostnaður við prentun og útsending goldið úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefur ábyrgð á að reikningurinn sje rjettur. Hún ábyrgist einnig innstæðufje, skuldabrjef og aðrar eigur sýslufjelagsins.

80. gr.

Að því er snertir menntamál, heilbrigðismál, ljósmæður, vegi, alþýðustyrktarsjóð, skattamál, alþingiskosningar, verzlunarleyfi og áfengissöluleyfi, nýbýli, laxveiði og ýmsar aðrar greinir atvinnumála o. fl. hefur sýslunefnd hlutverk eptir því sem lög ákveða.

81. gr.

Sýslunefnd verður að fá samþykki stjórnarráðsins til þess:

1. Að takast á hendur nokkra skuldbinding til langframa, þá er eigi hvílir beinlínis á henni samkvæmt lögum;
2. Að taka stærra lán eða upp á lengri tíma en svo, að það verði endurgoldið að fullu af tekjum þess árs, er í hönd fer, eða að endurnýja slíkt lán, eða lengja lánsfrestinn.
3. Að leggja eitthvert ár á sýslubúa meira gjald en svo, að nemi þriðjungi fram yfir sýslusjóðsgjald sömu sýslu að meðaltölu um næstu 3 ár á undan. Upphæð sú, sem eitthvert ár kann að verða lögð á með samþykki stjórnarráðsins fram yfir þetta, má eigi teljast með, þegar síðar á að finna áðurgreinda meðaltalsupphæð. — Sýsluvegagjald telst hjer eigi með.
4. Að taka af innstæðufje sýslunnar, selja eða veðsetja fasteign hennar eða kaupa nýja fasteign.

82. gr.

Þyki oddvita einhver ályktun nefndarinnar fara fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða sje að öðru leyti lögum gagnstæð, eða hún miði til að gjöra einhverja ráðstöfun, sem sýslufjelagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt að fella ályktunina úr gildi, og ber honum þá að senda stjórnarráðinu tafarlaust skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eptirrit af skýrslunni. Stjórnarráðið sker úr ágreiningnum.

83. gr.

Með næsta pósti eptir sýslunefndarfund skal oddviti senda stjórnarráðinu endurrit af gjörðabókinni, og hefur það vald til í þeim tilfellum, sem nefnd eru í 81. gr., að fella úr gildi ályktun nefndarinnar.

III. KAFLI.

Um það hver lög sjeu numin úr gildi með lögum þessum, og hvenær lög þessi komi í gildi m. m.

84. gr.

Með lögum þessum eru þessi lög og lagaákvæði úr gildi numin:

Tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

Lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi. 4. maí 1872.

Lög 16. des. 1885 um breyting á 46. gr. í tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Lög 9. ágúst 1889 um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Lög 11. júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl.

Lög 11. desbr. 1891 um þóknun handa hreppsnefndarmönnum.

Lög 15. febr. 1895 um breyting á 1. gr. laga 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Lög 6. marz 1896 um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Lög 6. nóv. 1897 um breyting á 6. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880.

Lög 4. júní 1898 um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða, 3. og 4. gr.

Lög 9. sept. 1899 um breyting á 48. gr. í tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

Lög 13. nóvbr. 1903 um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. ágúst 1889 um viðauka við nefnd lög.

Þau ákvæði í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna og í lögum 6. nóvbr. 1902 um kjörgengi kvenna, er snerta kosningarrjett og kjörgengi kvenna til hreppsnefnda og sýslunefnda, skulu úr gildi numin, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

85. gr.

Að því leyti sem störf þau, er amtsráðin hafa haft á hendi, eru eigi með þessum lögum lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndirnar (sbr. 70., 71., og 81. gr.), eða þau falla í burtu af sjálfu sjer, skal þeim ráðstafað með konunglegri tilskipun.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1907.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá milliþinganefndinni í fátækra og sveitastjórnarmálum, sem skipuð var samkvæmt allrahæstum úrskurði 13. nóv. 1901, hefur stjórnarráðinu borizt frumvarp til sveitarstjórnarlaga. Í frumvarpi þessu er aðeins gerð ein höfuðbreyting á hinum gildandi sveitarstjórnarlögum, og hún er að afnema amtsráðin, og fela sýslunefndum að mestu leyti störf þeirra; auk þess hefur nefndin gjört nokkrar efnisbreytingar og að lyktum hefur nefndin safnað saman í eina heild hinum mörgu og dreifðu gildandi ákvæðum um þetta efni.

Stjórnarráðið er samdóma nefndinni um þá aðalbreytingu, er upp á er stungið, að afnema amtsráðin, og álítur það einnig mjög heppilegt að fá hin mörgu ákvæði sveitarstjórnarlaganna sett saman í einn lagabálk. Stjórnarráðið fellst og á ýmsar af breytingum nefndarinnar, en sökum þess, að frumvarpið barst stjórnarráðinu eigi fyrr en í fyrri hluta aprílmánaðar, en þurfti að vera útbúið frá þess hendi fyrir 15. apríl, hefur það eigi haft nægan tíma til að íhuga til hlítar hvort allar breytingar nefndarinnar sjeu heppilegar, eða hvort eigi hefði verið æskilegt, að gjöra yfirgripsmeiri breytingar. Áskilur stjórnarráðið sjer því að koma undir meðferð málsins á þinginu fram með þær breytingartillögur, er því kann að þykja ástæða til, og leggur frumvarpið fyrir alþingi eins og það kemur frá nefndinni með þeim fáu breytingum, er hjer skal greina:

Við 8. gr.

Þar hefur verið gjörð aðeins orðabreyting, er þykir fara betur og ná alveg hugsuninni með styttri orðum.

Við 11. gr.

Þar hefur verið skotið inn í orðunum »sbr. 14. gr.«, til þess að taka af allan vafa um það, að hinir gömlu hreppsnefndarmenn megi skorast undan

endurkosningu við hinar nýju kosningar eptir frumvarpsgreininni, á sama hátt og við aðrar kosningar. Þetta var víst líka tilætlun nefndarinnar.

Við 14. gr.

Það ákvæði í sveitarstjórnartilskipuninni, að enginn sje skyldur til að að taka á móti endurkosningu í hreppsnefnd, fyr en liðinn er jafnlangur tími og hann hefur verið í nefndinni, hefur almennt verið skilið svo, að eingöngu væri átt við þann tíma, er hann hefur verið í nefndinni samfleytt og síðast. Þetta virðist rjett að taka fram með berum orðum, og því hefur þeim verið skotið inn í þessa grein.

Við 26. gr.

Stjórnarráðinu þykir það apturför frá því sem er að lögskipa einungis einn nefndarfund á ári, og leggur því til að halda tveimur fundum, öðrum í júní og hinum í október. Að vísu mun það vera orðið algengt víða að halda miklu fleiri hreppsnefndarfundi, en annarsstaðar munu þeir vera mjög fátíðir, og yrðu þeir þá varla haldnir fleiri en einn, nema lögboðið sje.

Við 36. gr.

Þar hafa orðin »á ábúð á jörðu eða jarðarhluta«, verið feld burtu á fyrri staðnum sem óþörf, af því ákvæðið um útsvar á þessum hlunnindum eru tekin fram síðar í greininni.

Við 49. gr.

Nefndin ætlast til, að hreppsnefndin hafi reglulega bókfærslu, og er stjórnarráðið því fyllilega samdóma, enda ætti slíkt eigi að verða mjög örðugt; bæði hafa menn nú fengið mikla æfingu í þessum málum, og svo ætti menntunin nú að vera komin á það stig, að slíkt mætti vel heimta, enda er það alkunnugt, að sveitarstjórn fer víða mjög vel fram. En eigi regluleg bókfærsla að eiga sjer stað, er nauðsynlegt, að hreppsnefndin haldi einnig auk bóka þeirra, sem nefndin telur upp, dagbók yfir innkomin brjef, enda er eigi örðugra að halda slíka bók, en t. a. m. kassabók; því hefur þess vegna verið bætt inn í, að slíka bók skuli halda, og í sambandi við það; að sýslumaður skuli rannsaka allar bækur á hverju manntalsþingi. Þetta er siður hjá sumum sýslumönnum, og þykir vel fara að lögbjóða það. Sýslumaður getur þá árlega rannsakað, hvort bækurnar eru rjett og reglulega færðar, bent á gallana, og má þá ganga að því vísu, að hreppsnefndir á fáum árum verði leiknar í allri bókfærslu. Auk þess er slík rannsókn árlega, nauðsynlegt aðhald að hreppsnefndum, að þær færi bækur sínar reglulega, og er ef til vill eigi vanþörf á því sumstaðar. Loks hefur þótt rjett að bæta inn í þessa grein, að inn í sveitarbókina skuli einnig færa, auk hreppsreikningsins, athugasemdir endurskoðenda (hrepps og sýslunefndar, sjá hjer síðar), svör og úrskurði. Er þá mjög handhægt að sjá afdrif hvers reiknings í fljótu bragði.

Við 54. gr.

Þar hefur orðið »fullnaðar« verið sett í staðinn fyrir »endilegan«.

Við 69. gr.

Það þykir fara vel á því, að lögbjóða, að yfirskoðari sýslunefndar skuli, ef honum þykir ástæða til, þ. e., ef athugasemdin er þess eðlis, að reikningshaldari geti eða eigi að koma fram með nánari skýringar út úr henni, senda athugasemdirnar til svars, nokkru fyrir sýslufund, enda er þessari reglu, sem virðist vera alveg sjálfsögð, víða fylgt í framkvæmdinni. Nefndin heldur því ákvæði, að sýslunefndin semji yfirlit yfir efnahag hreppanna, en þar sem sýslumaður allajafna semur þetta yfirlit, enda hæpið, að sýslunefnd geti komið því við á fundinum, er þessi skylda lögð á sýslumann sem oddvita nefndarinnar.

Við 76. gr.

Nefndin hefur eigi að neinu leyti breytt kaupi sýslunefndarmanna. Það er nú samt almennt álitið, að kaup þetta sje óhæfilega lágt og það er alkunnugt, að í mörgum sýslum einkum norðan og austan lands fá sýslunefndarmenn uppbót í einhverri mynd, svo sem ferðakostnað, þóknun fyrir húsnæði o. s. frv. og er þetta þegjandi samþykkt af amtsráðinu. Þó stjórnarráðið vilji eigi leggja til að hækka dagkaupið, þá þykir því þó öll sanngirni mæla með því, að nefndarmenn fái ferðakostnað endurgoldinn, og hefur því bætt inn í frumvarpið þar að lútandi ákvæði.

Við 79. gr.

Það hefur í mörgum sýslum verið venja að láta prenta sýslufundargjörðirnar eða ágrip af henni með reikningnum. Þetta virðist vera mjög heppilegt, sýslubúar kynnast því sem fram fer á sýslufundi; það vekur áhuga þeirra á málum sýslunnar, og það er um leið töluvert aðhald fyrir sýslunefndina að vita það, að allar gjörðir hennar verði heyrum kunnar. Stjórnarráðinu finnst það vera rjett að gefa sýslunefndum myndugleika til, þar sem því verður við komið, og það er víðast, að láta prenta eða á annan hátt margfalda gjörðina og senda hana út um hreppana, en þar sem því verður ekki viðkomið, er lagt til, að eitt eintak af sýslufundargjörðinni ásamt reikningnum sje sent út í hreppana skrifað.

Stjórnarráðið álitur það of snemmt að heimta þetta fyrir lok maímánaðar, úr því fundir eru haldnir svo seint, og hefur því breytt tímatakmarkinu í fyrir lok júnímánaðar.

Frumvarp til laga

um

stofnun geðveikrahælis.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Til þess að koma upp geðveikrahæli á bújörð í nánd við Reykjavík yfir 22 geðveika menn og útbúa það, má verja allt að 68000 krónum.

2. gr.

Árleg útgjöld til geðveikrahælisins skal veita á fjárlögunum.

Upp í þennan kostnað skulu rjettir aðstandendur greiða í landssjóð meðgjöf með hverjum geðveikum manni, 50 aura á dag, ef hann er þurfamaður, ella 1 kr. á dag.

3. gr.

Í yfirstjórn geðveikrahælisins eru landlæknir og einhver annar embættismaður, sem stjórnarráðið skipar til þess.

4. gr.

Stjórnarráðið semur eptir tillögum frá yfirstjórn geðveikrahælisins reglur um afnot þess og erindisbrjef fyrir starfsmenn þess.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Eptir að tilbúin voru ýms önnur frumvörp, sem í ráði er að leggja fyrir þetta þing, og hafa talsverð útgjöld í för með sjer fyrir landssjóð, barst stjórnarráðinu frá milliþinganefndinni í fátækra- og sveitarstjórnarmálum frumvarp til laga um stofnun geðveikrahælis á kostnað landssjóðs ásamt uppdrætti og

álitsskjali frá hjeraðslækni, alþingismanni Guðmundi Björnssyni, sem nefndin hafði borið sig saman við. Stjórnarráðið er nefndinni samdóma um að mjög mikil þörf sje á slíkri stofnun hjer á landi. En hinsvegar dylst því ekki, að fjárhagslega sjeð er fyrirtækið aðallega sveitarstjórnarlegs eðlis, því að það verður til þess að ljetta mikilli byrði, bæði að því er snertir umsjá og fjárframlög, af sveitarsjóðnum. Þar sem nú útgjöld landssjóðs verða óvenjulega mikil á fjárhagstímabili því, er í hönd fer, og nauðsynin á geðveikrahælinu eigi meira knýjandi nú en að undanförnu, þá mundi stjórnarráðið hafa talið heppilegra að bíða með tillöguna um að taka kostnað þennan uppá landssjóð, til næsta þings, ef frumvarp þetta hefði eigi staðið í eins nánu sambandi eins og það gjörir við aðrar tillögur, sem nú koma fyrir þingið. Það eru tillögurnar um að amtsráðin skuli lögð niður, og jafnaðarsjóðsgjaldið renna í landssjóð. Verði það samþykkt, verður af annari hálfu meiri ástæða en áður til þess að landssjóður taki þetta að sjer, og af hinni hálfunni fæst og fje til þess, sem kemur frá þeim gjaldstofnum, sem næst stendur að bera kostnað þennan. Stjórnarráðið leggur því frv. þetta nú þegar fyrir þingið með þeim fyrirvara, að þessi tekjuauki fáist landssjóði til handa.

Um það geta verið skiptar skoðanir, hvort hæli það, sem uppá er stungið, sje nógu stórt til þess að gjöra verulegt gagn, þar sem það getur eigi rúmað nema $^1/_6$ hluta af eiginlegum geðveiklingum í landinu, og eins um hitt, hvort fyrirkomulag það, sem ráð er fyrir gjört, að hafa engan sjerstakan lækni fyrir hælið, muni reynast hentugt. En þar sem byggingin er hugsuð þannig, að hún geti orðið aukin svo, að hún rúmi 40 geðveiklinga, án þess að byggingarkostnaður við slíkan viðauka verði verulegum mun meiri en kosta mundi að hafa bygginguna svo stóra í upphafi, og sennilegt þykir, að fá megi hentugan stað fyrir hælið svo nálægt læknissetri, að jafnan megi ná til læknis, álízt ekki varhugavert að byrja á þann hátt, er nefndin leggur til. En það verður að vera ljóst, að sá kostnaður, sem fram á er farið nú, er að eins byrjun, sem hefur meiri útgjöld í för með sjer síðar.

Stjórnarráðið telur heppilegast, að þjóðjörð sje tekin fyrir hælið, og sparaðist þá til útgjalda jarðarverðið, sem er fólgið í þeim 68 þús. kr., sem heimilaðar eru í 1. gr. frvs. En með því að frv. nefndarinnar barst stjórnarráðinu svo seint, að ekki hefur unnizt tími til að gjöra þar að lútandi undirbúningsráðstafanir áður en frv. þetta þurfti að vera tilbúið, er tillaga nefndarinnar í þessu efni látin halda sjer, aðeins með þeirri breyting, að sett er: »allt að 68 þús. kr.« í stað 68000 kr. Ennfremur hefur borguninni fyrir geðveiklinga verið breytt úr 45 og 90 aurum uppí 50 aura og 1 kr. Sú hækkun nemur litlu fyrir hvern einstakan, en getur safnazt þegar saman kemur, og virðist ekki mega lægra vera, enda stórum ódýrara en nú tíðkast meðlag með slíkum sjúklingum.

Að öðru leyti er hjer skírskotað til þess, sem fram er tekið í tillöguskjali og athugasemdum nefndarinnar sem lagt verður fyrir þingið.

Frumvarp til laga

um

hegning fyrir tilverknað, er stofnar hlutleysisstöðu ríkisins í hættu.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Þegar ófriður er uppi milli annara ríkja, skal sá, er sekur verður í tilverknaði, er stofnar hlutleysisstöðu hins danska ríkis í hættu, eða brýtur bann, er stjórnin hefir sett til verndar hlutleysisstöðunni, sæta fangelsi eða, ef miklar sakir eru, hegningarvinnu, nema þyngri refsing sje við lögð í almennum lögum. Því aðeins að mjög litlar sakir sjeu, má hegningin vera minni en 1 mánaðar fangelsi, eða þá sektir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar stríðið brauzt út milli Rússa og Japana, þótti stjórn Danmerkur nauðsynlegt að gjöra ráðstafanir til þess að tryggja hlutleysi ríkisins í ófriði þessum. Í því skyni voru gefin út lög fyrir Danmörku og nýlendurnar um hegning fyrir verknað, sem stofnað gæti hlutleysistöðu ríkisins í hættu, og voru þau lög staðfest 13. febrúar f. á. Með því að nauðsynlegt þótti að fá samskonar ákvæði fyrir Ísland, en alþingi var ekki háð um þær mundir, lagði stjórnarráð Íslands það til við hans hátign konunginn, að hann gæfi út bráðabirgðarlög um þetta efni samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, og 4. marz f. á. komu út bráðabirgðarlög þau fyrir Ísland, sem prentuð eru í A deild Stjórnartíðindanna 1904 á 24. blaðsíðu, og fylgja hjer með sem fylgiskjal.

Framanskráð lagafrumvarp, sem lagt er fyrir þingið til þess að fullnægja ákvæðum 11. gr. stjórnarskrárinnar, er í öllu samhljóða ákvæðum bráðabirgðarlaganna frá 4. marz f. á., en þau eru alveg sniðin eptir hinum dönsku lögum frá 13. febr. f. á. að öðru leyti en því, að í dönsku lögunum er ákveðið, að þau skuli að eins gilda í 2 ár, en í bráðabirgðarlögunum og í þessu frumvarpi er

þeirri takmörkun sleppt, að því af ekkert það er í ákvæðum laganna, sem ekki geti verið almenn regla, þegar ófriður er, og danska ríkið er hlutlaust í þeim ófriði.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðarlög fyrir Ísland

um

hegning fyrir tilverknað, er stofnar hlutleysisstöðu ríkisins í hættu.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Þar sem það, eins og nú stendur á, er áríðandi, að danskir þegnar gjöri ekki neitt það, er hætta sje búin af hlutleysisstöðu ríkisins, eða gefi öðrum ríkjum ástæðu til að kvarta um brot á hlutleysi af þess hálfu, teljum Vjer brýna nauðsyn á að gefa út bráðabirðalög, samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti heimild til að banna og hegna fyrir þess konar tilgerðir af hálfu þegnanna.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

Þegar ófriður er uppi milli annara ríkja, skal sá, er sekur verður í tilverknaði, er stofnar hlutleysisstöðu hins danska ríkis í hættu, eða brýtur bann, er stjórnin hefur sett til verndar hlutleysisstöðunni, sæta fangelsi eða, ef miklar sakir eru, hegningarvinnu, nema þyngri hegning sje við lögð í almennum lögum. Því að eins, að mjög litlar sakir sjeu, má hegningin vera minni en 1 mánaðar fangelsi, eða þá sektir.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg. 4. marz 1904.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Frumvarp til laga

um

ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Vestmannaeyjum.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús í Vestmannaeyjum, skal takmarkast að norðan af höfninni, að vestan af beinni línu úr vesturhorni Juliushaabsverzlunarlóðar í útnorðurhorn Uppsalalóðar, að sunnan af beinni línu þaðan í landnorðurshorn Forna-Landagarðs og þaðan í landsuðurshorn Eystri-Landalóðar og að austan af beinni línu þaðan í merkistein á landnorðurshorni Garðsverzlunarlóðar, við svokallaðan »Skans«.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Út af beiðni, sem fram hefur komið um að fá útmælda lóð í Vestmannaeyjakauptúni til viðbótar eldri verzlunarlóð þar, hefur það komið í ljós, að óvissa er á um, hver sjeu takmörk lóðar þeirrar, sem reisa má á verzlunarhús í kauptúninu. Það hefur því þótt rjett, að takmörk lóðar þessarar væru ákveðin, og hefur verið leitað álits sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjasýslu um, hver takmörkin ættu að vera, og hefur hún lagt til, að þau væru ákveðin eins og gjört er í frumvarpi þessu. Stjórnarráðið hefur látið mæla þetta svæði og gjöra uppdrátt af því og mun alþingi verða gefinn kostur á að kynna sjer hann. Stjórnarráðið hefur ekkert að athuga við, að svæði þetta verði gjört að verzlunarlóð, en telur rjettast, að svo verði ákveðið með lögum.

Frumvarp til laga

um

viðauka við opið brjef 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

Embættismenn, sem skyldir eru til þess, að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, geta auk þess, sem fram er tekið í opnu brjefi 31. maí 1855, fullnægt skyldu sinni í þessu tilliti með því, að kaupa sjer lífsábyrgð í lífsábyrgðarstofnun ríkisins, sem sje 15 sinnum hærri að minnsta kosti en líffje það, sem embættismaðurinn er skyldur til að tryggja ekkju sinni; þetta er þó því skilyrði bundið, að embættismaðurinn uppfylli hin almennu skilyrði fyrir því að fá líf sitt tryggt hjá stofnuninni, og að hann skuldbindi sig til þess, að hlýta ákvæðum þeim, er stjórnarráðið setur til tryggingar því, að lífsábyrgðarupphæðin komi ekkju hans að notum, og um greiðslu á iðgjöldum lífsábyrgðarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 4. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, er ákveðið, að ríkisfjárstjórnin skuli hafa á hendi eptirlit með, að embættismenn gæti skyldu sinnar í þessu efni, og hefur fjármálaráðaneytið haft þetta eptirlit á hendi fram að þessum tíma, auðvitað fyrir hönd stjórnarráðs Íslands síðan lög 2. jan. 1871 um stjórnarlega stöðu Íslands í ríkinu gengu í gildi. En eins og stjórn landsins nú er orðið háttað, virðist rjett, að stjórnarráð Íslands taki að sjer þetta eptirlit, því að það er eðlilegast, að þessu sjermáli landsins sje stjórnað að öllu leyti hjeðan, eins og öðrum sjermálum, enda hefur fjármálastjórnin í brjefi 7. marz þ. á. látið þessa sömu skoðun í ljósi. Eptirlit þetta verður því framvegis haft hjer, en af því leiðir, að fylgja verður í því lögum þeim, sem hjer á landi gilda.

Í ofannefndu opnu brjefi 31. maí 1855 er ákveðið að embættismaður sje skyldur til að sjá ekkju sinni borgið með fjárstyrk æfilangt, sem byrji við dauða hans, og sje að minnsta kosti 1/5 af embættislaunum hans er eptirlaun eru reiknuð af, en í 22. gr. í lögum um lífsábyrgðar- og framfærslustofnunina frá 1871, 18. júní 1870, er ákveðið, að embættismenn geti auk þess fullnægt ekkjuframfærsluskyldu sinni með því, að kaupa sjer lífsábyrgð, er sje að minnsta kosti 15 sinnum stærri en hinn lögboðni lífeyrir. Þetta er ekki lög hjer á landi, en eptir því hefur þó verið farið um allmörg undanfarin ár. Iðgjöld þau, er embættismenn verða að greiða fyrir þessa tryggingu, eru að vísu hærri en iðgjöld þau, er þeir verða að greiða til að tryggja ekkju sinni lögboðinn lífeyri, en hefur á hinn bóginn þann kost í för með sjer, að þótt konan deyi á undan manni sínum, þá eru þó hinar greiddu upphæðir ekki tapaðar.

Stjórnarráðið verður því að álíta sanngjarnt, að gefa embættismönnum kost á að fullnægja ekkjuframfærsluskyldu sinni á þennan hátt, sem þegar hefur talsvert tíðkast af hinum yngri embættismönnum. Þess skal að endingu að eins getið, að hið framlagða lagafrumvarp er samhljóða hinni tilvitnuðu grein í lögum 18. júní 1870.

Frumvarp til laga

um

gjald til landssjóðs frá sýslufjelögum.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Í stað gjalds þess til amtsjafnaðarsjóðanna, sem hingaðtil hefur verið jafnað niður á sýslufjelögin, kemur fastákveðið árgjald, er rennur í landssjóð, og sýslufjelögin skulu greiða eptir því, sem hjer segir:

Vesturskaptafellssýsla	greiðir	460	kr.
Vestmannaeyjasýsla	——	100	—
Rangárvallasýsla	——	1300	—
Árnessýsla	——	1500	—
Gullbringusýsla	——	550	—
Kjósarsýsla	——	440	—
Borgarfjarðarsýsla	——	650	—
Mýrasýsla	——	420	—
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	——	570	—

Dalasýsla	——	460 —
Austurbarðastrandarsýsla	——	230 —
Vesturbarðastrandarsýsla	——	290 —
Vesturísafjarðarsýsla	——	320 —
Norðurísafjarðarsýsla	——	450 —
Strandasýsla	——	260 —
Húnavatnssýsla...	——	1140 —
Skagafjarðarsýsla	——	1160 —
Eyjafjarðarsýsla	——	1250 —
Suðurþingeyjarsýsla	——	850 —
Norðurþingeyjarsýsla	——	380 —
Norðurmúlasýsla	——	950 —
Suðurmúlasýsla	——	960 —
Austurskaptafellssýsla	——	310 —

Gjald þetta greiðist af sýslusjóðunum.

2. gr.

Landssjóður tekur að sjer að greiða skuldir þær, er hvíldu við árslok 1904 á amtsjafnaðarsjóðunum, — með vöxtum frá 1. janúar 1907, — að undanteknum þeim afborgunum, er greiðast eiga fyrir þann dag.

3. gr.

Eindagi á landssjóðsgjaldi þessu er 31. júlí ár hvert, í fyrsta skipti 31. júlí 1907.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frá milliþinganefndinni í fátækra- og sveitarstjórnarmálum hefur stjórnarráðið fengið frumvarp þetta, er fer fram á það að breyta jafnaðarsjóðsgjaldinu í landsjóðsgjald, er sje fast ákveðið einu sinni fyrir allt. Frumvarp þetta stendur í nánu sambandi við sveitarstjórnarlagafrumvarp stjórnarinnar að einu leytinu, sjer í lagi tillögurnar um að leggja niður amtsráðin, og að hinu leytinu er á frumvarpi þessu byggð að miklu leyti tillaga stjórnarráðsins um að koma upp geðveikrahæli, sbr. þar að lútandi frumvarp. Með því að stjórnarráðið ekki getur betur sjeð en að tillaga nefndarinnar um breyting jafnaðarsjóðsgjaldsins í landssjóðsgjald sje á góðum rökum byggð, og það hefur getað fallizt á orðalag frumvarpsins, er það lagt fyrir alþingi eins og það kom frá nefndinni. Að eins er bætt við ákvæði um það, hvenær frumvarpið komi til framkvæmda og skírskotast til þeirra athugasemda, sem nefndin hefur látið fylgja frumvarpinu.

Frumvarp til laga

um

lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

Heimild sú, sem með lögum 3. jan. 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina er veitt kaupstöðum landsins til að gjöra lögreglusamþykkir, skal ná til allra þeirra verzlunarstaða, er sveitarstjórn hafa út af fyrir sig, enda búi sýslumaður þar. — Viðkomandi hreppsnefnd býr til frumvarp til samþykktarinnar og skulu í henni vera ákvæði um það, hvernig greiða skuli gjöld þau, er hún hefur í för með sjer. Frumvarpið skal síðan senda sýslumanni, og gjörir hann við það þær athugasemdir, er honum þykir þurfa, og sendir það síðan stjórnarráðinu, er þvínæst gefur út samþykktina. Nú gjörir sýslumaður eða stjórnarráðið breytingar við frumvarpið, og skal þá leggja þær fyrir hreppsnefndina til álita. Þær breytingar, sem nefndin fellst ekki á, má eigi setja í samþykktina. Að öðru leyti fer um efni samþykktarinnar, staðlegt gildi, viðurlög, birting og breyting, sem segir fyrir um í framannefndum lögum.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Í frumvarpi stjórnarinnar til sveitarstjórnarlaga er það lagt til, að kauptúnum og þorpum, er í búa 300 manns eða meira, skuli heimilt að vera sveitarfjelag út af fyrir sig. Stjórnarráðinu hefur nú þótt ástæða til, að slíkum þorpum verði, — ef umrædd tillaga nær fram að ganga, — veitt ýms frekari rjettindi að því er snertir stjórn þess fjelags, en sveitarstjórnarlögin sjálf veita, þar á meðal heimild til að gjöra lögreglusamþykktir, að svo miklu leyti sem slíkur rjettur mætti að gagni koma, en vitanlega væri það þýðingarlaust, að hafa lögreglusamþykkt á öðrum stöðum en þar, sem lögreglustjóri væri búsettur. Því er það gjört að skilyrði hjer, að sýslumaður sje búsettur í viðkomandi sveitarfjelagi. Það þarf því eigi skýringar við, að heimildin er að eins látin ná til verzlunarstaða. Ýmsir verzlunarstaðir hjer á

landi eru nú orðnir allmannmargir, og mannfjöldinn þar virðist stöðugt fara vaxandi. Það virðist því orðin full þörf á því, að sumir þessara staða að minnsta kosti fái þau rjettindi, sem hjer er farið fram á, og hættulaust virðist það, því að væntanlega verður heimild þessi ekki notuð, nema hennar sje þörf.

Frumvarp til laga

um

byggingarsamþykktir.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Byggingarsamþykkt má gjöra fyrir löggilta verzlunarstaði hjer á landi.

2. gr.

Nú er löggiltur verzlunarstaður hreppsfjelag fyrir sig, og semur þá hreppsnefndin byggingarsamþykkt fyrir verzlunarstaðinn og sendir hana síðan sýslunefnd, er tekur hana til umræðu á næsta sýslufundi. Samþykki sýslunefnd samþykktina óbreytta, sendir oddviti sýslunefndarinnar hana þá þegar til stjórnarráðsins. Gjöri sýslunefnd breytingar á samþykkt hreppsnefndar skal leggja breytingarnar fyrir hreppsnefndina; verði breytingarnar eigi samþykktar af hreppsnefnd, skal senda samþykktina eigi að síður til stjórnarráðsins. Nú vill stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþykktar, og skal þá leggja þær breytingar fyrir hreppsnefnd; samþykki hún eigi breytingarnar, skal stjórnarráðið eigi að síður staðfesta samþykkt óbreytta eins og hún er frá hreppsnefnd og sýslunefnd eða frá hreppsnefnd, ef nefndirnar hafa ekki orðið á eitt sáttar um hana, nema einhver ákvæði hennar sje lögum gagnstæð.

3. gr.

Nú er löggiltur verzlunarstaður ekki sjálfstætt sveitarfjelag, heldur hluti af hreppsfjelagi, og skal þá hreppsnefnd semja byggingarsamþykkt fyrir verzlunarstaðinn, ef meiri hluti íbúa hans, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, æskja þess, að byggingarsamþykkt komist á fyrir hann. Ef enginn, eða eigi fleiri en einn af íbúum verzlunarstaðar, á sæti í hreppsnefnd, skal kveðja tvo af íbúunum, sem atkvæðisbærir bæjarbúar til þess kjósa, til þess að taka sæti í

hreppsnefnd meðan samþykktin er samin, og hafa þeir jafnan atkvæðisrjett sem aðrir hreppsnefndarmenn.

4. gr.

Þá er hreppsnefnd samkvæmt næstu grein hjer á undan hefur samið byggingarsamþykkt fyrir verzlunarstað, skal samþykktin lögð fram til sýnis á hentugum stað í verzlunarstaðnum, eptir að það hefur birt verið með 8 daga fyrirvara með uppfestum auglýsingum á staðnum eða við kirkjufund. Þá er samþykktin hefur legið frammi til sýnis í 14 daga, skal oddviti boða bæjarbúa á fund til að ræða samþykktina, og er hann fundarstjóri; á þeim fundi hafa einungis atkvæðisbærir bæjarbúar atkvæðisrjett. Á fundinum skal samþykktin rædd grein fyrir grein. Til þess að gjöra breytingar á einstökum ákvæðum hennar þarf meiri hluta atkvæða þeirra, sem greidd eru á fundinum. Að lokum skal samþykktin í heild sinni borin undir atkvæði og verði hún þá samþykkt af $^3/_4$ hlutum fundarmanna skal hún send til sýslunefndar, að öðrum kosti er hún fallin í það sinn.

5. gr.

Ef byggingarsamþykkt er löglega samþykkt á þann hátt, er segir í undanfarandi grein, skal hún tekin til umræðu á næsta sýslufundi, verði hún þar samþykkt óbreytt, skal hún send til stjórnarráðsins; en verði henni breytt á sýslunefndarfundi, skal bera breytingarnar upp fyrir bæjarbúum á almennum fundi af oddvita hreppsnefndarinnar; verði breytingarnar samþykktar með meiri hluta atkvæða, sbr. 4. gr., skal oddviti sýslunefndar senda samþykktina til stjórnarráðsins; verði breytingar sýslunefndar eigi samþykktar skal sýslunefndaroddviti eigi að síður senda samþykktina ásamt útskript af fundargjörðunum til stjórnarráðsins. Fallist stjórnarráðið á samþykkt óbreytta, eins og hún er frá sýslunefnd og samþykkt af bæjarbúum, eða óbreytta eins og hún kom frá hreppsnefnd og bæjarbúum er hún endileg. Nú vill stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþykktar, og skal þá bera þær breytingar undir almennan fund bæjarbúa, á þann hátt og fyr segir; samþykki fundurinn breytingarnar, staðfestir stjórnarráðið hana, en fáist ekki lögmætt samþykki fundarins, skal stjórnarráðið eigi að síður staðfesta hana óbreytta, nema einhver ákvæði hennar sjeu lögum gagnstæð.

Staðfestar byggingarsamþykktir skal birta í B-deild stjórnartíðindanna.

6. gr.

Í byggingarsamþykkt skal ákveða, að í verzlunarstöðunum skuli stofnuð byggingarnefnd, og að í henni eigi sæti 5 menn.

Í löggiltum verzlunarstað, sem er hreppsfjelag fyrir sig, skal byggingarnefnd skipuð oddvita hreppsnefndarinnar sem formanni og 4 mönnum öðrum, er hreppsnefnd kýs, 2 þeirra úr sínum flokki. En þegar samþykkt er sett fyrir verzlunarstað, sem eigi er hreppur fyrir sig, skulu auk oddvita hreppsnefndarinnar sem formanns, í byggingarnefnd sitja 2 menn, sem hreppsnefnd kýs af bæjarbúum, og 2 aðrir menn, sem atkvæðisbærir bæjarbúar kjósa. Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru utan hreppsnefndar, eru skyldir til að taka við kosningu; þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá, og fyrir

hreppsnefndarmenn samkvæmt sveitarstjórnarlögunum; um aukakosningar í byggingarnefnd gildir og hið sama sem um aukakosningar í hreppsnefndir.

Í samþykktum skal ennfremur ákveðið:

A. Að byggingarnefnd skuli svo fljótt, sem verða má láta gjöra reglulegan uppdrátt af staðnum með strætum og opnum svæðum, eins og hún hefur áður ákveðið þau.

B. Að nefndin hafi vald til að ákveða, að ef breikka þurfi eitthvað stræti eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við, til betri varnar húsbruna, eða til að fá greiðari veg um verzlunarstaðinn, þá skuli sjerhver, sem eigi óbyggða lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þyki, til þess að strætið verði nógu breitt, og að sá, er húsið á, skuli vera skyldur til, er hann endurbætir húsið, að færa það aptur á við, eins og þarf, hvorttveggja gegn endurgjaldi, er 2 dómkvaddir menn meta eptir stærð og verði alls byggingarsvæðisins, og rýrnun þeirri, er það hefur orðið fyrir við það, að af því hefur verið tekið, eða hús flutt aptur á við og skal greiða kostnað þann, er af þessu ris á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu hreppsþarfa, ef um verzlunarstað er að ræða, sem er hreppur fyrir sig. Ef hins vegar er að ræða um verzlunarstað, sem eigi er hreppur fyrir sig, skal greiða kostnað þennan með niðurjöfnun á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum af byggingarnefndinni. Niðurjöfnun skal lögð fram á lögboðinn hátt, og má kæra yfir henni lögum samkvæmt, þannig að byggingarnefndin leggur fyrst úrskurð á kæruna, og síðan sýslunefnd. Sje hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi óánægður með endurgjald það, sem matsmenn hafa ákveðið, getur hann heimtað yfirmat.

C. Að þegar byggð eru ný hús, skuli ávallt vera 10 álna millibil milli þess og næsta húss, nema eldtraustur veggur svo þykkur, er nefndin ákveður, sje á milli. Þó má byggja á þessu svæði grindur eða aðrar girðingar, er hæglega má brjóta niður.

D. Að byggingarnefnd hafi heimild til þess að heimta, þegar nýtt hús skal byggja, að uppdráttur af húsinu skuli lagður fram, og að henni sje heimtil að heimta þær breytingar á húsinu, er henni þykir ástæða til, svo og að hún geti ákveðið, að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefur brunahættu í för með sjer, skuli byggð á afviknum stöðum, eða svo tryggilega útbúin, sem henni þykir þörf á vera, eða brunaábyrgðarlög skipa fyrir um. Ennfremur að nefndin skuli hafa stöðugt gætur á, að ný hús sjeu byggð eins og hún hefur ákveðið, og með aðalviðgjörðum á þeim.

E. Að enginn megi byggja nýtt hús, eða láta framfara aðalviðgjörð á þeim, nema hann hafi áður fengið til þess skriflegt leyfi nefndarinnar.

F. Að ef nokkur byrji á húsasmíðum, áður en hann hafi fengið skriflegt leyfi nefndarinnar eða byggi öðruvísi, en hún hefur ákveðið, þá skuli hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 10—50 krónum, er renni í sjerstakan sjóð bæjarbúa, og að þar að auki megi rífa niður húsið, eða hluta af því á kostnað eiganda, ef það er eigi byggt eptir þeim reglum, er nefndin hefur ákveðið, og að þeir sem byrja á aðalviðgjörð húss, áður en þeir hafa fengið leyfi nefndarinnar til þess, skuli sæta hinum sömu sektum.

G. Að byggingarnefnd hafi vald til að semja sjerstaka reglugjörð um byggingu húsa, að því er snertir stærð herbergja, hæð undir lopt, útbúnað reykháfa,

fjarlægð ofna frá þili, og útbúnað í kringum þá, til þess að afstýra brunahættu, styrkleika innviða í húsum, ytri »klæðningu« o. s. frv. Þó skal slík reglugjörð, til þess að öðlast gildi, áður samþykkt af stjórnarráðinu.

7. gr.

Byggingarnefndin skal halda sjerstaka fundarbók, er hún ritar í allar gjörðir sínar, og skal hún undirskrifuð við lok hvers fundar eða hverrar gjörðar af öllum viðstöddum nefndarmönnum; heimilt er þeim, sem eigi er samþykkur ályktuninni að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll innkomin brjef, og brjefabók. Bækur þessar skulu kostaðar af hinum sjerstaka sjóði bæjarbúa, en ef hann hrekkur eigi til þá af sveitarsjóði, eins þar sem verzlunarstaður er eigi sjerstakt hreppsfjelag.

8. gr.

Með mál um brot á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál, og skal oddviti byggingarnefndar kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi stjórnarinnar til sveitarstjórnarlaga er það lagt til, að kauptúnum, er í búa 300 manns eða meira, skuli heimilt að vera sveitarfjelag út af fyrir sig. En af þessu leiðir, að slík kauptún verða að fá ýms frekari rjettindi, að því er snertir stjórn þeirra, en sveitarstjórnarlögin annars heimila, og telur stjórnin þess sjerstaklega þörf, að þau fái heimild til þess, að setja sjer lögreglusamþykkt og byggingarsamþykkt auk heilbrigðissamþykktar, sem þau þegar hafa heimild til að setja. Stjórnin hefur því talið sjer skylt að leggja fyrir þingið frumvörp um tvær hinar fyrst nefndu samþykktir. Í frumvarpinu um lögreglusamþykktir þótti stjórnarráðinu eigi tiltökumál að fara lengra en svo, að það næði eingöngu til kauptúna, er sýslumaður byggi í, vegna eptirlitsins, en í þessu frumvarpi álítur stjórnin aptur á móti nauðsynlegt, að heimildin nái til allra verzlunarstaða, enda engan veginn örðugt að framfylgja í reyndinni ákvæðum þessa frumvarps. Það er kunnugt, að nú sem stendur, byggir hver í kauptúnunum eins og hann vill, og á hvern þann hátt, er hann vill, ef hann að eins hefur fengið byggingarleyfi eiganda eða umráðamanns jarðarinnar; húsunum er því komið fyrir, eins og hverjum þykir sjer bezt henta, án þess nokkuð sje hirt um götur eða torg, eða að nokkurt samræmi sje milli húsanna, ekkert skeytt um brunahættu eða þesshættar. Það verður því að teljast mjög nauðsynlegt að koma skipulagi á þetta, og það eigi einungis í hinum stærri heldur í *öllum* kauptúnum landsins, og þegar ný kauptún eru löggilt, ætti það að vera hið fyrsta verk að afmarka bæjarstæðið, gjöra uppdrátt af því og miða niður götur og torg. Stjórnin ætlast til, að gott skipulag komist á í kauptúnunnm, ef byggingarnefndir eru settar í þeim, og ef þær hafa fastar reglur til að fara eptir, og hefur því samið

frumvarp þetta, sem að mestu leyti er sniðið eptir gildandi lögum og ákvæðum, bæði að því er snertir samning byggingarsamþykktar og innihald hennar.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram.

Um 2.—5. gr.

Það er auðsætt að gjöra verður greinarmun á því við setningu samþykktarinnar, hvort verzlunarstaðurinn er sjerstakt hreppsfjelag eða eigi. Þegar verzlunarstaðurinn hefur sjerstaka hreppsnefnd, virðist það auðsætt, að hún fjalli um málið að mestu, og hafi frumkvæðisrjett í því, en eigi sýslunefnd, eins og ákveðið er í hinum eldri samþykktarlögum; sje verzlunarstaðurinn aptur á móti einungis partur úr hreppnum, þá getur það vel verið, að enginn af bæjarbúum sje í hreppsnefnd, og verður það, þegar svo stendur á, að teljast nauðsynlegt að íbúarnir eigi þátt í frumsamningu samþykktar, og er því svo ákveðið í 3. gr., að ef enginn, eða eigi fleiri en einn af bæjarbúum eigi sæti í hreppsnefnd, þá skuli tveir af bæjarbúum, er þar til eru kosnir, eiga sæti í hreppsnefnd með jöfnum atkvæðisrjetti við aðra hreppsnefndarmenn, meðan samþykkt er búin til. Til þess að þeir sem eiga undir samþykktinni að búa, og hlýða eiga fyrirmælum hennar, geti átt sem mestan þátt í, hvernig hún verður samin, er svo ákveðið í 4. gr., að þá er hreppsnefnd með hinum tilkosnu bæjarbúum hefur gjört samþykkt, þá skuli hún lögð fyrir almennan fund atkvæðisbærra bæjarbúa, og þar rædd grein fyrir grein, og að endingu skuli það vera komið undir miklum meiri hluta ($^3/_4$ hluta) fundarmanna, hvort samþykktin skuli gjörð eða eigi.

Þegar samþykkt hefur verið samin annaðhvort af hreppsnefnd, eða af hreppsnefnd og bæjarbúum, skal hún send sýslunefnd og þar á eptir stjórnarráðinu; en til þess að þeim tilgangi frumvarpsins, að bæjarbúar sjálfir hafi sem mest áhrif á samning samþykktarinnar, verði náð, er svo fyrir mælt í 2. og 5. gr., að ef stjórnarráðið vill í einhverju breyta samþykktinni, en bæjarbúar vilja eigi fallast á þá breytingu á lögmætum fundi, þá skuli stjórnarráðið eigi að síður staðfesta samþykktina, nema hún sje lögum gagnstæð.

Um 6. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða gildandi ákvæðum fyrir kaupstaðina, þó er liðurinn A nýmæli, og virðist eigi þörf á að fjölyrða frekara um það. Í liðnum B er sú breyting gjörð, að 2 dómkvaddir menn ákveði skaðabætur í stað byggingarnefndar, og þykir með því hag krefjanda betur borgið, enda óeðlilegt í sjálfu sjer að láta valdið til lóðarnáms, og matið á skaðabótum vera í höndum hinna sömu manna. Sá sem er ónægður með matið, verður samkvæmt þessu að krefjast yfirmats, og virðist það einnig heppilegra, heldur en að láta það vera hjá stjórnarráðinu, sem venjulega hlýtur að vera ókunnugt öllum staðháttum. Í liðnum C. er það tekið fram eins og í lögum 6. nóv. 1897 um byggingarnefnd á Seyðisfirði, að eigi þurfi að vera 10 álna bil á milli húsa, ef eldtraustur veggur sje á milli, og að nefndin sjálf ákveði, hvað þykkur hann skuli vera. Í liðnum G. er stungið upp á, eins og heimilað er í Reykjavík með 5. gr. laga 13. sept. 1901, að byggingarnefnd megi semja nánari reglur og fyllri ákvæði um byggingarmál í sjerstakri reglugjörð, er stjórnarráðið samþykkir. Að vísu verða verzlunarstaðirnir að þessu leyti betur settir en hinir 3 kaupstaðir landsins,

en stjórnin þykist ganga að því vísu, að bæjarstjórnirnar þar, muni fara fram á samskonar breytingar; um aðrar breytingar í þessari grein þykir eigi þörf á að tala.

Um 7. gr.

Í grein þessari er tekið fram, að byggingarnefnd skuli halda sjerstaka fundarbók og aðrar bækur, sem nauðsynlegar eru, svo að framkvæmdir hennar sjeu í lagi, og jafnan megi sjá, hvernig hún hagar þeim. Það skal sjerstaklega tekið fram, að í kaupstöðunum halda bæjarfógetarnir lóðabókina, sem er næsta áríðandi bók, en það virðist eðlilegast, að byggingarnefndin haldi þessa bók í verzlunarstöðunum, og það hvort heldur sýslumaður er búsettur í bænum eða eigi, því hann tekur að öðru leyti engan þátt í sjerstakri stjórn hreppsins, eða verzlunarstaðurinn er sjerstakt hreppsfjelag, því oddviti hreppsnefndar er um leið oddviti byggingarnefndarinnar.

Frumvarp til laga

um

hækkun á aðflutningsgjaldi.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

---

1. gr.

Gjöld þau, sem greiða ber til landssjóðs af aðfluttum vörum samkvæmt 1. gr. toll-laga fyrir Ísland frá 8. nóv. 1901 skulu hækkuð þannig, að greiða skal ákvæðisgjald laganna að viðbættum 30 af hundraði. Um innheimtu gjaldaukans fer að öllu leyti eptir tjeðum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er fullljóst orðið, að tekjur þær, sem í landssjóð renna eptir núgildandi lögum, hrökkva enganveginn til þess að fullnægja þörfunum, jafnvel þótt að

eins lítið eitt sje til greina tekið af krófum þeim, sem gjörðar eru til framlaga af landsfje til almannaþarfa. Þess vegna voru á síðasta alþingi samþykkt lög um að veita stjórninni heimild til að taka 500,000 króna lán, til þess að standast útgjöldin. Lán þetta, sem enn hefur ekki verið tekið, og enn er óvíst um, hvort eða að hve miklu leyti taka þarf, átti þó að eins að vera til bráðabirgða, því að þingið gekk út frá því, að tekjur landssjóðs yrðu bráðlega auknar svo, að hægt yrði að endurborga það innan skamms.

Jafnvel þó að svo hafi reynzt, að tekjuafgangur hefur orðið tvö hin síðast undanförnu fjárhagstímabil í stað tekjuhalla, sem áætlaður var, og það jafnvel allmikill afgangur á fjárhagstímabilinu 1902—1903, þá má engan veginn draga þá ályktun af þessu, að gjaldstofnarnir hafi aukizt að því skapi, svo að von sje til að sama verði upp á teningnum á yfirstandandi fjárhagstímabili eða eptirleiðis. Orsakirnar til tekjuafgangsins síðastliðin tvö fjárhagstímabil eru sumpart tekjur, sem búast mátti við eptir nýjum lögum, þótt eigi gæti þær orðið teknar upp í áætlun fjárlaganna, sumpart óvæntar tekjur, sem ekki má gjöra ráð fyrir aptur í bráð, og enn það, að ýmislegt hefur ekki komið til útgjalda, sem veitt hefur verið, og nú kemur til framkvæmda. Tekjuáætlunin hefur að undanförnu af ásettu ráði verið höfð lág, Á síðasta þingi var hún aptur á móti gjörð svo há, sem frekast þótti tiltök. Til skýringar því, sem sagt hefur verið, skal það tekið fram, að á fjárhagstímabilinu 1900—1901 varð útflutningsgjaldið allt að því 56,000 kr, fram yfir áætlun, af því að $^1/_1$ 1900 komu í gildi lögin um útflutningsgjald af hvalafurðum, þar sem gjald af hvallýsi var hækkað um $66^2/_3\%$ og nýtt gjald lagt á hvalguanó, kraptfóður m. m. Tóbakstollurinn varð um 55,000 kr. yfir áætlun, af því að haustið 1899 komu í gildi lög, sem hækkuðu tóbakstollinn um 42.8% og vindlatollinn um 100%.

Tekjur af vínsölugjaldi eptir lögunum um verzlun og veitingar áfengra drykkja, sem komu í gildi sama dag og hvalafurðalögin urðu 68,000 kr,, sem ekkert var áætlað fyrir í fjárlögunum, og jafnframt sparaðist fjárveitingin til ritsíma 70,000 kr. o. fl. — Á fjárhagstimabilinu 1902—1903 varð vínfangatollurinn 53 þúsund krónur fram yfir áætlun, sem stafaði af því, að tollur þessi var hækkaður um $33^1/_3\%$ í tolllögum, sem komu í gildi rjett fyrir áramótin 1902; útflutningsgjaldið varð einnig 53 þúsund krónur fram yfir áætlun, af því að það var ekki komið í ljós, þegar áætlunin var samin, að hækkunin á hvalafurðunum hefði haft verulegan tekjuauka í för með sjer. Tollurinn á tegrasi o. fl., sem varð ekki tekinn upp í fjárhagsáætlun, nam 15 þúsundum, og tekjur af póstflutningi allt að því 178 þúsundum umfram áætlun, sem stafaði af frímerkjabreytingunni. Óvissar tekjur urðu 52,000 kr. umfram áætlun, af því að brunabótaupphæðin fyrir Möðruvallaskólann var þar með talin, og kaffi og sykurtollurinn, sem hafði verið hækkaður um 30 þús. kr. í áætluninni frá því, sem var næst á undan, fór 118 þúsund krónur fram úr áætlun. En við þeirri skekkju var sjeð á þinginu 1903, því þá var þessi síðast nefnda tekjugrein áætluð 90 þúsundum hærri en næst á undan, og aðrar tekjugreinir hækkaðar í áætlun, svo að alls nam 168,000 króna uppfærslu, án nokkurar gjaldhækkunar, sem neinu næmi. Það er því auðsætt, að jafnvel þótt eins mikið innheimtist á yfirstandandi fjárhagstímabili, eins og á fjárhagstímabilinu 1902—1903, sem er mjög ósennilegt, þar sem útflutningsgjaldið fer stórum minnkandi vegna brottflutnings hvalveiðamanna, vínfangatollurinn minnkar vegna minnkandi vínnautnar í landinu, hinar miklu tekjur af aukasölu frímerkja eru þrotnar í bráð, þá yrði skarð það, sem við það hyggist í

áætlaðan tekjuhalla, 168,000 krónum minni, heldur en á síðastliðnu fjárhagstímabili. Þar sem tekjuhallinn á núgildandi fjárlögum þrátt fyrir þessa útþenslu á tekjuáætlaninni, er miklu meiri en nokkurn tíma áður, yfir 400,000 kr. auk þeirra útgjalda, eigi alllítilla, sem ný lög frá síðasta þingi hafa í för með sjer, þá getur ekki hjá því farið, að mikið vanti á, að tekjur þær, sem inn koma, hrökkvi fyrir gjöldum, Á fjárlagafrumvarpi því, sem nú er lagt fyrir þingið hafa tekjurnar, eins og seinast, verið áætlaðar eins hátt, eins og framast hefur þótt sennilegt, að inn mundi koma eptir núgildandi lögum, og þó nemur tekjuhallinn yfir 375 þúsund króna. Talsvert af þeim tekjuhalla stafar að vísu af kostnaði við símalagningu um landið, og nokkrum öðrum fyrirtækjum, er fje þarf til í eitt skipti fyrir öll, en megnið af þeim gjöldum, sem fram á er farið eru þess eðlis, að þau fremur vaxa en minnka, enda hefur orðið að sleppa því í þetta sinn, að fara fram á fjárveiting til mýmargra fyrirtækja, sem verður að telja nauðsynleg og fyrirsjáanlegt er, að framlög muni þurfa til svo fljótt sem unnt er, miklu meiri en núverandi tekjur landssjóðs leyfa, þótt alls sparnaðar sje gætt, sem á nokkurn hátt geta samrýmzt við þörf landsins, og framfara viðleitni þjóðarinnar, til menningar og eflingar atvinnuvegunum.

Í frumvarpi þessu er því farið fram á að auka tekjurnar á þann hátt, sem stjórnarráðið telur hagkvæmastan, umsvifaminnstan og minnst tilfinnanlegan fyrir gjaldendur, með því að hækka tolla þá, sem nú eru, alla jafnt, um tiltekna hundraðatölu. — Stjórnarráðinu dylst ekki, að skattalögum landsins er í ýmsu orðið ábótavant, og að nokkrar tekjur mætti vinna með rjettara og hentugra fyrirkomulagi fastra skatta. Hefur það þegar haft nokkurn undirbúning til endurskoðunar á skattalögunum. En það er hvorttveggja, að það mál er svo umfangsmikið og erfitt viðfangs, að tími hefur enganveginn unnizt til að ljúka því fyrir þetta þing, enda verður stjórnarráðið að líta svo á, að eigi væri rjett að byggja svo verulegan tekjuauka á föstum sköttum, að um það munaði verulega til þess að koma á jafnvægi í tekjur landsins og útgjöld.

Með því að tollbreyting sú, sem upp á er stungið, hefur alls ekkert annað markmið en að auka landssjóðstekjurnar á sem hagkvæmastan hátt, hefur verið álitið hentugast, að binda sig eingöngu við þær vörutegundir, sem nú eru tollaðar, og með því að láta hækkunina vera jafna á þeim öllum, vinnst það, að hækkunin kemur nákvæmlega eins niður, eins og tollarnir koma nú. En vörur þær, sem nú eru tollskyldar, eru allar þess eðlis, að þær þola vel toll, og er tollgjald það, sem nú er af þeim greitt, lágt í samanburði við það, sem tíðkast víða annarstaðar.

Eptirfarandi tafla sýnir, hve mikið aðflutningsgjald hefur innheimzt undanfarin 5 ár af hverri tollskyldri vörutegund:

Skýrsla

um innkomið aðflutningsgjald á Íslandi af öllum tollskyldum vörum 1899–1903.

Ár:	Vínfangatollur:					Vínfangatollur, samtals	Tóbakstollur:			Tóbakstollur, samtals	Kaffi og sykurtollur:			Kaffi og sykurtollur, samtals	Tollur af öðrum vörum:			Samtals
	af öli	af brenniv. 80	af rauðvíni og messuv.	af bitterum	af öllum öðrum vínföngum		af tóbaki	af vindlum	af cigarettum		af kaffi	af export	af sykri		the	sukkulaði	brjóstsykri	
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1899.....	8614	87065	2011	...	24715	122405	67369	20221	...	87590	51439	29927	118440	199806	...	...	...	...
1900.....	8811	71281	1564	416	21589	103661	78965	15185	89	94239	54570	30006	124350	208926	...	..	...	...
1901.....	9965	96793	1706	69	28254	136787	87189	16905	321	104415	62239	31720	142579	236538	(19	77	291	387)
1902.....	10844	77997	1267	508	22465	113081	92768	15017	812	108597	66822	32529	160844	260195	876	3434	2880	7190
1903..,.....	12272	98868	2051	1099	31053	145343	97129	12158	735	110022	66664	31912	159116	257692	1314	5045	1723	8082
Samtals.....	50506	432004	8599	2092	128076	621277	423420	79486	1957	504863	301734	156094	705329	1163157	2190	8479	4603	15272
Meðaltal.....	10101	86401	1720	418	25615	124255	84685	15897	391	100972	60347	31219	141066	232631	1095	4239	2301	7636

Samanlögð 5 ára meðaltöl tollteknanna verða því:

1.	Vínfangatollur	Kr.	124,255,00
2.	Tóbakstollur	—	100,972,00
3.	Kaffi og sykurtollur	—	232,631,00
4.	Tegras- súkkulaði- og brjóstsykurtollur (2 ára) . . .	—	7,636,00
	Samtals	Kr.	465,494,00

Við tölur þessar er það að athuga, að uppbæð tollgjaldanna á vínföngum og tóbaki hafa eigi verið hin sömu öll árin. Þannig var mestalt árið 1899 tóbakstollurinn að eins 35 aura á pund, og vindlatollurinn 1 kr. á hundraði, og árin 1899—1901 incl. var brennivínstollurinn aðeins 30 aura á pott, og af öðrum vínföngum 45 aura á pott eða flösku; en síðan hefur þetta verið hækkað eins og áður greinir, um 42,8, 100 og $33^1/_3$%.

Sje upphæð gjalda þessara breytt þannig, eins og þau mundu hafa orðið með núverandi tollgjaldi og sama innflutningi, breytast tölur í töflunni, svo sem nú skal greina:

Ár	Tollur af brennivíni kr.	Tollur af öðrum vínföngum kr.	Vínfanga-tollur samtals kr.	Tollur af tóbaki kr.	Tollur af vindlum kr.	Tóbaks-tollur samtals kr
1899 . .	116087	32887	159599	96241	40443	136684
1900 . .	95041	28785	134617			
1901 . .	129057	37672	178469			
Samtals	517050	152862	731109	452291	99707	553957
Meðaltal	103410	30572	146222	90458	19941	110791

Þegar þessar tölur eru lagðar til grundvallar, verða samanlögð meðaltöl tollteknanna 1899—1903:

Vínfangatollur	Kr.	146222,00
Tóbakstollur	—	110791,00
Kaffi- og sykurtollur	—	232631,00
Tollur af tegrasi m. m. (2 ára)	—	7636,00
Meðaltekjur á ári af tolli af aðfluttum vörum	Kr,	497280,00
eður á fjárhagstímabilinu	—	994560,00

Með því að eigi virðist verða komizt af með minna en alt að því 300 þúsund króna tekjuhækkun á fjárhagstímabilinu, er nú þegar stungið upp á að hækka alt aðflutningsgjald um 30%, sem er minni hækkun, en hefur átt sér stað á tóbaki og vínföngum síðustu undanfarin ár, án þess tilfinnanlegt hafi orðið, eða borið á aðflutningsrýrnun af þeim ástæðum. Mundi tekjuaukinn þá nema rúmum 149 þúsund krónum á ári, eða um 298 þúsund á fjárhagstímabilinu, og

feingi þessi lög fljótt samþykki og bráða staðfesting, þannig að þau kæmist til framkvæmda þegar í sumar, yrðu þau einnig til að draga úr tekjuhalla þeim, sem ella má búast við, að verði tilfinnanlegur á fjárhagstímabili því, sem nú er að líða. Auðvitað getur verið, að eitthvað dragi úr innflutningi í bráð við breytinguna, en naumast til langframa.

Eptir frumvarpinu verða gjöldin af hinum einstöku vöruteguudum, sem tollskyldar eru eptir toll-lögunum frá 8. Nóv. 1901 þau, er nú skal greina:

1.	af öli alls konar	6½	eyrir	af hverjum	potti
2.	— brennivíni með 8° styrkleika eða minna .	52	aurar	— —	—
	— — yfir 8° og alt að 12° styrkleika	78	—	— —	—
	— — yfir 12° styrkleika	104	—	— —	—
3.	— öðrum brendum drykkjum með 8° styrkleika eða minna	78	—	— —	—
	Yfir 8° alt að 12°	117	aurar	af hverjum	potti
	Yfir 12° styrkleik	156	—	— —	—
4.	af rauðvíni, hvítu borðvíni og messuvíni .	19½	—	— —	—
5.	— öllum öðrum vínföngum	78	—	— —	—
5.	— bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar	97½	—	— —	—
7.	af öðrum bittertegundum	130	—	—	pela
8.	— tóbaki alls konar	65	—	hverju	pundi
9.	— vindlum	260	—	— —	—
	— vindlingum	130	—	— —	—
10.	— kaffi og kaffibæti	13	—	— —	—
11.	— sykri og sírópi	6½	—	— —	—
12.	— tegrasi	39	—	— —	—
13.	— súkkulaði	13	—	— —	—
14.	— öllum brjóstsykur og konfekttegundum .	39	—	— —	—

Af því að tölur þessar eru ekki handhægar í reikningi er ætlazt til þess, að við tollheimtuna sé sú aðferð höfð, að reikna eptir gjaldaupphæðum laganna, og bæta svo 30% við samtöluupphæðina í hvert skipti. Á þann hátt verður útreikningur gjaldsins svo sem eingu erfiðari en nú, því sú fyrirhöfn að margfalda upphæðina með 30 og leggja tollaukann við, er naumast teljandi, og ætti ekki að valda neinum verulegum reikningsvillum. —

Frumvarp til laga

um

stefnufrest frá dómstólum á Íslandi til hæstarjettar í einkamálum fyrir þá, sem eru til heimilis á Íslandi.

(Lagt fyrir alþingi 1905).

Stefnufrestur í einkamálum, er eptir 1. janúar 1906 verður áfrýjað frá dómstólum hjer á landi til hæstarjettar, er 6 mánuðir fyrir þá, sem hjer eru til heimilis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt l. 1—4—12 og tilskipun 3. júní 1796, 16. gr. er stefnufresturinn í einkamálum þeim, sem áfrýjað er frá íslenzkum dómstólum til hæstarjettar, 1 ár fyrir þá, sem eru til heimilis á Íslandi, til þess dags, er hæstarjettarár það hefst, sem um er að ræða. Þegar litið er á samgöngubætur þær, sem á eru komnar, virðist stefnufrestur þessi óþarflega langur nú, og getur leitt til þess, að fullnaðarúrslit mála dragist lengi til mikilla óþæginda fyrir aðila þeirra. Í lagafrumvarpi þessu er það því lagt til að stytta stefnufrestinn í áður nefndum málum, þannig að hann verði 6 mánuðir fyrir þá, er heimili eiga á Íslandi.

Álits hæstarjettar hefur verið leitað um þetta mál, og hefur hann í umsögn sinni um það tjáð sig því samþykkan, að stefnufresturinn verði styttur eins og hjer er farið fram á.

Nd. **41. Tillaga**

til þingsályktunar um að skipa nefnd til að íhuga hraðskeytamálið.

Flutningsmenn: Magnús Andrésson. Ólafur Briem.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 7 manna nefnd, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um ritsímasamband, eða um þráðlausa firðritun milli Íslands og annara landa sem og innan lands.

Ed. **42. Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Búðareyri við Reyðarfjörð.

Flutningsmaður: Guttormur Vigfússon.

Land það, er reisa má á verzlunarhús við Búðareyri, skal stækkað um svæðið frá Stekkjargilslæk í Bakkagerðislandi út að Hesthúslæk, 70 faðma á land upp frá stórstraums-flóðmáli.

Ed. **43. Frumvarp**

til laga um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands.

Flutningsmaður: Valtýr Guðmundsson.

1. gr.

Af sektarfé því, sem rennur í landssjóð fyrir ólöglegar fiskiveiðar í landhelgi að meðtöldu nettó-andvirði því, er inn kemur fyrir upptækan afla og veiðarfæri botnvörpunga, skal stofna sjóð, er nefnist: Fiskiveiðasjóður Íslands.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er sektarfé það og nettó-andvirði upptæks afla og veiðarfæra, er runnið hefir í landssjóð síðan 1. janúar 1901. Í sjóð þenna skal og renna samskonar sektarfé, er til kann að falla framvegis.

3. gr.

Tilgangur Fiskiveiðasjóðsins er að efla fiskiveiðar og sjávarútveg landsmanna. Stofnféð má aldrei skerða, en því skal varið til lánveitinga til skipakaupa og veiðarfæra og hvers konar atvinnubóta við fiskiveiðar.

Af vöxtum sjóðsins má verja árlega alt að helmingi til að verðlauna atorku, hagsýni og eptirbreytnisverðar nýjungar í fiskiveiðum, og í annan stað til þess að styrkja efnilega unga menn til að kynna sér veiðiaðferðir, fiskverkun og annað, er lýtur að sjávarútvegi, meðal erlendra þjóða. Að öðru leyti skal vöxtunum varið til að auka stofnfé sjóðsins.

4. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins og semur skipulagsskrá fyrir hann og reglugjörð um lánveitingar og úthlutun verðlauna.

Skipulagsskráin skal staðfest af konungi.

Verði stofnað alment fiskiveiða- eða útgerðarfélag fyrir land alt, í nokkurri líking við Búnaðarfélag Íslands, skal leita álits slíks félags um lánveitingar og verðlaunaveitingar þær, er um ræðir í 3. gr.

Nd.

44. Nefndarálit

a. Álit meiri hlutans.

Frumvarpi til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi var vísað til fjárlaganefndar, og lætur hún nú þegar upp álit sitt um það.

Meiri hluti nefndarinnar fellst á frumvarpið með þeirri breytingu, að hækkunin standi eigi leingur en til ársloka 1907, og þetta sé eigi nema bráðabirgðaráðstöfun til að auka landssjóði tekjur um næsta fjárhagstímabil, þar sem endurskoðun á skattalögum landsins getur fyrirsjáanlega eigi komizt í verk á þessu þingi.

Samkvæmt ofanskrifuðu leggur meiri hluti nefndarinnar til að 2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og gilda til ársloka 1907.

Neðri deild alþingis, 5. júlí 1905.

Tryggvi Gunnarsson.	Pétur Jónsson.
Þórh. Bjarnarson, framsögum.	Lárus H. Bjarnason.
	Jón Jónsson.

b. Álit minni hlutans.

Við undirritaðir höfum eigi getað orðið sammála meðnefndarmönnum vorum, að því er snertir ofannefnt frumvarp. Í frumvarpinu er farið fram á að hækka aðflutningsgjald það, sem nú hvílir á landsbúum, um 30% og er gert ráð fyrir, að sú hækkun mundi nema um 298 þús. króna á næsta fjárhagstímabili, eptir meðaltali tollteknanna á árunum 1899—1903, og mundi sú hækkun koma þannig niður, að því, er einstakar tollskyldar vörutegundir snertir, að hún yrði:

á vínfangatolli	um	87700 kr.
á tóbakstolli	—	66400 —
á kaffi- og sykurtolli . . .	—	139500 —
á tolli af tegrasi o. fl. . .	—	4500 —

Við fáum eigi séð, þar sem óvíst er enn, hvaða aukin útgjöld þingið telur nauðsynleg á næsta fjárhagstímabili, að brýn nauðsyn sé til þess, að auka álögur á landsbúum svo stórkostlega, og getum heldur eigi fallizt á, að sá vegur, sem frumvarpið fer, sé heppilegur, þar sem aðaltekjuaukinn, er leiða mundi af hækkun kaffi- og sykurtollsins, kæmi einkum niður á fátækari hluta þjóðarinnar, er við tómt hús lifir, og enginn mjólkurráð hefir, því að fyrir þann hluta þjóðarinnar verður kaffið, og ekki sízt sykrið, að teljast nauðsynjavara.

Að því, er hækkun vínfangatollsins snertir, er sú skoðun einnig æ meira og meira að ryðja sér til rúms, eins og komið hefir fram á fjöldamörgum þingmálafundum, að ekki sé rétt að hækka hann, þar sem leiðin til þess, að fá aðflutningsbannslög lögleidd, sé þar með gerð torveldari, því að það gefur að skilja, að því meiri sem tekjur landssjóðs af áfeingisnautn eru, því örðugra veitir, að bæta landssjóði tekjumissinn, ef vínfangatollurinn félli burt.

Tóbakið er sú vörutegundin, sem við helzt hefðum getað felt oss við, að tollurinn væri hækkaður á, en þar sem sá tekjuauki er nokkuð hæpinn, meðal annars sakir vaxandi vindlagerðar hér á landi, og þar sem háttvirtir meðnefndarmenn okkar hafa eigi viljað annað heyra, en að fallast á tollhækkunartillögur stjórnarinnar í heild sinni, höfum við talið réttast, að ráða háttvirtri deild til þess, að fella frumvarpið að öllu leyti, því að enda þótt meðnefndarmenn okkar ráði til þess, að láta tollhækkun þessa að eins gilda til loka ársins 1907, þá er mjög hætt við því, að þinginu kynni að hætta til þess, úr því inn á þessa braut er farið, að grípa til sama úrræðis optar, og myndi það valda því reiki á tollalöggjöfinni, sem við eigi teljum heppilegt.

Að því leyti er frv. þetta einnig leiðir til eigi óverulegrar hækkunar á launum sýslumanna og bæjarfógeta, teljum vér slíkt óþarft, þar sem naumast verður talið, að störf þeirra aukist, þótt sömu tollar séu innheimtir með hærri upphæð, en áður.

Þar sem fjárlaganefndin, er ofan greint frumvarp var vísað til, hefir eigi það hlutverk, að gera tillögur um tollmál landsins yfirleitt, leiðum við það hjá okkur, enda er þinginu auðgefið, nú í byrjun þingsins, að skipa nefnd, til að íhuga tollmál landsins, og leiða það mál til lykta, ef stjórnin telur sig eigi geta komizt af til næsta alþingis, án aukinna tolla- eða skatta-álaga.

Neðri deild alþingis 5. júlí 1905.

Skúli Thoroddsen,	Stefán Stefánsson,
skrifari.	framsögumaður.

Nd. **45. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um að skipa nefnd til að íhuga hraðskeytamálið (Nr. 41).

Flutningsmenn:

Pétur Jónsson, G. Björnsson, Jón Jónsson, Árni Jónsson.

Tillagan orðist þannig:

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 7 manna nefnd, til þess að íhuga og koma fram með álit um hraðskeytamálið.

Nd. **46. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi.

Frá Magnúsi Kristjánssyni og Árna Jónssyni.

Seinasta málsgrein 1. gr. »Um innheimtu gjaldaukans fer að öllu leyti eptir téðum lögum« orðist þannig:

Ekkert innheimtugjald greiðist af gjaldauka þessum, en að öðru leyti fer um innheimtu hans eptir nefndum lögum.

Ed. **47. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um lögaldursleyfi handa konum.

Frá Birni M. Ólsen.

Í stað orðsins »konum« komi »kvennmönnum«.

Nd. **48. Frumvarp**

til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Gjöld þau, sem greiða ber til landssjóðs af aðfluttum vörum samkvæmt 1. gr. toll-laga fyrir Ísland frá 8. nóv. 1901, skulu hækkuð þannig, að greiða skal ákvæðisgjald laganna að viðbættum 30 af hundraði. Ekkert innheimtugjald greiðist af gjaldauka þessum, en að öðru leyti fer um innheimtu hans eptir nefndum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og gilda til ársloka 1907.

Nd. **49. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Einar Þórðarson, Björn Kristjánsson, Stefán Stefánsson, þm. Skf., Ólafur Ólafsson, Ólafur Briem.

Við 1. gr. Á eptir orðunum: »aðfluttum vörum« komi: öðrum, en sykri og áfeingum drykkjum.

Ed. **50. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um heimild til lóðarsölu fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Frá Sigurði Stefánssyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna »þó skal . . .« til enda greinarinnar komi:

»Þó má bæjarstjórn leingja frest þennan alt að einu ári. Kaupandi skal og fá endurgoldin eptir óvilhallra manna mati þau verk, sem hann hefir unnið til umbóta á lóðinni«.

Nd. **51. Frumvarp**

til laga um atvinnu við siglingar.

Flutningsmenn: G. Björnsson, Tryggvi Gunnarsson, Magnús Kristjánsson, Jóhannes Ólafsson, Stefán Stefánsson, þm. Eyf.

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr.

Réttur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi á innanlandssiglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 12 smálestir, en ekki yfir 30 smálestir, að hlutaðeigandi sanni með vottorði tveggja valinkunnra skipstjóra, sem lögreglustjóri tilnefnir, að hann

a) kunni að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hafi þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
b) kunni að nota áttavita;
c) kunni að nota skipshraðamæli;
d) þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingar;
e) hafi stundað siglinga-atvinnu minst 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 smálestir.

Réttur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi á innanlands-siglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 30 smálestir, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum.

3. gr.

Réttur til að vera skipstjóri á íslenzku seglskipi, sem er minna en 100 smálestir, á utanlands-siglingum, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum, og auk þess verið í förum sem skipstjóri innanlands í 18 mánuði.

4. gr.

Réttur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smál. á utandssiglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírsteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum. Sé um gufuskip að ræða, er rétturinn enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini það, sem getur um í 14. gr.

5. gr.

Réttur til að vera stýrimaður á íslenzku skipi, sem er meira en 30 smálestir, á innanlands-siglingum, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum.

6. gr.

Réttur til að vera stýrimaður á íslenzku seglskipi, sem er minna en 100 smálestir, á utanlands-siglingum, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum og hafi auk þess verið í förum sem stýrimaður innlands í 12 mánuði.

7. gr.

Réttur til að vera stýrimaður á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir á stærð, á utanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini sem stýrimaður a utanlands-siglingum.

Ef um gufuskip er að ræða, er rétturinn enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið viðauka-skírteini það, er getur um í 14. gr.

Viðauka-skírteini það, sem ræðir um í grein þessari og 4. gr. er þó óþarft, ef hlutaðeigandi hefir staðizt hið almenna danska stýrimannspróf eða annað próf er jafngildir því eptir dönskum lögum.

8. gr.

Ekkert íslenzkt skip má afgreiða frá nokkurri höfn á Íslandt til ferða milli Íslands og annara landa, nema því að eins, að á því sé til starfa að minsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra, og sé um gufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálestir, þá 2 stýrimenn.

Ekkert íslenzkt skip, sem meira er en 30 smálestir, má afgreiða eða láta fara innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sé til starfa einn stýrimaður auk skipstjóra.

Þá má eigi heldur afgreiða nokkurt íslenzkt gufuskip, eða það fara á neinar siglingar frá neinum stað á Íslandi, nema því að eins, að skilyrðum þeim sé fullnægt, sem sett eru í reglugjörð þeirri um gæzlu á gufuvél skipsins, er því hefir verið feingin samkvæmt 15. gr., og sem til tekur um tölu og kunnáttu þeirra manna, er til gæzlu skulu settir við vélina.

9. gr.

Til að öðlast skírteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b) að hann hafi verið stýrimaður í 12 mánuði;
c) að hann hafi rétt innborinna manna eða sé heimilisfastur í Danaveldi;
d) að hann sé fullveðja;
e) að hann hafi ekki orðið sekur að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
f) að hann sanni, að sjón hans sé svo góð, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

10. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 9. gr. liðunum c—f:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík eða hið almenna danska stýrimannspróf eða annað það próf, sem hefir sama gildi eptir dönskum lögum;
b) að hann hafi verið stýrimaður í tvö ár, og á þeim tíma farið tvisvar milli landa, eða hann hafi siglt sem skipstjóri tvisvar milli landa á skipum, sem eru minna en 100 smálestir að stærð.

11. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík.
b) að hann hafi verið fullgildur háseti á þilskipi í 12 mánuði;
c) að hann hafi eigi verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
d) að hann sanni, að sjón hans sé svo góð, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimann.

12. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem stýrimaður á utanlandssiglingum útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 11. gr. liðunum c og d.;

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eða hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er hefir sama gildi eptir dönskum lögum;
b) að hann hafi verið í förum sem fullgildur háseti í utanlands-siglingum í 12 mánuði, eða farið tvær ferðir landa á milli sem stýrimaður á skipum, sem eru minna en 100 smálestir að stærð.

13. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru hér að framan, eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem talin eru í 9.—12. gr. Skírteini þessi skal rita eptir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur til búa, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, þar sem hlutaðeigandi er búsettur, eða sé hann hvergi búsettur í landinu, þá á þeim stað, þar sem hann eða umboðsmaður hans er staddur, þegar beiðnin kemur fram.

Fyrir skipstjóra-skírteini skal greiða 4 kr., er renna í landssjóð. Fyrir stýrimannsskírteini skal ekkert gjald greiða.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, að því er snertir útgáfu skírteinis, og skal hann þá senda kæru sína stjórnarráði Íslands, sem þá gjörir út um málið; en við það skerðist eigi réttur hans til þess að leita dómsákvæðis í þessu máli.

14. gr.

Sá, er öðlast hefir skírteini sem skipstjóri eða stýrimaður á utanlandssiglingum, og sem því næst færir sönnur á það annaðhvort með vottorði um, að hann hafi staðizt próf í gufuvélafræði í Danmörku, eða á annan hátt, að hann hafi þá þekkingu á gufuvélum, sem nauðsynleg er til þess að vera skipstjóri eða stýrimaður á gufuskipi, á kost á að fá viðauka-skírteini þessu til sönnunar hjá stjórnarráði Íslands.

15. gr.

Á hverju íslenzku gufuskipi, skal vera reglugjörð um gæzlu á gufuvélinni, er ráðherra Íslands gefur út; skal í henni gjöra ákvæði um það eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um hestafl vélarinnar, hverjum skilyrðum vélaliðið skuli fullnægja að því, er snertir tölu og kunnáttu gæzlumanna.

Nú verður sú breyting gjörð síðar á vél skipsins eða kötlum þess, að hestaaflið eykst að mun, og skal úrgjörðarmaður þess þá skyldur til að útvega nýja reglugjörð.

16. gr.

Nú verður maður að lagadómi sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgjört skírteini sínu sem skipstjóri.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, og hefir hann þá fyrirgjört skírteini sínu sem stýrimaður.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 200 krónum; sé brotið ítrekað, geta sektirnar stigið alt að 400 krónum. Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Skilyrði fyrir því að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi á innanlandssiglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa atvinnu þessa áður en lög þessi öðlast gildi.

19. gr.

Lög nr. 29., 26. Okt. 1893 um atvinnu við siglingar eru úr gildi numin.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1 Janúar 1906.

Ed. **52. Frumvarp**

til laga um lögaldursleyfi handa kvenmönnum.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.)

Frá 1. Janúar 1906 má veita kvenmönnum lögaldursleyfi eptir sömu reglum og með sömu skilyrðum og karlmönnum.

Ed. **53. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skýrslur um alidýrasjúkdóma.

Frá Birni M. Ólsen, Jóni Ólafssyni og Aug. Flygenring.

Aptan við 4. gr. bætist:

Ef röng skýrsla er gefin af ásettu ráði, varðar sektum 10—20 krónum, er renna í landssjóð.

Nd. **54. Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Bolungarvík.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús í Bolungarvíkurverzlunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu, skal stækkað svo, að það nái einnig yfir landsvæðið frá Hólsá að Grundarhólssmerkjum á sandinum, 150 faðma á land upp frá hærsta sjávarmáli.

Nd. **55. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um samþyktir um kynbætur nautgripa.

Oss, sem kosnir vorum til að íhuga frumvarp til laga um bændaskóla, var jafnframt falið til meðferðar ofangreint frumvarp, og höfum vér athugað það og leggjum til, að það verði samþykt óbreytt.

Vér höfum veitt því eptirtekt að eptir frumvarpinu er ætlazt til þess, að ákvæði komi í sjálfum samþyktunum um það, hvernig þær skuli birta, og höfum ekki við það að athuga.

Neðri deild Alþingis, 10. Júlí 1905.

Árni Jónsson, form.	Einar Þórðarson,	Hannes Þorsteinsson.
	Hermann Jónasson.	Þórh. Bjarnarson, skrif. og framsm.

Ed. **56. Frumvarp**

til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Gjöld þau, sem greiða ber til landssjóðs af aðfluttum vörum samkvæmt 1. gr. toll-laga fyrir Ísland frá 8. Nóv. 1901, skulu hækkuð þannig, að greiða skal ákvæðisgjald laganna að viðbættum 30 af hundraði. Ekkert innheimtu-

gjald greiðist af gjaldauka þessum, en að öðru leyti fer um innheimtu hans eptir nefndum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og gilda til ársloka 1907.

Nd. **57. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir bæjarstjórn Akureyrar til þess að skylda eigendur til að láta af hendi eignarrétt og önnur réttindi yfir Glerá og landi meðfram henni, að því er nauðsynlegt er fyrir veiting árinnar inn að kaupstaðnum.

Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson. Magnús Kristjánsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar veitist heimild til, að skylda hlutaðeigendur til þess að láta af hendi eignarrétt og önnur réttindi yfir Glerá og landinu meðfram henni, að því leyti sem þetta er nauðsynlegt til þess, að framkvæma megi veiting árinnar inn að eða inn í kaupstaðinn, samkvæmt því, er ákveðið verður af bæjarstjórninni.

2. gr.

Greiða skal eigendum fullar skaðabætur eptir mati óvilhallra, dómkvaddra manna, fyrir réttindi þau eða eign, er þeir verða skyldaðir til að láta af hendi. Skaðabætur þessar skal greiða úr bæjarsjóði Akureyrarkaupstaðar.

Ed. **58. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lögaldursleyfi handa kvenmönnum.

Frá Valtý Guðmundssyni, Jóni Ólafssyni, Jóni Jakobssyni, Guttormi Vigfússyni og Jóh. Jóhannessyni.

1. Í stað »kvenmönnum . . . . karlmönnum« komi: »konum . . . . . körlum.
2. Fyrirsögn frumvarpsins breytist samkvæmt þessu.

Nd. **59. Frumvarp**

til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Flutningsmenn: Tr. Gunnarsson, G. Björnsson.

1. gr.

Fé það, er útheimtist til þess, að standa straum af útgjöldum Reykjavíkurkaupstaðar til bæjarþarfa, skal, að svo miklu leyti sem hinar sérstöku tekjur kaupstaðarins eigi hrökkva til, feingið með því, að leggja gjald á bygðar og óbygðar lóðir og á húseignir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, og þar næst einnig með því, að leggja skatt á kaupstaðarbúa sjálfa, stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

2. gr.

Af öllum lóðum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, bygðum og óbygðum skal greiða til bæjarsjóðs $^1/_2$ % — hálfan af hverju hundraði — af virðingarverði lóðarinnar, þó aldrei minna en nemi $^1/_4$ eyri af feralin og aldrei meira en nemi 5 aurum af feralin.

3. gr.

Undanskildar gjaldi eru þær lóðir, sem greitt er af árgjald eða annað gjald eptir samningi við bæjarstjórnina, svo og túnblettir þeir eða svæði, er bæjarstjórn hefir veitt stofnunum eða ýmsum mönnum án endurgjalds að staðaldri eða um tiltekið árabil. Skal með slíkar lóðir eða lóðarparta farið eptir því, sem samningur eða heimild er til.

4. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, hvort sem þau eru bygð úr steini, timbri, torfi eða öðru efni, og hvort sem þau eru ætluð til íveru eða annars, skal greiða gjald til bæjarsjóðs 1 %o — einn af hverju þúsundi — af virðingarverði hússins.

Gjaldið greiðist af húseignunum eptir brunabótavirðingu þeirra.

5. gr.

Nefnd þriggja manna virðir lóðir til skatts; kýs bæjarstjórn einn þeirra, og er hann formaður nefndarinnar, en hinir tveir skulu kosnir af öllum bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa til bæjarstjórnar eptir sömu reglum, sem endurskoðunarmenn bæjarreikninganna eru kosnir. Kosningin gildir til 6 ára.

Bæjarstjórnin getur veitt nefndarmönnum þóknun fyrir starf þeirra.

6. gr.

Nefndin skal virða lóðirnar til lóðargjalds á þann hátt, að meta verð það, er hver lóð húslaus mundi ganga kaupum og sölum miðað við stærð og legu hennar og afstöðu við götur; skal síðasta söluverð haft til hliðsjónar, sé það kunnugt.

7. gr.

Aðalvirðing á lóðum skal fara fram í Júlí og Ágústmánuði og skal skrá sú, er nefndin semur, liggja frammi til sýnis frá 1. til 14. September; kærur gegn hinni framlögðu skrá skulu sendar bæjarstjórn innan loka Septembermánaðar, og leggur hún úrskurð á þær, eptir að hún hefir leitað álits nefndarinnar um þær.

8. gr.

Virðingarskráin skal gilda 6 ár í senn, talið í fyrsta sinn frá 1. Janúar 1907.

Breytingar þær og viðaukar, er verða á lóðum samkvæmt skýrslu byggingarnefndar, eptir að aðalvirðing hefur farið fram, skulu virðingamenn taka inn á skrána ár hvert fyrir lok Ágústmánaðar með nauðsynlegum breytingum á virðingunni.

9. gr.

Gjald af húsum og lóðum eptir lögum þessum skal innheimta í fyrsta sinn árið 1907.

10. gr.

Í gjaldi því, sem nefnt er í 1. gr. og ætlað er til að standast útgjöld

bæjarins, að því leyti sérstakar tekjur hans, húsagjöld og lóðargjöld og hverjar aðrar tekjur, eigi hrökkva til, eru fólgin útsvörin eptir efnum og ástæðum samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 20. Apríl 1872, 22. gr. og gjald af föstum verzlunum og öðrum arðsömum stofnunum og fyrirtækjum í kaupstaðnum, er séu rekin að minsta kosti 4 mánuði á gjaldárinu, þó eigendur þeirra hafi þar eigi fast aðsetur. Á þessa stofna skal gjald lagt, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástæðum samkvæmt því, er hæfa virðist eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sé tekið til annara tekna eða eigna þess, sem í hlut á.

Um niðurjöfnun þessara gjalda, ef til kemur, borgun og gjaldheimtur, skal farið eptir reglunum í tilskipun 20. Apríl 1872

11. gr.

Frá 31. Dec. 1906 eru numin úr gildi lög 19. Okt. 1877 um bæjargjöld í Reykjavík.

Nd. **60. Frumvarp**

til laga um skipting bæjarfógetaembættisins í Reykjavík.

Flutningsmenn: Guðm. Björnsson og Tryggvi Gunnarsson.

1. gr.

Störf þau, er bæjarfógetinn í Reykjavík hingað til hefir haft á hendi sem formaður bæjarstjórnarinnar, skulu greind frá bæjarfógetaembættinu og feingin í hendur bæjarstjóra, sem skipaður er af konungi.

2. gr.

Auk starfa þeirra, sem nefnd eru í 1. gr., skal bæjarstjórinn hafa á hendi:

1. Uppboð í Reykjavíkurkaupstað að undanskildum þvingunaruppboðum og stranduppboðum.
2. Manntal í Reykjavík samkvæmt lögum 13. September 1901.

3. gr.

Bæjarstjóri skal hafa árslaun 4000 krónur, er greiðist úr landssjóði, og að auki skrifstofufé 1500 krónur, er greiðist úr bæjarsjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Júlí 1906.

Ed. **61. Frumvarp**

til laga um heimild til lóðarsölu fyrir Ísafjarðarkaupstað.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þá er beðið er um útmæling á lóð undir hús í landareign bæjarins, hvort heldur er á verzlunarlóðinni eða utan hennar, getur bæjarstjórn heimt-

að endurgjald fyrir lóðina, og skal bæjarstjórn ákveða verð hverrar lóðar eptir tillögu byggingarnefndar.

2. gr.

Nú kaupir einhver af bænum lóð undir hús, og skal þá hús reist á lóðinni áður en 2 ár eru liðin frá því, er kaupin fóru fram, ella fellur lóðin aptur til bæjarins endurgjaldslaust. Þó má bæjarstjórn leingja frest þennan alt að einu ári. Kaupandi skal og fá endurgoldin eptir óvilhallra manna mati þau verk, sem hann hefir unnið til umbóta á lóðinni.

3. gr.

Andvirði seldra lóða leggist í sérstakan sjóð og setur stjórnarráðið eptir tillögum bæjarstjórnar reglur um stjórn sjóðsins og notkun hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem útkoma þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed.

62. Frumvarp

til laga um beitutekju.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Sérhver sá, er heimild hefir til fiskveiða í landhelgi, má taka skelfisksbeitu fyrir annars manns landi, þótt í netlögum sé. Á land má hann setja beitutekjuverkfæri sín og farvið af skipi sínu, en gjalda skal fyrir þetta 10 af hundraði af beituaflanum.

Netlög eru 60 faðmar á sjó út frá stórstraums fjörumáli.

2. gr.

Nú verður tún jarðar, engjar, hagi, friðlýst æðarvarp eða selalagnir fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal gjalda fyrir það skaðabætur eptir óvilhallra menna mati.

3. gr.

Landshlut skal lúka ábúanda jarðar, nema öðruvísi sé um samið. Formaður innir hann af hendi.

4. gr.

Nú eru ábúendur jarðar, þar sem beita er tekin, fleiri en einn, og er formanni heimilt að greiða landshlutinn og skaðabætur þær, sem nefndar eru í 2. gr., til einhvers þeirra, enda hafi einginn umboðsmaður gefið sig fram af þeirra hálfu.

5. gr.

Landshlutur skal goldinn í beitunni, er aflazt hefir, nema öðruvísi sé um samið og greiðir formaður hana áður en hann fer burt af beitufjörunni, nema öðruvísi sé um samið. Segi formaður rangt til um afla geldur hann tvöfaldan landshlut.

6. gr.

Nú er land ekki notað við beitutekju, og skal þá eingan landshlut greiða, enda sé beitan tekin fyrir utan netlög.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Nd. **63. Frumvarp**

til laga um lögaldursleyfi handa konum.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Frá 1. Janúar 1906 má veita konum lögaldursleyfi eptir sömu reglum og með sömu skilyrðum og körlum.

Ed. **64. Breytingartillögur**

við frv. til laga um málaflutningsmenn við landsyfirréttinn í Reykjavík.

Frá Valtý Guðmundssyni.

Upphaf 1. greinar orðist svo:

Hver sá, er leyst hefir af hendi fullkomið lögfræðispróf, er aðgang veitir að embættum þeim hér á landi, sem lögfræðingar skipa, sbr. 4. gr. laga nr. 3 frá 4. Marz 1904, og að öðru leyti fullnægir þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess að geta feingið embætti á Íslandi, getur hjá ráðherra Íslands feingið alment leyfi til málaflutningsstarfa við landsyfirdóminn og héraðsdóm í Reykjavík. Sá, er slíkt leyfi fær, skal o. s. frv. (óbreytt sem í frumvarpinu).

Á eptir 1. gr. bætist inn í ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

Nú vill maður í einkamáli reka mál sitt sjálfur eða láta fjárhaldsmann sinn, frænda eða þjón gjöra það, og er hann þá eigi skyldur að nota málaflutningsmann.

2. gr., sem verður 3. grein, orðist svo:

Nú óskar sakborningur í sakamáli, að einhver ákveðinn málaflutningsmaður, er leyfi hefir feingið samkv. 1. gr., haldi uppi vörn fyrir sig fyrir yfirdómi eða héraðsdómi í Reykjavík, eða málsaðili, er gjafsókn hefir feingið, að ákveðnum málaflutningsmanni sé falið mál hans þar, og skal hann þá skipaður til þess, ef hann tjáir sig fúsan að gjöra það endurgjaldslaust af almannafé. Að öðru leyti hafa þeir mataflutningsmenn, sem leyfi hafa feingið, samkvæmt 1. gr., bæði einkarétt og skyldu til að flytja mál þessi eptir því, sem þeir fá skipun til, eptir sömu reglum og fylgt hefir verið hingað til.

Á eptir 2. gr. (3. gr.) bætist inn í ný grein, sem verður 4. grein, svo hljóðandi:

Málaflutningsmenn, er skipaðir eru til að flytja gjafsóknarmál, skulu eiga heimting á mataflutningskaupi eins fyrir það, þótt þeir eigi vinni málið, ef flutningur málsins hefir af þeirra hálfu verið óaðfinnanlega af hendi leystur.

Á eptir hinni nýju 4. gr. bætist inn í ný grein, sem verður 5. grein, svo hljóðandi:

Nú þiggur skipaður málaflutningsmaður þóknun fyrir málflutning af þeim, er hann er skipaður fyrir, eða hann lætur lofa sér slíkri þóknun, og varðar það hann refsingu samkvæmt 118. gr. alm. hegningarlaga 25. Júní 1869, nema hann hafi slept tilkalli til þóknunar fyrir starfið af almannafé.

Í 3. gr., sem verður 6. gr., falli burt orðin: »að því er einkamál snertir«, en í stað þeirra komi í niðurlagi greinarinnar: Þó skulu málaflutningsmenn þeir, sem nú eru settir við yfirdóminn, halda öllum þeim réttindum, sem þeir nú hafa, meðan þeir eru í þeirri stöðu.

4. gr. verður 7. gr.

Í fyrirsögn frumvarpsins komi í staðinn fyrir »landsyfirréttinn«: landsyfirdóminn og héraðsdóm.

Nd. **65. Frumvarp**

til laga um viðauka við opið bréf 31. Maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Embættismenn, sem skyldir eru til þess, að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, geta auk þess, sem fram er tekið í opnu bréfi 31. maí 1855, fullnægt skyldu sinni í þessu tilliti með því, að kaupa sér lífsábyrgð í lífsábyrgðarstofnun ríkisins, sem sé 15 sinnum hærri að minsta kosti en líffé það, sem embættismaðurinn er skyldur til að tryggia ekkju sinni; þetta er þó því skilyrði bundið, að embættismaðurinn uppfylli hin almennu skilyrði fyrir því að fá líf sitt trygt hjá stofnuninni, og að hann skuldbindi sig til þess, að hlíta ákvæðum þeim, er stjórnarráðið setur til tryggingar því, að lífsábyrgðarupphæðin komi ekkju hans að notum, og um greiðslu á iðgjöldum lífsábyrgðarinnar.

Nd. **66. Frumvarp**

til laga um hegning fyrir tilverknað, er stofnar hlutleysisstöðu ríkisins í hættu.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þegar ófriður er uppi milli annara ríkja, skal sá, er sekur verður í tilverknaði, er stofnar hlutleysisstöðu hins danska ríkis í hættu, eða brýtur bann, er stjórnin hefir sett til verndar hlutleysisstöðunni, sæta fangelsi eða, ef miklar sakir eru, hegningarvinnu, nema þyngri refsing sé við lögð í almennum lögum. Því að eins að mjög litlar sakir séu, má hegningin vera minni en 1 mánaðar fangelsi, eða þá sektir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **67. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um heimild til lóðarsölu fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson. Aug. Flygenring. Valtýr Guðmundsson. Sigurður Stefánsson.

Í fyrirsögninni breytist »lóðar-sölu« í »lóða-sölu«.

Nd. **68. Tillaga**
til þingsályktunar um skatta- og tollamál.
Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson, Árni Jónsson, Ólafur Briem, Jón Magnússon.

Neðri deild alþingis ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að íhuga og láta uppi tillögur um nýja skipan skatta- og tollmála í landinu.

Nd. **69. Frumvarp**
til laga um að nema úr gildi lög 13. nóvember 1875 um þorskanetalagnir í Faxaflóa.
Flutningsmenn: Björn Kristjánsson. Björn Bjarnarson.

Lög 13. nóvember 1875 um þorskanetalagnir í Faxaflóa eru úr gildi numin.

Nd. **70. Frumvarp**
til laga um löggilding verzlunarstaðar við Maríuhöfn í Kjósarsýslu.
Flutningsmenn: Björn Kristjánsson. Björn Bjarnarson.

Við Maríuhöfn í Kjósarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **71. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi.
Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Sigurður Jensson.
Við 1. gr. Á eptir orðunum: »aðfluttum vörum« komi: öðrum en sykri.

Nd. **72. Frumvarp**
til laga um löggilding verzlunarstaðar að Syðra-Skógarnesi í Miklaholtshreppi innan Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
Flutningsmaður: Lárus H. Bjarnason.

Að Syðra-Skógarnesi í Miklaholtshreppi skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **73. Frumvarp**
til laga um að stofna slökkvilið á Akureyri.
Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson, M. J. Kristjánsson.

1. gr.
Á Akureyri skal stofna slökkvilið.

2. gr.
Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með slökkvivélar og önnur slökkvitól, eptir boði bæjarfógeta eða þess yfirboðara, er bæjarstjórnin setur yfir slökkviliðið. Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bæn-

um skyldir að koma til brunans. Þeir eru skyldir til að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, er að því lúta að bjarga úr eldinum, slökkva hann eða takmarka, eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugjörð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir alt að 50 kr. fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðarinnar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Akureyrar.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þeirri, er um er getið í 2. gr., skal farið sem með opinber lögreglumál.

Nd. **74. Fyrirspurn**

til ráðherrans út af aðdróttun í stjórnarblaðinu »Reykjavík« um mútur í hraðskeytamátinu.

Flutningsmenn: Ólafur Ólafsson, Magnús Andrésson, Skúli Thoroddsen, Björn Kristjánsson, Einar Þórðarson, Ólafur Briem, og Stefán Stefánsson, þm. Skagf.

Á stjórnin nokkurn hlut í því, eða er það með hennar vitund og vilja, að í blaði hennar »Reykjavík«, sem hefir að ritstjóra einn af hinum konungkjörnu þingmönnum, hefir nýlega staðið aðdróttun til allmargra þingmanna o. fl. um mútur í hraðskeytamálinu?

Ed. **75. Fyrirspurn**

til ráðherrans út af aðdróttun í stjórnarblaðinu »Reykjavík« um mútur í hraðskeytamálinu.

Frá Sigurði Stefánssyni, Jóh. Jóhannessyni, Valtý Guðmundssyni, Sigurði Jenssyni og Þorgr. Þórðarsyni.

Á stjórnin nokkurn hlut í því, eða er það með hennar vitund og vilja, að í blaði hennar »Reykjavík«, sem hefir að ritstjóra einn af hinum konungkjörnu þingmönnum, hefir nýlega staðið aðdróttun til allmargra þingmanna o. fl. um mútur í hraðskeytamálinu?

Nd. **76. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Lambhúsvík á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu.

Flutningsmaður: Hermann Jónasson.

Við Lambhúsavík í Húnavatnssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **77. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands.

Nefnd sú, er hin háttv. Ed. hefir falið að athuga frumvarp þetta, hefir rætt það á fundum sínum og komizt að þeirri niðurstöðu, að bæði stefna þess

og meginákvæði væri vel til þess fallin að verða að lögum. Þegar þess er gætt, hvernig sektarfé það, er um ræðir í frumvarpinu, er undir komið, virðist miklu meiri ástæða til að verja því til eflingar fiskiveiðunum, en að gera það að almennum eyðslueyri fyrir landssjóð, sem eingu hefir tilkostað til að vernda fiskiveiðarnar gegn því tjóni, er ólöglegar veiðar í landhelgi geta valdið. Hins vegar hefir nefndinni þótt viðsjárvert að gera landssjóði að skyldu að endurgreiða þann hluta af innkomnu sektarfé, sem þegar hefir verið gerður að eyðslueyri, og leggur því til, að stofnfé sjóðsins sé að eins talið það, sem inn hefir komið á yfirstandandi fjárhagstímabili og síðan kann til að falla framvegis.

Aptur virðist nefndinni full ástæða til að ákveða sjóðnum ríflegt árstillag beint úr landssjóði, bæði sem uppbót fyrir það sektarfé, sem þegar hefir runnið í landssjóð, en þó einkum til að vega nokkuð upp á móti þeim ríflegu fjárframlögum, sem veitt eru til landbúnaðarins, sem þó gefur miklu minni arð í aðra hönd en sjávarútvegurinn. Þar sem fiskiveiðarnar ómótmælanlega eru landssjóði arðmestar af öllum atvinnuvegum landsins, virðist öll hagsýni mæla með því, að meira væri gert til að efla þær en allar aðrar atvinnugreinar; en eptir því sem fjárhag landsins er farið, hefir nefndin þó að svo stöddu ekki treyst sér til að fara fram á hærra árstillag úr landssjóði til hins fyrirhugaða Fiskiveiðasjóðs en 10,000 kr.

Með því að nefndin lítur svo á, að stofnun almenns fiskiveiða- eða útgerðarfélags fyrir land alt mundi geta haft heillarikar afleiðingar fyrir sjávarútveginn, hefir henni þótt ástæða til að gera hvötina til að stofna slíkt félag sem mesta, og leggur því til að orða niðurlag 4. greinar þannig, að téð félag skuli takast á hendur stjórn sjóðsins, en ráðstafanir félagsstjórnarinnar liggja undir staðfesting landstjórnarinnar.

Samkvæmt þessu ræður nefndin hinni háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem hér segir:

1. Við 1. gr. Í stað »1901« komi: 1904.
2. Aptan við fyrstu grein bætist: Auk þessa leggur landssjóður árlega 10,000 kr. til sjóðsins.
3. Við 3. gr. Í stað »Stofnféð . . . . . því« komi: Höfuðstólinn . . . . . honum.
4. Á eptir »fiskiveiðum« í 3. gr. bætist inn í: og meðferð fiskjar.
5. Við 4. gr. Í stað »skal álits . . . . . í 3. gr.« komi: skal það takast á hendur stjórn sjóðsins, þó þannig, að ráðstafanir félagsstjórnarinnar liggi undir staðfesting landsstjórnarinnar.

Efri deild Alþingis 12. Júlí 1905.

Aug. Flygenring, formaður.
Valtýr Guðmundsson, skrifari og framsögum.
Jón Ólafsson.

Nd. **78. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, G. Björnsson.

1. gr.

Hafnarfjarðarverzlunarstaður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi: Úr sjó utanvert við Balatún, sjónhending eptir takmörkum Hafnarfjarðarhrauns og Dysjamýrar, þar til kemur á hinn forna veg frá Görðum til Reykjavíkur. Eptir þeim vegi í Eingidal. Þaðan eptir nyðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur móts við austurhorn Hraunsholtstúns. Þaðan bein stefna yfir neðanverðan Kaplakrika í vörðu á há-holtinu fyrir ofan Jófríðarstaði; þaðan yfir Fuglstapaþúfu efri beina leið í sjó fram. Kaupstaðurinn skal skyldur til að setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og viðhalda þeim.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins, og hefir hann að launum 500 krónur úr landssjóði.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórna af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti. Bæjarfógeti er oddviti stjórnarinnar; hann hefir atkvæðisrétt á fundum.

3. gr.

Oddviti hefir á hendi framkvæmd á ákvörðunum þeim, er bæjarstjórnin gerir, og í bæjarmálefnum yfir höfuð. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki, að framkvæma einstök bæjarstörf, eptir reglum, sem hún sjálf setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem bæjarstjórnin þannig felur þeim.

4. gr.

Bæjarfulltrúar skulu vera 6, og skulu kosnir af þeim bæjarfulltrúum, sem kosningarrétt hafa eptir lögum þessum.

5. gr.

Kosningarrétt hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum eitt ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, standa eigi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk og hafa greitt að minsta kosti 4 krónur í bein bæjargjöld síðasta árið. Kosningarrétt hafa og ekkjur og ógiptar konur, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum 12. Maí 1882 um kosningarrétt kvenna, og þeim skilyrðum, sem sett eru í grein þessari.

Kjörgeingur er hver sá karlmaður og kvenmaður, er kosningarrétt hefir. Heimilt er þó kvenmönnum að skorast undan kosningu.

6. gr.

Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 3 ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fara 2 frá að ári liðnu, og svo 2 ár hvert, eptir samkomulagi, eða hlut-

kesti, verði samkomulagi ekki á komið. Ef einhver fulltrúi fer frá áður en 3 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefir sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á að hinn hefði verið 3 ár, er frá fór.

7. gr.

Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýjár. Svo skal kosningu undirbúa, að skrá sé samin um þá, sem kosningarrétt eiga; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en kjörstjórar eru: bæjarfógetinn og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, er lúta að því, að nokkur sé oftalinn eða vantalinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, og leggur hún þá úrskurð sinn á málið.

8. gr.

Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing alment eru boðuð í kaupstaðnum.

9. gr.

Hver sá, sem er kjörgeingur, er skyldur að taka móti kosningu, nema hann sé sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests eða annars hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu. Kjörstjórnin sker úr þessu, en láti hann sér ekki lynda úrskurð hennar, skal málinu skjóta til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem hefir gegnt fulltrúastörfum 3 ár eða leingur, er eigi skyldur að takast á hendur þá sýslu aptur fyr en eptir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi.

10. gr.

Sá, sem hefir eitthvað að kæra yfir kosningargerð þeirri, sem fram hefir farið, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina viku eptir að kosning hefir fram farið, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var afhent bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður leita um það álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir ráðherranum, innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er fram kunna að hafa komið yfir hinni nýju kosningu.

11. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, sem hann er kosinn til, og skal bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður ennfremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, er svipta hann kjörgeingi; hún ákveður og, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða víkja úr bæjarstjórninni um stund af því að hann hefir vanrækt, eða færzt undan að gera það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn, bera kæru sína undir ráðherrann á þann hátt, sem segir í næstu grein hér á undan.

12. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum, og sér um, að það, sem ályktað er, sé rétt ritað í gerðabókina.

Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður auk oddvita, að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæða fjöldi skal ávalt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því að þá ræður hlutkesti.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundalok, og á sérhver í bæjarstjórninni rétt á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en ráðherrann samþykkir þau.

13. gr.

Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út yfir valdsvið hennar, eða að ákvörðun sé gagnstæð lögum, eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita álit sitt um það í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherranum skýrslu; en hann leggur úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana, áður en hún fer til ráðherrans.

14. gr.

Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna hefir formaður barnaskólanefndarinnar sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

15. gr.

Bæjarstjórnin kýs 4 menn til að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn ásamt bæjarfógeta; skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr.

Bæjarstjórnin kýs tvo menn til að sitja í hafnarnefnd ásamt bæjarfógeta; skal annar þeirra kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

17. gr.

Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og veitir honum árlega þóknun. Skal hann skyldur til að hafa starf sitt á hendi að minsta kosti um 3 ár, nema honum sé fyrirmunað það af einhverjum atvikum, er bæjarstjórnin tekur gild.

18. gr.

Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

19. gr.

Reikningsár kaupstaðarins er almanaksárið. Innan 1. dags Októbermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sé lagður á bæjarbúa. Því, sem á vantar til að standast straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili. Við aðra umræðu skal bæjarssjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags Nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis í hálfan mánuð.

Án samþykkis ráðherrans má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

20. gr.

Niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fult gjald eptir efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi og haft aðsetur annarstaðar; sé svo, má ekki leggja hærra gjald á þá en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en 2 mánuði kemur ekki til greina.

Svo má og leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er séu rekin að minsta kosti um 2 mánuði af gjaldárinu, þó að eigendur þeirra hafi þar eigi fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástæðum eptir því, er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess tillit sé haft til annara tekna eða eigna þess, sem í hlut á.

21. gr.

Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástæðum. Um kosningarétt og kjörgeingi til niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrétt og kjörgeingi til bæjarstjórna. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fara fram í Septembermánuði. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fara 2 frá að 3 árum liðnum; skal það, hverir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum þriggja ára fresti 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosningu í bæjarstjórn, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

Einginn, sem skyldur er að taka á móti kosningu í bæjarstjórn, getur skorast undan að taka móti kosningu í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefir 6 ár eða leiugur, samfleytt í nefndinni, er og undanþeginn starfa þessum jafnleingi og hann hefir í henni verið. Einginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sér oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu, sem um bæjarstjórnina (12. gr.)

22. gr.

Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í Nóvember-

mánuði, samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok, annaðhvort á bæjarþingsstofunni, eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta Júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem hafa flutt sig til kaupstaðarins eptir að niðurjöfnun fór fram, og skyldir eru að greiða skatt samkv. 19. gr. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflegar innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefir verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefir gert, má svo innan hálfs mánaðar þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eptir hinn tiltekna tíma, verða ekki teknar til greina.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og yfir því, ef einhverjum er slept, sem þar á að standa. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sé slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið í bæjarstjórninni eða niðurjöfnunarnefndinni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minsta kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem slept hefir verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti að minsta kosti numið því lægsta gjaldi, sem þegar hefir verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komist hjá því að greiða þann hluta skattsins, sem fallinn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aptur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

23. gr.

Ef ágreiningur verður milli Hafnarfjarðarbæjar og einhvers annars sveitarfélags um það, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal ráðherrann skera úr því.

Ef einhver þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

24. gr.

Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. Apríl og 1. Okt. ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Séu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum fyrir nýjár, fellur alt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, sem í hönd fer. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. Júlí.

25. gr.

Bæjarstjórn og sérstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar, og í tækan tíma; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eptir atvikum ávaxtað fé bæjarins þangað til á því þarf að halda, til að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum og öðrum eignum kaupstaðarins.

26. gr.

Gjaldkeri skal að minsta kosti einu sinni á hverjum 3 mánuðum gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýnir bæði, hvað goldizt hefir í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má gjaldkeri borga neitt úr bæjarsjóði, nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirritaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar, og séu þær yfir 100 krónur, þá einnig að minsta kosti af 3 bæjarfulltrúum.

27. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á vegavinnu, á því að útvega vinnu og varning í þarfir bæjarins o. s. frv., skal ekki goldið neitt.

28. gr.

Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta landsstjórninni í té skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherrans takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé kaupstaðarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans, né kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán, né lán upp á leingri tíma en svo, að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

30. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár, og senda bæjarfógetanum fyrir lok Janúarmánaðar. Bæjarfógetinn lætur reikning þennan liggja öllum bæjarbúum til sýnis um hálfan mánuð, og skal um birtingu þess, svo og útásetningar út á reikninginn, fara að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 22. gr. um niðurjöfnunina. Reikningurinn sé því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sé af kaupstaðarbúum þeim, er hafa kosningarrétt samkvæmt 5. gr. Skal hann kjörinn á sama hátt og falltrúarnir, og hafa starfið á hendi í 3 ár. Yfirskoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fékk hann. Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum hans, en það skal hann hafa gert innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum endurskoðanda og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir hæjargjaldkera kvittun. Enginn má taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sérstaklega falin á hendur (3. gr.).

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sé réttur. enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, getur bæjarstjórnin birt á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semur, og skulu þá í ágripi því greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr.

Innan loka Septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherranum reikning yfir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komi það fram, að bæjarstjórnin hafi viðhaft ólögleg gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal ráðherrann gera þær ráðstafanir. er við þarf, og ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem hafa átt þátt í þessum ályktunum,

32. gr.

Ráðherrann gerir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlast fult gildi 1. dag Júnímánaðar 1906.

Ákvarðanir um stundarsakir:

Sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og bæjarstjórn Hafnarfjarðar hins vegar gera milli sín samning um skipti á eigum og skuldum sýslusjóðsins og sýsluvegasjóðsins. Ef nokkur ágreiningur verður um þau skipti, liggur hann undir fullnaðarúrskurð ráðherrans.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og hreppsnefnd hins nýja Garðahrepps gera einnig milli sín samning um skipti á eignum, skuldum og ómögum hins núverandi Garðahrepps. Rísi nokkur ágreiningur út af þeim skiptum, sker ráðherrann einnig úr.

Fyrsta fjárhagsár kaupstaðarins telst frá 1. Júní 1906 til 31. December sama ár.

Nd. **79. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Gerðaleir í Gullbringusýslu.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Björn Bjarnarson.

Við Gerðaleir í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **80. Frumvarp**

til laga um áfengisveitingar á mannflutningaskipum.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, G. Björnsson, Stefán Stefánsson, Eyf. og Eggert Pálsson.

1. gr.

Á mannflutningaskipum, er koma hér við land, eða ganga meðfram ströndum landsins eða innfjarða, eptir fyrir fram ákveðnum ferðaáætlunum, má

ekki veita nokkurs konar áfeingi meðan skipið liggur hér í höfn, hvorki farþegum né aðkomumönnum.

Bann þetta nær þó ekki til boðsgesta útgerðarmanns eða skipstjóra.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 100—1000 kr., enda sé alt áfengi, sem í skipinu finst og ekki er ætlað skipshöfninni einni, upptækt ef brotið er ítrekað.

Sektir og andvirði hins upptekna áfeingis renni í landssjóð, enda sé skipið að veði fyrir sektunum.

3. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Nd. **81. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 12. Júlí 1878 um gjafsóknir.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Ólafur Ólafsson.

Ákvæðin í 3. tölulið 2. gr. í lögum 12. júlí 1878, um gjafsóknarrétt embættismanna, eru úr lögum numin.

Skylda sú, er að lögum hefir hvilt á embættismönnum, að hreinsa sig af ærumeiðandi sakargiftum með dómi, samkvæmt skipun yfirboðara þeirra, er úr lögum numin.

Nd. **82. Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Búðareyri við Reyðarfjörð.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Land það, er reisa má á verzlunarhús við Búðareyri, skal stækkað um svæðið frá Stekkjargilslæk í Bakkagerðislandi út að Hesthúslæk, 70 faðma á land upp frá stórstraums-flóðmáli.

Nd. **83. Frumvarp**

til laga um heimild til lóðasölu fyrir Ísafjarðarkaupstað.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þá er beðið er um útmæling á lóð undir hús í landareign bæjarins, hvort heldur er á verzlunarlóðinni eða utan hennar, getur bæjarstjórn heimtað endurgjald fyrir lóðina, og skal bæjarstjórn ákveða verð hverrar lóðar eptir tillögu byggingarnefndar.

2. gr.

Nú kaupir einhver af bænum lóð undir hús, og skal þá hús reist á lóðinni áður en 2 ár eru liðin frá því, er kaupin fóru fram, ella fellur lóðin aptur til bæjarins endurgjaldslaust. Þó má bæjarstjórn leingja frest þennan alt að einu ári. Kaupandi skal og fá endurgoldin eptir óvilhallra manna mati þau verk, sem hann hefir unnið til umbóta á lóðinni.

3. gr.

Andvirði seldra lóða leggist í sérstakan sjóð og setur stjórnarráðið eptir tillögum bæjarstjórnar reglur um stjórn sjóðsins og notkun hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem útkoma þeirra er birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **84. Frumvarp**

til laga um breyting á opnu bréfi 26. Jan. 1866 um byggingarnefnd á Ísafirði.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ákvæði það í opnu bréfi 26. Jan. 1866 um byggingarnefnd á Ísafirði, að ávalt skuli vera 10 álna svæði autt milli nágrannahúsa, skal úr lögum numið. Á steinhúsum mega þó eigi vera gluggar, dyr, né önnur op á veggjum er vita að annars manns lóð, nema því að eins, að veggurinn sé að minsta kosti 5 ál. frá lóðarmörkum, og að því er kemur til timburhúsa, þá skal hvert einstakt hús vera greint frá næsta húsi með eldvarnargafli, ef bilið milli þeirra er minna en 10 ál., enda þykir byggingarnefndinni eigi viðsjárvert af sérstökum ástæðum, að húsin standi svo nálægt hvort öðru.

Eldvarnargafl er hér talinn veggur úr (tigul-)steini, einhlaðinn að minsta kosti og oplaus, er taki 6 þumlunga að minsta kosti upp yfir þakið á hærra húsinu, og sé ei minna en 7—8 þumlunga þykkur.

2. gr.

Það skal hér eptir bannað, að gera hús eða bæi af torfi.

3. gr.

Heimilt skal byggingarnefndinni, ef $^2/_3$ hlutar allra nefndarmanna samþykkja það, að banna þvílíkan ytri frágang á húsum og girðingum, er að hennar áliti lýtir eða óprýðir útlit bæjarins, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það sem ábótavant þykir. Slíkum ákvæðum nefndarinnar getur sá, er hlut á að máli, skotið til stjórnarráðsins, og leggur það fullnaðarúrskurð á málið.

4. gr.

Nú reisir einhver nýtt hús eða gerir verulegar breytingar á eldra húsi, og er hann þá skyldur til, þegar byggingarnefnd krefst þess, og áður en byrjað er á hússmíðinni eða breytingunni, að láta nefndinni í té uppdrátt af húsinu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag þess.

Nd. **85. Frumvarp**

til laga um skýrslur um alidýrasjúkdóma.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed).

1. gr.

Landsstjórninni ber að annast um, að teknar séu árlega skýrslur um hina helztu alidýrasjúkdóma hér á landi, og skipar hún fyrir um, hver stjórnarvöld skuli vinna að skýrslum þessum.

2. gr.

Stjórnarráðið semur reglugerð um fyrirkomulag skýrslnanna og samning þeirra, og annast um, að út séu gefin á kostnað landsjóðs eyðublöð undir þær.

3. gr.

Þeir, sem alidýr eiga eða hafa undir hendi, skulu, svo sem þeir framast vita, skýra stjórnarvaldi því, er skýrslnanna krefur, frá þeim sjúkdómum, sem komið hafa á skýrsluárinu í alidýr þeirra og gefa þar að lútandi upplýsingar, alt eptir því, sem fyrir er mælt í reglugerð þeirri, sem umgetur í 2. gr.

4. gr.

Tregðist nokkur við að láta þær upplýsingar í té, sem lög þessi bjóða og mælt verður fyrir um reglugerð, má þröngva honum til þess með dagsektum 1—5 kr. á dag.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **86. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um byggingarsamþyktir.

Nefnd sú, er hin háttv. Ed. hefir falið að athuga frumvarp þetta, hefir rætt það á fundum sínum og orðið sammála um nytsemi þess. Það er kunnugt, að flest kauptún landsins eru mjög óskipulega bygð, og það jafnvel á sumum stöðum svo, að veldur töf á umferð.

Nefndin ræður því hinni háttv. deild til að samþykkja frumvarpið, með þeim breytingum er hér fara á eptir. Eru breytingar þessar að mestu orðabreytingar, en ekki efnis, og raska því á eingan hátt tilgangi laganna.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 3. gr. Orðin: »til þess« í setningunni »sem atkvæðisbærir — kjósa«, falli burt.
2. — 4. gr. Í stað orðanna: »þarf meiri hluta«, komi: nægir meiri hluti.
3. — 5. gr. Í stað orðsins: »sýslunefndarfundi«, komi: sýslufundi.
4. — Í stað: »skal bera — hreppsnefndarinnar«, komi: skal oddviti hreppsnefndarinnar bera breytingarnar upp fyrir bæjarbúum á almennum fundi.
5. — 5. gr. Í stað orðsins »og« í setningunni; »á þann hátt og fyr segir«, komi: er.
6. — 6. gr. B. Orðið: »eitthvað« í fyrstu línu þessa stafliðs, falli burt.
7. — Í staðinn fyrir: »skal greiða kostnað þennan — lögum samkvæmt«, komi: skal byggingarnefndin jafna kostnaði þessum niður á útsvarsskylda menn og fyrirtæki í verzlunarstaðnum eptir efnum og ástæðum. Um frumlagning niðurjöfnunar þessarar, fer sem um niðurjöfnun aukaútsvara, og má kæra yfir henni á sama hátt.
8. — Aptan við greinina bætist: enda greiði hann sjálfur kostnað við yfirmatið, nema endurgjaldið verði hækkað.

9. — C. Í stað orðanna: »bygð eru ný hús« komi: bygt er nýtt hús.
10. — D. Síðasta lína. Í stað: »og með« komi: og hafi eptirlit með.
11. — G. Í staðinn fyrir: »þó skal — stjórnarráðinu« komi: þó öðlast sú reglugerð fyrst gildi, er stjórnarráðið hefur samþykt hana.
12. — 8. gr. Í stað: »á lögum« komi: á samþyktum eptir lögum.

Efri deild alþingis þ. 13. d. Júlím. 1905.

Jón Jakobsson, formaður. Aug. Flygenring, skrifari og framsögum.
Jóh. Jóhannesson.

Nd. **87. Frumvarp**
til laga um viðauka við lög 17. Marz 1882 um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé.

Flutningsmenn: Jón Jónsson og Magnús Andrésson.

Bann það gegn flutningi sauðfénaðar, nautgripa og hesta, sem ræðir um í 1. gr. laga 17. Marz 1882 um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé, skal einnig ná til svína og geita, og skulu um þær tegundir kvikfjár einnig gilda öll fyrirmæli nefndra laga.

Nd. **88. Frumvarp**
til laga um brúargerð á Ytri-Rangá.

Flutningsmaður: Eggert Pálsson.

Stjórninni veitist heimild til að láta gera brú á Ytri-Rangá í Rangár vallasýslu, og verja til þess, alt að 35000 krónum úr landssjóði.

Nd. **89. Breytingartillaga**
við tillögu til þingsályktunar um skatta- og tollmál.

Flutningsmenn: L. H. Bjarnason og Hannes Þorsteinsson.

Í stað: »5 manna« komi: 7 manna —

Nd. **90. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um samþyktir um kynbætur nautgripa.

Frá nefndinni.

Aptan við 5. gr. bætist:

Þar sem kynbótafélag nautgripa hefir verið stofnað, má í samþykt ákveða, að eigi megi nota önnur naut til undaneldis á félagssvæðinu en þau, er félagið hefir valið til kynbóta.

Ed. **91. Frumvarp**
til laga um stefnufrest frá dómstólum á Íslandi til hæstaréttar í einkamálum fyrir þá, sem eru til heimilis á Íslandi.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

Stefnufrestur í einkamálum, er eptir 1. Janúar 1906 verður áfrýjað frá dómstólum hér á landi til hæstaréttar, er 6 mánuðir fyrir þá, sem hér eru til heimilis.

Ed. **92. Frumvarp**
til laga um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Vestmannaeyjum.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús í Vestmanneyjum, skal takmarkast að norðan af höfninni, að vestan af beinni línu úr vesturhorni Juliushaabsverzlunarlóðar í útnorðurhorn Uppsalalóðar, að sunnan af beinni línu þaðan í landnorðurshorn Forna-Landagarðs og þaðan í landsuðurshorn Eystri-Landalóðar og að austan af beinni línu þaðan í merkistein á landnorðurshorni Garðsverzlunarlóðar, við svo kallaðan »Skans«.

Sþ. **93. Nefndarálit**
um gildi kosningar 2. þm. Sunnmýlinga 3. Júní. 1903.

Axel sýslumaður Tulinius hefir með bréfi dags. 27. f. m. tilkynt forseta sameinaðs alþingis, að hann sé kominn hingað til Reykjavíkur til að taka sæti á alþingi sem 2. þm. Sunnmýlinga í stað Guttorms Vigfússonar, er hann býst við, að alþingi vísi heim sem ólöglega kosnum.

Út af málaleitan þessari lét forseti sameinaðs alþingis þegar í þingbyrjun kjósa nefnd samkv. 3. gr. þingskapanna til að íhuga nefnt erindi sýslumanns og skjöl þau, er sýslumaður byggir kæru sína og kröfu á.

Nefndin hefir nú athugað málið eptir föngum, og er þess þá fyrst að geta, að kosning Guttorms Vigfússonar var úrskurðuð rétt í þingbyrjun 1903 (sjá Alþ.t. 1903, A. bls. 10).

En nokkru seinna bárust þinginu 2 kærur dags. 22., 23. og 24. Júní 1903 frá nokkrum kjósendum Suðurmúlasýslu yfir því, að Guttormur Vigfússon væri ólöglega kosinn og Axel sýslumaður ólöglega settur hjá. Þingið setti 15. Júlí nefnd í málið (A. bls. 846) og nefndin skilaði þinginu áliti sínu 13. Ágúst. Nefndin réð þinginu til »að senda hinar fram komnu kærur yfir kosningu 2. þm. Suðurmúlasýslu forsetaveginn til landstjórnarinnar með áskorun um, að hún láti rannsaka kjörskrárnar í Suðurmúlasýslu, sem giltu frá 1. Júlí 1902 til 30. Júní 1903, og samningu þeirra af hendi hreppsnefndanna, og leggi árangurinn af þeim rannsóknum í síðasta lagi fyrir næsta þing 1905« (C. bls. 463). Og sú tillaga nefndarinnar var samþykt í einu hljóði (Alþt. 1903 A. bls. 855).

Samkvæmt þessari ályktun þingsins lagði landshöfðingi 18. Sept. samæris amtmanninum í Norður- og Austuramtinu fyrir, að láta rannsaka kjörskrárnar í Suður-Múlasýslu, sem gilda fyrir tímabilið 1. Júlí 1902 til 30. Júní 1903 og samn-

ing þeirra af hendi hreppsnefndanna, og amtmaður fól aptur sýslumanni rannsóknina 15. Okt. s. á.

Rannsókn þessari er nú lokið, og rannsóknin hefir leitt það í ljós, að engin mynd hefir verið á kjörskránum í Suður-Múlasýslu, hvorki nefnt kosningatímabil né kosningatímabilið 1903—'04, að oddviti kjörstjórnarinnar hefir gersamlega vanrækt að líta eptir gerðum hreppsnefndanna í því efni og að kjörstjórnin, sem stýrði kosningunum þar í sýslu 3. Júní 1903, hefir annaðhvort ekki skilið hlutverk sitt eða ekki hirt um að rækja það sem skyldi.

Það er tekið fram í kjörbókinni, að: »Fram voru lagðar kjörskrár úr öllum hreppum sýslunnar gildandi frá 1. Júlí 1902—30. Júní 1903«.

En þrátt fyrir þessa bókun var að eins ein skrá fyrir tímabil þetta, skráin úr Beruneshreppi notuð á kjörfundinum við kosningarnar. Hinar skrárnar allar, sem notaðar voru, voru fyrir tímabilið 1. Júlí 1903— 30. Júní 1904.

Þessa höfuðskyssu er kjörstjórninni einni um að kenna. Kjörstjórnin hefir auðsjáanlega ekki skilið, eptir hvaða kjörskrám átti að kjósa, enda getur hún þess sér til afsökunar í erindi dags. 20. Júní 1904, að skráin úr Beruneshreppi, eina skráin fyrir 1902—'03, hafi verið notuð af því að skráin fyrir 1903—'04, ranga skráin, hafi eigi verið komin til kjörstjórnarinnar fyrir kjörfund.

Beruneshreppingar eru þannig einu mennirnir í sýslunni, sem kosið hafa eptir tímabærri skrá, en þar stendur aptur svo einkennilega á, að Guttormur Vigfússon og Axel Tulinius hafa feingið jöfn atkvæði.

Að öðru leyti er bókunin á kjörfundargerðunum svo ófullkomin, að ekki verður séð, hvort settum reglum um kjörfundarhald hefir verið fylgt. Það eitt er þó víst, að kjörstjórnin hefir lagt atkv. beggja, G. V. og A. T., rangt saman. G. V. hefir feingið 119 atkv., sé farið eptir skránum, sem notaðar voru, en ekki 120, eins og kjörstj. telur, og A. T. hefir feingið 116, en ekki 119.

Að því er kjörskrárnar og samning þeirra af hendi hreppsnefndanna snertir, er það styzt að segja, að skrárnar bæði fyrir tímabilið $^{1}/_{7}$ 1902—$^{30}/_{6}$ 1903 og $^{1}/_{7}$ 1903—$^{30}/_{6}$ 1904, bæði aðalskrár og aukaskrár, eru yfirleitt alsendis ólögmætar, hvar sem á þær er litið.

Kosningarárið nær, eins og kunnugt er, frá 1. Júlí hins yfirstandandi árs til 30. Júní árið eptir (sbr. 17. gr. kosningalaga $^{14}/_{9}$1877). En þess er hvergi nærri alstaðar gætt. Sumstaðar er almanaksárið látið ráða, sumstaðar er byrjunar og lokadegi slept og sumstaðar er kosningarárið talið frá 30. Júní til 1. Júlí árið eptir.

Það eiga að vera 5 dálkar á skránum, fyrir nöfn kjósenda, aldur, stétt, heimili og atkv.gr., (8. gr. kosn.l.). Þessa er óvíða gætt. Dálkarnir eru sumstaðar 7, en sumstaðar ekki nema 3—4.

Það á að leiðrétta skárnar í Marzm. ár hvert, (10. gr.), en það hefir hvergi nærri alstaðar verið gert. Aðalskrárnar hafa verið tilbúnar í Janúar, Febr., Marz og Apríl 1902 og 1903, og aukaskrárnar í Janúar, Marz, Maí og Júní 1902 og 1903.

Hreppsnefndin á að undirskrifa kjörskrána. Þess er nálega hvergi gætt. Víðast ritar oddviti einn undir skrána, en sumstaðar er þess ekki einu sinni getið, hver maðurinn sé, sem undir þær ritar.

Kjörskrárnar eiga að liggja kjósendum til sýnis frá 1.—21. Apríl ár hvert, að báðum dögum meðtöldum, (11. gr. kosn.l.), og oddviti á að rita vottorð um þetta neðan á hverja skrá, en það hefir hvergi verið gert. Þess er að eins getið um skrána úr Fáskrúðsfjarðarhr. 1903—1904, að hún hafi legið frammi »lögskipaðan tíma«.

Fleiri formreglur um tilbúning kjörskránna hafa ekki verið brotnar, en það eru heldur ekki til fleiri reglur þar að lútandi.

En auk þeirra hafa efnisákvæði verið brotin. Þannig hafa 2 konur verið teknar upp á kjörskrána í einum hreppi (Breiðdalshr.).

Síðasttöldu brestirnir eru aðallega hreppsnefndunum að kenna. Kosningarskilyrðin eru, að kyninu undanteknu, þess eðlis, að hreppsnefndunum einum er ætlandi að dæma um þau. En það er alt öðru máli að gegna um formhlið kjörskránna. Þeim getur oddviti kjörstjórnarinnar litið eptir, og þeim *á* hann að líta eptir. Það er að vísu hvergi tekið fram með beinum orðum í sjálfum kosningarlögunum, en það leiðir að því, er sýslukjördæmi sérstaklega snertir, af 38. gr. sveitarstj.tilsk., og liggur yfirleitt óbeinlínis í 15. gr. (sbr. 14. gr. kosn.l.) Formgallarnir eru því eingu síður að kenna eptirlitsleysi sýslumanns eða fákunnáttu en fákunnáttu eða aðgáningsleysi hreppsnefndanna.

Eins og þegar er sagt, eru allir hinir sömu gallar á aðalskránum og aukaskránum, hvort heldur litið er til skránna fyrir 1902—03 eða til skránna 1903—04. Munurinn er að eins sá, að sumar af aukaskránum eru seinna tilorðnar, 2 (úr Skriðdalshr. og Reyðarfjhr.) enda sjálfan kosningardaginn, en á því *einu* er ekki hægt að byggja mismunandi dóm um aðalskrár og aukaskrár, enda er munurinn á atkv.tölu G. V. og A. T. eptir skrám þessum lítill; G. V. hefir eptir þeim feingið 4 atkv., en A. T. 2.

Sé farið eptir kjörskránum og aukaskránum fyrir 1902—03, mættu alls 187 kosningabærir menn á kjörfundinum og af þeim fékk G. V. 108 atkv., en A. T. 102. Sé aptur á móti farið eptir aðalskránum einum, fékk A. T. 98 en G. V. 97 atkv.

En sé farið eptir kjörskránum 1903—04, mættu 225 kjósendur og af þeim fékk G. V. 119 atkv., en A. T. 116.

G. V. hefir því feingið meiri hluta greiddra atkv. og fleiri atkv. en A. T., hvort sem farið er eptir kjörskránum 1902—03 eða kjörskránum 1903—04.

Að vísu hefðu sumir af kjósendum beggja þingm., Ó. Th. og G. V., og A. T., eptir því, sem nú er upplýst orðið, ekki átt að standa á kjörskrá, en það skiptir ekki máli hér. Annaðhvort verður að álíta allar kjörskrárnar ógildar, eða láta eptir atvikum við svo búið standa um þær allar.

Skrárnar eru, eins og þegar er sagt, a l l a r stórgallaðar, þar á meðal sú skráin, Berunesskráin, sem er einna næst lagi, að því er snertir kosningar tímabilið, og er það þó heldur ekki rétt sett á henni. Sú skrá er talin gilda fyrir »árið 1902—1903«. Hún er dags. 19. Febr. 1902. Hún er undirskrifuð af 1 manni, og það verður ekki séð, hvort hann hefir setið í hreppsnefnd eða ekki. Loks vantar algjörlega á skrána vottorð um, að hún hafi legið kjósendum til sýnis. Væri farið í strangan reikningsskap, ætti því að ónýta kosningu beggja þingmannanna, Ó. Th. ekki síður en G. V. En það þykir nefndinni of ísjárvert. Fyrst og fremst er hér um galla að ræða, sem hreppsnefndum og kjörstjórn er eingaungu um að kenna, en þingmönnunum að eingu leyti. Í annan stað er kjörtímabil þingmannanna hálfnað. Og seinast en ekki síst verður kosning Ó. Th., þótt jafngölluð sé og hin, ekki ónýtt, af þ v í að hún hefir ekki verið kærð af kjósendum, en það þykir óhæfilegt, að láta þá hendingu eina ráða misjöfnum dómi um alveg samkynja galla. Hér virðist því eigi annað sanngjarnara úrræði vera til en að láta við svo búið standa um kjörskrárnar allar, aðalskrár og aukaskrár.

En sé látið við svo búið standa um formhlið kjörskránna, leiðir það af 13 gr. kosningalaganna, að það skiptir hér ekki máli, þó að nokkrir menn hafi

verið teknir á skrárnar, sem ekki áttu að standa þar, og nokkrum mönnum slept, sem taka hefði átt upp, því að dómur hefir um hvorugt geingið.

Verði skárnar teknar gildar, leiðir það af því, sem á undan er geingið, að G. V. á að halda sæti sínu, enda er krafa A. T. sýslumanns furðanleg fjarstæða. Ætti að ónýta atkv. G. V. vegna ólögmætis kjörskránna, yrði að gera atkv. A. T. sömu skil, því að báðir eru kosnir eptir sömu kjörskrám, og A. T. hefir auk þess ekkert kjörbréf.

En hvað sem gildi kosningunnar líður, þá er hitt víst, að hreppsnefndir og kjörstjórn við alþingiskosninguna í Suðurmúlasýslu 3. Júni 1903, og þó einkum og sér í lagi oddviti kjörstjórnarinnar, sýslumaður A. T., hefir sýnt af sér svo frámunalega vankunnáttu eða vanrækslu, að það má með eingu móti óátalið vera. Réttast væri auðvitað að komið væri fram ábyrgð gegn hlutaðeigendum, en það gerir nefndin þó að eingu kappsmáli, og álítur enda eptir atvikum og með sérstakri skírskotun til framsögu í málinu á þingi 1903 rétt, að stjórnin ráði því, hvort sækja skuli hlutaðeigendur til ábyrgðar að lögum eða veita þeim rækilega ofanígjöf.

Nefndin leggur því til, að látið sé við svo búið standa um kosningu 2. þm. Sunnm., G. V., og að stjórnarráðinu sé falið að gera þær ráðstafanir, sem því þykir við eiga, út af samningu kjörskránna í Suðurmúlasýslu fyrir kosningartímabilið 1902—03 og frammistöðu kjörstjórnar og sérstaklega kjörstjóra við alþingiskosningarnar þar 3. Júní 1903.

Alþingi, 14. Júlí 1905.

Magnús Stephensen, formaður. Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögumaður. J. Havsteen,

Jón Magnússon. Með fyrirvara Guðl. Guðmundsson.

Ed. **94. Frumvarp**

til laga um afnám fóðurskyldu svo nefndra Maríu og Péturslamba.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson, Jóh. Jóhannesson, Guttormur Vigfússon.

Fóðurskylda svo nefndra Maríu og Péturslamba skal afnumin frá fardögum 1906 að telja, í þeim sóknum á landinu, þar sem hún hefir átt sér stað. Frá sama tíma greiðist hlutaðeigandi prestaköllum uppbót úr landssjóði til presta þeirra, sem nú eru, er sé jöfn meðaltali téðrar tekjugreinar, eptir verðlagsskrám þeim, er gilt hafa í þeim síðustu fimm árin.

Ed. **95. Frumvarp**

til laga um varnarþing í skuldamálum og ýms viðskiptaskilyrði.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson, Jóh. Jóhannesson, Guðjón Guðlaugsson.

1. gr.

Ef skuld er stofnuð þar sem heimilisfang atvinnureksturs hérlends lánardrottins er, á skuldheimtumaður rétt á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunauts í þinghá þeirri, er skuldin er stofnuð í,

eins og væri þar varnarþing hans. Eigi raskar þetta þó ákvæðum þeim, er nú gilda um varnarþing, er bundið er við fasteign.

Lög þessi ná til þeirra einna skuldaskipta, er skuldheimtumaður er kaupmaður, eða hefir á annan hátt atvinnu sína af viðskiptum, svo sem lyfsalar, bóksalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita og aðrir, sem líkt stendur á með.

Því að eins gilda fyrirmæli þessarar greinar, að fyrirtökudagur málsins falli á missirinu milli 1. Maí og 1. Nóvember.

2. gr.

Nú hefir maður feingið reikning eptir viðskipti sín, og skal hann þá innan 3 mánaða, frá því er hann meðtók hann, hafa komið fram með ótvíræð mótmæli gegn hverju því í honum, er hann kannast ekki við; ella skal svo álíta sem hann viðurkenni reikninginn skilyrðislaust.

3. gr.

Sé verzlunarbók sú, er skuldaskiptin eru fyrst í skráð, löggilt, skal hún sönnun vera fyrir því, að reikningur, sem henni er samhljóða, sé réttur, nema annað sannist að lögum, eða sá er í hlut á synji með eiði fyrir, að hafa tekið út það, er í bókunum er skráð.

4. gr.

Mál þau, er um er rætt í þessum lögum, skulu rekin fyrir gestarétti. Nú er skuldunautur staddur í dómþinghá þeirri, er málið eptir þessum lögum má sækja í, og má þá birta honum stefnu, þar sem hann er staddur, til að mæta með næturfresti, og sama er, ef skuldunautur á heimili í þinghánni. Annars skal birta stefnuna á lögheimili hans með þriggja vikna fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis sem fyrirtökustaðurinn, með 6 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmisins, en þó í sama landsfjórðungi, en með níu vikna fresti, ef það er í öðrum landsfjórðungi.

Með »landsfjórðungi« er hér átt við svæði það, er amtsráðin nú taka yfir.

Nd. **96. Frumvarp**

til laga um löggildingu verzlunarstaðar að Látrum í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Að Látrum í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður, og nær verzlunarsvæðið frá svo nefndum Grjótodda að sunnan að Nestá að norðanverðu.

Nd. **97. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu þjóðjarða.

Vér, sem kosnir vorum í nefnd til að íhuga frumvarp til laga um sölu þjóðjarða, leyfum oss að leggja til, að frumvarpið verði samþykt með eptirfylgjandi breytingum:

1. Við 6. gr. Í stað orðanna: »að frádregnu því, er hún kann að hafa rýrnað«, komi: að viðbættu eða frádregnu því, er hún kann að hafa batnað eða rýrnað.
2. Við 6. gr. Aptan við greinina komi ný málsgrein er hljóði svo:
Afsali stjórnarráðið sér endurkaupsréttinum fyrir hönd landssjóðs, öðlast sveitafélag það, er jörð liggur í, kaupréttinn.

Það er einhuga álit nefndarinnar, að æskilegt væri, að með lögum yrði veitt heimild til að selja kirkjujarðir, og leyfir nefndin sér að beina þeirri áskorun til stjórnarráðsins, þegar milliþinganefndin í kirkjumálunum hefir komið fram með álit sitt, að semja frumvarp til laga, er gangi í líka stefnu og frumvarp þetta.

Alþingi, 14. Júlí 1905.

Eggert Pálsson, form. Hermann Jónasson, skrifari. Jóhannes Ólafsson.
Ólafur Briem, framsögum. Stefán Stefánsson, Eyf.

Nd. **98. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um forkaupsrétt leiguliða o. fl.

Vér, sem kosnir vorum í nefnd til að íhuga nefnt frumvarp, leggjum til:
1. Á eptir 3. gr. komi ný grein svo hljóðandi:
Nú afsalar sá sér forgangsrétti til kaups eða leigu, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfélag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forgangsréttinn.
2. Við 5. gr. Í stað: 1.—3. gr. komi: 1.—4. gr.
3. Greinatalan breytist svo, að 4. gr. verður 5. gr. o. s. frv.

Alþingi, 14. Júlí 1903.

Eggert Pálsson, form. Hermann Jónasson, skrifari og framsögum.
Jóhannes Ólafsson. Ólafur Briem. Stefán Stefánsson, Eyf.

Nd. **99. Nefndarálit**
í málinu frv. til laga um stofnun geðveikrahælis.

Vér, sem hin háttvirta neðri deild Alþingis kaus í nefnd til að athuga frv. til laga um stofnun geðveikrahælis, leyfum oss hér með að koma fram með álit vort og tillögur í því máli.

Fyrsta spurningin, sem nefndin tók til íhugunar var sú, hvort þörf væri á slíku hæli, sem hér er farið fram á, eða réttara sagt, hvort þörfin væri svo bráð — svo knýjandi, að það ekki mætti dragast enn nokkur ár, og kom oss þegar á-samt um, að hér væri um svo brýna nauðsyn að ræða, að þannig lagað hæli ætti öllu fremur að vera komið á fót fyrir laungu heldur en að stofnun þessi drægist leingur úr því, sem komið er. Tala geðveiklinga á landinu árið 1901 var

133 (36 karlar og 97 konur), og eptir skýrslum fyrri ára að dæma, má ætla, að sú tala fari altaf fremur vaxandi en minkandi ár frá ári. Af þessum 133 geðveiklingum voru 124 á sveit. Þessir sjúklingar eru hinar mestu vandræða-manneskjur fyrir sveitir og sveitarstjórnir, og meðferðin á þeim víðast hvar afarill. Þetta er svo alkunnugt að ekki þarf að eyða orðum að því. Með slíkri meðferð, sem alment tíðkast og sem alment er mögulegt, gerir þjóðfélagið sig fyrst og fremst sekt í óhæfilegu mannúðarleysi gagnvart þessum aumingjum, og gerir það ennfremur að verkum, að mjög lítil von er um að nokkrum geðveikling batni, þótt það annars væri mögulegt, ef hann nyti nauðsynlegrar hjúkrunar og læknishjálpar á reglulegu geðveikrahæli. Þeir, sem því vilja leita geðveikum ættingjum sínum og vandamönnum *lækningar*, verða eins og nú er ástatt, að senda þá til útlanda. En bæði er það, að slíkt er flestum ofvaxið kostnaðarins vegna, og lítt fáanlegt í nágrannalöndunum, sem hvergi nærri hafa nægilegar stofnanir fyrir sína eigin geðveiklinga, enda verðum vér að álíta það ósamboðið þjóð vorri að geta ekki veitt sjúkum mönnum nægilega hjúkrun og læknishjálp í landinu sjálfu.

Að öllu þessu athuguðu leggjum vér það eindregið til, að sett verði nú þegar á stofn geðveikrahæli hér á landi.

En þegar það er fastákveðið að stofna skuli geðveikrahæli, þá kemur að þeirri spurningu, hvar það eigi að standa og hve stórt það eigi að vera.

Oss blandast ekki hugur um, að hælið er bezt sett á einhverri jörð í nánd við Reykjavík, þar sem jafnframt væri hægt að reka nokkurn búskap, sem gæti orðið til mikils kostnaðarléttis við rekstur hælisins. Af jörðum þeim, sem komið geta til tals í þessu efni, er helzt að ræða um Klepp, sem er eign Reykjavíkurbæjar, og þjóðjörðina Ás við Hafnarfjörð. Vér leituðum oss því upplýsinga um það hjá bæjarstjórn Reykjavíkur, hvort byggingarlóð undir hælið mundi fáanleg í Kleppslandi og með hvaða kjörum. Bæjarstjórnin svaraði þessu erindi á þá leið, að hún hefði samþykt á aukafundi 12. þ. m. að leigja mætti í þessu augnamiði 100 dagsláttur úr Kleppslandi, — þar í talið Kleppstún, — fyrir 100 kr. á ári, auk lóðargjalds af bygðri lóð, svo leingi sem geðveikrahæli væri haft þar á landssjóðs kostnað, með því skilyrði, að landssjóður kaupi hús núverandi ábúanda á jörðunni eftir mati, ef samkomulag ekki fæst.

Sömuleiðis skrifaði nefndin sýslumanninum í Kjósar og Gullbringusýslu og spurðist fyrir, hvort hægt væri að losa þjóðjörðina Ás úr ábúð á næsta vori og með hvaða kjörum. Sýslumaður hefir tjáð oss, að hann hafi talað við ábúandann, en geti ekki að svo komnu sagt fyrir víst, með hvaða kjörum ábúandinn muni vilja standa upp af jörðunni. Þar eð vér nú þykjumst fullvissir um, að geðveikrahælið sé hvergi betur sett en á Kleppi og teljum tilboð bæjarstjórnarinnar mjög aðgeingilegt, þá hikum vér ekki við, að leggja það til, að geðveikrahælið verði reist á Kleppi, enda mun það og verða talsvert ódýrara að byggja það þar en í Ási, eins og síðar mun nánar vikið að.

Þá tókum vér næst til íhugunar, hve stórt hælið þyrfti að vera til þess að koma að tilætluðum notum Í frumvarpi stjórnarinnar er gert ráð fyrir hæli handa 22 sjúklingum, eða handa hér um bil $^1/_6$ þeirra geðveiklinga, sem nú eru á landinu. Þetta yrði að vísu til að bæta úr allra bráðustu þörfinni, en á hinn bóginn þykjumst vér fullvissir um það, að innan skamms mundi þetta rúm reynast alt of lítið, og að jafnvel undir eins á næsta þingi mundu koma áskoranir frá þjóðinni um að stækka hælið. Þótt auðvitað mætti haga byggingunni þannig, að hægðarleikur væri að stækka hana, hvenær sem menn vildu, þá hefir það ýms ó-

þægindi í för með sér, auk þess sem það verður óhjákvæmilega dýrara að byggja þannig í tvennu lagi. Eptir lauslegri áætlun frá einum af helztu trésmiðum bæjarins er sá kostnaðarmunur hér um bil 2000 kr.

Vér leggjum því til, að hælið verði nú þegar haft svo stórt, að það rúmi vel 40 sjúklinga, en geti tekið alt að 50 sjúklinga ef brýn nauðsyn krefar.

Kostnaðurinn við byggingu hælisins er áætluður 72000 kr. Höfum vér þar farið eptir áætlun þeirri, sem sett er fram í tillögum milliþinganefndarinnar í fátækramálinu og vísum vér til hennar þar. Vér bárum þessa áætlun undir formann hlutafélagsins »Völundur«, og taldi hann hana mundu vera nærri sanni og sízt of lága. Jafnframt lét hann þess getið, að byggingin mundi verða talsvert dýrari í Ási við Hafnarfjörð, vegna þess að þar þyrfti að flytja byggingarefnið nokkurn veg á landi frá sjó, og það upp í móti, en að Kleppi má fara alla leið sjóveg á stórskipum; þar er ágæt höfn.

Til útbúnaðar hælisins höfum vér áætlað 16000 kr. Þetta er miðað við það, sem veitt var til útbúnaðar holdsveikraspítalans; það voru 16000 kr. og reyndist þó tæplega nóg. Af þessari upphæð ætlumst vér til, að stjórninni veitist heimild til að verja alt að 1500 kr. til utanfarar handa lækni til að kynna sér meðferð geðveiklinga og rekstur geðveikraspítala, og handa væntanlegum gæzlumanni og gæzlukonu. Þetta teljum vér nauðsynlegt, af því að eingir eru til hér á landi, sem hafi neina sérþekkingu í þessari grein.

Þá höfum vér ennfremur áætlað 2000 kr. til þess að koma upp bústofni, girða landið og byrja á ræktun þess. Stofnkostnaður geðveikrahælisins áætlast því þannig:

Hús yfir 50 geðveiklinga og starfsmenn	kr. 72000
Til girðingar og ræktunar á lóð hælisins og til gripakaupa . .	— 2000
Til útbúnaðar og undirbúnings	— 16000
Samtals	kr. 90000

Þá komum vér að því, hvernig vér höfum hugsað oss fyrirkomulag og rekstur hælisins. Vér höfðum fyrst hugsað oss, að koma mætti af í bráðina án þess að hafa sérstakan lækni nú þegar, ef unt væri að fá einhvern af nágrannalæknunum til þess, að gegna læknisstörfum fyrst um sinn. Sá læknir, sem vér helzt höfðum augastað á til þessa, og sá eini sem vegna staðhátta og annars eiginlega gat verið um að ræða, var læknir holdsveikraspítalans. En þegar til kom, reyndist hann með öllu ófáanlegur til þessa starfa. Sjáum vér því eingan annan veg en að settur verði nú þegar sérstakur læknir við hælið með 2400 króna árslaunum.

En til þess að draga nokkuð úr þeim kostnaðarauka, sem af stofnun þessa nýja embættis leiðir, höfum vér hugsað oss að sameina mætti læknis- og forstöðumannsstöðuna þannig, að læknirinn yrði jafnframt forstöðumaður hælisins, sæi um búið, annaðist innkaup og reikningshald og annað þar að lútandi, en hefði ráðsmann sér til aðstoðar með 500 kr. launum. Þetta fyrirkomulag hefir auk annars þann stóra kost í för með sér, að ekki þarf að stækka hina áætluðu byggingu, þótt lækni sé gert að skyldu að búa á staðnum. Hann fær að eins til afnota íbúð þá, sem fátækramálanefndin ætlaði forstöðumanni. — Nefndin telur það ómetanlega hagsmuni fyrir geðveikrahælið, að læknir sé þar búsettur. Kostnaðaraukinn verður heldur ekki svo mikill frá því, sem milliþinganefndin hafði hugsað sér hann. Mismunurinn verður þessi:

Eptir áætlun vorri:

Laun læknis	kr. 2400	
— ráðmanns	— 500	
		kr. 2900

Eptir áætlun fátækramálanefndarinnar:

Þóknun til læknis	kr. 600	
Laun forstöðumanns	— 1500	— 2100
	Mismunur kr.	800

Og þegar þess er enn fremur gætt, að áætlun fátækramálanefndarinnar um læknisþóknun sjálfsagt er 400 kr. of lág, ef hælið verður helmingi stærra en hún fer fram á, þá verður munurinn í raun og veru ekki nema 400 kr., sem það kostar meira að hafa sérstakan lækni, ef torstöðumannsstöðunni er slept.

Oss er að vísu ljóst, að ýmsir annmarkar eru á því, að sameina þannig tvö jafn sundurleit störf sem læknis- og forstöðumannsstöðuna, en bæði er það, að fleira verður að gera en gott þykir, þegar menn verða að spara sem mest, enda vitum vér, að það er all-títt með öðrum efnalitlum þjóðum, að álíka störf sem hér ræðir um, eru sameinuð í eitt.

Þar sem vér ráðum til, að hælið verði reist svo stórt þegar í byrjun eins og áður er fram tekið, þá leiðir af því, að árlegi reksturskostnaðurinn verður meiri. Áætlun vor um það verður á þessa leið:

Tekjur:

a.	1. Meðgjöf með 42 sjúkl. 50 au. á dag	Kr.	7665 00
	2. — — 8 — 100 — - —	—	2920 00
b.	Tillag úr landssjóði	—	10860 00
		Kr.	21445 00

Útgjöld:

a.	Laun starfsmanna:			
	Laun læknis	Kr.	2400 00	
	Ráðsmaður	—	500 00	
	Ráðskona	—	300 00	
	2 gæzlumenn.	—	600 00	
	2 gæzlukonur	—	400 00	
	1 vökukona	—	90 00	
	1 vökumaður	—	200 00	
	2 eldabuskur	—	160 00	
	4 ræstinga og þvottakonur	—	360 00	
	2 vinnumenn	—	400 00	Kr. 5410
b.	Viðurværi:			
	1. Handa 50 geðveikl. 38 a. á dag . Kr. 6935			
	2. — 16 starfsm. 230 kr. árl. . — 3680	Kr.	10615 00	
c.	Klæðnaður handa 50 geðveikl á 15 kr. . . .	—	750 00	
d.	Meðul og læknisáhöld	—	600 00	
e.	Eldsneyti	—	1500 00	
		Flyt kr.	13465 00	

	Fluttar:	Kr.	13465 00
f.	Ljósmeti	—	450 00
g.	Viðhald á húsum	—	600 00
h.	Húsbúnaður og áhöld	—	600 00
i.	Greftrunarkostnaður	—	120 00
k.	Til skemtunar geðveikl.	—	200 00
l.	Lóðargjald	—	100 00
m.	Skattar og vátryggingargjöld	—	200 00
n.	Ýms gjöld	—	300 00
	Samt. kr.		21455 00

Um áætlun þessa er það að segja, að vér getum ekki annað ætlað en að hún fari mjög nærri sanni — að minsta kosti er landssjóðstillagið áætlað svo hátt sem vér frekast gátum búizt við að með þyrfti. Í tekjukaflanum sleptum vér öllum ágóða af búskapnum, sem þó er líklegt að verði talsverður þegar í byrjun. Einhver tilfinnanlegasti útgjaldaliðurinn við holdsveikraspítalann er mjólkurkaupin, en þar sem gert er ráð fyrir, að geðveikrahælið byrji þegar með nokkrum kúm, þá höfum vér fulla ástæðu til að ætla, að mjólkin þar verði mun ódýrari. Útgjöldin eru öll miðuð við þá reynslu, sem feingin er á holdsveikraspítalanum, og ættu því að vera nokkurn vegin áreiðanleg. Eptir áætluninni verður árskostnaður við hvern geðveikling 429,90 kr., þar af kr. 217,20 úr landssjóði, og er það mun ódýrara en áætlað var í tillögum fátækranefndarinnar, og hér um bil 1/3 ódýrara en á samskonar hælum í Danmörku og Noregi.

Að endingu skulum vér geta þess að stjórnin hefir sett í samband við þetta frv. frv. til laga um gjald til landssjóðs frá sýslufélögum, þar sem farið er fram á að gjald það, sem sýslufélögin hingað til hafa greitt í jafnaðarsjóð amtanna, greiðist framvegis til landssjóðs. Gjald þetta nemur alls kr. 15000 eða hér um bil 4000 kr. meira en vér höfum áætlað árstillagið úr landssjóði til geðveikrahælis.

Yrði sú tillaga samþykt og væri einhverjar af fasteignum landssjóðs seldar til þess að standast byggingarkostnað hælisins — fasteign breytt í aðra fasteign, — þá gæti þetta nauðsynja fyrirtæki komist á fót, og orðið rekið án nokkurra útgjalda fyrir landssjóðinn.

Að svo mæltu leyfum vér oss að leggja það til, að frumvarp stjórnarinnar verði samþykt með þessum breytingum:

1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Til þess að koma upp geðveikrahæli á Kleppi við Reykjavík yfir 50 geðveika menn og útbúa það, má verja úr landssjóði alt að 90000 krónum.

Við 3. gr.: Í stað »embættismaður« komi: maður.

Alþingi 15. Júlí 1905.

G. Björnsson, formaður.

Ólafur Thorlacius, skrifari og framsögum.

Ólafur Ólafsson.

Fylgiskjal I.

Bæjarfógetinn í Reykjavík.
Reykjavík 12. d. Júlímán. 1905.

Á aukafundi bæjarstjórnarinnar í dag, hef eg lagt fyrir hana erindi hinnar háttvirtu nefndar um byggingarlóð og erfðafestuland á Kleppi handa fyrirhuguðu geðveikrahæli, og leyfi ég mér að senda með bréfi þessu, eptirrit af fundargerðinni, er sýnir undirtektir bæjarstjórnarinnar í máli þessu.

Halldór Daníelsson.

Nefndin í geðveikrahælismálinu.
Neðri deild alþingis.

Fylgiskjal II.

Útskript
úr bæjarstjórnarbók Reykjavíkurkaupstaðar.

Ár 1905, miðvikudaginn 12. Júlí var haldinn aukafundur í bæjarstjórninni. Allir á fundi, nema Halldór Jónsson, Kristján Þorgrímsson og Sigurður Thoroddsen.

1. Til umræðu kom erindi frá nefnd þeirri, er neðri deild Alþingis hefir skipað til að athuga frv. til laga um stofnun geðveikrahælis, þar sem spurzt er fyrir um það, hvort bæjarstjórnin mundi tilleiðanleg til að láta í té byggingarlóð handa hælinu, og c. 100 dagsláttur af landi á erfðafestu úr landi jarðarinnar Klepps, þar í talið Kleppstún, og með hvaða kjörum.

Samþykt að leigja hið umrædda land fyrir 100 kr. eptirgjald á ári, auk lóðargjalds af bygðri lóð, svo leingi sem geðveikrahæli er haft þar á landsjóðs kostnað, með því skilyrði að landsjóður kaupi hús núverandi ábúanda á jörðunni eptir mati, ef samkomulag ekki fæst, og þess jafnframt látið getið, að bæjarstjórnin lætur landið þannig falt í þeirri von og með þeirri ósk, að geðveikrahælið verði byggt fyrir 40 sjúklinga að minsta kosti.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson.	Kristján Jónsson.	Jón Magnússon.
Björn Kristjánsson.	Sighvatur Bjarnason.	G. Björnsson
Magnús Einarsson.	Hannes Hafliðason.	Ólafur Ólafsson.

Rétta útskript staðfestir

Halldór Daníelsson.

Nd. **100. Frumvarp**
til laga um lögreglusamþyktir utan kaupstaðanna.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Heimild sú, sem með lögum 3. Jan. 1890 um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina er veitt kaupstöðum landsins til að gera lögreglusamþyktir, skal ná til allra þeirra verzlunarstaða, er sveitarstjórn hafa út af fyrir sig, enda búi sýslumaður þar. — Viðkomandi hreppsnefnd býr til frumvarp til samþyktar-

innar, og skulu í henni vera ákvæði um það, hvernig greiða skuli gjöld þau, er hún hefir í för með sér. Frumvarpið skal síðan senda sýslumanni, og gerir hann við það þær athugasemdir, er honum þykir þurfa, og sendir það síðan stjórnarráðinu, er því næst gefur út samþyktina. Nú gerir sýslumaður eða stjórnarráðið breytingar við frumvarpið, og skal þá leggja þær fyrir hreppsnefndina til álita. Þær breytingar, sem nefndin fellst ekki á, má eigi setja í samþyktina. Að öðru leyti fer um efni samþyktarinnar, staðlegt gildi, viðurlög, birting og breyting sem segir fyrir um í framannefndum lögum.

Ed.

101. Frumvarp

til laga um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Af sektarfé því, sem rennur í landssjóð fyrir ólöglegar fiskiveiðar í landhelgi að meðtöldu nettó-andvirði því, er inn kemur fyrir upptækan afla og veiðarfæri botnvörpunga, skal stofna sjóð, er nefnist: Fiskiveiðasjóður Íslands.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er sektarfé það og nettó-andvirði upptæks afla og veiðarfæra, er runnið hefir í landssjóð síðan 1. janúar 1904. Í sjóð þenna skal og renna samskonar sektarfé, er til kann að falla framvegis. Auk þessa leggur landssjóður árlega 10,000 kr. til sjóðsins.

3. gr.

Tilgangur Fiskiveiðasjóðsins er að efla fiskiveiðar og sjávarútveg landsmanna. Höfuðstólinn má aldrei skerða, en honum skal varið til lánveitinga til skipakaupa og veiðarfæra og hvers konar atvinnubóta við fiskiveiðar.

Af vöxtum sjóðsins má verja árlega alt að helmingi til að verðlauna atorku, hagsýni og eptirbreytnisverðar nýjungar í fiskiveiðum og meðferð fiskjar, og í annan stað til þess að styrkja efnilega unga menn til að kynna sér veiðiaðferðir, fiskverkun og annað, er lýtur að sjávarútvegi, meðal erlendra þjóða. Að öðru leyti skal vöxtunum varið til að auka stofnfé sjóðsins.

4. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins og semur skipulagsskrá fyrir hann og reglugjörð um lánveitingar og úthlutun verðlauna.

Skipulagsskráin skal staðfest af konungi.

Verði stofnað alment fiskiveiða- eða útgerðarfélag fyrir land alt, í nokkurri líking við Búnaðarfélag Íslands, skal leita álits slíks félags um lánveitingar og verðlaunaveitingar þær, er um ræðir í 3. gr.

Ed. **102. Tillaga**

til þingsályktunar um að skipa nefnd til þess að íhuga fjármál landsins.

Flutningsmenn: Jón Jakobsson og Valtýr Guðmundssnn.

Efri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga fjármál landsins.

Ed. **103. Frumvarp**

til laga um samþyktir um kynbætur nautgripa.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Sýslunefndum veitist heimild til að gera samþyktir um kynbætur nautgripa á þann hátt, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Þegar sýslunefnd álítur hagfelt að gera samþykt fyrir alla sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í héraði því eða á því svæði, sem ætlazt er til að samþyktin nái yfir, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir þeir, er þar búa og kosningarrétt hafa til alþingis.

Sýslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara; er sýslumaður fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa kjörskrá við höndina.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur, til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í fæðispeninga, og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. gr.

Sýslunefndin semur frumvarp til samþykta þeirra, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði funda þeirra, er rætt er um í 2. gr. Samþykki fundarmenn frumvarp sýslunefndar með $^2/_3$ hlutum atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, skal hún senda frumvarpið stjórnarráðinu til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gerður við frumvarpið á fundinum og samþyktar með $^2/_3$ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykir þær á rökum bygðar, og sendir það síðan stjórnarráðinu til staðfestingar; en álíti sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún frumvarp sitt að nýju undir atkvæði héraðsmanna. Verði það þá samþykt með $^2/_3$ atkvæða, ber að senda það stjórnarráðinu til staðfestingar.

Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefir verið samþykt með $^2/_3$ atkvæða, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyr en að ári liðnu.

4. gr.

Nú virðist stjórnarráðinu, að fyrirmæli samþyktar gangi of nærri rétti manna, eða að þær komi á einhvern hátt í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar það þá um staðfestingu sína, en skýra skal það sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir það samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún skuli öðlast gildi, og

er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþyktin nær yfir.

Nú vilja menn nema samþykt úr gildi, eða breyta henni, og fer um það eptir öllum sömu reglum og fyrir er mælt í lögum þessum um stofnun hennar.

5. gr.

Nú er samþykt um kynbætur nautgripa löggilt, og má þá ekkert graðneyti eldra en 5 mánaða ganga á því svæði, er samþykt nær yfir, nema að það sé í öruggu hliðarhapti, eða annari fullgildri gæzlu, svo sem samþykt mælir nánar um. Sá sem brýtur þetta ákvæði, hvort sem hann er á samþyktarsvæðinu eða utan þess, skal greiða skaðabætur til þess eða þeirra, er skaða líða af yfirgangi nauts. Þar sem kynbótafélag nautgripa hefir verið stofnað, má í samþykt ákveða, að eigi megi nota önnur naut til undaneldis á félagssvæðinu en þau, er félagið hefir valið til kynbóta.

6. gr.

Í samþykt skal ávalt ýtarlega ákveða um eptirlit það, er þarf til þess, að hennar sé gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

7. gr.

Fyrir brot mót löggiltri samþykt skal ákveða sektir frá 5—50 kr., er renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

8. gr.

Með brot mót samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **104. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör.

Nefndin hefir íhugað frv. þetta og komizt að sömu niðurstöðu og stjórnarráðið og milliþinganefndin í landbúnaðarmálinu, að eigi verði hjá því komizt að breyta lögunum, sem samþykt voru á síðasta þingi um verðlaun fyrir útflutt smjör, þar sem fé, sem til verðlaunanna geingur, reynist miklu meira en við var búizt.

Í stjórnarfrumvarpinu er fallið frá hinum misháu verðlaunum, sem nú eru í lögum, og hafnað tillögum milliþingaoefndarinnar um flokkun smjörsins til verðlauna. Stjórnarfrumvarpið setur ein og sömu verðlaun 5 aura á hvert smjörpund, sem annars nær verðlaunum. Í annan stað er tekið upp sem lágmark fyrir verðlaunaveitingu, að útsöluverð smjörsins verði eigi undir 65 aurum fyrir pundð, og loks er það sett sem skilyrði fyrir verðlaunum að smjörið seljist eigi meira en 20 aurum undir hámati smjörmatsnefndarinnar dönsku.

Vér féllumst á þessar breytingar frá núgildandi lögum, að undantekinni hinni síðustu. Vér álítum, að í athugasemdum milliþinganefndarinnar séu færðar gildar ástæður fyrir því, að óheppilegt sé að setja ákveðnar tölur um mismun hámats og söluverðs sem skilyrði fyrir verðlaunaveitingu.

Vér teljum það rétt, að í nýjum lögum verði smjörverðlaun að eins veitt samvinnu-smjörbúum, og föllumst að öllu leyti á ástæður milliþinganefndarinnar fyrir því. Aptur á móti álítum vér að falla megi burt það ákvæði, að smjörbúið

hafi flutt út til sölu á árinu minst 5000 pund. Ákvæði það mun aðallega sett vegna nýrra búa, sem bending til manna að hleypa sér ekki í stofnun smjörbúa, nema vissa sé fyrir verulegri framleiðslu til að bera hinn mikla kostnað, og mun mönnum það nú yfirleitt ljóst, og auk þess ætti að mega treysta því, að lánveitinga verði synjað til stofnunar búa, þar sem skilyrði eru eigi góð fyrir hendi til þess félagsskapar.

Verði nú sú breyting, sem farið er fram á í frv., að lögum, er það næsta mikil niðurfærsla á verðlaununum. Árið, sem leið, voru þau 8 aurar að meðaltali á pund, en þar sem búast má þó við því, að eitthvað af smjörinu kunni að seljast undir 65 aurum, yrðu verðlaunin tæpir 5 aurar á pundið. Nú eru í frumvarpi til fjárlaga ætlaðar 15,000 kr. til verðlauna hvort árið, og kemur það heim við það, að búizt er við að ein 300,000 pd. verði flutt út hvort árið.

Vér álítum, að eigi sé fært að kippa meira að sér hendinni nú um sinn. Þungar skuldir hvíla á búunum, og þessi samvinnufélagsskapur vor á við marga örðugleika að stríða, og stundarhagsmuna-vonin dregur suma frá félagsskapnum. Breytingin má ekki verða of snögg.

Hitt er rétt að taka fram, að eptir eðli sínu hljóti þessi verðlaun fyrir útflutt smjör að leggjast niður innan mjög margra ára. Tilgangur verðlaunanna var að auka framleiðsluna og bæta verkunina, svo að smjörið næði viðunanlegum markaði erlendis. Þegar þetta hvorttveggja er komið vel á veg og trygt til frambúðar, hætta verðlaunin, enda ofvaxið landssjóði að verðlauna, er útflutningur er orðinn margfaldur við það, sem hann nú er. Vér lítum svo á, að sanngjarnt væri að öll búin nytu verðlaunanna sem næst um jafnlangan tíma t. d. 6—10 ár; geingu þá elztu búin frá, hvort af öðru, og á einhverju settu ári væru verðlaunin alveg úr sögunni hjá öllum búunum. Uppörvun og styrkur til þessa atvinnureksturs kæmi þá fram í einhverri annari mynd.

Hér ræðir að eins um lög fyrir næsta fjárhagstímabil, og bíður þá þingsins 1907 að kveða á um það í hverri mynd verðlaunin halda áfram.

Breytingartillögur vorar við frumvarpið verða sem hér segir:

1. 1. gr. orðist þannig:
   Fjárhagstímabilið 1906—1907 hafa íslenzk samvinnusmjörbú rétt til verðlauna úr landssjóði fyrir smjör selt erlendis, er þau sjálf hafa verkað.
2. 2. gr. orðist þannig:
   Verðlaunin eru 5 aurar á hvert danskt pund fyrir alt það smjör, sem ekki selst minna en 65 aura pundið.
3. Í stað orðanna í 3. gr. »og sé söludagur þar til greindur« komi: og sé þar tilgreint söluverð hverrar einstakrar smjörsendingar, eða hluta af henni, sé hún eigi seld í einu lagi.

Alþingi 15. Júlí 1905.

Árni Jónsson	Þórh. Bjarnarson.	Hannes Þorsteinsson.
formaður.	skrif. og framsm.	
Einar Þórðarson.		Hermann Jónasson.

Nd. **105. Frumvarp**

til laga um brúargerð á Héraðsvötn.

Flutningsmenn: Ólafur Briem, Stefán Stefánsson, þm. Skf.

Stjórninni veitist heimild til að láta gera brú á Héraðsvötn í Skagafirði hjá Ökrum og verja til þess alt að 27000 kr. úr landssjóði.

Sþ. **106. Breytingartillaga**

við tillögu nefndar þeirrar, er kosin var, til að rannsaka gildi kosningar 2. þm. Sunnmýlinga 3. Júní 1903.

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánsson, þm. Skf. og Björn Kristjánsson.

Tillagan orðist svo:

Alþingi ályktar, að alþingiskosning sú, er fram fór í Suður-Múlasýslu 3. Júní 1903, skuli úr gildi feld, þegar yfirstandandi Alþingi er lokið, og skorar á landsstjórnina að láta nýjar kosningar fara fram í Suður-Múlasýslu áður en næsta Alþingi kemur saman.

Ed. **107. Breytingartillögur**

við frv. til laga um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands.

Frá Eiríki Briem, Guðjóni Guðlaugssyni, Jóni Jakobssyni, G. Vigfússyni.

Við 2. gr. Fyrir: »1904« komi: 1906.

Við 4. — Á eptir »lánveitingar« bætist inn í: styrkveitingar

Nd. **108. Frumvarp**

til laga um aðflutningsbann á áfeingi.

Flutningsmenn: G. Björnsson. Guðl. Guðmundsson. Björn Kristjánsson. Ólafur Ólafsson. Eggert Pálsson. Stefán Stefánsson Eyf. Einar Þórðarson.

1. gr.

Til Íslands má eingan áfeingan drykk flytja, eptir að lög þessi öðlast gildi, til annara nota en þeirra, er getið er um í 2 gr. En það er áfeingur drykkur eptir lögum þessum, sem í er meira en $2^1/_4$% af vínanda (alkoholi). Duft, kökur og önnur slík efni, sem upp má leysa í vökva og í sér hafa fólgið þvílíkt áfeingi, skal skoða sem áfeingan drykk.

2. gr.

Heimilt skal eiganda eða stjórnanda iðnaðarfyrirtækis eða efnarannsóknarstofu eða annars þvílíks fyrirtækis, að flytja frá útlöndum vínanda eða annað áfeingi til tekniskra og verklegra nota við stofnanina. Svo skal og heimilt að flytja inn vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis, en þó því að eins, að hann sé blandinn því efni, sem að áliti landlæknis gerir hann óhæfan til drykkjar. Lyfsölum skal og heimilt að flytja til landsins vínanda þann og annað áfeingi, sem lyfsölum er skylt að hafa til læknisdóma samkvæmt hinni almennu lyfjaskrá ríkisins.

3. gr.

Nú vill einhver sá áfeingi flytja, sem leyfi hefir samkvæmt lögum þessum til að flytja áfeingi frá útlöndum, og skal hann þá í tæka tíð senda lögreglustjóra sínum tilkynning um, hvaða áfeingi og hve mikið hann vill aðflytja og frá hvaða verzlunarhúsi eða vínsölumanni, svo og með hvaða ferð frá útlöndum. Hann skal og um leið skýra lögreglustjóra frá, til hvers hann ætli að nota áfeingið. — Lögreglustjóri sendir þá pöntunina því verzlunarhúsi eða vínsölumanni, sem hún er stíluð til, með beiðni um, að áfeingið sé sent til sín. Skal lögreglustjóri, þegar er áfeingið kemur til hans frá útlöndum, tilkynna eiganda þess, og má hann þá hirða það, en gjalda skal hann um leið hið lögskipaða aðflutningsgjald til landssjóðs, flutningsgjald og annan kostnað, er af aðflutningnum kann að hafa leitt.

Lögreglustjóri ber einga ábyrgð á borgun fyrir áfeingi það, sem aðflutt er.

Nú hirðir sá ekki áfeingið, er pantað hefir, áður en 6 vikur eru liðnar frá því að tilkynning lögreglustjóra um aðflutning áfeingisins er til hans komin, og er lögreglustjóra þá heimilt að hella niður áfeinginu og selja umbúðir um það. Kostnað allan, er leitt hefir af aðflutningnum svo og aðflutningsgjaldið má þá taka lögtaki hjá þeim, er áfeingi hefir pantað, samkvæmt lögum 16. Decbr. 1885.

4. gr.

Skylt er hverjum skipstjóra, er frá útlöndum kemur, að tilkynna lögreglustjóra um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort hann hafi nokkuð áfeingi til flutnings fyrir aðra, og þá hve mikið. Hann skal og skýra frá, hvort og hve mikið áfeingi hann hafi meðferðis sem skipsforða, en óheimilt skal honum að veita eða selja eða á annan hátt láta af hendi eða láta aðra skipverja láta af hendi nokkuð af því áfeingi, er til skipsforða er ætlað, til annara en þeirra, sem eru lögskráðir skipverjar, meðan hann er hér við land. Er skipstjóri sekur við lög þessi, ef út af brýtur.

Nú hefir skipstjóri meðferðis áfeingi, sem ekki er ætlað til skipsforða og ekki á að affermast hér á landi, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur á, setja innsigli sitt á hin aðfluttu áfeingisílát, og er það á ábyrgð skipstjóra, að innsiglin séu ekki brotin fyrr en áfeingið er komið til þess staðar, sem það á að flytjast til.

5. gr.

Nú strandar skip hér við land og hefir meðferðis áfeingi annaðhvort til flutnings eða sem skipsforða, og skal strandgæzlumaður þá þegar taka áfeingisílátin til varðveizlu og bera ábyrgð á, að ekki sé í þau farið. Skýrir hann þegar í stað lögreglustjóra frá, en hann setur innsigli sitt fyrir ílátin og kemur þeim til geymslu á óhultum stað. Áfeingi þetta má lögreglustjóri ekki selja eða á annan hátt láta af hendi til annara, en hann skal með fyrstu ferð til útlanda tilkynna réttum eiganda strandmunanna um björgun áfeingisins og senda honum það til ráðstöfunar á hans kostnað.

6. gr.

Eigendum eða stjórnendum iðnaðarfyrirtækis, þeim sem heimilaður er aðflutningur á áfeingi samkv. 2. gr., skal óleyfilegt að veita, gefa selja eða á annan hátt láta af hendi til annara nokkuð af því áfeingi, er þeir hafa aðflutt. — Lyfsalar mega ekkert áfeingi láta af hendi, nema eptir skriflegri læknisforskript, og það ekki nema einu sinni eptir sama læknisseðli (recept). Hið sama er og um alla

dropa, dust, kökur eða lyfjablandanir, sem hafa í sér fólgið meira en 1% af vínanda.

7. gr.

Veitingamenn og vínsölumenn, þeir sem leyfi hafa til vínsölu hér á landi samkv. lögum nr. 26, 11. Nóvbr. 1899 um verzlun og veitingar áfeingra drykkja, mega ekkert selja hér á landi, gefa, veita eða á annan hátt láta af hendi til annara af áfeingisbyrgðum þeim, er þeir kunna að hafa, þegar lög þessi öðlast gildi.

8. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum 20—2000 kr., og skal hið aðflutta áfeingi gert upptækt og því helt niður.

Brot í 2. sinn varðar fangelsi,

Brjóti nokkur optar gegn ákvæðum þessarar greinar, varðar það fangelsi ekki skemur en 7 mánaða einföldu fangelsi eða betrunarhússvinnu.

9. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum 10—1000 kr.

10. gr.

Nú sannast það á skipstjóra, að hann vísvitandi skýrir lögreglustjóra rangt frá um áfeingi það, er hann hefir meðferðis, og skal hann þá sekur um 50—1000 kr., ef ekki liggur þyngri hegning við samkvæmt lögum.

Brot gegn þeim ákvæðum í lögum þessum, er banna að veita, gefa, selja eða á annan hátt láta af hendi áfeingi til annara, varða sektum 100—500 kr., ef ekki liggur þyngri hegning við samkvæmt lögum. Sama sekt er og ef lyfsali lætur áfeingi af hendi án skriflegrar læknisforskriptar eða optar en einu sinni eptir sama læknisseðli.

11. gr.

Nú verður læknir sannur að sök um, að hann hefir gefið út læknisseðil um áfeingi til annars en að það sé notað sem læknislyf, og skal hann þá sekur um 50—200 kr. í fyrsta sinni, og má sektin tvöfaldast sé brotið endurtekið. Lækni þann, er í hlut á, má og svipta lækningaleyfi hér á landi í 2—10 ár, eða fyrir fult og alt, ef miklar sakir eru.

12. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara sem almenn sakamál.

13. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, svo stórt upplag, að nægilega, mörg exemplör verði send dönskum verzlunarfulltrúum í öðrum löndum.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1 Jan. 1908.

Nd. **109. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

Ólafsfjörður í Þóroddstaðahreppi skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **110. Frumvarp**

til laga um byggingarsamþyktir.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Byggingarsamþykt má gera fyrir löggilta verzlunarstaði hér á landi.

2. gr.

Nú er löggiltur verzlunarstaður hreppsfélag fyrir sig, og semur þá hreppsnefndin byggingarsamþykt fyrir verzlunarstaðinn og sendir hana síðan sýslunefnd, er tekur hana til umræðu á næsta sýslufundi. Samþykki sýslunefnd samþyktina óbreytta, sendir oddviti sýslunefndarinnar hana þá þegar til stjórnarráðsins. Geri sýslunefnd breytingar á samþykt hreppsnefndar, skal leggja breytingarnar fyrir hreppsnefndina; verði breytingarnar eigi samþyktar af hreppsnefnd, skal senda samþyktina eigi að síður til stjórnarráðsins. Nú vill stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþyktar, og skal þá leggja þær breytingar fyrir hreppsnefnd; samþykki hún eigi breytingarnar, skal stjórnarráðið eigi að síður staðfesta samþykt óbreytta eins og hún er frá hreppsnefnd og sýslunefnd eða frá hreppsnefnd, ef nefndirnar hafa ekki orðið á eitt sáttar um hana, nema einhver ákvæði hennar sé lögum gagnstæð.

3. gr.

Nú er löggiltur verzlunarstaður ekki sjálfstætt sveitarfélag, heldur hluti af hreppsfélagi, og skal þá hreppsnefnd semja byggingarsamþykt fyrir verzlunarstaðinn, ef meiri hluti íbúa hans, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, æskja þess, að byggingarsamþykt komist á fyrir hann. Ef einginn, eða eigi fleiri en einn, af íbúum verzlunarstaðar á sæti í hreppsnefnd, skal kveðja tvo af íbúunum, sem atkvæðisbærir bæjarbúar kjósa, til þess að taka sæti í hreppsnefnd meðan samþyktin er samin, og hafa þeir jafnan atkvæðisrétt sem aðrir hreppsnefndarmenn.

4. gr.

Þá er hreppsnefnd samkvæmt næstu grein hér á undan hefur samið byggingarsamþykt fyrir verzlunarstað, skal samþyktin lögð fram til sýnis á hentugum stað í verzlunarstaðnum, eptir að það hefir birt verið með 8 daga fyrirvara með uppfestum auglýsingum á staðnum eða við kirkjufund. Þá er samþyktin hefir legið frammi til sýnis í 14 daga, skal oddviti boða bæjarbúa á fund til að ræða samþyktina, og er hann fundarstjóri; á þeim fundi hafa einungis atkvæðisbærir bæjarbúar atkvæðisrétt. Á fundinum skal samþyktin rædd grein fyrir grein. Til þess að gera breytingar á einstökum ákvæðum hennar nægir meiri hluti atkvæða þeirra, sem greidd eru á fundinum. Að lokum skal samþyktin í heild sinni borin undir atkvæði, og verði hún þá samþykt af $^3/_4$

hlutum fundarmanna skal hún send til sýslunefndar; að öðrum kosti er hún fallinn í það það sinn.

5. gr.

Ef byggingarsamþykt er löglega samþykt á þann hátt, er segir í undanfarandi grein, skal hún tekin til umræðu á næsta sýslufundi; verði hún þar samþykt óbreytt, skal hún send til stjórnarráðsins; en verði henni breytt á sýslufundi, skal oddviti hreppsnefndarinnar bera breytingarnar upp fyrir bæjarbúum á almennum fundi; verði breytingarnar samþyktar með meiri hluta atkvæða, sbr. 4. gr., skal oddviti sýslunefndar senda samþyktina til stjórnarráðsins; verði breytingar sýslunefndar eigi samþyktar skal, sýslunefndaroddviti eigi að síður senda samþyktina ásamt útskript af fundargerðunum til stjórnarráðsins. Fallist stjórnarráðið á samþykt óbreytta, eins og hún er frá sýslunefnd og samþykt af bæjarbúum, eða óbreytta eins og hún kom frá hreppsnefnd og bæjarbúum, er hún endileg. Nú vill stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþyktar, og skal þá bera þær breytingar undir almennan fund bæjarbúa á þann hátt, er fyr segir; samþykki fundurinn breytingarnar, staðfestir stjórnarráðið hana, en fáist ekki lögmætt samþykki fundarins, skal stjórnarráðið eigi að síður staðfesta hana óbreytta, nema einhver ákvæði hennar séu lögum gagnstæð.

Staðfestar byggingarsamþyktir skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

6. gr.

Í byggingarsamþykt skal ákveða, að í verzlunarstöðunum skuli stofnuð byggingarnefnd, og að í henni eigi sæti 5 menn.

Í löggiltum verzlunarstað, sem er hreppsfélag fyrir sig, skal byggingarnefnd skipuð oddvita hreppsnefndarinnar sem formanni og 4 mönnum öðrum, er hreppsnefnd kýs, 2 þeirra úr sínum flokki. En þegar samþykt er sett fyrir verzlunarstað, sem eigi er hreppur fyrir sig, skulu, auk oddvita hreppnefndarinnar sem formanns, í byggingarnefnd sitja 2 menn, sem hreppsnefnd kýs af bæjarbúum, og 2 aðrir menn, sem atkvæðisbærir bæjarbúar kjósa. Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru utan hreppsnefndar, eru skyldir til að taka við kosningu; þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá, og fyrir hreppsnefndarmenn samkvæmt sveitastjórnarlögunum; um aukakosningar í byggingarnefnd gildir og hið sama sem um aukakosningar í hreppsnefndir.

Í samþyktum skal ennfremur ákveðið:

A. Að byggingarnefnd skuli, svo fljótt sem verða má, láta gera reglulegan uppdrátt af staðnum með strætum og opnum svæðum, eins og hún hefur áður ákveðið þau.

B. Að nefndin hafi vald til að ákveða, að ef breikka þurfi stræti eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við, til betri varnar húsbruna, eða til að fá greiðari veg um vezlunarstaðinn, þá skuli sérhver, sem eigi óbygða lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þyki, til þess að strætið verði nógu breitt, og að sá, er húsið á, skuli vera skyldur til, er hann endurbætir húsið, að færa það aptur á við, eins og þarf, hvorttveggja gegn endurgjaldi, er 2 dómkvaddir menn meta eptir stærð og verði alls byggingarsvæðisins, og rýrnun þeirri, er það hefir orðið fyrir við það, að af því hefir verið tekið, eða hús flutt aptur á við, og skal greiða kostnað þann, er af þessu rís, á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu hreppsþarfa, ef um verzlunarstað er að ræða, sem er hreppur fyrir

sig. Ef hins vegar er að ræða um verzlunarstað, sem er eigi hreppur fyrir sig, skal byggingarnefndin jafna kostnaði þessum niður á útsvarsskylda menn og fyrirtæki í verzlunarstaðnum eptir efnum og ástæðum. Um framlagning niðurjöfnunar þessarar fer sem um niðurjöfnun aukaútsvara, og má kæra yfir henni á sama hátt, þannig að byggingarnefndin leggur fyrst úrskurð á kæruna, og síðan sýslunefnd. Sé hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi óánægður með endurgjald það, sem matsmenn hafa ákveðið, getur hann heimtað yfirmat, enda greiði hann sjálfur kostnað við yfirmatið, nema endurgjaldið verði hækkað.

C. Að þegar bygt er nýtt hús, skuli ávalt vera 10 álna millibil milli þess og næsta húss, nema eldtraustur veggur svo þykkur, er nefndin ákveður, sé á milli. Þó má byggja á þessu svæði grindur eða aðrar girðingar, er hæglega má brjóta niður.

D. Að byggingarnefnd hafi heimild til þess að heimta, þegar nýtt hús skal byggja, að uppdráttur af húsinu skuli lagður fram, og að henni sé heimilt að heimta þær breytingar á húsinu, er henni þykir ástæða til, svo og að hún geti ákveðið, að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefir brunahættu í för með sér, skuli bygð á afviknum stöðum, eða svo tryggilega útbúin, sem henni þykir þörf á vera, eða brunaábyrgðarlög skipa fyrir um. Ennfremur að nefndin skuli hafa stöðugt gætur á, að ný hús séu bygð eins og hún hefir ákveðið, og hafi eptirlit með aðalviðgerðum á þeim.

E. Að einginn megi byggja nýtt hús, eða láta framfara aðalviðgerð á þeim, nema hann hafi áður feingið til þess skriflegt leyfi nefndarinnar.

F. Að ef nokkur byrji á húsasmíðum, áður en hann hafi feingið skriflegt leyfi nefndarinnar eða byggi öðruvísi en hún hefir ákveðið, þá skuli hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 10—50 krónum, er renni í sérstakan sjóð bæjarbúa, og að þar að auki megi rífa niður húsið, eða hluta af því á kostnað eiganda, ef það er eigi bygt eptir þeim reglum, er nefndin hefir ákveðið, og að þeir sem byrja á aðalviðgerð húss, áður en þeir hafa feingið leyfi nefndarinnar til þess, skuli sæta hinum sömu sektum.

G. Að byggingarnefnd hafi vald til að semja sérstaka reglugerð um byggingu húsa, að því er snertir stærð herbergja, hæð undir lopt, útbúnað reykháfa, fjarlægð ofna frá þili, og útbúnað í kringum þá, — til þess að afstýra brunahættu, — styrkleika innviða í húsum, ytri »klæðningu« o. s. frv. Þó öðlast sú reglugerð fyrst gildi, er stjórnarráðið hefir samþykt hana.

7. gr.

Byggingarnefndin skal halda sérstaka fundarbók, er hún ritar í allar gerðir sínar, og skal hún undirskrifuð við lok kvers fundar eða hverrar gerðar af öllum viðstöddum nefndarmönnum; heimilt er þeim, sem eigi er samþykkur ályktuninni, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll innkomin bréf, og bréfabók. Bækur þessar skulu kostaðar af hinum sérstaka sjóði bæjarbúa, en ef hann hrekkur eigi til, þá af sveitarsjóði, eins þar sem verzlunarstaður er eigi sérstakt hreppsfélag.

8. gr.

Með mál um brot á samþyktum eptir lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál, og skal oddviti byggingarnefndar kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Ed.

111. Nefndarálit

um frumvarp til laga um landsdóm.

Nefnd sú, er hin háttv. Ed. hefir falið að athuga frumvarp þetta, hefir rætt það rækilega á fundum sínum og hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að ástæða sé til að fallast á það í öllum meginatriðum yfirleitt. Þó hefir nefndin álitið, að sum ákvæði þyrfti nokkurra breytinga við eða heppilegra væri að orða þau á annan hátt, og að skjóta beri inn nokkrum nýjum ákvæðum á stöku stað.

Í 3. gr. frumvarpsins er ákveðið, að dómararnir í landsyfirdómnum skuli eiga sæti í landsdómnum frá upphafi, hvort sem þeir eru alþingismenn eða ekki. Þessu leggur nefndin til að breyta svo, að þeir eigi því að eins sæti í dómnum, að þeir séu ekki alþingismenn. En jafnframt leggur nefndin til, að aðrir lögfræðingar komi í stað þeirra yfirdómenda, sem séu alþingismenn, svo að í dómnum eigi jafnan sæti 6 lögfræðingar frá upphafi áður en nokkur ruðning hefir farið fram.

Nefndinni virtist nauðsynlegt að ákveða, að þeir, sem hlotið hefðu kosningu í landsdóminn, sem dómendur og varamenn, fái tilkynning um kosninguna, og að þeir þá sendi forseta landsdómsins aldurskírteini sín, svo að hann geti vitað, hvort og hve leingi þeir uppfylla kjörgeingisskilyrðin að þessu leyti. — Jafnframt áleit og nefndin sjálfsagt að ákveða, að einginn, sem kjörgeingi hefði, gæti skorast undan kosningu, heldur bæri að skoða það sem almenna borgaralega skyldu að taka á móti henni.

Nefndin leggur því til, að ákvæðum í þessa átt sé bætt aptan við 4. og 5. gr.

Nefndinni virðist óþarft að binda aldursskilyrðið fyrir kjörgeingi niður á við við 40 ára aldur, og álítur, að það gæti stundum orðið til þess, að útiloka vel hæfa menn. Hver maður, sem er orðinn 35 ára, hefir náð þeim þroska, sem búast má við, að hann nái, og leggur því nefndin til, að aldurstakmarkið niður á við sé miðað við þann aldur.

Þar sem vel getur staðið svo á, að forstjóri landsyfirdómsins sé alþingismaður og hafi því ekki kjörgeingi til landsdóms, þótti nefndinni réttast að ákveða, að forseti landsdómsins skyldi jafnan kosinn úr flokki allra dómenda (sbr. brtt. nefndarinnar við 14. gr.), en að forstjóri landsyfirdómsins skyldi að eins gegna forsetastörfum í landsdómnum, unz kosning forseta hefði fram farið (sbr. brtt. n. við 6. gr.). Þau forsetastörf, sem koma til greina áður en kosning forseta getur fram farið, eru svo vaxin, að nefndin áleit ekkert athugavert, að fela forstjóra landsyfirdómsins þau, jafnvel þó hann væri alþingismaður, og gæti því ekki átt sæti í landsdómnum.

Í 7. gr. frv. er ákveðið, að þegar kjörinn dómandi forfallast eða verður að víkja eptir almennum reglum (t. d. fyrir aldurs sakir), þá skuli forseti taka með hlutkesti 2 af varamönnum í hans stað og ákærður ryðja öðrum þeirra. Nefndin áleit réttara, að forseti tæki 3 af varamönnum, svo að bæði sóknari og ákærður feingi tækifæri til ruðningar, með því að þá væri báðum málspörtum gert jafnt undir höfði og tryggingin fyrir óhlutdrægni meiri.

Í 9. gr. er ákveðið, að allur dómskostnaður greiðist úr landssjóði. Nefndin leggur til, að hér verði bætt við: eptir reglum þeim, sem gilda um málskostnað í opinberum málum, svo að það komi ljóst fram, að ákærður eigi að endurgreiða landssjóði málskostnaðinn, ef málið fellur á hann.

Í 10. gr. er ákveðið, að málshöfðun gegn ráðherra eða landritara skuli gerð með þingsályktun. Nefndin leggur til, að tekið sé fram, að þingsályktunin sé gerð í sameinuðu þingi, þar sem ákæruvaldið er falið alþingi í heild sinni. Ætti þingsályktunin að samþykkjast af hvorri deild þingsins fyrir sig, gæti svo farið, að hún yrði feld í annari deildinni, þótt talsverður meiri hluti væri með henni af öllum þingmönnum samtöldum.

Í 11. gr. virðist nefndinni rétt að bæta inn í, að um leið og forseti skorar á ákærða að ryðja dóminn, þá tiltaki hann jafnframt, hvar og hvenær ruðningin eigi fram að fara.

Í upphafi 12. gr. stendur, að það sé skylda sóknara að leita allra sannana. Í frv. Nd. 1903 var hér bætt við ákvæði um, að sóknari skyldi útvega útskript úr gerðarbók ríkisráðsins, en í frv. stjórnarinnar hefir þessu ákvæði verið slept, af því ákvæðið væri þýðingarlaust, eptir því sem segir í athugasemdunum.

Nefndin getur með eingu móti fallist á þessa skoðun, nema hún byggist á því, að útvegun útskriptarinnar felist í því, að sóknara beri að leita allra sannana. Hún álítur einmitt að þetta ákvæði hafi mikla þýðingu, þar sem útskript úr gerðabók ríkisráðsins hlýtur jafnan að verða eitt hið helzta og mest áríðandi sönnunargagn, sem um getur verið að ræða í málssókn gegn ráðherra. Úrslit málsins geta opt og einatt einmitt verið undir því komin, hverar tillögur ráðherrans hafa verið til konungs í ríkisráðinu. Nefndin leggur því til að ákvæði frv. Nd. 1903 um þetta efni sé tekið upp að nýju til að útiloka allan vafa.

Það er hvergi tekið fram í frv. stjórnarinnar, að dómendur landsdómsins skuli vinna dómaraeið. Þetta virðist nefndinni þó nauðsynlegt og leggur til, að ákvæði um það sé bætt inn í 14. gr.

Í 16. gr. er ákveðið, að ákærði geti ekki orðið dómfeldur nema $^4/_5$ dómenda séu á eitt sáttir. Um þetta ákvæði hefir nefndin ekki getað komið sér saman og heldur þar hver hinna þriggja nefndarmanna fram sinni sérstöku skoðun. Einn þeirra (Eiríkur Briem) álítur að heimta beri, að allir dómendur verði á eitt sáttir til þess að ákærður verði dómfeldur, líkt og á sér stað við kviðdóma á Einglandi og í Ameríku, með því að ábyrgðartilfinningin hjá hverjum einstökum dómanda muni þá verða meiri, er hann viti, hve miklu það varði, hvernig atkvæði hans fellur. En réttur til dómruðningar mætti þá vera jafn af beggja hálfu, sóknara og ákærða. Annar nefndarmanna (Jóhannes Jóhannesson) vill aptur hlíta ákvæði stjórnarfrumvarpsins. Álítur annars vegar ruðningarreglurnar tryggja það nægilega, að dómurinn verði eigi hlutdrægur ákærða í óhag og hins vegar næga tryggingu fyrir því, að dómfelling eigi sér stað, þegar gild ástæða er til. Þriðji nefndarmaðurinn (Valtýr Guðmundsson) telur aptur lítil líkindi til, að dómfelling geti nokkurn tíma komið fyrir, ef ákvæði stjórnarfrumvarpsins sé haldið, þegar litið sé til þess mikla réttar til ruðningar, sem frumvarpið veiti ákærða, ekki sízt í sambandi við ruðningarrétt Efri deildar alþingis, er búast má við, að ákærði geti haft nokkur áhrif á. Hann vill því taka upp ákvæði frumvarps Nd. 1903 um þetta efni, þar sem heimtað var að $^2/_3$ dómenda skyldu verða á eitt sáttir.

Aðrar breytingar nefndarinnar munu verða skýrðar við framsögu málsins, að svo miklu leyti sem þær þurfa skýringar við.

Breytingartillögur nefndarinnar verða þá þessar:

3. gr. orðist svo:

Í landsdómnum eiga sæti 6 sjálfkjörnir lögfræðingar: dómararnir í landsyfirdómnum þrír, séu þeir ekki alþingismenn og enn fremur svo margir af hinum elztu lögfræðingum landsins, er í öðrum embættum sitja, eiga ekki sæti á Alþingi og eru ekki í stjórnarráðinu, að talan verði full.

Í 4. gr. 2. línu bætist inn í á eptir orðinu »kjósi«: að tilhlutun stjórnarráðsins.

Aptan við 4. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Jafnskjótt og hlutkesti hefir fram farið, tilkynnir forseti sameinaðs þings forseta landsdómsins hverir hafi hlotið kosningu sem dómendur og varamenn í landsdómnum, en hann tilkynnir þeim það aptur hverjum fyrir sig og senda þeir honum þá aldurskírteini sín.

A eptir »landsdóminn« í 5. gr. 1. línu bætist inn í: samkvæmt 4. gr.

Í stað »40 ára« í 5. gr. komi: 35 ára.

Aptan við 5. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Enginn, sem kjörgeingi hefir, getur skorast undan kosningu til landsdómsins.

6. gr. orðist svo:

Forstjóri landsyfirdómsins er forseti landsdómsins, unz hann er kosinn samkvæmt 14. gr.

Í stað »2 af varamönnum . . . þeirra« í niðurlagi 7. gr. komi: 3 af varamönnum í hans stað og ryður ákærður einum þeirra, en sóknari öðrum.

Aptan við 9. gr. bætist: eptir reglum þeim, sem gilda um málskostnað í opinberum málum.

Á eptir »þingsályktun« í 10. gr. 2. línu komi: í sameinuðu þingi.

Í stað: »útnefnir« í 10. gr. 3. línu komi: kýs.

Í stað »ryðja dóminn . . . ryðja dóminn« í 11. gr. 3. línu komi: ryðja dóminn á ákveðnum stað og stundu, og aðvarar um leið sóknara skriflega um að ryðja dóminn af sinni hálfu.

Í stað »Rétt er . . . jafnframt« í 11. gr. 5. línu komi: Ákærður tilnefnir sjálfur manninn, ef hann vill. Rétt er og að ákærður haldi sjálfur uppi vörn fyrir sig ásamt verjanda.

»Sé forseta rutt . . . kemur saman« í 11. gr. 2. málsgrein falli burt.

»Við dómruðning . . . óvilhallir« í 11. gr. 2. málsgrein verði sérstök málsgrein.

Í stað »3—6 mánaðafresti« í 11. gr. 3. málsgrein komi: 3—6 mánaða fyrirvara.

Í stað »hæfilegum fresti, ekki þó« í 11. gr. 3. málsgrein komi: hæfilegum fyrirvara, þó ekki.

Á eptir »allra sannana« í upphafi 12. gr. bætist inn í: þar á meðal útskriptir úr gerðabók ríkisráðsins um tillögur ákærða.

Í stað »kona ákærðs« í 12. gr. 3. línu komi: kona ákærða.

Í stað »sóknara og ákærðs« í 13. gr. komi: sóknara og ákærða.

Fyrri málsgrein 14. gr. orðist svo:

Nú eru dómendur komnir á dómstað, og skulu þeir þá vinna dómaraeið, sem hafa ekki unnið hann áður. Því næst kjósa dómendur sér forseta úr sínum flokki.

Í stað »vitni ákærðs« í 15. gr. komi: vitni ákærða, og í stað orðanna

»Er færð eru fram sönnunargögn af hálfu ákærðs« komi: Er færð hafa verið fram sönnunargögn af hálfu ákærða,

Í stað »eða og ákærður sjálfur jafnframt« í 15. gr. komi: svo og ákærður sjálfur, ef hann vill.

Í stað »talsmenn (á tveim stöðum) í 15. gr. komi: talsmaður.

Á eptir »dómenda« í annari málsgrein 16. gr. bætist inn í: þeirra er taka þátt í uppkvaðning dómsins.

Efri deild Alþingis 17. Júlí 1905.

Jóh. Jóhannesson, form. og frmsm. Eiríkur Briem. Valtýr Guðmundsson, skrifari.

Ed. **112. Breytingartillaga**

við frv. til laga um landsdóm.

Frá Valtý Guðmundssyni.

Í stað $^4/_5$ í annari málsgrein 16. gr. komi: $^2/_3$.

Nd. **113. Frumvarp**

til laga um brúargerð á Fnjóská í Þingeyjarsýslu.

Flutningsmenn: Pjetur Jónsson. Árni Jónsson.

Stjórninni veitist heimild til, að láta gera brú á Fnjóská í Þingeyjarsýslu, og má verja til þess alt að 25000 krónum úr landssjóði.

Sþ. **114. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 106

frá Þórh. Bjarnarsyni.

Orðin: »þegar yfirstandandi Alþingi er lokið« falli burt.

Ed. **115. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stofnun fiskiveiðasjóðs Íslands (101).

Frá nefndinni.

Aptan við frumvarpið bætist ný grein, svo hljóðandi:

Þau ákvæði í 2. og 3. gr. laga 6. Apr. 1898, að sektir, upptækur afli og veiðarfæri, renni í landssjóð, eru með þessu úr lögum numin.

Ed. **116. Breytingartillaga**

við breytingartillögur við frumvarp til laga um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, frá Eiríki Briem, Guðjóni Guðlaugssyni, Jóni Jakobssyni og Guttormi Vigfússyni (þgskj. 107).

Frá B. M. Ólsen, Eiríki Briem, Jóni Jakobssyni og Guttormi Vigfússyni.

Breytingartillagan við 2. grein orðist þannig:

Fyrir orðin »er runnið hefir í landssjóð síðan 1. Janúar 1904« komi: er runnur í landssjóð frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi.

Orðin: »Í sjóð þenna — framvegis« falli burt.

Ed. **117. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um afnám fóðurskyldu svo nefndra Maríu- og Péturslamba. — Frá Sigurði Stefánssyni.

Í stað frumvarpsgreinarinnar komi svo hljóðandi grein:

Fóðurskylda hinna svo nefndu Maríu- og Péturslamba skal afnumin jafnóðum og þau prestaköll losna, þar sem hún nú er.

Ed. **118. Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Bolungarvík.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús í Bolungarvíkurverzlunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu, skal stækkað svo, að það nái einnig yfir landsvæðið frá Hólsá að Grundarhólssmerkjum á sandinum, 150 faðma á land upp frá hærsta sjávarmáli.

Nd. **119. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Eptir að nefndin hefir haft frumvarp þetta til meðferðar og athugað það vandlega, leyfir hún sér að láta uppi álit og tillögur um málið svo sem nú segir:

Breytingar þær á gjöldum til bæjarsjóðs Reykjavíkur, er í frumvarpinu felast, eru aðallega tvær.

1. Að lóðargjöld verði eptirleiðis lögð á virðingarverð lóða, á bygðar og óbygðar lóðir jafnt, í stað þess að lóðargjaldið nú hvílir á lóðunum eptir ferálnatali, $^1/_4$ eyris á feralin af óbygðri, en 3 a. á feralin af bygðri lóð.

   Upphæð gjaldsins er farið fram á að sé $^1/_2{}^0/_0$ af virðingarverði lóðarinnar, þó eigi minna en $^1/_4$ eyris af hverri feralin, og eigi meira en 5 aurar.
2. Að lagt sé gjald á húseignir til bæjarsjóðs, er sé ákveðið $1^0/_{00}$.

Að öðru leyti en þessu, er nú var talið, virðist frumvarpið eigi fara fram á neinar breytingar á þeim sköttum og gjöldum, er greiðast eiga til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Um hinar framangreindu breytingar skal svo farið nokkrum orðum.

1. Breytingar á lóðargjöldum:

Nefndin álítur, að breyting sú, er frumv. fer fram á, sé í alla staði heppileg og réttlát. Það virðist eðlilegra að miða upphæð skattsins við verðmæti lóðarinnar en við flatarmál hennar, sérstaklega þegar til þess er litið, að á verði lóða í Reykjavíkurbæ hefir á hinum síðari árum orðið mjög mikil breyting, og verðmæti þeirra er orðið svo misjafnt, að sumstaðar í bænum eru nú lóðir seldar fyrir 16—20 kr. hver feralin, en annarsstaðar fyrir að eins 20—25 a. — Nefndinni virðist eigi ástæða til að víkja frá þessari grundvallarreglu, né takmarka hana með ákvæðum um lágmark eða hámark fyrir gjaldálögunni, miðuðum við flatarmál lóðarinnar í ferálnatali. Þau ákvæðu mundu, eins og það er orðað í frumv., leiða það af sér, að óbygðar lóðir, sem virtar eru lægra en 50 aura hver feralin,

greiddi hærri skatt en $^1/_2$%, en lóðir, sem eru virtar meira en á 10 kr. hver feralin, greiddi lægri skatt en $^1/_2$%. Þessi ákvæði leggur því nefndin til, að verði feld í burtu. — Eptir ákvæðum frumv. mundi lóðargjaldið haldast óbreytt á öllum óbygðum lóðum, er virtar eru á 50 a. eða lægra hver □ al., en hækka upp að 10 kr.; hærra mat en 10 kr. á □ al. mundi ekki leiða af sér frekari hækkun. Eptir tillögu nefnarinnar mundi gjaldið lækka á öllum óbygðum lóðum, sem eru virtar á minna en 50 a. hver feralin, en hækka á öllum lóðum, er hærra verða metnar. Á bygðum lóðum er þetta meðaltals mark við 6 kr. mat í feralin.

Það er að vísu eigi hægt að segja með vissu, hversu hátt allar lóðir í Reykjavík mundu verða metnar nú, en telja má líklegt, að þær nemi nálægt $1^1/_2$ million, og yrði upphæð lóðargjaldsins þá 7500 kr. Þær tekjur, er bærinn nú hefir af þessum gjaldstofni, eru nál. 10,000 kr. Gjaldið af lóðum mundi því með þessari breyting lækka um 2500 kr.

Þennan halla er ætlazt til að vinna upp með

2. Gjaldi af virðingarverði húseigna.

Í frv. er farið fram á, að þetta gjald sé ákveðið 1‰ af brunabótavirðing húseigna. — Nefndin hefir ekki neitt verulegt við það að athuga, að lagt sé gjald til bæjarsjóðs á húseignir í kaupstaðnum, og leggur því til, að það verði samþykt. En þar sem virðingarverð húseigna í Reykjavík nú mun vera nálægt 5,000,000, þá virðist mega ákveða gjaldið $^1/_2$‰, og yrði þá öll upphæð þessa húsagjalds nálægt 2500 kr. — Þá mundi $^1/_2$% af virðingarverði lóða og $^1/_2$‰ af virðingarverði húseigna jafna upp þær tekjur, er bæjarsjóður hefir nú af lóðargjöldum. En breytingin yrði þá aðallega sú, að í stað skatts á flatarmáli kæmi skattur á verðmæti, er aptur yrði til þess, að þeir, er eiga ódýrri eign og hafa minna gjaldþol, feingi linun í gjöldum, er þá legðist á þá menn, er eiga hinar dýrari eignir. Þessi flutning gjaldbyrðinnar virðist á réttlátri hugsun bygð. Það er auðsætt, að hinir fátækari hús- og lóðaeigendur í bænum njóta einmitt hlutfallslega við hina ríkari mikils léttis við þetta fyrirkomulag.

Nefndin leggur það til, að bæjarstjórninni sé gefin heimild til að breyta upphæðum þessara skatta, ef hún telur það nauðsynlegt og getur feingið til þess samþykki meiri hluta atkvæða á opinberum gjaldendafundi, þó að áskildri staðfesting stjórnarráðs, og gildi þá ákvæðið að minsta kosti 6 ár í senn.

Um önnur ákvæði frumvarpsins finnur nefndin eigi ástæðu til að fara neinum orðum, en leggur til að frv. verði samþykt með þessum breytingum.

1. Við 2. gr. Orðin: »þó aldrei« — til enda gr., falli burt.
2. Við 4. gr. Í stað: 1‰ — einn — komi: $^1/_2$‰ — hálfan
3. Ný 5. gr. bætist inn í:

Nú vill bæjarstjórn lækka gjöld þau, er nefnd eru í 2. og 4. gr. eða hækka þau eða gera nánari ákvarðanir eða takmarkanir um álagning þeirra, og ber hún þá tillögu um það undir almennan fund gjaldenda, er haldinn skal í Janúarmánuði, og skal hún boða til fundarins með að minsta kosti 14 daga fyrirvara. Á fundinum hafa allir þeir bæjarbúar atkvæðisrétt, er kosningarrétt hafa til bæjarstjórnar.

Samþykki fundurinn tillögu bæjarstjórnar, skal hún borin undir stjórnarráðið til staðfestingar. Samþykki fundurinn með $^2/_3$ atkvæða breyting á tillögu bæjarstjórnar, skal málið af nýju borið undir bæjarstjórnina, og ef hún aðhyllist

breyting fundarins, skal bera ályktunina þannig lagaða undir staðfesting stjórnarráðsins.

Reglum þeim, er þannig eru settar, má á sama hátt breyta, en gilda skulu þær að minsta kosti 6 ár í senn.

Neðri deild Alþingis 18. Júlí 1905.

Þórh. Bjarnarson form.	Guðl. Guðmundsson skrifari og framsögum.	Ólafur Ólafsson.

Nd. **120. Tillaga**

til þingsályktunar um undirskript undir skipunarbréf Íslandsráðherrans.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánsson, þm. Skf., Einar Þórðarson, Ólafur Ólafsson, Ólafur Briem, Björn Kristjánsson, Ó. Thorlacius.

Neðri deild Alþingis ályktar að lýsa yfir því, að hún álítur það eitt rétt, og í samræmi við stjórnarskipun vora, að Íslandsráðherrann sé skipaður með undirskript sjálfs hans, eða fráfarandi Íslandsráðherra, en ekki með undirskript forsætisráðherra Dana, og skorar á ráðherrann, að gera sitt til, að svo verði eptirleiðis.

Ed. **121. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 13. Október 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.

Flutningsmaður: Sigurður Jensson.

Barðastrandarlæknishéraði skal skipt í 2 læknishéruð, sem sé:

1. Patreksfjarðarhérað, sem nær yfir Rauðasandshrepp, Tálknafjarðarhrepp og Barðastrandarhrepp fyrir vestan Vatnsdalsá.
2. Bíldudalshérað, sem nær yfir Suðurfjarðarhrepp og Dalahrepp í Barðastrandarsýslu.

Patreksfjarðarhérað telst til 2. flokks og Bíldudalshérað til 5. flokks læknishéraða, sbr. 1. gr. laga 13. Okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.

Ed. **122. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um vátrygging sveitabæja og tómthúsa í sveitum utan kauptúna.

Vér, sem hin háttvirta efri deild kaus í nefnd til að athuga frumvarp þetta, leyfum oss hér með að koma fram með álit vort og tillögur í því máli.

Eins og tekið er fram í athugasemdum stjórnarinnar við frumv., er það samið af milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu; hefir stjórnin að vísu breytt því í nokkrum verulegum atriðum, en telur málið mjög þýðingarmikið til hagsmuna fyrir landbúnaðinn, og sökum þess hefir hún lagt það fyrir þingið.

Vér erum samdóma stjórninni og milliþinganefndinni um nytsemi þessa máls. Vátrygging sveitabæja og tómthúsa myndi stórum efla hag landsmanna. Hjá þjóðinni er vaknaður töluverður áhugi á því að bæta húsakynni sín, en samfara hýbýlabótunum vex brúkun á eldstóm og ofnum svo, að brunahættan verður að því leyti meiri en áður. Vátryggingin gerir hvortveggja að auka verðmæti húsanna og veðgildi og tryggja eigendurna gegn því tjóni, er húsbrunar hafa í för með sér.

Eins og nú er verða sveitabændur, þeir er vátryggja vilja hýhýli sín, að sæta hinum mestu afarkostum, og vátryggja því sárfáir aðrir en þeir, sem neyðast til þess af sérstökum ástæðum. Yrði vátrygging samkvæmt frumv. þessu almenn, myndi sveitabændum gert stórum hægra fyrir að vátryggja hús sín og bæi en nú gerist.

Milliþinganefndin gerir ráð fyrir að iðgjöldin til hinna innlendu brunabótasjóða myndu ekki verða meira en tæpir 3 af þúsundi að meðaltali, og er það ærinn munur frá því, sem nú er, þar sem iðgjöldin utan kaupstaðanna eru 5—7 af þúsundi.

Nefndin felst á frumvarp stjórnarinnar í flestöllum verulegum atriðum; nokkrum ákvæðum þess leggur hún þó til, að breytt sé, og eru sumar breytingartillögur hennar samkvæmar tillögum milliþinganefndarinnur, en sumar nýmæli, og skal hér gerð grein fyrir hinum helztu þeirra.

Við 2. gr. er sú breytíng ger frá frumv. stjórnarinnar, að brunabæturnar séu $^2/_3$ brunaskaðans eins og hjá milliþinganefndinni, í stað $^3/_4$ hjá stjórninni. Nefndin telur heppilegra að fylgja milliþinganefndinni í þessu atriði, það muni fremur hvetja menn til stofnunar brunabótasjóðanna, að upphæð iðgjaldanna sé lægri, þótt tryggingin þar af leiðandi nái skemra; svo er á hitt að líta, að því stærri sem sá hluti húseignarinnar er, sem ekki er vátrygður, því minni er freistingin fyrir eigendurnar að gerast sjálfir valdir að bruna þeirra.

Við 5. gr. vill nefndin bæta því ákvæði, að til þess að takast á hendur hærri ábyrgð en 6000 kr. á húsum og húsaþyrpingum þurfi samþykki sveitarstjórnar og stjórnarráðs; er þetta sett til tryggingar því, að brunabótasjóðir takist ekki á hendur stórar ábyrgðir, nema að öllu vel athuguðu; telur nefndin sjálfsagt, að þegar um vátrygging stórra húsaþyrpinga er ræða, þá séu iðgjöldin sett hærra en gert er ráð fyrir í reglugerðartillögum milliþinganefndarinnar, með því að brunahættan er þar meiri en á einstökum bæjum og húsum.

Í 7. gr. er ákveðið, að til stofnunar brúnabótasjóðs þurfi meiri hluta atkvæðisbærra húsráðenda í hreppnum. Nefndinni þykir það ekki sanngjarnt, að húsráðendur skuli hafa jafnan atkvæðisrétt, hvort sem þeir eru leiguliðar eða eigendur. Leiguliðar eiga miklu minna á hættu, þótt hús brenni, en eigendurnir, og því ekki ólíklegt, að þeir láti sig minna skipta, hvort brunabótasjóðir komast á eða ekki; þess vegna þykir nefndinni rétt að húsráðendur, sem jafnframt eru eigendur að húseignum, er þeir sjálfir nota og sem eru 500 kr. virði eða meira, hafi hver tvö atkvæði á stofnfundum þeim, sem hér ræðir um.

Við 11. gr. leggur nefndin til, að bætt sé ákvæði um endurvirðing á bæjum og húsum á hverjum 10 ára fresti. Sé ekki virt nema einu sinni, getur hin vátrygða húseign hrörnað svo, að hún verði ekki nærri þess virði, er hún var metin upphaflega.

Þau ákvæði 15. gr., að sveitarstjórn þurfi ekki að láta brunabætur af hendi, nema trygging sé fyrir endurbygging, er henni líkar, telur nefndin varhuga-

verð. Sveitarstjórn getur þeim samkvæmt beitt ójöfnuði með því að heimta miklu kostnaðarsamari byggingu en þá er brann. Í veg fyrir það vill nefndin koma með þeirri tillögu, að sveitarstjórnin geti ekki gert hærri kröfu en að endurbyggingin sé jafngóð þeirri, er brann, þar sem brunabótafé nær að eins nokkuð á leið til að koma henni upp.

Þá leggur nefndin það til, að landssjóður veiti 10,000 kr. til stofnunar hins almenna brunabótasjóðs; telur hún fjárveiting þessa nauðsynlega til þess að afla sjóðnum þegar í byrjun meira trausts; auk þess eru því meiri líkur til þess, að sjóðurinn geti bjargast á eigin spítur án láns úr landssjóði því fljótar sem hann eflist.

Í sambandi við reglugerðartillögu milliþinganefndarinnar um flokka og stig vátrygðra húsa, tekur nefndin það fram, að hún álítur, að í fyrsta flokki eigi ekkert hús að vera, sem ekki er með eldtraustu þaki.

Að öðru leyti mun nefndin gera nánari grein fyrir breytingartillögum sínum í framsögu málsins; eru þær sem hér segir:

1. við 2. gr. Fyrir »þrjá fjórðu« komi: tvo þriðju.
2. — — — Á eptir orðunum »vátrygðum þar« komi: úr hvaða efni, sem þau eru bygð.
3. — — — Fyrir »ábúandi« komi: eigandi.
4. — — — Fyrir »200« komi: 2000.
5. — 5. gr. Fyrir »4500« komi: 4000.
6. — — — Aptan við greinina hætist: Til þess að takast á hendur hærri ábyrgð á húsum eða slíkum húsaþyrpingum þarf samþykki sveitarstjórnar og stjórnarráðs.
7. — 6. gr. Fyrir »fjórða« komi: þriðja.
8. — 7. gr. Önnur málsgrein fyrstu málsgreinar orðist þannig: Meiri hluti atkvæða allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppnum ræður úrslitum, en þó skal hver húsráðandi, sem jafnframt er eigandi að húseign, er hann sjálfur notar, 500 kr. virði eða meira, hafa 2 atkvæði. Sveitarfundur er lögmætur, er hreppsnefnd boðar fundinn með skriflegu fundarboði með tveggja vikna fyrirvara að minsta kosti, enda sé þar tiltekið, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli framfara.
9. — 8. gr. Í stað orðanna »meiri hluta húsráðenda« komi: meiri hluta atkvæða húsráðenda samkv. 7. gr.
10. — 11. gr. Á eptir fyrstu málsgrein komi ný málsgrein svo hljóðandi: Endurvirðing fer fram á hverjum 10 ára fresti.
11. við 11. gr. Á eptir orðunum: »krafizt yfirvirðingar« bætist inn í: Á sinn kostnað.
12. — — — Fyrir »hin fyrsta« komi: hverja.
13. — 12. gr. Síðari málsgrein orðist svo: Sé hann leiguliði, getur hann haldið eptir af eptirgjaldinu eða leigunni, iðgjaldinu af þeim húsum, er hann á ekki.
14. — 15. gr. Fyrir orðin í niðurlagi greinarinnar »þeirri er henni líkar« komi: jafngóðri og þeirri, er brann.
15. — 17. gr. Aptan við greinina bætist: »Til stofnunar þessa sjóðs veitast 10,000 kr. úr landssjóði.
16. — 18. gr. Í stað »tvo hluti þeirra þriggja fjórðunga« komi: helming þeirra tveggja þriðjunga,
17. — — — Fyrir »tveir þriðju« komi: helmingur.

18. við 19. gr. Fyrir »tvo þriðju« komi: helming.
19. — — — Fyrir »einn þriðjung upphæðarinnar« komi: allar brunabæturnar.
20. — — — Fyrir »að tveimur þriðju« komi: helming.
21. — 22. gr. Fyrir »líkur um« komi: líkur fyrir.
22. — 24. gr. Síðasta málsgrein falli burt.

Alþingi 19. Júlí 1905.

Eiríkur Briem, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður.
Þórarinn Jónsson. Aug. Flygenring. Guttormur Vigfússon.

Nd. **123. Frumvarp**
til laga um byggingarsamþyktir.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Byggingarsamþykt má gera fyrir löggilta verzlunarstaði hér á landi.

2. gr.

Nú er löggiltur verzlunarstaður hreppsfélag fyrir sig, og semur þá hreppsnefndin byggingarsamþykt fyrir verzlunarstaðinn og sendir hana síðan sýslunefnd, er tekur hana til umræðu á næsta sýslufundi. Samþykki sýslunefnd samþyktina óbreytta, sendir oddviti sýslunefndarinnar hana þá þegar til stjórnarráðsins. Geri sýslunefnd breytingar á samþykt hreppsnefndar, skal leggja breytingarnar fyrir hreppsnefndina; verði breytingarnar eigi samþyktar af hreppsnefnd, skal senda samþyktina eigi að síður til stjórnarráðsins. Nú vill stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþyktar, og skal þá leggja þær breytingar fyrir hreppsnefnd; samþykki hún eigi breytingarnar, skal stjórnarráðið eigi að síður staðfesta samþykt óbreytta eins og hún er frá hreppsnefnd og sýslunefnd eða frá hreppsnefnd, ef nefndirnar hafa ekki orðið á eitt sáttar um hana, nema einhver ákvæði hennar sé lögum gagnstæð.

3. gr.

Nú er löggiltur verzlunarstaður ekki sjálfstætt sveitarfélag, heldur hluti af hreppsfélagi, og skal þá hreppsnefnd semja byggingarsamþykt fyrir verzlunarstaðinn, ef meiri hluti íbúa hans, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, æskja þess, að byggingarsamþykt komist á fyrir hann. Ef einginn, eða eigi fleiri en einn, af íbúum verzlunarstaðar á sæti í hreppsnefnd, skal kveðja tvo af íbúunum, sem atkvæðisbærir bæjarbúar kjósa, til þess að taka sæti í hreppsnefnd meðan samþyktin er samin, og hafa þeir jafnan atkvæðisrétt sem aðrir hreppsnefndarmenn.

4. gr.

Þá er hreppsnefnd samkvæmt næstu grein hér á undan hefir samið byggingarsamþykt fyrir verzlunarstað, skal samþyktin lögð fram til sýnis á hentugum stað í verzlunarstaðnum, eptir að það hefir birt verið með 8 daga fyrirvara með uppfestum auglýsingum á staðnum eða við kirkjufund. Þá er

samþyktin hefir legið frammi til sýnis í 14 daga, skal oddviti boða bæjarbúa á fund til að ræða samþyktina, og er hann fundarstjóri; á þeim fundi hafa einungis atkvæðisbærir bæjarbúar atkvæðisrétt. Á fundinum skal samþyktin rædd grein fyrir grein. Til þess að gera breytingar á einstökum ákvæðum hennar nægir meiri hluti atkvæða þeirra, sem greidd eru á fundinum. Að lokum skal samþyktin í heild sinni borin undir atkvæði, og verði hún þá samþykt af $^3/_4$ hlutum fundarmanna skal hún send til sýslunefndar; að öðrum kosti er hún fallinn í það sinn.

5. gr.

Ef byggingarsamþykt er löglega samþykt á þann hátt, er segir í undanfarandi grein, skal hún tekin til umræðu á næsta sýslufundi; verði hún þar samþykt óbreytt, skal hún send til stjórnarráðsins; en verði henni breytt á sýslufundi, skal oddviti hreppsnefndarinnar bera breytingarnar upp fyrir bæjarbúum á almennum fundi; verði breytingarnar samþyktar með meiri hluta atkvæða, sbr. 4. gr., skal oddviti sýslunefndar senda samþyktina til stjórnarráðsins; verði breytingar sýslunefndar eigi samþyktar, skal sýslunefndaroddviti eigi að síður senda samþyktina ásamt útskript af fundargerðunum til stjórnarráðsins. Fallist stjórnarráðið á samþykt óbreytta, eins og hún er frá sýslunefnd og samþykt af bæjarbúum, eða óbreytta eins og hún kom frá hreppsnefnd og bæjarbúum, er hún endileg. Nú vill stjórnarráðið breyta einhverjum ákvæðum samþyktar, og skal þá bera þær breytingar undir almennan fund bæjarbúa á þann hátt, er fyr segir; samþykki fundurinn breytingarnar, staðfestir stjórnarráðið hana, en fáist ekki lögmætt samþykki fundarins, skal stjórnarráðið eigi að síður staðfesta hana óbreytta, nema einhver ákvæði hennar séu lögum gagnstæð.

Staðfestar byggingarsamþyktir skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

6. gr.

Í byggingarsamþykt skal ákveða, að í verzlunarstöðunum skuli stofnuð byggingarnefnd, og að í henni eigi sæti 5 menn.

Í löggiltum verzlunarstað, sem er hreppsfélag fyrir sig, skal byggingarnefnd skipuð oddvita hreppsnefndarinnar sem formanni og 4 mönnum öðrum, er hreppsnefnd kýs, 2 þeirra úr sínum flokki. En þegar samþykt er sett fyrir verzlunarstað, sem eigi er hreppur fyrir sig, skulu, auk oddvita hreppnefndarinnar sem formanns, í byggingarnefnd sitja 2 menn, sem hreppsnefnd kýs af bæjarbúum, og 2 aðrir menn, sem atkvæðisbærir bæjarbúar kjósa. Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru utan hreppsnefndar, eru skyldir til að taka við kosningu; þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá, og fyrir hreppsnefndarmenn samkvæmt sveitastjórnarlögunum; um aukakosningar í byggingarnefnd gildir og hið sama sem um aukakosningar í hreppsnefndir.

Í samþyktum skal ennfremur ákveðið:

A. Að byggingarnefnd skuli, svo fljótt sem verða má, láta gera reglulegan uppdrátt af staðnum með strætum og opnum svæðum, eins og hún hefur áður ákveðið þau.

B. Að nefndin hafi vald til að ákveða, að ef breikka þurfi stræti eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við, til betri varnar húsbruna, eða til að fá greiðari veg um vezlunarstaðinn, þá skuli sérhver, sem eigi óbygða lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þyki, til þess að strætið verði nógu breitt, og að sá, er húsið á, skuli

vera skyldur til, er hann endurbætir húsið, að færa það aptur á við, eins og þarf, hvorttveggja gegn endurgjaldi, er 2 dómkvaddir menn meta eptir stærð og verði alls byggingarsvæðisins, og rýrnun þeirri, er það hefir orðið fyrir við það, að af því hefir verið tekið, eða hús flutt aptur á við, og skal greiða kostnað þann, er af þessu rís, á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu hreppsþarfa, ef um verzlunarstað er að ræða, sem er hreppur fyrir sig. Ef hins vegar er að ræða um verzlunarstað, sem er eigi hreppur fyrir sig, skal byggingarnefndin jafna kostnaði þessum niður á útsvarsskylda menn og fyrirtæki í verzlunarstaðnum eptir efnum og ástæðum. Um framlagning niðurjöfnunar þessarar fer sem um niðurjöfnun aukaútsvara, og má kæra yfir henni á sama hátt, þannig að byggingarnefndin leggur fyrst úrskurð á kæruna, og síðan sýslunefnd. Sé hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi óánægður með endurgjald það, sem matsmenn hafa ákveðið, getur hann heimtað yfirmat, enda greiði hann sjálfur kostnað við yfirmatið, nema endurgjaldið verði hækkað.

C. Að þegar bygt er nýtt hús, skuli ávalt vera 10 álna millibil milli þess og næsta húss, nema eldtraustur veggur svo þykkur, er nefndin ákveður, sé á milli. Þó má byggja á þessu svæði grindur eða aðrar girðingar, er hæglega má brjóta niður.

D. Að byggingarnefnd hafi heimild til þess að heimta, þegar nýtt hús skal byggja, að uppdráttur af húsinu skuli lagður fram, og að henni sé heimilt að heimta þær breytingar á húsinu, er henni þykir ástæða til, svo og, að hún geti ákveðið, að hús, sem ætluð eru til atvinnureksturs, sem hefir brunahættu í för með sér, skuli bygð á afviknum stöðum, eða svo tryggilega útbúin, sem henni þykir þörf á vera, eða brunaábyrgðarlög skipa fyrir um. Ennfremur að nefndin skuli hafa stöðugt gætur á, að ný hús séu bygð eins og hún hefir ákveðið, og hafi eptirlit með aðalviðgerðum á þeim.

E. Að einginn megi byggja nýtt hús, eða láta framfara aðalviðgerð á þeim, nema hann hafi áður feingið til þess skriflegt leyfi nefndarinnar.

F. Að ef nokkur byrji á húsasmíðum, áður en hann hafi feingið skriflegt leyfi nefndarinnar eða byggi öðruvísi en hún hefir ákveðið, þá skuli hann og yfirsmiður hússins sæta sektum frá 10—50 krónum, er renni í sérstakan sjóð bæjarbúa, og að þar að auki megi rífa niður húsið, eða hluta af því á kostnað eiganda, ef það er eigi bygt eptir þeim reglum, er nefndin hefir ákveðið, og að þeir, sem byrja á aðalviðgerð húss, áður en þeir hafa feingið leyfi nefndarinnar til þess, skuli sæta hinum sömu sektum.

G. Að byggingarnefnd hafi vald til að semja sérstaka reglugerð um byggingu húsa, að því er snertir stærð herbergja, hæð undir lopt, útbúnað reykháfa, fjarlægð ofna frá þili, og útbúnað í kringum þá, — til þess að afstýra brunahættu, — styrkleika innviða í húsum, ytri »klæðningu« o. s. frv. Þó öðlast sú reglugerð fyrst gildi, er stjórnarráðið hefir samþykt hana.

7. gr.

Byggingarnefndin skal halda sérstaka fundarbók, er hún ritar í allar gerðir sínar, og skal hún undirskrifuð við lok hvers fundar eða hverrar gerðar af öllum viðstöddum nefndarmönnum; heimilt er þeim, sem eigi er samþykkur ályktuninni, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll innkomin bréf, og bréfabók. Bækur þessar skulu

kostaðar af hinum sérstaka sjóði bæjarbúa, en ef hann hrekkur eigi til, þá af sveitarsjóði, eins þar sem verzlunarstaður er eigi sérstakt hreppsfélag.

8. gr.

Með mál um brot á samþyktum eptir lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál, og skal oddviti byggingarnefndar kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Nd. **124. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um forkaupsrétt leiguliða o. fl.

Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson, Magnús Andrésson, G. Björnsson, Ólafur Ólafsson, Skúli Thoroddsen, Ólafur Thorlacius

1. Við 3. gr: »eða leigð« falli burt.
2. — » gr: »eða leigu« falli burt.
3. 4. gr. falli burt.

Ed. **125. Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til laga um landsdóm.

Frá Birni M. Ólsen og Jóni Ólafssyni.

Við breytingartillögu nefndarinnar við 16. grein:

Fyrir orðin: »uppkvaðning dómsins« komi: að dæma dóminn.

Ed. **126. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um landsdóm.

Frá Birni M. Ólsen og Jóni Ólafssyni.

Við 14. grein, 2. málsgrein:

Fyrir orðin: »uppkvaðning dómsins« komi: að dæma dóminn

Ed. **127. Frumvarp**

til laga um heimild til að selja kirkjujörðina Bygggarð í Seltjarnarnesshreppi.

Flutningsmaður: Valtýr Guðmundsson.

Stjórninni veitist heimild til að selja ábúanda kirkjujörðina Bygggarð í Seltjarnarneshreppi fyrir 2600 kr.

Nd. **128. Frumvarp**

til laga um forkaupsrétt leiguliða o. fl.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þegar jarðeign, sem er í bygging, geingur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafnmikið verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann öðrum fremur hafa rétt

til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sé honum eigi gerð erfiðari borgunarkjör eða aðrir skilmálar en í raun og veru standa til boða frá öðrum.

Nú hefir ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega bygt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrétti það, sem eptir er af ábúðartíð hans, meðan jörð er óbygð; en frá þeim tíma á sá forkaupsréttinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár, og hefir feingið bygging fyrir henni.

2. gr.

Nú eru afréttarlönd eða óbygð lönd seld út af fyrir sig, og á þá sveitarfélag það, eða sveitarfélög þau, sem land það liggur í, forkaupsréttinn.

3. gr.

Nú eru ítök, skógar, veiðiár, fossar eða önnur jarðgögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrétt til kaups eða leigu, er land á undir.

4. gr.

Nú afsalar sá sér forgangsrétti til kaups eða leigu, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfélag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forgangsréttinn.

5. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsréttar samkvæmt lögum þessum, skal segja til þess innan hálfs mánaðar frá því, er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja; sama er og um leigurétt samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Sé eigi gætt fyrirmælanna í 1.—4. gr., getur sá, er forgangsréttur hans er fyrir borð borinn, krafizt þess, að gjörningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sé lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fékk vitneskju um misfelluna, og málinu framhaldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rétthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numið konungsbréf 22. Dec. 1797 um forkaupsrétt leiguliða og tilsk. 18. Júní 1723, að því, er Ísland snertir.

Ed.

129. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til fátækralaga.

Vér undirritaðir, sem hin háttv. efri deild kaus í nefnd, til þess að íhuga mál þetta, skulum nú láta uppi álit vort um það á þessa leið.

Nefndin hefir allrækilega yfirfarið frumvarpið á fundum sínum og komizt að þeirri niðurstöðu, að form þess og allur frágangur væri í svo góðu lagi, að ekki þyrfti um það að bæta, enda hefir það feingið rækilegri og betri undirbúning en flest önnur mál, er til þingsins koma.

Nefndin finnur því ekki ástæðu til þess, að gerðar séu margar breytingar

á frumvarpinu í hlutfalli við leingd þess og greinafjölda, en á hinn bóginn getur hún heldur ekki fallist á, að það gangi fram alveg óbreytt.

Aðal-breytingartillögur nefndarinnar eru við 32. og 41. gr. frumvarpsins, á hinum títtnefnda sveitfestistíma (32. gr.) og framfærsluskyldunni, þegar svo á stendur, að maður hefir hvergi unnið sér sveit (41. gr.).

Nefndin er sammála minni hluta milliþinganefndarinnar í því, að tveggja ára dvöl í einu sveitarfélagi sé af mörgum ástæðum alt of stuttur tími til þess, að vinna sér sveit.

Nefndinni getur eigi dulist það, að hrakningar á fátæku fólki mundu ekki minka við það, þó sveitfestistíminn yrði færður niður í 2 ár, heldur mundi þeir aukast að miklum mun, og koma ver og ómaklegar niður á einstaka menn en með 10 ára tímanum, og ef hrakningstilfellunum fjölgaði, þá geta ekki minkað hinir illræmdu fátækraflutningar, sem svo margir tala mikið um.

Nefndinni er heldur ekki grunlaust um það, að ýmsar sveitir gætu með lagi komið af sér miður uppbyggilegu fólki á aðrar sveitir, einmitt vegna þess, hvað sveitfestistíminn væri stuttur, og ef svo færi, þá er það eingum vafa undir orpið, að um leið og það yrði einstökum sveitafélögum til tjóns, þá mundi sú aðferð hefna sín bæði á þeim sveitum, sem gerðu það og þjóðfélaginu í heild sinni.

Þá dylst nefndinni það ekki, að tveggja ára sveitfestistíminn hlýtur að valda miklum mótþróa og ömun við alt fólk, sem nokkur tvísýna þykir á, að geti bjargað sér sökum heilsubrests, ómegðar, atgervisskorts eða efnaleysis. Enda þótt rýmkað yrði til í þessu tilliti með því að breyta húsmenskulögunum, þá gæti það ekki náð til annara manna en húsmanna, en alls ekki til lausafólks né vinnufólks, en það getur eins orðið fyrir þessum mótþróa.

Slík mótstaða gegn því að fólk geti fært sig sveita á milli nær sem það óskar og nær sem það sér, að það sé sér arðvænlegra, hlýtur að verða fyrst og fremst því sjálfu til mjög mikils skaða, þar næst þeim mönnum, sem annars hefðu notið verka þess og loks þjóðfélaginu í heild sinni. Af þessum ástæðum telur nefndin meiri líkur til þess, að stytting sveitfestistímans niður í 2 ár mundi fremur auka fátækrabyrðina en minka, og sér í lagi, að hún mundi koma ójafnara og ranglátlegar niður, en þó einkanlega, að hún mundi valda miklu ómannúðlegri meðferð á fátæku og vanmegna fólki en samboðið sé þessum tíma, þar sem á aðra hliðina, að menn yrðu hraktir þaðan sem þeir hafa tekið sér bólfestu, áður en þeir fá tíma til þess að sýna, hvort þeir verða mannfélaginu til uppbyggingar eða eigi, og á hina hliðina, að mönnum verður varnað að færa sig í þá staði, sem þeim getur orðið langtum auðveldara að vinna fyrir sér.

Þegar til þess kemur að athuga, hvað sé þjóðarvilji í þessu efni, þá er þar sannast að segja ekki mjög mikið til þess að byggja á, en það, sem séð verður, bendir þó í þá áttina að breyta ekki gildandi lögum í þessu efni. Þó að þingmálafundargerðir þær, sem liggja á lestrarsal þingsins, séu alls ekki einróma í þessu efni, og að sumar þeirra beri það með sér, að málefni þetta hefir ekki verið skoðað niður í kjölinn eins vel og það verðskuldar og búast hefði mátt við, þá sýna þær það þó, að mest er eindrægnin um það að stytta ekki sveitfestistímann, eða sá flokkurinn er stærstur.

Í 44 þingmálafundargerðum, sem hjá þinginu eru, hafa 19 óskað eptir 10 árum, 6 eptir 2 árum, 5 eptir dvalarsveit, 4 eptir 5 árum, 1 eptir fæðingarhreppi, 4 eptir frestun á málinu og 5 nefna það alls ekki á nafn.

3 af þeim, sem vilja 10 ár, óska eptir leingsta tíma samtals, en ekki styttri en 10 ár.

Auk þessa liggja fyrir þinginu tvær tillögur, sín úr hvorri sýslu, sem að vísu hafa ekki verið bornar undir atkvæði þingmálafunda á annan hátt en að þær skyldu leggjast fyrir þingið til athugunar. Önnur fer fram á, að hver eigi þar sveit, sem hann hefur dvalið leingst, en þó hvergi styttri tíma en 2 ár. Hafi hann hvergi verið svo leingi, þá sé fæðingarhreppur framfærslusveit hans.

Hin kveður svo á, að hver eigi þar sveit, sem hann hefur verið leingst sjálfbjarga, vinnandi maður, en þó hvergi styttri tíma en 10 ár. Annars sé dvalarsveit framfærslusveit. (Fæðingarhreppur afnuminn).

Það, sem hægt er að álykta af þessu, er þó helzt það, að langflestir séu sammála um það, að hafa sveitfestistímann hinn sama og verið hefir, því um þá, sem hafa lagt til, að málinu væri frestað, eða alls ekki nefnt það á nafn, er ekki hægt að segja, hverrar skoðunar þeir muni vera. Þó mætti helzt álíta, að þeim sé ekki áhugamál um lagabreytingu í þessu efni, fyrst þeir gefa ekkert hljóð frá sér um hana.

Þessar mjög svo mismunandi skoðanir landsmanna, og sumstaðar að sama skapi óákveðnu, gáfu nefndinni með fleira ástæðu til þess, að breyta ekkert sveitfestistímanum í þetta sinn, enda þó sumir af nefndarmönnunum hefðu getað fallizt á að stytta hann lítið eitt, eða alt að helming í mesta lagi. Á hinn bóginn sá nefndin ekki neina ástæðu til þess, að fresta málinu, þar sem það hefir feingið svo góðan undirbúning, að fá lagafrumvörp fá slíkan, og því ekki líklegt, að málið græddi mikið við biðina, enda verður ekki sagt með rökum, að þetta frumvarp sé samþykt af þinginu landsmönnum að óvörum, þar sem það hefir verið full 5 ár í undirbúningi, og leitað var álits allra sveitarstjórnarvalda landsins áður en millipinganefndin tók til starfa, auk þess, sem búið var að ræða sveitfestisspursmálið á mörgum þingum þar á undan.

Þegar því ekki hefir enn unnizt meiri eða ákveðnari vilji hjá þjóðinni fyrir því að stytta sveitfestistímann en orðið er, þá sér nefndin ekki ástæðu til þess, að leggja til með þeirri breytingu, þar sem jafnmikil óvissa er fyrir, að yrði til bóta, og því fremur, hvort þjóðinni í heild sinni geðjaðist að.

Þess ber líka að gæta, að hér er að eins verið að ræða um eitt atriði í laungum og víðtækum lagabálk, sem vel má breyta síðar, þó ekkert sé hreift við lögunum að öðru leyti, ef eindregin ósk þjóðarinnar kemur fram um það. Og það er miklu hyggilegra að fresta lagabreytingu, sem er vafasöm í tilliti til vinsælda og hagsælda fyrir þjóðina, en gera hana í óvissu um hvorutveggja.

Þá er annað aðalatriðið í 41. gr., sem nefndin leggur til að sé breytt, og það er ákvæðið um, að maður, sem ekki hefir unnið sér sveit, eigi þar framfærslurétt, sem foreldri eða foreldrar hans áttu sveit, þegar hann var 16 ára. Nefndin finnur ekki næga ástæðu fyrir þessari lagabreytingu, og vill því halda sér við gamla fæðingarhreppinn, þegar svo á stendur, með því það hlyti að verða miklu meiri erfiðleikum bundið að finna þann stað, sem faðir eða móðir átti sveit, þegar maðurinn komst af barnsaldrinum, en að finna, hvar hann er fæddur. Og ef að landsveitirnar hafa ástæðu til þess að kvarta undan flutningi á fjölskyldum eða börnum úr sjávarplássunum meðan þær hafa ekki framfærsluskyldu við þau, nema til 16 ára aldurs, þá verður hún þó því meiri ef framfærsluskyldan á að ná leingra.

Vér skulum svo gera grein fyrir hinum öðrum breytingatillögum vorum.

Í 8. gr. er svo fyrir mælt, að barnsfúlgu óskilgetins barns skuli greiða úr dánarbúi föðursins svo framarlega sem beðni um það sé komin til skiptaráðanda áður skuldlýsingarfrestur sé liðinn eða 6 mánuðir frá láti hans. Nefndin álítur, að þegar skuldalýsing ekki er útgefin, að þá geti 6 mánuðir frá láti föðursins reynzt alt of stuttur frestur, ef t. d. faðirinn deyr á öðru landshorni en því, sem barnið er á, sem opt getur komið fyrir, og þegar svo er, getur geingið heilt missiri til þess, að vitneskja komist um dauðsfallið þangað, sem barnið er, en þá er eptir að senda kröfuna þvert yfir land, er getur tekið langan tíma. Vér leggjum því til að tíminn sé leingdur upp í 12 mánuði.

Í síðustu málsgrein sömu greinar er ákveðið, að ef slík fúlga sparast af öðrum ástæðum en þeim, að barnið deyi, þá falli afgangurinn til barnsins. Nú er ákveðið, að fara skuli með fúlguna sem ómyndugrafé, en það á að ávaxtast meðan því er ekki eytt. Af því leiðir, að afgangur getur orðið af fúlgunni, ekki einungis vegna sparnaðar á henni, heldur líka af því hún hefir ávaxtast, og telur nefndin rétt, að sá afgangur, sem af því leiðir, falli barninu einnig til eignar, enda mun það hafa verið meining milliþinganefndarinnar.

Við 19. gr. er aðeins orðabreyting; húsbóndinn í staðinn fyrir »hann«.

Við 22. gr. leggur nefndin til, að orðinu »eigandi« sé breytt í landeigandi, með því það mun vera meining greinarinnar, að hér sé átt við þann, sem á landið.

Um breytingartillöguna við 32. gr., um að 10 ár komi í staðinn fyrir 2, er þegar talað, og sem afleiðing hennar leggur nefndin til, að síðustu orðin í greininni falli burt.

Breytingartillögur vorar við 34. og 36. gr. eru bein afleiðing af breytingu 32. gr., og þarf því ekki að gera frekari grein fyrir þeim.

Nefndinni virðist 37. gr. ljósar orðuð hjá milliþinganefndinni en í frumv. stjórnarinnar, enda í betra samræmi við 10 ára sveitfestistímann en greinin, eins og hún er orðuð í frumvarpinu, því með henni gæti það komið fyrir, að útlendingur, sem feingi hér rétt innborinna manna, ætti þó hvergi framfærslurétt, en slíkt virðist þó mjög óviðfeldið og miður réttlátt.

Nefndin leggur því til, að greinin verði orðuð líkt og í frumvarpi milliþinganefndarinnar.

Þegar hjón skilja að lögum, getur það opt komið fyrir, að maðurinn vinni sér aðra sveit á eptir, en þá er hann átti þegar skilnaðurinn fór fram, en konan vinni sér einga sveit, en það væri óeðlilegt, að maður vinni fráskilinni konu sinni sveit eptir að þau væru skilin að lögum, enda mun það ekki vera meiningin í frumvarpinu, en með orðun 38. greinar mætti skilja það svo, þar sem stendur að eins »sveit hans«

Nefndin leggur því til, að í staðinn fyrir orðið »hans» í 38. gr. komi: sveit þeirri er hann átti, er þau skildu.

Við 40. gr. er að eins orðbreyting, sem vér leggjum til að gerð sé, til þess að halda samræmi við frumvarpið annnarsstaðar.

Um breytingartillögu vora við 41. gr. er þegar talað.

Samkvæmt þeirri breytingu leiðir það af sjálfu sér, að fyrsta og síðasta málsgrein 42. greinar falli burtu.

Þá leggjum vér til, að 45. gr. falli burt, og er það bein afleiðing breytingar þeirrar, sem vér viljum að gerð sé á 32. gr. og þarf því ekki að útlista hana frekar.

Í 50. gr. leggjum vér til, að bætt sé orðunum »og venjast algeingri vinnu«, af því nefndinni virðist eingu minni nauðsyn á því, að unglingar læri þá vinnu sem þeir þurfa að hafa af lífsuppeldi sitt, en hin bóklegu fræði, sem þó eigi mundu verða nema mjög takmörkuð undir þessum kringumstæðum.

Vegna þess, að það getur opt verið erfiðleikum bundið að fá meiri hluta hreppsnefndar til þess að skrifa undir útborgun á styrk, sem oddviti þarf að ávísa eða borga út, og á hinn bóginn virðist það ekki gefa innfærslunni ótvírætt sönnunargildi, þótt svo sé gert, þá leggur nefndin til að þessu ákvæði 56. greinar sé breytt þannig, að meiri hluti hreppsnefndar eða að minsta kosti oddviti hafi skrifað undir innfærsluna, að hún sé rétt tilfærð. Með því fæst sönnun fyrir að þetta hafi verið athugað, og með því getur hún ekki verið rangt til færð, nema því að eins að hreppsnefnd eða oddviti gefi rangt vottorð.

Þegar það kæmi fyrir, að þurfamaður kærði það fyrir sýslumanni, að vist sú eða vinna, sem sveitarstjórn hefði vísað honum á, væri óviðunandi, þá finst nefndinni, að rétt sé að leita umsagnar sveitarstjórnarinnar um málið áður en sýslumaður fellir úrskurð í því. Nefndin leggur því til, að orðum hér að lútandi sé bætt inn í 59. gr.

Við 63. gr. hefir nefndin það að athuga, að henni þykir það varhugavert, að karl eða kona megi kvongast eða giptast, þótt þau standi í sveitarskuld, ef hún er eldri en 5 ára, án þess að samþykki sveitarstjórnar í framfærslusveit brúðgumans komi til. Sé brúðurin í mikilli sveitarskuld, sem sé eldri en 5 ára, þá getur sveitarstjórnin í hinum fyrri framfærsluhreppi hennar geingið að manninum og gert hann með því félausan, ef til vill, og það orðið valdandi þess, að hann verði sveitarþurfi. Aptur á móti mun opt mega fá slíka sveitarskuld eptirgefna að nokkru eða öllu, svo hjónabandinu geti orðið framgeingt, en þá er hættan eingin fyrir brúðgumann eða sveit hans.

Vér leggjum því til að 63. gr. sé breytt samkvæmt þessu.

Í annari málsgrein 69. greinar er svo ákveðið, að það megi skylda framfærslusveit til þess að borga 5 % vexti um árið af veittum sveitarstyrk í dvalarsveit þurfalings, ef óhæfilegur dráttur verður á greiðslu skuldarinnar frá hálfu framfærslusveitar. Nú þekkjum vér mörg dæmi þess, að sumar framfærslusveitir tíðka það mjög mikið að draga slík mál endalaust á langinn, með því að viðurkenna ekki framfærsluskylduna við þurfamanninn, en það er nokkuð óákveðið, hvað talizt getur »óhæfilegur« dráttur. Nefndin hyggur því réttara, að framfærslusveitin sé skylduð til að greiða 5 % vexti af slíkri skuld eptir ákveðinn tíma frá því hún er látin formlega vita um styrkveitinguna og krafin umsagnar um sveitfesti þurfamannsins. Nefndinni virðist, að 6 mánuðir séu hæfilegur frestur, og telur réttlátt að 5 % árl. vextir séu borgaðir af skuldinni eptir að þeir eru liðnir.

Loks finnur nefndin ekki ástæðu til þess, að framfærslusveit þurfalings, sem er erlendis, sleppi við að borga minna með honum en þó hann væri á sjúkrahúsi hér á landi, ef annars meðgiöfin er svo há, að styrkur úr landssjóði þurfi að koma til. Vér leggjum því til, að sú upphæð í 79. gr. verði 200 kr. í stað 150 kr. eins og er ákveðið í 78. gr., ef þurfalingur er á sjúkrahúsi hér á landi eptir læknisráði og meðlagið nemur meiri upphæð.

Samkvæmt framansögðu leyfum vér oss að leggja til, að hinn háttv. efri deild samþykki frumvarpið með eptirfylgjandi breytingum.

1. við 8. gr. Í stað »6« komi: 12.
2. — — — Fyrir »Sparist fúlgan« komi: Verði afgangur af fúlgunni.
3. — 19. gr. Fyrir »hann« komi: húsbóndinn.
4. — 22. gr. Fyrir »eigandi« komi: landeigandi.
5. — 32. gr. Fyrir »tvö ár« komi: 10 ár.
6. — — — Orðin »né á« til enda greinarinnar falli burt.
7. — 34. gr. Fyrir »annað« komi: eitt.
8. — 36. gr. Fyrir »5« komi: 10.
9. — 37. gr. Greinin orðist þannig: Utanríkismenn vinna sveit hér á landi, þá er þeir fá rétt innborinna manna, og eiga þá framfærslurétt í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili, er þeir fá rétt innborinna manna, þangað til þeir vinna sér sveit með 10 ára dvöl annarsstaðar.
10. — 38. gr. Fyrir »sveit hans« komi: sveit þeirri, er hann átti, er þau skildu.
11. — 40. gr, Fyrir »Laungetinn« komi: Óskilgetni.
12. — 41. gr. Greinin orðist þannig: Maður 16 ára að aldri á framfærslusveit í fæðingarsveit sinni, þangað til hann vinnur sér sveit.
13. — 42. gr. Fyrsta málsgrein falli burt.
14. — — — Síðasta málsgrein falli burt.
15. — 45. gr. Greinin falli burtu, og greinatalan breytist eptir því.
16. — 50. gr. Á eptir orðunum »hæfilega fræðslu« bætist inn: og venjast algeingri vinnu.
17. — 56. gr. Fyrsta málsgrein orðist þannig: Þegar þeginn sveitarstyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar eða að minsta kosti oddviti hefir skrifað undir innfærsluna, að hún sé rétt tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni.
19. — 59. gr. Á eptir orðunum »eptir að hafa« bætist inn í: feingið umsögn sveitarstjórnarinnar.
20. — 63. gr. Greinin orðist þannig: Einginn maður, karl eður kona, má kvongast eða giptast meðan hann stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, nema sveitarstjórnin, þar sem brúðguminn er sveitlægur, gefi samþykki sitt til þess.
21. — 69. gr. Síðasta málsgrein orðist svo: Nú verður dráttur á endurborgun sveitarstyrks til dvalarsveitar af hálfu framfærslusveitar meir en 6 mánuði, og skal þá síðarnefnd sveit greiða vexti af styrksupphæðinni, 5 af hundraði um árið, frá þeim tíma.
22. — 79. gr. Fyrir »150« komi: 200, á tveim stöðum í greininni.

Alþingi 19. júlí 1905.

Eiríkur Briem, formaður.
Sigurður Stefánsson, skrifari.
Guðjón Guðlaugsson, framsögum.
Guttormur Vigfússon.
Með fyrirvara:
Þorgr. Þórðarson.

Nd. **130. Frumvarp**
til laga um afnám réttar hreppsnefnda og bæjarstjórna til að synja mönnum um aðsetursleyfi.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Réttur sá, er lög hafa veitt hreppsnefndum og bæjarstjórnum, til að synja húsmönnum og þurrabúðarmönnum um aðsetursleyfi í hreppum eða bæjarfélögum, skal úr lögum numin,

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Ed. **131. Breytingartillögur**
við frv. til laga um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands.

Frá nefndinni.

1. Aftan við fyrirsögn frumvarpsins bætist: o. fl.
2. Fyrir »til sjóðsins« í niðurlagi 2. gr. komi: til stofnfjár sjóðsins.
3. Aptan við frumvarpið bætist ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Þau ákæði í 2. og 3. gr. laga 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum, að sektir og andvirði upptæks afla og veiðarfæra skuli renna í landssjóð, eru með þessu úr lögum numin.

Ed. **132. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um innköllun seðla landsbankans og útgáfu nýrra seðla.

Undirskrifuð nefnd, sem falið hefir verið að íhuga frumvarp þetta, álítur að vísu einga brýna þörf á breytingu þessari, en þó hefir það orðið ofan á í nefndinni, að leggja með málinu og hefir hún þá ekkert við frumvarpið að athuga, að undanteknu því, að henni þykir réttara að kalla umrædda seðla gefna út fyrir landssjóð, eins og gert er í lögum 18. Sept 1885, heldur en fyrir landsbankann; svo þykir oss og réttara, að bæta við tilvitnun í lög 12. Jan. 1900 um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. Sept. 1885.

Breytingartillögur vorar verða því þessar:

1. við 1. gr. Fyrir »landsbankann«, í 2. línu, komi: landssjóð.
2. — — — Á eptir »18. Sept. 1885« bætist inn í: og lögum um breyting á þeim, dags. 12. Jan. 1900.
3. Í fyrirsögn frumvarpsins komi: landssjóðs fyrir: »landsbankans«.

Alþingi 19. Júlí 1905.

Sigurður Jensson, formaður.	Eiríkur Briem, skrifari.	Aug. Flygenring, framsögum.

Ed. **133. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans að gefa út nýjan flokk (serie) bankavaxtabréfa.

Vér undirritaðir, sem falið hefir verið að íhuga frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankaus til að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa,

höfum ekkert fundið við það að athuga, að undanteknu því í 5. gr., að hús þau, sem talin eru jarðarhús og virt með eigninni, séu því að eins undanþegin vátryggingu, að verð þeirra nemi eigi meira en 1/4 af verði jarðarinnar, sem og að þau megi virða sérstaklega.

En jafnframt vill meiri hluti nefndarinnar S. J. og A. F, taka það fram, að honum þykir ástæða til að hækka borgunina til gæzlustjóra landsbankans upp í 1000 kr. á ári, því að störf bankastjórnarinnar hljóta að vaxa að mun, er hinn nýi flokkur bankavaxtabréfa bætist við.

Breytingartillögur vorar verða því þessar:

1. Við 5. gr. Fyrir »skal« í 1. línu komi: má.

2. — — — Á eptir »vátrygð« í 2. línu komi: ef verð þeirra nemur ekki 1/4 virðingarverðs jarðarinnar.

3. Á eptir 11. gr. bætist inn í ný grein, er verður 12. gr., svo hljóðandi:

Þegar farið er að gefa út hinn nýja flokk bankavaxtabréfa skal borgun sú, er gæzlustjórar landsbankans fá árlega, hækka upp í 1000 kr. til hvors þeirra.

4. 12. gr. verði 13. gr.

Alþingi 20. Júlí 1905.

Sigurður Jensson,	Eiríkur Briem,	Aug. Flygenring,
form.	skrifari.	framsm.

Nd. **134. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 14. Dec. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

1. gr.

Í samþyktum, er gerðar eru samkvæmt lögum 14. Des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, er heimilt að ákveða, að greiða skuli alt að einnar krónu gjald af hverjum hlut frá sjó, yfir vertíð hverja, til að bæta lendingar á svæði því, er samþyktin nær yfir.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., greiðist af óskiptum afla, og skal formaðurinn annast um greiðslu þess. — Að öðru leyti skulu í samþyktinni settar reglur um innheimtu gjaldsins, og má taka það lögtaki á þann hátt, sem segir í lögum 16. Des. 1885.

3. gr.

Fé það, sem heimt er inn samkvæmt samþyktum þeim, er getur um í lögum þessum, skal vera í ábyrgð sýslunefndar, er sér um ávöxtun þess á sem tryggastan og haganlegastan hátt, og veitir sýslunefndin fé úr sjóðnum, er þörf þykir, til að bæta lendingar á samþyktarsvæðinu.

Nd. **135. Frumvarp**

til laga um breyting á opnu bréfi 6. Janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á Akureyri.

Flutningsm.: Guðl. Guðmundsson, M. J. Kristjánsson.

Ákvæði það í opnu bréfi 6. Janúar 1857 5. B., um að stofna byggingarnefnd á Akureyri, að ávalt skuli vera 10 álna svæði autt milli nágrannahúsa, skal úr lögum numið. Á steinhúsum meiga þó eigi vera gluggar, dyr, né önnur op á veggjum þeim, er vita að annars manns lóð, nema því að eins, að veggurinn sé að minsta kosti 5 ál. frá lóðarmörkum, og að því, er kemur til timburhúsa, þá skal hvert einstakt hús vera greint frá næsta húsi með eldvarnargafli, ef bilið milli þeirra er minna en 10 ál., enda þykir byggingarnefndinni eigi viðsjárvert af sérstökum ástæðum, að húsin standi svo nálægt hvort öðru.

Eldvarnargafl er hér talinn veggur úr (tígul-)steini, einhlaðinn að minsta kosti og oplaus, er taki 6 þumlunga að minsta kosti upp yfir þakið á hærra húsinu, og sé eigi minna en 7—8 þumlunga þykkur.

2. gr.

Eptirleiðis má eigi byggja íbúðarhús né bæjarhús úr torfi í landi kaupstaðarins. Undanþágu frá ákvæði þessu getur bæjarstjórn veitt með $^2/_3$ atkvæða, ef tillaga um það kemur fram frá byggingarnefnd.

3. gr.

Heimilt skal byggingjarnefndinni, ef $^2/_3$ hlutar allra nefndarmanna samþykkja það, að banna þvílíkan ytri frágang á húsum og girðingum, er að hennar áliti lýtir eða óprýðir útlit bæjarins, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það, sem ábótavant þykir. Slíkum ákvæðum nefndarinnar getur sá, er hlut á að máli, skotið til stjórnarráðsins, og leggur það fullnaðarúrskurð á málið.

4. gr.

Nú reisir einhver nýtt hús eða gerir verulegar breytingar á eldra húsi, og er hann þá skyldur til, þegar byggingarnefnd krefst þess, og áður en byrjað er á hússmíðinni eða breytingunni, að láta nefndinni í té uppdrátt af húsinu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag þess.

5. gr.

Nú þykir bæjarstjórn æskilegt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með byggingarsamþykt, er bæjarstjórn semur eptir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir.

Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er af ákvæðum byggingarsamþyktarinnar leiðir.

Ed. **136. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hefð.

Vér undirritaðir, sem hin háttv. Ed. kaus í nefnd til að íhuga kgl. frv. um hefð, höfum íhugað málið svo vandlega sem faung voru á, og rætt það á 4 fundum frá 4.—10. þ. m.

Eins og kunnugt er, þektu forfeður vorir eigi hugmyndina um hefð, og orðið hefð finst að því, er vér frekast vitum, hvorki í Jónsbók né inum eldri lögbókum vorum, Járnsíðu og Grágás. Hugmyndin og orðið koma fyrir í Noregi fyrr en hjá oss, í Gulaþingslögum, en hjá oss naumast fyrri en í »réttarbótum« Noregskonunga og í Biskupasögum.

Svo mun og verið hafa upphaflega með öllum engilsaxneskum þjóðum, að þær þektu eigi hefð fyrri en hún fluttist til þeirra með kristninni að sunnan — frá Rómverjum. Réttlætistilfinningin, viðurkenningin á náttúrlegu réttartilkalli virðist frá öndverðu hafa verið ríkari í meðvitund engilsaxneska þjóðkynsins; en viðurkenningin á máttarréttinum (jus fortioris) og réttleysi lítilmagnans ríkari hjá Rómverjum. Til þessara róta á hefðin vafalaust uppruna sinn að rekja, þótt síðar verði aðrar réttmætari ástæður til að útbreiða hana og festa. Síðar læra engilsaxnesku þjóðirnar af Rómverjum að viðurkenna hefðina. En ástæðurnar til þess liggja í þörfinni fyrir greiðari réttartrygging, þá er viðskipti manna (kaup og sölur) fara að fá meiri þýðing.

Þessi er orsökin til, að allar siðaðar þjóðir hafa fundið nauðsyn á að lögleiða hjá sér hefð og hafa því gert það.

Vér Íslendingar höfum leingi lifað afskektari en flestar aðrar mentaþjóðir, og viðskiptalíf vort þar af leiðandi verið daufara; enda höfum vér í þessu efni verið fastheldnari við réttarmeðvitund fornaldarinnar en aðrar frændþjóðir vorar.

Nú eru þó viðskipti vor orðin svo tíð og mikil, eptir því sem framfarir landsins hafa aukizt, að nú er orðin tilfinnanleg sú réttaróvissa, sem leiðir af því, ef menn geta, með því að grafa upp mörg hundruð ára gömul skjöl brigðað, eignarrétt, er geingið hefir óátalinn, ef til vill hundruðum ára saman.

Af þessari ástæðu, og að öðru leyti af þeim rökum, er fram eru tekin í »ástæðum« frumvarpsins, verðum vér að viðurkenna nauðsynina á því, að lögleiða hefð.

Það hefir þó komið fram í nefndinni, að frá tveim andstæðum hliðum má líta á málið. Frá annari hlið má, eins og í stjórnarfrumvarpinu er gert, líta einvörðungu á viðskiptahægðina og meta hitt minna, þótt greiðast kynni í stöku tilfellum vegurinn fyrir yfirgang og ásælni. Frá hinni hliðinni má líta fyrst og fremst á það, að varðveita þá, sem lítilsigldir eru eða smælingjar, er lítt eiga undir sér, svo að eigi verði auðveldlega svæld undan þeim réttindi þeirra.

Sumir í nefndinni hafa nú litið fremur á aðra hlið þessa máls og aðrir á hina. En allir höfum vér þó getað orðið ásáttir um niðurstöðu, er vér ætlum að fullrar sanngirni gæti á báðar hendur.

Oss blandast ekki hugur um það, að þörfin á tiltölulega stuttum hefðartíma á fasteign, svo sem 20 árum, er brýnust að því, er kemur til kaupstaða lóða og verzlunarstaða. Þar er einatt eigi auðið að finna neinar upprunalegrar heimildir, og það þótt eignin sé ekki gömul, sem sérstök eign. Því kemur oss saman um, að halda óbreyttu 20 ára tímatakmarkinu fyrir hefð á fasteign í verzlunarstöðum og kaupstöðum.

Um aðrar fasteignir er öðru máli að gegna. Þar er réttaróvissan miklu minni — auðveldara að færa sönnur á eignarhaldið miklu leingur. Þar sem tveir nábúar eiga í hlut, þeir er annar er héraðsríkur maður og mikils meigandi, en hinn fátæklingur eða lítilsigldur, þá er auðsætt, hve auðvelt hinum meira megnandi manni væri að ásælast hinn og jafnframt breyta svo liðlega og vel við

hann að öðru leyti, að lítilmagninn léti við svo búið standa, ekki sízt ef hann væri nú leiguliði fjarlægs eiganda.

Það virðist viðsjárvert, að hefð geti myndazt á eins manns búskaparárum, og því kom jafnvel sú skoðun fram í nefndinni, að hefðartíminn á slíkum fasteignum ætti að vera 100 ár, eins og hjá Bretum, svo að vissa væri fyrir, að hefðartíminn næði yfir tvær kynslóðir að minsta kosti.

Hitt varð þó ofan á, að öllum ástæðum metnum, að halda að eins fram 50 ára hefðartíma á þessum fasteignum. Annars vegar mun það ýkja fátítt, að sami maður búi 50 ár samfleytt á sömu jörð. En hins vegar er sá tími ekki leingri en svo, að nær ávalt mun auðið að finna gamla menn á lífi, er muna þá tíð.

Hefðartími á ósýnilegum ítökum leggjum vér til að leingist um 10 ár, svo að hann verði 50 ár eða eigi skemri en á hinum sýnilegu utan verzlunarstaða og kaupstaða.

Um lausafjárhefðina höfum vér orðið ásáttir um, þótt sumir nefndarmenn hefðu viljað halda þar frv. óbreyttu, að stinga upp á, að leingja hefðartímann um 5 ár.

Orðabreytingar gerum vér nokkrar við frv., sem oss þykir ekki þörf á að færa rök fyrir hér.

Vér ráðum deildinni til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingartillögum, er hér fara á eptir.

Alþingi 20. Júlí 1905.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Jón Ólafsson, skrifari og framsögum.
Guðjón Guðlaugsson.

Ed.

137. Breytingartillögur

við frv. til laga um hefð.

Frá nefndinni.

1.	Við 2. gr. 1. málslið.	Hann orðist svo: »Skilyrði fyrir hefð er 20 ára óslitið eignarhald á fasteign í verzlunarstöðum og kaupstöðum, 50 ára á fasteign, sem metin er til dýrleika, en 15 ára á lausafé«.
2.	— 2. gr. 2. ——	(orðabr): Síðari málgrein málsliðar þessa orðist svo: »Sama er og ef hefðandi fær vitneskju um, áður en hefðin er fullnuð, að eignarhaldið« o. s. frv.
3.		Hvervetna í frumarpinu breytist: »hefðarmaður« »hefðarmanns«, »hefðarmanni« o. s. frv. í hefðandi, hefðanda o. s. frv.
4.	— 6. gr. 2. ——	Fyrir: »sem stofnaður er af öðrum« komi: sem stofnaður er með samningi handa öðrum
5.	— 6. gr. 2. ——	Fyrir: »þótt ekki séu liðin 20 ár« komi: »þótt ekki sé liðinn hefðartími«.
6.	— 7. gr.	Fyrir: »afnotarétt« komi: ítaksrétt.
7.	Við 8. gr.	Fyrir: »40« komi: 50.

8. — 9. gr. 1. —— Fyrir: »í 20 ár« komi: hefðartíma fullan.
9. — 9. gr. 2. Fyrir: »aðrar kringumstæður« komi: önnur atvik.
10. — 9. gr. 4. —— Fyrir: »í 20 ár« komi: hefðartíma fullan.
11. — 12. gr. *in fine*: Fyrir: »1909« komi: 1910.

Ed. **138. Frumvarp**
til laga um fóðurskyldu svo nefndra Maríu- og Péturslamba.
(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

Fóðurskylda hinna svo nefndu Maríu- og Péturslamba skal afnumin jafnóðum og þau prestaköll losna, þar sem hún nú er.

Nd. **139. Frumvarp**
til laga um landsdóm.
(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsdómur skal stofnaður á Íslandi. Samkomustaður hans er að jafnaði í Reykjavík.

2. gr.

Landsdómurinn dæmir mál þau, er Alþingi lætur höfða gegn ráðherranum út af embættisrekstri hans, eða á móti landritara út af embættisrekstri hans, er hann gegnir ráðherrastörfum ó eigin ábyrgð.

3. gr.

Í landsdómnum eiga sæti 6 sjálfkjörnir lögfræðingar: dómararnir í landsyfirdómnum þrír, séu þeir ekki alþingismenn, og enn fremur svo margir af hinum elztu lögfræðingum landsins, er í öðrum embættum sitja, eiga ekki sæti á Alþingi og eru ekki í stjórnarráðinu, að talan verði full.

4. gr.

Enn eiga sæti í dómnum 24 þar til kjörnir menn, og skal kosningu á þeim hagað svo, að hver sýslunefnd og bæjarstjórn á landinu kjósi, að tilhlutun stjórnarráðsins, svo marga innanhéraðs- og innanbæjarmenn, sem hér segir:

Sýslunefndin í	Vesturskaptafellssýslu	kýs 2
——	- Vestmannéyjasýslu	— 1
——	- Rangárvallasýslu	— 4
——	- Árnessýslu	— 6
——	- Gullbringusýslu	— 3
——	- Kjósarsýslu	— 1
——	- Borgarfjarðarsýslu	— 2
——	- Mýrasýslu	— 2
——	- Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	— 3
——	- Dalasýslu	— 2
——	- Austurbarðastrandasýslu	— 1

Sýslunefndin í	Vesturbarðastrandasýslu	kýs 2
———	- Vesturísafjarðarsýslu	— 2
———	- Norðurísafjarðarsýslu	— 3
———	- Strandasýslu	— 2
———	- Húnavatnssýslu	— 4
———	- Skagafjarðarsýslu	— 4
———	- Eyjafjarðarsýslu	— 4
———	- Suðurþingeyjarsýslu	— 4
———	- Norðurþingeyjarsýslu	— 1
———	- Norðurmúlasýslu	— 3
———	- Suðurmúlasýslu	— 4
———	- Austurskaptafellssýslu	— 1
Bæjarstjórnin í	Reykjavík	— 6
Bæjarstjórnin á	Ísafirði	kýs 2
———	- Akureyri	— 2
———	- Seyðisfirði	— 1
		Samtals 72.

Þar sem fleiri skal kjósa en einn, getur hver sýslunefndarmaður eða bæjarfulltrúi krafizt hlutfallskosningar, er þá fer fram eptir fyrirmælum þingskapa Alþingis um slíka kosning þar.

Af hinum kjörnu 72 mönnum nefnir efri deild Alþingis þess, er fyrst kemur saman, eptir að kosning í sýslunefndum og bæjarstjórnum hefir fram farið, á öðrum fundi sínum tvennar tylftir frá, eptir þeim reglum, sem gilda um nefndarkosningar (einnig hlutfallskosningar). Því næst sendir forseti deildarinnar skýrslu, svo fljótt sem verða má, um það, hverja deildin hafi frá nefnt, til forseta sameinaðs þings, en hann lætur þá á fundi sameinaðs Alþingis taka með hlutkesti tvær tylftir af þeim fjórum tylftum, sem eptir eru. Þær tvær tylftir, er þannig eru hlutkesti teknar, eiga setu í landsdómnum. Hinar tvær tylftirnar skulu vera til vara til að ganga í dóminn, ef einhver hinna kjörnu dómenda deyr, missir kjörgeingi eða forfallast.

Jafnskjótt og hlutkesti hefir fram farið, tilkynnir forseti sameinaðs þings forseta landsdómsins, hverir hafi hlotið kosningu sem dómendur og varamenn í landsdómnum, en hann tilkynnir þeim það aptur hverjum fyrir sig, og senda þeir honum þá aldursskírteini sín.

5. gr.

Einginn er kjörgeingur í landsdóminn, samkvæmt 4. gr., sem

a. er yngri en 35 ára eða eldri en 60 ára;
b. á sæti á alþingi;
c. hefir verið dæmdur fyrir verknað, er svívirðilegur er að almenningsáliti;
d. hefir mist fjárráð;
e. hefir þegið af sveit og ekki annaðhvort endurgoldið styrkinn eða feingið eptirgjöf á honum;
f. er öðrum háður sem hjú;
g. er þegn annars ríkis eða í þjónustu þess;
h. á heima á öðru landi.

Einginn, sem kjörgeingi hefir, getur skorast undan kosningu til landsdómsins.

6. gr.

Forstjóri landsyfirdómsins er forseti landsdómsins, unz hann er kosinn samkvæmt 14. gr.

7. gr.

Nú deyr kjörinn dómari einn eða fleiri, áður en dómur er ruddur (§ 11), missir kjörgeingi eða forfallast á annan hátt, þannig að hann getur ekki setið í dómnum, og tekur þá forseti dómsins með hlutkesti jafnmarga menn af varamönnum, og úr geingu, og eiga þeir eptir það sæti í dómnum. Ef dómur er ruddur, og kjörinn dómandi, er eptir hefur setið í dómnum, forfallast eða verður að víkja eptir almennum reglum, tekur forseti með hlutkesti 3 af varamönnum í hans stað, og ryður ákærður einum þeirra, en sóknari öðrum.

8. gr.

Dómendur skipa dóminn, meðan þeir fullnægja kjörgeingisskilyrðunum, en varamennirnir skulu kosnir 6. hvort ár, þannig að sýslunefndir og bæjarstjórnir kjósa samkvæmt 3. gr. 72 innanhéraðs- og innanbæjarmenn, og nefnir efri deild Alþingis frá 24 þeirra á þann hátt, er segir í sömu grein. Af þeim fjórum tylftum, er þá verða eptir, tekur forseti dómsins með hlutkesti varamennina 24.

Hvar þess, er forseti lætur hlutkesti fram fara, skal hann hafa viðstadda tvo valinkunna menn, og ennfremur skal vera þar við maður, er ráðherrann skipar til þess, og, er mál er höfðað, ákærður eða maður, er hann til þess nefnir.

9. gr.

Dómendum bera sömu fæðispeningar og alþingismönnum og endurgjald fyrir ferðakostnað eptir reikningi, sem dómurinn sjálfur úrskurðar. Allur dómskostnaður greiðist úr landsjóði.

10. gr.

Ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherranum eða landritaranum skal gerð með þingsályktun í sameinuðu þingi, og skulu kæruatriðin vera nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda sé sókn málsins bundin við þau. Jafnframt kýs þingið mann til að sækja málið af sinni hendi, og annan til vara, ef hinn kynni að forfallast.

11. gr.

Sóknari sendir forseta landsdómsins síðan tafarlaust þingsályktunina í frumriti og eptirriti. Forseti sendir ákærðum eptirritið með áritaðri áskorun um að ryðja dóminn á ákveðnum stað og stundu, og aðvarar um leið sóknara skriflega um að ryðja dóminn af sinni hálfu. Þá skipar forseti ákærðum verjanda, og skal taka til þess mann, sem heima á á Íslandi. Ákærður tilnefnir sjálfur manninn, ef hann vill. Rétt er og að ákærður haldi sjálfur uppi vörn fyrir sig ásamt verjanda. Dómruðning fer þannig fram, að báðir málspartar, sóknari og ákærður eða verjanda hans, mæta fyrir forseta á tilteknum stað og stundu, og ryður ákærður 2 af hinum lögskipuðu dómendum og 9 af hinum kjörnu, en sóknari 1 af hinum fyrnefndu dómendum, en 3 af hinum.

Nú ryður aðili annarhvor eða báðir eigi dóminn, og tekur þá forseti burtu með hlutkesti jafnmarga og ryðja átti.

Við dómruðning skulu viðstaddir sem vottar 4 menn valinkunnir og óvilhallir.

Nú lætur annarhvor málsaðila þess getið við dómruðning, að hann þurfi að afla upplýsinga um kæruatriðin utan Reykjavíkur, og skal þá forseti kalla dómendur þá, er dæma eiga málið, saman með 3—6 mánaða fyrirvara, eptir því sem ástæður eru til, en óski hvorugur aðila að leita sannana utan Reykjavíkur, kallar forseti dómendur saman með öðrum hæfilegum fyrirvara, ekki þó leingri en 3 mánaða. Stefnu skal hann jafnan gefa út á hendur ákærðum, með hinum sama fresti, sem dómendum er veittur, en sóknari lætur birta stefnuna. Stefnan skal rituð á frumrit þingsályktunarinnar.

12. gr.

Það er skylda sóknara að leita allra sannana, þar á meðal útskriptar úr gerðabók ríkisráðsins um tillögur ákærða, og verjanda að færa fram alt það, er sýkna má ákærðan, eða mýkja málstað hans, enda er ákærðum frjálst að gæta hagsmuna sinna ásamt verjanda. Kona ákærða, foreldrar hans og teingdaforeldrar og fjarskyldari eða fjarteingdari beint upp á við, börn hans og barnabörn og fjarskildari beint niður á við, systkyni eða jafnteingdir menn verða ekki krafðir vitnisburðir um kæruatriðin. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur um vitni og vitnaskyldu.

13. gr.

Þá er leita þarf vitna utan Reykjavíkur, skal vitnaleiðslan fara fram með venjulegum hætti fyrir héraðsdómi, og skal til hennar stefnt með sama hætti og sama fresti, sem um einkamál væri að ræða milli sóknara og ákærða. Vitnaleiðsla í Reykjavík fer fram fyrir landsdómnum sjálfum. Forseti á, er þess er krafizt af öðrum hvorum málsaðila, að gefa út stefnu til vitna þeirra, er leiða á fyrir landsdómnum.

14. gr.

Nú eru dómendur komnir á dómstað, og skulu þeir þá vinna dómaraeið, sem hafa ekki unnið hann áður. Því næst kjósa dómendur sér forseta úr sínum flokki.

Eigi er dómur lögmætur, nema tveir af hinum lögskipuðu og 10 af hinum kjörnu dómendum, hinir sömu, hlýði á alla sókn og vörn í málinu og taki þátt í að dæma dóminn.

15. gr.

Málflutningur fyrir landsdómi fer fram í heyranda hljóði þannig, að sóknari leggur fram fyrir dómstólinn sönnunargögn sín: útskriptir af vitnaleiðslum utan Reykjavíkur og önnur skjöl, færir síðan fram vitni þau, er nærstödd eru, og spyr hann þau sjálfur, en ákærðum og verjanda er heimilt að leggja fyrir þau gagnspurningar. Dómurinn á eingan þátt í vitnaleiðslunni, en heimilt er bæði vitninu og aðilum að skjóta því til úrskurðar forseta, hvort spurning sé svo háttað, að svara þurfi henni, og skal hlíta þeim úrskurði. Þá er sóknari hefir fært fram sönnunargögn sín, flytur hann sókn í málinu munnlega. Síðan færir ákærður eða svaramaður hans á sama hátt fram sín sönnunargögn, þar á meðal nærstödd vitni, er hann spyr sjálfur, en sóknara er heimilt að leggja fyrir vitni ákærða gagnspurningar. Gildir um aðstöðu

dómsins við þessa vitnaleiðslu hið sama sem við vitnaleiðslu af sóknara hálfu. Er færð hafa verið fram sönnunargögn af hálfu ákærða, flytur verjandi fram vörnina, svo og ákærður sjálfur, ef hann vill, einnig munnlega. Sóknari á þá rétt á að svara, og ákærður og talsmaður hans til að svara aptur. Hvort aðilar taki optar til máls, ákveður forseti dómsins, en jafnan skal gæta þess, að ákærður og talsmaður hans hafi tækifæri til að taka eins opt til máls og sóknari, og að taka til máls síðast, áður en málið er tekið upp til dóms.

16. gr.

Dómur skal ganga í málinu innan 3 sólarhringa, frá því er sókn og vörn var úti.

Ákærðum verður ekki gerð refsing, né heldur verða skaðabætur né málskostnaður lagður á hann, nema $^4/_5$ dómenda þeirra, er taka þátt í að dæma dóminn, séu á eitt sáttir.

Í dómnum skal ákveða sóknara og svaramanni hæfilega þóknun fyrir málfærsluna. Þóknun verjanda má eigi vera minni en sóknarans. Að öðru leyti fer um málskostnaðargreiðslu eptir almennum reglum.

Dómurinn skal bygður á forsendum, en án fullnægingarfrests.

Sóknari annast um birtingu og fullnustu dómsins á venjulegan hátt.

Ed.

140. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um stofnun Fiskiveiðasjóð Íslands (101).

Frá Eiríki Briem, Birni M. Ólsen, Guttormi Vigfússyni, Þórarinn Jónssyni.

1. gr. orðist þannig:

Stofnfé Fiskiveiðasjóðs Íslands er 100,000 kr., er landssjóður leggur fram í skuldabréfum fyrir lánum til þilskipakaupa og í peningum. Við stofnféð bætist sektarfé það, sem inn kemur fyrir ólöglegar fiskiveiðar í landhelgi, að meðtöldu netto-andvirði því, er inn kemur fyrir upptækan afla og veiðarfæri botnvörpunga, eptir að lög þessi öðlast gildi.

2. gr. orðist þannig:

Til sjóðsins leggur landssjóður 5000 kr. tillag á ári hverju, er telst með árstekjum hans.

3. gr. orðist þannig:

Tilgangur Fiskiveiðasjóðsins er að efla fiskiveiðar- og sjávarútveg landsmanna.

Stofnféð má aldrei skerða. Skal því og árstekjum sjóðsins varið til lánveitinga til skipakaupa og veiðarfæra og hvers konar atvinnubóta við fiskiveiðar. Tekjunum má og verja til að styrkja efnilega unga menn til að kynna sér veiðiaðferðir, fiskverkun og annað, er lýtur að sjávarútvegi, meðal erlendra þjóða. — Enn fremur má verja nokkru af tekjunum til verðlauna fyrir framúrskarandi atorku og eptirbreytnisverðar nýjungar í fiskiveiðum og meðferð fiskjar.

Við 4. gr.

Eptir »lánveitingar« í 2. og næstsíðustu línu greinarinnar komi: styrkveitingar.

Ed. **141. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um landsdóm.

Frá Jóni Jakobssyni, B. M. Olsen, Jóni Ólafssyni,

Við 12. gr. Orðin: »þar á meðal útskriptir úr gerðabók ríkisráðsins« falli burt.

Nd. **142. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna við kauptún í landinu o. fl.

Flutningsmenn: Guðlaugur Guðmundsson, Jón Jónsson.

1. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að staðfesta reglugerðir um notkun hafna við löggilt kauptún á Íslandi, um notkun á hafnarbryggjum og öðrum mannvirkjum, svo og um seglfestu. Reglugerðin skal samin eptir tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar og sýslumanns.

2. gr.

Ákveða má í reglugerðum, er um er rætt í 1. gr., sektir fyrir brot alt að 400 kr., svo og gjöld fyrir notkun hafna, hafna-mannvirkja og fyrir seglfestu.

Nd **143. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sölu þjóðjarða.

Flutningsmaður: G. Björnsson.

1. Við 1. gr. Í stað »ábúendum . . . . . ábýli sín« komi: þjóðjarðir, þá er þær losna úr ábúð eða ábúendur óska þess.
2. — 1. — Aptan við greinina bætist ný málsgrein: Ábúendur eiga jafnan forkaupsrétt að jöfnu boði við aðra.
3. 4. gr. Falli burt.
4. 5. gr. Falli burt.
5. 6. gr. Falli burt.
6. Við 8. gr., sem verður 5. gr. Síðari hluti fyrri málsgr. »Verðið . . . . í því bygðarlagi« falli burt.
7. — 9. gr., sem verður 6. gr. Í stað: »söluverði . . . . . kaupendur« komi: andvirði jarðarinnar, ef hún er seld, og greidd ábúanda þeim, er þær gerði, ekkju hans eða niðjum.
8. — 11. gr., sem verður 8. gr. Orðin: »kaupbeiðanda og« falli burt.
9. — 11. gr. Í stað: »Beiðnina . . . . . umboðsmanni« komi: Því næst heldur sýslumaður uppboð á jörðunni eptir þeim reglum, er gilda um opinber uppboð, og sendir umboðsmanni uppboðsgerðina ásamt öllum öðrum skjölum málsins.
10. Við 12. gr., sem verður 9. gr. Orðið »honum« falli burt.
11. — - — Í stað »beiðni, mat og«, komi: mat, uppboð og.
12. — 14. — sem verður 11. gr. Í stað »Nú kaupir ábúandi jörð« komi: Nú er jörð seld.
13. — - — Í stað »skal hann þá« komi: skal kaupandi þá.

14. Við 15. — sem verður 12. gr. Í stað »sem metið hefir verið« komi: sem boðið hefir verið.
15. — 16. — sem verður 13. gr. Fyrri málsgreinin orðist þannig: Kostnað við mat og uppboð greiðir kaupandi; ef ekki verður af kaupum, greiðist þessi kostnaður úr umboðssjóði.
16. Á eptir 16. gr., sem verður 13. gr., komi 3 nýjar greinar, sem verða 14., 15. og 16. gr., svo hljóðandi:

14. gr.

Af andvirði þjóðjarða, er seldar verða eptir að lög þessi öðlast gildi, skal stofna sjóð, er nefnist Fasteignasjóður Íslands.

15. gr.

Tilgangur sjóðsins er að koma upp nýjum fasteignum í landinu.

Stofnféð má ekki skerða; það skal lánað sýslufélögum, bæjarfélögum og sveitafélögum til nýrra mannvirkja, til að koma upp skólahúsum, sjúkrahúsum eða öðrum byggingum í almennings þarfir, gera brýr eða akvegi, eða hafnarvirki eða önnur þau mannavirki, er koma almenningi að notum.

Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins, en Alþingi ræður lánveitingum.

Vöxtunum skal verja eptir ákvæði Alþingis til nýrra mannvirkja, er komi landinu öllu eða heilum héruðum að notum, þó svo, að jafnan gangi að minsta kosti $^1/_5$ vaxtanna til þess að auka stofnféð.

16. gr.

Það ákvæði í lögum 2. marz 1900 um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands, er kemur í bága við þessi lög, skal úr gildi numið.

17. Aptan við fyrirsögn frumvarpsins bætist: og stofnun Fasteignasjóðs Íslands.

Nd.

144. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um forkaupsrétt leiguliða o. fl,

Frá nefndinni:

1. Við 3. gr. Orðin »eða leigð« falli burt.
2. — — — Fyrir »forgangsrétt til kaups eða leigu« komi: forkaupsrétt.
3. — 4. gr. Fyrir »forgangsrétt til kaups eða leigu« komi: forkaupsrétt.
4. — — — Fyrir »forgangsréttinn« komi: forkaupsréttinn.
5. — 5. gr. Orðin »sama er og um leigurétt samkvæmt 3. gr.« falli burt.
6. — 6. gr. Fyrir »forgangsréttur« komi forkaupsréttur.
7. — — — Orðin »eða leiguna« falli hurt.

Nd. **145. Frumvarp**

til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fjárhagstímabilið 1906—1907 hafa íslenzk samvinnusmjörbú rétt til verðlauna úr landssjóði fyrir smjör selt erlendis, er þau sjálf hafa verkað.

2. gr.

Verðlaunin er 5 aurar á hvert danskt pund fyrir alt það smjör, sem ekki selst minna en 65 aura pundið.

3. gr.

Sá, er verðlaun vill hljóta, sækir um þau til stjórnarráðs Íslands; skal hann láta umsókn sinni fylgja farmskrá frá skipstjóra þeim, er smjörið flutti eða vottorð frá afgreiðslumanni skips þess, er smjörið var sent með, er sýni þyngd þess með umbúðum og tölu íláta. Svo skal og fylgja sölureikningur smjörsins, undirritaður af þeim, er með söluna fór, og sé þar tilgreint söluverð hverrar einstakrar smjörsendingar, eða hluta af henni, sé hún eigi seld í einu lagi.

Nú er umsókn um verðlaun fyrir smjörsölu á hinu liðna ári eigi komin til stjórnarráðsins fyrir lok Febrúarmánaðar 1907 og 1908, og verður sú umsókn þá eigi tekin til greina.

4. gr.

Stjórnarráðið sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett samkvæmt 3. gr., og úthlutar verðlaunum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög um verðlaun fyrir útflutt smjör 3. Okt. 1903.

Ed. **146. Frumvarp**

til laga um að nema úr gildi lög 12. Nóvember 1875 um þorskanetalagnir í Faxaflóa.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

Lög 12. Nóvember 1875 um þorskanetalagnir í Faxaflóa eru úr gildi numin.

Ed. **147. Frumvarp**

til laga um að stofna slökkvilið á Akureyri.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Á Akureyri skal stofna slökkvilið.

2. gr.

Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með slökkvivélar og önnur slökkvitól, eptir boði bæjarfógeta eða þess yfirboðara, er bæjarstjórnin setur yfir slökkviliðið. Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bænum skyldir að koma til brunans. Þeir eru skyldir til að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, er að því lúta að bjarga úr eldinum, slökkva hann eða takmarka, eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugjörð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir alt að 50 kr. fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Akureyrar.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þeirri, er um er getið í 2. gr., skal farið sem með opinber lögreglumál.

Nd. **148. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Holtsós undir Eyjafjöllum.

Flutningsmaður: Eggert Pálsson.

Við Holtsós undir Eyjafjöllum skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **149. Breytingartillögur**

við frv. til laga um skýrslur um alidýrasjúkdóma.

Flutnm.: Guðl. Guðmundsson.

1. Framan við 4. gr. bætist:

Gefi nokkur vísvitandi rangar skýrslur um nokkur þau atriði, er um er spurt samkvæmt 1. gr. þessara laga, eða neyti nokkur að staðfesta skýrslu sína með vottorði upp á æru og trú, varðar það sektum frá 10—200 kr.

2. Aptan við 4. gr. bætist:

Lögreglustjóri ákveður dagsektir með úrskurði, er birta skal hlutaðeigenda á venjulegan hátt.

Nd. **150. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör.

Flutningsmenn: Guðlaugur Guðmundsson, M. J. Kristjánsson, Jóhannes Ólafsson, Jón Jónsson, Tryggvi Gunnarsson, Guðmundur Björnsson.

1. gr. orðist þannig:

Rétt til verðlauna úr landssjóði á hver sá maður eða félag, er flytur út íslenzkt smjör til sölu erlendis, er nær verði því, sem til er tekið í 2. grein.

Nd. **151. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bændaskóla.

Frumvarp milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálinu hefir verið lagt fyrir þingið óbreyt sem stjórnarfrumvarp. Stjórnarráðið kveðst vera landbúnaðarnefndinni alveg samdóma um öll aðalatriði í þessu máli, og einkanlega um það atriði, sem alt frumvarpið byggist á, að einungis verði 2 búnaðarskólar framvegis, annar á Suðurlandi, en hinn á Norðurlandi.

Hér ræðir fyrst um það, að búnaðarskólarnir, sem framvegis heiti bændaskólar, verði landsstofnanir, og reka þar eptir þegar ákomnar og væntanlegar breytingar á héraðastjórn vorri. Í annan stað er það hin þýðingarmikla breyting að fá 2 myndarlega og góða skóla með sem fullkomnustum kenslukröptum og kenslutækjum, sem fulltreysta má að mikill fjöldi bændaefna landsins sæki. Og loks ræðir hér um verulega breyting á kenslufyrirkomulaginu, og meiri greining á bóklegri og verklegri kenslu en verið hefir undanfarið, sem með eingu móti verður hjá komizt með þeim nemendafjölda, sem skólarnir eiga og þurfa að hafa.

Vér erum allir samdóma um það að gagngerð breyting á búnaðarskólafyrirkomulagi voru sé bráðnauðsynleg. Aðsókn að skólunum á Hvanneyri og Eiðum er að verða sáralítil og fer bersýnilega þverrandi, og er eigi með neinu móti fært, að verja fé til þeirra áfram, svo að nokkru nemi og um fleiri ár, eins og fyrirkomulag þeirra er nú. Aptur á móti hefir Hólaskóli blómgazt ákaflega mikið eptir að kenslufyrirkomulaginu var breytt, en fyrirkomulagi hans er að mestu fylgt í frumvarpinu. Frá þeim skóla hefir á síðustu árum komið mikil vakning og fjörugt framkvæmdalíf til viðreisnar landbúnaðinum, og sérstaklega hefir gefizt einkar vel og verið mjög svo auðsótt að koma nemendunum annarsstaðar að verklegu námi.

Eina verulega atriðið, sem ágreiningur var um í nefndinni, var niðurlagning Eiðaskólans. Nefndarmaðurinn úr Múlaþingi taldi það sérstaklega athugavert vegna þess, að sýslunefndirnar tvær, sem skólann eiga, höfðu eigi átt kost á því, að leggja til mála um þá tillögu, og óskaði hann þeirra framlaga úr landssjóði, að Eiðaskólinn gæti haldið áfram í sömu endurbættu mynd og bændaskólarnir, sem frv. gerir ráð fyrir. Hann heldur því og fastlega fram, að meðan skólinn er eigi færður frá Hólum í Eyjafjörð, geti eigi komið til mála, að svipta Eiðaskólann landssjóðsstyrknum. Hinir nefndarmennirnir buðu þar fram til samkomulags óskorað fylgi sitt til þess, að Eiðaskóli héldi ekki einungis landssjóðsstyrk sínum 1906, sem virðist sjálfgefið, og fjárlagafrumvarp stjórnarinnar flytur, heldur væri og skólanum veittur ríflegur styrkur til loka skólaársins 1907. — Virðist þá tími til að útskrifa þá, er kynnu að koma á skólann í haust, og þó að eitthvað með því lagi kynni að verða lagt úr landssjóði fram yfir þarfir sjálfs skólans lokaárið, mætti skoða það sem framlag til landbúnaðar í Múlasýslum, þar sem Eiðaeignin geingur að sjálfsögðu í einhverri mynd til landbúnaðarframfara í þeim sýslum. Vér lítum svo á, eða að minsta kosti meiri hluti nefndarinnar, að Austurland geti feingið fylstu bætur í annari mynd, landbúnaði sínum til eflingar og umbóta, fyrir hinn niður lagða skóla, og eigi líka heimtingu á því.

Í 7. gr. frumvarpsins er ætlazt til, að búnaðarskólasjóðir Austur- og Vesturamtsins gangi til bændaskólanna, og telur meiri hlutinn það réttlátt, þegar

litið er á það, að Norður- og Suðurömtin hafa látið sína stóru sjóði ganga til stofnunar og reksturs sinna skóla.

Í ástæðum fyrir stjórnarfrumvarpinu er það ákvæði frumvarpsins helzt talið varhugavert, að skólastjóri sé um leið bústjóri. Vér játum það fúslega, að vandfeinginn sé maður til þess, en vandinn er aptur enn meiri að greina það tvent í sundur, eins og að er vikið í ástæðum milliþinganefndarinnar, og reynsla sú, sem feingin er á Hólum, styrkir oss í því að þetta tvent verði þó að fara saman.

Um framkvæmd laganna, verði frumvarpið samþykt, höfum vér það að segja, að með framlagi Búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins, og að feingnu samþykki amtsráðs Suðuramtsins, mun auðgefið að breyta fyrirkomulaginu á Hvanneyri á næsta fjárhagstímabili, án sérlegra framlaga úr landssjóði til stofnkostnaðar að sinni. Hitt er erfiðara nú á þessu þingi, vegna vantandi kostnaðaráætlana og fleira, að gera ráð fyrir framlögum úr viðlagasjóði til færslu Hólaskóla í Eyjafjörð. Sú færsla er óhjákvæmileg með hinu breytta fyrirkomulagi, og mjög bagalegt með hvert árið, sem það dregst. Verði frumvarpið samþykt, teljum vér þar með samþykt að skólinn flytjist í Eyjafjörð, þar sem það er undirstöðuatriði fyrir fækkun skólanna og samnotum Austfirðinga og Norðlinga af skólanum. En um sinn gerum vér eigi beinar tillögur um nánari ákvæði þar að lútandi.

Vér teljum það eigi síður en milliþinganefndin sjálfgefið, að amtsráðin nyrðra og syðra taki því tveim höndum að afhenda landinu skólana með eignum og skuldum.

Ýtarlegra nefndarálit sjáum vér eigi ástæðu til að rita um þetta mál, þar sem vér í öllu því, sem mestu skiptir, föllumst á hinar rækilegu ástæður milliþinganefndarinnar um málið.

Vér teljum mál þetta mjög þýðingarmikið, og að því verði að ráða til lykta á þessu þingi.

Ver höfum eigi að svo stöddu fundið ástæðu til að gera breytingartillögur við einstök atriði frumvarpsins, og aðalstefnuna teljum vér í alla staði rétta.

Tillaga vor er því, að frumvarpið sé samþykt óbreytt.

Alþingi 22. Júlí 1905.

Árni Jónsson,	Þórh. Bjarnarson,
formaður.	skrifari og frams.m.
Hannes Þorsteinsson.	Hermann Jónasson.

Einar Þórðarson,
með fyrirvara.

Nd. **152. Frumvarp**
til laga um bæjargjöld í Reykjavík.
(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Fé það, er útheimtist til þess, að standa straum af útgjöldum Reykjavíkurkaupstaðar til bæjarþarfa, skal, að svo miklu leyti sem hinar sérstöku tekjur kaupstaðarins eigi hrökkva til, feingið með því, að leggja gjald á bygðar og óbygðar lóðir og á húseignir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, og þar

næst einnig með því, að leggja skatt á kaupstaðarbúa sjálfa, stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

2. gr.

Af öllum lóðum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, bygðum og óbygðum, skal greiða til bæjarsjóðs $^1/_2$ % — hálfan af hverju hundraði — af virðingarverði lóðarinnar.

3. gr.

Undanskildar gjaldi eru þær lóðir, sem greitt er af árgjald eða annað gjald eptir samningi við bæjarstjórnina, svo og túnblettir þeir eða svæði, er bæjarstjórn hefir veitt stofnunum eða ýmsum mönnum án endurgjalds að staðaldri eða um tiltekið árabil. Skal með slíkar lóðir eða lóðarparta farið eptir því, sem samningur eða heimild er til.

4. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, hvort sem þau eru bygð úr steini, timbri, torfi eða öðru efni, og hvort sem þau eru ætluð til íveru eða annars, skal greiða gjald til bæjarsjóðs $^1/_2$ ‰ — einn af hverju þúsundi — af virðingarverði hússins.

Gjaldið greiðist af húseignunum eptir brunabótavirðingu þeirra.

5. gr.

Nú vill bæjarstjórn lækka gjöld þau, er nefnd eru í 2. og 4. gr. eða hækka þau eða gera nánari ákvarðanir eða takmarkanir um álagning þeirra, og ber hún þá tillögu um það undir almennan fund gjaldenda, er haldinn skal í Janúarmánuði, og skal hún boða til fundarins með að minsta kosti 14 daga fyrirvara. Á fundinum hafa allir þeir bæjarbúar atkvæðisrétt, er kosningarrétt hafa til bæjarstjórnar.

Samþykki fundurinn tillögu bæjarstjórnar, skal hún borin undir stjórnarráðið til staðfestingar. Samþykki fundurinn með $^2/_3$ atkvæða breyting á tillögu bæjarstjórnar, skal málið að nýju borið undir bæjarstjórnina, og ef hún aðhyllist breyting fundarins, skal bera ályktunina þannig lagaða undir staðfesting stjórnarráðsins.

Reglum þeim, er þannig eru settar, má á sama hátt breyta, en gilda skulu þær að minsta kosti 6 ár í senn.

6. gr.

Nefnd þriggja manna virðir lóðir til skatts; kýs bæjarstjórn einn þeirra, og er hann formaður nefndarinnar, en hinir tveir skulu kosnir af öllum bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa til bæjarstjórnar eptir sömu reglum, sem endurskoðunarmenn bæjarreikninganna eru kosnir. Kosningin gildir til 6 ára.

Bæjarstjórnin getur veitt nefndarmönnum þóknun fyrir starf þeirra.

7. gr.

Nefndin skal virða lóðirnar til lóðargjalds á þann hátt, að meta verð það, er hver lóð húslaus mundi ganga kaupum og sölum miðað við stærð og legu hennar og afstöðu við götur; skal síðasta söluverð haft til hliðsjónar, sé það kunnugt.

8. gr.

Aðalvirðing á lóðum skal fara fram í Júlí og Ágústmánuði og skal skrá

sú, er nefndin semur, liggja frammi til sýnis frá 1. til 14. September; kærur gegn hinni framlögðu skrá skulu sendar bæjarstjórn innan loka Septembermánaðar, og leggur hún úrskurð á þær, eptir að hún hefir leitað álits nefndarinnar um þær.

9. gr.

Virðingarskráin skal gilda 6 ár í senn, talið í fyrsta sinn frá 1. Janúar 1907.

Breytingar þær og viðaukar, er verða á lóðum samkvæmt skýrslu byggingarnefndar, eptir að aðalvirðing hefir farið fram, skulu virðingamenn taka inn á skrána ár hvert fyrir lok Ágústmánaðar með nauðsynlegum breytingum á virðingunni.

10. gr.

Gjald af húsum og lóðum eptir lögum þessum skal innheimta í fyrsta sinn árið 1907.

11. gr.

Í gjaldi því, sem nefnt er í 1. gr. og ætlað er til að standast útgjöld bæjarins, að því leyti sérstakar tekjur hans, húsagjöld og lóðargjöld og hverjar aðrar tekjur, eigi hrökkva til, eru fólgin útsvörin eptir efnum og ástæðum, samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavik 20. April 1872, 22. gr., og gjald af föstum verzlunum og öðrum arðsömum stofnunum og fyrirtækjum í kaupstaðnum, er séu rekin að minsta kosti 4 mánuði á gjaldárinu, þótt eigendur þeirra hafi þar eigi fast aðsetur. Á þessa stofna skal gjald lagt, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástæðum samkvæmt því, er hæfa virðist eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sé tekið til annara tekna eða eigna þess, sem í hlut á.

Um niðurjöfnun þessara gjalda, ef til kemur, borgun og gjaldheimtur, skal farið eptir reglunum í tilskipun 20. April 1872.

12. gr.

Frá 31. Dec. 1906 eru numin úr gildi lög 19. Okt. 1877 um bæjargjöld í Reykjavík.

Ed.

153. Frumvarp

til laga um breyting á 19. gr. stjórnarskrár um hin sérstöku málefni Íslands 5. Jan. 1874.

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Sigurður Jensson, Guðjón Guðlaugsson, Guttormur Vigfússon og Þórarinn Jónsson.

Greinin orðist þannig:

Hið reglulega Alþingi skal koma saman 15. Febrúar annaðhvort ár, eða næstan virkan dag eptir, hafi konungur eigi tiltekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

Nd. **154. Frumvarp**
til laga um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofnfé Fiskiveiðasjóðs Íslands er 100,000 kr., er landssjóður leggur fram í skuldabréfum fyrir lánum til þilskipakaupa og í peningum. Við stofnféð bætist sektarfé það, sem inn kemur fyrir ólöglegar fiskiveiðar í landhelgi, að meðtöldu netto-andvirði því, er inn kemur fyrir upptækan afla og veiðarfæri botnvörpunga eptir að lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Til sjóðsins leggur landssjóður 5000 kr. tillag á ári hverju, er telst með árstekjum hans.

3. gr.

Tilgangur Fiskiveiðasjóðsins er að efla fiskiveiðar- og sjávarútveg landsmanna.

Stofnféð má aldrei skerða. Skal því og árstekjum sjóðsins varið til lánveitinga til skipakaupa og veiðarfæra og hvers konar atvinnubóta við fiskiveiðar. Tekjunum má og verja til að styrkja efnilega unga menn til að kynna sér veiðiaðferðir, fiskverkun og annað, er lýtur að sjávarútvegi, meðal erlendra þjóða. — Enn fremur má verja nokkru af tekjunum til verðlauna fyrir framúrskarandi atorku og eptirbreytnisverðar nýjungar í fiskiveiðum og meðferð fiskjar.

4. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins og semur skipulagsskrá fyrir hann og reglugerð um lánveitingar og úthlutun verðlauna.

Skipulagsskráin skal staðfest af konungi.

Verði stofnað alment fiskiveiða- eða útgerðarfélag fyrir land alt, í nokkurri líking við Búnaðarfélag Íslands, skal leita álits slíks félags um lánveitingar, styrkveitingar og verðlaunaveitingar þær, er um ræðir í 3. gr.

5. gr.

Þau ákvæði í 2. og 3. gr. laga 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum, að sektir og andvirði upptæks afla og veiðarfæra skuli renna í landssjóð, eru með þessu úr lögum numin.

Nd. **155. Frumvarp**
til laga um afnám fóðurskyldu svo nefndra Maríu- og Péturslamba.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Fóðurskylda hinna svo nefndu Maríu- og Péturslamba skal afnumin jafnóðum og þau prestaköll losna, þar sem hún nú er.

Ed. **156. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um landsdóm.
Frá nefndinni.

1. Við 6. gr. Í stað orðsins »hann« komi: forseti.

2. Við 12. gr. Á eptir orðunum »lætur birta stefnuna« í síðustu málsgrein, bætist inn í: svo fljótt, að ákærður fái að minsta kosti eins langan stefnufrest og ákveðinn er til landsyfirdóms í einkamálum.
3. Við 16. gr. Í stað orðsins »málsfærsluna« í 3. málsgrein komi: málflutninginn.

Ed. **157. Frumvarp**
til laga um vátrygging sveitabæja og tómthúsa í sveitum, utan kauptúna.
(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

I. kafli.
Um brunabótasjóði sveitarfélaga.

1. gr.

Sveitarfélögum á Íslandi er heimilt að stofna brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum utan kauptúna með skylduábyrgð (sbr. 7. gr.). Lög þessi tiltaka verksvið þeirra, en fyrirkomulagið skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Brunabótasjóður bætir tvo þriðju hluta alls þess skaða á húsum, vátrygðum þar, úr hvaða efni sem þau eru bygð, er af eldsbruna hlýzt, nema eigandi, kona hans, eða nánustu erfingjar hafi af ásettu ráði eða stórkostlegu hirðuleysi valdið brunanum, eða bruninn er svo lítill að eigi nemi 20 kr. í 2000 kr. húseignum og meiri, eða 1% á minni húseignum. Til brunaskaða teljast og skemdir á vátrygðum húsum, sem stafa af björgunartilraunum.

3. gr.

Til húsa telst alt múrfast og naglfast, þar á meðal eldstór, ofnar föst rúmstæði, o. s. frv.

4. gr.

Skylduábyrgð hvílir á öllum íbúðarhúsum, sem liggja utan kauptúna, án tillits til, af hvaða efni þau eru byggð, og geymsluhúsum, sem þeim eru áföst. Heimilt er og að vátryggja í brunabótasjóðum hreppanna peningshús, hlöður og önnur hús til ábúðarnota.

Ennfremur er heimilt, með samþykki meiri hluta atkvæðisbærra húsráðenda, að taka til ábyrgðar í brunabótasjóði hrepps samskonar hús og í hreppnum, þótt þau séu í öðrum hreppi, ef ástæður þar banna, að stofnaður sé brunabótasjóður samkvæmt lögum þessum.

Sá er undanþeginn skylduábyrgð í sjóðnum, er sýnir sveitarstjórn árlega skilríki fyrir því, að hann hafi vátrygt hús sín í áreiðanlegu erlendu brunabótafélagi.

5. gr.

Ekki er brunabótasjóði skylt að takast á hendur hærri ábyrgð á einu húsi eða á húsaþyrpingu, sem er í sameiginlegri brunahættu, en sem nemur 4000 kr. upphæð, enda eru hús þau, eða húsaþyrpingar, sem hærra verði

nema en 6000 kr., undanþegin skylduábyrgð. Til þess að takast á hendur hærri ábyrgð á húsum eða slíkum húsaþyrpingum þarf samþykki sveitarstjórnar og stjórnarráðs.

6. gr.

Einn þriðja hluta þeirra húsa, sem vátrygð eru samkvæmt lögum þessum má hvergi vátryggja.

7. gr.

Á lögmætum sveitarfundi geta húsráðendur þeir, er atkvæðisrétt eiga í sveitamálum, stofnað brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum. Meiri hluti atkvæða allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppnum ræður úrslitum, en þá skal hver húsráðandi, sem jafnframt er eigandi að húseign, er hann sjálfur notar, 500 kr. virði eða meira, hafa 2 atkvæði. Sveitarfundur er lögmætur, er hreppsnefnd boðar fundinn með skriflegu fundarboði með tveggja vikna fyrirvara að minsta kosti, enda sé þar tiltekið, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli framfara.

Nú er samþykt að stofna brunabótasjóð eptir því, sem fyr var sagt, og skal þá sveitarstjórnin tilkynna það tafarlaust stjórnarráði Íslands.

8. gr.

Sveitarsjóður ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er hvíla á brunabótasjóði hreppsins, og greiðir brunabætur, ef brunabótasjóðurinn hrekkur ekki til. En brunabótasjóður endurborgar sveitarsjóði svo fljótt, sem því verður við komið. Skal þá auka iðgjöld til brunabótasjóðs, svo sem sveitarstjórn þykir við þurfa, og eigi minna en svo, að skuldin við sveitarsjóð greiðist á næstu 10 árum af auka-iðgjöldum.

Nú hafa tveir eða fleiri hreppar samþykt að stofna brunabótasjóði, og geta þá sveitarstjórnir þeirra, að feingnu samþykki meiri hluta atkvæða húsráðenda samkvæmt 7. gr. á almennum fundi, komið sér saman um að sameina brunabótasjóði þeirra. Hvíla þá skuldbindingar allar óskiptar á hinum sameiginlega brunabótasjóði þessara hreppa. Tekur hver sveitarsjóður þá tiltölulega þátt í gjöldum til brunabótasjóðsins eptir iðgjöldum þeim, sem greidd eru úr hreppnum. Innheimtu á iðgjöldum, reikningsskil o. fl. annast hver sveitarstjórn í sínum hreppi, eins og ákveðið er í síðasta hlut 9. gr. og 10.—12. gr., en sveitarstjórnin í þeim hreppum, sem hæst iðgjöld greiðir, tekur á móti og ávaxtar iðgjöldin (sbr. 9. gr. 1. málslið) hafi hlutaðeigandi sveitarstjórnir ekki öðruvísi um samið.

9. gr.

Sveitarstjórnin hefir með höndum alla stjórn og umsjón brunabótasjóðs og setur fé hans á vöxtu á hentugum stað með nægri trygging. Hún hefir á hendi innheimtu á iðgjöldum til sjóðsins, og hafa iðgjöldin sama lögtaksrétt sem sveitarútsvör. Hún hefir á hendi reikninga sjóðsins og skýrslugerð, og leggur ársreikning hans fyrir sýslunefnd, til endurskoðunar og úrskurðar, um sama leyti og sveitarsjóðsreikning.

10. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, ef lögmætur sveitarfundur samþykkir árlega, að leggja úr sveitarsjóði fé til stofnunar og styrktar brunabótasjóði hreppsins 10 fyrstu árin, þó eigi meira en jafna upphæð iðgjöldum vátryggjanda.

11. gr.

Nú stofnar hreppur brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður nefna til skoðunarmenn, tvo eða fleiri í hreppi, eptir því sem sveitarstjórn ákveður nánar, til þess að gera lýsing og virðing allra húsa, sem vátryggjast eiga í sjóðnum, og annað það, er reglugerð mælir fyrir. Skulu þeir vinna eið að starfi sínu. Endurvirðing fer fram á hverjum 10 ára fresti. Eigandi eða leigjandi húseignar getur krafizt yfirvirðingar á sinn kostnað, og kveður þá sýslumaður til þess 4 menn, óvilhalla fyrir rétti. Hverja almenna skoðun borgar sveitarsjóður, 2 kr. á býli, hverjum skoðunarmanni. En önnur störf þeirra skal launa sem reglugerð ákveður.

12. gr.

Allar virðingargerðir rita skoðunarmenn í sérstaka bók, er sveitarstjórn varðveitir, og sendir hún stjórnarráði Íslands afrit af öllum virðingargerðum, jafnskjótt og þær eru bókaðar. Húsvirðingabók sé gegndregin og staðfest af yfirvaldi. Í hana rita skoðunarmenn eiðstaf sinn, þá er þeir hefja starf sitt.

13. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinni vátrygðu eign, en greiðist af húsráðanda. Sé hann leiguliði, getur hann haldið eptir af eptirgjaldinu eða leigunni, iðgjaldinu af þeim húsum, er hann á ekki.

14. gr.

Nú eru hús veðsett, sem vátrygð eru samkvæmt lögum þessum, og nær sá veðréttur einnig til brunabótafjárins. Fyrirgeri veðsetjandi rétti sínum til brunabóta, hefir veðhafi eigi að síður rétt til brunabótanna, að svo miklu leyti, sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

15. gr.

Brunabætur úr brunabótasjóðum hreppanna skulu að fullu ganga til endurbóta eða endurbyggingar húsum, sem brunnið hafa, nema sveitarstjórn samþykki, að öðru vísi sé með farið. Eigi þarf sveitarstjórn að láta brunabót af hendi, nema trygging sé fyrir endurbyggingu jafngóðri og þeirri, er brann.

16. gr.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki lögmæts sveitarfundar, að gera samþykt, um björgunartilraunir við eldsbruna. Hefir samþykt sú gildi fyrir alla fulltíða menn í hreppnum, ef hún er staðfest af stjórnarráðinu.

II. kafli.

Um sameiginlegan brunabótasjóð.

17. gr.

Nú hafa 10 hreppar tilkynt stjórnarráði Íslands, að þeir hafi stofnað brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal það jafnskjótt stofna sameiginlegan brunabótasjóð fyrir sveitahíbýli á Íslandi. Er hlutverk hans að veita endurbygging brunabótasjóðum hreppanna. Til stofnunar þessa sjóðs veitast 10,000 kr. úr landssjóði.

18. gr.

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja helming þeirra tveggja þriðjunga virðingarverðs allra hibýla og annara húsa, sem vátrygð eru í brunabótasjóðum hreppanna. Helmingur allra fastra iðgjalda frá vátryggjendum geingur til endurtryggingar. Stjórnarráð Íslands mælir fyrir um gjalddaga og greiðslu endurtryggingar-iðgjalda.

19. gr.

Nú brennur hús, sem vátrygt er samkvæmt lögum þessum, eða skemmist af bruna, svo að nemi brunabótum, og er þá skylt að greiða úr hinum sameiginlega brunabótasjóði helming brunabótanna (sbr. 2. gr.) til hlutaðeigandi brunabótasjóðs, en hann greiðir eiganda allar brunabæturnar. Enn fremur greiðir hinn sameiginlegi brunabótasjóður, helming við brunabótasjóð hreppsins, kostnað við skoðun þá, er leiðir af bruna.

20. gr.

Stjórnarráð Íslands annast stofnun, stjórn og framkvæmd hins sameiginlega brunabótasjóðs, og ávaxtar fé hans á tryggilegan hátt. Stjórnarráðið getur, þegar því sýnist nauðsyn bera til, falið einum eða fleiri mönnum stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, sem það ákveður.

21. gr.

Nú verða brunar svo miklir á húsum, sem endurtrygð eru í sjóði þessum, að hann hrekkur eigi til endurtryggingar, og skal þá landssjóður lána vaxtalaust, það er á skortir, og endurborgast það eptir því, sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiri upphæð en 10,000 kr., skal leggja á alla brunabótasjóði hreppanna aukagjald að réttu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur til þess, að sá hluti lánsins, sem umfram er 10,000 kr., greiðist landssjóði að fullu á eigi leingri tíma en 10 árum.

22. gr.

Nú fær stjórnarráðið líkur fyrir, að of há sé brunabótavirðing á húsum í fleiri eða færri af hreppum þeim, er stofnað hafa brunabótasjóði samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðing. Lækki virðing á þeim húsum til jafnaðar við endurvirðing, greiðist kostnaðurinn við hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps; en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

23. gr.

Stjórnarráð Íslands setur reglur um nánari fyrirkomulag á brunabótasjóðum hreppanna og hinum sameiginlega brunabótasjóði. Skal þar, meðal annars, segja fyrir um flokkun hinna vátrygðu húsa eptir brunahættu og ákveða upphæð iðgjalda. Reglugerð þessa sendir stjórnarráðið síðan öllum sveitastjórnum á Íslandi.

24. gr.

Stjórnarráðið setur reglur um, hversu haga skuli eldstæðum og reykpípum í húsum, vátrygðum samkvæmt lögum þessum, svo og um annað það, er nauðsynlegt er til varúðar gegn eldsvoða. Eru reglur þessar og skilyrði gildandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur stjórnarráðið prenta eyðublöð fyrir ábyrgðar-skírteini handa öllum vátryggjendum, og sé þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, er einkum varðar hvern vátryggjanda. Byrjar ábyrgð brunabótasjóðs, þá er vátryggjandi hefir í hendur feingið vátryggingarskírteini eða hin fyrstu greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi. Ennfremur lætur stjórnarráðið prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir vátryggingasjóði hreppanna og hinn sameiginlega sjóð.

25. gr.

Húsvirðingabækur og gerðabækur fyrir vátryggingarsjóði hreppanna lætur stjórnarráðið tilbúa á kostnað landssjóðs, og fá sjóðirnir þær ókeypis. Húsvirðingabækur séu lands eign og sendist Landskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru, og nýjar bækur komnar, eptir því sem stjórnarráðið nánar ákveður. Vanskil á bókunum varða sektum.

26. gr.

Brot vátryggjanda og vanræksla á lögum þessum, og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða réttarmissi til brunabóta eptir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Svo má og reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—100 krónur, er renni í sjóð þann, er brotið er við.

27. gr.

Með mál út af brotum mót lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **158. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum 7. Júní 1902 um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Jón Jónsson.

Í stað 1. liðs 4. gr. nefndra laga, 5. gr. c. og 6. gr. komi eptirfarandi ákvæði:

1. gr. (4. gr. 1. liður).

hafi í vörzlum sínum málmforða, er ekki nemi minna verði en $^{3}/_{8}$ af seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skipti;

2. gr. (5. gr. c.).

innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er hjá Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, Noregsbanka, Englandsbanka eða Skotlands, svo og hjá öðrum bankastofnunum, sem að minsta kosti $^{5}/_{7}$ hlutar fulltrúaráðs bankans álíta fulltryggar og taldar eru til fyrsta flokks.

3. gr. (6. gr.).

Af málmforða bankans skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum og úti-

búum hans hér á landi svo mikið, að það svari að minsta kosti til $^{3}/_{10}$ hluta seðlafúlgu þeirrar, sem úti er í hvert skipti, enda sé það gjaldgeing mynt og $^{5}/_{6}$ hlutar þess gullmynt. Þó má til þessa hluta málmforðans telja gull það, sem sannað er um, að sé á leiðinni hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 200,000 kr. í einu. Óslegið gull, sem Íslandsbanki kynni að hafa afhent hinni konunglegu peningasmiðju í Kaupmannahöfn til myntunar, má og telja til myntforða bankans.

Ed. **159. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um landsdóm.

Flutningsmenn: Björn M. Ólsen, Ágúst Flygenring, Jón Ólafsson.

Við 11. gr.: Eptir orðin (í 2. málsgrein) »áskorun um að ryðja dóminn« bætist inn: með nægilegum fyrirvara.

Ed. **160. Tillaga**

til þingsályktunar um að fela nefnd að íhuga skattamál landsins.

Flutningsmenn: Björn M. Ólsen, Ág. Flygenring, Guðjón Guðlaugsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela nefnd þeirri, er kosin var til að íhuga fjármál landsins, að taka einnig skattamál landsins til íhugunar.

Ed. **161. Nefndarálit**

í málinu: »Frumvarp til laga um beitutekju«.

Vér, sem háttvirt Efri deild kaus í nefnd til að íhuga mál þetta, látum hér með uppi álit vort á því.

Þau ákvæði 1. gr. frumvarpsins, að beitutekja sé heimil í netlögum án leyfis landeiganda, teljum vér ganga ofnærri eignaréttinum, enda þótt borgun sé ákveðin; leggjum vér því til, að þessi ákvæði séu numin burtu. Á hinn bóginn teljum vér ósanngjarnt, að landeigendur geti bannað að setja á land sitt beitutekjuverkfæri gegn sanngjarni borgun, með því að mjög víða hagar svo til, þar sem kúskeljabeita er alment notuð, að óhægt er að ná beitu þessari, nema með því að hafa verkfæri á landi, enda þótt beitan sé tekin fyrir utan netlög. Mjög sjaldan myndi þessi notkun á landinu valda nokkrum jarðarusla eða átroðningi, með því að það er alloptast að eins malarkambur, sem notað er, en þó teljum vér rétt, að landeiganda sé greidd dálítil þóknun fyrir þessa notkun á landi hans.

Oss þótti réttara að banna alveg beitutekju, þar sem er friðlýst æðarvarp, selalátur eða árósar með laxveiði í, heldur en, eins og ákveðið er í frumvarpinu, að meta tjón það, er hlotizt getur af beitutekju á þessum stöðum. Tjón það, er hlunnindi þessi geta beðið af beitutekjunni, getur orðið mjög tilfinnanlegt og ærið örðugt að meta réttilega bætur fyrir það.

Þá leggjum vér til, að tveim síðustu greinum frumvarpsins sé slept sem óþörfum; aðrar breytingar vorar eru ekki verulegar efnisbreytingar.

Samkvæmt þessu leggjum vér til, að h. Efri deild samþykki frumvarpið með eptirfylgjandi breytingartillögum:

1. 1. gr. orðist þannig:

Sérhver sá, er heimild hefir til fiskiveiða í landhelgi, má á land setja skelfisksbeituverkfæri sín og farvíð af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða árós, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða beitugjald, 1 krónu fyrir hvern sólarhring í hvert skipti og hann tekur beitu. Fyrir skemri tíma greiðist sama gjald.

2. Hér komi ný grein sem verður 2. gr. svo hljóðandi:
   Eigi má beitu taka í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar á sjó út frá stórstraums fjörumáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart í hvert skipti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans samkv. 1. gr.
3. 2. gr. frumvarpsins, verður 3. gr.:
   Fyrir orðin »hún . . . . sellagnir« komi: jörð.
4. 3. gr., sem verður 4. gr., orðist svo:
   Formaður greiðir beitugjald og skaðabætur til ábúanda; séu ábúendur fleiri en einn, þá má greiða einum þeirra, enda hafi einginn umboðsmaður gefið sig fram af þeirra hálfu. Beitugjald skal greitt áður en formaður fer burt af beitufjöru, nema öðru vísi sé um samið.
5. 4. gr. falli burtu.
6. 5. gr. falli burtu.
7. 6. gr. sömuleiðis.
8. 7. gr. sömuleiðis.

Alþingi 24. Júlí 1905.

Eiríkur Briem, form.	Sigurður Stefánsson, skrif. og framsögum.	Þórarinn Jónsson.

Nd.

162. Frumvarp

til laga um sölu þjóðjarða.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á þjóðjörð sitja, ábýli sín, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Heimild þessi nær eigi til þeirra þjóðjarða, sem að áliti sýslunefndar þar, er jörð liggur, eru hentugar til embættisseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almennings nota.

Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á þjóðjörð eða sýslunefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skams, eða sýslunefnd hyggur jörðina sérstaklega fallna til sundurskiptingar á milli margra grasbýla, og má þá eigi selja jörðina án sérstakrar lagaheimildar í hvert skipti.

3. gr.

Þegar þjóðjörð er seld samkæmt lögum þessum, skal ávalt undanskilja náma, sem vera kunna í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rétt til að nota þá.

4. gr.

Nú er fleirbýli á þjóðjörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðunni búa, alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja.

5. gr.

Nú er þjóðjörð í eyði, og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur.

6. gr.

Nú geingur jörð, sem seld hefir verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, og skal þá hreppstjóri tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá því og gefa sem fylsta skýrslu um jörðina. Komist ekki jörðin í sjálfsábúð innan tveggja ára, á landssjóður endurkaupsrétt á henni fyrir sama verð og hann seldi hana, að viðbættu eða frádregnu því, er hún kann að hafa batnað eða rýrnað eptir mati úttektarmanna, og er stjórnarráðinu heimilt að innleysa hana fyrir það.

Andvirði þjóðjarða þeirra, sem þannig ganga til landssjóðs aptur, greiðist úr sjóði þeim, er það rann í upphaflega.

7. gr.

Sá, er leita vill kaups á þjóðjörð, semur um það beiðni, stýlaða til stjórnarráðsins, og sendir hana til oddvita sýslunefndarinnar.

Ef beiðandi fullnægir skilyrðunum fyrir því, að geta feingið jörðina keypta eptir lögum þessum, leggur sýslumaður beiðni hans fyrir sýslunefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi, hvort hún telji jörðina til þeirra þjóðjarða, sem getur um í 2. gr. Enn fremur skal sýslunefnd segja álit sitt um, hvort undan sölunni ætti að skilja skóglendi, fossa eða önnur jarðargögn, önnur en náma.

8. gr.

Nú telur sýslunefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr., og skal þá sýslumaður dómkveðja tvo óvilhalla menn til þess, að gera lýsing á jörðunni ásamt öllu því, er henni fylgir og fylgja ber, og meta til peningaverðs, Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4% í vöxtu á ári veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um 10 síðastliðin ár, ef leigumáli að dómi matsmanna hefir verið hæfilegur og honum hefir á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskipti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt eptir leigumála jarða í því bygðarlagi.

Nú hefir sýslunefnd látið í ljósi það álit samkvæmt 7. gr., að undan sölu þjóðjarða ætti að skilja skóglendi, fossa eða annað, og skal þá meta jörðina bæði að gæðum þessum meðtöldum og án þeirra.

9. gr.

Nú hefir ábúandi á næstu 10 árum áður en mat fer fram og án nokkurs styrks úr umboðssjóði gert jarðabætur eða jarðarhúsabætur á þjóðjörð um fram það, er byggingarbréf áskildi, og skulu þá matsmenn þeir, er um getur í 8. gr., tilgreina sérstaklega í matsgerð sinni, hve mikið þær umbætur hafi hækkað matsverð jarðarinnar. Sú upphæð skal dregin frá söluverði jarðarinnar, þegar ábúandi sá, er þær gerði, ekkja hans eða niðjar eru kaupendur.

10. gr.

Jafnframt því er sýslumaður kveður matsmenn samkvæmt 8. gr., skal hann útvega frá umboðsmanni eða umráðamanni þjóðjarðarinnar skýrslur þær viðvíkjandi jörðunni, sem matsmenn þurfa samkvæmt ákvæðum 8. og 9. gr. við mat sitt og lýsing á jörðunni. Umboðsmanni eða umráðamanni er skylt að láta þessar skýrslur í té innan hæfilegs tíma, er sýslumaður tiltekur.

11, gr.

Lýsingar- og matsgerð sína á jörðu senda matsmenn ásamt öllum tilheyrandi skjölum til sýslumanns, er síðan skal láta matsmennina staðfesta gerðina fyrir rétti að tilkvöddum kaupsbeiðanda og umboðsmanni eða umráðamanni jarðarinnar. Beiðnina um kaupin, lýsingar og matsgerðina ásamt öllum öðrum skjölum málsins sendir sýslumaður að því búnu hlutaðeigandi umboðsmanni, en hann afgreiðir málið til stjórnarráðsins, ásamt áliti sínu um það, svo fljótt sem því verður við komið.

12. gr.

Nú vill eigandi jarðar, sem þjóðjörð á ítak í, leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við ábúanda þjóðjarðarinnar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsá sama hátt og um þjóðjarðir samkvæmt 7.—11. gr.

13. gr.

Þegar málið er komið til stjórnarráðsins, getur það, ef því þykir sérstaklegar ástæður til bera, kvatt sér til ráðaneytis kunnuga menn, er lýsi jörðum þeim og ítökum, sem til kaups er falað, meti til verðs og segi álit sitt um, hvort rétt sé að selja.

14. gr.

Nú kaupir ábúandi jörð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá greiða að minsta kosti tíunda hluta kaupverðsins um leið og kaupin eru gerð. Um eptirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabréf fyrir þeim með fyrsta veðrétti í jörðunni, og greiðir þær síðan ásamt 4% í ársvöxtu, með jöfnum ársgreiðslum á eigi leingri tíma en 28 árum.

15. gr.

Nú er þjóðjörð eða ítak selt eptir lögum þessum, og ákveður ráðherrann þá endanlegt söluverð, sem þó aldrei má minna vera en verð það, sem metið hefir verið samkvæmt 8.—13. gr., og gefur út afsalsbréf fyrir hinu selda.

18. gr.

Kostnað við matsgerð þá, sem ræðir um í 8. gr., greiðir sá, er kaups beiðist á þjóðjörð eða ítaki, og getur sýslumaður krafizt, að hann setji trygging fyrir skilvísri greiðslu kostnaðarins, um leið og hann afhendir sýslumanni beiðni sína samkvæmt 7. gr.

Borgun til þeirra manna, sem ráðherra kann að kveðja sér til ráðaneytis samkvæmt 13. gr., greiðist úr umboðssjóði, hvort sem úr sölu verður eða eigi.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Nd. **163. Frumvarp**
til laga um skýrslur um alidýrasjúkdóma.
(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd).

1. gr.

Landsstjórninni ber að annast um, að teknar séu árlega skýrslur um hina helztu alidýrasjúkdóma hér á landi, og skipar hún fyrir um, hver stjórnarvöld skuli vinna að skýrslum þessum.

2. gr.

Stjórnarráðið semur reglugerð um fyrirkomulag skýrslnanna og samning þeirra, og annast um, að út séu gefin á kostnað landsjóðs eyðublöð undir þær.

3. gr.

Þeir, sem alidýr eiga eða hafa undir hendi, skulu, svo sem þeir framast vita, skýra stjórnarvaldi því, er skýrslnanna krefur, frá þeim sjúkdómum, sem komið hafa á skýrsluárinu í alidýr þeirra, og gefa þar að lútandi upplýsingar, alt eptir því, sem fyrir er mælt í reglugerð þeirri, sem um getur í 2. gr.

4. gr.

Gefi nokkur vísvitandi rangar skýrslur um nokkur þau atriði, er um er spurt samkvæmt 1. gr. þessara laga, eða neyti nokkur að staðfesta skýrslu sína með vottorði upp á æru og trú, varðar það sektum frá 10—200 kr.

Tregðist nokkur við að láta þær upplýsingar í té, sem lög þessi bjóða og mælt verður fyrir í um reglugerð, má þröngva honum til þess með dagsektum, 1—5 kr. á dag.

Lögreglustjóri ákveður dagsektir með úrskurði, er birta skal hlutaðeiganda á venjulegan hátt.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **164. Breytingartillaga**
um frumvarp til laga um sölu þjóðjarða.
Flutningsmenn: Jón Magnússon, Jón Jónsson, Tryggvi Gunnarsson, Björn Kristjánsson, Lárus H. Bjarnason, G. Björnsson.

Á eptir 17. gr. komi ný grein, er verður 18. gr., svo hljóðandi:

Andvirði þjóðjarða, er seldar verða samkvæmt lögum þessum, rennur í viðlagsjóð.

Nd. **165. Frumvarp**
til laga um landsdóm.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsdómur skal stofnaður á Íslandi. Samkomustaður hans er að jafnaði í Reykjavík.

2. gr.

Landsdómurinn dæmir mál þau, er Alþingi lætur höfða gegn ráðherranum út af embættisrekstri hans, eða á móti landritara út af embættisrekstri hans, er hann gegnir ráðherrastörfum á eigin ábyrgð.

3. gr.

Í landsdómnum eiga sæti 6 sjálfkjörnir lögfræðingar: dómararnir í landsyfirdómnum þrír, séu þeir ekki alþingismenn, og enn fremur svo margir af hinum elztu lögfræðingum landsins, er í öðrum embættum sitja, eiga ekki sæti á Alþingi og eru ekki í stjórnarráðinu, að talan verði full.

4. gr.

Enn eiga sæti í dómnum 24 þar til kjörnir menn, og skal kosningu á þeim hagað svo, að hver sýslunefnd og bæjarstjórn á landinu kjósi, að tilhlutun stjórnarráðsins, svo marga innanhéraðs- og innanbæjarmenn, sem hér segir:

Sýslunefndin í	Vesturskaptafellssýslu	kýs 2
———	- Vestmanneyjasýslu	— 1
———	- Rangárvallasýslu	— 4
———	- Árnessýslu	— 6
———	- Gullbringusýslu	— 3
———	- Kjósarsýslu	— 1
———	- Borgarfjarðarsýslu	— 2
———	- Mýrasýslu	— 2
———	- Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	— 3
———	- Dalasýslu	— 2
———	- Austurbarðastrandasýslu	— 1
———	- Vesturbarðastrandasýslu	— 2
———	- Vesturísafjarðarsýslu	— 2
———	- Norðurísafjarðarsýslu	— 3
———	- Strandasýslu	— 2
———	- Húnavatnssýslu	— 4
———	- Skagafjarðarsýslu	— 4
———	- Eyjafjarðarsýslu	— 4
———	- Suður-Þingeyjarsýslu	— 4
———	- Norður-Þingeyjarsýslu	— 1
———	- Norðurmúlasýslu	— 3
———	- Suðurmúlasýslu	— 4
———	- Austurskaptafellssýslu	— 1
———	- Reykjavík	— 6
Bæjarstjórnin á	Ísafirði	— 2
———	- Akureyri	— 2
———	- Seyðisfirði	— 1
		Samtals 72.

Þar sem fleiri skal kjósa en einn, getur hver sýslunefndarmaður eða bæjarfulltrúi krafizt hlutfallskosningar, er þá fer fram eptir fyrirmælum þingskapa Alþingis um slíka kosning þar.

Af hinum kjörnu 72 mönnum nefnir efri deild Alþingis þess, er fyrst kemur saman, eptir að kosning í sýslunefndum og bæjarstjórnum hefir fram

farið, á öðrum fundi sínum tvennar tylftir frá, eptir þeim reglum, sem gilda um nefndarkosningar (einnig hlutfallskosningar). Því næst sendir forseti deildarinnar skýrslu, svo fljótt sem verða má, um það, hverja deildin hafi frá nefnt, til forseta sameinaðs þings, en hann lætur þá á fundi sameinaðs Alþingis taka með hlutkesti tvær tylftir af þeim fjórum tylftum, sem eptir eru. Þær tvær tylftir, er þannig eru hlutkesti teknar, eiga setu í landsdómnum. Hinar tvær tylftirnar skulu vera til vara til að ganga í dóminn, ef einhver hinna kjörnu dómenda deyr, missir kjörgeingi eða forfallast.

Jafnskjótt og hlutkesti hefir fram farið, tilkynnir forseti sameinaðs þings forseta landsdómsins, hverir hafi hlotið kosningu sem dómendur og varamenn í landsdómnum, en hann tilkynnir þeim það aptur hverjum fyrir sig, og senda þeir honum þá aldursskirteini sín.

5. gr.

Enginn er kjörgeingur í landsdóminn, samkvæmt 4. gr., sem

a. er yngri en 35 ára eða eldri en 60 ára;
b. á sæti á alþingi;
c. hefir verið dæmdur fyrir verknað, er svívirðilegur er að almenningsáliti;
d. hefir mist fjárráð;
e. hefir þegið af sveit og ekki annaðhvort endurgoldið styrkinn eða feingið eptirgjöf á honum;
f. er öðrum háður sem hjú;
g. er þegn annars ríkis eða í þjónustu þess;
h. á heima í öðru landi.

Enginn, sem kjörgeingi hefir, getur skorast undan kosningu til landsdómsins.

6. gr.

Forstjóri landsyfirdómsins er forseti landsdómsins, unz forseti er kosinn samkvæmt 14. gr.

7. gr.

Nú deyr kjörinn dómandi, einn eða fleiri, áður en dómur er ruddur (§ 11), missir kjörgeingi eða forfallast á annan hátt, þannig að hann getur ekki setið í dómnum, og tekur þá forseti dómsins með hlutkesti jafnmarga menn af varamönnum, og úr geingu, og eiga þeir eptir það sæti í dómnum. Ef dómur er ruddur, og kjörinn dómandi, er eptir hefir setið í dómnum, forfallast eða verður að víkja eptir almennum reglum, tekur forseti með hlutkesti 3 af varamönnum í hans stað, og ryður ákærður einum þeirra, en sóknari öðrum.

8. gr.

Dómendur skipa dóminn, meðan þeir fullnægja kjörgeingisskilyrðunum, en varamennirnir skulu kosnir 6. hvert ár, þannig að sýslunefndir og bæjarstjórnir kjósa samkvæmt 3. gr. 72 innanhéraðs- og innanbæjarmenn, og nefnir efri deild Alþingis frá 24 þeirra á þann hátt, er segir í sömu grein. Af þeim fjórum tylftum, er þá verða eptir, tekur forseti dómsins með hlutkesti varamennina 24.

Hvar þess, er forseti lætur hlutkesti fram fara, skal hann hafa viðstadda tvo valinkunna menn, og enn fremur skal vera þar við maður, er ráðherrann

skipar til þess, og, er mál er höfðað, ákærður eða maður, er hann til þess nefnir.

9. gr.

Dómendum bera sömu fæðispeningar og alþingismönnum og endurgjald fyrir ferðakostnað eptir reikningi, sem dómurinn sjálfur úrskurðar. Allur dómskostnaður greiðist úr landsjóði.

10. gr.

Ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherranum eða landritaranum skal gerð með þingsályktun í sameinuðu þingi, og skulu kæruatriðin vera nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda sé sókn málsins bundin við þau. Jafnframt kýs þingið mann til að sækja málið af sinni hendi, og annan til vara, ef hinn kynni að forfallast.

11. gr.

Sóknari sendir forseta landsdómsins síðan tafarlaust þingsályktunina í frumriti og eptirriti. Forseti sendir ákærðum eptirritið með áritaðri áskorun um að ryðja dóminn með nægilegum fyrirvara, á ákveðnum stað og stundu, og aðvarar um leið sóknara skriflega um að ryðja dóminn af sinni hálfu. Þá skipar forseti ákærðum verjanda, og skal taka til þess mann, sem heima á á Íslandi. Ákærður tilnefnir sjálfur manninn, ef hann vill. Rétt er og að ákærður haldi sjálfur uppi vörn fyrir sig ásamt verjanda. Dómruðning fer þannig fram, að báðir málspartar, sóknari og ákærður eða verjandi hans, mæta fyrir forseta á tilteknum stað og stundu, og ryður ákærður 2 af hinum lögskipuðu dómendum og 9 af hinum kjörnu, en sóknari 1 af hinum fyrnefndu dómendum, en 3 af hinum.

Nú ryður aðili annarhvor eða báðir eigi dóminn, og tekur þá forseti burtu með hlutkesti jafnmarga og ryðja átti.

Við dómruðning skulu viðstaddir sem vottar 4 menn valinkunnir og óvilhallir.

Nú lætur annarhvor málsaðila þess getið við dómruðning, að hann þurfi að afla upplýsinga um kæruatriðin utan Reykjavíkur, og skal þá forseti kalla dómendur þá, er dæma eiga málið, saman með 3—6 mánaða fyrirvara, eptir því sem ástæður eru til, en óski hvorugur aðila að leita sannana utan Reykjavíkur, kallar forseti dómendur saman með öðrum hæfilegum fyrirvara, þó ekki leingri en 3 mánaða. Stefnu skal hann jafnan gefa út á hendur ákærðum með hinum sama fresti, sem dómendum er veittur, en sóknari lætur birta stefnuna svo fljótt, að ákærður fái að minsta kosti eins langan stefnufrest og ákveðinn er til landsyfirdóms í einkamálum. Stefnan skal rituð á frumrit þingsályktunarinnar.

12. gr.

Það er skylda sóknara að leita allra sannana, og verjanda að færa fram alt það, er sýkna má ákærðan, eða mýkja málstað hans, enda er ákærðum frjálst að gæta hagsmuna sinna ásamt verjanda. Kona ákærða, foreldrar hans og teingdaforeldrar og fjarskyldari eða fjarteingdari beint upp á við, börn hans og barnabörn og fjarskildari beint niður á við, systkini eða jafnteingdir menn verða ekki krafðir vitnisburðar um kæruatriðin. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur um vitni og vitnaskyldu.

13. gr.

Þá er leita þarf vitna utan Reykjavíkur, skal vitnaleiðslan fara fram með venjulegum hætti fyrir héraðsdómi, og skal til hennar stefnt með sama hætti og sama fresti, sem um einkamál væri að ræða milli sóknara og ákærða. Vitnaleiðsla í Reykjavík fer fram fyrir landsdómnum sjálfum. Forseti á, er þess er krafizt af öðrum hvorum málsaðila, að gefa út stefnu til vitna þeirra, er leiða á fyrir landsdómnum.

14. gr.

Nú eru dómendur komnir á dómstað, og skulu þeir þá vinna dómaraeið, sem hafa ekki unnið hann áður. Því næst kjósa dómendur sér forseta úr sínum flokki.

Eigi er dómur lögmætur, nema tveir af hinum lögskipuðu og 10 af hinum kjörnu dómendum, hinir sömu, hlýði á alla sókn og vörn í málinu og taki þátt í að dæma dóminn.

15. gr.

Málflutningur fyrir landsdómi fer fram í heyranda hljóði þannig, að sóknari leggur fram fyrir dómstólinn sönnunargögn sín: útskriptir af vitnaleiðslum utan Reykjavíkur og önnur skjöl, færir síðan fram vitni þau, er nærstödd eru, og spyr hann þau sjálfur, en ákærðum og verjanda er heimilt að leggja fyrir þau gagnspurningar. Dómurinn á eingan þátt í vitnaleiðslunni, en heimilt er bæði vitninu og aðilum að skjóta því til úrskurðar forseta, hvort spurning sé svo háttað, að svara þurfi henni, og skal hlíta þeim úrskurði. Þá er sóknari hefir fært fram sönnunargögn sín, flytur hann sókn í málinu munnlega. Síðan færir ákærður eða svaramaður hans á sama hátt fram sín sönnunargögn, þar á meðal nærstödd vitni, er hann spyr sjálfur, en sóknara er heimilt að leggja fyrir vitni ákærða gagnspurningar. Gildir um aðstöðu dómsins við þessa vitnaleiðslu hið sama sem við vitnaleiðslu af sóknara hálfu. Er færð hafa verið fram sönnunargögn af hálfu ákærða, flytur verjandi fram vörnina, svo og ákærður sjálfur, ef hann vill, einnig munnlega. Sóknari á þá rétt á að svara, og ákærður og talsmaður hans til að svara aptur. Hvort aðilar taki optar til máls, ákveður forseti dómsins, en jafnan skal gæta þess, að ákærður og talsmaður hans hafi tækifæri til að taka eins opt til máls og sóknari, og að taka til máls síðast, áður en málið er tekið upp til dóms.

16. gr.

Dómur skal ganga í málinu innan 3 sólarhringa, frá því er sókn og vörn var úti.

Ákærðum verður ekki gerð refsing, né heldur verða skaðabætur né málskostnaður lagður á hann, nema $^4/_5$ dómenda þeirra, er taka þátt í að dæma dóminn, séu á eitt sáttir.

Í dómnum skal ákveða sóknara og svaramanni hæfilega þóknun fyrir málflutninginn. Þóknun verjanda má eigi vera minni en sóknarans. Að öðru leyti fer um málskostnaðargreiðslu eptir almennum reglum.

Dómurinn skal bygður á forsendum, en án fullnægingarfrests.

Sóknari annast um birtingu og fullnustu dómsins á venjulegan hátt.

Ed.

166. Frumvarp

til laga um hefð.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hefð má vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign.

2. gr.

Skilyrði fyrir hefð er 20 ára óslitið eignarhald á fasteign en 10 ára óslitið eignarhald á lausafé.

Nú hefir maður umráðum náð með glæp eða óráðvandlegu atferli, og má hann þá ekki hefð vinna. Sama er og ef hefðandi fær vitneskju um, áður en hefðin er fullnuð, að eignarhaldið sé þannig tilkomið.

Nú hefir hefðandi feingið hlutinn að veði, til geymslu, til láns eða á leigu, og geta þá slík umráð ekki heimilað hefð.

3. gr.

Til hefðartíma má telja óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri, ef eignarhaldið hefir löglega geingið frá manni til manns. Eignarhald hvers einstaks hefðanda verður að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr.

4. gr.

Nú missir hefðandi umráð yfir hlutnum, og slitnar þá hefðarhaldið, nema svo sé, að hann hafi umráðin óviljandi mist, og náð þeim aptur innan 6 mánaða eða nái þeim með lögsókn, er hafin sé innan þess frests og rekin með hæfilegum hraða.

Nú er réttur hefðanda til eignarhaldsins vefeingdur með löglega birtri kæru til sáttanefndar eða dómstefnu, og málið síðan rekið með hæfilegum hraða, eða sagt er til vefeingingarkröfu í búi hans, ef það hefir verið tekið til opinberrar skiptameðferðar, og slitnar þá hefðarhaldið.

5. gr.

Nú hefir maður arðberandi hlut í eignarhaldi, er til hefðar mátti leiða samkv. 2. gr., og hluturinn verður af honum dæmdur, þá ber honum að eins að standa skil á þeim arði, er hann hefir haft af hlutnum, frá þeim degi, er honum var birt sáttakæra eða dómstefna, eða sagt var til kröfu í búi hans.

6. gr.

Fullnuð hefð skapar eignarrétt yfir hlut þeim, er í eignarhaldi var, og þarf hefðandi ekki að styðjast við aðra eignarheimild.

Afnotaréttur, sem stofnaður er áður en hefðarhaldið byrjaði, fellur úr gildi um leið og hefðin er fullnuð, ef umráð hefðanda yfir eigninni hafa útilokað afnotin. Afnotaréttur, sem stofnaður er af öðrum en hefðanda, meðan hann hafði eignina í hefðarhaldi, fellur einnig úr gildi um leið og hefð er fullnuð, þótt ekki sé liðinn hefðartími frá því, er hann var stofnaður, ef umráð hefðanda hafa útilokað afnotin.

Afgjaldsskyldur, er á jörð hvíla, og sjálfsvörzluveðsréttur falla ekki úr gildi við það, að eign sú, er réttindi þessi hvíla á, verður hefðuð.

7. gr.

Notkun með samsvarandi skilyrðum og þeim, er gilda um eignarhefð, skapar afnotarétt.

8. gr.

Hefð á ósýnilegum ítökum, svo sem slægjum, beit, reka o. s. frv. getur að eins unnizt með 40 ára notkun og öðrum skilyrðum sömu sem eignarhefð.

9. gr.

Nú hefir maður haft jörð, er metin er til dýrleika eða útmælda lóð í kaupstöðum eða kauptúnum í eignarhaldi í hefðartíma fullan, án þess að hafa þinglesna eignarheimild, þá getur hann feingið eignardóm fyrir fasteigninni, ef hann uppfyllir eptirfarandi skilyrði,

1. að hann með stefnu, sem birt er á þann hátt, er fyrir er mælt í 10. gr., innkalli með 6 mánaða fyrirvara hvern þann, er tilkall kann að gera til eignarinnar,
2. að einginn mæti samkvæmt stefnunni, er sanni rétt sinn til eignarinnar eða önnur atvik, er útiloki eignarrétt eða hefð stefnanda.

Stefnandinn er ennfremur skyldur til að mæta persónulega við fyrstu fyrirtekt málsins fyrir réttinum og leggja fram sannanir fyrir því, að stefnan hafi verið birt á lögskipaðan hátt, svo og sannanir fyrir því, að hann hafi haft eignina í hefðarhaldi hefðartíma fullan, og yfir höfuð gefa allar þær skýrslur og skýringar um eignarhaldið, er dómarinn finnur ástæðu til að heimta. Ennfremur ber honum að sanna eða gera sennilegt, að hann hefði ekki getað á annan hátt án mikilla erfiðleika, tímaspillis og kostnaðar feingið löglega eignarheimild fyrir eigninni.

Eignardóminum má svo þinglýsa sem eignarheimild fyrir jörðunni.

Eignardómsmál samkvæmt þessari grein skulu rekin fyrir aukarétti, er halda skal á skrifstofu lögsagnarumdæmis þess, er fasteignin liggur í.

10. gr.

Stefna sú, er getur um í 9. gr., skal birt þrisvar sinnum í blaði því á Íslandi, er flytur stjórnarvalda-auglýsingar, og skal ennfremur samtímis fest upp á þingstaðnum í dómþinghá þeirri, er fasteignin liggur í.

11. gr.

Ákvæði Jónsbókar í 26. kap. Landsleigubálks og ákvæði 16. gr. í erindisbréfi biskupanna 1. Júlí 1746 um hefð eru úr lögum numin.

12. gr.

Til að fylla hefðartíma má telja með eignarhald það, sem hefðandi hefir haft áður en lög þessi ganga í gildi, þó svo, að eingin hefð eptir lögum þessum sé talin fullnuð fyrr en í árslok árið 1910.

Ed. **167. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um gaddavírsgirðingar.

Vér, sem hin háttvirta Efri deild Alþingis kaus í nefnd til að íhuga frv. þetta, höfum rætt það á nokkrum fundum, og komizt að eptirfylgjandi niðurstöðu í málinu.

Frumvarp þetta er, eins og tekið er fram í athugasemdum stjórnarráðsins, samið af milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu; hefir hún ritað allýtarlegar ástæður fyrir frumvarpinu, sem vér getum að mestu leyti fallist á, og leyfum oss hér með að skírskota til.

Í athugasemdum stjórnarráðsins við frumv. þetta er það tekið fram, að ekki allfáar fyrirspurnir hafi komið um það víðs vegar að, hvort stjórnarráðið vildi ekki panta girðingaefni fyrir menn, þótt þeir hvorki bæðu um það né verði því samkvæmt ákvæðum girðingalaganna. Þetta bendir glögt á, að töluverður áhugi sé þegar vaknaður meðal almennings á að nota girðingarefni þetta, eingu síður til girðinga um eingjar og bithaga en túnin sjálf; þetta er líka svo mjög eðlilegt, því það er líka öllum augljóst, hvílíkt hagræði og vinnusparnaður það er fyrir alla menn, sem nokkur jarðarráð hafa, að geta þannig haft umgirta og friðaða bletti til ýmsra afnota; auk þess sem hinn beini arður af hinu umgirta og friðaða landi, er þar með stórum aukinn.

Vér erum því í engum vafa um að ráða hinni háttvirtu deild til, að samþykkja það ákvæði frumvarpsins, að fela landsstjórninni útvegun á girðingaefni því, er hér um ræðir, fyrir hvers konar félög sem er, og það því fremur, sem reynsla er feingin fyrir því, að landsstjórnin getur útvegað girðingaefni þetta miklum mun ódýrara en einstakir menn eða einstök félög mundu geta, ef hver pantaði efnið fyrir sig, jafnvel þó í nokkuð stórum stíl væri.

Viðvíkjandi hinu aðalákvæði frumvarpsins um frestun túngirðingalaganna frá 19. December 1903, var nefndin nokkuð meira hikandi með að fallast á, þar sem hún var eindregið þeirrar skoðunar, að með þeim lögum hafi verið stigið eitt hið réttasta og þýðingarmesta spor grasræktinni til eflingar og landbúnaðinum til framfara.

Við nánari íhugun og með tilliti til athugasemda landbúnaðarnefndarinnar viðvíkjandi þessu atriði, þá virðist nefndinni þó réttast, að fallast á frumvarpið einnig að þessu leyti, þó með litlum viðauka, sem er í fullu samræmi við tilætlun landbúnaðarnefndarinnar, en gerir lögin skýrari og ákveðnari.

Landbúnaðarnefndin getur þess sem sé í athugasemdunum við frumvarp sitt, að hún ætlist til, að pantanir, gerðar eptir mælingum 1905, verði afgreiddar samkvæmt gaddavírslögunum, þó að girðingarefnið verði eigi notað fyr en árið 1906. Þar sem þetta einnig er tilætlun vor, þykir réttara að setja ákvæði um það inn í lögin sjálf, frá hvaða tíma stjórnarráðið eigi ekki að sinna pöntunum, gerðum samkvæmt túngirðingarlögunum. Vér leggjum því til, að á eptir síðari málsgrein 1. gr. sé bætt því ákvæði, að frestun laganna nái að eins til þess girðingarefnis, sem ekki er komin umsókn um til stjórnarráðsins fyrir árslok 1905.

Vér gerum að vísu naumast ráð fyrir því, að slíkar pantanir verði mjög almennar, eða hafi mjög mikil fjárútlát í för með sér fyrir landssjóðinn, þegar tillit er tekið til undanfarinnar reynslu í því máli, en á hina hliðina virðist oss sanngjarnt, að þeir menn, sem áður hafa leitað til landsstjórnarinnar um lán samkvæmt túngirðingalögunum, en verið synjað um það vegna ófullkominna skýrslna skoðunarmanna, eða af öðrum ástæðum, þurfi ekki að bíða í full tvö ár enn eptir girðingaefninu; auk þess kunna að vera ýmsir menn, sem ekki hafa verið búnir að átta sig á »ágæti gaddavírslaganna«, eins og sagt er í einni þingmálafundargerð, — svo fljótt, að þeir gætu feingið mælingu á girðingarstæðunum

svo snemma að sumrinu eins og þurfti, til þess að skýrslan bærist stjórnarráðinu í tæka tíð.

Að svo mæltu leggjum vér til, að frumvarpið nái samþykki deildarinnar, með eptirfylgjandi viðauka.

Við 1. gr. á eptir annari málsgrein bætist við ný málsgrein svo hljóðandi:

Þó ber stjórninni að afgreiða þær pantanir, samkvæmt túngirðingalögunum, sem komnar eru til hennar innan ársloka 1905.

Alþingi 22. Júlí 1905.

Guðjón Guðlaugsson, formaður. Guttormur Vigfússon, skrifari og framsögumaður.

Þorgr. Þórðarson.

Nd. **168. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör.

Flutningsmenn: Ólafur Ólafsson, Stefán Stefánsson, þm. Skagf., Stefán Stefánsson, þm. Eyf., Björn Bjarnarson, Magnús Andrésson, Guðlaugur Guðmundsson.

Í stað 2. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Verðlaunin eru 7 aurar fyrir hvert danskt pund, er selst 75 aura eða meira og 5 aurar fyrir hvert pund, er selst á 65—75 aura.

Nd. **169. Nefndarálit**

um athugasemdir yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1902 og 1903.

I. Reikningurinn 1902.

Tekjubálkurinn.

4. Útflutningsgjald af fiski og lýsi.

2. Yfirskoðunarmenn hafa í athugasemdum sínum leitt athygli að því, að af útflutningsgjaldi og öðrum landssjóðstekjum úr Strandasýslu fyrir árið 1902 hafi kr. 6454,10 verið ógreiddar við reikningslok, og þar við bætast 200 kr. af árgjöldum af verzlun og veiting áfeingra drykkja. Mikið af þessum upphæðum er borgað með ávísunum útgefnum eptir nýjár 1903, og er sú greiðsla þvert ofan í fyrirmæli ráðgjafabréfs 24. júní 1892. Í svörum ráðherrans er það upplýst, að hlutaðeigandi reikningshaldari hafi verið ámintur um að gera betri reikningsskil eptirleiðis, og finnur nefndin að svo stöddu ekki ástæðu til frekari aðgerða.

3. Á fjárhagstímabilinu hefir verið neitað að borga 3 ávísanir upp í tolltekjur frá sýslumanninum í Suðurmúlasýslu samtals að upphæð kr. 1920,00, og hafa yfirskoðunarmenn lagt það til, að brýnt verði fyrir sýslumönnum að gæta þess, að ávísanir fyrir landssjóðsgjöldum verði ekki gerðar apturreka. Nefndin álítur slíka almenna áminningu óþarfa og ekki viðeigandi, en væntir þess, að landsstjórnin hlutist til um, ef greiðslufall kemur fyrir oftar en í einstökum tilfellum, þá séu ávísanir frá hlutaðeiganda ekki teknar gildar uppí landssjóðstekjur.

5. Aðflutningsgjald af áfeingum drykkjum.

4. Yfirskoðunarmenn hafa fundið að því, að ekki sé nákvæmlega fylgt fyrirmælum í reglugerð 13. Febr. 1873 5. gr. um, að gjaldheimtumenn landssjóðs skýri frá, upp í hverjar tekjugreinar innborganir frá þeim eigi að ganga. Nefndin telur rétt, að fyrirmælum reglugerðarinnar sé fram fylgt með fullum strangleik, og væntir þess að svo verði gert.

10. Óvissar tekjur.

1. Á 14. fylgiskjali við landsreikninginn er svo að sjá sem eingar tekjur hafi inn komið af sölu Stjórnartíðindanna, en af reikningi yfir sölu þeirra, er fylgir svörum ráðherrans, sést, að tekjurnar hafa numið kr. 143,34. Upphæð þessi hefir verið dregin frá kostnaði við útsendingu tíðindanna og mismunurinn að eins færður til reiknings. Réttara væri, að söluverð Stjórnartíðindanna sé talið með óvissum tekjum, og útsendingakostnaður færður til útgjalda með fullri upphæð, og leiðir það af sjálfu sér, að í athugasemdum við landsreikninginn ber að gera grein fyrir sölunni.

2. Yfirskoðunarmenn hafa vakið máls á því, hvort ekki mundi æskilegt að færa niður verð Alþingistíðindanna, sérstaklega hina eldri árganga, svo að þau yrðu almennara keypt en nú gerist. Út af þessu hefir nefndin grenslast eptir, hvað til sé af eldri Alþingistíðindum, og feingið þær upplýsingar er hér segir:

a. af tíðindunum 1845 eru til 75 eintök (skemd).
b. — —— 1847—1891 frá 150 til 250 eintök.
c. — —— 1893 að eins 75 eintök.
d. — —— 1895—1903 frá 150 til 200 eintök.

Ennfremur má geta þess, að í hina yngri árganga frá 1893 vantar upphafið af C-deild (stjórnarfrumvörpin).

Verð það, sem nú er á Alþingistíðindunum,

a. fyrir árgangana 1845—1873 . . . . 50 aura
b. — —— 1875—1889 . . . . 1 króna
c. — —— 1891—1903 . . . . 3 krónur

álítur nefndin svo lágt, að ekki verði búist við aukinni sölu, svo nokkru nemi, þótt verðið sé fært niður.

11. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs.

1. Í tillögum yfirskoðunarmanna er því hreift, hvort ekki mundi heppilegt að afnema umboðsmensku þjóðjarða, eins og henni er nú háttað, en fela störf umboðsmanna sýslumönnum og hreppstjórum gegn einhverri ákveðinni þóknun. Með þessari breytingu mætti að vísu spara nokkurn hluta umboðslaunanna, sem nú eru greidd, en hvort það fyrirkomulag reyndist hagfeldara að öðru leyti getur verið álitamál, enda kom það í ljós á þinginu 1901, þegar frumvarp í þá átt var borið upp en felt.

3. Yfirskoðunarmenn telja vafasamt, hvort heimilt sé að hækka afgjöld þjóðjarða hjá leiguliðum, er fá styrk til búsabóta en leggja fram að minsta kosti $^1/_3$ kostnaðar. Um þetta efni gilda tvö mismunandi ákvæði:

a. ráðgjafabréf 25. Maí 1880, er mælir svo fyrir, að styrkur til húsabóta sé veittur leiguliðum gegn hækkun á landskuld, er nemi 4% af upphæð styrksins.
b. 3. gr. fjárlaganna, þar sem heimilað er að veita slíkan styrk, án þess afgjald

sé hækkað, gegn því að leiguliði leggi fram í minsta lagi 1/3 kostnaðar.

Meðan svo er, að bæði þessi ákvæði eru í gildi, verður það að vera á valdi landstjórnarinnar, hvorri reglunni hún fylgi, þegar sett eru skilyrði fyrir styrkveitingum úr landssjóði til húsabóta á þjóðjörðum.

12. Tekjur er snerta viðlagasjóðinn.

1. Nefndin er samþykk þeirri tillögu yfirskoðunarmanna, að eptirleiðis verði engin lán veitt úr viðlagasjóði, nema samkvæmt skýlausri heimild í fjárlögunum.

3. Sömuleiðis felst nefndin á þá tillögu, að lánum, sem veitt hafa verið úr viðlagasjóði gegn veði í húseignum í Reykjavík, sé sagt upp með missiris fyrirvara.

Gjaldabálkurinn.

17. Ýmisleg gjöld.

1. Upphæð sú, sem greidd er um fram fjárveitingu til þess að gefa út Stjórnartíðindi og Landhagsskýrslur, kr. 783,14, er tekin í frumvarp til fjáraukalaga 1902 og 1903 2. gr.

2. Þeirri tillögu yfirskoðunarmanna, að kostnaður við útgáfu Stjórnartíðinda og Landhagsskýrslna verði eptirleiðis greindur sundur þannig, að sérstök fjárveiting verði áætluð til hvors þessa rits fyrir sig á fjárlögunum, er vísað til fjárlaganefndarinnar.

3. Umframgreiðsla á endurgjaldi handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf, kr. 1191,93, komi til aukafjárveitingar.

18. Útgjöld við læknaskipunina.

2. Umframgreiðsla á kostnaði við sóttvarnir, kr. 3239,16, er tekin í fjárlagafrumvarpið 3. gr.

19. Útgjöld við póststjórnina.

Upphæðir þær sem greiddar eru umfram fjárveitingu

til póstflutnings	kr.	4620,02
fyrir prentun	—	7739,22
óviss útgjöld	—	867,50

eru teknar í fjáraukalagafrumvarpið 4. gr.

20. Til vegabóta.

Umframgreiðsla á ferðakostnaði verkfræðings, kr. 319,53 + afborgun 1903 kr. 9,47 = kr. 329,00, er tekin í fjáraukalagafrumvarpið 4. gr.

21. Til vita.

Umframgreiðsla til viðhalds á húsi og áhöldum Reykjanessvitans, kr. 246,61, komi til aukafjárveitingar.

22. Til kenslumála.

Umframgreiðsla til bókakaupa við prestaskólann, kr. 182,70, er tekin í fjáraukalagafrumvarpið 5. gr.

23. Til læknaskólans.

Umframgreiðsla á ferðastyrk handa læknaefnum, kr. 300,00, komi til aukafjárveitingar.

24. Til lærða skólans.

Umframgreiðlsa til áhalda við kenslu í eðlisfræði, kr. 128,37 ÷ sparnaði 1903 kr. 21,49 = kr. 106,88, er tekin í fjáraukalagafrumvarpið 5. gr.

25. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum.

Umframgreiðsla til ýmislegra útgjalda, kr. 1221,68, komi til aukafjárveitingar.

26. Til annarar kenslu.

Umframgreiðsla til kenslu heyrnar og málleysingja, kr. 522,13, er tekin í fjáraukalagafrumvarpið 5. gr.

II. Reikningurinn 1903.

Tekjubálkurinn.

2. Aðflutningsgjald af tóbaki.

1. Yfirskoðunarmenn hafa vakið athygli á því, að landssjóður hafi orðið fyrir töluverðum halla við endurgreiðslu á tolli af tóbaki til vindlagerðar, svo að ástæða sé til að gera breytingu á tolllögunum 8. Nóv. 1901, að því er snertir tollendurgreiðslu.

Ennfremur hefir því verið hreift í sambandi við tollmálið, að rétt væri að leggja skatt á innlenda vindlagerð.

Bæði þessi atriði verða að sjálfsögðu tekin til íhugunar við væntanlega endurskoðun á skatta og tolla löggjöfinni.

2. Nefndin aðhyllist þá tillögu yfirskoðunarmanna, að í athugasemdum við fylgiskjöl landsreikningsins verði eptirleiðis skýrt frá því, hvenær ávísanir, sem útgefnar eru upp í gjaldaeptirstöðvar til landssjóðs, séu innleystar.

4. Óvissar tekjur.

Yfirskoðunarmenn hafa látið í ljós, að óþarft sé að hafa sérstakan launaðan mann til að annast útsending og sölu Stjórnartíðindanna, og lagt það til, að stjórnarráðið annist það starf eptirleiðis. Að því leyti sem téð breyting miðar til sparnaðar og er ekki neinum vandkvæðum bundin, væntir nefndin, að landsstjórnin taki tillöguna til greina.

Gjaldabálkurinn.

8. Til kostnaðar við Alþingi o. fl.

Yfirskoðunarmenn telja ýmsa agnúa á því fyrirkomulagi, að forsetar Alþingis semji um prentun þingtíðindanna, eins og tíðkazt hefir að undanförnu, og leggja það til, að eptirleiðis geri landsstjórnin alla samninga þar að lútandi. Nefndin álítur naumast þörf á að taka téða samninga undan umráðum forsetanna, en til þess að bæta úr annmörkunum á núverandi fyrirkomulagi, vill nefndin leggja það til, að stjórnin, nokkru fyrir hvert þing, leiti eptir tilboðum um prentun Alþingistíðindanna og aðra prentun, er þingið þarfnast, og leggi þau tilboð fyrir forseta þingsins.

10. Kostnaður við sakamál og gjafsóknamál.

Nefndin er samþykk þeirri tillögu yfirskoðunarmanna, að landsstjórnin gæti þess, að baka landssjóði sem allra minstan kostnað með gjafsóknaveitingum.

11. Til þess að gefa út Stjórnartíðindi og Landshagsskýrslur.

Umframgreiðslan, kr. 3071,41 + 56,78 til kostnaðar við sending með póstum = kr. 3068.19, er tekin í fjáraukalagafrumvarpið 2. gr.

12. Endurgjald fyrir burðareyri undir embættisbréf.

Umframgreiðslan, kr. 2333,77, komi til aukafjárveitingar.

13. Útgjöld við læknaskipunina.

Umframgreiðsla til náms yfirsetukvenna, kr. 1665,19. ÷ sparnaði 1902 kr. 657,50 = kr. 1007,69, er tekin í fjáraukalagafrumvarpið 3. gr.

14. Til útgjalda við póststjórnina.

Upphæðir þær, sem greiddar eru um fram fjárveitingu:

til póstflutnings . . . . . kr. 1868,02
óviss útgjöld . . . . . — 992,46

eru teknar í fjáraukalagafrumvarpið 4. gr.

15. Til vegabóta.

Umframgreiðsla til flutningabrauta, kr. 8720,63, er tekin í fjáraukalagafrumvarpið 4. gr.

16. Til vita.

1. Yfirskoðunarmenn telja, að til Reykjanessvitans hafi ekki verið greitt að öllu samanlögðu nema kr. 101,95 fram yfir fjárveitingu, en rétt reiknað er umframgreiðslan kr. 301,95, og stafar þessi mismunur af auðsjáanlegri prentvillu í landsreikningnum. Umframgreiðslan til viðhalds á húsi og áhöldum, kr. 173,60, virðist rétt að komi til aukafjárveitingar.

2. Þeirri tillögu yfirskoðunarmannanna, að fjárveiting til vitanna verði eptirleiðis ekki sundurliðuð eins smásmuglega og verið hefir, er vísað til fjárlaganefndarinnar.

22. Óviss útgjöld.

Umframgreiðslan, kr. 2942,65, er tekin í fjáraukalagafrumvarpið 6. gr.

23. Fjárgreiðslur samkvæmt fjáraukalögum.

1. Umframgreiðsla til að byggja sóttvarnarhús á Seyðisfirði, kr. 640,26, er tekin í fjáraukalagafrumvarpið 7. gr.

2. Yfirskoðunarmenn hafa skotið því undir úrskurð fjárveitingavaldsins, hvort taka eigi til aukafjárveitingar, kr. 73521,86, sem varið hefir verið á fjárhagstímabilinu 1902—1903, fram yfir ákveðna fjárveitingu til útrýmingar fjárkláða. Að vísu er hér um lögskipuð útgjöld að ræða, en eigi að síður virðist rétt, að upphæðin sé tekin í fjáraukalögin.

Af ástæðum þeim, er yfirskoðunarmenn hafa tilgreint, aðhyllist nefndin þá tillögu, að landsreikningunum verði eptirleiðis útbýtt á sama hátt og Stjórnartíðindunum.

Alþingi 24. Júlí 1905.

Guðl. Guðmundsson	Ólafur Briem	M. J. Kristjánsson.
form.	skrifari og framsögumaður.	

Nd. **170. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903.

Um 2. gr.

Hinn aukni kostnaður við útgáfu Stjórnartíðinda og landshagsskýrslna er aðallega fólginn í því, að fleiri arkir hafa verið prentaðar en áætlað var.

Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf hefir farið talsvert fram yfir áætlun, er meðfram stafar af breytingu á póstlögunum, og þó einkum af því, að frímerki hafa verið meira notuð í þjónustu póststjórnarinnar en áður tíðkaðist. Þó að hér sé um lögboðin útgjöld að ræða, virðist rétt að hin mikla umframgreiðsla á þessum lið sé tekin upp í fjáraukalögin.

Um 3. gr.

Gjöld þau, sem hér eru talin, til náms yfirsetukvenna og kostnaður við sóttvarnir, eru lögboðin.

Um 4. gr.

Útgjöldin við póststjórnina eru áætlaðar upphæðir, sem hafa reynst of lágar. Mesta umframgreiðslan er fyrir tilbúning og prentun nýrra frímerkja og bréfspjalda. Í óvissum útgjöldum póststjórnarinnar eru fólgnar 400 kr. til að halda uppi greiðasölu í Fornahvammi og Bakkaseli. Upphæð þessi virðist fremur eiga að teljast með útgjöldum til þjóðvega samkvæmt 21. gr. vegalaganna 13. April 1894.

Fé það, sem ofborgað hefir verið til flutningabrauta, leggur nefndin til, að veitt sé í þetta sinn, en þegar um slíkar fjárveitingar sé að ræða, virðist rétt að ekki sé farið fram úr ákveðinni upphæð, nema í brýnni þörf.

Í grein þessa vantar að taka upp umframgreiðslu til viðhalds á húsi og áhöldum Reykjanesvitans.

Um 5. gr.

Eptir atvikum leggur nefndin það til, að fjárhæðir þær, sem hér eru taldar, verði veittar. Ennfremur virðist rétt, að taka upp í greinina umframgreiðslu á ferðastyrk handa læknaefnum og ýmislegra útgjalda við Möðruvallaskóla, eptir að skólahúsið brann.

Um 6. gr.

Með óvissum útgjöldum 1903 (sb. 40. fylgiskjal við landsreikninginn 10. tölulið) er talinn kostnaður við flutning holdsveiklingsins Guðjóns Jónssonar frá Rekavík bak Höfn í Sléttuhreppi á holdsveikraspítalann, að upphæð 75 kr. Eptir lögum 4. Febr. 1898 um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, skal því að eins greiða flutningskostnaðinn úr landssjóði, að amtmaður hafi skipað fyrir um flutninginn. Með því eigi verður séð af skjölum málsins, að amtmaður hafi átt neinn hlut að flutningi þeim, er hér ræðir um, og því vantar heimild til að greiða kostnaðinn úr landssjóði, eiga óviss útgjöld að lækka um téða upphæð.

Um 7. gr.

Í fjáraukalögum 25. September 1902 3. gr. eru veittar kr. 4000,00 til að byggja sóttvarnarhús á Seyðisfirði. Húsið var keypt 1903 og kostaði tilbúið og flutt á Seyðisfjörð kr. 4640,26. Þar við bætist kostnaður við grunn undir húsið o. fl. áfallinn 1904, að upphæð kr. 347,51. Umframgreiðslan nemur því

alls kr. 987,77, en hér er að eins farið fram á aukafjárveitingu fyrir umframgreiðslunni 1903 kr. 640,26. Þess skal getið, að nefndin hefir orðið þess áskynja, að hús það, sem hér ræðir um, er fokið (í Janúar 1905) og orðið að eingu, og er helzt útlit fyrir, að slys þetta stafi að einhverju leyti af vanrækslu eða handvömm, en eptir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir feingið, virðist naumast hægt að gera ábyrgð gildandi á hendur hlutaðeigendum, og sér nefndin því eptir atvikum ekki önnur úrræði en að samþykkja umrædda fjárveitingu.

Að endingu leggur nefndin það til, að í frumvarp þetta sé tekin upphæð sú, er varið hefir verið fram yfir ákveðna fjárveitingu til útrýmingar fjárkláða á fjárhagstímabilinu 1902—1903 (sbr. nefndarálit um athugasemdir yfirskoðunarmanna við landsreikninginn 1903 23.2).

Nefndin ræður því hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við 2. gr. Aptan við greinina bætist:
Við tölulið 2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf
1902 . . . . . kr. 1191,93
1903 . . . . . — 2333,77
2. — 4. — Aptan við greinina bætist:
Við E. Til vita.
Við c. 6. Til viðhalds á húsi og áhöldum vitans á Reykjanesi.
1902 . . . . . kr. 246,61
1903 . . . . . — 173,60
3. — 5. — Á eptir II. Til læknaskólans bætist inn í:
Við b. 4. Ferðastyrkur handa læknaefnum 1902 . kr. 300,00
4. — — — Á eptir III. Til lærða skólans bætist inn í:
Við IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum.
Við b. 4. Ýmisleg útgjöld 1902 . . . . . kr. 1221,68
5. — 6. — Fyrir kr. 2942,65 komi: kr. 2867,65.
6. Aptan við frumvarpið bætist ný grein:

Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er í fjáraukalögum 23. Október 1903 til útrýmingar fjárkláða, veitast kr. 73521,86.

Alþingi 24. Júlí 1905.

Guðl. Guðmundsson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögumaður.

M. J. Kristjánsson.

Nd. **171. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir 1902 og 1903.

Eins og tekið er fram í álitsskjölum um samþykt á landsreikningnum fyrir 1894—1895 (Alþingist. 1897 C, bls. 277) og 1896—1897 (Alþingist. 1899 C. bls. 322), er peningaforði landssjóðs í landsreikningnum undanfarin ár ekki talinn eins og hann hefir verið í raun réttri, og hefir sá mismunur verið nokkuð á reiki. Með því að ekki hefir fengizt fullnægjandi greinargerð fyrir, hvernig

á þeim mismun standi, hefir reikningslaganefndin að undanförnu ekki séð sér fært að koma fram með tillögu um leiðréttingu á upphæðinni. Við rannsókn, er gerð hefir verið um peningaforðann við árslok 1903, hefir það komið fram, að þessi munur er kr. 3363,97, og hefir stjórnarráðið í bréfi dags. 10. þ. m. mælst til þess, að nefndin gerði þá breytingartillögu við frumvarp þetta, að peningaforði landssjóðs verði færður niður um framannefnda upphæð. Að vísu kannast nefndin við, að nauðsynlegt sé að lagfæra þá skekkju, sem þannig hefir slæðzt inn í reikningana, en álítur betur við eiga, að yfirskoðunarmönnum landsreikninganna gefist kostur á, að kynna sér málið og segja álit sitt um það, áður en því er ráðið til lykta.

Samkvæmt nefndaráliti um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903 6. gr, eiga óviss útgjöld að lækka um kr. 75,00, og leggur nefndin því til, að frumvarp þetta verði samþykt með þeirri breytingu:

Við gjaldlið 10. Fyrir 5942,65 komi: 5867,65.

Upphæð peningaforðans breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Alþingi 24. Júlí 1905.

Guðl. Guðmundsson, form. Ólafur Briem, skrifari og framsögum.

M. J. Kristjánsson.

Nd. **172. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um atvinnu við siglingar.

Nefnd sú er háttv. neðri deild hefir falið að athuga frumvarp þetta, hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að frumvarpið, eins og nefndin leggur til að það verði samþykt, hafi í sér fólgnar ýmsar nauðsynlegar umbætur, sem miða að því, að sjávarútvegurinn verði stundaður á sem haganlegastan hátt.

Breytingar þær á núgildandi lögum, sem frumvarpið fer fram á, eru fram komnar frá sjómannastéttinni, sem bæði sunnanlands og norðanlands hefir samtímis tekið siglingalögin til rækilegrar íhugunar.

Það, sem er einna mest því til hindrunar, að lög um þetta efni geti orðið öllum sem hagfeldust, er það, hversu misjafnlega hagar til á ýmsum stöðum. Nú hefir nefndin átt kost á að kynna sér álit skipstjóra og útgerðarmanna, þessu viðvíkjandi, víðsvegar um landið og hefir tekið fult tillit til þeirra skoðana.

Nefndinni þykir full ástæða til að vænta þess, að ef frumvarpið verður samþykt með breytingum hennar, þá muni það verða til þess að draga úr óánægju, sem lögin um atvinnu við siglingar hafa valdið.

Í frumvarpinu eru þessar breytingar frá gildandi lögum.

1. Að sá, sem stundað hefir atvinnu við siglingar eða fiskiveiðar á þilskipum 24 mánuði, geti öðlast rétt til að vera skipstjóri á skipi, sem er minna en 30 smálestir, ef hann sannar fyrir prófnefnd, sem lögreglustjóri tilnefnir, að hann kunni þau nauðsynlegustu atriði sjómannafræðinnar, sem tiltekin eru í 2. gr. frumvarpsins.

   Eptir nú gildandi lögum má einginn vera skipstjóri á skipi, sem er stærra en 12 smálestir, nema hann hafi tekið próf við stýrimannaskólann í Reykjavík.

2. Að sá, sem tekið hefir hið minna próf við stýrimannaskólann í Reykjavík öðlist rétt til að vera skipstjóri í utanlands-siglingum á skipi, sem er minna en 100 smálestir, ef hann hefir verið skipstjóri í innanlands-siglingum 18 mánuði.

Til þess að mega sigla milli landa sem skipstjóri útheimtist, eptir gildandi lögum, að skipstjórinn hafi tekið hið meira próf við stýrmannaskólann í Reykjavík.

3. Að á skipum, sem stærri eru en 50 smálestir, sé jafnan maður, sem fær sé um að taka við skipstjórn, ef skipstjórinn fatlast að einhverju leyti.

Áður hefir þess ekki verið krafizt, að stýrimenn á fiskiskipum hafi tekið próf á stýrimannaskóla.

Breytingar þessar miða að því, að losa um óeðlileg höft, sem á fiskiveiðunum hvíla, og eins til þess að veita sjómannastéttinn aðgang að því að taka að sér vöruflutninga milli landa, sem hingað til hafa að mestu leyti verið í höndum útlendinga.

Nefndin leyfir sér að koma fram með nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, en sumar þeirra eru að eins orðabreytingar.

Fyrir efnisbreytingunum verður gerð grein með fám orðum.

Breytingartillagan við 2. gr. miðar til þess, að próf það, sem þar er gert ráð fyrir, fari reglulega fram og að ekki verði gerðar mismunandi kröfur til þeirra, sem undir prófið ganga. Reglur þær, sem stjórnarráðið setur, eiga að gefa fulla trygging í því efni.

Reynslan hefir sýnt, að ekki er ástæða til að gera meiri kröfur í þessu efni, og það því síður sem gert er að skilyrði, að þeir, sem próf þetta taka, hafi stundað atvinnu við siglingar eða fiskveiðar á fiskiskipum 24 mánuði, til þess að öðlast skipstjóraréttindi samkvæmt 2. gr.

Breytingin við 5. gr. virðist sjálfsögð, því ekki er ástæða til að heimta meiri þekkingu af stýrimönnum en skipstjórum.

Önnur breytingartillaga við 8. gr. er eðlileg afleiðing af breytingunni á 5. gr.

Fyrri breytingin við 10. gr. er sprottin af því, að nefndinni virðist nægilegt, að menn sigli 12 mánuði sem stýrimenn, áður en þeir geta öðlazt skipstjóraréttindi, ef öllum öðrum skilyrðum er fullnægt.

Breytingartillagan við 13. gr. er fremur lítilvæg, en nefndinni þótti viðkunnanlegra að hafa gjald þetta, þar sem gjald er sett fyrir skipstjóraskírteini.

Samkvæmt því, sem hér að framan er sagt, leyfir nefndin sér að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi breytingum:

1. Við 2. gr. a. Í stað orðanna »með vottorði tveggja valinkunnra skipstjóra, sem lögreglustjóri tilnefnir« komi: með prófvottorði þriggja valinkunnra skipstjóra, sem bæjarfógeti tilnefnir.

— — — b. Á eptir »12 smálestir« komi ný málsgrein svo hljóðandi: Stjórnarráðið semur reglur um prófið, sem að eins fer fram í kaupstað, og fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

2. — 3. — 3. gr. orðist þannig:

Réttur til að vera skipstjóri í utanlands-siglingum á íslenzku seglskipi, sem er minna en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem skipstjóri í innanlands-siglingum, og auk þess verið í förum sem skipstjóri innanlands 18 mánuði.

3. — 4. — 4. gr. orðist þannig:
Rettur til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir, skal bundin því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem skipstjóri á utanlandssiglingum. Sé um gufuskip að ræða, er rétturinn enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini það, sem getur um í 14 gr.

4. Við 5. gr. 5. gr. orðist þannig:
Réttur til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi, sem er meir en 70 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem stýrimaður í innanlandssiglingum.

5. Við 6. gr. 6. gr. orðist þannig:
Réttur til að vera stýrimaður í utanland-siglingum á íslenzku skipi, sem er minna en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum og hafi auk þess verið í förum sem stýrimaður innanlands 12 mánuði.

6. Við 7. gr. 7. gr. orðist þannig:
Réttur til að vera stýrimaður í utanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini sem stýrimaður í utanlands siglingum.

Ef um gufuskip er að ræða, er rétturinn enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið viðauka-skírteini það, er getur í 14. gr.

Viðauka-skírteini það, sem ræðir um í grein þessari og 4. gr., er þó óþarft, ef maður hefir staðizt hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er jafngildir því eptir dönskum lögum.

7. Við 8. gr. a. Í stað »á Íslandi« komi: hér á landi.
— — — b. Í stað »30 smálestir« komi: 70 smálestir.
— — — c. Í stað »fara innanlands-siglingar« komi: fara í innanlands-siglingar.

8. — 9. gr. Í stað »stýrimenn« í niðurlagi greinarinnar komi skipstjóra.

9. Við 10. gr. a. Í stað »tvö ár« komi: 12 mánuði.
— — — b. Orðin: »á skipum, sem eru minni en 100 smálestir að stærð« í niðurlagi greinarinnar falli burt.

10. — 12. — Orðin: »á skipum, sem eru minni en 100 smálestir að stærð« í niðurlagi greinarinnar falli burt.

11. — 13. — Í stað orðanna: »ekkert gjald greiða« komi: greiða 2 kr.

Neðri deild Alþingis 24. Júlí 1905.

Jón Magnússon. formaður. M. J. Kristjánsson skrifari og framsögum.

G. Björnsson. Magnús Andrésson. Stefán Stefánsson Eyf.

Nd. **173. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum frá 13. Okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.

Flutningsm. Stefán Stefánsson, Eyf.

1. gr.

3., 13., 28. og 29. töluliður í 1. gr. laga um skipun læknahéraða frá 13. Okt. 1899 orðist svo:

3. Akureyrarhérað: Akureyrarkaupstaður, Öngulstaða, Saurbæjar, Hrafnagils, Glæsibæjar og Skriðuhreppar og Svalbarðsstrandarhreppur í Þingeyjarsýslu.

13. Húsavíkurhérað: Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, Hálshreppur norðan við Draflastaðasókn, Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað, Aðaldæla og Húsavíkurhreppar.

28. Arnarneshérað: Arnarness- og Svarfaðardalshreppar í Eyjafjarðarsýslu og Grýtubakkahreppur í Þingeyjarsýslu.

29. Reykdælahérað: Hálshreppur út að Brettingsstaðasókn, Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Reykdæla- og Skútustaðahreppar.

2. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær á læknaskipunarlögunum, sem um ræðir í 1. gr., inn í meginmál þeirra, og getur þá konungur gefið lögin þannig breytt út sem lög um skipun læknishéraða á Íslandi.

Nd. **174. Breytingatillaga**

við frumvarp til laga um sölu þjóðjarða.

Frá nefndinni.

6. gr. falli burt.

Nd. **175. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um forkaupsrétt leiguliða o. fl. og breytingartillögur á þskj. 144.

Frá nefndinni.

1. Breytingartillögur á þingskj. 144 við 3., 5. og 6. grein eru teknar aptur.
2. Aptan við 6. grein bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Fyrirfram gerður samningur á milli landsdrottins og leiguliða getur eigi svipt hinn síðarnefnda forgangsrétti þeim, sem ræðir um í 1. og 3. grein.

Nd. **176. Nefndarálit**

um breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. Marz 1900.

Vér, sem kosnir vorum í nefnd til að íhuga nefnt frumvarp, leggjum til:

1. Við 1. gr.: Fyrir: »utan kaupstaði og kauptún«, komi: utan verzlunarlóða í kaupstöðum og kauptúnum.

Alþingi 25. Júlí 1905.

Eggert Pálsson, formaður. Hermann Jónasson, skrifari og framsögumaður. Jóhannes Ólafsson.

Stefán Stefánsson, Eyf. Ólafur Briem.

Nd. **177. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir bæjarstjórn Akureyrar til þess að fá eignarréttindi yfir Glerá, að því er nauðsynlegt er fyrir veiting árinnar inn að kaupstaðnum.

Vér höfum athugað mál þetta og skjöl þau, er fyrir þinginu liggja viðvíkjandi því, og leyfum oss að láta uppi álit um það svo sem nú segir:

Á síðastliðnum vetri kaus bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar nefnd til þess að athuga tilboð, er fram var komið um raflýsing í bænum, og var fyrirhugað að nota foss þann, sem er í Glerá nokkru fyrir utan kaupstaðinn, til þess að framleiða rafmagnið. En það kom brátt í ljós við rannsókn nefndarinnar, að framleiðsla aflsins á þann veg mundi verða ónóg og flutningur þess of dýr, til þess að þetta gæti borið sig. Hinsvegar hafði áður komið til orða að taka ána upp úr farveginum og veita henni fram af hæðinni, sem kaupstaðurinn stendur undir, en kostnaður við það hefði, eptir lauslegri áætlun, numið hátt upp í 100,000 kr., og hafði þá verið hætt við að hugsa um það fyrirtæki.

Á síðastliðnum vetri tók svo tóvélastjóri Aðalsteinn Halldórsson að sér, eptir undirlagi umræddrar nefndar að rannsaka betur skilyrðin fyrir veiting árinnar, og hann komst að þeirri niðurstöðu, að ána mætti taka upp á hentugri stað en áður var ráðgert og veita henni ofan af hæðinni utanvert við kaupstaðinn. Hann gerði því næst nákvæmar mælingar fyrir stýflu og skurðstæði og áætlun um kostnað, og er það nú lagt fram fyrir þingið. Fallhæðin, þar sem ánni er veitt fram af hæðinni, er 155 fet, og framleiðir hún þar 600 hestöfl. Auk þess eru á nokkrum stöðum fossar á stöllum í skurðinum, þar sem fá má auk þessa yfir 100 hestöfl. — Kostnaður við þetta fyrirtæki er áætlaður nál. 40,000 kr., auk endurgjalds fyrir réttindi yfir ánni og landinu, er greiða verður hlutaðeigendum.

Að því er snertir þýðing þessa fyrirtækis fyrir Akureyrarkaupstað, þá teljum vér ekki nauðsynlegt að fara mörgum orðum um það atriði. Það liggur í augum uppi, að slíkar aflstöðvar með 6—700 hestöflum hljóta að verða uppspretta atvinnu og framleiðslu. Nú er hátt á 2. þúsund íbúa í kaupstaðnum, er eiga opt við þraung kjör að búa þegar sjávarafli bregzt, eins og átt hefir sér stað um síðustu 3 ár. Kæmist veiting árinnar og aflframleiðslan í framkvæmd, mundu myndast nýjar atvinnubrautir, ný lífsskilyrði og nýjar auðsuppsprettur fyrir kaupstaðinn og íbúa hans. Málið er því eitt hið mesta og helzta skilyrði fyrir framtíð og viðgangi kaupstaðarins að þessu leyti.

Þar að auki liggur fyrir veituskurðinum afarmikið landflæmi, sem eru óræktaðir mýraflóar; þetta land mætti gera að hinu bezta eingi með uppistöðuveitu frá skurðinum, og vér þurfum ekkert um það að fjölyrða, hvílíka þýðing slíkt land hefir rétt í grend við fjölmennan kaupstað, sem er í landþraung að ræktuðu landi.

Bæjarstjórnar-nefndin hefir um þetta atriði sagt svo í álitsskjali sínu:

»Oss dylst eigi, að þessi flutningur á Glerá hlýtur að hafa afarmikla og víðtæka þýðingu fyrir framtíð þessa bæjar, svo að varla virðist ofmikið sagt, að hvert eitt atriði út af fyrir sig, af þeim (sex), sem nefnd eru í skýringum

herra Aðalst. Halldórssonar, er fullgild ástæða fyrir flutningi árinnar. Óhætt er að segja það um vatnsveitinguna á flóana og aðalfallið, þar sem framleidd verða 600 hestöfl á einum stað.

Vér viljum sérstaklega benda á vatnsveitinguna á land bæjarins. Eins og nú er háttað má kalla svo, að flóarnir séu alveg gagnslaust landflæmi, því naumast er þar nýtileg hagbeit fyrir nokkra skepnu, þó um hásumarið sé. Með því að skera flóana fram, og veita svo yfir þá hinu frjóvsama vatni úr Glerá, mundu þeir á fáum árum taka þeirri breytingu, að þeir yrðu bezta haglendi bæjarins, svo að í stað þess, að nú er neyðar úrræði að hafa mjólkandi kýr í högunum, og margir þessvegna neyðast til að hafa þær annarstaðar, þá yrði næg og góð beit fyrir allar kýr bæjarins. Það er einnig athugandi, að eptir því, sem meira af bæjarlandinu er tekið til ræktunar, eptir því verður meiri hörgull á haglendinu, og vex þá þörfin á að endurbæta það.

Hvað aflframleiðsluna snertir, þá er það fyrst aðalfallið, sem yrði tekið til notkunar, og eru tvær aðalástæður fyrir því, að það geti orðið notfærilegt mjög fljótt. Fyrst má geta þess, að eins og bent er á hér að framan, eru allmiklar líkur til þess, að raflýsing hér í bænum komist á strax sem vatnsleiðsla þessi er fullgerð, og enn fremur skal geta þess, að oss er kunnugt um, að næsta ár er ákveðið að stækka tóverksmiðjuna hér að miklum mun«.

Þeir, sem rétt hafa yfir ánni og landinu meðfram henni eru: eigendur Bændagerðis og Rangárvalla í Glæsibæjarhreppi, sem eiga land að ánni öðru megin til móts við kaupstaðinn, og svo: »Tóvélafélag Eyfirðinga«, sem hefir feingið rétt til að nota vatnsafl árinnar eptir samningi við eigendur, þar á meðal bæjarstjórn Akureyrar. Að vísu eru líkur til þess nokkrar, að hægt sé að ná samningum við þessa hlutaðeigendur, en þar sem hér er svo mikið í húfi, ef þessu fyrirtæki væri hægt að spilla, þá hefir bæjarstjórnin farið fram á heimild til eignarnáms, til þess að eiga þetta, sem varðar velferð margra, ekki undir högg að sækja eða vera háð geðþótta einstakra manna í svo alvarlegu máli, því ekki þarf nema einn einasta eiganda til þess, að stöðva fyrirtækið eða gera því erfitt fyrir.

Að þessum málavöxtum íhuguðum leyfum vér oss að mæla með því, að frumvarpið verði samþykt með þeim breytingum á orðalagi þess, er vér höfum komið oss saman um og oss þykir viðfeldnara og skýrara en hinn upprunalegi texti þess:

1. 1. gr. orðist þannig:

   Sérhver sá, er hefir eignarrétt eða önnur réttindi yfir Glerá eða landinu meðfram henni, skal vera skyldugur til þess, að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gegn fullu endurgjaldi svo mikið af réttindum þessum eða eign, sem nauðsynlegt er til þess, að framkvæma megi veiting árinnar inn að eða inn í kaupstaðinn, samkvæmt því, er ákveðið verður af bæjarstjórninni.

   Endurgjaldið greiðist úr bæjarsjóði Akureyrarkaupstaðar.

2. 2. gr. orðist þannig:

   Nú geta málsaðilar eigi orðið á eitt sáttir um það, hverjar eignir eða réttindi taka þurfi eignarnámi eða og um upphæð endurgjaldsins, og skulu þá dómkvaddir 2 kunnugir og óvilhallir menn til þess ásamt lögreglustjóra og 2 mönnum, er málsaðilar nefna til hver sinn, að skera úr um eignarnámið og um upphæð endurgjaldsins.

Nú vill málsaðili eigi nefna til mann og skal þá maður dómkvaddur í þess stað.

Eingan má nefna til né dómkveðja, er sæti á í bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar.

3. Fyrirsögnin orðist svo:

Frumvarp til laga um skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrétt og önnur réttindi yfir Glerá og landi meðfram henni.

Með þessu áliti voru höfum vér til frekari skýringar látið fylgja:

1. Útdrátt úr álitsskjali Aðalsteins Halldórssonar.
2. Áætlun yfir kostnað við veiting árinnar.

Neðri deild Alþingis, 25. Júlí 1905.

Stefán Stefánsson, þm. Skf. formaður. Guðlaugur Guðmundsson skrifari og framsögum. Stefán Stefánsson, Eyf.

Fylgiskjal I.

Kafli úr álitsskjali Aðalsteins Halldórssonar 20. Maí 1905.

Þar sem eg hef nú ákveðið að taka ána upp hagar að ýmsu leyti betur til. Ekkert af því er þó að minni hyggju eins mikils vert eins og það, að við uppstýflun árinnar myndast ca. 300 faðma langt og 120 faðma breitt stöðuvatn. Á þessu söðuvatni tapa krapaflóðin og ísruðningarnir öllum krapti sínum, og ná alls eigi til að stýfla vatnsfarveginn frá ánni. Það er eigi ólíklegt, þegar fram líða stundir og mikið er farið að nota aflið, að áin verði of lítil öðru hvoru. En þá er auðvelt að stýfla útrenslið úr vatninu á þeim tímum sólarhringsins, sem það er ekki nota, og safna vatninu þannig fyrir til næsta dags. Þó alt útrenslið væri þannig stýflað yfir nóttina, myndi vatnið eigi dýpka meira en um 1 fet, þegar áin er lítil, því flatarmál vatnins er svo stórt. Aðferð þessi er mjög algeing víða erlendis. — Þar sem farvegurinn á að liggja frá ánni og alla leið þar til fallið byrjar, er mjög auðvelt að gera hann með svo litlum halla, að vatnshraðinn verði að eins hæfilegur eða ca. 2—2,5 fet á sek., svo hvorki þarf að óttast að vatnið beri með sér til muna, né skemmi hliðar eða botn farvegsins. — Notfærilegt fall getur orðið á 5 stöðum í farveginum, og álít ég það fremur kost en ókost, því á þann hátt er þá auðveldara að nota það til vanalegrar véladriptar, án þess að þurfa að breyta því í rafmagnsstraum, sem auðvitað er mikið dýrara.

Nægar og góðar lóðir til húsbygginga eru alstaðar þar sem aflframleiðsla getur átt sér stað.

Aðal aflframleiðslan verður í hvamminum hjá Tóverksmiðjunni, svo með litlum kostnaði er hægt að bæta henni að fullu, þó hún tapi vatninu úr sinni vatnleiðslu.

Nípur þær, sem þarf í aðal fallið, eru eigi nema $^1/_3$ af því, sem þar þyrftu að vera, ef áin væri leidd ofan af Eyrarlandsholtinu.

Alt aukavatn er mjög auðvelt og kostnaðarlaust að losast við, þangað sem það getur ekki orðið neinum að meini, og öll vatnsleiðslan liggur þannig, að þó vatnið bólgni úr farvegi sínum, getur það aldrei runnið ofan í bæinn, heldur eptir lægðunum austan og vestan við Kotá norður á eyrarnar.

Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá skal ég geta þess, að til þess að taka Glerá upp hjá Tröllahyl, var áætlað að stýfla og farvegur ofan undir bæinn mundi kosta 48000 kr., og voru þó ótaldar vatnspípur, turbínur og dynamóar, sem óhætt hefði verið að gera að minsta kosti annað eins. Með því svo að gera byggilegar lóðir, þar sem vatnið kæmi niður og að sjá tóverksmiðjunni fyrir afli, þá hefði allur kostnaðurinn orðið nokkuð yfir 100,000 kr. Að vísu hefðu þá feingizt ca. 250 h. k. meira afl en framleiðist hér í aðalfallinu, en lítið er unnið við það í bráð meðan eigi er farið að nota aflið til fullnustu. En eins og áætlun sú, er hér fylgir, ber með sér, er allur kostnaðurinn við að stýfla ána, leiða vatnið og gera það notfærilegt til þess, sem nú eru líkur til að það verði notað í bráð, tæpl. 40,000 kr.

Þegar þörf er orðin á meiru afli en aðalfallið getur framleitt, er með tiltölulega litlum kostnað hægt að færa sér minni föllin í nyt — og að öllu samanlögðu getur áin á þessari leið framleitt fast að því jafn mikinn krapt, eins og þó henni væri veitt fram af Eyrarlandsholti.

Þar sem aðalfallið byrjar hagar þannig til, að vatnið verður leitt fram á skálmyndaða klöpp, og getur þar þá myndast tjörn eigi minni enn 200 □ faðm. að stærð, og um 6 fet á dýpt á parti; klöpp er í botninum og að eins þunnur jarðvegur ofan á henni, og klöpp á þrjár hliðar. Að eins þarf að hlaða garð á eina hliðina, og getur gröpturinn upp úr tjörninni notast til uppfyllingar í garðinn. Það er mjög mikilsvert að vatnleiðslupípurnar liggi út úr straumlausri tjörn, því þá er lítil hætta á, að grjót og annað rusl berist inn í turbínurnar.

Fylgiskjal II.

Áætlun

um stýflu í Glerá.

		Kr.	aur.
1.	Stöpull á vestari bakka 12′×12′ og 30′ á hæð að innan fylltur upp með grjóti, en að utan úr góðri cementsteypu, og bindingslag 1′ þykt með 4′ millibili	2100	00
2.	Stöpull á austurbakka 12′×12′ og 12′ á hæð með sömu gerð og hinn áðurnefndi	860	00
3.	Bjálka og stýfur úr ⊤ mynduðum járnbjálkum 2000 fet á 0,85	1700	00
4.	Járnsteingur úr flötu járni upp og ofan milli bjálkanna með 1—2ja feta millibili ca. 1200 fet 0,50	600	00
5.	Vinna við að koma bjálkunum fyrir	540	00
6.	Steypunet úr sverum vír spent yfir alla járngrindina í gilinu	100	00
7.	Cementssteypa 18″ þykk steypt í alla járngrindina í gilinu	1500	00
8.	Stólpar og stýfur úr ⊥ mynduðum bjálkum í steypuveggina til beggja handa við gilið	275	00
9.	Steypunet í þá	60	00
10.	Cementssteypa í þessa veggi 18″ þykk að neðan og 12″ ofar	1300	00
11.	Að fylla upp með jarðvegi innan við stýfluna og stýflugarðana til hliðar ca. 38000 fet^3 = 190 dv. 3,00	570	00
12.	Að stýfla ána (loka stýflunni)	275	00
13.	Timbur í búkka til að varna ísreki á stýfluna í gilinu	120	00
	Samtals	10000	00

Aðalsteinn Halldórsson.

Áætlun

um vatnsfarveginn frá Glerá.

	Gröptur fet^3	Lagt í dagsverk fet^3	Dagsverka tala	Daglaun kr.	Verðupphæð: Kr.	aur.
1. Frá upptökum farvegarins ofan undir flóa, 200 faðmar að leingd, mest dýpi 13½ fet	120875	100	1208	3.00	3624	00
2. Yfir flóann 250 faðmar, mest dýpi 3 fet	50800	200	254	3.00	762	00
3. Frá flóanum norður og austur holtin þar til efra fallið byrjar 131 faðmar	23550	100	235	3.00	705	00
4. Frá brúninni á því falli þar til láréttur farvegur byrjar aptur 58 faðm.	25200	150	168	3.00	504	00
Flyt	220425	550	1865		5595	00

	Gröptur fet³	Lagt í dags-verk fet³	Dagsverka tala	Dag-laun kr.	Verðupphæð: Kr.	aur.
Fluttar	220425	550	1865		5595	00
5. Láréttur farvegur þaðan norður og austur með klöppunum 134 faðmar	32000	100	320	3.00	960	00
6. Þar sem þessi farvegur þrýtur myndast enn að nýju fall 5—7 fet á hæð og verður svo vatnið leitt út og austur á klöppina, sem myndar stóra skál. Þar er einkar hentugt að mynda tjörn ca. 200 □ faðma að stærð og liggja pípurnar úr henni að norðan og austan. Vegaleingd 99 faðma. Áætlað.....	...	...	...	...	2000	00
	252425	...	2185	...	8555	00

Aðalsteinn Halldórsson.

Áætlun

um stýflun og vatnsleiðslu frá Glerá ofan undan Rangárvöllum.

	Kr.	Aur.
1. Stýfla í Glerá	10000	00
2. Farvegur frá ánni þar til vatnið er tekið í pípur	8555	00
3. Pípur á efra hluta fallsins steyptar úr cementi með járnneti í 1000 m/m í þvermál að innanmáli, 53 faðmar á leingd, hver faðmur á kr. 50,00	2650	00
4. Pípur úr stálplötum 1/4″ þykkum 900 m/m í þvermál, á neðri hlutann af fallinu 46 faðmar á leingd, hver faðmur kr 100,00	4600	00
5. 3 turbinur með öllu tilheyrandi: 2 af þeim á 150 h. k. hver og 1 á 50 h. k.	8000	00
6. Fráveizla vatnsins.....	1000	00
7. Umsjón með verkinu, uppsetning á turbínum, ýms áhöld, timbur í smiðapalla og steypukassa og ýmislegur annar ófyrirsjáanlegur kostnaður	4000	00
Samtals.....	38805	00

Aðalsteinn Halldórsson.

Nd. **178. Frumvarp**

til laga um laun hreppstjóra.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson, þm. Skf., Jón Magnússon, Lárus Bjarnason.

1. gr.

Til hreppstjóra í hverjum hreppi skal ár hvert greiða úr landssjóði þóknun, er nemi 1 kr. fyrir hvern innanhreppsmann, sem býr á jörðu eða jarðarparti, er metinn sé til dýrleika eigi minna en 5 hndr. eptir gildandi jarðamati, og enn fremur 1 kr. fyrir hvern mann í hreppnum, er á haustþingi telur til tíundar eigi minna en ½ lausafjárhundrað. Þóknun til hreppstjóra má þó aldrei vera minni en 50 kr.

2. gr.

Haldi hreppstjóri í umboði sýslumanns uppboð, falla uppboðslaunin til hans óskipt, séu þau ekki hærri en 16 kr., og rennur það, sem umfram er í landssjóð, enda haldi sýslumaður sjálfur, nema forföll banni, þau uppboð, sem ætla má, að hlaupi meira en 400 kr.

3. gr.

Hina árlegu þóknun eptir 1. gr. laga þessara skal greiða á fyrsta manntalsþingi eptir að lög þessi öðlast gildi, og er þá 1. gr. og 5. gr. laga nr. 33 frá 13. Dec. 1895 jafnframt úr gildi geingin.

Nd. **179. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar við Lambhúsvík.

Nefndin, sem upphaflega var skipuð í þetta mál eingöngu, hefir síðan fengið til meðferðar frumvörp til laga um löggilding þessara verzlunarstaða:

1. Við Gerðaleir í Gullbringusýslu.
2. — Maríuhöfn í Kjósarsýslu.
3. — Skógarnes í Miklholtshreppi.
4. Að Látrum í Aðalvík.
5. Við Ólafsfjörð í Eyjafjarðarsýslu.
6. — Holtsós undir Eyjafjöllum.

Nefndin vill taka það fyrst fram, sem almenna athugasemd, að þrátt fyrir það, þótt athugavert þyki vegna tolleptirlits að fjölga löggiltum kauptúnum, þá eigi þó hitt að sitja í fyrirrúmi, að líta á staðhætti landsins og strjálbygð, og þá nauðsyn, sem til þess ber að greiða fyrir samgöngum og létta alla aðflutninga, eptir því sem unt er.

Þá er þess að geta, að nefndin hefir kynt sér mál þau, sem að ofan eru nefnd, en litlar upplýsingar hafa feingizt um það, hvernig dýpi, botn og lendingar séu á þessum fyrirhuguðu löggiltu höfnum. Vér höfum eigi getað feingið nein skjöl þeim viðvíkjandi, nema tvær bænarskrár, sem liggja á lestrarsalnum; er önnur um að löggilda Lambhúsvík, hin um Aðalvík.

En þrátt fyrir það, þótt æskilegt væri, að sérhverri beiðni um lögilding verzlunarstaða fylgdi lýsing á höfninni, verzlunarsvæðinu og allri afstöðu, — þá leggjum vér samt eindregið til, að allir þessir umbeðnu verzlunarstaðir verði löggiltir. En vér álítum betur á því fara og vera myndarlegra að setja þá alla sam-

an í eitt frumvarp; við það getur einnig sparast nokkur tími og prentunarkostnaður. Væntum vér, að heiðraðir flutningsmenn hafi ekki á móti þessu fyrirkomulagi, þótt hin einstöku frv. séu nokkuð komin á veg og sum jafnvel til 3. umr., heldur megi þau falla niður, annaðhvort óútrædd eða apturtekin.

Í annan stað lá fyrir nefndinni að athuga, hvernig ákveðnar væri verzlunarlóðir þær, sem fylgja eiga þessum löggiltu kauptúnum. Nefndin verður að álíta þetta þýðingarmikið atriði, sérstaklega til að fyrirbyggja óvissu eða skjóta breytingu á takmörkum verzlunarsvæðisins í komandi tíð. Má benda á, að nú liggja fyrir þinginu 3 sérstök frumv. um breytingu á takmörkum verzlunarlóða. Í þessum fyrirliggjandi frumvörpum var nú samt ekki hægt fyrir nefndina — vegna vantandi upplýsinga — að ákveða takmörk verzlunarsvæðisins, nema á 2 stöðum: Látrum í Aðalvík og Ólafsfirði.

En til þess að reyna að bæta úr þessu, sem og til að greiða fyrir að slíkar ákvarðanir geti orðið settar á öðrum kauptúnum, þar sem verzlunarsvæðið er eigi afmarkað, þá álítum vér það langeinfaldast og umsvifaminst, að gefa stjórnarráðinu heimild til að setja ákvarðanir eða gera ákvæði um takmörk verzlunarlóðanna, þar sem þau eru eigi áður ákveðin með lögum.

Það virðist geta farið vel á því, að sýslunefndirnar, eptir beiðni og áliti hreppsnefndar eða hlutaðeigenda, geri tillögur um takmörk verzlunarlóðar, er stjórnarráðið síðan staðfesti.

Samkvæmt breytingu stjórnarráðsins álítum vér einnig rétt að skipa svo fyrir, að gerður sé uppdráttur af verzlunarlóðinni, að minsta kosti tvö eintök; sé annað sent stjórnarráðinu, en hitt geymt með skjölum hreppsins,

Um þetta efni höfum vér því samið sérstakt frumvarp, er vér leyfum oss að leggja fyrir hina h. deild.

Alþingi 25. Júlí 1905.

Hermann Jónasson, formaður. Árni Jónsson, skrifari og frams.maður.
Jóhannes Ólafsson.

Nd. **180. Frumvarp**
til laga um löggilding verzlunarstaða.
Frá nefndinni í löggildingamálinu.

1. gr.
Að Gerðum í Garði í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.
Við Maríuhöfn í Kjósarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

3. gr.
Að Syðra-Skógarnesi í Miklholtshreppi í Hnappadalssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

4. gr.
Að Látrum í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzl-

unarstaður, og nær verzlunarsvæðið milli svo nefnds Grjótodda að sunnan og Nestár að norðanverðu, og 200 faðma frá flóðmáli á land upp.

5. gr.

Við Lambhúsvík á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

6. gr.

Ólafsfjarðarhorn í Þóroddstaðahreppi innan Eyjafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður með þessum ummerkjum: Strandleingjan frá Brimnesá að ósnum úr Ólafsfjarðarvatni og 100 faðma frá flóðmáli á land upp.

7. gr.

Við Holtsós undir Eyjafjöllum skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **181. Frumvarp**

til laga um ákvörðun verzlunarlóða.

Frá nefndinni í löggildingamálinu.

1. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að ákveða eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda takmörk verzlunarlóðar í löggiltum verzlunarstöðum, svo og til að breyta takmörkum verzlunarlóðar þar, nema ákveðin hafi verið með lögum.

2. gr.

Af verzlunarlóðunum skal gera uppdrátt og senda stjórnarráðinu eitt eintak af honum, en annað skal liggja við skjöl hreppsins; ber hreppsnefnd að láta setja og halda við glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar. Kostnaður við þetta hvorttveggja greiðist úr sveitarsjóði. Ákvæðin um takmörk verzlunarlóðar skulu birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **182. Frumvarp**

til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fjárhagstímabilið 1906—1907 hafa íslenzk samvinnusmjörbú rétt til verðlauna úr landssjóði fyrir smjör selt erlendis, er þau sjálf hafa verkað.

2. gr.

Verðlaunin eru 7 aurar fyrir hvert danskt pund, er selst 75 aura eða meira og 5 aurar fyrir hvert pund, er selst á 65—75 aura.

3. gr.

Sá, er verðlaun vill hljóta, sækir um þau til stjórnarráðs Íslands; skal hann láta umsókn sinni fylgja farmskrá frá skipstjóra þeim, er smjörið flutti

eða vottorð frá afgreiðslumanni skips þess, er smjörið var sent með, er sýni þyngd þess með umbúðum og tölu íláta. Svo skal og fylgja sölureikningur smjörsins, undirritaður af þeim, er með söluna fór, og sé þar tilgreint söluverð hverrar einstakrar smjörsendingar, eða hluta af henni, sé hún eigi seld í einu lagi.

Nú er umsókn um verðlaun fyrir smjörsölu á hinu liðna ári eigi komin til stjórnarráðsins fyrir lok Febrúarmánaðar 1907 og 1908, og verður sú umsókn þá eigi tekin til greina.

4. gr.

Stjórnarráðið sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett samkvæmt 3. gr., og úthlutar verðlaunum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög um verðlaun fyrir útflutt smjör 3. Okt. 1903.

Nd. **183. Frumvarp**

til laga um vátrygging sveitabæja og tómthúsa í sveitum, utan kauptúna.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um brunabótasjóði sveitarfélaga.

1. gr.

Sveitarfélögum á Íslandi er heimilt að stofna brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum utan kauptúna með skylduábyrgð (sbr. 7. gr.). Lög þessi tiltaka verksvið þeirra, en fyrirkomulagið skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Brunabótasjóður bætir tvo þriðju hluta alls þess skaða á húsum, vátrygðum þar, úr hvaða efni sem þau eru bygð, er af eldsbruna hlýzt, nema eigandi, kona hans, eða nánustu erfingjar hafi af ásettu ráði eða stórkostlegu hirðuleysi valdið brunanum, eða bruninn er svo lítill að eigi nemi 20 kr. í 2000 kr. húseignum og meiri, eða 1% á minni húseignum. Til brunaskaða teljast og skemdir á vátrygðum húsum, sem stafa af björgunartilraunum.

3. gr.

Til húsa telst alt múrfast og naglfast, þar á meðal eldstór, ofnar föst rúmstæði, o. s. frv.

4. gr.

Skylduábyrgð hvílir á öllum íbúðarhúsum, sem liggja utan kauptúna, án tillits til, af hvaða efni þau eru byggð, og geymsluhúsum, sem þeim eru áföst. Heimilt er og að vátryggja í brunabótasjóðum hreppanna peningshús, hlöður og önnur hús til ábúðarnota.

Ennfremur er heimilt, með samþykki meiri hluta atkvæðisbærra hús-

ráðenda, að taka til ábyrgðar í brunabótasjóði hrepps samskonar hús og í hreppnum, þótt þau séu í öðrum hreppi, ef ástæður þar banna, að stofnaður sé brunabótasjóður samkvæmt lögum þessum.

Sá er undanþeginn skylduábyrgð í sjóðnum, er sýnir sveitarstjórn árlega skilríki fyrir því, að hann hafi vátrygt hús sín í áreiðanlegu erlendu brunabótafélagi.

5. gr.

Ekki er brunabótasjóði skylt að takast á hendur hærri ábyrgð á einu húsi eða húsaþyrpingu, sem er í sameiginlegri brunahættu, en sem nemur 4000 kr. upphæð, enda eru hús þau, eða húsþyrpingar, sem hærra verði nema en 6000 kr., undanþegin skylduábyrgð. Til þess að takast á hendur hærri ábyrgð á húsum eða slíkum húsaþyrpingum þarf samþykki sveitarstjórnar og stjórnarráðs.

6. gr.

Einn þriðja hluta þeirra húsa, sem vátrygð eru samkvæmt lögum þessum, má hvergi vátryggja.

7. gr.

Á lögmætum sveitarfundi geta húsráðendur þeir, er atkvæðisrétt eiga í sveitamálum, stofnað brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum. Meiri hluti atkvæða allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppnum ræður úrslitum, en þá skal hver húsráðandi, sem jafnframt er eigandi að húseign, er hann sjálfur notar, 500 kr. virði eða meira, hafa 2 atkvæði. Sveitarfundur er lögmætur, er hreppsnefnd boðar fundinn með skriflegu fundarboði með tveggja vikna fyrirvara að minsta kosti, enda sé þar tiltekið, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli framfara.

Nú er samþykt að stofna brunabótasjóð eptir því, sem fyr var sagt, og skal þá sveitarstjórn tilkynna það tafarlaust stjórnaráði Íslands.

8. gr.

Sveitarsjóður ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er hvíla á brunabótasjóði hreppsins, og greiðir brunabætur, ef brunabótasjóðurinn hrekkur ekki til. En brunabótasjóður endurborgar sveitarsjóði svo fljótt, sem því verður við komið. Skal þá auka iðgjöld til brunabótasjóðs, svo sem sveitarstjórn þykir við þurfa, og eigi minna en svo, að skuldin við sveitarsjóð greiðist á næstu 10 árum af auka-iðgjöldum.

Nú hafa tveir eða fleiri hreppar samþykt að stofna brunabótasjóði, og geta þá sveitarstjórnir þeirra, að feingnu samþykki meiri hluta atkvæða húsráðenda samkvæmt 7. gr. á almennum fundi, komið sér saman um að sameina brunabótasjóði þeirra. Hvíla þá skuldbindingar allar óskiptar á hinum sameiginlega brunabótasjóði þessara hreppa. Tekur hver sveitarsjóður þá tiltölulega þátt í gjöldum til brunabótasjóðsins eptir iðgjöldum þeim, sem greidd eru úr hreppnum. Innheimtu á iðgjöldum, reikningsskil o. fl. annast hver sveitarstjórn í sínum hreppi, eins og ákveðið er í síðasta hlut 9. gr. og 10.—12. gr., en sveitarstjórnin í þeim hreppum, sem hæst iðgjöld greiðir, tekur á móti og ávaxtar iðgjöldin (sbr. 9. gr. 1. málslið) hafi hlutaðeigandi sveitarstjórnir ekki öðruvísi um samið.

9. gr.

Sveitarstjórnin hefir með höndum alla stjórn og umsjón brunabótasjóðs og setur fé hans á vöxtu á hentugum stað með nægri trygging. Hún hefir á hendi innheimtu á iðgjöldum til sjóðsins, og hafa iðgjöldin sama lögtaksrétt sem sveitarútsvör. Hún hefir á hendi reikninga sjóðsins og skýrslugerð, og leggur ársreikning hans fyrir sýslunefnd, til endurskoðunar og úrskurðar, um sama leyti og sveitarsjóðsreikning.

10. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, ef lögmætur sveitarfundur samþykkir árlega, að leggja úr sveitarsjóði fé til stofnunar og styrktar brunabótasjóði hreppsins 10 fyrstu árin, þó eigi meira en jafna upphæð iðgjöldum vátryggjanda.

11. gr.

Nú stofnar hreppur brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður nefna til skoðunarmenn, tvo eða fleiri í hreppi, eptir því sem sveitarstjórn ákveður nánar, til þess að gera lýsing og virðing allra húsa, sem vátryggjast eiga í sjóðnum, og annað það, er reglugerð mælir fyrir. Skulu þeir vinna eið að starfi sínu. Endurvirðing fer fram á hverjum 10 ára fresti. Eigandi eða leigjandi húseignar getur krafizt yfirvirðingar á sinn kostnað, og kveður þá sýslumaður til þess 4 menn, óvilhalla fyrir rétti. Hverja almenna skoðun borgar sveitarsjóður, 2 kr. á býli, hverjum skoðunarmanni. En önnur störf þeirra skal launa sem reglugerð ákveður.

12. gr.

Allar virðingargerðir rita skoðunarmenn í sérstaka bók, er sveitarstjórn varðveitir, og sendir hún stjórnarráði Íslands afrit af öllum virðingargerðum, jafnskjótt og þær eru bókaðar. Húsvirðingabók sé gegndregin og staðfest af yfirvaldi. Í hana rita skoðunarmenn eiðstaf sinn, þá er þeir hefja starf sitt.

13. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinni vátrygðu eign, en greiðist af húsráðanda. Sé hann leiguliði, getur hann haldið eptir af eptirgjaldinu eða leigunni, iðgjaldinu af þeim húsum, er hann á ekki.

14. gr.

Nú eru hús veðsett, sem vátrygð eru samkvæmt lögum þessum, og nær sá veðréttur einnig til brunabótafjárins. Fyrirgeri veðsetjandi rétti sínum til brunabóta, hefir veðhafi eigi að síður rétt til brunabótanna, að svo miklu leyti, sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

15. gr.

Brunabætur úr brunabótasjóðum hreppanna skulu að fullu ganga til endurbóta eða endurbyggingar húsum, sem brunnið hafa, nema sveitarstjórn samþykki, að öðru vísi sé með farið. Eigi þarf sveitarstjórn að láta brunabót af hendi, nema trygging sé fyrir endurbyggingu jafngóðri og þeirri, er brann.

16. gr.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki lögmæts sveitarfundar, að gera

samþykt, um björgunartilraunir við eldsbruna. Hefir samþykt sú gildi fyrir alla fulltíða menn í hreppnum, ef hún er staðfest af stjórnarráðinu.

II. kafli.

Um sameiginlegan brunabótasjóð.

17. gr.

Nú hafa 10 hreppar tilkynt stjórnarráði Íslands, að þeir hafi stofnað brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal það jafnskjótt stofna sameiginlegan brunabótasjóð fyrir sveitahíbýli á Íslandi. Er hlutverk hans að veita endurbygging brunabótasjóðum hreppanna. Til stofnunar þessa sjóðs veitast 10,000 kr. úr landssjóði.

18. gr.

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja helming þeirra tveggja þriðjunga virðingarverðs allra híbýla og annara húsa, sem vátrygð eru í brunabótasjóðum hreppanna. Helmingur allra fastra iðgjalda frá vátryggjendum geingur til endurtryggingar. Stjórnarráð Íslands mælir fyrir um gjalddaga og greiðslu endurtryggingar-iðgjalda.

19. gr.

Nú brennur hús, sem vátrygt er samkvæmt lögum þessum, eða skemmist af bruna, svo að nemi brunabótum, og er þá skylt að greiða úr hinum sameiginlega brunabótasjóði helming brunabótanna (sbr. 2. gr.) til hlutaðeigandi brunabótasjóðs, en hann greiðir eiganda allar brunabæturnar. Enn fremur greiðir hinn sameiginlegi brunabótasjóður, helming við brunabótasjóð hreppsins, kostnað við skoðun þá, er leiðir af bruna.

20. gr.

Stjórnarráð Íslands annast stofnun, stjórn og framkvæmd hins sameiginlega brunabótasjóðs, og ávaxtar fé hans á tryggilegan hátt. Stjórnarráðið getur, þegar því sýnist nauðsyn bera til, falið einum eða fleiri mönnum stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, sem það ákveður.

21. gr.

Nú verða brunar svo miklir á húsum, sem endurtrygð eru í sjóði þessum, að hann hrekkur eigi til endurtryggingar, og skal þá landssjóður lána vaxtalaust, það er á skortir, og endurborgast það eptir því, sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiri upphæð en 10,000 kr., skal leggja á alla brunabótasjóði hreppanna aukagjald að réttu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins, sem umfram er 10,000 kr., greiðist landssjóði að fullu á eigi leingri tíma en 10 árum.

22. gr.

Nú fær stjórnarráðið líkur fyrir, að of há sé brunabótavirðing á húsum í fleiri eða færri af hreppum þeim, er stofnað hafa brunabótasjóði samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðing. Lækki virðing á þeim húsum til jafnaðar við endurvirðing, greiðist kostnaðurinn við

hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps; en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

23. gr.

Stjórnarráð Íslands setur reglur um nánari fyrirkomulag á brunabótasjóðum hreppanna og hinum sameiginlega brunabótasjóði. Skal þar, meðal annars, segja fyrir um flokkun hinna vátrygðu húsa eptir brunahættu og ákveða upphæð iðgjalda. Reglugerð þessa sendir stjórnarráðið síðan öllum sveitastjórnum á Íslandi.

24. gr.

Stjórnarráðið setur reglur um, hversu haga skuli eldstæðum og reykpípum í húsum, vátrygðum samkvæmt lögum þessum, svo og um annað það, er nauðsynlegt er til varúðar gegn eldsvoða. Eru reglur þessar og skilyrði gildandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur stjórnarráðið prenta eyðublöð fyrir ábyrgðar-skírteini handa öllum vátryggjendum, og sé þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, er einkum varðar hvern vátryggjanda. Byrjar ábyrgð brunabótasjóðs, þá er vátryggjandi hefir í hendur feingið vátryggingarskírteini eða hin fyrstu greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi. Enn fremur lætur stjórnarráðið prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir vátryggingasjóði hreppanna og hinn sameiginlega sjóð.

25. gr.

Húsvirðingabækur og gerðabækur fyrir vátryggingarsjóði hreppanna lætur stjórnarráðið tilbúa á kostnað landssjóðs, og fá sjóðirnir þær ókeypis. Húsvirðingabækur séu lands eign og sendist Landskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru, og nýjar bækur komnar, eptir því sem stjórnarráðið nánar ákveður. Vanskil á bókunum varða sektum.

26. gr.

Brot vátryggjanda og vanræksla á lögum þessum, og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða réttarmissi til brunabóta eptir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Svo má og reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—100 krónur, er renni í sjóð þann, er brotið er við.

27. gr.

Með mál út af brotum mót lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. **184. Frumvarp**
til laga um innköllun seðla landssjóðs og útgáfu nýrra seðla.
(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að innkalla seðla þá, sem gefnir hafa verið út fyrir landssjóð samkvæmt lögum 18. September 1885 og lögum um breyting á þeim, dags. 12. Janúar 1900, og konungsúrskurði 20. Maí 1886, sbr. stjórnarráðsauglysing 25. s. m., og nú ganga manna á meðal, gegn nýjum seðlum, er út verða gefnir, með árs fyrirvara, þannig að gömlu seðlarnir upp frá því verði ógildir, svo að engin krafa verði á þeim bygð. Auglýsing um innköllunina skal birta í Stjórnartíðindunum og í blaði því á Íslandi, sem flytur opinberar auglýsingar, svo og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn, og auk þess lesin upp á kirkjufundum í sveitum á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun 8. Okt. 1824, 1. gr.

2. gr.

Kostnað við innköllun seðlanna og tilbúning hinna nýju seðla, sem koma eiga í stað hinna, ber að greiða af tekjum landsbankans.

Ed. **185. Frumvarp**
til laga um bæjargjöld í Reykjavík.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Fé það, er útheimtist til þess, að standa straum af útgjöldum Reykjavíkurkaupstaðar til bæjarþarfa, skal, að svo miklu leyti sem hinar sérstöku tekjur kaupstaðarins eigi hrökkva til, feingið með því, að leggja gjald á bygðar og óbygðar lóðir og á húseignir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, og þar næst einnig með því, að leggja skatt á kaupstaðarbúa sjálfa, stofnanir og arðsöm fyrirtæki.

2. gr.

Af öllum lóðum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, bygðum og óbygðum, skal greiða til bæjarsjóðs $^1/_2$ % — hálfan af hverju hundraði — af virðingarverði lóðarinnar.

3. gr.

Undanskildar gjaldi eru þær lóðir, sem greitt er af árgjald eða annað gjald eptir samningi við bæjarstjórnina, svo og túnblettir þeir eða svæði, er bæjarstjórn hefir veitt stofnunum eða ýmsum mönnum án endurgjalds að staðaldri eða um tiltekið árabil. Skal með slíkar lóðir eða lóðarparta farið eptir því, sem samningur eða heimild er til.

4. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, hvort sem þau eru bygð úr steini, timbri, torfi eða öðru efni, og hvort sem þau eru ætluð til íveru eða annars, skal greiða gjald til bæjarsjóðs $^1/_2$ ‰ — einn hálfan af hverju þúsundi — af virðingarverði hússins.

Gjaldið greiðist af húseignunum eptir brunabótavirðingu þeirra.

5. gr.

Nú vill bæjarstjórn lækka gjöld þau, er nefnd eru í 2. og 4. gr. eða hækka þau eða gera nánari ákvarðanir eða takmarkanir um álagning þeirra, og ber hún þá tillögu um það undir almennan fund gjaldenda, er haldinn skal í Janúarmánuði, og skal hún boða til fundarins með að minsta kosti 14 daga fyrirvara. Á fundinum hafa allir þeir bæjarbúar atkvæðisrétt, er kosningarrétt hafa til bæjarstjórnar.

Samþykki fundurinn tillögu bæjarstjórnar, skal hún borin undir stjórnarráðið til staðfestingar. Samþykki fundurinn með $^2/_3$ atkvæða breyting á tillögu bæjarstjórnar, skal málið að nýju borið undir bæjarstjórnina, og ef hún aðhyllist breyting fundarins, skal bera ályktunina þannig lagaða undir staðfesting stjórnarráðsins.

Reglum þeim, er þannig eru settar, má á sama hátt breyta, en gilda skulu þær að minsta kosti 6 ár í senn.

6. gr.

Nefnd þriggja manna virðir lóðir til skatts; kýs bæjarstjórn einn þeirra, og er hann formaður nefndarinnar, en hinir tveir skulu kosnir af öllum bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa til bæjarstjórnar eptir sömu reglum, sem endurskoðunarmenn bæjarreikninganna eru kosnir. Kosningin gildir til 6 ára.

Bæjarstjórnin getur veitt nefndarmönnum þóknun fyrir starf þeirra.

7. gr.

Nefndin skal virða lóðirnar til lóðargjalds á þann hátt, að meta verð það, er hver lóð húslaus mundi ganga kaupum og sölum miðað við stærð og legu hennar og afstöðu við götur; skal síðasta söluverð haft til hliðsjónar, sé það kunnugt.

8. gr.

Aðalvirðing á lóðum skal fara fram í Júlí og Ágústmánuði og skal skrá sú, er nefndin semur, liggja frammi til sýnis frá 1. til 14. September; kærur gegn hinni framlögðu skrá skulu sendar bæjarstjórn innan loka Septembermánaðar, og leggur hún úrskurð á þær, eptir að hún hefir leitað álits nefndarinnar um þær.

9. gr.

Virðingarskráin skal gilda 6 ár í senn, talið í fyrsta sinn frá 1. Janúar 1907.

Breytingar þær og viðaukar, er verða á lóðum samkvæmt skýrslu byggingarnefndar, eptir að aðalvirðing hefir farið fram, skulu virðingamenn taka inn á skrána ár hvert fyrir lok Ágústmánaðar með nauðsynlegum breytingum á virðingunni.

10. gr.

Gjald af húsum og lóðum eptir lögum þessum skal innheimta í fyrsta sinn árið 1907.

11. gr.

Í gjaldi því, sem nefnt er í 1. gr. og ætlað er til að standast útgjöld bæjarins, að því leyti sérstakar tekjur hans, húsagjöld og lóðargjöld og hverjar aðrar tekjur, eigi hrökkva til, eru fólgin útsvörin eptir efnum og ástæðum,

samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. April 1872, 22. gr., og gjald af föstum verzlunum og öðrum arðsömum stofnunum og fyrirtækjum í kaupstaðnum, er séu rekin að minsta kosti 4 mánuði á gjaldárinu, þótt eigendur þeirra hafi þar eigi fast aðsetur. Á þessa stofna skal gjald lagt, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástæðum samkvæmt því, er hæfa virðist eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sé tekið til annara tekna eða eigna þess, sem í hlut á.

Um niðurjöfnun þessara gjalda, ef til kemur, borgun og gjaldheimtur, skal farið eptir reglunum í tilskipun 20. April 1872.

12. gr.

Frá 31. Dec. 1906 eru numin úr gildi lög 19. Okt. 1877 um bæjargjöld í Reykjavík.

Ed. **186. Rökstudd dagskrá**

í efri deild Alþingis 24. Júlí (sbr. Fyrirspurn á þingskjali 75).

Með því að þingdeildin, eptir að hafa heyrt svar ráðherrans, telur þessa fyrirspurn með öllu ástæðulausa, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **187. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög 17. Marz 1882 um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé.

Máli þessu var vísað til undirritaðrar nefndar.

Vér höfum borið oss saman við flutningsmenn frumvarpsins og haft með í ráðum dýralækni Magnús Einarsson, og leggjum það til, að leitt sé í lög bann gegn innflutningi á svínum og geitum af ástæðum þeim, sem færðar voru við fyrstu umræðu málsins í deildinni.

Að efni til föllumst vér því á frumvarp þetta, en vér álítum heppilegra og þægilegra fyrir alla hlutaðeigendur, að slík innflutningsbannlög séu öll í einu lagi en að slíkum ákvæðum sé haldið á víð og dreif í lögum og viðaukalögum.

Flutningsmenn eru oss samdóma um þetta og munu taka aptur frumvarp sitt, en í þess stað leyfum vér oss að bera fram nýtt frumvarp, sem tekur upp óbreytt að efni lögin um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé, frá 17. Marz 1882, að því viðbættu, að bannið nái einnig til svína og geita.

Nefndin flytur þá:

FRUMVARP

til laga um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé.

1. gr.

Það er öllum bannað að flytja hingað til lands frá útlöndum sauðfénað, nautgripi, hesta, svín og geitur. Þó má stjórnarráðið með ráði dýralæknis veita undanþágu frá banni þessu, enda setji þá tryggilegar reglur um í hvert sinni. Undanþáguleyfið og reglurnar skal prenta í B-deild Stjórnartíðindanna.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, ekki lægri en 100 kr. fyrir skipstjóra þann, er fénaðinn flutti inn, og jafnháum fyrir þann, er fénaðinn á, og skal fénaðurinn gerður upptækur og drepinn að tilhlutun lögreglustjórnarinnar.

Brot gegn reglum þeim, sem stjórnarráðið setur samkvæmt 1. gr., varða eiganda sektum, ekki lægri en 100 kr., enda bæti hann að auki allan skaða, er af þeim fénaði hlýzt, er hann flutti inn án leyfis, eða hirti eigi samkvæmt reglum stjórnarráðsins.

3. gr.

Lög um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé frá 17. Marz 1882 eru úr gildi numin.

Alþingi 25. Júlí 1905.

Árni Jónsson, formaður. Þórh. Bjarnarson, skrifari og framsögum. Herm. Jónasson.
Hannes Þorsteinsson. Einar Þórðarson.

Nd. **188. Breytingartillaga**
til vara
frá Guðlaugi Guðmundssyni
við þingskjal 175.

Við 2. »og 3.« falli burt.

Nd. **189. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um áfeingisveitingar á mannflutningaskipum (80).

Nefndin hefir íhugað þetta frumvarp og borið það saman við núgildandi lög nr. 26, 11. Nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi.

Það er samhuga álit nefndarmanna, að mikið mein hafi hlotizt af því, að í núgildandi lögum eru eingin bein ákvæði um veitingar áfengra drykkja á skipum, er koma hér við land eða ganga hafna í milli; telur því nefndin frumvarpið mjög þarft og mælir með því, að því er aðalefni þess snertir.

Hins vegar álítur nefndin nauðsynlegt, að ýmsar smábreytingar séu gerðar á frumvarpinu. Hún telur sjálfsagt að ákvæði 1. greinar nái til allra skipa, annara en útlendra skemtiskipa og útlendra ferðamannaskipa, enda mun það og hafa vakað fyrir flutningsmönnum frumvarpsins. Enn fremur virðist réttast að sektarákvæðin séu í fullu samræmi við samskonar ákvæði í lögum 11. Nóv. 1899.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til að

1. 1. gr. orðist þannig:

Á skipum, er koma hér við land, eða ganga meðfram ströndum landsins eða innanfjarða, má ekki veita áfeinga drykki meðan skipið liggur í höfn, hvorki farþegum né aðkomumönnum. Heimilt er þó útgerðarmanni eða skipstjóra að veita gestum sínum.

Ákvæði þessarar greinar nær ekki til útlendra skemtiskipa, eða annara

ferðamannaskipa, er koma hingað til lands eingöngu í því skini, að flytja hingað útlenda ferðamenn.

2. 2. gr. orðist þannig:

Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 50—500 kr. Ef brotið er ítrekað, skulu auk þess upptækir allir áfeingir drykkir, er finnast hjá þeim, er brýtur.

Briti ber ábyrgð á veitingum þjóna sinna.

Sektir og andvirði áfeingra drykkja, sem upptækir eru gerðir, rennur í landssjóð.

3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um veitingar áfeingra drykkja á skipum.

Alþingi 26. Júlí 1905.

Magnús Andrésson, formaður.	G. Björnsson, skrifari og framsögumaður.	Jón Magnússon.

Nd. **190. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bændaskóla.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Björn Bjarnarson, Sk. Thoroddsen, Einar Þórðarson, Jóhannes Ólafsson, M. J. Kristjánsson, Björn Kristjánsson.

Úr 7. gr. falli:

Svo leggst og Búnaðarskólasjóður Austuramtsins til skólans nyrðra og Búnaðarskólasjóður Vesturamtsins til skólans syðra.

Ed. **191. Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um málaflutningsmenn við landsyfirréttinn í Reykjavík.

Vér undirritaðir, sem hinn háttv. efri deild kaus í nefnd til þess að íhuga mál þetta, höfum tekið frv. til íhugunar svo og breytingartillögur þær við það, sem fram eru komnar á þingskjali nr. 64.

Nefndin er ekki einungis stjórninni samdóma um það, að tími sé til þess kominn og ástæða sé til þess, að draga úr einkarétti þeim, sem hinir núverandi settu málaflutningsmenn við landsyfirdóminn hafa til málaflutninga þar, heldur vill hún einnig ganga þar feti leingra en frv. og afnema hann jafnframt í sakamálum og gjafsóknarmálum. Telur hún það á aðra hliðina als eigi ranglátt gagnvart mönnum þeim, sem nú eru settir í þær stöður, þar sem hún ætlast til þess, að þeir haldi launum sínum óskertum, og á hina hliðina virðist nefndinni, eins og nú er komið, vera ástæðulaust að takmarka svo mjög, sem nú er gert, val þeirra manna, er flytja þurfa láta mál fyrir yfirdómi.

En þar sem einkarétturinn til sakamála og gjafsóknarmála er afnuminn, telur nefndin það rétt, sérstaklega með tilliti til síðari tíma, að taka upp í frv. ákvæði um það, að málaflutningsmenn þeir, sem fengið hafa leyfi stjórnarráðsins til málaflutnings, séu skyldir að flytja slík mál.

Nefndin verður að fallast á það, að óeðlilegt sé, að málaflutningsmenn

þeir, sem skipaðir eru til þess að flytja gjafsóknarmál, fái sér eigi dæmd málaflutningslaun af almanna fé, nema þeir vinni málið, þótt flutningur málsins hafi að öllu leyti verið óaðfinnanlega og vel af hendi leystur af þeirra hálfu. Það liggur í augum uppi, að þeir geta hafa eytt miklum tíma og fyrirhöfn til slíkra mála og orðið þó af öllum launum fyrir starfa sinn, ef gjafsóknarhafandi er snauður maður. Nefndin leggur því til að gr. sé bætt inn í frv., sem breyti þeirri réttarvenju, sem á er komin í þessu efni.

Hins vegar hefir nefndin með eingu móti getað fallizt á það, að rétt sé að banna, hvað þá heldur leggja hegningu við því, að skipaðir málaflutningsmenn láti lofa sér eða þiggi þóknun fyrir málaflutninginn af þeim, sem þeir eru skipaðir fyrir, nema þeir hafi afsalað sér tilkalli til þóknunar af almannafé. Hún fær nefnilega eigi séð, að hinum fátækari sé neinn óréttur gjör með þessu og þykist þess fullviss, að mál þeirra verði rekin með sömu vandvirkni og áhuga, hvort sem slík ákvæði eru í lögum eða eigi.

Nefndin hefir tekið til íhugunar spurninguna um það, hvort rétt væri að takmarka réttinn til málaflutnings við héraðsdóm í Reykjavík þannig, að hinir núverandi málaflutningsmenn við yfirdóminn og þeir menn, er fengið hefðu leyfi stjórnarráðsins til málaflutnings, mættu einir hafa hann á hendi.

Á aðra hliðina duldist nefndinni það eigi, að þá feingist meiri trygging fyrir því, að eigi væri farið í mál, nema nokkur ástæða væri til og að staða bæjarfógetans í Reykjavík sem dómara myndi verða mun léttari en áður, þar sem það er alkunnugt, að málaflutningsmenn þeir, sem ekki eru löglærðir, skrifa miklu lengri sóknar- og varnarskjöl en hinir og leggja oft mikla áherzlu á atriði, sem eru gersamlega þýðingarlaus fyrir úrslit málsins.

Hinsvegar þótti nefndinni það viðsjárvert, að ráða til þess að gera slíka breytingu nú þegar, þar sem eingin málaflutningsmannastétt er enn til hér á landi og eingin almenn lög um málaflutningsmenn, en væntir þess, að hin háttv. stjórn taki málið til yfirvegunar og komi fram á næsta þingi með uppástungu í þá átt, ef henni þykir það tiltækilegt.

Loks tók nefndin þá spurningu til athugunar, hvort eigi væri rétt að gera það enn fremur að skilyrði fyrir leyfi til málaflutnings, að hlutaðeigandi lögfræðiskandídat hefði fengið nokkra verklega æfingu í málameðferð t. a. m. hjá sýslumanni, bæjarfógeta eða málaflutningsmanni, en þar sem kandídatar, sem einga slíka æfingu hafa haft, hafa til þessa getað feingið dómaraembætti hér á landi, og verið settir til að gegna dómarastörfum, jafnvel í hinum vandasömustu málum, álítum vér enn eigi tíma til kominn að vera svo strangur í kröfum við málaflutningsmenn.

Breytingar þær, er vér ráðum háttv. deild til að gera á frumv., verða því þessar.

1. 2. gr. orðist svo:

Nú óskar sakborningur í sakamáli, að einhver ákveðinn málaflutningsmaður, er leyfi hefir feingið samkvæmt 1. gr., haldi uppi vörn fyrir sig fyrir yfirdómi, eða málsaðili, er gjafsókn hefir feingið, að ákveðnum málaflutningsmanni sé falið mál hans þar, og skal hann þá skipaður til þess, ef hann tjáir sig fúsan að gera það endurgjaldslaust af almannafé.

Að öðru leyti hafa þeir yfirdómsmálaflutningsmenn, sem nú eru og þeir, sem leyfi hafa feingið samkvæmt 1. gr., bæði einkarétt og skyldu til að flytja

mál þessi eptir því, sem þeir fá skipun til, eptir sömu reglum og fylgt hefir verið hingað til.

2. Á eptir 2. gr. bætist inn ný grein, sem verður 3. gr. svo hljóðandi:
Málaflutningsmenn, er skipaðir eru til að flytja gjafsóknarmál, skulu eiga heimting á málaflutningskaupi eins fyrir það, þótt þeir vinni eigi málið, ef flutningur málsins hefir af þeirra hálfu verið óaðfinnanlega af hendi leystur.
3. Í 3. gr., sem verður 4. gr., falli burtu orðin: »að því er einkamál snertir«, síðast í greininni.
4. 4. gr. verði 5. gr.
5. Í fyrirsögn frumvarpsins komi í staðinn fyrir orðið: »landsyfirréttinn«: landsyfirdóminn.

Efri deild Alþingis 26. Júlí 1905.

Jóh. Jóhannesson, form. og framsögum.	Jón Ólafsson, skrifari.	Jón Jakobsson.

Ed.

192. Frumvarp

til laga um skýrslur um alidýrasjúkdóma.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd).

1. gr.

Landsstjórninni ber að annast um, að teknar séu árlega skýrslur um hina helztu alidýrasjúkdóma hér á landi, og skipar hún fyrir um, hver stjórnarvöld skuli vinna að skýrslum þessum.

2. gr.

Stjórnarráðið semur reglugerð um fyrirkomulag skýrslnanna og samning þeirra, og annast um, að út séu gefin á kostnað landsjóðs eyðublöð undir þær.

3. gr.

Þeir, sem alidýr eiga eða hafa undir hendi, skulu, svo sem þeir framast vita, skýra stjórnarvaldi því, er skýrslnanna krefur, frá þeim sjúkdómum, sem komið hafa á skýrsluárinu í alidýr þeirra, og gefa þar að lútandi upplýsingar, alt eptir því, sem fyrir er mælt í reglugerð þeirri, sem um getur í 2. gr.

4. gr.

Gefi nokkur vísvitandi rangar skýrslur um nokkur þau atriði, er um er spurt samkvæmt 1. gr. þessara laga, eða neyti nokkur að staðfesta skýrslu sína með vottorði upp á æru og trú, varðar það sektum frá 10—200 kr.

Tregðist nokkur við að láta þær upplýsingar í té, sem lög þessi bjóða og mælt verður fyrir um í reglugerð, má þröngva honum til þess með dagsektum, 1—5 kr. á dag.

Lögreglustjóri ákveður dagsektir með úrskurði, er birta skal hlutaðeiganda á venjulegan hátt.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **193. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um gjald til landssjóðs frá sýslufélögum.

Nefndinni í sveitarstjórnarlagamálinu hefir af háttv. Nd. verið feingið þetta frumvarp til íhugunar.

Nefndin hefir rætt það, og komst meiri hluti hennar að þeirri niðurstöðu, að ástæða sé til að samþykkja frumvarpið með sérstöku tilliti til þess, að nefndin telur fullvíst, að nú á þessu þingi verði samþykt lög um að stofna og reka á landssjóðs kostnað geðveikrahæli. Verður meiri hluti nefndarinnar að vera þeirrar skoðunar, að sanngjarnt sé, að áskilja það, að þetta gjald, sem hér er um að ræða, renni í landssjóð svo sem greiðsla frá sýslufélögunum til landssjóðs upp í kostnaðinn við geðveikrahælið, að svo miklu leyti, sem gjaldið nemur meira en þarf til borgunar skuldum amtsfélaganna.

Það virðist ekki þurfa að taka það fram, að þetta frumvarp stendur þannig í sambandi við sveitarstjórnarlagafrumvarpið, og niðurlagning amtsráðanna, að það getur því að eins komið til greina, að hitt verði samþykt með umgetinni höfuðbreytingu.

Loks vill nefndin taka það fram, að hún skoðar frumvarp þetta að eins til bráðabirgða og leggur áherzlu á það, að hún ætlast til, að þetta gjald hverfi þegar gagngerð endurskoðun á skattalöggjöf landsins fram fer, sem hún treystir að verði bráðlega.

Með þessum ummælum ræður meiri hluti nefndarinnar háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis 26. Júlí 1905.

Árni Jónsson, formaður.	Jón Magnússon, skrifari og framsögum.	Eggert Pálsson.

Við erum ósamþykkir þessu nefndaráliti, og ráðum deildinni til að fella frumvarpið.

D. u. s.

Guðl. Guðmundsson framsögum. minni hlutans.	Jóhannes Ólafsson.

Nd. **194. Nefndarálit**
í málinu um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

Undirrituð nefnd, sem kosin var af háttv. Nd. til þess að íhuga frumv. stjórnarinnar til sveitarstjórnarlaga, hefir athugað það allýtarlega, og rætt það á mörgum fundum.

Frumvarp þetta er af stjórninni lagt fyrir þingið í öllu verulegu í þeirri mynd, er það kom í frá milliþinganefnd þeirri í fátækra- og sveitarstjórnarmálum, er skipuð var með konungsúrskurði 13. Nóvbr. 1901 samkvæmt þingsályktun frá s. á.

Eins og tekið er fram í athugasemdum stjórnarinnar við frumv. þetta, er í því fólgin ein höfuðbreyting frá núgildandi lögum, þar sem lagt er til að amtsráðin séu lögð niður. Hinar aðrar breytingar, sem að vísu eru nokkuð margar, eru flestar smáar, og snerta engin grundvallaratriði í hinni núgildandi sveitarstjórnarlöggjöf, enda eru margar framkomnar við það, að öllum hinum mörgu sveitarstjórnarlögum hefir hér verið safnað saman í eina heild.

Það er væntanlega vegna þessarar höfuðbreytingar á sveitarstjórnarskipuninni, sem nokkrar raddir hafa heyrzt um það, að rétt væri að ráða eigi sveitarstjórnarlagafrumv. til lykta á þessu þingi, heldur skyldi fyrst bera það undir sveitarstjórnarvöld landsins, amtsráð, sýslunefndir o. s. frv., með því að þetta mál snerti svo mjög einmitt þessi völd. Meðal annars hefir amtsráð Suðuramtsins sent Alþingi erindi, er fer í þessa átt.

Þótt þessi ósk sé í sjálfu sér ekki óeðlileg, þá hefir meiri hluti nefndarinnar þó komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sé næg ástæða til að láta málið dragast. Frumv. þetta hefir feingið allrækilegan undirbúning hjá milliþinganefndinni yfirleitt, og hvað snertir það atriði, sem eðlilega verður aðalágreiningsefnið hér, niðurlagning amtsráðanna, þá er það eingi ný tillaga frá milliþinganefndinni, heldur er hún miklu eldri og hefir bæði fyrr og síðar verið rædd í ritum og ræðum. Af þingsályktunartillögunni sjálfri frá 1901 um fátækra- og sveitarstjórnarmálið má ráða, að tilætlun þingsins hafi alls eigi verið sú, að frumv. þau, er ætlazt var til, að milliþinganefndin semdi, væri lögð fyrst fyrir sveitarstjórnarvöldin. Það hefði því verið full ástæða fyrir þau sveitarstjórnarvöld, er óskuðu að hafa áhrif á mál þetta, að verða við áskorun þáverandi formanns milliþinganefndarinnar, Páls amtmanns Briem's, er hann lét birta í öllum íslenzkum blöðum, rétt eptir að milliþinganefndin var skipuð 1901. — Að öðru leyti skal um niðurlagning amtsráðanna vísað til athugasemdanna um þetta atriði í álitsskjali milliþinganefndarinnar, og felst meiri hluti þessarar þingnefndar á röksemdaleiðslu hennar.

Um breytingar þær, er nefndin leggur til að gerðar verði á frumv., þarf ekki að fara mörgum orðum, því að þær eru flestar fremur þýðingarlitlar. Sumar eru aðeins orðabreytingar, ýmsar aðrar eru svo óverulegar, þótt efnisbreytingar séu, að eigi þykir þörf á að gera sérstaklega grein fyrir þeim hér. Þessar breytingar einar skulu taldar hér.

Við 35. gr. og 36. gr. Þessar greinar frumvarpsins hafa í sér fólgna þá breyting frá núgildandi lögum, að reikningsár hreppsins skuli vera almanaksárið og niðurjöfnun aukaútsvars fara fram fyrr á árinu en nú er, og er það í samræmi við tillögur milliþinganefndarinnar. Í álitsskjali þeirrar nefndar eru þær ástæður færðar fyrir þessari breytingu, að flestir opinberir reikningar séu miðaðir við almanaksárið, þar á meðal sýslureikningar; við það séu og hreppareikningar miðaðir; svo séu og afreikningar verzlana, er hreppar skipti við, gefnir fyrir almanaksárið. Telur milliþinganefndin því hagkvæmara aða láta reikningsár hrepps vera almanaksárið, enda höfðu þeirri nefnd borizt úr ýmsum áttum óskir um þetta, og frumv. um þetta hafði verið borið upp á Alþingi 1901. En sem afleiðing af þessu, hefir frumv. tekið upp það ákvæði, að niðurjöfnun aukaútsvara skuli fram fara í Júnímánuði, í stað þess að nú fer hún víðast hvar fram í Október.

Undirrituð nefnd hefir eigi getað séð, að næg ástæða væri færð fyrir þessum breytingum á núgildandi lögum. Að vísu viðurkennir nefndin, að þetta geti verið álitamál en hallast þó helzt að því, að heppilegast sé að láta hin gild-

andi ákvæði um þessi atriði haldast. Því verður eigi mótmælt, að það er að ýmsu leyti hagkvæmt, að láta fardagaárið vera reikningsár. Um það leyti fara fram kosningar á hreppsnefndarmönnum, og er það auðsætt, að mart mælir með því, að ný hreppsnefnd eða hreppsnefnd, sem að meira eða minna leyti er skipuð nýjum mönnum, taki við um reikningsáramót. Endi reikningsárið í fardögum, er og góður tími til, að semja ársreikning hreppsins, og fá hann endurskoðaðan af hreppsnefndinni sjálfri, yfirskoðara hreppsins, og yfirskoðara sýslunefndarinnar, svo tímanlega, að reikningurinn verði lagður fyrir næsta sýslunefndarfund, með öllum nauðsynlegum upplýsingum, til úrskurðunar, þótt sýslunefndin haldi aðalfund sinn í Marz eða jafnvel í Febrúar, sem sumstaðar befir átt sér stað. En endi aptur reikningsár hreppsins 31. Decbr., er mjög undir hælinn lagt, að hreppsreikningar verði úrskurðaðir á næsta sýslunefndarfundi. Einkum er það þó tíminn fyrir niðurjöfnun aukaútsvaranna, sem nefndin telur athugavert að breyta.

Nefndin verður að telja haustið heppilegasta tímann til niðurjöfnunar aukaútsvara. Þá er, eptir sumarið, einna hægast að meta gjaldþol útsvarsgreiðanda, og þá nálægt miðju gjaldárinu, ef það er fardagaárið, verður nokkurn veginn gerð áætlun um þarfir hreppsins á því ári. Þá er og sennilegt, að hreppsnefndir viti nokkuð meira á haustin um hag þeirra manna, er flutt hafa í hreppinn að vorinu til, heldur en þegar þeir eru alveg nýfluttir inn. Í sambandi við þetta má geta þess, að meðan sá siður helzt, að menn flytjast aðallega úr hreppum og í á vorin, þá er það ein ástæða fyrir því, að halda fardagaárinu sem gjaldári og niðurjöfnun á haustin, því að með því móti fer svo, að gjaldandi greiðir venjulega útsvar sitt fyrir heilt ár einum og sama hreppi. Loks má geta þessa: Niðurjöfnun bæjargjalda í kaupstöðum fer fram á haustin, og er það margra hluta vegna hagkvæmt, að niðurjöfnun slíkra gjalda (aukaútsvara í bæjum og hreppum) fari fram á sama tíma. Því hefir og nefndinni eigi þótt full ástæða til að halda þeirri heimild, er gildandi lög veita til þess að hafa niðurjöfnun í Júní, ef óskað er, sbr. lög 15. Febr. 1895.

Við 44. gr.

Með því að nefndin er þeirrar skoðunar, að hollast sé að allar greiðslur manna í milli fari yfirleitt fram í peningum (eða með ávísunum á peninga), þykir rétt að heimila hreppsnefndum að heimta aukaútsvarið alt í peningum, og ekki telur nefndin heppilegt, að lögin gefi neina bending um að greiða þetta gjald með hinum venjulegu innskriptum í verzlanir, því að slíkar innskriptir ættu helzt að leggjast alveg niður.

Við 48. gr.

Hreppar eru 198 á landinu og íbúar í þeim eptir manntalinu 1903 66867. Meðaltal íbúa í hverjum hreppi yrði þá um 340, og meðal oddvitalaun um 34 kr. eptir frumv. Þetta þykir nefndinni alt of lágt, og leggur því til, að launin verði hækkuð um þriðjung, þannig, að meðallaun oddvita verði um 50 kr. Telur nefndin þetta eingan veginn of hátt, þegar til er ætlazt, að oddviti hafi og innheimtu fyrir hreppinn.

Við 74. gr.

Nefndin hefir ekki getað fallizt á tillöguna um, að láta sýslusjóði og sýsluvegasjóði renna saman í einn sjóð, því að ekki er ugglaust um, að komið geti það fyrir, að sýsluvegagjaldinu verði þá stundum varið til annara sýsluþarfa en

vegagerða, og það telur nefndin óheppilegt, enda virðast ekki vera neinir verulegir annmarkar á því, að halda þessum sjóðum aðgreindum.

Breyting sú, sem gerð er á 2. málsgrein er að vísu ekki nein efnisbreyting. Nefndinni er kunnugt um það, að víða er nú jafnað niður sýslusjóðsgjaldi á hreppsbúa með sérstakri niðurjöfnun, og þá farið að miklu leyti eptir sama mælikvarða, sem gjaldi þessu er jafnað eptir á hreppana. Nú ætlast nefndin að vísu til, að þessu gjaldi verði framvegis jafnað niður á haustin í einni niðurjöfnun saman við önnur gjöld hreppsins, sem jafna þarf niður, en ekkert virðist vera því til fyrirstöðu, að hreppsnefndin taki til greina við niðurjöfnunina eptir hverjum mælikvarða gjaldið er lagt á hreppinn. Með þetta fyrir augum er breytingin gerð.

3. málsgrein ræður nefndin til að fella burtu. Nefndin verður að vera þeirrar skoðunar, að ekki sé unnið mikið við það, að sýslumenn innheimti sýslusjóðsgjaldið á manntalsþingum, hvorki fyrir gjaldendur né aðra, ekki einu sinni fyrir hreppsnefndirnar. Þegar hreppsnefndirnar geta innheimt alt aukaútsvarið í peningum, er ekki mikill ábætir að heimta inn sýslusjóðsgjaldið með öðrum útsvörum. Gjaldendum er miklu hægra að greiða þetta gjald til hreppsnefndaroddvita, heldur en að eiga að greiða það á manntalsþingi, þar er fjöldi þeirra aldrei kemur. Sýslumenn losast við allmikla byrði, sem óþarft er að leggja á þá.

Við 81. gr.

Því hefir verið hreift bæði í blöðum og annarsstaðar, að með ákvæðum í frumv. þessu, sérstaklega ákvæðum þessarar gr., væri stjórnarráðinu gefin of mikil völd í sveitarstjórnarmálum. Aðstaða stjórnarráðsins verður reyndar eigi önnur gagnvart sýslunefndunum eptir þessu frumv., en gagnvart kaupstöðunum og amtsráðunum nú. Nefndinni er ekki kunnugt um, að neinar kvartanir hafi heyrzt um það, að umboðsstjórnin hafi nokkru sinni misbeitt í þessu atriði eptirlitsvaldi sínu. Til þess samt að tryggja enn betur sjálfsstjórn sveitanna, hefir nefndin gert breytingartillögu í þá átt, að sýslunefndir með fylgi hreppsnefnda geti gert þær ráðstafanir, sem talað er um í þessari gr., þótt stjórnarráðið setji sig móti því.

Þess skal getið, að þar sem talað er um meiri og minni hluta nefndar, þá á það að eins við það, að nefndin hefir eigi getað orðið samdóma um það, hvort ráða ætti málinu til lykta á þessu þingi, og um niðurlagning amtsráðanna, og það, er þar af leiðir. Að öðru leyti hefir nefndin orðið samdóma um þær breytingar, sem gerðar eru á frumv.

Með þessum ummælum leggur meiri hluti nefndarinnar til, að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið með eptirgreindum breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 2. gr.

1. Greinin orðist þannig: Sýslum má eigi fækka né fjölga, né heldur breyta takmörkum þeirra, nema með sérstökum lögum.

Við 3. gr.

2. Í staðinn fyrir orðin: »sbr. þó — — eptir« í niðurlagi greinarinnar komi: »nema þegar svo stendur á sem segir í 4. gr.«

Við 4. gr.

3. Á eptir orðinu »hreppur« bætist »út af«.

Við 6. gr.

4. Aptan við greinina bætist: »Þó skal tala nefndarmanna jafnan standa á stöku«.

Við 8. gr.

5. Í staðinn fyrir orðin: »á einhvern hátt« komi: »löglega«, og

6. í staðinn fyrir orðin: »og goldið til hans — — sveitarskuld« í niðurlagi greinarinnar komi: »og goldið til hans þarfa, sé fjár síns ráðandi og standi eigi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.«

Við 10. gr.

7. Í staðinn fyrir »kjörtími« komi: »kjörtímabil«.

Við 11. gr.

8. Orðin »úr nefndinni« á fyrri staðnum falli burt.

Við 13. gr.

9. Í stað: »að eins til þess tíma« komi: »komi til þess tíma að eins«.

Við 17. gr.

10. Í staðinn fyrir »5 dögum« komi »3 nóttum«.

Við 30. gr.

11. Orðið »mörkunar« falli burt.

Við 34. gr.

12. Á undan orðunum: »til að afstýra« komi: »miðar«.

Við 35. gr.

13. Greinin orðist þannig: Reikningsár hrepps er fardagaárið.

Við 36. gr.

14. Í staðinn fyrir orðin »í Júnímánuði« í fyrstu línu komi »í Októbermánuði«.

15. Í stað: »yfirstandandi ár« komi: »yfirstandandi fardagaár«.

Við 38. gr.

16. Orðin »og 74. gr.« falli burtu.

17. Í staðinn fyrir »í Júnímánuði« komi: »í Októbermánuði« og

18. í staðinn fyrir orðin: »og skal niðurjöfnunarskráin — — til sýnis þann mánuð út« komi: »Niðurjöfnunarskráin skal liggja hreppsbúum til sýnis 4 vikur frá því, er niðurjöfnun er lokið, á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað«.

Við 39. gr.

19. Í staðinn fyrir orðin: »skal hún eigi tekin til greina« komi: »skal hreppsnefnd eigi skylt að taka hana til greina« og

20. í staðinn fyrir: »Úrskurð sinn birtir hún kæranda skriflega« komi: »Eptirrit af úrskurði sínum sendir hún kæranda«.

Við 41. gr.

21. Orðin: »í Júní á því ári« falli burt.

22. Aptan við fyrri málsgrein bætist: »en tilkynna skal nefndin honum það innan 8 daga frá því, er útsvar var á hann lagt«.

Við 42. gr.

23. Orðin: »í Júní« falli burtu.

24. Í staðinn fyrir »31. Október« komi: 31. Janúar.

Við 44. gr.

25. Greinin orðist þannig: Hreppsnefnd getur heimtað, að gjaldandi hver greiði aukaútsvar sitt í peningum.

Við 45. gr.

26. Aptan við 4. tölulið bætist: og leigufé.

27. 6. tölul. orðast þannig:
Endurgjald á veittum sveitarstyrk, frá þurfalingi sjálfum eða ættingjum hans.

28. 7. tölul. orðist þannig:
Frá öðrum hreppum:
a. endurgjald á veittum þurfamannastyrk.
b. endurgjald fyrir önnur viðskipti.

Við 48. gr.

29. Í staðinn fyrir »1 kr.« komi: 1 kr. 50 aur.

Við 49. gr.

30. Tölul. 1. stafl. b. orðist svo:
ársreikninga hreppsins með athugasemdum endurskoðanda, svörum reikningshaldara og úrskurðum sýslunefndar; enn fremur aðra reikninga hreppsins, svo og o. s. frv.

31. Tölul. 5. falli burtu.
Í staðinn fyrir »á hverju manntalsþingi« komi: árlega.

Við 50. gr.

32. Í staðinn fyrir »20. dag Janúarmánaðar« í fyrstu málsgr. komi: fyrir lok Júnímánaðar, og fyrir »næstliðið ár« í sömu málsgrein komi: næstliðið fardagaár.

33. 3. málsgrein orðist þannig:

Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir lok Októbermánaðar, og yfirskoðunum skal lokið fyrir 10. Nóvbr. Síðan skal reikningurinn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara, og svörum reikningshaldara liggja hreppsbúum til sýnis á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað frá 14. Nóvbr., að þeim degi meðtöldum, mánuðinn út. Framlagningin skal auglýst áður um hreppinn. Fyrir 7. Decbr. næst á eptir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 69. gr.

Við 65. gr.

34. Orðin »í Apríl eða Maí« falli burtu.

Við 67. gr.

35. Fyrir: »einhver ákveðin störf« komi: ákveðin störf.

Við 68. gr.

36. Fyrir: »beitt þvingunarsektum« komi: falið oddvita sínum að beita þvingunarsektum.

Við 69. gr.

37. Í stað orðanna; »einn mann« komi: mann eða menn.

Við 74. gr.

38. Ákvæðið: »Sýsluvegagjald eins og — — kostnaður við sýsluvegi« falli burt.
39. Orðin: »eptir efnum og ástæðum, að öllu leyti« falli burt.
40. 3. málsgrein falli burt.

Við 78. gr.

41. Orðið: »einhvern« falli burt.

Við 81. gr.

42. Aptan við greinina bætist:

Nú synjar stjórnarráðið um samþykki sitt til einhverrar þeirrar ráðstafanar, sem getur um í þessari grein, og er þá sýslunefnd rétt að bera málið undir hreppsnefndir allar í sýslunni, og fallist þá $^3/_4$ hreppsnefnda á ráðstöfunina, skal hún gild án samþykkis stjórnarráðsins.

Við 83. gr.

43. Aptan við greinina bætist: »nema samþykki hreppsnefndar sé feingið á þann hátt, er ræðir um í niðurlagi 81. gr«.

Alþingi 26. Júlí 1905.

Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
formaður.	skrifari og framsögumaður.
Eggert Pálsson.	Jóhannes Ólafsson.

Álit minni hlutans.

Það er rétt fram tekið hjá háttv. meiri hluta, að frumvarp það, er hér liggur fyrir, hefir mjög smávægar og þýðingarlitlar breytingar að flytja á hinni gildandi sveitarstjórnarlöggjöf, að þeim atriðum fráskildum, er orðið hafa ágreiningsefni. Og breytingartillögur háttv. meiri hluta bæta þar lítið úr skák; þær eru, að einni eða tveim undanteknum, gagnslitlar og allar meinlitlar eins og málið horfir við.

Það knýr því eingin nauður til að hraða þessu máli svo, að taka þurfi fram fyrir hendur þeirra manna, er kunnugastir eru því starfssviði, er lögin snerta, án þess að þeirra álits sé leitað, og að þeim fornspurðum.

Í þeim atriðum frumvarpsins, er hér er átt við, felast ekki neinar þær framfarir né umbætur, að landið ekki standi jafnrétt eptir, þótt þessi lagasetning væri látin bíða næsta þings, og aðalákvæði laganna, breytingin á hinni æðstu

sveitarstjórn, lögð undir álit réttra hlutaðeigenda, sýslunefndanna, er til þessa hafa skipað hana sínum þjóðkjörnu fulltrúum og kostað hana að öllu leyti. Það eru ákvæði frumvarpsins um breytinguna á yfirstjórn sveitamálefnanna, sem eru hin einu nýmæli, er í frumvarpinu eru, og munu enda marka þess aðaltilgang og stefnu, en eg get ekki fallizt á, að hún horfi til réttrar áttar. Og þegar eg jafnhliða lít til þess, að í öðru frumvarpi, sem sett er í samband við þetta, er farið fram á að leggja á sýslufélögin lögákveðinn skatt til landssjóðs, að fulltrúum héraðanna fornspurðum, og þeir svo um leið fyrir alla framtíð sviptir þeim frjálsa atkvæðisrétti, er þeir til þessa hafa haft um alla félagsskatta, þá staðhæfi eg það hiklaust, að slíkt er ekki rétt. — Það er ekki rétt af löggjafarvaldinu, að taka þannig rétt og frelsi af lýðkjörnum stjórnarvöldum í landinu.

Það mun um langan aldur hafa verið stefna allflestra mentaðra þjóða að gefa sveitarstjórnum sem frjálsasta sérstöðu og sjálfstæði í eigin málum gagnvart hinni konunglega skipuðu umboðslegu lands- eða ríkisstjórn, og það af þeirri eðlilegu og sjálfsögðu ástæðu, að »hver er sínum hnútum kunnugastur«. Þessari stefnu hefir og verið fylgt í íslenzkri löggjöf, síðustu 34 ár í öllu falli, og eptir hinni gildandi löggjöf, en hið æðsta vald í sveitarstjórnarmálum lagt í hendur kjörinna fulltrúa, amtsráðanna.

En frv. fer fram á, að leggja hið æðsta vald í sveitarstjórnarmálum í hendur umboðsstjórnarinnar, konunglegra embættismanna og skrifstofuvalds, er einga sérþekking hefir á högum eða þörfum eða hugsunarhætti sveitarfélaganna.

Með þessu er alt sjálfstæði sveitarstjórnanna hér á landi horfið, og löggjöfinni snúið inn á gagnstæða braut.

Það er ekki aðalatriðið í þessu efni, hvort amtsráðin skuli lögð niður eða ekki, heldur það, hvernig skipað skuli hinu æðsta valdi yfir sveitarstjórnarmálum, er nú liggur í þeirra höndum. Eina ástæðan til að leggja amtsráðin niður mun vera kostnaðurinn við þau. En þar sem hann ekki nemur meira en tæpum 4000 kr. á ári, og er að öllu leyti greiddur af héruðunum sjálfum, en kemur ekkert þinginu eða landssjóði við, þá er sú ástæða eigi verulega þung á metunum, ef sá sparnaður kostar verulegan réttindamissi fyrir sveitarfélögin, sérstaklega þegar til þess er litið, að sýslunefndirnar munu kosta nálægt 8—10,000 kr. á ári, hreppsnefndir nál. 12—14,000 kr. á ári og hreppstjórar um 7000 kr., eða öll þessi sveitarstjórnarvöld nál. 30,000 kr.

Það má ganga að því vísu, að eitt »ráð« fyrir alt land er hefði á hendi starfsvið amtsráðanna, mundi verða dýrara en þau, auk þess sem það væri í eingu hentugra. Með því væri og raskað hinni fornu fjórðungaskipting, sem heita má jafngömul íslenzkri löggjöf, og til þess er eingin ástæða nú frekar en áður. Þetta fyrirkomulag þarf því eigi að taka til athugunar, enda var því algerlega hafnað á Alþingi 1871.

En svo er því haldið fram, að sýslunefndum sé með frv. falið það vald, er amtsráðin hafa nú. Þær séu hið æðsta sveitarstjórnarvald og hafi sama sjálfstæði gagnvart stjórnarráðinu, eins og bæjarstjórnir og amtsráð.

Þetta er eigi rétt.

Þótt svo væri, — sem ekki er — að orðhljóðan ákvæðanna um rétt stjórnarráðs til þess að skerast í aðgerðir sýslunefnda og taka fram fyrir hendur þeim, væri *í forminu* nákvæmlega hin sömu, eins og um amtsráð og bæjarstjórnir, þá mundu þau þó að efni og í framkvæmd þýða alt annað, vegna þess að gagnvart sýslunefndunum grípa þau inn á fjölbreyttara starfssvið, inn í fleiri mál, smærri og

sérstaklegri en gagnvart amtsráðum og bæjarstjórnum, og allar helztu sveitarstjórnargerðir, sem nú eru fullráðnar í hverjum fjórðungi af kjörnum fulltrúum, kunnugum mönnum og sérfróðum, yrði þá lagðar undir úrskurð skrifstofu í Reykjavík, sem vegna ókunnugleika annaðhvort yrði að láta alt »reka á reiðanum« afskiptalaust, eða gæti, ef til vill, orðið þröskuldur í götu ýmsra mála, ef það vildi vera íhlutunarsamt.

Þessi fjárhalds- og yfirráðaréttur stjórnarráðsins gagnvart sýslufélögunum eptir frv. er að efni þeim mun viðtækari og nærgaungulli sjálfstæði héraðanna sem sýslunefndir eru fleiri en amstráð og starfssvið nefndanna fjölbreyttara, en ráðanna.

Alt það vald, sem amtsráð nú hafa, er lagt undir stjórnarráðið, nema:

1. Að úrskurða kosning í sýslunefnd.
2. Að leggja niður lögferjur (!)
3. Ákveða 2 hreppstjóra í hrepp.
4. Úrskurðun sýslureikninga.

Af þessu sést, hve sjálfstæð sveitarstjórnarvöld þessar nefndir verða.

Hin fyrstu 3 atriði eru gersamlega þýðingarlaus, en hinu 4. atriði er mjög óheppilega fyrir komið, og á alt annan veg en í kaupstöðunum.

Í kaupstöðunum er sérstakur gjaldkeri, og endurskoðunarmenn eru kosnir utan bæjarstjórna af hinum almenna gjaldendaflokki.

Sýslunefndir eiga eptir frv. að bera ábyrgð á reikningunum; þær eru með öðrum orðum bæði gjaldkeri og reikningshaldari; svo eiga þær sjálfar að kjósa úr eigin flokki endurskoðanda og sjálfar leggja endanlegan úrsknrð á athuganir hans. Með öðrum orðum: Gjaldkerinn, sem jafnframt er reikningshaldari og ráðsmaður sjóðsins, kýs sjálfan sig til að endurskoða eigin gjörðir sínar og leggur sjálfur úrskurð á eigin athugasemdir. Það er ekki getsök um óráðvendni, þó að eg segi, að þetta fyrirkomulag sé óhæf fjarstæða, og allir sjá, að þetta er alt annað en það, sem fyrir kaupstaðina gildir.

Til þess að hægt væri að segja, að sýslunefndirnar hefði nokkurt sjálfstætt vald í sveitarstjórnarmálum, yrði að nema burt úr frv. allar heimildir fyrir afskiptum stjórnarráðs af gerðum þeirra, að undanskildum 3. lið 81. greinar. Jafnframt verða að breytast ákvæðin um úrskurðun og endurskoðun sýslureikninga, þannig að settur yrði sérstakur gjaldkeri, og endurskoðandi kosinn utan nefndarinnar af t. d. hreppsnefndunum.

Svo er það til athugunar að taka, að ömtin, sem slík, eiga verðmætar eignir, bæði sjóði, fasteignir, stofnanir og lausafé. Það er farið fram á það í frv., að heimild sé veitt til þess, að svipta ömtin þessum eignum að þeim fornspurðum, og ráðstafa þeim með konunglegri tilskipan.

Þessu verð ég fastlega að mæla á móti. Eignarréttur amtsfélaganna er jafn-friðhelgur og eignarréttur einstakra manna og nýtur verndar stjórnarskrárinnar.

Í 34. og 72. gr. frumv. er svo ákveðið, að einga ályktun, er snertir hrepp eða sýslu, skuli gera nema áður hafi verið leitað um það álits hreppsnefndar eða sýslunefndar. En í sömu andránni er farið fram á, að svipta þessi sveitarstjórnarvöld valdi yfir og atkvæðarétti um eigin mál og svipta amtsfélögin stórmiklum eignum, sem þau hafa lögtrygðan eignrétt yfir *án þess, að þessi sveitarstjórnarvöld séu um það spurð eða þeim gefinn kostur á að láta uppi nokkurt álit um það.* Það er einkennileg samkvæmni, þetta. Þegar löggjafarvaldið fyrir nokkrum ár-

um greip fram fyrir hendur sýslunefnda til þess að hækka ljósmæðralaunin, reis megn óánægju-alda um landið.

Verði ákvæði þessa frumvarps, er ég hefi vikið að, leidd í lög að fornspurðum réttum hlutaðeigendum, sveitarstjórnarvöldunum, er ég ekki í neinum vafa um, að þjóðin telur rétti sínum traðkað og það vekur óánægju.

Að »centralisera« sveitarstjórn alla í Reykjavík og setja henni skrifstofuvaldið til höfuðs, horfir til ósjálfstæðis fyrir hana og er spor í ranga átt.

Það er ekki réttmætt að svipta amtsfélögin löglegum eignum þeirra án samþykkis þeirra.

Eg vil því ráða háttv. deild til að fella frumv. að þessu sinni, en beina þeirri áskorun til stjórnarinnar að leggja það undir álit allra sýslunefnda og amtsráða, og leggja það því næst með nauðsynlegum breytingum fyrir Alþingi 1907.

Neðri deild Alþingis, 26. Júlí 1905.

Guðlaugur Guðmundsson.

Nd. **195. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um byggingarsamþyktir.

Nefnd sú, er háttv. Nd. hefir falið að athuga frumvarp þetta, hefir íhugað það, og orðið sammála um, að það feli í sér góða og nauðsynlega réttarbót, og með því að nefndin hefir eigi neitt að athuga við ákvæði frumvarpsins eða orðalag þess, eins og háttvirt Ed. hefir geingið frá því, ræður nefndin háttvirtri Nd. til að samþykkja það óbreytt.

Neðri deild Alþingis 26. Júlí 1905.

Árni Jónson, formaður. Jón Magnússon, skrif. og framsögum. Guðl. Guðmundsson.
Eggert Pálsson. Jóhannes Ólafsson.

Nd. **196. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um lögreglusamþyktir.

Háttvirt Nd. hefir falið sveitastjórnarlaganefndinni að athuga frumvarp þetta.

Nefndin hefir íhugað frumvarpið, og er þeirrar skoðunar, að það sé á góðum rökum bygt. Ræður hún því háttvirtri deild til að samþykkja það óbreytt.

Neðri deild Alþingis 26. Júlí 1905.

Árni Jónsson, form. Jón Magnússon, skrif. og framsögum. Guðl. Guðmundsson.
Eggert Pálsson. Jóhannes Ólafsson.

Nd. **197. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 13. Október 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

Barðastrandarlæknishéraði skal skipt í 2 læknishéruð, sem sé:

1. Patreksfjarðarhérað, sem nær yfir Rauðasandshrepp, Tálknafjarðarhrepp og Barðastrandarhrepp fyrir vestan Vatnsdalsá.
2. Bíldudalshérað, sem nær yfir Suðurfjarðarhrepp og Dalahrepp í Barðastrandarsýslu.

Patreksfjarðarhérað telst til 2. flokks og Bíldudalshérað til 5. flokks læknishéraða, sbr. 1. gr. laga 13. Okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.

Nd. **198. Frumvarp**

til laga um hefð.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hefð má vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign.

2. gr.

Skilyrði fyrir hefð er 20 ára óslitið eignarhald á fasteign en 10 ára óslitið eignarhald á lausafé.

Nú hefir maður umráðum náð með glæp eða óráðvandlegu atferli, og má hann þá ekki hefð vinna. Sama er og ef hefðandi fær vitneskju um, áður en hefðin er fullnuð, að eignarhaldið sé þannig tilkomið.

Nú hefir hefðandi feingið hlutinn að veði, til geymslu, til láns eða á leigu, og geta þá slík umráð ekki heimilað hefð.

3. gr.

Til hefðartíma má telja óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri, ef eignarhaldið hefir löglega geingið frá manni til manns. Eignarhald hvers einstaks hefðanda verður að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr.

4. gr.

Nú missir hefðandi umráð yfir hlutnum, og slitnar þá hefðarhaldið, nema svo sé, að hann hafi umráðin óviljandi mist, og náð þeim aptur innan 6 mánaða eða nái þeim með lögsókn, er hafin sé innan þess frests og rekin með hæfilegum hraða.

Nú er réttur hefðanda til eignarhaldsins vefeingdur með löglega birtri kæru til sáttanefndar eða dómstefnu, og málið síðan rekið með hæfilegum hraða, eða sagt er til vefeingingarkröfu í búi hans, ef það hefir verið tekið til opinberrar skiptameðferðar, og slitnar þá hefðarhaldið.

5. gr.

Nú hefir maður arðberandi hlut í eignarhaldi, er til hefðar mátti leiða samkv. 2. gr., og hluturinn verður af honum dæmdur, þá ber honum að eins að standa skil á þeim arði, er hann hefir haft af hlutnum, frá þeim degi, er honum var birt sáttakæra eða dómstefna, eða sagt var til kröfu í búi hans.

6. gr.

Fullnuð hefð skapar eignarrétt yfir hlut þeim, er í eignarhaldi var, og þarf hefðandi ekki að styðjast við aðra eignarheimild.

Afnotaréttur, sem stofnaður er áður en hefðarhaldið byrjaði, fellur úr gildi um leið og hefðin er fullnuð, ef umráð hefðanda yfir eigninni hafa útilokað afnotin. Afnotaréttur, sem stofnaður er af öðrum en hefðanda, meðan hann hafði eignina í hefðarhaldi, fellur einnig úr gildi um leið og hefð er fullnuð, þótt ekki sé liðinn hefðartími frá því, er hann var stofnaður, ef umráð hefðanda hafa útilokað afnotin.

Afgjaldsskyldur, er á jörð hvíla, og sjálfsvörzluveðsréttur falla ekki úr gildi við það, að eign sú, er réttindi þessi hvíla á, verður hefðuð.

7. gr.

Notkun með samsvarandi skilyrðum og þeim, er gilda um eignarhefð, skapar afnotarétt.

8. gr.

Hefð á ósýnilegum ítökum, svo sem slægjum, beit, reka o. s. frv. getur að eins unnizt með 40 ára notkun og öðrum skilyrðum sömu sem eignarhefð.

9. gr.

Nú hefir maður haft jörð, er metin er til dýrleika eða útmælda lóð í kaupstöðum eða kauptúnum í eignarhaldi í hefðartíma fullan, án þess að hafa þinglesna eignarheimild, þá getur hann feingið eignardóm fyrir fasteigninni, ef hann uppfyllir eptirfarandi skilyrði,

1. að hann með stefnu, sem birt er á þann hátt, er fyrir er mælt í 10. gr., innkalli með 6 mánaða fyrirvara hvern þann, er tilkall kann að gera til eignarinnar,
2. að einginn mæti samkvæmt stefnunni, er sanni rétt sinn til eignarinnar eða önnur atvik, er útiloki eignarrétt eða hefð stefnanda.

Stefnandinn er enn fremur skyldur til að mæta persónulega við fyrstu fyrirtekt málsins fyrir réttinum og leggja fram sannanir fyrir því, að stefnan hafi verið birt á lögskipaðan hátt, svo og sannanir fyrir því, að hann hafi haft eignina í hefðarhaldi hefðartíma fullan, og yfir höfuð gefa allar þær skýrslur og skýringar um eignarhaldið, er dómarinn finnur ástæðu til að heimta. Ennfremur ber honum að sanna eða gera sennilegt, að hann hefði ekki getað á annan hátt án mikilla erfiðleika, tímaspillis og kostnaðar feingið löglega eignarheimild fyrir eigninni.

Eignardóminum má svo þinglýsa sem eignarheimild fyrir jörðunni.

Eignardómsmál samkvæmt þessari grein skulu rekin fyrir aukarétti, er halda skal á skrifstofu lögsagnarumdæmis þess, er fasteignin liggur í.

10. gr.

Stefna sú, er getur um í 9. gr., skal birt þrisvar sinnum í blaði því á

Íslandi, er flytur stjórnarvalda-auglýsingar, og skal enn fremur samtímis fest upp á þingstaðnum í dómþinghá þeirri, er fasteignin liggur í.

11. gr.

Ákvæði Jónsbókar í 26. kap. Landsleigubálks og ákvæði 16. gr. í erindisbréfi biskupanna 1. Júlí 1746 um hefð eru úr lögum numin.

12. gr.

Til að fylla hefðartíma má telja með eignarhald það, sem hefðandi hefir haft áður en lög þessi ganga í gildi, þó svo, að eingin hefð eptir lögum þessum sé talin fullnuð fyrr en í árslok árið 1910.

Ed.

til fátækralaga.

199. Frumvarp

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Sveitarstyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má ei án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Sveitarstyrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar og honum haga svo, sem hún telur rétt vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Sveitarstyrk skal endurgjalda eptir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af þurfaling sjálfum eða framfærslumanni (2.—30. gr.).

Sá er sveitarstyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín skilgetin, þangað til þau eru 16 ára. Söm er skylda móður við börn sín óskilgetin.

4. gr.

Nú geingur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, skilgetin eða óskilgetin, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnaðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni (39. og 40. gr.), og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giptist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og konan við skilgetin börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giptist honum, með annari konu.

Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aptur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Ef kona eignast barn óskilgetið, og maður sá, er hún kennir barnið, geingst eigi við faðerninu, á hún rétt á því, að sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er hún er heimilisföst eða stödd, veiti henni aðstoð sína til þess að barnsfaðernismál verði höfðað gegn manni þeim, er hún kennir barnið, á varnarþingi hans. Fara skal með mál það sem einkalögreglumál. Í barnsfaðernismáli skal við undirrétt hvorki greiða réttargjöld né gjald til réttarvotta eða stefnuvotta, en um önnur gjöld fer sem málið væri gjafsóknarmál af hálfu barnsmóður. Sé málinu áfrýjað, fer um slík gjöld við æðri rétti eptir almennum reglum.

Nú hefir maður geingizt við faðerni óskilgetins barns, eða það er löglega ákveðið, að hann skuli álítast faðir þess, og er honum þá jafnt móður þess skylt að framfæra og ala upp barnið samkvæmt því, er segir hér á eptir.

7. gr.

Þröngva má barnsföður með úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta, þar er hann á heima, til að gefa með óskilgetnu barni sínu helming meðgjafar eða meira, þó aldrei meira en meðgjöf þá, er í raun og veru er greidd með barninu.

Í yfirvaldsúrskurði þeim, er gerir barnsföður að skyldu að greiða meðlag með óskilgetnu barni sínu, eða meðlagsskyldan er staðfest með honum, skulu vera upplýsingar þær, er fyrir hendi eru, um aldur barnsföðursins, fæðingarstað og framfærslusveit.

8. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eptir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem skuld, er komin sé í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni skyldi greiða, hvort sem hún er ákveðin með meðlagsúrskurði eða samningi, svo framarlega sem beiðni kemur um það til skiptaráðanda áður en liðinn er skuldlýsingafrestur (proclama) eða 12 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi verið boðaður. Sé barnsfúlga sú, er hinn dáni gjalda skyldi, hvorki ákveðin með samningi né yfirvaldsúrskurði, skal greiða svo mikið, sem meðalmeðgjöf (9. gr.) með barninu nemur frá dánardægri hans þangað til það er 16 ára. Ef ekkja barnsföður er á lífi, þá skal eigi fé út leggja með öðrum óskilgetnum börnum hans en þeim, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband, og skal þess gætt, er ekkja eða skilgetin börn barnsföður eru á lífi, að meðgjöf sú, er greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meira fé en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri.

Nú situr ekkja barnsföður í óskiptu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er á barnsföður hvíldi, að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta þykir hæfa eptir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtéðra fyrirmæla.

Um barnsfúlgu, er greidd er af hendi í einu eptir lát föðursins, skal

fara sem um fé ómyndugra, og skal tiltaka, á hverjum tima og hverjum greiða skal meðlögin.

Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu fyrir þá sök, að barnið deyr áður en það er orðið 16 ára, þá skal fé það, er óeytt er, koma til skipta meðal erfingja barnsföður. Verði afgangur af fúlgunni af öðrum ástæðum, skal afgangurinn falla til barnsins.

9. gr.

Sé barnsfúlga, sem föður óskilgetins barns er skylt að borga samkvæmt úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta eða sættargerð, staðfestri af nefndu yfirvaldi, eigi greidd á réttum gjalddaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt að krefjast þess, að fúlgan verði greidd sér af sveitarfé í dvalarsveit sinni, þó eigi nema fyrir hið síðasta ár, og eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í; en upphæð meðalmeðgjafar ákveða sýslunefndir og bæjarstjórnir fyrir hvert sveitarfélag fyrir 5 ár í senn, og skal taka tillit til aldurs barnanna. Beiðni barnsmóður hér um skal fylgja meðlagsúrskurður sýslumanns eða bæjarfógeta löglega birtur (af stefnuvottum), eða sættargerð, staðfest af sama yfirvaldi, löglega birt, og lífsvottorð barnsins, og skal beiðandi jafnframt láta þær upplýsingar í té um framfærslusveit barnsföður, sem hún er fær um.

Meðlagið skal talið sveitarstyrkur til handa barnsföður frá dvalarsveit móðurinnar, og fer um endurgjald á honum sem á öðrum sveitarstyrk. Sannist það, að barnsfaðir hafi verið farinn af landi alfarinn eða dáinn, þegar meðlagið var fallið í gjalddaga, þá er framfærsluhreppur hans laus við að endurborga það, og skal styrkurinn talinn sveitarstyrkur, veittur barnsmóðurinni, nema hann sé þegar í stað endurgoldinn.

Nú hefir meðlagið eigi verið innheimt fyrir þá sök, að ekki hefir hafzt upp á barnsföður, eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, er ekki hefir feingið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er hann síðar kemur fram, að ganga að honum að lögum, ef ekki er um seinan, að því er meðlagið snertir, og ennfremur láta hann vinna af sér styrkinn á þann hátt, sem segir í 58. gr. þessara laga.

10. gr.

Sama rétt sem móðir að óskilgetnu barni hefir samkvæmt framansögðu, hafa og þeir menn, er annast eiga framfærslu og uppeldi barnsins eptir móðurina látna, burtfarna eða af líkum orsökum, og ennfremur framfærslusveit barnsins, þá er hún hefir orðið að takazt framfærslu þess á hendur.

11. gr.

Þá er móðir óskilgetins barns deyr, eða fer alfarin af landi burt, eða hún álízt óhæf, að dómi hlutaðeigandi prests og sýslumanns eða bæjarfógeta, til að ala barnið upp, á faðir þess því að eins rétt á að fá það til sín, til framfærslu og uppeldis, að hann ættleiði það, eða hann fái til þess leyfi sýslumanns eða bæjarfógeta á þeim stað, þar er barnið er.

12. gr.

Þegar faðir óskilgetins barns hefir að lögum verið skyldaður til að greiða meðlag með því, en menn vita eigi, hvar hann er niðurkominn, hefir móðir barnsins rétt til þess, ef þörf gerist, að krefjast fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans. Sama rétt hefir bæði sá maður, er

á að annast framfærslu óskilgetins barns, hvort heldur eptir móður þess látna, eða burtfarna, eða af öðrum orsökum, og eins framfærslusveitin, hafi hún orðið að takazt framfærslu þess á hendur.

13. gr.

Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verði gert að skyldu að greiða að minsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförum leiddi fyrir hana. Upphæð þessarar fjárreiðslu getur barnsmóðirin heimt eptir reglum þeim, er segir í 9. gr.

14. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega eigi foreldrar verða sveitarþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau; þó skulu börn laungetin ekki skyld að framfæra föður sinn nema ættleidd séu og hafi alizt upp á vegum hans. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

15. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá, nema sveitarnefndinni í dvalarsveit þeirra þyki það eigi ráðlegt, af því að sérstaklega stendur á. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér, eða ráða verustað þess, sbr. þó 11. gr. hér að framan.

Vilji framfærslumaður eigi una ákvæði sveitarnefndar, er honum rétt að fá um það úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta.

Ef framfærsluþurfi er giptur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín, og hver gjalda meðlag, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

16. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast sf ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

17. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstökum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

18. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs né húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sérstakri hjúkun, en húsbónda þess er skylt að

fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sérstaklegt sjúkrafæði — í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki leingur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kent, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki leingur en út vistráðningartímann og ekki yfir 50 aura um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eptir læknisráði, hvort heldur á sjúkrahús eða annað, enda sé hvorki því né húsbónda þess um leguna að kenna.

19. gr.

Samningur mill húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið, þegar er hjúið verði sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slíkum skilmála, eður og af því að svo hefir verið um samið eptir að það varð sjúkt, þá losast húsbóndinn eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eptir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu, né framfærslumanni þess eða sveit.

20. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sé á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, né öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

21. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eptir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greptrun þess, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

22. gr.

Hver sá húsráðandi eða landeigandi, sem tekur mann í húsmensku á heimili sitt eða land, þann er eigi hefir húsmenskuleyfi, skal framfæra hann og skyldulið hans, ef hann verður sveitarþurfi, til næstu fardaga, án endurgjalds frá framfærslusveit hans.

23. gr.

Ef lögskráður skipverji sýkist eða slasast við vinnu sína í þarfir skipsins, þannig að hann kemst eigi með skipinu, og er sjálfum eigi um að kenna, þá á hann að fá lækning og hjúkrun á kostnað útgerðarmanns, þó ekki leingur en um 4 vikur.

Nú sýkist skipverji eða slasast, meðan skip er á ferð, og er honum eigi um að kenna, og skal honum þá hjúkrað á skipi, eða hann sendur í land til lækningar og hjúkrunar, ef það er gerandi og þörf á því. Ef hann er eigi orðinn svo ferðafær, er skipið fer þaðan, sem hann var fluttur í land, að hann verði hafður með, þá skal skipstjóri annast um að haldið verði áfram

að veita honum aðhjúkrun í landi og að hann verði, þegar þar að kemur, sendur heim, hvorttveggja á kostnað útgerðarmanns.

24. gr.

Ef einhver skipverja deyr á ferð, þá annast skipstjóri útför hans, en útfararkostnaðinn má borga af kaupi hans meðan hrekkur.

25. gr.

Nú sýkist skipverji og er sjálfur valdur að, og er skipstjóri eingu að síður skyldur til að útvega honum lækning og aðhjúkrun, hvort heldur á skipinu eða í landi erlendis; og sé það erlendis skal skipstjóri fé út leggja fyrir fram í þessu skyni, svo sem þörf er á; en kostnað af þessu má borga af kaupi hans, meðan það hrekkur.

26. gr.

Ef skipverji er sjúkur, án þess sjálfum honum verði um kent, þá er skipið kemur heim, þá á hann að fá lækning og aðhjúkrun í alt að 4 vikur á kostnað útgerðarmanns.

27. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eptir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi leingur en 6 mánuði. Sé sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að, og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eptir að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið umsamið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður umsamið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 16., 17. og 20. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 17. gr. og ofangreind fyrirmæli um rétt lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sé eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

28.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með þurfamann sinn eða ómaga, og er þá sveitinni skylt að annast framfærslu þurfamannsins eða ómagans gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin í dvalarsveit hans álítur, að hann sé fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta, en úrskurði þeim má skjóta til stjórnarráðsins.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né heldur um framfærslu þá, er getur um í 16.—21. gr. og 23.—27. gr.

29. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður sýslumaður í þeirri sýslu, eða bæjarfógeti í þeim kaupstað, þar er framfærlumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (13. gr.)

30. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (29. gr.) löglega birtur, og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. December 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (39. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara, sem segir í lögum þessum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. kafli.

Um framfærslusveit.

31. gr.

Hver hreppur, kaupstaður eða kauptún, er hefir sveitarstjórn sérstaka, er framfærslusveit fyrir sig. Nú er skipt sveit eða sveitarmörkum breytt, og heldur þá sveitfestisdvölin áfram í þeirri sveit, er maður verður í við skiptinguna eða merkjabreytinguna, þannig að maður verður sveitfastur í þeirri sveit á þann hátt, að lögð er við dvöl hans þar eptir skiptinguna dvöl hans í hinu forna sveitarfélagi hans.

32. gr.

Með þeirri undantekningu, sem getur um í 36. gr. laga þessara, vinnur hver sá, er hefir rétt innborinna manna, sér framfærslurétt í þeirri sveit (31. gr.), þar er hann hefir eptir 16 ára aldur dvalið 10 ár samfleytt búandi, vistfastur, eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum.

33. gr.

Nú hefir maður unnið sér sveit víðar en í einu sveitarfélagi, og á hann þá rétt til framfærslu í þeiri sveit einni, þar er hann hefir síðar eða síðast unnið sér sveit. Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 65 ára gamall, heldur hann síðan.

34. gr.

Sveitfestisdvöl telst frá þeim degi, að honum meðtöldum, er innflytjandi tekur sér fast aðsetur í sveitinni, til þess dags, að þeim degi meðtöldum, er hann víkur þaðan burtu. Nú er hjú ráðið skildaga á milli og kemur í vist hálfum mánuði eptir hjúaskildaga, eða fer úr vist hálfum mánuði fyrir

hjúaskildaga, og skal þó telja árið fult. Sama er og þótt hjúið fari meir en hálfum mánuði fyrir skildaga úr vistinni, ef það er af því, að hjúaskildagi er fyrr í þeirri sveit, er hjúið fer í, en í hinni, er það fer úr, enda fari það vist úr vist; svo er og, að telja skal árið fult, ef maður kemur um fardaga og fer aptur á hjúaskildaga. Eigi slitnar sveitfestisdvöl fyrir það, þótt maður sé í vist að hálfu í annari sveit, ef hann er þar eigi meira en eitt sveitfestisárið að hálfu.

Ef vinnuhjú flytur að vísu ekki í vistina heim til húsbónda síns á vinnuhjúaskildaga, en fer þó þá þegar að vinna honum, t. a. m. í veri, á fiskiskútu o. s. frv.. enda flytji í rauninni heim áður en vistarárið er hálfnað, þá telst það svo, sem það hafi byrjað dvöl sína á vinnuhjúaskildaga í sveit þeirri, er húsbóndi þess á heima í.

Lausamaður vinnur sér eigi sveit, þar sem hann hefir ársheimili samkvæmt 3. gr. í lögum 2. Febr. 1894 um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. Maí 1863 og viðauka við hana, nema hann dvelji þar að minsta kosti fjórðung af árinu og sveitfestisdvölin telst frá þeim tíma, er hann í raun og veru kemur sjálfur inn í sveitina.

Nú á maður fleiri heimili en eitt, og vinnur hann þá sveit, þar er aðalaðsetur hans er.

35. gr.

Eigi vinnur maður framfærslurétt með dvöl sinni á skóla, sjúkrahúsi, holdsveikrahæli eða þess konar stofnun, eða fangahúsi. Slík dvöl slítur eigi heldur sveitfestisdvöl í þeirri sveit, þar er maður hefir verið næst áður, þannig að eigi maður á meðan sjálfstætt heimili í þeirri sveit, þá telst það aðalaðsetur hans, en hafi hann ekki haldið þar neinu heimili, þá vinnur hann að vísu hvergi sveit, meðan hann dvelur í skóla, sjúkrahúsi, holdsveikrahæli eða þess konar stofnun eða fangahúsi, en heldur að eins áfram sveitfestisdvölinni, ef hann hverfur aptur til hinnar sömu sveitar eptir dvöl sína á nefndum stofnunum.

Eigi vinnur maður sér heldur framfærslurétt með ólöglegri dvöl í húsmensku.

36. gr.

Þeir menn, er fæddir eru í Danmörku eða í Færeyjum og eiga ekki framfærslusveit hér samkvæmt 41. gr. (sbr. 39. og 40. gr.) þessara laga, vinna sér framfærslurétt hér á landi með 10 ára óslitinni dvöl í sömu sveit eptir 16 ára aldur, og að öðru leyti eptir framansögðum ákvæðum (31.—35. gr.).

37. gr.

Utanríkismenn vinna sveit hér á landi, þá er þeir fá rétt innborinna manna, og eiga þá framfærslurétt í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili, er þeir fá rétt innborinna manna, þangað til þeir vinna sér sveit með 10 ára dvöl annarsstaðar.

38. gr.

Kona gipt er jafnan sveitföst þar, er maður hennar á sveit, og heldur ekkja manns sveitfesti þeirri, er maður hennar átti á deyjanda degi, þangað til hún vinnur sér sjálf sveit. Svo heldur og kona, er skilin er að lögum við mann sinn, sveit þeirri, er hann átti, er þau skildu, þangað til hún vinnur sér sjálf sveit.

39. gr.

Börn skilgetin og yngri en 16 ára fylgja framfærslusveit foreldranna þannig: Ef foreldrar eru báðir á lífi og hjónabandi þeirra eigi slitið að lögum,

fylgja börnin sveit föður síns. Ef að eins annað foreldra er á lífi, þá fylgja börnin framfærslusveit þess. Nú eru báðir foreldrar dánir, og fylgja þá börnin framfærslusveit þess þeirra, er síðar andaðist. Ef báðir foreldrarnir eru á lífi, en hjónabandi þeirra slitið að lögum, þá fylgir barn framfærslusveit þess foreldris, er það er hjá, eða síðast var hjá, eða það er á vegum þess.

40. gr.

Óskilgetin börn, yngri en 16 ára, fylgja framfærslusveit móður sinnar.

41. gr.

Maður 16 ára að aldri á framfærslusveit í fæðingarsveit sinni, þangað til hann vinnur sér sveit.

42. gr.

Fæðingarsveit manns er sú sveit, þar er móðir hans átti lögheimili, er hann fæddist, eða átti síðast, áður en barnið fæddist. Nú verður þetta eigi vitað, og er þá sú sveit fæðingarsveit manns, þar er móðir hans var stödd, er hún ól hann.

43. gr.

Maður, sem eptir framansögðu hefir öðlazt framfærslurétt á Íslandi, missir hann:

1. þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra réttinda, er bundin eru við rétt innborinna manna. En fái hann aptur þessi réttindi, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann átti áður en hann varð borgari annars ríkis, þangað til hann vinnur sér sveit af nýju eptir framantöldum ákvæðum.
2. Þá er hann vinnur sér sveit í Danmörku eða Færeyjum, þangað til hann vinnur sér sveit aptur á Íslandi eptir hinum almennu reglum.

44. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi samkvæmt framanskráðum ákvæðum, þurfandi fátækrastyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í þeirri sveit, þar er hann á lögheimili, eða, ef hann ekkert lögheimili á hér á landi, þá í þeirri sveit, þar er hann dvelur, er hann verður styrks þurfandi.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu manns, sem ekki á sveit hér á landi eptir ákvæðum þessara laga, eða sveitfesti hans verður eigi fundin, og stjórnarráðið álítur að ekki verði hjá því komizt að veita manni þeim viðtöku, og er þá rétt, að stjórnarráðið vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er það til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum, skal henni endurgoldinn af landssjóði.

III. kafli.

Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

45. gr.

Sveitarstyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé svo sem verða má hvorstveggja í einu, hagsmuna fátækrafélagsins, og þarfa og velferðar þurfalingsins.

46. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

47. gr.

Þurfamönnum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim heim, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara á sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða vinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og stjórnarráðið hefir sett reglur fyrir.

48. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum, yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum.

Eingu síður skal kosta kapps um að velja slík heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

49. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja af sveit, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og hæfilega fræðslu og venjast algeingri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talinn sveitarstyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

50. gr.

Sóknarprestar skulu líta eptir því, að fyrirmælum í 48. og 49. gr. sé fylgt, og yfir höfuð, að vel sé farið með börn þau, er þar ræðir um, svo og alla aðra niðursetninga í sóknum þeirra, sem og þurfamannabörn, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti þykir einhverstaðar vera misbrestur á þessu, og hann getur eigi með umvöndun komið lögun á það, ber honum að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn, er gjalda til sveitar, hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær.

Rannsókn um slíkar kærur skal framfara á manntalsþingi, þegar því verður við komið, og kostnaðarlaust, nema brýna nauðsyn beri til að hraða rannsókninni, vegna þess að um glæpsamlegt athæfi sé að ræða.

51. gr.

Fátækrastjórn skal gera sér far um að stuðla að því, að börn, sem upp eru alin á sveit, fái sæmilega atvinnu, þá er þau eru af ómagaaldri.

52. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita fátækrastyrks vegna þess að að þeim þreingir um stund, má hreppsnefnd eða bæjarstjórn vísa á atvinnu, ef fæst, eða til opinberrar vinnustofnunar, ef til er.

IV. kafli.

Vald sveitarstjórnar yfir þurfamönnum.

53. gr.

Sá, sem þegið hefir sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld.

Sveitarstyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barni innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gipt og bæði á lífi, en annars því foreldri barnsins, er barnið fylgir að sveitfesti (39. og 40. gr.), ef það foreldri barnsins er á lífi; en sé barnið munaðarlaust, fellur endurgjaldskrafan niður.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefjast endurgjalds á styrk veittum af sveitarfé til að greiða:

a. Kennslukaup fyrir barn í barnaskóla, eða hjá farkennara, eða gjald fyrir nauðsynlegar bækur og önnur kennsluáhöld handa barninu, og
b. Greptrunarkostnað.

Styrkur veittur framfærslumanni í þessu skyni skal eigi talinn honum veittur sem eiginlegur sveitarstyrkur, og eigi koma honum að neinu leyti til baga.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 5 ár eru liðin frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit. Ef þurfamaðurinn hefir þegið af sveit á síðustu 5 árum, þarf samþykki sýslunefndar til að gefa upp styrkinn.

54. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr, og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eptirlifandi meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau voru þá í.

55. gr.

Þegar þeginn sveitarstyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar eða að minsta kosti oddviti hefir skrifað undir innfærsluna, að hún sé rétt tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram, en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

56. gr.

Sveitarstjórnin getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eptirriti af uppskriptargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á uppskrifuðu munina skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur sveitarþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær þurfamanni í hendur, eru eptir sem áður eign sveitarinnar.

57. gr.

Sannist það fyrir stjórnarráðinu, að sá, er þiggur eða þegið hefi sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eptirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal stjórnarráðið eptir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sé endurgoldinn, skal stjórnarráðið nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

58. gr.

Sá, sem þiggur af sveit, og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist, og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er sker úr því, eptir að hafa feingið umsögn sveitarstjórnarinnar og leitað um það álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur sveitarstjórn látið föður óskilgetins barns vinna af sér barnsfúlgu þá, er sveitin hefir orðið að borga samkvæmt 9. gr., hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá.

59. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eptir málavöxtum.

Hýsi maður að nauðsynjalausu þurfamann, sem honum er kunnugt um að óhlýðnast skipun hreppsnefndar, eða þiggi verk af honum, skal hann sekur um alt að 100 kr., er renna í sveitarsjóð þar er brotið er framið.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál,

60. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra heimtar, skyldur að setja viðunanlega trygging fyrir því, að vandamenn hans, er eptir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minsta kosti um næstu 3 ár, nema

veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt.

61. gr.

Nú sýnir þurfalingur mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi uppá venjulegt fangaviðurværi í alt að 3 mánuði, þó því að eins að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eptir reglum, er stjórnarráðið þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eptir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

62. gr.

Enginn maður, karl eður kona, má kvongast eða giptast meðan hann stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, nema sveitarstjórnin, þar sem brúðguminn er sveitlægur, gefi samþykki sitt til þess.

V. kafli.

Viðskipti sveitarstjórna.

63. gr.

Nú þarfnast maður sveitarstyrks og skal hann veittur honum af dvalarsveit, jafnt fyrir það, þótt hann sé eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveitin aldrei heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, en skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur, að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir veittur verið af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin eigi fékk endurborgaðan, verði að réttri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveitin rétt á að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er um ræðir í 3. málsgrein 53. greinar.

64. gr.

Áður er en utansveitarþurfaling sé veittur sveitarstyrkur, skal — nema styrksþörfin sé svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þó svo fljótt sem unt er —, sveitarstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað, aldur þurfamannsins og framfærslusveit hans, þá er hann var 16 ára gamall; sé hann giptur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gipzt.
2. Æfiferil hans eptir 16 ára aldur.
3. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk, og hvort styrkurinn sé endurgoldinn.
4. Heimilisástæður hans og hag yfirleitt og hversvegna hann sé þurfandi orðinn.

Sé skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rétti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er stjórnarráðið semur, gefin undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og þurfamanninum sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrsluna eptir beztu vitund, og sé skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, er hentugast er.

Ef utansveitarbarn yngra en 16 ára þarfnast styrks, og hvorugt foreldra er innansveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helzt mega af vita.

65. gr.

Nú er skýrsla sú, er um getur í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkurinn er veittur, eða svo fljótt og svo fullkomin, sem unt er, og missir þá hlutaðeigandi sveitarfélag réttinn til endurgjalds á styrknum.

66. gr.

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 63. gr., og skal þá fátækrastjórnin, áður en mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni sínum eða bæjarfógeta áskorun um að rannsaka svo fljótt, sem við verður komið, hvar þurfamaður sé sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sé endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt í 64. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gera það, sem fyrir er mælt í grein þessari, missir sveitarsjóður rétt til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.

67. gr.

Hvar þess er dvalarsveit missir fyrir vanrækslu sveitarstjórnar, lögreglustjóra eða hreppstjóra rétt til endurgjalds á styrk veittum utansveitarmanni, skulu þeir, er sekir eru, bæta sveitinni skaðann.

68. gr.

Þegar gerð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurétt þurfalings í sveit sinni, eða sent erindi um önnur atriði viðvíkjandi sveitfesti þurfalings eða styrk honum veittan, skal hún, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er málaleitun barst henni til handa, senda hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta svar sitt upp á hana; að öðrum kosti skal það varða hana sektum, eptir atvikum dagsektum, sem renna í landssjóð eptir ákvæði sýslumanns, eða stjórnarráðsins ef bæjarstjórn er sek.

Nú verður dráttur á endurborgun sveitarstyrks til dvalarsveitar af hálfu framfærslusveitar meir en 6 mánuði, og skal þá síðarnefnd sveit greiða vexti af styrksupphæðinni, 5 af hundraði um árið, frá þeim tima.

69 gr.

Nú hefir maður, sem framfærslurétt á annarsstaðar, þegið 100 kr. styrk eða meir í dvalarsveit sinni, og bersýnilegt er, að hann sé kominn á stöðugt sveitarframfæri, og hefir þá dvalarsveit hans og framfærslusveit hvor um

sig rétt til að krefjast þess, að hann sé fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína.

70. gr.

Þurfaling má eigi flytja fátækraflutningi úr einum hreppi í annan, nema áður sje ákveðið, hvar hann eigi framfærslurétt, annaðhvort með yfirlýsingu sveitarstjórnar þeirrar, er í hlut á, eða með úrskurði yfirvalds.

71. gr.

Nú á þurfalingur að flytjast á framfærslusveit sína, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti fá honum vegabréf, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar hann skuli fluttur, svo og hve mart fólk er í flutningnum, ef um fleiri er að ræða. Skal tilgreina nöfn þeirra og aldur.

72. gr.

Dvalarsveit og framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sér saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann, en náist ekki samkomulag um það, getur dvalarsveit ein annast flutninginn. Ef framfærslusveitin heimtar, að fátækraflutningur skuli fram fara, án þess að tiltaka, hvernig honum skuli hagað, skal líta svo á, að hún ætlist til, að sveitarnefndin í dvalarsveitinni annist flutninginn, enda skal hin síðarnefnda þá skyld þar til.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í framfærslusveitinni.

73. gr.

Þurfamann skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg eða sjóveg; svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sé eigi í hættu stofnað.

74. gr.

Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveit einn þriðjung en framfærslusveit tvo þriðjunga; skal allur kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess sveitarfélags, er flntninginn annast.

Flutningskostnaðinn skal eigi telja sveitarstyrk veittan þurfaling.

75. gr.

Nú vanrækir sveitarstjórnin í dvalarsveitinni að flytja þurfamann fátækraflutningi, er henni bar að annast, og skal þá framfærslusveitin með öllu laus við að endurgjalda styrk þann, er þurfamaðurinn þiggur í dvalarsveitinni frá þeim tíma, er flutningurinn hefði átt fram að fara, þangað til hann verður framkvæmdur.

76. gr,

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta má hvor málsparta skjóta til stjórnarráðsins á 12 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila varð kunnugt um úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta, til þess

dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu stjórnarráðsins, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli ráðherra Íslands og innanríkisráðherrans, og úr deilu milli íslenzkrar sveitar og færeyskrar með samkomulagi milli Íslandsráðherra og dómsmálaráðherrans.

VI. kafli.

Sérstakur styrkur úr landssjóði.

77. gr.

Ef þurfalingur fer eptir læknisráði á sjúkrahús — annað en holdsveikraspítala — þá kostar framfærslusveit hans dvöl hans þar, lyf og læknishjálp, alt að 200 kr. á ári. Það, sem fram yfir er 200 kr., greiðist úr landssjóði, þó aldrei nema fyrir tvo þurfalinga í einu úr sama sveitarfélagi eða bæjarfélagi.

78. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk alt að 200 kr. um árið. Það, sem fram yfir er 200 kr., greiðist úr landssjóði. Sömuleiðis greiðist úr landssjóði allur kostnaður við flutning þess þurfamanns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst eigi á annan hátt endurgoldinn.

Landssjóðsstyrkur samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan er ekki apturkræfur.

VII. kafli.

Um það, hver lagaákvæði séu numin úr gildi með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

79. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Tilsk. 14. Oktbr. 1763 um greiðslu meðlags með óskilgetnum börnum.

Tilsk. 10. Decbr. 1790 um meðlag með óskilgetnum börnum.

Tilsk. 30. Maí 1794 um uppfóstur óskilgetinna barna.

Tilsk. 10. Ágúst 1798 um þvingun við menn, sem skildir eru við konur sínar að borði og sæng.

Kansellíbréf 5. Desember 1820 um greiðslu framfærslueyris með óskilgetnum börnum af launum vinnuhjúa.

Opið bréf 28. Maí 1825 um meðferð mála um meðlag með óskilgetnum börnum.

Reglugerð 8. Janúar 1834 fyrir fátækramálefna lögun og stjórn á Íslandi.

Opið bréf 6. December 1839 um breyting á löggjöfinni um meðlag með óskilgetnum börnum.

Opið bréf 6. Júlí 1848 um breyting á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til að eignast sveit eptir 6. gr. í reglugerðinni 8. Janúar 1834.

Opið bréf 17. April 1868 um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er ris af flutningi á þurfamönnum.

4. gr. í tilsk. 25. Júní 1869 um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum.

Lög 4. Nóvember 1887 um sveitarstyrk og fúlgu.

Lög 7. Febrúar 1890 um breyting á lögum um sveitarstyrk og fúlgu.

Lög 12. Janúar 1900 um meðlag með óskilgetnum börnum o. fl.

Lög 23. Október 1903 um viðauka við lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. frá 12. Janúar 1900.

Loks eru úr gildi feld öll önnur ákvæði gildandi laga, þau er koma í bága við lög þessi.

80. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1907.

Nd. **200. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um sölu þjóðjarða.

Flutningsmenn: Þórh. Bjarnarson, Magnús Andrésson, Björn Bjarnarson, Pétur Jónsson, Ólafur Briem, Jón Jónsson.

Aptan við 14. gr. bætist:

Nú geingur jörð, sem seld hefir verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, áður en kaupverðið er að fullu greitt, og falla þá eptirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga.

Nd. **201. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunsjóðs Íslands 2. Marz 1900.

Frá nefndinni.

Á eptir 1. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Reikningar Ræktunarsjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum Alþingis.

Ed. **202. Frumvarp**

til laga um sölutoll á bitterum og patent-lyfjum í glösum, flöskum eða öskjum.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson, Þórarinn Jónsson, Ág. Flygenring, Jón Jakobsson, Björn M. Ólsen.

1. gr.

Af öllum bitterum og patent-lyfjum í glösum, flöskum, öskjum eða því

líkum ílátum skal greiða sölutoll: 1 krónu af hverjum pela eða broti úr pela eða jafn stóru rúmi.

Sölutollinn skal greiða á þann hátt, að tollheimtumaður límir á ílátið tollfrímerki fyrir upphæðinni, og skal frímerkið svo lagað og svo á límt, að ílátið verði ekki opnað á venjulegan hátt án þess að rífa frímerkið.

2. gr.

Tollheimtumaður skal dagstimpla frímerkið þann dag, er hann límir það á.

3. gr.

Það er glæpur að losa frímerkið af ílátinu órifið, svo að það verði notað á ný, hvort það er notað svo eða ekki, og varðar fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 3×5 daga, eða betrunarhússvinnu, ef talsverð tollsvik hafa svo framin verið, ekki minna en 3 mánaða. Sama varðar að opna tollfrímerkt ílát án þess að rífa frímerkið eða frímerkin.

4. gr.

Fyrsta dag virkan í Janúarmánuði næsta, eða fyrstu daga þar á eptir, svo fljótt sem því verður við komið, skal tollheimtumaður setja ókeypis frímerki á þær birgðir af téðum bitterum eða lyfjum, sem kaupmenn þá hafa í vörzlum sínum hér á landi, þau er aðflutningstollur hefir þegar verið af greiddur.

Upp frá því greiðist aðflutningstollur á þessum vörum með tollfrímerkjum, og er það sölutollurinn, ef þau eru aðflutt frá útlöndum.

5. gr.

Það eru tollsvik og varðar sömu refsing, sem í 3. gr. er ákveðið, að selja ofannefndan varning öðruvísi en í tollfrímerktum ílátum.

6. gr.

Sú hækkun á aðflutningsgjaldi um 30 au. eða aðra upphæð af hverju krónuviði tollgjalds af aðfluttnm vörum, sem nú er eða síðar kynni að verða lögleidd, nær einnig til sölutollsins. Innheimtulaun skulu söm vera af sölutolli sem af aðflutningsgjaldi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Jan. 1906.

Nd. **203. Viðaukatillaga.**

við frumvarp til laga um sölu þjóðjarða.

Frá nefndinni.

Aptan við 15. gr. bætist: Öll skjöl, er snerta söluna, skulu lögð fyrir næsta Alþingi til athugunar.

Ed. **204. Frumvarp**
til laga um forkaupsrétt leiguliða o. fl.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þegar jarðeign, sem er í bygging, geingur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafnmikið verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann öðrum fremur hafa rétt til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sé honum eigi gerð erfiðari borgunarkjör eða aðrir skilmálar en í raun og veru standa til boða frá öðrum.

Nú hefir ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega bygt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrétti það, sem eptir er af ábúðartíð hans, meðan jörð er óbygð; en frá þeim tíma á sá forkaupsréttinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár, og hefir feingið bygging fyrir henni.

2. gr.

Nú eru afréttarlönd eða óbygð lönd seld út af fyrir sig, og á þá sveitarfélag það, eða sveitarfélög þau, sem land það liggur í, forkaupsréttinn.

3. gr.

Nú eru ítök, skógar, veiðiár, fossar eða önnur jarðgögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrétt til kaups eða leigu, er land á undir.

4. gr.

Nú afsalar sá sér forkaupsrétti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfélag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsréttinn.

5. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsréttar samkvæmt lögum þessum, skal segja til þess innan hálfs mánaðar frá því, er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja; sama er og um leigurétt samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Sé eigi gætt fyrirmælanna í 1.—4. gr., getur sá, er forgangsréttur hans er fyrir borð borinn, krafizt þess, að gjörningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sé lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fékk vitneskju um misfelluna, og málinu framhaldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rétthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

Fyrirfram gerður samningur á milli landsdrottins og leiguliða getur eigi svipt hinn síðarnefnda forgangsrétti þeim, sem ræðir um í 1. og 3. grein.

7. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numið konungsbréf 22. Dec. 1797 um forkaupsrétt leiguliða og tilsk. 18. Júní 1723, að því, er Ísland snertir.

Nd.

205. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun byggingasjóðs og bygging opinberra bygginga.

Nefndin er öll sammála um það að verja andvirði þessara embættisjarða í og við Reykjavík, sem um ræðir í frumvarpi þessu, til opinberra bygginga í landsins þarfir.

Embættisjarðir þessar hafa til skamms tíma eigi gefið af sér neinar tekjur fyrir hið opinbera. Nú reynist verðmæti þeirra margfalt meira en nokkur hafði búizt við, og má skoða það sem óvænt happ fyrir landssjóðinn, og vel til fundið að láta það fé koma til léttis við stórbyggingar þær, sem vaxandi þjóðmenning krefur.

Á síðasta þingi lagði stjórnin fyrir frumvarp um sölu jarðarinnar Arnarhóls í sambandi við lagafrumvarpið um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, og var það þá álit nefndar í Nd. að koma jörðunni í peninga í því skyni að verja andvirðinu til þess að koma upp embættisbústað handa ráðherra Íslands. Frv. þetta féll svo í Ed., bæði fyrir þá sök að eldri heimildarlög voru fyrir um sölu á nokkrum hluta Arnarhóls, og í annan stað talið gott að bíða, þar sem jörðin mundi hækka í verði.

Vér viljum áður en leingra er farið minnast á afstöðu þessa frv. við lögin frá 21. Júní 1900, þar sem stjórninni veitist heimild til að leyfa Reykjavíkur kaupstað vegalagningu um Arnarhólstún, og í annan stað að selja bæjarstjórninni lóðir í norðurhluta túnsins eptir dómkvaddra manna mati.

Frumvarpið fer fram á víðtækari og almennari sölu en gert er í nefndum lögum, en þar sem lögin frá 21. Júní 1900 gefa að eins söluheimild, hefir virzt eigi þótt þörf að nema úr gildi síðari grein laganna, en rétt er þó að athuga það. Aptur hefir fyrri grein laganna sömu þýðingu áfram. Þessi heimild til vegalagningar yfir túnið þýðir, að vegarstæðið skuli lagt fram ókeypis, og sést það berlega á meðferð málsins á þinginu 1899, og því hefir líka verið fylgt í verki. Nú er í ástæðum fyrir stjórnarfrumvarpinu gert ráð fyrir því, að eitthvað verði selt vægu verði undir götur, en um það er að segja, að full vissa er fyrir því, að bæjarstjórn Reykjavíkur kaupir eigi lóð undir götulagningar um Arnarhólstún. Hún fylgir því fram hvar sem hún getur, að landeigandi leggi ókeypis vegarstæði, enda skapast lóðarverðið við vegalagninguna. Hitt er sjálfgefið, að bæjarstjórnin mundi í samráði við landsstjórnina leggja vegi um túnið eptir því sem þörf væri á vegna sölunnar, og það á sem haganlegastan hátt og á bæjarins kostnað.

Vér erum samdóma stjórnarráðinu um það, að undan sé skilinn sölu blettur sá, sem um ræðir í 2. gr. frumv., og það eins, þótt eigi verði nú ráðizt í að reisa nema annað af stórhýsum þeim, er frumv. nefnir til.

Um lágmark verðsins höfum vér eigi annað að athuga en það, að ræmunni sunnan við hina nýlögðu Hverfisgötu, gegnt hinum undanskilda bletti til opinberra bygginga, ætti að mega halda í 4 kr. minst. Til tals kom og í nefndinni að láta þetta lágmark frumv., 3 kr. fyrir alin, standa um ákveðinn tíma, t. d. til ársloka 1906, en væri úr því sett 4 kr., og í annan stað að sjálf ræman næst sjónum ætti að geymast bænum, ef þar kæmi til hafnarmannvirkja, og skjótum vér þessu fram sem bendingu, en töldum eigi rétt að setja ákvæði um það í lögin, og verður að treysta stjórninni að nota þessa söluheimild sem haganlegast fyrir landssjóðinn, og að hún jafnframt líti á það, að

eigi sé með sölu lóða til einstakra manna niður við sjóinn spilt fyrir hafnarbótum hér, sem yrði landinu í heild sinni til ómetanlegs gagns, ef Reykjavíkurbær hefði í ráði slíkt fyrirtæki.

Hvað sölu Örfiriseyjar snertir, þá bauð bæjarstjórn Reykjavíkur í hana 4500 kr., og þar sem Örfirisey er svo nauðsynleg fyrir höfnina, geingur bæjarstjórn eigi frá 6000 kr. Til varnar gegn landbroti af sjávargangi hefir þegar verið varið allmiklu fé úr landssjóði og bæjarsjóði, og bærinn býst við að töluvert meira fé gangi áfram til þess. Eins og á stendur getur vart komið til mála að selja öðrum eyna en bænum, enda býður einginn þetta verð, sem bærinn mun fáanlegur til að gefa fyrir hana.

Þá föllumst vér og á, að andvirði Klapparlóðar, sem seld var Reykjavíkurbæ samkv. lögum 6. Nóv. 1902, gangi til byggingarsjóðsins eins og annað andvirði jarðarinnar Arnarhóls.

Vér getum og fallizt á það, að þetta árgjald sé lagt á landsbankann til byggingarsjóðsins, þar sem efnahagur bankans er svo góður, að hann væntanlega stendur jafnréttur eptir.

Vér viljum sem minst getum um það leiða, hve ört lóðasalan muni ganga. Sjóðurinn ætti til að byrja með rúmar 20,000 kr., andvirði Klapparlóðar og Örfiriseyjar. Yrði nú á næsta fjárhagstímabili varið sem næst 200,000 kr. til opinberra bygginga, gætum vér gizkað á það, að eigi þyrfti að nota lánsheimildina úr viðlagasjóði, nema fyrir helming þeirrar upphæðar. Hugsanlegt enda að ekki þyrfti að nota hana nema lítið. Eptir þeirri stefnu, sem vér höfum tekið í málinu, teljum vér eigi rétt að setja að þessu sinni hámark fyrir lántökuheimildinni. Um það blandast oss eigi hugur að jörðin Arnarhóll felur í sér þetta mikla verð, sem greint er frá í athugasemdunum við frumvarpið.

Þá kemur að sjálfum byggingunum. Frumvarpið fer fram á að heimila stjórnarráðinu nú þegar að láta reisa bókasafnsbygging úr steini og ráðherrabústað úr steini eða steinsteypu, og viljum vér þegar geta þess, að eigi síður mætti reisa bókasafnsbygginguna úr steinsteypu, og þykir oss heppilegra að lögin bindi eigi neitt um það, en um hvorttveggja sé að velja.

Vér hneigjumst að því, að bókasafnsbygging verði að ganga fyrir öllum opinberum byggingum vorum, og erum alveg samdóma ástæðunum í frv. um það efni. Vér teljum og hyggilegt að reisa húsið svo vel við vöxt sem ráð er fyrir gert.

Til þess að koma söfnunum fyrir og fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru í frv. álítum vér að þurfi hús 64×25 álnir með geymslurúm á 4 gólfum. Því mun mega koma upp úr steini eða steinsteypu, að meðtalinni hitastöð, fyrir 160,000 kr. Þetta höfum vér allrækilega athugað í samráði við húsameistara Rögnvald Ólafsson. Auk þess sem byggingunni nú um sinn er ætlað að geta tekið á móti öllum söfnum landsins mun það og gerlegt að ýms landsfélög, sem fást við bókagerð, geti feingið þar hæli í bili; eru þau nú á hrakningi og bónbjörgum með húsnæði, en eiga sum, og allra helzt Bókmentafélagið, stóran bókaforða.

Hin ráðgerða sala á Arnarholtstúni hefir undanfarið stefnt að því, að koma upp fyrir andvirðið embættisbústað fyrir ráðherrann, sem honum er ætlaður í lögunum frá síðasta þingi um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands. Í samræmi við þetta er farið fram á það í stjórnarfrumvarpinu að verja 100,000 kr. til ráðherrabústaðar af hinum væntanlega byggingarsjóði. Í

ástæðunum fyrir frumvarpinu virðist sérstaklega vera lögð áherzla á það, að fá sem allra fyrst húsakynni, eða risnuherbergi, þar sem göfugum útlendum gestum yrði veitt viðtaka, og hefir samtal vort við ráðherrann um það efni staðfest það, að þetta rekur hvað mest eptir. Því munu allir vera samdóma, að þessa gerist þörf nú þegar. Það er ekki annað og meira en fjöldi landsmanna gerir að leggja á sig nokkurn kostnað í húsabyggingum til að taka á móti gestum. Íbúð handa sjálfum ráðherranum er eigi eins bráðnauðsynleg. Í bæ, sem eigi er minni en Reykjavík, ætti að mega búast við því, að hann gæti feingið hæfilegan privat-bústað, þegar honum er ætlaður annar staður til að taka á móti gestum, og í sambandi við hina fyrirhuguðu bókasafnsbyggingu og það, sem af henni leiðir, þá höfum vér hneigzt að því, að leggja það til, að í stað sérstaks ráðherrabústaðar, verði nú að þessu sinni hallast að því, að búa út risnuherbergi í Alþingishúsinu, til afnota fyrir ráðherrann og sjálft þingið.

Þegar Landsbókasafnið og Landsskjalasafnið eru flutt burt úr þinghúsinu, losnar þar afarmikið húsrými, bæði niðri á gólfinu og uppi á loptinu. Af þessu rými, sem losnar, þarf Alþingi sjálft að taka allmikið til eigin nota. Með sívaxandi störfum þingsins eru nefndarherbergin orðin allsendis ónóg, og þar sem þingmenn þráfaldlega mega heita bundnir við störf í húsinu allan daginn, gæti enda komið sér vel, að kostur væri á veitingum í sjálfu þinghúsinu. En þó þingið fái nú allan þann viðauka, sem það frekast þarfnast, er samt mjög mikið rými eptir, og er auðgefið að fá á gólfinu niðri tvo stóra sali til risnuherbergja, sem nánar verður kostur á að skýra frá við framsöguna. Það sýnist fara vel á því í alla staði, að tignum gestum landsins sé veitt móttaka í sjálfu þinghúsinu, og að svo miklu leyti sem koma þeirra ber upp á annan tíma en þingtímann, og enda hvort sem er, má hafa not af öðrum herbergjum í húsinu til að taka á móti gestum.

Það kom til athugunar, hvort nokkur vegur væri til þess, að gera þinghúsið að safnahúsi, en reisa Alþingi nýjan bústað með risnuherbergjum fyrir landið. Við það hefði feingizt enn veglegri bygging fyrir þing og göfuga gesti landsins, og verið enn hægra að koma því öllu vel fyrir, en slíkt ráð er með eingu móti takandi vegna þess, að þinghúsinu verður eigi breytt í safnahús án stórmikils kostnaðar, sem alls eigi svarar til þess, er við það vinst, auk þess, sem það væri að spilla fagurri smíði. En meira hefir það þó að segja, að bókasafnshús, sem ætlað er til frambúðar um langan aldur, þarf að reisast frá upphafi í þeirri mynd, að það fullnægi tilgangi sínum, og auðgefið sé að stækka húsið síðar meir, svo vel fari á.

Þessi breyting á þinghúsinu gerir þá og fært að færa þingtímann til vetrarins, ef svo skyldi ráðast. Það þarf að sjálfsögðu að setja hitastöð í húsið. Forstöðunefnd landsbókasafnsins hefir áður farið fram á hitun hússins til þess að verja handrit og bækur skemdum fyrir raka, og var þá gerð áætlun um kostnaðinn, sem vér höfum kynt oss, og nam sá kostnaður, að koma hitastöðinni fyrir, tæpum 16000 kr. Í annan stað var feingin áætlun um kostnaðinn við að koma fyrir raflýsingarfærum í húsinu, og mun hann hafa verið nálægt 6000 kr., en yrði stórum minni, ef raflýsing væri tekin upp alment í bænum.

Þetta tvent, að minsta kosti hitastöð, kemur þá fyrst til greina við kostnaðaráætlunina, ef breyta skal þinghúsinu, sem nú er sagt. Við útbúnað nefndaherbergja til hliðar við salina niðri þyrfti litlu til að kosta, en ríflegt fé þarf

að ætla til útbúnaðar salanna, eða risnuherbergjanna, þar með talinn húsbúnaður og borðbúnaður. Þá þyrfti og að hafa eldhús, sem ekki verður komið fyrir í húsinu sjálfu, en þyrfti að vera út frá bakdyrum, eða annarsstaðar í garðinum. Loks er nokkur kostnaður við útbúnað herbergja í þingsins þarfir uppi í austurenda hússins. Dyravörður mundi þurfa að vera í húsinu, og ef eigi er húsrúm fyrir hann niðri á gólfi, er ærið rúm til herbergja uppi á háa lopti hússins.

Allur kostnaðurinn við þessa breytingu, sem að miklu leyti er óumflýjanleg vegna sjálfs Alþingis, yrði væntanlega nálægt 50000 kr., og þó að hér sé eigi um nýja byggingu að ræða, heldur að eins breytingu á opinberri byggingu, sjáum vér ekkert því til fyrirstöðu, að fé sé tekið af hinum fyrirhugaða byggingarsjóði.

Hvað framkvæmd verksins snertir, þá gerum vér oss vonir um að því sé lokið, áður en næsta þing kemur saman.

Breytingartillögur vorar við frumvarpið verða þá sem hér segir:

1. Við 2. gr. Á eptir orðunum »að minsta kosti« bætist inn: »í skákinni fyrir norðan væntanlegt framhald Lindargötu, og 4 kr. í skákinni fyrir sunnan Hverfisgötu«.
2. — 5. gr. orðist svo:
   Veita má byggingarsjóði lán úr viðlagasjóði til að standast kostnað við byggingar, sem lagaheimild er fyrir að byggingarsjóður leggi fram fé til. Lánið skal ávaxtað með $2^1/_2$ af hundraði á ári, og endurborgist jafnóðum og sjóðnum greiðist andvirði fasteigna þeirra, sem um ræðir í 2. gr.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna í upphafi greinarinnar: »Stjórnarráðinu — úr steini«, komi: Stjórnarráðinu veitist heimild til
   1. Að láta reisa bókasafnsbyggingu úr steini eða steinsteypu.
4. — — 2. töluliður orðist svo:
   2. Að breyta húsrými því, er losnar við brottfærslu safnanna úr þinghúsinu, til afnota fyrir Alþingi og til útbúnaðar risnuherbergja, og má verja til þess alt að 50000 kr.

Alþingi 27. Júlí 1905.

Þórh. Bjarnarson, skrifari og framsögum. Einar Þórðarson. Guðmundur Björnsson.

Jón Magnússon.

Eg er því ósamþykkur að spilla útliti Þinghússins og Þinghússgarðsins með útbyggingu, og álít landinu sæmilegra að byggja sérstakt hús til móttöku göfugra gesta og bústaðar ráðherrans, sem eigi þarf að vera meira en helmingi dýrara en ráðgerð breyting Þinghússins.

Tryggvi Gunnarsson.

Nd. **206 Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903 og fjáraukalögum 25. Septbr. 1902 fyrir hin sömu ár, veitast kr. 116,915,16 til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—8, gr. hér á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 10. gr. fjárlaganna, veitast:

Við C. Ýmisleg útgjöld:

Við tölulið 1. Kostnaður við útgáfu Stjórnartíðinda og Landhagsskýrslna

1902	kr.	783.14
1903	—	3068.19

Við tölulið 2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf

1902	kr.	1191,93
1903	—	2333,77
	Kr,	7377,03.

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til útgjalda við læknaskipunina, veitast:

Við tölulið 8. Önnur útgjöld:

— —	- g. Til náms yfirsetukvenna 1902 og 1903	kr.	1007,69
— —	- h. — verkfæra handa yfirsetukonum 1903	—	323.28
— —	- i. Kostnaður við sóttvarnir 1902	—	3239.16
		Kr.	4570.13

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við A. Til útgalda við póststjórnina:

Við tölulið 2. Til póstflutnings:

1902	kr.	4620.02
1903	—	1868.02

Við tölulið 4. Önnur útgjöld:

Við d. fyrir prentun 1902	—	7739.22
Við h. óviss útgjöld:		
1902	—	867.50
1903	—	992.46

Við B. til vegabóta:

Við tölulið 1. b. Ferðakostnaður verkfræðingsins 1902 og 1903	—	329.00
Við tölulið 3. Til flutningabrauta	—	8720.63

Við E. Til vita.

Við c. 6. Til viðhalds á húsi og áhöldum vitans á Reykjanesi.

1902	kr.	246.61
1903	—	173,60
	Kr.	25557,06

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kennslumála, veitast:

Við B. Til kenslumála:

Við I. Til prestaskólans:

Við b. 4. Til bókakaupa 1902 . . . . . kr. 182.70

Við II. Til læknaskólans:

Við b. 8. Ýmisleg útgjöld 1902 og 1903 . . . . . — 272.78

Við III. Til lærða skólans:

Við c 11. b. Til áhalda við kenslu í eðlisfræði 1902 og 1903 — 106.88

Við IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:

Við b. 4. Ýmisleg útgjöld 1902 . . . . . kr. 1221.68

Við VI. Til annarar kenslu:

Við staflið k. Til kenslu heyrnar- og málleysingja 1902 — 522.13

Kr. 2306.17

6. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem talin er í 17. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda, veitast kr. 2942.65.

7. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er í fjáraukalögum 25. Sept. 1902 til sóttvarnarhúss á Seyðisfirði, veitast kr. 640.26.

8. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er í fjáraukalögum 23. Október 1903 til útrýmingar fjárkláða, veitast kr. 73521.86.

Ed. **207. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um kennaraskóla í Reykjavík.

Nefnd sú, er h. háttv. efri deild Alþingis fól að íhuga frumvarp til laga um kennaraskóla í Reykjavík, hefir athugað málið á nokkrum nefndarfundum, svo rækilega sem kostur var á, og leggur nú fyrir deildina álit sitt og tillögur um það.

Þess skal fyrst getið, að nefndinni hafa borizt þessi skjöl og skilríki í málinu:

1. Mjög ýtarlegt erindi til Alþingis frá stjórnarnefnd Flensborgarskólans dags. 13. Júlí þ. á., er *aðallega* fer fram á, að hinn fyrirhugaði kennaraskóli verði settur á stofn í Flensborg í sambandi við gagnfræðaskóla þann, er þar er, og er þar allur byggingarkostnaður við hinn sameinaða skóla talinn kr. 33000, þar í talið nýtt skólahús (24000 kr.), breyting á hinu núverandi skólahúsi í heimavistarhús (28—35 heimavistir) með lítilli kennaraíbúð (3000 kr.), bygging leikfimishúss (3500 kr.) og áhöld og munir (2500 kr.). Til vara óskar stjórnarnefndin, að Alþingi veiti 24000 kr. til að byggja nýtt einlypt hús fyrir hinn núverandi gagnfræðaskóla og kennaradeild, sérstakt leikfimishús og til viðgerðar á gamla skólahúsinu, sem og til áhalda. Að síðustu óskar stjórnarnefndin, ef hvorug þessi beiðni

öðlast áheyrn Alþingis, og samþyktar verða tillögur stjórnarfrumvarpsins, að þá verði veitt nægilegt fé til gagnfræðaskóla með 2 deildum í Flensborg, og telur nefndin eigi muni komist verða af með minna en 14500 kr. til nýrra húsabygginga, viðgerða o. fl. sökum hinnar sívaxandi aðsóknar að skólanum, en árleg útgjöld til hans úr landssjóði áætlar hún 5000 kr.

2. Tilboð frá Jóh. J. Reykdal um að byggja hús fyrir kennara- og gagnfræðaskóla 28 ál. langt, 19 ál. breitt, tvílypt, fyrir 24000 kr., leikfimishús 12×16 ál. fyrir 3500 kr, og að breyta gamla skólahúsinu í heimavistahús fyrir 3000 kr.
3. Annað tilboð frá sama manni um nýtt hús handa gagnfræðaskólanum í Flensborg altilbúið 8000 kr,
4. Þrjár teikningar af áðurnefndum skólahúsum.
5. Reikningur alþýðu- og gagnfræðaskólans í Flensborg árið 1904.
6. Eptirrit úr sveitarbók Garðahrepps: leyfi hreppsnefndarinnar handa kennaraskólanum í Flensborg til æfinga fyrir kennaraefni við barnaskóla Hafnarfjarðar.
7. Eptirrit úr afsals- og veðbréfabók Gullbringu- og Kjósarsýslu: gjafabréf síra Þórarins Böðvarssonar og frú Þórunnar Jónsdóttur til stofnunar alþýðuskóla dags. 10. Ág. 1877 og breyting sú, sem á því var gerð dags. 1. Júní 1882.
8. Útskript úr gerðabók bæjarstjórnar Reykjavíkur: yfirlýsing bæjarstjórnarinnar um, að hún geri sömu boð, sem gerð voru á síðasta þingi, sem sé ókeypis hæfilega stóra lóð handa stofnuninni og heimili 1 eða 2 bekki í barnaskólanum til æfinga, og greiða sama gjald fyrir kensluna, sem hún annars greiðir.
9. Skýrsla frá formanni kennarafélagsins til nefndarinnar um vilja og ályktanir aðalfundar h. íslenzka kennarafélags 8. þ. m.

Um nauðsyn kennaraskóla, sem undirstöðu undir barna- og alþýðufræðslu landsins, virðist þjóð og þing vera orðin nokkurn veginn samdóma eptir þingmálafundasamþyktum og umræðum fyrri þinga að dæma, enda bendir einnig hin vaxandi aðsókn að kennaradeild Flensborgarskólans í þá átt, að þeir, er leggja fyrir sig barnafræðslu, finni hjá sér allsterka hvöt og þörf til að öðlast sérstaka »fag«-mentun í kennarafræðslu. Alt öðru máli er að gegna um það, hvar skólinn eigi að vera og hve miklu skuli til hans kostað, því um það eru mjög skiptar skoðanir bæði utan þings og innan. Að skólinn verði að sem mestum og beztum notum, en jafnframt landssjóði og nemendum svo ódýr sem unt er, hlýtur að vera markið, sem að skal keppa, með öðrum orðum, að fá sem mest fyrir sem minst. Með þetta sjónarmið fyrir augum virðist oss eigi tvísýnt, hvorn staðinn skuli kjósa, Reykjavík eða Flensborg, handa hinum fyrirhugaða skóla.

Í Flensborg er og hefir verið um mörg undanfarin ár álitlegur vísir til kennaraskóla, vísir, sem er í vexti, eins og aðsóknin að kennaradeild skólans ber með sér, auk þess sem hlutverk gagnfræðaskólans þar er svo skylt og náteingt kennaraskólanum, að sá skóli virðist geta verið góður forskóli undir kennaraskólann og þannig gert hina 3. fyrirhuguðu ársdeild kennaraskólans óþarfa. Við Flensborgarskólann eru einnig kenslukraptar, sem um undanfarin ár hafa lagt stund á kennarafræðslu og því hljóta, að öðru jöfnu, að vera færari til þess starfa en þeir menn, sem eigi hafa tamið sér hann, enda bendir hin sívaxandi aðsókn að skólanum og hið ágæta samkomulag og samvinna milli kennara og

nemenda á það, að skóla þessum muni vel vera trúandi fyrir auknu verksviði; auk þess er staðurinn sjálfur heilnæmari en Reykjavík og mjög lítið um ýmsa sóttnæma sjúkdóma, svo sem tæringu, er svo margan ungan nemandann hefir veiklað eða í gröfina lagt á námsstofnunum þeim, sem í Reykjavík eru, að því ógleymdu, að Flensborgarskólinn er svo settur, að þar er miklu minni hætta á, að ungir og óráðsettir menn leiðist út í hvers konar óreglu en í solli og glaumi höfuðstaðarlífsins, en slíkur ávöxtur af skólanámi verður að teljast hinn sorglegasti, eigi sízt þegar um þá menn er að ræða, sem eiga að verða andlegir leiðtogar barnanna og leiða ungar sálir fram á leið til dáða, dygða og velsæmis í hvívetna. Að vísu hefir Reykjavík þann kost yfir Hafnarfjörð, að hún er aðalaðsetursstaður hins íslenzka mentunarlífs og þar er greiðari aðgangur að ýmsum mentunarskilyrðum en annarsstaðar á landinu, svo sem fræðandi fyrirlestrum, söfnum o. s. frv. En hins vegar ber þess vel að gæta, að fjarlægðin milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur er eigi meiri en svo, að nemendur mundu geta notið margs af því, þótt skólinn væri í Flensborg, með því að heimsækja höfuðstaðinn nokkrum sinnum á vetri, og að því er aðalbókasafn landsins snertir, þá er í lófa lagið, með lítilvægri breytingu á reglugerð þess, að opna þeim nálega jafngreiðan aðgang að því sem bæjarmönnum. Í sambandi við þetta má geta þess, að Flensborgarskólinn á bókasafn, sem auka mætti eptir þörfum, auk annars dálítils bókasafns, sem nemendur eiga.

Sé nú mál þetta hinsvegar skoðað frá fjárhagslegri hlið, þá verða kostirnir við veru skólans í Flensborg enn þá augljósari. Þar hefir nú um all-mörg ár verið gagnfræðaskóli með kennaradeild að mestu leyti kostaður af landssjóði; skóli þessi er nú í mjög miklum vexti og viðgangi og nýtur hins fylsta trausts hjá almenningi, eins og sjá má af því, að aðsóknin til hans er orðin svo mikil, að á síðastliðnu ári hefir orðið að neita 12 umsækjendum viðtöku, sökum rúmleysis, og útlit fyrir hið sama framvegis. Að svipta skóla þennan öllum landssjóðsstyrk framvegis, svo að stjórnarnefndin neyðist til að leggja hann niður, virðist naumast geta komið til mála, né heldur að rýra styrkinn til hans fram yfir þá upphæð, er telja mætti, að kennaradeildin kostaði, þótt kennaraskóli væri settur á stofn í Reykjavík. Munurinn yrði því sá, að ef tekið væri tilboði stjórnarnefndarinnar í Hafnarfirði og nýtt kensluhús og leikfimishús bygt fyrir báða skólana með um 30 heimavistir fyrir nemendur í hinu gamla skólahúsi, þá færi allur byggingar-, viðgerðar- og áhaldakostnaður eigi fram úr 33,000 kr., kaup 4 kennara og útgjöld til tímakenslu mundu eigi verða meira en 7—8 þús. kr., og í annan kostnað við rekstur skólans virðist nægilegt að ætla um 2000 kr., eða samtals í árlegan kostnað við rekstur skólans 9—10 þús. krónur. Með þessu fyrirkomulagi mætti því reka *bæði gagnfræða- og kennaraskólann, með um 30 heimavistum*, fyrir 9—10 þús. krónur, eða því sem nær sömu upphæð, sem *kennaraskólann einn, með í hæsta lagi 20 heimavistum*, samkvæmt frumvarpi stjórnarinnar, auk þess sem *byggingarkostnaður* við hinn sameinaða skóla er *7000 kr. minni* en við skóla stjórnarfrumvarpsins. Hér er munurinn svo gífurlega stórvægilegur og hagurinn svo auðsær við að hafa skólann í Flensborg, að ekkert nema knýjandi ástæður og hin *brýnasta nauðsyn* ætti að geta vegið þar upp á móti, en sú nauðsyn er að vorri hyggju ekki til.

Þannig horfir þá málið við frá landssjóðsins sjónarmiði, en að því er nemendurna snertir, þá mun einnig vistin í Reykjavík verða þeim talsvert dýrari en hún er og hefir verið í Flensborg, því þar hefir hún eigi kostað heimasveina

meira en um eða undir 60 aurum á dag. Enn fremur skal þess getið, að stjórn Flensborgarskólans hefir lofað »að gangast fyrir því, að borgarar í Hafnarfirði láti byggja sérstakt hús, er ætlað sé til þess að leigja nemendum skólans og þar sem um 20 nemendur gætu haft heimavistir og sameiginlegt mötuneyti, ef þeir vildu. Mundi veran í því verða nemendum lítið eitt dýrari en í heimavistum skólans. Og kæmist þetta í framkvæmd, sem vér ekki efum að verði, þá er það hér um bil sama sem við sjálfan skólann væru 50—60 heimavistir, en það hefir afarmikla þýðingu til að auka aðsókn að skólanum«.

Sú ástæða hefir áður komið fram á þingi gegn sameiningu skólanna, að Flensborgarskólinn sé, samkvæmt stofnunarskrá sinni, *privatskóli*, er Garðahreppur eigi að vissu leyti tilkall til fyrir barnaskóla. Um þessi atriði fer stjórnarnefnd Flensborgarskólans svo feldum orðum í áður nefndu erindi sínu: »Hið fyrra er algerlega rangt. Í gjafabréfinu 1. Júní 1882, er vér sendum eptirrit af, er það beinum orðum ákveðið, að skólinn skuli vera undir stjórn landsstjórnarinnar, en landsstjórnin getur, *ef henni svo sýnist*, látið nefnd manna stjórna fé skólans. Skólinn er því nú sem stendur opinber skóli. Með nýrri reglugerð má ákveða það, að skólanum í einu sem öllu skuli stjórnað af landsstjórninni og afnema hina núverandi stjórnarnefnd. Annað mál er það, að vér álítum það fult svo heppilegt fyrir skólann, að við hlið landsstjórnarinnar sé sérstök skólanefnd. Í þá nefnd munu tæpast verða skipaðir aðrir en þeir, sem vilja og áhuga hafa á því að styðja skólann, og mundu þeir því með landsstjórninni vinna að því, að efla hag hans. Hvað hitt atriðið snertir, að Garðahreppur hafi tilkall til Flensborgarskóla sem barnaskóla, þá getur það ekki á neinn hátt orðið væntanlegum kennaraskóla landsins í Flensborg að baga. Barnaskóli Garðahrepps er nú þegar algerlega aðskilinn frá Flensborgarskólanum, og bygt nýtt hús fyrir hann, og hann verður aldrei aptur sameinaður Flensborgarskólanum, og þar að auki er þetta ákvæði í gjafabréfinu þannig orðað, að ef farið yrði aptur fram á sameiningu, þá hefir skólastjórnin það í hendi sinni, að krefjast þess, að Garðahreppur borgaði að öllu leyti kostnaðinn við kenslu barnanna, einnig að því er hús snertir«. — Til skýringar þessum ummælum skal hér tilfært 3. atriði í gjafabréfi stofnenda dags. 1. Júní 1882: »Fé skólans og skólinn sjálfur skal vera undir stjórn landshöfðingjans yfir Íslandi; semur hann stofnunarskrá og reglugerð fyrir skólann, skipar kennara skólans og, ef honum svo sýnist, nefnd manna til að stjórna fé hans«.

Oss virðast þessi ummæli stjórnarnefndarinnar á góðum rökum bygð, en færi svo, mót von vorri, að háttv. þingdeild þættu ákvæði gjafabréfsins 1. Júní 1882 eigi nægilega tryggjandi fyrir landssjóð, þá er þinginu í sjálfsvald sett, nú þegar, að setja önnur tryggilegri ákvæði, t. d. mætti í lögunum ákveða, að öll þau mannvirki, sem gerð verða á landssjóðskostnað á Flensborgareigninni, væri eign landssjóðs eða féllu aptur til landssjóðs, ef, eða þegar, skólinn legðist niður.

Þá hefir þeirri mótbáru einnig verið hreift, að í Hafnarfirði sé eigi jafnmikil völ sem í Reykjavík á nægum kenslukröptum til tímakenslu í ýmsum sérstökum námsgreinum, svo sem söng, teikning og leikfimi, og mun það að vísu satt vera, en við ráðning eða skipun eins eða fleiri af kennurunum mætti taka sérstakt tillit til þessara annmarka, enda segist skólanefnd nú þegar hafa »augastað á« manni, sem hefir aflað sér nægrar sérþekkingar í þessum námsgreinum.

Sumum kann að virðast sem Hafnarfjörður standi vera að vígi en Reykjavík í tilliti til æfingabekkja handa kennaraefnum, einkum þar sem bæjarstjórn

Reykjavíkur hefir góðfúslega heimilað hinum fyrirhugaða kennaraskóla 1 eða 2 bekki í barnaskólanum til æfinga, og lofað að greiða sama gjald fyrir þá kenslu, sem hún annars greiðir, en til þess er það að segja, að hreppsnefnd Garðahrepps hefir veitt kennaraskólanum í Flensborg aðgang að æfingum við barnaskóla Garðahrepps, og þar að auki er nú ætlazt til, að sérstakur æfingabekkur verði í sjálfu kennaraskólahúsinu, og tjáir stjórnarnefnd skólans sig fúsa til að útvega yfirlýsing hreppsnefndar Garðahrepps um að kosta þann æfingabekk, ef þess verður óskað.

Vér höfum þegar bent á, hvílíkt hagræði það er, að verkefni gagnfræðaskólans fellur, að því er flestallar námsgreinar snertir, saman við verkefni kennkennaraskólans og hyggjum því, að komast megi af með 2 ársdeildir í skólanum; ætlumst vér til að burtfararpróf úr gagnfræðaskólanum í Flensborg og á Akureyri veiti inntökurétt á kennaraskólanum án sérstaks prófs, en að þeir umsækjendur, sem það hafa eigi, skuli taka inntökupróf, er að mestu leyti jafngildi burtfararprófi Flensborgarskólans, og nánar verður kveðið á um í reglugerð skólans.

Að því er snertir kennarafjöldann, þá leiðir það af fyrirkomulagi hins sameinaða skóla með samtals 4 ársdeildum, að þeim verður að fjölga um 1 frá því sem er í stjórnarfrumv., en hinsvegar leggjum vér til, að laun þeirra verði yfirleitt ákveðin nokkru lægri en stjórnarfrumv. gerir ráð fyrir.

Af þeim ástæðum, sem nú eru taldar, leyfum vér oss að ráða h. háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem hér fara á eptir:

1. Við 1. gr. 1. grein orðist svo: Kennaraskóla skal setja á stofn í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg, og má verja til húsabóta og áhalda alt að 33000 kr. úr landssjóði.
2. Við 2. gr. 2. grein orðist svo: Kennaraskólinn er jafnt fyrir konur sem karla; kenslan veitist ókeypis. Við hinn sameinaða skóla skulu vera alt að 35 heimavistir, og hafa nemendur kennaraskólans forgangsrétt að þeim.
3. Við 3. gr. 3. grein orðist svo: Burtfararpróf úr gagnfræðaskólanum í Flensborg og á Akureyri eða inntökupróf við kennaraskólann, sniðið sem næst eptir þeim kröfum, sem gerðar eru við burtfararpróf Flensborgarskólans, veitir rétt til inntöku í kennaraskólann, að svo miklu leyti sem rúm leyfir. Skólaár kennaraskólans er frá 1. Október til 14. Maí. Tvær ársdeildir eru í skólanum.
4. Við 4. gr. Í stað »skólans« komi: Kennaraskólans.
5. Við 4. gr. Í stað »íslenzka — Ísland snertir« komi: Íslenzka, danska, saga, landafræði og náttúrufræði, einkum að því er Ísland snertir.
6. Við 5. gr. 5. grein orðist svo: Við hinn sameinaða kennara- og gagnfræðaskóla skipar ráðherra fjóra fasta kennara. Er einn forstöðumaður og hefir í árslaun 2500 krónur auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu; annar kennari hefir 1800 kr. í árslaun, þriðji kennari 1600 kr og fjórði kennari 1200 kr.

   Sá af kennurunum, sem hefir ásamt forstöðumanni umsjón með heimavistar-nemendum, fái auk þess ókeypis bústað í heimavistarhúsi skólans.
7. Við 6. gr. 6. grein orðist svo: Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón hins sameinaða skóla og semur reglugerð fyrir hann.

8. Við 7. gr. 7. grein orðist svo: Kostnaður við rekstur hins sameinaða skóla greiðist úr landssjóði, þó, að því er gagnfræðaskólann snertir, einungis að svo miklu leyti, sem tekjur þessarar sérstöku stofnunar ekki hrökkva til.
9. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um kennaraskóla í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði.

Efri deild Alþingis þ. 27. d. Júlím. 1905.

Björn M. Ólsen, formaður. Jón Jakobsson, skrifari og framsögum. Sigurður Jensson.

Sigurður Stefánsson. Þórarinn Jónsson.

Nd. **208. Frumvarp**

til laga um innköllun seðla landssjóðs og útgáfu nýrra seðla.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að innkalla seðla þá, sem gefnir hafa verið út fyrir landssjóð samkvæmt lögum 18. September 1885 og lögum um breyting á þeim, dags. 12. Janúar 1900, og konungsúrskurði 20. Maí 1886, sbr. stjórnarráðsauglysing 25. s. m., og nú ganga manna á meðal, gegn nýjum seðlum, er út verða gefnir, með árs fyrirvara, þannig að gömlu seðlarnir upp frá því verði ógildir, svo að eingin krafa verði á þeim bygð. Auglýsing um innköllunina skal birta í Stjórnartíðindunum og í blaði því á Íslandi, sem flytur opinberar auglýsingar, svo og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn, og auk þess lesin upp á kirkjufundum í sveitum á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun 8. Okt. 1824, 1. gr.

2. gr.

Kostnað við innköllun seðlanna og tilbúning hinna nýju seðla, sem koma eiga í stað hinna, ber að greiða af tekjum landsbankans.

Ed. **209. Frumvarp**

til laga um gaddavírsgirðingar.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á fjárhagstímabilinu 1906 og 1907 annast landsstjórnin útvegun á samskonar girðingarefni, og lög um túngirðingar frá 19. December 1903 hljóða um, fyrir sýslufélög, sveitarfélög, búnaðarfélög og samvinnu-kaupfélög.

Á því fjárhagstímabili er jafnframt frestað framkvæmd laga um túngirðingar, að undantekinni 16. gr. laganna og því ákvæði 17. greinar, er hana varðar, og gilda ákvæði 16. greinar um allar gaddavírsgirðingar.

Þó ber stjórninni að afgreiða þær pantanir, samkvæmt túngirðingalögunum, sem komnar eru til hennar innan ársloka 1905.

2. gr.

Landsstjórnin birtir almenningi í tæka tíð verð á girðingarefni því, sem hún útvegar, og nánari fyrirmæli um það, hvers félögin verða að gæta, til þess að pöntunum þeirra verði sint.

3. gr.

Eigi má setja gaddavírsgirðingar á mörkum landa eða lóða, nema sá eða þeir leyfi, sem land eða lóð eiga á móti.

Ed

210. Nefndarálit

um frumvarp til laga um varnarþing í skuldamálum og ýms viðskiptaskilyrði.

Nefnd sú, er háttv. Efri deild fal að íhuga mál þetta, hefir nú lokið starfi sínu og leyfir sér að láta uppi álit sitt á þessa leið.

Nefndin var einhuga á því, að í aðalákvæði frv., því, að lögleitt verði sérstakt varnarþing í skuldamálum á þann hátt, er frv., fer fram á — fælist nauðsynleg og þýðingarmikil réttarbót. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hve erfitt kaupmenn og aðrir, er líkt stendur á fyrir, eiga með að ná rétti sínum á miður áreiðanlegum skuldunautum, sem búsettir eru eða heimilisfastir í fjarska við þá. Bæði reynist opt erfitt að fá hæfa menn í nágrenni við skuldunauta til þess að takast á hendur innheimtu skuldanna og fara í mál við þá, og þá er hitt eigi síður tilfinnanlegt, að ýmsir dómarar að minsta kosti virðast fylgja þeirri venju, að taka hvergi nærri nægilegt tillit til þess, hve mikið málsóknin í raun og veru kostar skuldainnheimtumann, þegar þeir ákveða málskostnað þann, sem skuldunautur á að dæmast til að greiða honum. Af þessu leiðir það, að það borgar sig hvergi nærri fyrir skuldareiganda að fara í mál við fjarlægan skuldunaut sinn til innheimtu skuldarinnar, nema skuldin nemi talsverðri upphæð, en þetta nota óáreiðanlegir skuldunautar sér til þess, að trássast við að borga skuldir sínar, og verður það til stórhnekkis almennu lánstrausti. Það virðist nú liggja í augum uppi, að það sé síður en svo ástæða til þess, að halda hlífiskildi yfir óáreiðanlegum skuldunautum, sem með flærð og fagurgala hafa aflað sér lánstrausts nokkurs hjá fjarlægum mönnum, eða sem flytja sig burtu án þess að borga skuldir sínar. Þar sem nú auk þessa liggur fyrir þinginu frv. til laga um fyrningu skulda og annara kröfuréttinda, sem væntanlega verður að lögum, er ákveða, að skuldir og kröfuréttindi fyrnist á tiltölulega stuttum tíma, virðist nefndinni bera brýna nauðsyn til þess að gera skuldheimtumönnum hægra fyrir að ná rétti sínum á fjarlægum skuldunautum á þann hátt, er 1. gr. frv. fer fram á, og leyfir sér því að leggja það til að háttv. deild samþykki greinina með lítilfjörlegri orðabreytingu og þeirri efnisbreytingu, að frumv. nái eigi til eldri skulda en þeirra, sem stofnaðar eru á árinu 1903, þar sem eigi þykir næg ástæða til þess, að láta það ná til skulda takmarkalaust aptur í tímann, sérstaklega þeirra, sem hafa skipt um eigendur og því kunna að vera lítlu verði keyptar.

Öðru máli er að gegna með ákvæðið í 2. gr. frv. Þess ber nefnilega vel að gæta að það er eigi nægilegt, að sá, sem eptir því fær sendan reikning sem honum þykir athugaverður að einhverju leyti, mótmæli honum til þess

að geyma rétt sinn óskertan, heldur verður hann, ef svo illa fer, að mótmæli in koma eigi fram, eða ef skuldareigandi er óráðvandur maður, að tryggja sér lagasönnun fyrir því, að hann hafi borið fram mótmæli sín og það í tæka tíð. Slíka kvöð virðist nefndinni mjög viðsjárvert að leggja á menn alment, og ræður því háttv. deild til þess að fella þessa gr. frv.

Um ákvæðin í 3. gr. frv. er það að segja, að meiri hluta nefndarinnar þykir viðsjárvert að leiða þau í lög, bæði vegna þess, að með þeim væri í verulegu atriði breytt sönnunarreglum frá því, sem nú er — en það þykir varhugavert að hreifa við því kerfi — og svo myndi það verða til þess, að eiðsdómar yrðu mun tíðari en nú, sem að eingu leyti getur virzt æskilegt. Loks myndu slík ákvæði gera óhlutvöndum mönnum auðveldara fyrir að hafa af samvizkusömum mönnum, er illa væri við að vinna eið fyrir smámuni, en til þess virðist ekki ástæða að stuðla.

Nefndin leggur því sömuleiðis til, að þessi gr. verði feld burtu.

Að því er 4. gr. frv. snertir, þá er öll nefndin samdóma um það, að fara skuli með mál eptir því sem gestaréttarmál og um ákvæðin um hinn venjulega birtingarstað stefnunnar og stefnufrestinn. Öll nefndin játar að vísu, að æskilegt væri, ef fundin yrðu ákvæði um það, að stefnu mætti birta fyrir skuldunaut, ef hann væri staddur í dómþinghá þeirri, sem málið má sækja í samkvæmt frv., til að mæta þar með kveldfresti — sem annarsvegar kæmu að haldi gagnvart heimilislausum mönnum og flækingum, en hins vegar yrði eigi misbeitt gagnvart mönnum, er á hraðri ferð væru, en ættu heimili annarsstaðar, er kunn væru eða að minsta kosti eingin erfiðleiki á að fá vitneskju um.

Meiri hluti nefndarinnar álítur nú eigi, að ákvæði greinarinnar fullnægi hinu síðarnefnda skilyrði, og ef ákvæðinu væri breytt í þá átt, að það ætti að eins við heimilislausa menn og flækinga, yrði sönnunarskyldan á því, að svo væri, að hvíla á öðrum hvorum málsaðila. Væri hún lögð á stefnanda, myndi ákvæðið reynast þýðingarlaust; væri hún hinsvegar lögð á stefnda, stæði hann í flestum tilfellum varnarlaus uppi gagnvart áleitnum skuldheimtumanni. Meiri hlutinn leggur því til, að þetta ákvæði verði felt úr greininni.

Þá skal þess enn getið, að öll nefndin álítur, að ef haldið væri ákvæðunum í 2. og 3. gr. frumv. og hinu síðast nefnda ákvæði í 4. gr., gæti það hæglega orðið öllu frumv. að falli, en aðalákvæði þess í 1. gr. álítur nefndin góða og þýðingarmikla réttarbót, eins og tekið er fram, og vill því skjóta því til meðhaldsmanna ákvæða þessara, hvort rétt sé að stofna aðalákvæðinu í hættu þeirra vegna.

Af framangreindum ástæðum leyfir nefndin sér að ráða háttv. þingdeild til þess að samþykkja frumv. með eptirfarandi breytingum:

1. Við 1. gr. 1. málsgrein. Í stað orðanna: »þar sem heimilisfang atvinnureksturs hérlends lánardrottins er« komi: við fasta verzlun eða aðra heimilisfasta atvinnustofnun hér á landi.
2. Við sömu málsgr. Í stað orðsins: »Skuldunauts« komi: skuldunaut.
3. Aptan við 2. málsgr. sömu greinar bætist orðin: enda sé skuldin eigi stofnuð fyrr en á árinu 1903.
4. 2. gr. falli burtu.
5. 3. gr. falli burtu.
6. Fyrri hluti 4. gr., sem verður 2. gr., orðist þannig: Mál þau, er um er rætt í þessum lögum, skulu rekin fyrir gestarétti, en birta skal stefnuna

á lögheimili skuldunauts með þriggja vikna frest o, s. frv. til enda greinarinnar.

7. Orðin: »og ýms viðskiptaskilyrði« í fyrirsögn frumv. falli burtu.

Efri deild Alþingis, 27. Júlí 1905.

Eiríkur Briem formaður. Jóh. Jóhannesson skrifari og framsögum. Jón Ólafsson.
Aug. Flygenring. Guðjón Guðlaugsson.

Ed. **211. Frumvarp**
til laga um löggilding verzlunarstaðar að Skildinganesi við Skerjafjörð.
Flutningsm.: Ág.Flygenring, Jón Ólafsson.

Að Skildinganesi við Skerjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **212. Breytingartillaga**
við frumv. til sveitarstjórnarlaga.
Frá Guðl. Guðmundssyni.

86. gr. orðist þannig:
Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1908.

Ed. **213. Frumvarp**
til laga um tollgeymslu og tollgreiðslufrest.
Flutningsmenn: Jón Ólafsson og Ág. Flygenring.

1. gr.

Rétt er að kaupmaður, sem flytur inn tollskyldan varning, fái frest á tollgreiðslu, ef hann leggur til hús eða herbergi, það er tollheimtumanni þykir fulltryggilega útbúið, og flytur þar inn tollskyldan varning sinn og biður tollheimtumann að innsigla dyr hússins eða herbergisins, svo og glugga, ef þess gerist þörf.

2. gr.

Það er á ábyrgð kaupmanns, að innsiglum sé eigi raskað né í húsið eða herbergið farið á neinn hátt án þess tollheimtumaður sé við eða umboðsmaður hans, eða hans leyfi komi til.

Nú er tollinnsiglun raskað eða í húsið farið eða herbergið án leyfis tollheimtumanns, og er það kaupmanni sjálfrátt eða vangeymslu hans um að kenna, þá fellur þegar í gjalddaga tollur af hinum geymdu vörum og greiði kaupmaður 25 % hærra tollgjald, en ella hefði verið.

En sé tollinnsiglun raskað eður í húsið eður herbergið farið án vitundar kaupmanns og vilja, svo sem með innbroti eða á annan þann hátt, er

kaupmanni verður ekki sök á gefin, enda tilkynni hann þetta tafarlaust tollheimtumanni, þá fellur þegar í gjalddaga tollur á þeim vörum öllum, er þar voru geymdar inni, en kaupmaður sé vítalaus að öðru leyti.

3. gr.

Nú vill kaupmaður fá tollheimtumann til að rjúfa innsigli, svo að út verði teknar tollskyldar vörur, og innsigla húsið eða herbergið á ný, og skal kaupmaður þá greiða tollheimtumanni borgun fyrir ómak hans og eins ferðakostnað, ef hann á sér stað. Þyki kaupmanni sá reikningur of hár, verður hann þó að greiða hann eingu að síður, en skjóta má honum til úrskurðar stjórnarráðs Íslands, og er það fullnaðar-úrskurður.

Nú vill kaupmaður taka út allar þær vörur, er hann á í tollgeymslu, og er þá rétt að tollheimtumaður leyfi honum að rjúfa sjálfur innsiglunina, ef kaupmaður greiðir fyrirfram allan tollinn af þeim vörum öllum, er þá eru í geymslu þar, og ber þá tollheimtumanni eingin borgun fyrir leyfið.

Nd. **214. Frumvarp**

til laga um stofnun peningalotteris á Íslandi.

Flutningsm. Pétur Jónsson.

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist með lögum þessum heimild til að gefa einkaleyfi til stofnunar íslenzks peningalotteris með skilyrðum þeim, er nú skal greina:

a. Tala hlutanna má vera alt að 5000 og auk þeirra 850 til vara (alt heilir hlutir). Drættir mega fara fram alt að því 6 sinnum á ári. Í hverjum flokki lotterisins eru 6 drættir.

Tveim árum eptir stofnun lotterisins er ráðherra Íslands heimilt að gefa samþykki til fjölgunar hlutunum og til þess að dregið verði 12 sinnum á ári (í tveimur flokkum). Hlutatalan má þó eigi vera meira en þrefalt stærri en sú, sem byrjað verður með.

b. Iðgjaldið fyrir hvern heilan hlut er 60 krónur fyrir hvern flokk. Auk heilla hluta verða einnig seldir hálfir hlutir, fjórðu partar og áttundu partar.

c. Vinningarnir skulu nema 75 % af upphæð þeirri, er greiðist fyrir alla hina áðurnefndu 5000 hluti, eða samtals í hverjum flokki 225,000 kr.

Stærð og tala vinninganna verður nákvæmlega ákveðin síðar með samþykki ráðherra Íslands. Enn fremur verða reglur settar um það, hvenær draga skal, hversu birta skal almenningi dráttarskýrslurnar, hvenær vinningarnir verði borgaðir og hvenær þá beri að hefja í síðasta lagi að viðlögðum missi þeirra.

Vinningar þeir, er eigi verða hirtir í tæka tíð, verða greiddir landssjóði.

d. Drættirnir fara opinberlega fram undir umsjón ráðherra Íslands og stjórn bæjarfógeta Reykjavíkur (Notarius publicus), sem hefir hið æðsta úrskurðarvald um réttmæti og gildi dráttanna, hvort sem er á meðan dráttur fer fram eða eptir að honum er lokið.

e. Einkaleyfið til að reka lotteríið má gefa um alt að því 40 ár; þó getur ráðherra Íslands tekið leyfið aptur með eins árs fyrirvara, þegar 10 ár eru liðin frá stofnun lotterísins, ef landsstjórnin finnur ástæðu til að banna framhald þess.

Ef leyfishafendur gæta ekki skyldu sinnar gagnvart þjóðríkinu með greiðslu gjalda þeirra, er á þeim hvíla samkvæmt einkaleyfinu, eða ef reglugerð sú, er samþykt verður fyrir lotteríið, skyldi verða brotin af þeirra hálfu, hafa þeir fyrirgert rétti sínum.

f. Leyfishafendurnir skulu greiða landssjóði að minsta kosti 8 % af andvirði hluta þeirra, er seljast fyrir hvern drátt. Gjald þetta greiðist í síðasta lagi mánuði eptir hvern drátt.

g. Til tryggingar fyrir því, að leyfishafendur ræki skyldur þær, er á þeim hvíla fyrir einkaleyfið, greiða þeir banka í Reykjavík áður en dregið er, sem tryggingarfé til geymslu, annaðhvort í peningum eða fullgildum verðbréfum, sömu upphæð, sem vinningarnir í næsta drætti nema.

Landsstjórnin hefir umsjón með tryggingu þessari og gætir þess að hún haldist við.

h. Ráðherra Íslands gefur nánari reglur um fyrirkomulag lotterísins og umsjón frá þjóðríkisins hálfu með því.

Kostnað allan hér að lútandi greiða leyfishafendur.

2. gr.

Ef leyfishafendur fá síðar leyfi til að selja hluti frá lotteríi því, sem hér er um að ræða, í Danmörku og í Færeyjum, þá verður það að vera eptir samkomulagi milli ráðherra Íslands og dönsku stjórnarinnar.

3. gr.

Meðan einkaleyfið er í gildi samkvæmt lögum þessum, má eigi setja á stofn neitt annað peningalotterí á Íslandi.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200—2000 króna sektum, vera bannað að verzla með eða selja útlenda lotteriseðla á Íslandi eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Brot gegn lögum þessum verður farið með sem opinber lögreglumál.

Ed. **215. Breytingartillögur**
við frumvarp til fátækralaga.

Frá nefndinni.

1. Við 8. gr. Fyrir: »Verði afgangur af fúlgunni« komi: Sparist fúlgan eða verði afgangur af henni.
2. — 41. — Fyrir: »framfærslusveit« komi: framfærslurétt.
3. — 58. — orðin í næst síðustu línu annarar málsgreinar: »um það« falli burtu.
4. — 63. — Á eptir orðunum: »fyrnefnda hefir veitt þurfalingum« komi: nema svo standi á, sem segir í 68. gr.
5. — 68. — Á eptir orðunum: »meir en 6 mánuði«, bætist inn í: frá því hún fékk tilkynningu um sveitarstyrkinn.

6. við 68 gr. Aptan við greinina bætist:

Nú verður eptir úrskurði yfirvalds óþarfur dráttur af hálfu framfærslusveitar á að viðurkenna sveitfesti þurfalings, og skal hún þá endurgreiða dvalarsveit hans allan þann styrk, er dvalarsveitin hefir veitt honum frá þeim tíma, sem framfærslusveit fekk tilkynning um þurfalinginn.

Ed. **216. Frumvarp**

til laga um beitutekju.

(Eptir aðra umr. í Ed.).

1. gr.

Sérhver sá, er heimild hefir til fiskveiða í landhelgi, má á land setja skelfisksbeituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða árós, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða beitugjald, 1 krónu fyrir hvern sólarhring í hvert skipt og hann tekur beitu. Fyrir skemri tíma greiðist sama gjald.

2. gr.

Eigi má beitu taka í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar í sjó út frá stórstraums fjörumáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart í hvert skipti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans samkv. 1. gr.

3. gr.

Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal gjalda fyrir það skaðabætur eptir óvilhallra manna mati.

4. gr.

Formaður greiðir beitugjald og skaðabætur til ábúanda; séu ábúendur fleiri en einn, þá má greiða einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af þeirri hálfu. Beitugjald skal greitt áður en formaður fer burt af beitufjöru, nema öðru vísi sé um samið.

Nd. **217. Frumvarp**

til laga um atvinnu við siglingar.

(Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr.

Réttur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi á innanlandssiglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 12 smálestir, en ekki yfir 30 smá-

lestir, að hlutaðeigandi sanni með prófvottorði þriggja valinkunnra skipstjóra, sem bæjarfógeti tilnefnir, að hann

a) kunni að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hafi þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
b) kunni að nota áttavita;
c) kunni að nota skipshraðamæli;
d) þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingar;
e) hafi stundað siglinga-atvinnu minst 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 smálestir.

Stjórnarráðið semur reglur um prófið, sem að eins fer fram í kaupstað, og fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

Réttur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi á innanlands-siglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 30 smálestir, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum.

3. gr.

Réttur til að vera skipstjóri í utanlands-siglingum, á íslenzku seglskipi, sem er minna en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum, og auk þess verið í förum sem skipstjóri innanlands í 18 mánuði.

4. gr.

Réttur til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum. Sé um gufuskip að ræða, er rétturinn enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini það, sem getur um í 14. gr.

5. gr.

Réttur til að vera stýrimaður í innanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er meira en 70 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem stýrimaður í innanlands-siglingum.

6. gr.

Réttur til að vera stýrimaður í utanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er minna en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum og hafi auk þess verið í förum sem stýrimaður innlands 12 mánuði.

7. gr.

Réttur til að vera stýrimaður í utanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini sem stýrimaður í utanlands-siglingum.

Ef um gufuskip er að ræða, er rétturinn enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið viðauka-skírteini það, er getur um í 14. gr.

Viðauka-skírteini það, sem ræðir um í grein þessari og 4. gr., er þó óþarft, ef maður hefir staðizt hið almenna danska stýrimannspróf eða annað próf, er jafngildir því eptir dönskum lögum.

8. gr.

Ekkert íslenzkt skip má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða milli Íslands og annara landa, nema því að eins, að á því sé til starfa að minsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra, og sé um gufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálestir, þá 2 stýrimenn.

Ekkert íslenzkt skip, sem meira er en 70 smálestir, má afgreiða eða láta fara í innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sé til starfa einn stýrimaður auk skipstjóra.

Þá má eigi heldur afgreiða nokkurt íslenzkt gufuskip, eða það fara á neinar siglingar frá neinum stað á Íslandi, nema því að eins, að skilyrðum þeim sé fullnægt, sem sett eru í reglugjörð þeirri um gæzlu á gufuvél skipsins, er því hefir verið feingin samkvæmt 15. gr., og sem til tekur um tölu og kunnáttu þeirra manna, er til gæzlu skulu settir við vélina.

9. gr.

Til að öðlast skírteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b) að hann hafi verið stýrimaður í 12 mánuði;
c) að hann hafi rétt innborinna manna eða sé heimilisfastur í Danaveldi;
d) að hann sé fullveðja;
e) að hann hafi ekki orðið sekur að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
f) að hann sanni, að sjón hans sé svo góð, sem nauðsynlegt er fyrir skipstjóra.

10. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 9. gr. liðunum c—f:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík eða hið almenna danska stýrimannspróf eða annað það próf, sem hefir sama gildi eptir dönskum lögum;
b) að hann hafi verið stýrimaður í 12 mánuði, og á þeim tíma farið tvisvar milli landa, eða hann hafi siglt sem skipstjóri tvisvar milli landa.

11. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík.
b) að hann hafi verið fullgildur háseti á þilskipi í 12 mánuði;
c) að hann hafi eigi verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
d) að hann sanni, að sjón hans sé svo góð, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

12. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem stýrimaður á utanlandssiglingum útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 11. gr. liðunum c og d.;

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimanna-

skólann í Reykjavík, eða hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er hefir sama gildi eptir dönskum lögum;

b) að hann hafi verið í förum sem fullgildur háseti í utanlands-siglingum í 12 mánuði, eða farið tvær ferðir landa á milli sem stýrimaður.

13. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru hér að framan, eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem talin eru í 9.—12. gr. Skírteini þessi skal rita eptir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur til búa, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, þar sem hlutaðeigandi er búsettur, eða sé hann hvergi búsettur í landinu, þá á þeim stað, þar sem hann eða umboðsmaður hans er staddur, þegar beiðnin kemur fram.

Fyrir skipstjóra-skírteini skal greiða 4 kr., er renna í landssjóð. Fyrir stýrimannsskírteini skal greiða 2. kr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, að því er snertir útgáfu skírteinis, og skal hann þá senda kæru sína stjórnarráði Íslands, sem þá gjörir út um málið; en við það skerðist eigi réttur hans til þess að leita dómsákvæðis í þessu máli.

14. gr.

Sá, er öðlast hefir skírteini sem skipstjóri eða stýrimaður á utanlandssiglingum, og sem því næst færir sönnur á það annaðhvort með vottorði um, að hann hafi staðizt próf í gufuvélafræði í Danmörku, eða á annan hátt, að hann hafi þá þekkingu á gufuvélum, sem nauðsynleg er til þess að vera skipstjóri eða stýrimaður á gufuskipi, á kost á að fá viðauka-skírteini þessu til sönnunar hjá stjórnarráði Íslands.

15. gr.

Á hverju íslenzku gufuskipi, skal vera reglugjörð um gæzlu á gufuvélinni, er ráðherra Íslands gefur út; skal í henni gjöra ákvæði um það eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um hestafl vélarinnar, hverjum skilyrðum vélaliðið skuli fullnægja að því, er snertir tölu og kunnáttu gæzlumanna.

Nú verður sú breyting gjörð síðar á vél skipsins eða kötlum þess, að hestaaflið eykst að mun, og skal úrgjörðarmaður þess þá skyldur til að útvega nýja reglugjörð.

16. gr.

Nú verður maður að lagadómi sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgjört skírteini sínu sem skipstjóri.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, og hefir hann þá fyrirgjört skírteini sínu sem stýrimaður.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 200 krónum; sé brotið ítrekað, geta sektirnar stigið alt að 400 krónum. Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Skilyrði fyrir því að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi á innanlandssiglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa atvinnu þessa áður en lög þessi öðlast gildi.

19. gr.

Lög nr. 29., 26. Okt. 1893 um atvinnu við siglingar eru úr gildi numin.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Jan. 1906.

Nd. **218. Frumvarp**

til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. Marz 1900.

(Eptir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðsins er að efla ræktun landsins. Stofnféð má aldrei skerða, en því skal varið til lánveitinga til jarðabóta og hvers kyns atvinnubóta við jarðyrkju.

Enn fremur má lána úr sjóðnum gegn öðrum veðrétti til ábýliskaupa, hvort heldur eru jarðir, eða grasbýli og þurrabúðir utan verzlunarlóða í kaupstöðum og kauptúnum.

Af vöxtum sjóðsins má verja árlega alt að helmingi til að verðlauna atorku, hagsýni og eptirbreytnisverðrar nýjungar í landbúnaði, og í annan stað styrkja menn til lífsábyrgðarkaupa til viðbótartryggingar lánveitingunum til ábýliskaupanna. Að öðru leyti skal vöxtunum varið til að auka stofnfé sjóðsins.

2. gr.

Reikningar Ræktunarsjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum Alþingis.

3. gr.

Þriðja grein laga 2. Marz 1900 um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands skal úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Nd. **219. Breytingartillögur**

við frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 25. gr. Aptan við fyrsta málslið bætist:
nema hreppsnefndin eigi kost á öðrum tryggari geymslustað.

Við 79. gr. Fyrir orðin: »Hún ábyrgist« — til enda greinarinnar komi:
en oddviti hennar ábyrgist innstæðufé, skuldabréf og aðrar eignir sýslufélagsins.

Ed.

220. Frumvarp

til laga um sölu þjóðjarða.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á þjóðjörð sitja, ábýli sín, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Heimild þessi nær eigi til þeirra þjóðjarða, sem að áliti sýslunefndar þar, er jörð liggur, eru hentugar til embættisseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almennings nota.

Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á þjóðjörð eða sýslunefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skams, eða sýslunefnd hyggur jörðina sérstaklega fallna til sundurskiptingar á milli margra grasbýla, og má þá eigi selja jörðina án sérstakrar lagaheimildar í hvert skipti.

3. gr.

Þegar þjóðjörð er seld samkæmt lögum þessum, skal ávalt undanskilja náma, sem vera kunna í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rétt til að nota þá.

4. gr.

Nú er fleirbýli á þjóðjörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðunni búa, alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja.

5. gr.

Nú er þjóðjörð í eyði, og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur.

6. gr.

Sá, er leita vill kaups á þjóðjörð, semur um það beiðni, stýlaða til stjórnarráðsins, og sendir hana til oddvita sýslunefndarinnar.

Ef beiðandi fullnægir skilyrðunum fyrir því, að geta feingið jörðina keypta eptir lögum þessum, leggur sýslumaður beiðni hans fyrir sýslunefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi, hvort hún telji jörðina til þeirra þjóðjarða, sem getur um í 2. gr. Enn fremur skal sýslunefnd segja álit sitt um, hvort undan sölunni ætti að skilja skóglendi, fossa eða önnur jarðargögn, önnur en náma.

7. gr.

Nú telur sýslunefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr., og skal þá sýslumaður dómkveðja tvo óvilhalla menn til þess, að gera lýsing á jörðunni

ásamt öllu því, er henni fylgir og fylgja ber, og meta til peningaverðs. Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4% í vöxtu á ári veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um 10 síðastliðin ár, ef leigumáli að dómi matsmanna hefir verið hæfilegur og honum hefir á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskipti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt eptir leigumála jarða í því bygðarlagi.

Nú hefir sýslunefnd látið í ljósi það álit samkvæmt 7. gr., að undan sölu þjóðjarða ætti að skilja skóglendi, fossa eða annað, og skal þá meta jörðina bæði að gæðum þessum meðtöldum og án þeirra.

8. gr.

Nú hefir ábúandi á næstu 10 árum áður en mat fer fram og án nokkurs styrks úr umboðssjóði gert jarðabætur eða jarðarhúsabætur á þjóðjörð um fram það, er byggingarbréf áskildi, og skulu þá matsmenn þeir, er um getur í 8. gr., tilgreina sérstaklega í matsgerð sinni, hve mikið þær umbætur hafi hækkað matsverð jarðarinnar. Sú upphæð skal dregin frá söluverði jarðarinnar, þegar ábúandi sá, er þær gerði, ekkja hans eða niðjar eru kaupendur.

9. gr.

Jafnframt því er sýslumaður kveður matsmenn samkvæmt 8. gr., skal hann útvega frá umboðsmanni eða umráðamanni þjóðjarðarinnar skýrslur þær viðvíkjandi jörðunni, sem matsmenn þurfa samkvæmt ákvæðum 8. og 9. gr. við mat sitt og lýsing á jörðunni. Umboðsmanni eða umráðamanni er skylt að láta þessar skýrslur í té innan hæfilegs tíma, er sýslumaður tiltekur.

10. gr.

Lýsingar- og matsgerð sína á jörðu senda matsmenn ásamt öllum tilheyrandi skjölum til sýslumanns, er síðan skal láta matsmennina staðfesta gerðina fyrir rétti að tilkvöddum kaupsbeiðanda og umboðsmanni eða umráðamanni jarðarinnar. Beiðnina um kaupin, lýsingar og matsgerðina ásamt öllum öðrum skjölum málsins sendir sýslumaður að því búnu hlutaðeigandi umboðsmanni, en hann afgreiðir málið til stjórnarráðsins, ásamt áliti sínu um það, svo fljótt sem því verður við komið.

11. gr.

Nú vill eigandi jarðar, sem þjóðjörð á ítak í, leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við ábúanda þjóðjarðarinnar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsá sama hátt og um þjóðjarðir samkvæmt 7.—11. gr.

12. gr.

Þegar málið er komið til stjórnarráðsins, getur það, ef því þykir sérstaklegar ástæður til bera, kvatt sér til ráðaneytis kunnuga menn, er lýsi jörðum þeim og ítökum, sem til kaups er falað, meti til verðs og segi álit sitt um, hvort rétt sé að selja.

13. gr.

Nú kaupir ábúandi jörð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá greiða að minsta kosti tíunda hluta kaupverðsins um leið og kaupin eru gerð,

Um eptirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabréf fyrir þeim með fyrsta veðrétti í jörðunni, og greiðir þær síðan ásamt 4% í ársvöxtu, með jöfnum ársgreiðslum á eigi leingri tíma en 28 árum.

Nú geingur jörð, sem seld hefir verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, áður en kaupverðið er að fullu greitt, og falla þá eptirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga.

14. gr.

Nú er þjóðjörð eða ítak selt eptir lögum þessum, og ákveður ráðherrann þá endanlegt söluverð, sem þó aldrei má minna vera en verð það, sem metið hefir verið samkvæmt 8.—13. gr., og gefur út afsalsbréf fyrir hinu selda. Öll skjöl, er snerta söluna, skulu lögð fyrir næsta Alþingi til athugunar.

15. gr.

Kostnað við matsgerð þá, sem ræðir um í 8. gr., greiðir sá, er kaups beiðist á þjóðjörð eða ítaki, og getur sýslumaður krafizt, að hann setji trygging fyrir skilvísri greiðslu kostnaðarins, um leið og hann afhendir sýslumanni beiðni sína samkvæmt 7. gr.

Borgun til þeirra manna, sem ráðherra kann að kveðja sér til ráðaneytis samkvæmt 13. gr., greiðist úr umboðssjóði, hvort sem úr sölu verður eða eigi.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Nd. **221. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um bændaskóla.

Flutningsmenn: Björn Bjarnarson, Magnús Andrésson, Árni Jónsson, Jón Jónsson, G. Björnsson, Jón Magnússon.

Við 1. gr. Í stað orðanna: »rekin á kostnað hins opinbera« komi: er má reka á kosnað landssjóðs, ef öðru verður ekki við komið.

Ed. **222. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skýrslur um alidýra sjúkdóma.

Frá Sigurði Stefánssyni og Þórarni Jónssyni.

Við 4. gr. Fyrsta málsgrein greinarinnar falli burtu.

Nd. **223. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bændaskóla.

Flutningsmenn: Ólafur Briem, Guðl. Guðmundsson, Skúli Thoroddsen, Björn Bjarnarson, Jóhannes Ólafsson, Björn Kristjánsson.

1. Við 1. gr. Fyrir »á Norðurlandi, en hinn á Suðnrlandi« komi: á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri í Borgarfirði.

2. Við 1. gr. Fyrir »rekin á kostnað hins opinbera« komi: er sé rekin eptir samningi við ábúendur jarðanna,
3. — 2. — Orðin »og stjórnar skólabúinu og heldur reikninga þess« falli burt.

Nd. **224. Breytingartillögur**
við frumvarp til sveitarstjórnarlaga.
Flutningsmaður Ólafur Briem.

1. Við 50. gr. Síðasta málsgrein falli burt.
2. — 53. — Aptan við greinina bætist ný málsgrein:

Nú synjar sýslunefnd um samþykki sitt til einhverrar þeirrar ráðstöfunar, sem getur um í þessari grein, og er þá hreppsnefnd rétt að bera málið undir atkvæði allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, og fallist þá $^3/_4$ gjaldenda á ráðstöfunina, skal hún gild án samþykkis sýslunefndar.

Nd. **225. Frumvarp**
til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.
Flutningsmenn: M. J. Kristjánsson og Guðl. Guðmundsson.

1. gr.

Útflutningsgjald skal greiða af sjávarafurðum samkvæmt 2. grein laga þessara, þegar þær eru fluttar frá Íslandi til annara landa, hvort heldur þær eru fluttar af landi á skip, eða fluttar úr veiðiskipum eða bátum í flutningaskip, sem liggur í landhelgi og ætlar að flytja þær til útlanda, og sömuleiðis skal gjald þetta eins greiðast, þó að veiðiskip flytji afla sinn sjálf til útlanda, ef þau koma með hann í höfn hér á landi og eru afgreidd þaðan.

2. gr.

Útflutningsgjald skal greiða eins og hér segir:

1.	Af hverjum 100 pd. af saltfiski eða hertum fiski	10 aura
2.	Af fiski, sem flyzt út hálfhertur, saltaður eða nýr, af hverjum 100 fiskum	20 —
3.	Af hverjum 100 pd. af sundmaga	30 —
4.	— hverri tunnu af hrognum	15 —
5.	— hverjum 100 pd. af heilagfiski	5 —
6.	— —— 100 — — kola	3 —
7.	— laxi, hvort heldur söltuðum, reyktum, eða niðursoðnum, af hverjum 100 pd.	30 —
8.	Af öllum fiski niðursoðnum öðrum en laxi, af hverjum 100 pd.	10 —
9.	Af hverri síldartunnu (120 potta), í hverjum umbúðum sem hún flyzt	20 —
10.	Af hverri tunnu lýsis (öðru en hvallýsi)	30 —
11.	— —— —— hvallýsis	1 kr.
12.	— hverjum 100 pd. af hvalskíðum	1 —
13.	— —— 100 — — hvalkjötsmjöli	25 aura

14. Af hverjum 100 pd. af hvalguano ... ... 10 aura
15. — —— 100 — — hvalbeinamjöli ... ... 10 —

Af minni pörtum en helmingi af þeim vöruupphæðum, sem nefndar voru, skal ekkert gjald greitt, en af helmingi og þar fram yfir skal goldið eins og af fullri upphæð.

3. gr.

Gjaldið skal borgað áður en skip það, sem í hlut á, er afgreitt frá þeirri höfn, sem það leggur af stað frá, hvort heldur til annara veiðistaða hér eða fer burt frá landinu, til sýslumanns eða bæjarfógeta í því lögsagnarumdæmi, er skipið leggur frá, annaðhvort í peningum eða ávísunum á verzlunarhús í útlöndum, er gjaldheimtumaður tekur gilt. Sérhver sá, sem sendir með skipi fyrnefndar vörur, er skyldur til að fá téðum embættismanni í hendur staðfest endurrit af farmskrám þeim eða öðrum hleðsluskjölum, sem skipinu fylgja. Þar að auki er skipstjórnarmaður á hverju skipi, sem flytur út áðurnefndar vörur, skyldur að láta til skriflega upp á æru og samvizku skýringar þær um farm skipsins, sem með þarf til þess að reikna út gjaldið. Gjaldið skal talið eptir skýrslum þessum.

4. gr.

Hafi lögreglustjóri grun um, að skýrsla til útflutningsgjalds sé röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það verður afgreitt, eða með því að halda próf yfir skipshöfninni eða öðrum, sem geta sagt til um þetta, leitast við að útvega þær skýringar, sem með þarf. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri borga, ef það sannast, að skýrsla hans var röng, en ella hið opinbera.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri hegning liggi við eptir gildandi lögum; þar að auki skal sá útflutningsmaður eða sá skipstjórnarmaður, sem verður uppvís að því að hafa sagt rangt til, greiða þrefalt útflutningsgjald af öllum þeim gjaldskyldum vörum, sem þeir áttu að segja til um. Sektirnar renna í landssjóð.

6. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið samkvæmt þeim reglum, sem gilda um opinber lögreglumál.

8. gr.

Fyrir innheimtu útflutningsgjaldsins skal gera árlegan reikning eptir reglum þeim, er stjórnarráðið setur. Af útflutningsgjaldinu samtöldu fær hlutaðeigandi gjaldheimtumaður 2 af hundraði.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. Lög um útflutningsgjald á fiski, lýsi o. fl., 4. Nóv. 1881.
2. Lög um viðauka og breyting á lögum 4. Nóv. 1881, um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl., 13. April 1894.

3. Lög um breyting á lögum Nr. 10, 13. April 1894 um útflutningsgjald 6. Marts 1896.
4. Lög um útflutningsgjald af hvalafurðum 11. Nóv. 1899.
5. Lög um breyting á lögum, 11. Nóv. 1899, um útflutningsgjald af hvalafurðum 13. Nóv. 1903.

Ed.

226. Frumvarp

til laga um breyting á opnu bréfi 6. Janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á Akureyri.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ákvæði það í opnu bréfi 6. Janúar 1857 5. B., um að stofna byggingarnefnd á Akureyri, að ávalt skuli vera 10 álna svæði autt milli nágrannahúsa, skal úr lögum numið. Á steinhúsum meiga þó eigi vera gluggar, dyr, né önnur op á veggjum þeim, er vita að annars manns lóð, nema því að eins, að veggurinn sé að minsta kosti 5 ál. frá lóðarmörkum, og að því, er kemur til timburhúsa, þá skal hvert einstakt hús vera greint frá næsta húsi með eldvarnargafli, ef bilið milli þeirra er minna en 10 ál., enda þykir byggingarnefndinni eigi viðsjárvert af sérstökum ástæðum, að húsin standi svo nálægt hvort öðru.

Eldvarnargafl er hér talinn veggur úr (tígul-)steini, einhlaðinn að minsta kosti og oplaus, er taki 6 þumlunga að minsta kosti upp yfir þakið á hærra húsinu, og sé eigi minna en 7—8 þumlunga þykkur.

2. gr.

Eptirleiðis má eigi byggja íbúðarhús né bæjarhús úr torfi í landi kaupstaðarins. Undanþágu frá ákvæði þessu getur bæjarstjórn veitt með $^2/_3$ atkvæða, ef tillaga um það kemur fram frá byggingarnefnd.

3. gr.

Heimilt skal byggingjarnefndinni, ef $^2/_3$ hlutar allra nefndarmanna samþykkja það, að banna þvílikan ytri frágang á húsum og girðingum, er að hennar áliti lýtir eða óprýðir útlit bæjarins, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það, sem ábótavant þykir. Slíkum ákvæðum nefndarinnar getur sá, er hlut á að máli, skotið til stjórnarráðsins, og leggur það fullnaðarúrskurð á málið.

4. gr.

Nú reisir einhver nýtt hús eða gerir verulegar breytingar á eldra húsi, og er hann þá skyldur til, þegar byggingarnefnd krefst þess, og áður en byrjað er á hússmíðinni eða breytingunni, að láta nefndinni í té uppdrátt af húsinu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag þess.

5. gr.

Nú þykir bæjarstjórn æskilegt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með byggingar-

samþykt, er bæjarstjórn semur eptir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir.

Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er af ákvæðum byggingarsamþyktarinnar leiðir.

Nd. **227. Frumvarp**

til laga um skyldu eiganda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignrétt og önnur réttindi yfir Glerá og landi meðfram henni.

(Eptir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sérhver sá, er hefir eignarétt eða önnur réttindi yfir Glerá eða landinu meðfram henni, skal vera skyldugur til þess, að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gegn fullu endurgjaldi svo mikið af réttindum þessum eða eign, sem nauðsynlegt er til þess, að framkvæma megi veiting árinnar inn að eða inn í kaupstaðinn, samkvæmt því, er ákveðið verður af bæjarstjórninni.

2. gr.

Nú geta málsaðilar eigi orðið á eitt sáttir um það, hverar eignir eða réttindi taka þurfi eignarnámi eða og um upphæð endurgjaldsins, og skulu þá dómkvaddir 2 kunnugir og óvilhallir menn til þess ásamt lögreglustjóra og 2 mönnum, er málsaðilar nefna til hver sinn, að skera úr um eignarnámið og um upphæð endurgjaldsins.

Ed **228. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um beitutekju.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Orðið: »beitugjald« falli burtu.
2. — 4. gr. Fyrir »beitugjald« komi: gjald það, er nefnt er í 1. gr.
3. — 4. gr. Fyrir »þeirra« komi: hinna.

Nd. **229. Nefndarálit**

um frv. til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Háttv. Nd. hefir falið sveitarstjórnarlaganefndinni að íhuga frumvarp þetta.

Nefndin hefir athugað málið, og viðurkennir að hagur hinna stærri kauptúna hér á landi krefjist þess, að þeir fái miklu meira sjálfstæði í sveitamálum, en nú á sér stað, og að ákvæði 4. gr. sveitarstjórnarlagafrv. þess, er stjórnin nú hefir lagt fyrir Alþingi sé því á góðum og gildum rökum bygð. Á hinn bóginn virðist nefndinni umgetið ákvæði í sambandi við tvö önnur stjórnarfrv. (um byggingarsamþykktir og lögreglusamþyktir), sem nefndin hefir haft til meðferðar, bæta mikið úr áminstri þörf verzlunarstaða. En

þessi frumvörp fara þó að nefndarinnar áliti ekki nógu langt. Þannig virðist nefndinni ekki síður ástæða til þess að veita kauptúnum sjálfstæðan rétt til að gera heilbrigðissamþyktir heldur en byggingarsamþyktir og lögreglusamþyktir. Því hefir nefndin leyft sér að koma fram með frv. um breyting á heilbrigðissamþyktarlögunum.

Loks virðist nefndinni, að svo ólíkt sé á komið um vegagerðir í verzlunarstöðum móts við vegagerðir í sveitum, að ekki geti gilt hin sömu ákvæði um vegi í kauptúnum og t. a. m. í hreppunum annars. Því telur nefndin rétt, að láta hin stærri kauptún ráða sjálf vegagerðum hjá sér, og þá einnig hafa umráð yfir vegafé þaðan. Leyfir nefndin sér að koma fram með frumvarp í þessa átt um breyting á vegalögunum.

Fái framangreind tvö frumvörp nefndarinnar, ásamt umgetnum þrem frumvörpum stjórnarinnar, fylgi þingsins, telur nefndin, að fullnægt sé öllum sanngjörnum kröfum hinna stærri kauptúna til sjálfstjórnar í sveitamálum, og nefndin hefir ekki getað sannfærzt um, að svo sérstaklega standi á í Hafnarfjarðarverzlunarstað, að hann eigi fremur að fá regluleg kaupstaðarréttindi en ýms önnur kauptún landsins, þótt hann sé nokkru mannfleiri en flest önnur.

Af framangreindum ástæðum getur nefndin ekki ráðið hinni hv. deild til að samþykkja frumvarpið um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Neðri deild Alþingis, 29. Júlí 1905.

Árni Jónsson, formaður.	Jón Magnússon, skrifari	Eggert Pálsson.	Jóhannes Ólafsson. framsm.

Með þeirri athugasemd, að ég teldi heppilegast að gefin yrði út almenn lög um rétt hinna stærri kauptúna til sjálfstjórnar í eiginmálum get ég aðhylzt tillögur nefndarinnar.

Guðl. Guðmundsson.

Nd. **230. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um bændaskóla.

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Í staðinn fyrir: »og stjórnar skólabúinu . . . . . sig og fjölskyldu sína«, komi:
Hann hefir að launum 1500 kr. á ári auk leigulauss bústaðar fyrir sig og fjölskyldu sína, og enn fremur 300 kr. á ári, ef hann stjórnar skólabúinu og heldur reikninga þess.
2. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
Kostnaðurinn við að gera skólann úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr landssjóði. Svo greiðir hann og laun kennaranna og árleg útgjöld skólanna.

Nd. **231. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 13. Apríl 1894 um vegi og á lögum um breyting á þessum lögum 23. Október 1903.

Frá nefndinni í sveitarstjórnarmálinu.

1. gr.

Verzlunarstaðir, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu lausir við að greiða gjald til sýsluvega samkvæmt 11. gr. laga 13. Apríl 1894 um vegi, að því tilskildu, að árlega sé varið til vegagerða í verzlunarstaðnum jafnmiklu fé úr sveitarsjóði, — auk hreppsvegagjaldsins, — sem nemur sýsluvegagjaldinu samkvæmt nefndri lagagrein og lögum 23. Október 1903 um breyting á nefndum lögum.

2. gr.

Hreppsvegagjald í verzlunarstöðum með sérstakri sveitarstjórn er 2 kr. 50 aurar fyrir hvern verkfæran karlmann í verzlunarstaðnum 20—60 ára.

3. gr.

Hreppsnefnd í verzlunarstað, sem er hreppur útaf fyrir sig, ræður, hvar vegir skuli liggja um verzlunarstaðinn, og hvernig þeir skuli vera að breidd og ásigkomulagi.

Nd. **232. Breytingartillaga**

við breytingartillögur (nr. 224) við frumv. til sveitarstjórnarlaga.

Flutningsmaður: Árni Jónsson.

Á eptir orðunum: »er þá hreppsnefnd rétt að bera málið« bætist inn í: á almennum sveitarfundi.

Nd. **233. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög 23. Október 1903.

Frá nefndinni í sveitarstjórnarmálinu.

1. gr.

Fyrsta grein laga 23. Október 1903 nr. 30 skal hljóða þannig:

Fyrir kaupstaði, verzlunarstaði, sem eru hreppar út af fyrir sig, og önnur hreppsfélög má gera heibrigðissamþyktir.

Fyrir kaupstaðina semur bæjarstjórn, og fyrir verzlunarstaði, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, hreppsnefnd með ráði héraðslæknis frumvarp til samþyktar, og sendir það stjórnarráðinu, er ber það undir landlækni og staðfestir það síðan eða synjar því staðfestingar.

Að því er önnur sveitarfélög snertir gerir hreppsnefnd tillögu um samþyktina, hvort sem hún á að gilda fyrir allan hreppinn eða nokkurn hluta hans, og beinir henni til sýslunefndar; semur sýslunefnd síðan frumvarp til samþyktar með ráði héraðslæknis. Frumvarpið skal sent stjórnarráðinu, er ber það undir landlækni, og staðfestir það síðan eða synjar því staðfestingar.

Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur þá stjórnarráðið málið af nýju fyrir þá sveitarstjórn, er frumvarpið samdi, með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gera til þess, að frumvarpið geti öðlazt staðfesting.

2. gr.

Um leið og lög þessi eru staðfest, getur konungur gefið út texta laganna 23. Oktbr. 1903 um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög.

Nd. **234. Frumvarp**

til laga um gaddavírsgirðingar.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á fjárhagstímabilinu 1906 og 1907 annast landsstjórnin útvegun á samskonar girðingarefni, og lög um túngirðingar frá 19. December 1903 hljóða um, fyrir sýslufélög, sveitarfélög, búnaðarfélög og samvinnu-kaupfélög.

Á því fjárhagstímabili er jafnframt frestað framkvæmd laga um túngirðingar, að undantekinni 16. gr. laganna og því ákvæði 17. greinar, er hana varðar, og gilda ákvæði 16. greinar um allar gaddavírsgirðingar.

Þó ber stjórninni að afgreiða þær pantanir, samkvæmt túngirðingalögunum, sem komnar eru til hennar innan ársloka 1905.

2. gr.

Landsstjórnin birtir almenningi í tæka tíð verð á girðingarefni því, sem hún útvegar, og nánari fyrirmæli um það, hvers félögin verða að gæta, til þess að pöntunum þeirra verði sint.

3. gr.

Eigi má setja gaddavírsgirðingar á mörkum landa eða lóða, nema sá eða þeir leyfi, sem land eða lóð eiga á móti.

Nd. **235. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaða.

Frá nefndinni.

1. Við 4. gr. Orðin: »og nær verzlunarsvæðið milli svo nefnds Grjótodda« — til endu greinarinnar — falli burt.
2. — 6. — Orðin: »með þessum ummerkjum« til enda greinarinnar — falli burt. —

Ed. **236. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út nýjan flokk (seríu) bankavaxtabréfa.

(Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Veðdeild landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf alt að 2 miljónum króna til viðbótar bankavaxtabréfaupphæð þeirri, sem hún nú

má gefa út samkvæmt lögum 12. Janúar 1900 um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík og viðaukalögum við þau 25. September 1902.

2. gr.

Um bankavaxtabréf þau, sem gefin verða út samkvæmt þessum lögum og kölluð verða 2. flokkur (sería) vaxtabréfanna, gilda allar hinar sömu reglur og settar eru með áminstum lögum 12. Jan 1900, sbr. tilvitnuð lög 25. Sept. 1902, að svo miklu leyti eigi eru settar aðrar reglur með eptirfarandi greinum þessara laga.

3. gr.

Landsbankinn leggur til tryggingarfé fyrir 2. flokki bankavaxtabréfanna, og skal það aldrei nema minni upphæð en $^1/_6$ af verðhæð útgefinna bankavaxtabréfa þeirra, er óinnleyst eru á hverjum tíma. Tryggingarféð skal vera í ríkisskuldabréfum og skal upphæð tryggingarfjárins miðast við gangverð nefndra verðbréfa. — Landsstjórnin varðveitir tryggingarféð, en vextir af því renna í landsbankann.

4. gr.

Ráðherra Íslands og stjórn landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

5. gr.

Þegar veðdeildin tekur jarðir að veði, má virða jarðarhúsin með eigninni, og gerist þess eigi þörf, að þau séu vátrygð ef verð þeirra nemur ekki $^1/_4$ virðingarverðs jarðarinnar. Öll önnur hús skal virða sérstaklega og vátryggja ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni, sbr. 7. gr. í nefndum lögum 12. Janúar 1900.

6. gr.

Þegar bankastjórnin eptir kröfum lánþega og samkvæmt 9. gr. nefndra laga 12. Jan. 1900 á að annast um að koma bankavaxtabréfum í gjaldgeinga peninga endurgjaldslaust, er henni heimilt að selja þau svo sem þau ganga bezt eða taka þau eptir gangverði.

7. gr.

Þá er bankastjórn heimilt að telja veðdeildarlán eða eptirstöðvar þess komnar í gjalddaga án uppsagnar, ef skuldunautur vanrækir að halda húseignum viðunanlega vátrygðum, sem áskilið er að vátrygðar séu, sbr. 10. gr. og 7. gr. nefndra laga 12. Jan. 1900.

8. gr.

Samkvæmt 11. gr. nýnefndra laga skulu skuldunautar veðdeildarinnar greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs skal vera $^1/_2$ af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, og afborgunargjaldið má eigi vera minna en svo, að láninu sé lokið á 50 árum, sé veðið jarðeign, á 35 árum, sé veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sé veðið timburhús, og á 15 árum, sé veðið torfhús.

9. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrir-

vara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef einginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eptir almennum lögum.

10. gr.

Sérstakan reikning skal halda fyrir 2. flokk bankavaxtabréfanna, og skal þeim til tryggingar vera sérstakur varasjóður, er í hann renna tekjur veðdeildarinnar eptir þessum lögum. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars kostnaðar, er af þessu leiðir, má greiða alt að því 2500 kr.

11. gr.

Ákvæði þessara laga snerta að eingu leyti bankavaxtarbréf þau, sem gefin eru út samkvæmt framannefndum lögum 12. Jan. 1900 og 25. Sept. 1902.

12. gr.

Þegar farið er að gefa út hinn nýja flokk bankavaxtabréfa skal borgun sú, er gæzlustjórar landsbankans fá árlega, hækka upp í 1000 kr. til hvors þeirra.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Apríl. 1906.

Ed. **237. Frumvarp**

til laga um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

(Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hverjum þeim, sem leyst hefir af hendi fullkomið lögfræðispróf, er aðgang veitir að embættum þeim hér á landi, sem lögfræðingar skipa, sbr. 4. gr. laga nr. 3 frá 4. Marz 1904, og að öðru leyti fullnægir þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess að geta feingið embætti á Íslandi, getur ráðherra Íslands veitt alment leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn. Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal áður en leyfisbréfið er afhent honum, undirskrifa eiðstaf um, að hann skuli flytja mál þau, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmensku, og í hvivetna rækja störf sín ráðvendnislega og með samvizkusemi. Málaflutningsmaður fyrirgerir þessum rétti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svivirðilegt, eða missir fjárráð sín.

2. gr.

Nú óskar sakborningur í sakamáli, að einhver áveðinn málaflutningsmaður, er leyfi hefir feingið samkvæmt 1. gr., haldi uppi vörn fyrir sig fyrir yfirdómi, eða málsaðili, er gjafsókn hefir feingið, að ákveðnum málaflutningsmanni sé falið mál hans þar, og skal hann þá skipaður til þess, ef henn tjáir sig fúsan að gera það endurgjaldslaust af almannafé.

Að öðru leyti hafa þeir yfirdómsmálaflutningsmenn, sem nú eru og þeir, sem leyfi hafa feingið samkvæmt 1. gr., bæði einkarétt og skyldu til að flytja

mál þessi eptir því, sem þeir fá skipun til, eptir sömu reglum og fylgt hefir verið hingað til.

3. gr.

Málaflutningsmenn, er skipaðir eru til að flytja gjafsóknarmál, skulu eiga heimting á málaflutningskaupi eins fyrir það, þótt þeir vinni eigi málið, ef flutningur málsins hefir af þeirra hálfu verið óaðfinnanlega af hendi leystur.

4. gr.

Einkaréttur sá, sem hinum settu málaflutningsmönnum við landsyfirdóminn er veittur með konungsúrskurði 19. Marz 1858, skal afnuminn.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Nd. **238. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum 7. Apríl 1876 um þingsköp handa Alþingi ásamt lögum 22. maí 1890 um viðauka og breyting á þingsköpum Alþingis.

Vér undirritaðir, sem vorum kosnir, til að íhuga frumvarp þetta, skulum nú láta uppi álit vort um það.

Að efni til getum vér að mestu leyti fallizt á frumvarpið. En þótt greinar þess væru fléttaðar inn í lögin 7. Apríl 1876 á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í því, þá sýnist oss, að af þeirri samsteypu mundu eigi fram koma lög um þingsköp handa Alþingi, þau er væru svo greinileg og þannig löguð að orðfæri, sem æskilegt væri. Vér gátum eigi komizt hjá að gera tillögur um talsvert víðtækari breytingar og viðauka við þingsköpin en í frumvarpinu felast. Þótt þær tillögur snerti meira orðfæri og niðurskipun efnisins en efnið sjálft, þá mundi það verða of ruglingslegt að gera fyrst þær breytingartillögur við frumvarpið og síðan, ef þær yrðu samþyktar, að sjóða þær saman við þingskapalögin sjálf.

Fyrir því höfum vér tekið það ráð að semja frumvarp til laga um þingsköp handa Alþingi og leyfa oss að leggja það fyrir deildina sem tillögur vorar um þetta mál. Að efni til er það að mestu leyti samhljóða þingsköpum þeim, sem nú gilda, og stjórnarfrumvarpinu. Þar sem farið er fram á efnisbreyting eða viðauka, mun verða gerð grein fyrir því í framsögunni. Að eins skal hér tekið fram, að nefndin hefir lagt til, að við hlutbundnar kosningar verði tekin upp aðferð sú, er kend er við de Hondt, án þess að gefa í frumvarpinu, neinar reglur fyrir aðferð þeirri, eða hafa neina ákvörðun um stafmerking lista, þar eð það er orðið kunnugt af öðrum lögum og væntanlega lagast alt í hendi.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, leyfum vér oss að leggja það til að stjórnarfrumvarpið verði felt, en að samþykt verði frumvarp til laga um þingsköp handa Alþingi, er vér höfum samið og flytjum.

Neðri deild Alþingis 29. Júlí 1905.

Þórh. Bjarnarson, form.	Magnús Andrésson, skrifari og framsögum.	Björn Bjarnarson.

Nd.

239. Frumvarp

til laga um þingsköp handa Alþingi.

Frá þingskapanefndinni.

I.

Þingskipun.

Þingsetning. Prófun kjörbréfa og ályktun um þau.

1. gr.

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetning, skal ráðherrann tilnefna einn hinna konungkjörnu þingmanna til bráðabirgðarforseta, til þess að stjórna umræðum þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn og standa fyrir kosningu hans.

Til þess að prófa kjörbréf og kosning nýkosinna þingmanna, hvort fleiri eru eða færri, og það þótt eigi sé nema einn, ganga þingmenn eptir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinst. Fyrsta deild fær annari deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbréf þess eða þeirra þingmanna, sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbréf þau, er hún tekur við og kosning þeirra þingmanna, er þau eiga, kýs sér framsögumann og gerir tillögu til þingsins um hvort kosning skuli talin gild. Tillögurnar má bera upp munnlega án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi hverrar kosningar og eins um það, hvort fresta skuli að taka kosning gilda (29. gr. stjórnarskrárinnar).

Eiður. Kosning forseta sameinaðs þings og skrifara.

2. gr.

Því næst vinna nýir þingmenn, þeir er eigi hafa áður á þingi setið, eið að stjórnarskránni (30. gr. stjórnarskrárinnar). Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings og geingst hann fyrir kosningu varaforseta og 2 skrifara.

Rétt kjörinn forseti er sá, er hefir meira en helming atkvæða. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosning, skal kosið af nýju óbundnum kosningum. Fái þá eigi heldur neinn nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo þingmenn, er flest feingu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; en hafi við þá kosning fleiri feingið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti, hvor þeirra verði forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosning varaforseta. En við kosning skrifara ræður atkvæðafjöldi. Hlutbundinni kosningu má beita við kosning skrifara, ef 9 þingmenn krefjast þess (45. gr.).

Kjörbréfanefnd.

3. gr.

Þá skal kjósa nefnd, til þess að prófa kjörbréf, er síðar koma fram en svo, að þau verði prófuð eptir 1. gr., svo og til þess að rannsaka kosningar, er þingið hefir frestað að taka gildar, og kærur yfir kosningum, er þegar eru teknar gildar. Í þessa

nefnd kýs sameinað Alþingi 5 menn eptir reglum um nefndarkosningar (16. og 45. gr.).

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu, eða ef hún leggur til, að kosning skuli teljast ógild, skulu tillögur hennar ræddar eptir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa (21. gr.). Ella fer um tillögur hennar eptir því, sem ákveðið er um tillögur kjörbréfadeildanna í 1. gr.

Hve nær kosningakæra verði til greina tekin og þingið geti ónýtt kosning. Réttindi þingmanns áður en kosning hans er tekin gild.

4. gr.

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosning ógilda, þótt eigi hafi hún kærð verið, og einnig frestað að taka kosning gilda, til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosning þingmanns, er eigi er kominn, eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar, en gerir það því að eins, að kært sé yfir þeim.

Kæra yfir kosningu þingmanns skal því að eins tekin til greina, að hún sé frá kjósendum í kjördæmi þingmannsins og sé komin til þingsins áður en 4 vikur eru liðnar frá fyrstu þingsetningu eptir kosninguna.

Tekið getur þingið kosning gilda, þótt gallar séu á henni, ef þingmaðurinn er eigi sjálfur sök í þeim í sviksamlegum tilgangi, eða þeir hafa eigi valdið því, að annar hlyti kosning en ella mundi hlotið hafa.

Meðan kosning þingmanns er eigi ályktuð ógild, heldur hann óskertum þingmannsrétti, nema hann missi hann af öðrum ástæðum (sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar).

Kosning til efri deildar.

5. gr.

Eptir kosningar þær, sem talað er um í 2. og 3. gr., skal kjósa óbundnum kosningum 8 þjóðkjörna alþingismenn til efri deildar (16. gr. stjórnarskr.). Þeir eru rétt kjörnir til efri deildar, er flest fá atkvæði. Ef tveir þingmenn eða fleiri fá jafn mörg atkvæði, ræður hlutkesti.

Forseta-kosning og skrifara í deildunum.

6. gr.

Síðan setjast þingdeildirnar, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elzti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar, en forseti síðan fyrir kosningu varaforseta og 2 skrifara. Um þessar kosningar fer eptir ákvæðum 2. gr. um samskonar kosning í sameinuðu þingi.

Hve leingi kosningar eptir 2.—3. og 5.—6. gr. gildi o.fl.

7. gr.

Kosning forseta, varaforseta og skrifara, bæði í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allan þingtímann það ár. Svo er og um nefndarkosning þá, er talað er um í 3. gr. En kosning til efri deildar er fyrir alt kjörtímabilið (16. gr. stjórnarskrárinnar).

Sæti þjóðkjörins þingmanns í efri deild losnar.

8. gr.

Ef sæti þjóðkjörins þingmanns í efri deild losnar á kjörtímabilinu, skal fara eptir 16. gr. stjórnarskrárinnar.

Réttur og skylda bráðabirgðarforseta og aldursforseta.

9. gr.

Bæði bráðabirgðarforseti, er ráðherra tilnefnir eptir 1. gr., og þingmenn þeir, er fyrir aldurs sakir skipa forsetasæti í þingdeildunum, hafa á meðan allan sama rétt og skyldur sem forseti, og taka eigi þátt í kosningum né atkvæðagreiðslu.

Verksvið forseta.

10. gr.

Forsetar stjórna umræðum og sjá um, að alt fari fram með góðri reglu. Forseti hvorrar deildar tekur við öllum erindum til deildarinnar og annast um afgreiðslu þeirra mála, er frá deildinni eiga að fara. Hann skýrir á fundi frá hverju því, er sent er deildinni, eða útbýtt er í henni. Nú vill forseti, hvort heldur deildar eða sameinaðs þings, taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur, og víki þá á þingmannabekk, en varaforseti tekur forsetasæti á meðan. En eigi má forseti taka þátt í neinni atkvæðagreiðslu né kosningu, og verður hann aptur að hafa geingið til forsetasætis áður en það fer fram. Eigi má varaforseti heldur taka þátt í atkvæðagreiðslu né kosningum, þegar hann gegnir forsetastörfum í fjarveru forseta.

Forsetar beggja deildanna standa í sameiningu fyrir reikningum Alþingis, en þó getur forseti hvorrar deildar ávísað þingmönnum í henni fé því, er þeir eiga að fá í daglaun og endurgjald fyrir ferðakostnað. Þeir ráða ritara og aðra þá menn, sem þörf er á, til þingstarfa og ákveða laun þeirra. Sömuleiðis standa þeir fyrir útgáfu Alþingistíðindanna, ráða útsölumann þeirra og annast geymslu á þeim og um skjalasafn Alþingis og bókasafn, hafa umsjón með Alþingishúsinu, munum þess og þinghúsgarðinum jafnt milli þinga sem um sjálfan þingtímann, og sjá um, að alt sé í lagi í þinghúsinu, þegar þing kemur saman (við þingsetning).

Réttur og skylda varaforseta.

11. gr.

Í forföllum forseta geingur varaforseti að öllu leyti í hans stað.

Milliþingaforseti.

12. gr.

Nú er hvorki forseti né varaforseti deildar búsettur í Reykjavík eða þar í nánd, og skal þá í þinglok kjósa þingmann, sem á heima í Reykjavík eða í nánd við hana, til þess að annast störf forseta milli þinga. Kosning sú fer fram á sama hátt og áður er ákveðið um forsetakosning.

Verksvið skrifara. Gerðabók.

13. gr.

Skrifararnir halda gerðabók undir umsjón forsetans, og geta í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum og úrslita þeirra.

Í byrjun fundar skal gerðabók frá síðasta fundi lesin upp, samþykt og undirskrifuð af forseta og öðrum skrifaranum. Þingmenn skulu eiga kost á nægum tíma á undan fundarbyrjun að kynna sér bókun næsta fundar á undan.

Skrifararnir telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Við nafnakall greiða þeir fyrstir atkvæði og skrá síðan hin atkvæðin. Sömuleiðis sjá þeir með forseta um að ályktanir séu skrásettar, og ritar forsetinn og annar skrifarinn undir þær. Störfum skipta skrifarar milli sín eptir samkomulagi við forseta.

Embættismenn sameinaðs þings.

14. gr.

Ákvæði 11. gr. og 13. gr. eiga jafnt við um forseta, varaforseta og skrifara í sameinuðu þingi sem í deildunum.

II.
Nefndir.

Nefndaskipun.

15. gr.

Hvor þingdeild getur skipað bæði fastar nefndir, til þess að fjalla um einhverja ákveðna tegund mála, og lausar nefndir, til þess að íhuga frumvörp eða aðrar tillögur, er koma fyrir deildina frá stjórninni eða þingmönnum. Til nefnda þeirra má síðar vísa skyldum málum. Nefndin getur sjálf bætt við sig tveimur þingmönnum, er hún kýs, ef deildin samþykkir. Nefnd má á hverju stigi máls skipa, eða vísa því til nefndar, er fyrr var skipuð, og er þá umræðu frestað. Tala nefndarmanna skal standa á stöku (sbr. 22. gr. stjórnarskrárinnar).

Kosning nefnda.

16. gr.

Rjett kosinn í nefnd við óhlutbundna kosning, — þ. e. við aðra kosning en hlutfallskosning — er sá, er hlotið hefir þriðjung greiddra atkvæða, og telst auður seðill greitt atkvæði. Fáist nefnd eigi full skipuð við ítrekaða kosning á þann hátt, skal kjósa bundnum kosningum um þá, er flest höfðu atkvæði, þannig að vanti einn mann í nefndina, er kosið um 2; vanti 2, er kosið um 4 þá, er flest höfðu atkvæði, o. sv. frv. Ræður að öðru leyti hlutkesti (sbr. 45. gr.).

Formaður og skrifari nefndar, og framsögumaður. Nefndarálit.

17. gr.

Sá, er flest fær atkvæði í nefnd við óhlutbundna kosning, kveður nefndina saman í fyrsta sinn, og lætur kjósa formann og skrifara. Fái fleiri jafn mörg atkvæði í nefndina, ræður stafrófsröð. Við hlutfallskosning kveður sá nefndina saman í fyrsta sinn, er fyrst var kosinn.

Nefndin kýs sér framsögumann. Hún lætur uppi álit og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka málið að nýju til umræðu fyrr en að minsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

III.

Umræður.

Hve nær frumvörp megi taka til umræðu o. fl.

18. gr.

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði, og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru að minsta kosti 2 nætur frá því, er því var útbýtt. Þau lagafrumvörp, er borin eru upp af þingmanna hálfu og útbýtt er fjórum vikum eptir þingsetning, verða því að eins tekin til meðferðar í deildinni, að meiri hluti þingmanna í þeirri deild, sem frumvarpið er borið upp í, samþykki það. Þessa samþykkis skal leitað, þá er málið kemur til fyrstu umræðu, og má flutningsmaður einn áður taka til máls og skýra frá þýðingu frumvarpsins. Neiti deildin um samþykkið, er frumvarpið fallið.

Eigi þarf þó að leita þessa samþykkis, þegar um er að ræða frumvarp til laga um breyting á stjórnarskránni, eða um breyting á þingsköpum Alþingis.

Frumvörp skulu rædd þrisvar.

19. gr.

Eigi er lagafrumvarp samþykt til fullnaðar í deild fyrr en búið er að ræða það þrisvar sinnum (27. gr. stjórnarskr.).

1. umræða.

20. gr.

Við *fyrstu* umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið, er leitað atkvæða um, hvort það eigi að ganga til annarar umræðu.

2. umræða. Breytingartillögur.

21. gr.

Önnur umræða fer eigi fram fyrr en tveim nóttum eptir fyrstu umræðu, og skal þá ræða greinar frumvarpsins, hverja fyrir sig, og breytingartillögur við þær. Hver þingmaður í deildinni getur komið fram með breytingartillögu. Ræða má frumvarpið í köflum eptir nánari ákvæðum forseta. Þegar búið er að ræða hvern kafla, skulu atkvæði greidd um hverja grein í honum með breytingartillögum, er við eiga. Að síðustu skal greiða atkvæði um það, hvort frumvarpið þannig lagað eigi að ganga til þriðju umræðu.

3. umræða. Breytingartillögur.

22. gr.

Þriðja umræða má eigi fram fara fyrr en tveim nóttum eptir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar, er þær eiga við, svo og frumvarpið alt í heild. Þá er umræðum er lokið, skal leita atkvæða um breytingartillögurnar, og síðan um frumvarpið í heild sinni, eins og það þá er orðið.

Breytingartillögur má hver þingmaður í deildinni gera.

Frumvarp sendist hinni deildinni, og síðan ráðherra.

23. gr.

Þá er frumvarp hefir þannig verið samþykt við þrjár umræður í deild, sendir forseti hennar það forseta hinnar deildarinnar með tilmælum um, að hann leggi það fyrir þá deild

(28. gr. stjórnarskrárinnar), og sætir það síðan sömu meðferð þar, sem í deild þeirri, er það kom frá.

Ef frumvarpið er samþykt óbreytt í þessari deild, sendir forseti hennar ráðherra það.

Frumvarp endursent deild. Meðferð á því.

24. gr.

Ef deildin breytir aptur á móti frumvarpinu í smáu eða stóru, sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar (28. gr. stjórnarskr.). Hafi nefnd fjallað um það þar, sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það, og skal það prentað og því útbýtt. Þá er liðnar eru að minsta kosti tvær nætur frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt, eða, ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu (22. gr.), og má hver deildarmaður gera breytingartillögu við það.

Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt, eins og það kom frá hinni deildinni, sendir forseti ráðherra það. En sé því breytt, sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni (28. gr. stjórnarskrárinnar), og skal þar enn fara með það eptir ákvæðum 22. gr. Fallist deildin á frumvarpið óbreytt, sendir forseti ráðherra það. Nú breytir deildin því, og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til, að það verði lagt fyrir sameinað þing.

Frumvarp í sameinuðu þingi.

25. gr.

Frumvarpinu í þeirri mynd, sem það hafði síðast feingið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu, minst 2 nóttum síðar. Breytingartillögu má hver þingmaður gera. Við umræðurnar skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í 22. gr., og er þeim lýkur, skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Ræður þá afl um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykt í heild sinni, verða aptur á móti að minsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (28. gr. stjórnarskrárinnar).

Ef frumvarpið er samþykt, sendir forseti sameinaðs þings það ráðherra. Ella fellur það niður.

Fyrirsögn frumvarpa og fleira um

26. gr.

Lagafrumvarp, er felur í sér tillögu um breyting á *stjórnarskránni* eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt

breyting á stjórnarskránni.

frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breyting á stjórnarskránni, eða viðauka við hana, má að eins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Sé hún gerð við annað frumvarp, vísar forseti henni frá.

Feld frumvörp.

27. gr.

Lagafrumvarp, er önnur hvor deildin hefir felt, má eigi bera upp aptur á sama þingi.

Álit yfirskoðunarmanna.

28. gr.

Álit yfirskoðunarmanna (26. gr. stjórnarskrárinnar) skal fyrst lagt fyrir neðri deild, og kýs hún þriggja manna nefnd, til þess að íhuga það.

Tillögur nefndar þeirrar skal ræða tvisvar sinnum eptir reglunum um aðra og þriðju umræðu um lagafrumvörp. Sama er, ef efri deild skipar nefnd, til þess að íhuga álit yfirskoðunarmanna. Ella ræður hún málinu til lykta með einni umræðu.

Þingsályktunartillögur.

29. gr.

Þingsályktunartillögur, þ. e. sérstakar tillögur aðrar en lagafrumvörp, skulu vera í ályktunarformi. Slíka tillögu má ræða einu sinni eða tvisvar. Nú er tillaga til þingsályktunar borin upp í deild eða sameinuðu þingi, og skal þá prenta hana og útbýta. Á fundi að minsta kosti 1 nótt síðar ályktar deildin eða þingið eptir uppástungu forseta, hvort hún skuli rædd í einni eða tveimur umræðum. Umræða má eigi framfara fyr en í fyrsta lagi daginn eptir.

Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eptir fyrirmælunum um 2. umræðu lagafrumvarpa (21. gr.), og sama er um fyrri umræðu, ef tvær eru. En síðari umræðan fer fram eins og þriðja umræða um lagafrumvörp (22. gr.).

Breytingartillögu má hver þingmaður gera, sá er á atkvæði um tillöguna.

Þingsályktunartillögu, er samþykt hefir verið í annari þingdeildinni, má senda hinni deildinni, og láta hana þar sæta sömu meðferð, sem nú er sagt hér á undan í grein þessari. Sé henni breytt þar, má endursenda hana deild þeirri, er hún kom frá og ræða hana þar einu sinni eptir reglum um þriðju umræðu lagafrumvarpa.

Breytingartillögur.

30. gr.

Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt daginn áður en þær koma til umræðu.

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp við byrjun þess fundar, er hún skal tekin til umræðu.

Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti, en aðrir því að eins, að deildin samþykki það.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aptur í sömu deild á sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi, ef tækifæri er til þess eptir þingsköpum. Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefir verið felt í sömu þingdeild, og er þingmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði.

Fyrirspurnir.

31. gr.

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra um alþjóðlegt málefni (37. gr. stjórnarskr.), og gerir hann það með *fyrirspurn*, er afhent sé forseta, og skal prenta hana og útbýta, og forseti skýra frá henni á fundi. Á öðrum fundi leyfir deildin fyrirspurnina eða synjar leyfis.

Leyfi deildin fyrirspurnina, sendir forseti ráðherra hana, og er hún svo borin upp og rædd á fundi síðar.

Ávarp.

32. gr.

Ávarp má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi og skal fara með það sem þingsályktunartillögu, að því fráskildu, að ávarp verður eigi sent frá einni deild til annarar.

Apturköllun.

33. gr.

Frumvörp, hvort heldur eru frá stjórninni, eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aptur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aptur á sama fundi. Fyrirspurn má og apturkalla.

Frávísun.

34. gr.

Rökstudd dagskrá. Heimilt er þingmanni að krefjast þess, að lagafrumvarpi, þingsályktunartillögu og breytingartillögu eða fyrirspurn sé vísað frá. Kröfu um það skal hann koma fram með áður en nokkur annar en flutningsmaður, eða, ef þeir eru tveir eða fleiri, einn þeirra hefir talað. Þingdeildin sker þá umræðulaust úr því, hvort frá skuli vísa.

Meðan á umræðum stendur, má gera tillögu, er bygð sé á ástæðum, um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni, og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða.

Þingmaður tekur til máls.

35. gr.

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og feingið leyfi til þess, skal standa upp frá sæti sínu og mæla þaðan. Eigi má hann ávarpa annan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosning.

Hve opt þingmaður má taka til máls við umræðu.

36. gr.

Ráðherra eða umboðsmaður hans, framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi

nema einn, þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala optar en tvisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn, skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður, nema annar sé tilnefndur. Aðrir mega eigi tala optar en tvisvar Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæzlu þingskapa og til þess að bera af sér sakir.

Í hverri röð þingmenn taka til máls.

37. gr.

Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu, það er til ráðherra og framsögumanns kemur, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu, eða athugasemd, er snertir sjálfan hann.

Þingmenn gæti reglu.

38. gr.

Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Krafa um, að umræður hætti.

39. gr.

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sé hætt, og sker þingdeildin úr því umræðulaust. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um, hvort umræðum skuli lokið. Nöfn þeirra þingmanna skulu rituð í gerðabókina og lesin upp. Eptir ákvæðum þessarar greinar og 36. greinar, að því er sameinað þing snertir, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Dagskrá.

40. gr.

Forseti deildar ákveður fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund hennar. Þó má ákveða hana eptir ályktun deildarinnar, ef 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá.

Ef þá er farið fram á, að mál sé látið ganga út af dagskránni, skal afhenda forseta kröfuna um það samdægurs og dagskráin er ákveðin. En sé farið fram á, að mál sé tekið á dagskrá, skal tilkynna deildinni það í lok þess fundar, er krafan um það kom fram á. Um þessa tillögu skal í byrjun næsta fundar greiða atkvæði umræðulaust. Sé hún feld, er með því samþykt dagskrá forseta.

Þegar dagskrá er eigi ákveðin eptir ályktun deildarinnar, getur forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskrá, og einnig tekið mál út af dagskrá. Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því að eins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki $^3/_4$ þeirra, sem á fundi eru, og leyfi ráðherra, sbr. 52. gr.

Þingdeild ályktunarfær. Skylda þingmanna að greiða atkvæði.

41. gr.

Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt mál, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði atkvæði (36. gr. stjórnarskr.).

Skylt er þingmanni hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi að vera viðstaddur, er atkvæði eru greidd, nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi (49. gr.).

Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir eigi atkvæði, og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr, hvort þau rök skulu gild talin, en þingmaður getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingins. Ef þau eru ályktuð ógild, telst atkvæði þingmannsins með meiri hlutanum. Svo er og, ef hann færist undan að rökstyðja undanfærslu sína. Heimilt er þingmanni að láta bóka ástæður sínar.

Skipting, röð og innra samband atkvæðagreiðslu.

42. gr.

Forseti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur þingdeild eða sameinað þing, ef 3 í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krefjast þess, breytt ákvörðun forseta. Forseti og einn af flutningsmönnum mega hvor um sig taka einu sinni til máls áður en til atkvæða er geingið um það. Krefjast má þingmaður þess, að atkvæðagreiðslu um breytingartillögu sé skipt, ef hann gerir það áður en umræður hefjast. Nú er stungið upp á, að skipta atkvæðagreiðslu um lagagrein, og telst það breytingartillaga (sbr. 30. gr.).

Atkvæðagreiðsla. Nafnakall.

43. gr.

Þá er forseti hefir ástæðu til að ætla, að allir séu á einu máli, má hann lýsa því yfir, að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu, ef einginn krefst þess að hún fari fram. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður (sbr. 20—25. og 29. gr.).

Atkvæðagreiðsla fer fram á þann hátt, að hver þingmaður stendur upp úr sæti sínu því, er forseti hefir ákveðið honum, hvort sem hann greiðir atkvæði með eða mót máli. Skrifararnir telja atkvæðin. Heimilt er þó forseta að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað, eða ef atkvæðagreiðsla hefir áður fram farið, en verið óglögg. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt nafnakalls við atkvæðagreiðslu um tiltekið atriði. Skrifleg krafa um það skal afhent forseta áður en atkvæðagreiðsla byrjar. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og bókuð.

Afl atkvæða.

44. gr.

Afl ræður um úrslit mála og málsatriða, nema öðruvísi sé ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum (sbr. 25. gr.).

Kosning, óhlutbundin og hlutbundin (de Hondt). Kjörmiði ógildur.

45. gr.

Um kosningar fer eptir því, sem fyrir er mælt í 2. og 16. gr., að því viðbættu, að þegar kjósa á um 2 menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi, hvort heldur er til starfa innan þings eða

utan, skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kend er við de Hondt (listakosning) ef 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi æskja þess.

Kjörmiði við óhlutbundnar kosningar er ógildur, ef á honum standa fleiri eða færri nöfn en samsvarar tölu nefndarmanna, eða nafn er ógreinilegt eða á eigi við.

Fundir í heyranda hljóði.

46. gr.

Fundir bæði þingdeilda og sameinaðs þings skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að öllum utanþingsmönnum sé vísað á braut, og sker þá þingið úr því, hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum (40. gr. stjórnarskrárinnar).

Áheyrendur.

47. gr.

Forseti skipar fyrir um, hvernig mönnum skuli gefinn kostur á að vera við fundi þá, er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því, getur forseti látið vísa honum á braut, og ef þörf er á, öllum áheyrendum.

Alþingistíðindi.

48. gr.

Bæði umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis skulu prentaðar í Alþingistíðindum.

Forföll þingmanna.

49. gr.

Nú hefir þingmaður forföll, svo að hann getur eigi mætt á fundi, og skal hann þá skýra forseta þeim, er í hlut á, frá því í tæka tíð. Burtfararleyfi af þingi getur forseti veitt um 2 daga, ef nauðsyn krefur. Ef um leingri tíma er að ræða, þarf til þess samþykki hlutaðeigandi þingdeildar.

Þingdeild tekur eigi við erindi án flutningsmanns.

50. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sér til flutnings (38. gr. stjórnarskrárinnar).

Máli vísað til ráðherra.

51. gr.

Þyki þingdeild eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, getur hún vísað því til ráðherrans (39. gr. stjórnarskrárinnar).

Afbrigði frá þingsköpum.

52. gr.

Eptir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá 3 þingmönnum í efri deild, og 6 þingmönnum í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi má bregða út af þingsköpum þessum, ef ráðherra eða umboðsmaður hans leyfir, og $^3/_4$ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja. Þó mega afbrigðin þau ein vera, er eigi koma í bága við stjórnarskrána.

53. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um þingsköp handa Alþingi Íslendinga 7. April 1876 og lög um viðauka og breyting á þingsköpum Alþingis 22. Maí 1890.

Nd.
til fátækralaga.

240. Frumvarp

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Sveitarstyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má ei án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Sveitarstyrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar og honum haga svo, sem hún telur rétt vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Sveitarstyrk skal endurgjalda eptir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af þurfaling sjálfum eða framfærslumanni (2.—30. gr.).

Sá er sveitarstyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín skilgetin, þangað til þau eru 16 ára. Söm er skylda móður við börn sín óskilgetin.

4. gr.

Nú geingur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, skilgetin eða óskilgetin, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnaðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni (39. og 40. gr.), og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giptist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og konan við skilgetin börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giptist honum, með annari konu.

Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aptur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Ef kona eignast barn óskilgetið, og maður sá, er hún kennir barnið, geingst eigi við faðerninu, á hún rétt á því, að sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er hún er heimilisföst eða stödd, veiti henni aðstoð sína til þess að barnsfaðernismál verði höfðað gegn manni þeim, er hún kennir barnið, á varnarþingi hans. Fara skal með mál það sem einkalögreglumál. Í barnsfaðernismáli skal við undirrétt hvorki greiða réttargjöld né gjald til réttarvotta eða stefnuvotta, en um önnur gjöld fer sem málið væri gjafsóknarmál af hálfu barnsmóður. Sé málinu áfrýjað, fer um slík gjöld við æðri rétti eptir almennum reglum.

Nú hefir maður geingizt við faðerni óskilgetins barns, eða það er löglega ákveðið, að hann skuli álítast faðir þess, og er honum þá jafnt móður þess skylt að framfæra og ala upp barnið samkvæmt því, er segir hér á eptir.

7. gr.

Þröngva má barnsföður með úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta, þar er hann á heima, til að gefa með óskilgetnu barni sínu helming meðgjafar eða meira, þó aldrei meira en meðgjöf þá, er í raun og veru er greidd með barninu.

Í yfirvaldsúrskurði þeim, er gerir barnsföður að skyldu að greiða meðlag með óskilgetnu barni sínu, eða meðlagsskyldan er staðfest með honum, skulu vera upplýsingar þær, er fyrir hendi eru, um aldur barnsföðursins, fæðingarstað og framfærslusveit.

8. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eptir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem skuld, er komin sé í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni skyldi greiða, hvort sem hún er ákveðin með meðlagsúrskurði eða samningi, svo framarlega sem beiðni kemur um það til skiptaráðanda áður en liðinn er skuldlýsingafrestur (proclama) eða 12 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi verið boðaður. Sé barnsfúlga sú, er hinn dáni gjalda skyldi, hvorki ákveðin með samningi né yfirvaldsúrskurði, skal greiða svo mikið, sem meðalmeðgjöf (9. gr.) með barninu nemur frá dánardægri hans þangað til það er 16 ára. Ef ekkja barnsföður er á lífi, þá skal eigi fé út leggja með öðrum óskilgetnum börnum hans en þeim, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband, og skal þess gætt, er ekkja eða skilgetin börn barnsföður eru á lífi, að meðgjöf sú, er greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meira fé en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri.

Nú situr ekkja barnsföður í óskiptu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er á barnsföður hvíldi, að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta þykir hæfa eptir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtéðra fyrirmæla.

Um barnsfúlgu, er greidd er af hendi í einu eptir lát föðursins, skal

fara sem um fé ómyndugra, og skal tiltaka, á hverjum tíma og hverjum greiða skal meðlögin.

Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu fyrir þá sök, að barnið deyr áður en það er orðið 16 ára, þá skal fé það, er óeytt er, koma til skipta meðal erfingja barnsföður. Sparist fúlgan eða verði afgangur af henni af öðrum ástæðum, skal afgangurinn falla til barnsins.

9. gr.

Sé barnsfúlga, sem föður óskilgetins barns er skylt að borga samkvæmt úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta eða sættargerð, staðfestri af nefndu yfirvaldi, eigi greidd á réttum gjalddaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt að krefjast þess, að fúlgan verði greidd sér af sveitarfé í dvalarsveit sinni, þó eigi nema fyrir hið síðasta ár, og eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í; en upphæð meðalmeðgjafar ákveða sýslunefndir og bæjarstjórnir fyrir hvert sveitarfélag fyrir 5 ár í senn, og skal taka tillit til aldurs barnanna. Beiðni barnsmóður hér um skal fylgja meðlagsúrskurður sýslumanns eða bæjarfógeta löglega birtur (af stefnuvottum), eða sættargerð, staðfest af sama yfirvaldi, löglega birt, og lífsvottorð barnsins, og skal beiðandi jafnframt láta þær upplýsingar í té um framfærslusveit barnsföður, sem hún er fær um.

Meðlagið skal talið sveitarstyrkur til handa barnsföður frá dvalarsveit móðurinnar, og fer um endurgjald á honum sem á öðrum sveitarstyrk. Sannist það, að barnsfaðir hafi verið farinn af landi alfarinn eða dáinn, þegar meðlagið var fallið í gjalddaga, þá er framfærsluhreppur hans laus við að endurborga það, og skal styrkurinn talinn sveitarstyrkur, veittur barnsmóðurinni, nema hann sé þegar í stað endurgoldinn.

Nú hefir meðlagið eigi verið innheimt fyrir þá sök, að ekki hefir hafzt upp á barnsföður, eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, er ekki hefir feingið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er hann síðar kemur fram, að ganga að honum að lögum, ef ekki er um seinan, að því er meðlagið snertir, og enn fremur láta hann vinna af sér styrkinn á þann hátt, sem segir í 58. gr. þessara laga.

10. gr.

Sama rétt sem móðir að óskilgetnu barni hefir samkvæmt framansögðu, hafa og þeir menn, er annast eiga framfærslu og uppeldi barnsins eptir móðurina látna, burtfarna eða af líkum orsökum, og ennfremur framfærslusveit barnsins, þá er hún hefir orðið að takazt framfærslu þess á hendur.

11. gr.

Þá er móðir óskilgetins barns deyr, eða fer alfarin af landi burt, eða hún álízt óhæf, að dómi hlutaðeigandi prests og sýslumanns eða bæjarfógeta, til að ala barnið upp, á faðir þess því að eins rétt á að fá það til sín, til framfærslu og uppeldis, að hann ættleiði það, eða hann fái til þess leyfi sýslumanns eða bæjarfógeta á þeim stað, þar er barnið er.

12. gr.

Þegar faðir óskilgetins barns hefir að lögum verið skyldaður til að greiða meðlag með því, en menn vita eigi, hvar hann er niðurkominn, hefir móðir barnsins rétt til þess, ef þörf gerist, að krefjast fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans. Sama rétt hefir bæði sá maður, er

á að annast framfærslu óskilgetins barns, hvort heldur eptir móður þess látna, eða burtfarna, eða af öðrum orsökum, og eins framfærslusveitin, hafi hún orðið að takazt framfærslu þess á hendur.

13. gr.

Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verði gert að skyldu að greiða að minsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförum leiddi fyrir hana. Upphæð þessarar fjárreiðslu getur barnsmóðirin heimt eptir reglum þeim, er segir í 9. gr.

14. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega eigi foreldrar verða sveitarþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau; þó skulu börn laungetin ekki skyld að framfæra föður sinn nema ættleidd séu og hafi alizt upp á vegum hans. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

15. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá, nema sveitarnefndinni í dvalarsveit þeirra þyki það eigi ráðlegt, af því að sérstaklega stendur á. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér, eða ráða verustað þess, sbr. þó 11. gr. hér að framan.

Vilji framfærslumaður eigi una ákvæði sveitarnefndar, er honum rétt að fá um það úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta.

Ef framfærsluþurfi er giptur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín, og hver gjalda meðlag, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

16. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast sf ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

17. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstökum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

18. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs né húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sérstakri hjúkun, en húsbónda þess er skylt að

fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sérstaklegt sjúkrafæði — í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki leingur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kent, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki leingur en út vistráðningartímann og ekki yfir 50 aura um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eptir læknisráði, hvort heldur á sjúkrahús eða annað, enda sé hvorki því né húsbónda þess um leguna að kenna.

19. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið, þegar er hjúið verði sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slíkum skilmála, eður og af því að svo hefir verið um samið eptir að það varð sjúkt, þá losast húsbóndinn eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eptir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu, né framfærslumanni þess eða sveit.

20. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sé á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, né öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

21. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eptir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greptrun þess, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

22. gr.

Hver sá húsráðandi eða landeigandi, sem tekur mann í húsmensku á heimili sitt eða land, þann er eigi hefir húsmenskuleyfi, skal framfæra hann og skyldulið hans, ef hann verður sveitarþurfi, til næstu fardaga, án endurgjalds frá framfærslusveit hans.

23. gr.

Ef lögskráður skipverji sýkist eða slasast við vinnu sína í þarfir skipsins, þannig að hann kemst eigi með skipinu, og er sjálfum eigi um að kenna, þá á hann að fá lækning og hjúkrun á kostnað útgerðarmanns, þó ekki leingur en um 4 vikur.

Nú sýkist skipverji eða slasast, meðan skip er á ferð, og er honum eigi um að kenna, og skal honum þá hjúkrað á skipi, eða hann sendur í land til lækningar og hjúkrunar, ef það er gerandi og þörf á því. Ef hann er eigi orðinn svo ferðafær, er skipið fer þaðan, sem hann var fluttur í land, að hann verði hafður með, þá skal skipstjóri annast um að haldið verði áfram

að veita honum aðhjúkrun í landi og að hann verði, þegar þar að kemur, sendur heim, hvorttveggja á kostnað útgerðarmanns.

24. gr.

Ef einhver skipverja deyr á ferð, þá annast skipstjóri útför hans, en útfararkostnaðinn má borga af kaupi hans meðan hrekkur.

25. gr.

Nú sýkist skipverji og er sjálfur valdur að, og er skipstjóri eingu að síður skyldur til að útvega honum lækning og aðhjúkrun, hvort heldur á skipinu eða í landi erlendis; og sé það erlendis skal skipstjóri fé út leggja fyrir fram í þessu skyni, svo sem þörf er á; en kostnað af þessu má borga af kaupi hans, meðan það hrekkur.

26. gr.

Ef skipverji er sjúkur, án þess sjálfum honum verði um kent, þá er skipið kemur heim, þá á hann að fá lækning og aðhjúkrun í alt að 4 vikur á kostnað útgerðarmanns.

27. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eptir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi leingur en 6 mánuði. Sé sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að, og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eptir að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undan þeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið umsamið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður umsamið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 16., 17. og 20. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 17. gr. og ofangreind fyrirmæli um rétt lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sé eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

28.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með þurfamann sinn eða ómaga, og er þá sveitinni skylt að annast framfærslu þurfamannsins eða ómagans gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin í dvalarsveit hans álítur, að hann sé fær um að greiða meðlagið. Álít þetta má leggja undir úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta, en úrskurði þeim má skjóta til stjórnarráðsins.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né heldur um framfærslu þá, er getur um í 16.—21. gr. og 23.—27. gr.

29. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður sýslumaður í þeirri sýslu, eða bæjarfógeti í þeim kaupstað, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (13. gr.)

30. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (29. gr.) löglega birtur, og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. December 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (39. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara, sem segir í lögum þessum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. kafli.

Um framfærslusveit.

31. gr.

Hver hreppur, kaupstaður eða kauptún, er hefir sveitarstjórn sérstaka, er framfærslusveit fyrir sig. Nú er skipt sveit eða sveitarmörkum breytt, og heldur þá sveitfestisdvölin áfram í þeirri sveit, er maður verður í við skiptinguna eða merkjabreytinguna, þannig að maður verður sveitfastur í þeirri sveit á þann hátt, að lögð er við dvöl hans þar eptir skiptinguna dvöl hans í hinu forna sveitarfélagi hans.

32. gr.

Með þeirri undantekningu, sem getur um í 36. gr. laga þessara, vinnur hver sá, er hefir rétt innborinna manna, sér framfærslurétt í þeirri sveit (31. gr.), þar er hann hefir eptir 16 ára aldur dvalið 10 ár samfleytt búandi, vistfastur, eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum.

33. gr.

Nú hefir maður unnið sér sveit víðar en í einu sveitarfélagi, og á hann þá rétt til framfærslu í þeirri sveit einni, þar er hann hefir síðar eða síðast unnið sér sveit. Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 65 ára gamall, heldur hann síðan.

34. gr.

Sveitfestisdvöl telst frá þeim degi, að honum meðtöldum, er innflytjandi tekur sér fast aðsetur í sveitinni, til þess dags, að þeim degi meðtöldum, er hann víkur þaðan burtu. Nú er hjú ráðið skildaga á milli og kemur í vist hálfum mánuði eptir hjúaskildaga, eða fer úr vist hálfum mánuði fyrir

hjúaskildaga, og skal þó telja árið fult. Sama er og þótt hjúið fari meira en hálfum mánuði fyrir skildaga úr vistinni, ef það er af því, að hjúaskildagi er fyrr í þeirri sveit, er hjúið fer í, en í hinni, er það fer úr, enda fari það vist úr vist; svo er og, að telja skal árið fult, ef maður kemur um fardaga og fer aptur á hjúaskildaga. Eigi slitnar sveitfestisdvöl fyrir það, þótt maður sé í vist að hálfu í annari sveit, ef hann er þar eigi meira en eitt sveitfestisárið að hálfu.

Ef vinnuhjú flytur að vísu ekki í vistina heim til húsbónda síns á vinnuhjúaskildaga, en fer þó þá þegar að vinna honum, t. a. m. í veri, á fiskiskútu o. s. frv., enda flytji í rauninni heim áður en vistarárið er hálfnað, þá telst það svo, sem það hafi byrjað dvöl sína á vinnuhjúaskildaga í sveit þeirri, er húsbóndi þess á heima í.

Lausamaður vinnur sér eigi sveit, þar sem hann hefir ársheimili samkvæmt 3. gr. í lögum 2. Febr. 1894 um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. Maí 1863 og viðauka við hana, nema hann dvelji þar að minsta kosti fjórðung af árinu og sveitfestisdvölin telst frá þeim tíma, er hann í raun og veru kemur sjálfur inn í sveitina.

Nú á maður fleiri heimili en eitt, og vinnur hann þá sveit, þar er aðalaðsetur hans er.

35. gr.

Eigi vinnur maður framfærslurétt með dvöl sinni á skóla, sjúkrahúsi, holdsveikrahæli eða þess konar stofnun, eða fangahúsi. Slík dvöl slítur eigi heldur sveitfestisdvöl í þeirri sveit, þar er maður hefir verið næst áður, þannig að eigi maður á meðan sjálfstætt heimili í þeirri sveit, þá telst það aðalaðsetur hans, en hafi hann ekki haldið þar neinu heimili, þá vinnur hann að vísu hvergi sveit, meðan hann dvelur í skóla, sjúkrahúsi, holdsveikrahæli eða þess konar stofnun eða fangahúsi, en heldur að eins áfram sveitfestisdvölinni, ef hann hverfur aptur til hinnar sömu sveitar eptir dvöl sína á nefndum stofnunum.

Eigi vinnur maður sér heldur framfærslurétt með ólöglegri dvöl í húsmensku.

36. gr.

Þeir menn, er fæddir eru í Danmörku eða í Færeyjum og eiga ekki framfærslusveit hér samkvæmt 41. gr. (sbr. 39. og 40. gr.) þessara laga, vinna sér framfærslurétt hér á landi með 10 ára óslitinni dvöl í sömu sveit eptir 16 ára aldur, og að öðru leyti eptir framansögðum ákvæðum (31.—35. gr.).

37. gr.

Utanríkismenn vinna sveit hér á landi, þá er þeir fá rétt innborinna manna, og eiga þá framfærslurétt í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili, er þeir fá rétt innborinna manna, þangað til þeir vinna sér sveit með 10 ára dvöl annarsstaðar.

38. gr.

Kona gipt er jafnan sveitföst þar, er maður hennar á sveit, og heldur ekkja manns sveitfesti þeirri, er maður hennar átti á deyjanda degi, þangað til hún vinnur sér sjálf sveit. Svo heldur og kona, er skilin er að lögum við mann sinn, sveit þeirri, er hann átti, er þau skildu, þangað til hún vinnur sér sjálf sveit.

39. gr.

Börn skilgetin og yngri en 16 ára fylgja framfærslusveit foreldranna þannig: Ef foreldrar eru báðir á lífi og hjónabandi þeirra eigi slitið að lögum,

fylgja börnin sveit föður síns. Ef að eins annað foreldra er á lífi, þá fylgja börnin framfærslusveit þess. Nú eru báðir foreldrar dánir, og fylgja þá börnin framfærslusveit þess þeirra, er síðar andaðist. Ef báðir foreldrarnir eru á lífi, en hjónabandi þeirra slitið að lögum, þá fylgir barn framfærslusveit þess foreldris, er það er hjá, eða síðast var hjá, eða það er á vegum þess.

40. gr.

Óskilgetin börn, yngri en 16 ára, fylgja framfærslusveit móður sinnar.

41. gr.

Maður 16 ára að aldri á framfærslurétt í fæðingarsveit sinni, þangað til hann vinnur sér sveit.

42. gr.

Fæðingarsveit manns er sú sveit, þar er móðir hans átti lögheimili, er hann fæddist, eða átti síðast, áður en barnið fæddist. Nú verður þetta eigi vitað, og er þá sú sveit fæðingarsveit manns, þar er móðir hans var stödd, er hún ól hann.

43. gr.

Maður, sem eptir framansögðu hefir öðlazt framfærslurétt á Íslandi, missir hann:

1. þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra réttinda, er bundin eru við rétt innborinna manna. En fái hann aptur þessi réttindi, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann átti áður en hann varð borgari annars ríkis, þangað til hann vinnur sér sveit af nýju eptir framantöldum ákvæðum.
2. Þá er hann vinnur sér sveit í Danmörku eða Færeyjum, þangað til hann vinnur sér sveit aptur á Íslandi eptir hinum almennu reglum.

44. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi samkvæmt framanskráðum ákvæðum, þurfandi fátækrastyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í þeirri sveit, þar er hann á lögheimili, eða, ef hann ekkert lögheimili á hér á landi, þá í þeirri sveit, þar er hann dvelur, er hann verður styrks þurfandi.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu manns, sem ekki á sveit hér á landi eptir ákvæðum þessara laga, eða sveitfesti hans verður eigi fundin, og stjórnarráðið álítur að ekki verði hjá því komizt að veita manni þeim viðtöku, og er þá rétt, að stjórnarráðið vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er það til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum, skal henni endurgoldinn af landssjóði.

III. kafli.

Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

45. gr.

Sveitarstyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé svo sem verða má hvorstveggja í einu, hagsmuna fátækrafélagsins, og þarfa og velferðar þurfalingsins.

46. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

47. gr.

Þurfamönnum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim heim, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara á sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða vinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og stjórnarráðið hefir sett reglur fyrir.

48. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum, yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum.

Eingu síður skal kosta kapps um að velja slík heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

49. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja af sveit, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og hæfilega fræðslu og venjast algeingri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talinn sveitarstyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

50. gr.

Sóknarprestar skulu líta eptir því, að fyrirmælum í 48. og 49. gr. sé fylgt, og yfir höfuð, að vel sé farið með börn þau, er þar ræðir um, svo og alla aðra niðursetninga í sóknum þeirra, sem og þurfamannabörn, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti þykir einhverstaðar vera misbrestur á þessu, og hann getur eigi með umvöndun komið lögun á það, ber honum að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn, er gjalda til sveitar, hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær.

Rannsókn um slíkar kærur skal framfara á manntalsþingi, þegar því verður við komið, og kostnaðarlaust, nema brýna nauðsyn beri til að hraða rannsókninni, vegna þess að um glæpsamlegt athæfi sé að ræða.

51. gr.

Fátækrastjórn skal gera sér far um að stuðla að því, að börn, sem upp eru alin á sveit, fái sæmilega atvinnu, þá er þau eru af ómagaaldri.

52. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita fátækrastyrks vegna þess að að þeim þreingir um stund, má hreppsnefnd eða bæjarstjórn vísa á atvinnu, ef fæst, eða til opinberrar vinnustofnunar, ef til er.

IV. kafli.

Vald sveitarstjórnar yfir þurfamönnum.

53. gr.

Sá, sem þegið hefir sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld.

Sveitarstyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barni innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gipt og bæði á lífi, en annars því foreldri barnsins, er barnið fylgir að sveitfesti (39. og 40. gr.), ef það foreldri barnsins er á lífi; en sé barnið munaðarlaust, fellur endurgjaldskrafan niður.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefjast endurgjalds á styrk veittum af sveitarfé til að greiða:

a. Kennslukaup fyrir barn í barnaskóla, eða hjá farkennara, eða gjald fyrir nauðsynlegar bækur og önnur kennsluáhöld handa barninu, og
b. Greptrunarkostnað.

Styrkur veittur framfærslumanni í þessu skyni skal eigi talinn honum veittur sem eiginlegur sveitarstyrkur, og eigi koma honum að neinu leyti til baga.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 5 ár eru liðin frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit. Ef þurfamaðurinn hefir þegið af sveit á síðustu 5 árum, þarf samþykki sýslunefndar til að gefa upp styrkinn.

54. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr, og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eptirlifandi meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau voru þá í.

55. gr.

Þegar þeginn sveitarstyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar eða að minsta kosti oddviti hefir skrifað undir innfærsluna, að hún sé rétt tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram, en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

56. gr.

Sveitarstjórnin getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eptirriti af uppskriptargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á uppskrifuðu munina skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur sveitarþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær þurfamanni í hendur, eru eptir sem áður eign sveitarinnar.

57. gr.

Sannist það fyrir stjórnarráðinu, að sá, er þiggur eða þegið hefi sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eptirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal stjórnarráðið eptir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sé endurgoldinn, skal stjórnarráðið nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

58. gr.

Sá, sem þiggur af sveit, og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist, og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er sker úr því, eptir að hafa feingið umsögn sveitarstjórnarinnar og leitað álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur sveitarstjórn látið föður óskilgetins barns vinna af sér barnsfúlgu þá, er sveitin hefir orðið að borga samkvæmt 9. gr., hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá.

59. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eptir málavöxtum.

Hýsi maður að nauðsynjalausu þurfamann, sem honum er kunnugt um að óhlýðnast skipun hreppsnefndar, eða þiggi verk af honum, skal hann sekur um alt að 100 kr., er renna í sveitarsjóð þar er brotið er framið.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál,

60. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra heimtar, skyldur að setja viðunanlega trygging fyrir því, að vandamenn hans, er eptir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minsta kosti um næstu 3 ár, nema

veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt.

61. gr.

Nú sýnir þurfalingur mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi uppá venjulegt fangaviðurværi í alt að 3 mánuði, þó því að eins að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eptir reglum, er stjórnarráðið þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eptir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

62. gr.

Einginn maður, karl eður kona, má kvongast eða giptast meðan hann stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, nema sveitarstjórnin, þar sem brúðguminn er sveitlægur, gefi samþykki sitt til þess.

V. kafli.

Viðskipti sveitarstjórna.

63. gr.

Nú þarfnast maður sveitarstyrks og skal hann veittur honum af dvalarsveit, jafnt fyrir það, þótt hann sé eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveitin aldrei heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 68. gr., en skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur, að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir veittur verið af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin eigi fékk endurborgaðan, verði að réttri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveitin rétt á að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er um ræðir í 3. málsgrein 53. greinar.

64. gr.

Áður en utansveitarþurfaling sé veittur sveitarstyrkur, skal — nema styrksþörfin sé svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þó svo fljótt sem unt er —, sveitarstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað, aldur þurfamannsins og framfærslusveit hans, þá er hann var 16 ára gamall; sé hann giptur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gipzt.
2. Æfiferil hans eptir 16 ára aldur.
3. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk, og hvort styrkurinn sé endurgoldinn.
4. Heimilisástæður hans og hag yfirleitt og hversvegna hann sé þurfandi orðinn.

Sé skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rétti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er stjórnarráðið semur, gefin undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og þurfamanninum sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrsluna eptir beztu vitund, og sé skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, er hentugast er.

Ef utansveitarbarn yngra en 16 ára þarfnast styrks, og hvorugt foreldra er innansveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helzt mega af vita.

65. gr.

Nú er skýrsla sú, er um getur í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkurinn er veittur, eða svo fljótt og svo fullkomin, sem unt er, og missir þá hlutaðeigandi sveitarfélag réttinn til endurgjalds á styrknum.

66. gr.

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 63. gr., og skal þá fátækrastjórnin, áður en mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni sínum eða bæjarfógeta áskorun um að rannsaka svo fljótt, sem við verður komið, hvar þurfamaður sé sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sé endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt í 64. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gera það, sem fyrir er mælt í grein þessari, missir sveitarsjóður rétt til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.

67. gr.

Hvar þess er dvalarsveit missir fyrir vanrækslu sveitarstjórnar, lögreglustjóra eða hreppstjóra rétt til endurgjalds á styrk veittum utansveitarmanni, skulu þeir, er sekir eru, bæta sveitinni skaðann.

68. gr.

Þegar gerð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurétt þurfalings í sveit sinni, eða sent erindi um önnur atriði viðvíkjandi sveitfesti þurfalings eða styrk honum veittan, skal hún, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er málaleitun barst henni til handa, senda hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta svar sitt upp á hana; að öðrum kosti skal það varða hana sektum, eptir atvikum dagsektum, sem renna í landssjóð eptir ákvæði sýslumanns, eða stjórnarráðsins ef bæjarstjórn er sek.

Nú verður dráttur á endurborgun sveitarstyrks til dvalarsveitar af hálfu framfærslusveitar meir en 6 mánuði, frá því hún fékk tilkynning um sveitarstyrkinn, og skal þá síðarnefnd sveit greiða vexti af styrksupphæðinni, 5 af hundraði um árið, frá þeim tíma.

Nú verður eptir úrskurði yfirvalds óþarfur dráttur af hálfu framfærslusveitar á að viðurkenna sveitfesti þurfalings, og skal hún þá endurgreiða dvalarsveit hans allan þann styrk, er dvalarsveitin hefir veitt honum frá þeim tíma, sem framfærslusveit fékk tilkynning um þurfaling.

69 gr.

Nú hefir maður, sem framfærslurétt á annarsstaðar, þegið 100 kr. styrk eða meir í dvalarsveit sinni, og bersýnilegt er, að hann sé kominn á stöðugt sveitarframfæri, og hefir þá dvalarsveit hans og framfærslusveit hvor um sig rétt til að krefjast þess, að hann sé fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína.

70. gr.

Þurfaling má eigi flytja fátækraflutningi úr einum hreppi í annan, nema áður sje ákveðið, hvar hann eigi framfærslurétt, annaðhvort með yfirlýsingu sveitarstjórnar þeirrar, er í hlut á, eða með úrskurði yfirvalds.

71. gr.

Nú á þurfalingur að flytjast á framfærslusveit sína, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti fá honum vegabréf, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar hann skuli fluttur, svo og hve mart fólk er í flutningnum, ef um fleiri er að ræða. Skal tilgreina nöfn þeirra og aldur.

72. gr.

Dvalarsveit og framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sér saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann, en náist ekki samkomulag um það, getur dvalarsveit ein annast flutninginn. Ef framfærslusveitin heimtar, að fátækraflutningur skuli fram fara, án þess að tiltaka, hvernig honum skuli hagað, skal líta svo á, að hún ætlist til, að sveitarnefndin í dvalarsveitinni annist flutninginn, enda skal hin síðarnefnda þá skyld þar til.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í framfærslusveitinni.

73. gr.

Þurfamann skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg eða sjóveg; svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sé eigi í hættu stofnað.

74. gr.

Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveit einn þriðjung en framfærslusveit tvo þriðjunga; skal allur kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess sveitarfélags, er flutninginn annast.

Flutningskostnaðinn skal eigi telja sveitarstyrk veittan þurfaling.

75. gr.

Nú vanrækir sveitarstjórnin í dvalarsveitinni að flytja þurfamann fátækraflutningi, er henni bar að annast, og skal þá framfærslusveitin með öllu laus við að endurgjalda styrk þann, er þurfamaðurinn þiggur í dvalarsveitinni frá þeim tíma, er flutningurinn hefði átt fram að fara, þangað til hann verður framkvæmdur.

76. gr,

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er

það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta má hvor málsparta skjóta til stjórnarráðsins á 12 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila varð kunnugt um úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu stjórnarráðsins, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli ráðherra Íslands og innanríkisráðherrans, og úr deilu milli íslenzkrar sveitar og færeyskrar með samkomulagi milli Íslandsráðherra og dómsmálaráðherrans.

VI. kafli.

Sérstakur styrkur úr landssjóði.

77. gr.

Ef þurfalingur fer eptir læknisráði á sjúkrahús — annað en holdsveikraspítala — þá kostar framfærslusveit hans dvöl hans þar, lyf og læknishjálp, alt að 200 kr. á ári. Það, sem fram yfir er 200 kr., greiðist úr landssjóði, þó aldrei nema fyrir tvo þurfalinga í einu úr sama sveitarfélagi eða bæjarfélagi.

78. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk alt að 200 kr. um árið. Það, sem fram yfir er 200 kr., greiðist úr landssjóði. Sömuleiðis greiðist úr landssjóði allur kostnaður við flutning þess þurfamanns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst eigi á annan hátt endurgoldinn.

Landssjóðsstyrkur samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan er ekki apturkræfur.

VII. kafli.

Um það, hver lagaákvæði séu numin úr gildi með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

79. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Tilsk. 14. Oktbr. 1763 um greiðslu meðlags með óskilgetnum börnum.

Tilsk. 10. Decbr. 1790 um meðlag með óskilgetnum börnum.

Tilsk. 30. Maí 1794 um uppfóstur óskilgetinna barna.

Tilsk. 10. Ágúst 1798 um þvingun við menn, sem skildir eru við konur sínar að borði og sæng.

Kansellíbréf 5. Desember 1820 um greiðslu framfærslueyris með óskilgetnum börnum af launum vinnuhjúa.

Opið bréf 28. Maí 1825 um meðferð mála um meðlag með óskilgetnum börnum.

Reglugerð 8. Janúar 1834 fyrir fátækramálefna lögun og stjórn á Íslandi.

Opið bréf 6. December 1839 um breyting á löggjöfinni um meðlag með óskilgetnum börnum.

Opið bréf 6. Júlí 1848 um breyting á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til að eignast sveit eptir 6. gr. í reglugerðinni 8. Janúar 1834.

Opið bréf 17. Apríl 1868 um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er ris af flutningi á þurfamönnum.

4. gr. í tilsk. 25. Júní 1869 um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum.

Lög 4. Nóvember 1887 um sveitarstyrk og fúlgu.

Lög 7. Febrúar 1890 um breyting á lögum um sveitarstyrk og fúlgu.

Lög 12. Janúar 1900 um meðlag með óskilgetnum börnum o. fl.

Lög 23. Október 1903 um viðauka við lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. frá 12. Janúar 1900.

Loks eru úr gildi feld öll önnur ákvæði gildandi laga, þau er koma í bága við lög þessi.

80. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1907.

Nd. **241. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um atvinnu við siglingar.

Frá nefndinni.

Á eptir 13. gr. kemur ný grein, sem verður 14. gr., og orðast þannig:

Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórnarráðið veitt undanþágur frá prófkröfum þeim og skilyrðum að því er sjómensku snertir, sem nefnd eru í 8. til 12. gr.

Tala eptirfarandi greina breytist þar eptir.

Nd. **242. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bændaskóla.

Flutningsmenn: Einar Þórðarson. Jóhannes Ólafsson. Björn Bjarnarson. Stefán Stefánsson, þm. Skf. Björn Kristjánsson. Skúli Thoroddsen.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein orðist svo: Þrír skulu vera skólar á landi hér, er veiti bændaefnum nauðsynlega sérþekking til undirbúnings stöðu þeirra. Skólasetrin skulu vera: Hólar í Hjaltadal, Hvanneyri í Borgarfirði og Eið í Suður-Múlasýslu.
2. 2. gr. orðist svo: Við skólana á Hólum og Hvanneyri skulu vera 3 kennarar, og er einn þeirra jafnframt skólastjóri, en við Eiðaskólann 2, og er annar þeirra skólastjóri. Skólastjóri hefir á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. Hann hefir að launum 1500 kr. á ári, og leigulausan bústað fyrir sig og fjölskyldu sína. Enn fremur hefir hann 300 kr. á ári, ef hann

stjórnar skólabúinu og heldur reikninga þess. Fyrri kennari á Hólum og Hvanneyri hefir að launum 1200 kr. á ári, og annar kennarinn 900 kr. Kennarinn á Eiðum hefir að launum 1000 kr. á ári. Kennararnir hafa leigulausan bústað á skólunum fyrir sjálfa sig.

3. 5. gr. orðist svo: Skólarnir á Hvanneyri og Hólum skulu hvor um sig geta tekið á móti alt að 60 nemendum, en skólinn á Eiðum alt að 40 nemendum. Skólastjórnir skulu sjá um, að nemendur eigi á skólunum kost á ódyrri þjónustu og geti komið á sameiginlegu matarhaldi.

4. Við 8. gr. Í staðinn fyrir: »er amtsráðin norðan lands og sunnan hafa« komi: er amtsráðin norðan lands og sunnan og sýslunefndir Múlasýlslnanna hafa.

5. Við 8. gr. Í staðinn fyrir: »Hólum og Hvanneyri« komi: Hólum, Hvanneyri og Eiðum.

Nd. **243. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906—1907.

Nefnd sú, sem hin háttv. deild fól á hendur að athuga frumvarp þetta, hefir nú yfirfarið það nákvæmlega og rætt það á fundum sínum ásamt ýmsum fylgiskjölum frá stjórnarráðinu, svo og bænaskrám, skýrslum og málaleitunum, sem fyrir þinginu liggja. Skulum vér skýra frá áliti voru og tillögum á þessa leið:

I.
Tekjukaflinn.

2. gr.

Vér leggjum til, að tekjuáætlunin sé hækkuð á 2., 8., 9. og 11. lið um alls 32,000 kr. hvort árið, eða 64,000 kr. bæði árin, og byggjum það á hinni stöðugu hækkun, sem er á þessum tekjum ár frá ári samkvæmt eptirfylgjandi skýrslu:

	Meðaltal.		Upphæð 1904.	Tillögur nefndarinnar.
	5 árin 1899—1903.	3 árin 1901—1903.		
	Krónur.	Krónur.	Krónur.	Krónur.
2. l. Húsaskattur.....	7,734	8,289	10,300	10,000
8. - Útflutningsgj. af fiski og lýsi m. m.	72,047	80,713	97,070	75,000
9. - Aðflutningsgj. af áfeing. drykkjum.	121,760	129,100	143,986	120,000
11. - ——— af kaffi og sykri...	228,078	246,608	276,782	250,000

Ef ekki kemur mikill hnekkir atvinnuvegum og verzlun, má gera ráð fyrir þessum tekjum enn hærri, og þykist því nefndin hafa vaðið fyrir neðan sig.

II.
Gjaldakaflinn.

8. gr.

Nefnd sú, er á síðasta þingi hafði til meðferðar frumv. til laga um aðra skipun hinnar æðstu umboðsstjórnar Íslands, gekk að því vísu, að talsverður aukakostnaður yrði við ferðir ráðherrans til Kaupmannahafnar, dvöl hans og kostnað þar, og kvaðst búast við því, að kostnaðurinn væri borgaður, eptir reikningi, úr landssjóði. Fjárlaganefndin hefir því einu við að bæta, að kostnaður þessi komi væntanlega misjafnt niður á árin, þannig, að upphæðin sé áætluð fyrir fjárhagstímabilið í einu og býst eigi við, að þar verði hægt að koma við verulega sundurliðuðum reikningi.

10 gr. 4.

Með því að landssjóður á fangahús á Akureyri, sem jafnframt er ráðhús, og hús þetta er orðið mjög hrörlegt og skemt, svo að eigi verður komizt hjá kostnaðarsamri viðgerð á því, leggur nefndin til samkvæmt tillögu frá stjórnarráðinu, að hús þetta sé selt, og í samlögum við bæjarstjórnina á Akureyri byggt nýtt hús, þar sem ætlað sé nægilegt rúm fyrir ráðhús og fangaklefa. Nefndin væntir þess, að samlög þessi við bæjarstjórnina, verði þegar alt kemur til alls landinu kostnaðarminni heldur en viðhald gamla hússins.

10. gr. B. l. e.

Viðvíkjandi þessum lið vill nefndin taka það fram, að sá, er samið hefir áminst registur vill ekki láta handritið af hendi, nema hann lesi sjálfur prófarkir og hafi þá samtals 35 kr. fyrir örkina, og ætlast nefndin til að svo verði. Með því að hér er um áætlunarupphæð að ræða, leggur ekki nefndin til að hækka hana.

10. gr. B. 6.

Eptir nánari upplýsingar frá stjórnarráðinu, virðist nefndinni rétt að lækka þennan lið um 1000 kr. hvort árið.

11. gr. 6.

Nefndin hefir íhugað allýtarlega reikninga og áætlanir holdsveikraspítalans. Virðist henni þetta sérstaklega athugavert:

1. Fæðiskostnaður starfsmanna spítalans er nálægt 62 au. á dag auk matreiðslu, en fæði sjúklinga $38^1/_2$ au. á dag. Þetta þykir nefndinni furðu mikill og athugaverður mismunur.
2. Hinn áætlaði kostnaður við málning spítalans að utan (alls yfir 2000 kr.) þykir nefndinni furðanlegur, og væntir þess, að „accord“ um málninguna verði látið sæta undirboði. En þessi gífurlegi málningarkostnaður virðist benda á, að það væri í rauninni ódýrara, að leggja járn utan á húsið, því málning á því er ódýrari, auk þess sem járnið ver húsið margfalt betur.

   Viðvíkjandi staflið f. kemur nefndin með viðaukatillögu til skýringar því, að læknirinn hafi ókeypis ljós og eldsneyti einungis á spítalanum.

11. gr. 8.

Á eptir staflið d. ætlast nefndin til að komi tveir nýir liðir til sjúkrahúsa: á Sauðárkrók 2000 kr. og á Vopnafirði 600 kr. — Fyrir nefndinni hafa legið bænaskrár um þessar 2 styrkveitingar. Alþingi 1903 gekk inn á þá braut, að styrkja slíkar stofn-

anir, þar sem þeirra væri brýn þörf. Nefndin leggur því til að þessum bænaskrám sé sint, því að sjúkraskýli á þessum stöðum mundu bæta úr brýnni þörf, og læknissetur þar mun mega telja föst. Fjárlaganefnd neðri deildar 1903 lét í ljósi, að henni virtist nóg yfirleitt, að þessi sjúkraskýli hefði 4—6 sjúkrarúm, og að úr landssjóði væri lagt til þeirra sem næst 200 kr. á sjúkrarúm. Á þetta felst nefndin, en hefir þó farið feti framar með sjúkraskýlið á Sauðárkrók, og mæla með því þær sérstöku ástæður, hve mikið héraðsbúar leggja þar fram, og mjög vandlegur undirbúningur.

11. gr. 8. i.

Nefndinni virðist eigi næg ástæða til þessarar fjárveitingar, og ræður því til að fella hana.

12. gr. A. 1.

Hækkun sú, er nefndin stingur upp á á þessum lið, er samkvæmt tilmælum póstmeistara og byggist á því aðallega, hve störf póstafgreiðslumanna aukast árlega að miklum mun, einkum á viðkomustöðum skipa, og póstafgreiðslustöðum þarf vafalaust að fjölga; jafnframt er og ástæða til að rífka laun þeirra póstmanna, sem unnið hafa mjög vel um nokkur ár fyrir tiltölulega lág laun, en stór skaði er að missa frá starfinu, eins og t. d. fyrsta póstafgreiðslumann á pósthúsinu í Reykjavík, enda ætlast nefndin til, að hann sérstaklega fái persónulega launaviðbót. Hin upphaflegu laun póstafgreiðslumannanna í Reykjavík álítur nefndin eigi að síður full sæmileg byrjunarlaun handa hverjum lítt æfðum manni, enda réttlátt að laun fari hækkandi eptir persónulegum verðleikum manna.

12. gr. A. 2.

Nefndin leggur til, að þessi liður hækki um 7000 kr. á ári og að athugasemdin þar af leiðandi breytist. Hlutafélagið O. Wathnes Arvinger hefir ritað þinginu þess efnis, að það taki eigi að sér, að flytja póstsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf fyrir þann styrk, 1000 kr., sem hingað til hefir verið veittur, enda hefir það eigi þegið styrkinn síðustu árin. Hins vegar er það afarbagalegt að geta eigi komið ábyrgðarbréfum og sendingum með þeim skipum, sem hafa hér reglubundnar ferðir eptir auglýstri áætlun.

Gufuskipafélagið „Thore“ hefir nú að vísu optast nær látið flytja allskonar póst endurgjaldslaust hingað til, en eigi er heimtandi meira í þá átt en lög standa til. Af þessum ástæðum leggur nefndin til, að alt að 8000 kr. á ári megi verja til þóknunar handa þessum félögum til þess að takast á hendur hverskonar póstflutning jafnt og skip hins sameinaða, og áætlar að „Thore“ beri $^2/_3$—$^3/_4$ af upphæðinni á móts við „O. W. Arvinger“.

12. gr. A. 14.

Það er einnig eptir samráði við póstmeistara, að nefndin gerir tillögu um hækkun til bréfbera í Reykjavík og hinum kaupstöðunum. Þó hefir nefndinni eigi þótt ástæða til, að fara þar eptir fylstu óskum bréfberanna sjálfra.

12. gr. B. 1—7.

Nefndin fellst á þá stefnu í stjórnarfrumvarpinu, að leggja í minna lagi fram til vega á næsta fjárhagstímabili, enda hefir og verkfræðingur landsins Jón Þorláksson lagt það til, að farið væri hægt að vegamálum þangað til hann væri búinn að fá sæmilegt yfirlit yfir hinar brýnni umbætur á vegum, sem gera þarf; en að slíku yfirliti vill hann geta unnið sem hindrunarminst á næsta ári. Þessi fyrirætlun kemur heim við vilja fjárlaganefnda að undanförnu, og er nefndin nú henni einnig samþykk. Af

þessum ástæðum hefir nefndin eigi getað tekið til greina neitt teljandi af þeim fjárbænum um vegafé, sem fyrir þinginu liggja, heldur þvert á móti leggur til að lækka suma liði í stjórnarfrumvarpinu.

Breytingar þær, sem nefndin stingur upp á eru þessar:

1. að fjárveitingin til Fagradalsbrautar fyrra árið lækki um 5000 kr., og er það í samræmi við þá stefnu, sem að ofan er nefnd. Raunar færist þetta að líkindum einungis yfir á næsta fjárhagstímabil.
2. Nefndin leggur til að þjóðvegafé í Suðuramtið hækki um 3000 kr. fyrra árið, með það fyrir augum, að fé til Mosfellssveitarvegarins geti hækkað um 1000 kr. frá því, sem stjórnin ætlast til (upp í 4000 kr.).

   Þetta er samkvæmt sterkum meðmælum frá verkfræðingi landsins, og sökum hins mikla framlags á móti, sem héraðsbúar ætla að takast á hendur. Enn fremur að þjóðvegarkaflinn upp Borgarfjörð, beggja megin við Grímsá og Geirsá geti feingið nauðsynlega viðgerð. Í þessu sambandi vill nefndin benda á, að sá af þjóðvegum landsins, sem sízt mætti vanrækja, er vegurinn frá Reykjavík og norður um land.
3. Hækkun á þjóðvegafé í Vesturamtinu 6000 kr. f. árið. Hún er gerð einkanlega vegna tveggja brúargerða á þjóðvegi, nefnilega á Urriðaá og Hítará.
4. Nefndin leggur til, að styrkur til sýsluvegar í Gullbringusýslu falli burt. Það mun ekki hafa verið ætlun þingsins, að hafa árlega fjárveiting til þessa vegar, og þar sem nú er sparað vegafé til hins ýtrasta og mörg verkefni landssjóðs samkvæmt vegalögunum liggja óhreifð, þar sem fult eins brýn þörf er til vegabóta og hér, sýnist nefndinni eigi rétt að setja sýsluveg þennan í fyrirrúm.
5. Til vegar í Vestmanneyjum leggur þó nefndin til að veittur sé 1000 kr. styrkur fyrra árið, og byggir þá tillögu sína á því, að sýsla þessi fer og hefir farið á mis við alt gagn af vegafé, en leggur þó til sinna eigin vega mikið umfram lögskipuð hreppa- og sýsluvegagjöld. Auk þess er upphæðin eigi stór, og er til vegar sem orðið hefir fyrir slysum af sjávargangi.

Viðvíkjandi fjallvegafénu vill nefndin taka það fram, að henni sýnist eigi þörf á aðgerð á veginum yfir Grímstunguheiði, því nú orðið er sá vegur eigi fjölfarinn eða nauðsynlegur.

Skipting sú, sem er á fjárveitingunum til vega eptir árum, samkvæmt frumvarpinu, virðist nefndinni eigi þurfa að vera bindandi fyrir stjórnina að þessu sinni. —

12. gr. B. 8.

Samkvæmt beiðni frá þingmönnum Norður-Múlasýslu hefir nefndin lagt til, að veittur væri styrkur alt að 3000 kr. til brúargerðar á Jökulsá í Jökuldal. Að vísu kemur eigi brú þessi á þjóðveginn, því þar er brú áður, en margir þeir, sem þjóðveg verða að fara nú, langferðamenn og aðrir, myndu stytta leið á sér um meir en dagleið, með þessari brú, sem á að verða nálægt Hákonarstöðum. Auk þess hefir hún afarmikla þýðingu fyrir notkun afrétta, því Jökulsá hindrar fjárrekstra norður yfir.

12. gr. C. 1.

Þá er fjárlaganefndin tók að fjalla um þennan lið, lá fyrir tilboð frá „hinu sameinaða gufuskipafélagi“ um ferðir bæði milli landa og með ströndum fram eptir sömu ferðaáætlun og nú er í gildi. að einni ferð til Reykjavíkur viðbættri, svo að millilandaferðirnar yrði 21. Jafnframt voru boðnar fram ýmsar smærri lagfæringar á þessum ferðum, eptir samkomulagi við þingmenn. Gagnvart þessu skyldi þingið skuldbinda sig til, að greitt væri 50,000 kr. árstillag af Íslands hálfu. Um þessar mundir var

stórkaupmaður Þór. Túlinius kominn hér til bæjarins, og bauð fjárlaganefndinni að taka að sér fyrir hönd „Thore"-félagsins þessar sömu ferðir, með eingu lakari skipum, gegn 78,000 kr. tillagi á ári frá Íslandi og Danmörku, en að Ísland ábyrgðist sér alt tillagið. Síðar bauð hann 25—28,000 kr. lækkun á þessu, með því móti að sleppa skuldbinding um Færeyjaferðirnar.

Því næst kom fram annað tilboð frá „hinu sameinaða gufuskipafélagi" á þessa leið:

1. Millilandaferðir hinar sömu og í fyrra tilboðinu og síðar viðbætt einni ferð til Reykjavíkur, svo millilandaferðir yrðu 22 fyrir stærri skipin.
2. „Hólar" fari 4 ferðir frá útlöndum (optast Khöfn) til Reykjavíkur, þaðan austur kringum land til Akureyrar og sömu leið til baka og til útlanda. Viðkomur sömu og eigi í færri stöðum en á núgildandi ferðaáætlun.
3. „Skálholt" fari sömuleiðis 4 ferðir frá útlöndum til Reykjavíkur, vestur kringum land til Akureyrar og sömu leið til baka og til útlanda. Viðkomur eigi færri en á núgildandi ferðaáætlun.

Fyrir þessar ferðir skyldi Ísland greiða 30,000 kr. án nokkurrar skuldbindingar um tillagið úr ríkissjóði. Ferðaáætlanir þessar verða prentaðar síðar sem fylgiskjöl.

Farið var fram á við hr. Þ. Túlinius að gera tilboð um samsvarandi ferðir, og þessar, en til þess kvaðst hann ekki hafa nægan tíma, sem og eðlilegt var, en lagði þá fyrir nefndina annað tilboð með ágripi af ferðaáætlun. Tilboðið er í bréfi til fjárlaganefndarinnar og hljóðar á þessa leið:

Eptirrit.

Aktieselskabet Dampskibsselskabet »Thore«

p. t. Reykjavik 22. Juli 1905.

Henholdende mig til min ærbödige Skrivelse af igaar tillader jeg mig vedlagt at sende Udkast til Fartplan for 7 *Kystrejser öst- og vestom Island* i Forbindelse med Mellemlandsfart, samt, til Suplering af disse:

5 Kystrejser Tur & Retur mellem Östlandet og Reykjavik. Foruden disse Kystrejser forpligter jeg mig til at udföre:

9 direkte Rejser Köbenhavn, Leith — til Reykjavik og Retur deraf de 7 Rejser direkte ned og 2 (i Mai og Juni) via Østlandet.

Disse 7 direkte Rejser til Reykjavik udföres 1 i hver af Maanederne: Jan., Marts, April, Mai, Juni, Juli, Aug., Sept. og Novbr.

Endelig forpligter jeg mig til at anlægge *20 fartplanmæssige Tur og Retur Rejser,* nemelig:

10 Rejser Tur & Retur fra Köbenhavn til Reykjavik og Vestlandet (med Endestation Isafjord), og 10. Rejser Tur & Retur fra Köbenhavn til Öst- og Nordlandet (med Endestation Akureyri eller Saudarkrok).

Disse 20 Rejser har jeg Ret til at lægge paa den Maade, jeg selv anser for heldigst. — *Landet vil saaledes faa: ialt 36 — tretisex — Mellemlandsrejser hvoraf 27 med mer og mindre Kystfart.*

Fartplanerne udarbejdes og indsendes til Ministeriet for Islands Godkendelse.

Dette Tilbud er under Forudsætning af at der ydes mit Selskab det samme Tilskud som forudsat i vort gjorte Tilbud, nemelig: Kr. 50,000 — Femti Tusind

Kroner — aarlig, samlet fra Island og Danmark, medens altsaa Forpligtelsen overfor Færöerne bortfalder.

Alle Skibene skal være *Skibe med höjeste Klasse i Veritas*, fult saa gode som de af D. F. D. S. benyttede og med ikke mindre Passagerbekvemmeligheder end disse. — Dette Tilbud er mit absolute Ultimatum, bindende mod afgjörende Svar senest iaften Kl 8.

Ærbödigst
Thor E. Tulinius.

Til

Det islandske Althings Finansudvalg.

Nefndin var nú samhuga um það, að taka öðruhvoru þessara síðari tilboða. En þegar velja átti milli þeirra, valt eiginlega á því, hvort sá skilningur væri á rökum bygður, sem Tulinius bygði tilboð sitt að nokkru leyti á, að fjárveitingin frá Dönum til póstferðanna á milli Danmerkur og Íslands samkvæmt 6. gr. stöðulaganna, feingist til „Thore“-félagsins ef það tæki að sér ferðirnar við Ísland eftir samningi við Alþingi. Að undanförnu hefir á milli hinna dönsku ráðherra verið samkomulag um það, að sameiginlegur samningur væri um póstferðirnar á milli Danmerkur, Færeyja og Íslands og um strandferðir Íslands, og hefir ráðuneytið fyrir Ísland gert samninginn af ríkisins og landsins hálfu. En nú getur ekki um slíkt verið að ræða, og að minsta kosti gat ráðherra vor ekki ábyrgst nefndinni neitt samkomulag í þessu efni á milli hans og hlutaðeigandi ráðgjafa í Danmörku, og hafði hann þó farið þess á flot við ráðgjafann, eins og ráðherrann mun skýra frá í deildinni ef óskað er.

Nú voru flestir nefndarmenn þeirrar skoðunar, að danska stjórnin mundi fremur hafa tilhneiging til að láta fjárveitinguna til Íslandsferðanna ganga til sama félags og stöðugt hefir haft hana, síðan það byrjaði á ferðum hér til lands, hvað sem vér gerðum við tillagið frá Íslandi, að sínu leyti eins og var á dögum „landssjóðsútgerðarinnar“.

Þá gerði Tulinius það varatilboð, að ef svo reyndist, að tillagið frá Dönum feingist eigi til „Thore“-félagsins, þá skyldi hann gefa upp samninginn, en jafnframt taka að sér hinar 7 strandferðir, sem í tilboði hans eru nefndar fyrir 25000 kr. tillag frá Íslandi á ári. Svipaðar ferðir bauð erindisreki „hins sameinaða gufuskipafélags“ að félagið tæki að sér fyrir 18000 kr. tillag á ári. — Hvorugu þessu aukatilboði vildi nefndin sinna, því þá var alt í lausu lopti um millilandaferðir og strandferðir hinna eiginlegu millilandaskipa.

Þótt nú hinar framboðnu ferðir í aðaltilboði Tuliniusar væri nokkru fleiri en hjá „hinu sameinaða“, þá virtist meiri hluta nefndarmanna þær, eptir rækilegan samanburð, eigi eins hagfeldar. Þar á ofan eru 20 ferðir, sem hann áskilur sér rétt til að haga á þann hátt, sem hann álítur sjálfur heppilegast, að vísu upp á væntanlegt samþykki stjórnarráðsins. Ferðirnar væri því eigi það fýsilegri, að rétt væri að eiga á fullri hættu með, að Ísland borgaði 20 þús. kr. meira fyrir þær en hinar.

Af þessum ástæðum varð það loks niðurstaðan í nefndinni, að taka tilboði „hins sameinaða gufuskipafélags“ eins og það er framsett í eptirfylgjandi bréfi frá kapt. Aasberg:

Eptirrit.

p. T. Reykjavik den 25. Juli 1905.

Herved bekræfter jeg mit mundtlige Tilbud til det ærede Finansudvalg, angaaende Dampskibsfarten paa Island.

Det Forenede Dampskibsselskab forpligter sig til at udföre Dampskibsfart paa Island efter min indgivne Fartplan No. 3, a og b, paa samme Betingelser som i den nuværende Kontrakt og Fartplan.

Foruden de i Fartplan No. 3 a anförte 29 Rejser udföres 1 Rejse mere til Reykjavik.

De 1ste Kahytspassagerer, som er hjemmehörende paa Island, har Ret til at tage Kosten paa 2den Kahyt, baade i Mellemrigsfart og Kystfart, for samme Betaling som erlægges for Kosten af 2den Kahytspassagerer, samt er fritagne for tvungen Kost mellem islandske Stationer indbyrdes paa fartplanmæssige Skibe.

Færöerne anlöbes som i den nuværende Fartplan.

Smaa Rettelser ved Udfærdigelsen af den endelige Fartptan, kan saavel indrömmes som forbeholdes.

For ovenstaaende Dampskibsforbindelse betaler Island et aarligt Tilskud til det Forenede Dampskibsselskab af Kr. 30,000 — treti Tusind Kroner — uafhængigt af det Tilskud, som bevilges af Danmark.

De nugældende Taxter for Passagerer og Gods maa ikke forhöjes.

Ærbödigst
For Det Forenede Dampskibsselskab
J. F. Aasberg.

Til
Islands Althings Finansudvalg

12. gr. C. 2.

Á þessum lið hefir nefndin stungið upp á nokkrum breytingum, þótt fjárupphæðin sé því nær hin sama.

1. Upphæðin til Faxaflóabátsins er lagt til að lækki um 3000 kr. á ári, og er á því bygt, að nefndinni hefir borizt tilboð um að halda uppi jafnmörgum ferðum og jafngóðum á Faxflóa og nú eru með eingu lakari bát en s/s „Reykjavík“ er, fyrir 12000 kr. tillag á ári. Hinsvegar ætlast nefndin eigi til, að úr ferðum þessum sé dregið, frá því sem þær eru nú, og telur æskilegt, að báturinn komi nokkrum sinnum við í Skógarnesi eða Búðum.
2. Hækkun til báts á Ísafirði er með það fyrir augum, að ferðirnar nái yfir leingri tíma, en hingað til hefir verið.
3. Til bátaferða á Breiðafirði virtist nefndinni eigi rétt, að ætla *hærri* upphæð en alt að 8000 krónum á ári.
4. Samkvæmt beiðni frá Eyfirðingum leggur nefndin til, að veittur sé styrkur til bátsferða á firðinum og til næstu hafna í kring. Nefndinni virðist að sínu leyti sama þörf á bátaferðum í þessum firði eins og í hinum öðrum fjörðum, þar sem þær eru; en hyggur, að þar megi komast af með minni styrk, og leggur því til að til bátsferða þar sé veittar 3000 kr. á ári.
5. Nefndinni virðist heppilegra, að ætla ekki héraðsvöldum að gera samning um bátana,

því þar sem fleiri héruð þurfa að sameina sig um slíkt, getur samkomulag orðið torvelt og framkvæmd í handaskolum. Hins vegar er líklegt, að héraðsvöldin vinni að því, að stjórninni sé gerð tilboð, svo hún hafi þó við einhverja að semja, og að þau leggi jafnframt fram tillögur um tilhögun ferðanna, sem stjórnarráðið síðan taki svo mikið tillit til sem unt er. Loks má nefna, að það er hægra fyrir stjórnarráðið að koma samræmi og sambandi á meðal innfjarðabátanna sunnan og vestanlands innbyrðis og við hinar almennu gufuskipaferðir, og mætti það verða til hagræðis fyrir alla, sem hlut eiga að máli.

Nefndin leggur til, að í staðinn fyrir athugasemdina í frumvarpinu um 300 kr. á ári til gufubátsferða milli Eyrarbakka, Stokkseyrar, Vestmannaeyja etc. komi sérstakur liður með sömu upphæð á ári til gufu- eða mótorbátsferða á milli Vestmannaeyja og Rangársands, og styður það við bænarskrár frá þingmönnum Rangvellinga, um 500 kr. styrk á ári til slíkra ferða. Þykir nefndinni rétt, að sýslunefnd Rangvellinga hafi styrk þenna til meðferðar og semji um ferðirnar.

Beiðni hefir komið fram frá hlutafélagi í Fljótsdalshéraði, sem stofnað hefir til mótorbátsferða á Lagarfljóti, um 250 kr. styrk á ári til ferðanna. Fyrirtæki þetta álítur nefndin gott, og væntir þess, að það beri sig vel þegar fram líður, og til þess að létta fyrir stofnendum þess í byrjun vill nefndin að veittar sé 500 kr. fyrra árið.

12. gr. D.

Ritsímamálið hefir og er enn í höndum ritsímanefndarinnar, og tillögur frá þeirri nefnd eru ókomnar. Fyrir því hefir fjárlaganefndin eigi tekið það til meðferðar enn þá, en kemur væntanlega með sérstakt álit um það síðar.

12. gr. E. h.

Tillaga nefndarinnar um að færa undirliði 4. og 5. saman, er í samræmi við sundurliðunina á hinum vitunum.

12. gr. E. k.

Af því enginn viti er kominn upp á Skipaskaga og kemur ekki fyrst um sinn, nema fjárveiting sú, sem er á núgildandi fjárlögum, verði notuð, þá þykir nefndinni rétt að gera ráð fyrir því, að ekkert verði úr þeirri vitabygging að sinni. Eigi að síður lætur hún fjárveitinguna til vitans óhreifða, og geingur að því vísu, ef vitinn ekki kemst upp, að af henni verði teknar hinar venjulegu 75 kr. á ári til leiðarljóssins.

12. gr. E l.

Sökum stækkunar á ljóskeri Elliðaeyjarvitans þykir nefndinni rétt að auka árstillag til hans upp í 400 kr.

12. gr. E. n.

Eptir samkomulagi við ráðherrann leggur nefndin til að þessi liður færist niður úr 10,000 kr. í 3,000 kr. Upphaflega var gert ráð fyrir mikið meiri kostnaði til þessa en nú eru líkur til að verði. — Sjálfsagt er þetta áætlunarupphæð, og verður að brúka það fé, sem nauðsynlegt er til þess að rannsóknin nái tilgangi sínum.

13. gr. A.

Nefndin leggur til, að 6. töluliður falli burt. Hún hefir feingið upplýsingar um að 1200 kr. sé eptir af hinu veitta fé til nefndarinnar og dregur það nokkuð á götu. Og enda þótt eitthvað eyddist þar fram yfir, gæti það komið á aukafjárlög á sínum tíma. Fjárlaganefndin álítur, að stjórnarráðið sé svo vel mannað, að það geti tekið

við málinu, þá er milliþinganefndin hefir rækilega látið uppi skoðun sína á aðalatriðum þess, og að minni þörf sé nú en áður var á milliþinganefndum.

13. gr. B. II. b. 5.

Nefndinni virðist nóg, að ætla húsaleigustyrk handa 10 nemendum. Að hennar áliti ætti ekki að veita húsaleigustyrk öðrum nemendum, en þeim sem *verulega* stunda nám við skólann.

13. gr. B. III.

Nefndinni þykir stinga í augu um hinn mikla kostnað til hins almenna mentaskóla í samanburði við nemendafjölda. Hún vill því fara hægt í sakir með aukning slíks kostnaðar á meðan aðsóknin er jafn vafasöm og nú. Samkvæmt því leggur hún til, að liðurinn C. 2. lækki fyrra árið um 400 kr. (sé eins og á núgildandi fjárlögum) og að liðurinn C. 15 falli burt. Það getur eigi vel staðizt, að láta þá bygging sitja fyrir leikfimishúsi við Akureyrarskólann.

Nefndinni virtist og ástæða til, að lækka tímakenslu upphæðina. En henni hefir borist erindi frá rektor skólans þess efnis, að gera þurfi ráð fyrir tvískipting á 1. bekk, sökum vaxandi aðsóknar að ætla fé fyrir kostnaðarauka við það. Þessvegna lætur nefndin upphæðina óhreifða, en leggur til, að liðurinn C. 5. hverfi inn í C. 4.

13. gr. B. IV.

Nefndin leggur til, að liðurinn til bókakaupa og áhalda (b. 1.) hækki fyrra árið upp í 1000. Eins og kunnugt er brann alt, sem Möðruvallaskólinn átti af því tagi, og þarf því auk venjulegs árskostnaðar nokkurt fé til að jafna í það skarð. Kenslu þá sem skólinn á að inna af höndum samkvæmt lögum, verður eigi hægt að framkvæma, nema féð til tímakenslunnar sé hækkað að minsta kosti um helming. Þess vegna leggur nefndin til, að sú fjárveiting (b. 3) hækki upp í 1200 kr. hvort árið.

13. gr. B. VI. a.

Fjárveiting til Blönduósskólans vill nefndin víkja í sömu átt. og er í núgildandi fjárlögum, þannig, að skólinn hafi fast tillag langdrægt fyrir launum og húsnæðiskostnaði, þó aðsókn brigðist, en að öðru leyti eptir nemendafjölda. Hækkun þá er stjórnin styngur upp á getur nefndin eigi fallist á, þar sem aðsókn að skólanum er auðsjáanlega að minka.

Til kvennaskóla í Eyjafirði vill nefndin leggja fyrra árið 1500 kr. — Nefndin aðhyllist þá skoðun stjórnarinnar, að kvennaskóli Akureyrar eigi að leggjast niður sem slíkur. En samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, er nú búið að semja um kenslu og húsnæði fyrir skólann fyrir næsta vetur, og nefndin vill eigi að hlaupið sé undan þeim bagga, og miðar því fjárveitinguna við það. — Að styrkja skóla þennan sem húsmæðraskóla eins og farið er fram á í skjali frá stjórn kvennaskólans, vill nefndin ekki fyrr en skýrari grein er gerð fyrir fyrirkomulagi slíks skóla í framtíðinni og vissa fyrir, hverar stoðir undir hann renna í héruðum nyrðra.

13. gr. B. VI. b.

Beiðni kom frá barna- og unglingaskólanum á Heydalsá í Strandasýslu um alt að 500 kr. styrk á ári. Skóla þessum er lýst í skýrslu þeirri, er Guðm. Finnbogason hefir samið um barnaskóla hér á landi, og útbýtt er á meðal þingmanna. Nefndinni er kunnugt um, að slíkir skólar eru nú að rísa upp víðar og telur þá eingu síður nauðsynlega og gagnlega en barnaskólana. En þeir hafa eigi getað feingið styrk af fé því, sem veitt er til barnaskóla annarstaðar en í kaupstöðum, bæði af því, að þeir eru ekki

barnaskólar og að kensluskeiðin eru styttri en í barnaskólunum. Nefndin vill nú leggja í hendur stjórnarráðinu nokkurt fé (2000 kr. fyrra árið og 3000 kr. hið síðara) til þess að geta styrkt þessa skóla þar sem þeir rísa upp, jafnskjótt og þeir hlíta þeim skilyrðum, sem nauðsynlegt og eðlilegt er að setja þeim, og þá er áhugi þeirra, er að þeim standa, kemur í ljós við allmikil fjárframlög til þeirra. Er þar fyrst til að nefna sæmilegt húsnæði, þar næst nauðsynlegustu kensluáhöld og nokkurn hluta árlegs kenslukostnaðar. Líta verður og á það, hver skilyrði skólinn virðist hafa til varanlegrar aðsóknar.

Undir þessum staflið er á stjórnarfrv. nýr liður: styrkur til heimavistarskóla, sem nefndin hefir ekki skipt sér af, því henni þótti rétt, að þessi liður væri tekinn til sérstakrar athugunar þegar barnafræðslufrumvarpið væri búið að fá sína meðferð á þinginu. En fyrir nefndinni lá beiðni frá Vopnfirðingum um styrk til barnaskólahúss á Vopnafirði með allmörgum heimavistum, og er það mál að öllu leyti vel undirbúið. Það gæti nú verið álitamál, hvort slíkur skóli, þótt hann sé settur í kauptúni, ætti eigi að njóta styrks af þessum lið, að því skapi sem hann verður heimavistarskóli fyrir börn úr sveitinni.

13. gr. B. VI. C—f.

Þessa liði verður ekki sagt um fyrr en útséð er um, hversu frumv. um kennaraskóla reiðir af.

13. gr. B. VI. j.

Nefndinni virðist réttara að taka það fram, að styrkurinn sé til þess að semja alþýðu-kenslubækur.

13. gr. B. VI. l. og m.

Þótt nefndin hafi eigi lagt til að fella þessa liði burt að þessu sinni, þá álítur hún samt óheppilegt, að þeir á sínum tíma komust inn á fjárlög vegna eptirdæma. Hún vonar því, að þessar fjárveitingar úr landsjóði vari eigi leingur en næsta fjárhagstímabil.

13. gr. B. VI. n.

Eftir beiðni skólastjóra Sigurðar Þórólfssonar, sem nú hefir flutt skóla sinn að Bakkakoti í Borgarfirði leggur nefndin til að fyrirsögn liðsins sé breytt svo sem breytingartillagan ber með sér. Nefndin treystir því, að eftirlit verði með þessum skóla að sama skapi og annari alþýðufræðslu í landinu.

13. gr. B. VIII.

Stefán Eiríksson hefir sótt um 200 kr. launahækkun. Það er hvorutveggja, að maður þessi er góðs maklegur og eptir kenslustundatöflu þeirri, er hann hefir sent nefndinni, væri hann vel kominn að hærri launum en hann hefir. En nefndin álítur eigi nauðsynlegt að kosta meira sérstakl. til ókeypis kenslu í þessari grein, og telur því rétt, að hlutaðeigandi, sem annars hefir næga atvinnu, bindi sig ekki meiri ókeypis kenslu, en þessar 1000 kr. hrökkva til. —

13. gr. B. IX.

Þessi styrkur virðist mega lækka ofan í 2500 kr. á ári, því sá, er hans nýtur á sínum tíma, vinnur fyrir ágætri embættisstöðu og mætti því nokkuð til leggja sjálfur.

13. gr. B. X.

Nefndin er stjórninni samdóma um, að það væri mikilsvarðandi fyrir sveitirnar að meiga njóta fræðandi, skemtandi og *einkanlega vekjandi* fyrirlestra. Slík vakning, einkum í sambandi við unglingaskóla og bókasöfn, gæti komið því til leiðar að menn

legðu meiri rækt við heimahagana, við sveit sína, bygðarlög sín og land. En það er ekki á sérlega margra færi, að halda slíka fyrirlestra svo, að trygging sé fyrir verulegu gagni, en líklegt, að margir vildu ná í fjeð. Þess vegna þarf hér að setja haganlegar reglur, ekki alt af einskorðaðar, en þó til tryggingar, og þar að auk þarf að hafa *persónulega* trygging í þeim mönnum, sem sýslunefndirnar velja til þess að halda fyrirlestrana. Að þessu athuguðu virðist nefndinni rétt, að ætla eigi til þess eins mikið fje og í frumv. stendur, svona í byrjun, heldur leggur til að færa það niður í 3000 kr. fyrra árið og 5000 síðara. Nokkru af því, sem hér sparast, vill nefndin ráðstafa til unglingaskóla og sýslubókasafna, því eins og áður er sagt, ætti það að miða í sömu átt.

14. gr. 3.

Samkvæmt því sem nú var sagt vill nefndin auka þennan lið, og jafnframt upphæðina til hvers bókasafns um þriðjung. Ennfremur vill nefndin að þessi styrkur nái til bókasafna í kaupstöðum, sem hafa lestrarstofur, enda barst henni beiðni frá alþýðulestrafjel. Reykjavíkur í þá átt.

14. gr. 17—18.

Frá „Bindindissameining Norðurlands“ og „Stórstúku Godtemplara á Íslandi“ hafa komið umsóknir um hækkandi styrki. Starfsemi þessara bindindissambanda er augljós og góður árangur viðurkendur. Vill því nefndin sinna beiðni þeirra að nokkru.

14. gr. 23.

Viðvíkjandi þessari fjárveiting vill nefndin að tekin sé upp svipuð skilyrði og upphaflega voru, sem sé á fjárhagstímabilinu 1902—1903.

Í enda 14. greinar leyfir nefndin sér að leggja til að við sé bætt þessum fjárveitingarliðum:

1. Til landmælinga á Íslandi 5000 kr. hvort árið. Það er mikilsvarðandi verk, sem „Generalstaben“ frá Danmörku hefir unnið hér á landi í þessu efni á síðustu árum, og það hafa ýmsir minst á það við fjárlaganefndina, að styrkja ætti slíkt verk af landsfé. Nefndin er einhuga á sama máli; því auk þess, sem það hefir mikla praktiska þýðingu fyrir oss, að verki þessu miði áfram sem skjótast, þá er það og sæmdarmál vort, að styðja það að nokkru.
2. Til þess að gefa út leiðarvísi um fjallavegi á Íslandi. Kapt. Daniel Brun, sem hér er að góðu kunnur, hefir ritað fjárlaganefndinni og boðizt til, að semja þenna leiðarvísi, endurgjaldslaust, en stingur upp á, að þingið veiti 1000 kr. til útgáfunnar, sem yrði þá á íslenzku og ef til vill líka á ensku. Nefndin efast ekki um, að kapt. Brun er manna færastur til að semja slíkan leiðarvísi, og mun hann vafalaust hafa hann með myndum; og á hinn bóginn getur leiðarvísir þessi orðið að góðu gagni fyrir ferðamenn.
3. Nefndin leggur til, að Ásgrímur Jónsson, málari, fái hin næstu tvö ár að halda sama styrk og hann hefir nú, 600 kr. á ári, til þess að fullkomna sig í list sinni. Í bænarskrá frá honum til þingsins tekur hann það fram, að hugur hans sem listamans og málara stefni að íslenzku þjóðlífi og þjóðtrú og á þá braut hugsar hann sér að leggja. Starf hans í þessa átt gæti haft mikla þýðingu fyrir landið, en það mun fyrst um sinn gera manninum töluverða örðuleika með framfæri sitt. Eptir því áliti, sem hann hefir feingið bæði hér og erlendis, megum vér gera oss fremur góðar vonir um þennan unga listamann.
4. Þá vill nefndin veita Benedikt Jónassyni 500 króna styrk hvort árið, til þess að

stunda nám við verkfræðingadeild tekniska skólans í Þrándheimi. Maður þessi hefir lært timbursmíði á Akureyri og síðan stundað þá iðn í 4 ár í Noregi, en jafnframt í hjáverkum sínum stundað nám, svo hann hefir getað tekið allgóðan undirbúningspróf undir ofannefndan skóla. Hann hefir því sýnt svo mikinn áhuga og dugnað og feingið svo góða vitnisburði, að nefndinni sýnist rétt að styrkja hann til hins fyrirhugaða náms, sem hann býzt við að lúka á 4 árum, auðvitað að því tilskildu, að hann árlega sýni skilríki fyrir góðu áframhaldi við námið.

5. Helgi Pétursson jarðfræðingur hefir sótt til þingsins um 3000 kr. á ári í 2 ár til jarðfræðisrannsókna hér á landi. Eins og kunnugt er hafa rannsóknir þessa manns vakið mjög mikla eptirtekt hjá frægustu jarðfræðingum erlendis, og hafa bréf frá 2 slíkum mönnum legið frammi á lestrarsalnum. Nefndinni virðist að sínu leyti sé eigi minni ástæða fyrir hendi nú, en fyrr, þá er Alþingi um margra ára skeið styrkti jarðfræðisrannsóknir, og hlauzt sómi af. Vill nefndin því veita hinn umbeðna styrk. Styrkbeiðandi lýsir yfir, að hann að 2 árum liðnum muni geta haldið starfi sínu áfram án styrks af landsfé.

6. Ennfremur vill nefndin veita styrk öðrum vísindamanni, Helga Jónssyni grasfræðingi, 1200 kr. hvort árið, til mýrarannsókna og annara grasafræðisrannsókna hér á landi. Rannsóknir þessar geta haft töluverða þýðingu fyrir landbúnaðinn, bæði að því er snertir samsetning jarðvegar og þó einkum viðvíkjandi mómýrum.

15. gr. 1. a.

Til búnaðarskóla ætlar stjórnarfrumvarpið 10500 kr. fyrra árið og 13000 kr. hið síðara, og er miðað við það, að síðara árið sé búnaðarskólinn á Austurlandi runninn saman við skólann á Norðurlandi, og Ólafsdalsskólinn sé þá eigi leingur styrktur, en hinum tveimur skólum á Norðurlandi og Suðurlandi sé þá veittur verulega aukinn styrkur hvorum.

Nefndin er þessari stefnu, sem hér kemur fram, yfirleitt samdóma, og vill halda sem næst sömu fjárveiting á fjárhagstímabilinu, en telur rétt eptir atvikum, að gera að sinni ráð fyrir 3 skólum síðara árið. Aðalbreytingin hjá nefndinni er að skipta fjárveitingunni í fastan styrk og lausan, og fari hinn síðari eptir nemendafjölda; er það nauðsynlegt eins og á stendur. Þá er og slept, að hafa fjárveiting til verklegrar kenslu sérstaka við Hólaskóla; nemendafjöldi er þar svo mikill, að sá skóli fær nóg fé til þess að auka og bæta verklega kenslu hjá sér. Þessi verulega hækkun á lausastyrknum síðara árið er miðað við væntanlega fjölgun nemenda við Hvanneyrarskólann.

Samkvæmt framanskrifuðu fellur niður styrkurinn til Ólafsdalsskólans í árslok 1906. Leggur nefndin til að forstöðumanni þess skóla sé veittar síðara árið 1500 kr. til þess að halda uppi verklegri búnaðarkenslu í Ólafsdal.

15. gr. 1. c.

Samkvæmt beiðni frá Búnaðarfélagi Íslanks gerir nefndin tillögu um, að fjárveiting til þess hækki fyrra árið um 6000 kr. og síðara árið um 7000 kr. frá því sem í frumv. stendur. Er nóg að skýrskota til áætlunar þeirrar um tekjur og gjöld félagsins komandi fjarhagstímabil, sem útbýtt er meðal þingmanna, ásamt skýrslu um breytingar þær og viðbætur, sem búnaðarþingið samþykti í sumar, og lögð verður fram á lestrarsalinn. Það verður að álíta áætlunina, eins og hún er samþykt af búnaðarþinginu, bindandi fyrir stjórn félagsins í öllum aðalatriðum, svo að þingið hafi að vísu að ganga um það, til hverra fyrirtækja fé veitist og hve mikið til hvers.

15. gr. 3—4.

Dýralæknir Magnús Einarsson hefir sótt til þingsins um, að hin persónulega

launahækkun sín færðist úr 400 kr. upp í 800 kr. Beiðni þessari hefir nefndinni þótt sanngjarnt að sinna að nokkru, og leggur því til, að uppbótin færist upp í 600 kr.

Nefndinni þykir ástæða til, að færa styrkinn til Hólmgeirs Jónssonar úr 500 kr. ofan í 300 kr. á ári, þar eð hann einga læknisskyldu hefir, en óhugsandi að styrkja marga leikmenn, sem við dýralækningar fást víðsvegar hér á landi.

15. gr. 5.

Eptir þeirri reynslu, sem feingin er, hefir þessi stöðuga styrkveiting á fjárlögunum allmjög misheppnazt, og virðist nefndinni nóg, að áætla styrk einungis handa einum manni.

15. gr. 7.

Hér ætlast nefndin til að komi ný fjárveiting 1500 kr. hvort árið. Félög kaupmanna og verzlunarmanna í Rvík hafa, eins og þingmönnum er kunnugt, sótt um 4500 kr. árlegan styrk til verzlunarskóla í Reykjavík, sem þessi félög vilji stofna. Nefndin treystir sér ekki til að mæla með svo hárri fjárveiting, og er ekki sannfærð um, að reglulegur verzlunarskóli hér sé nauðsynlegur. En að kenslu þeirri fyrir verzlunarmenn, í morgunstundum, sem umsóknin gerir ráð fyrir, vill þó nefndin styðja með áminstri fjárveiting.

15. gr. 8.

Fjárveiting þeirri, er hér ræðir um vill nefndin, að hagað sé svo, að almenningur eigi einnig kost á leiðbeiningum slíks byggingarfróðs manns með vægum kjörum.

15. gr. 11.

Nefndin sér eigi næga ástæðu til þessarar fjárveitingar.

15. gr. 11.

Á fjárlagafrumvarpi því, er stjórnin lagði fyrir alþingi 1903, var ætlað fé til að stofna efnarannsóknastofu í Reykjavík og var það samkvæmt þingsályktunartillögu neðri deildar 1902. Þótt nú fjárveiting þessi félli í efri deild á þinginu 1903, verður varla sagt að þinginu hafi verið snúinn hugur í því máli. Nú hefir búnaðarþingið skorað á fjárlaganefndina að taka mál þetta upp á ný, og þar sem nefndin er þeirrar skoðunar, að mál þetta sé nauðsynlegt og svo vel undirbúið sem kostur er á, vill hún leggja til, að tekið sé inn á fjárlög nú nauðsynlegt fé til þess að koma málinu til framkvæmda á næsta ári.

Upphæðin til stofnunarkostnaðar 5500 er eptir áætlun efnafræðings Ásg. Torfasonar, og liggur hún fyrir þinginu, en hinn árlega kostnað hefir nefndin sjálf áætlað, og hyggur, að hann megi ekki minni vera. Húsnæði áætlar hún einungis fyrir rúmlega hálft fyrra árið.

Aptan við 15. gr. ætlast nefndin til að bætist þessir fjárveitingaliðir:

1. Til stórskipabryggju í Stykkishólmi. Þar er tekin upp nokkurn veginn sama fjárupphæð og er á núgildandi fjárlögum, en með harðari kjörum að því er snertir tillag á móti, því bryggja þessi er samkvæmt nýrri áætlun kostnaðarmeiri en upphaflega var áætlað.
2. Styrkur til stofnunar ábyrgðarsjóðs fyrir mótorbáta á Seyðisfirði. Þar eru nú komnir um 20 mótorbátar og ábyrgðarfélag í myndun, sem sækir um styrk þennan. Það eru líkur til, að fiskiveiðum og samgöngum sé mikil framför í fjölgun mótorbátanna, en í þeim stundum talsvert mikið fé, sem ilt er að hafa óvátryggt. Það er nú í samræmi við fyrri fjárveitingar Alþingis í samskonar augnamiði, að nefndin

leggur til að 3000 kr. styrkur sé veittur þessu ábyrgðarfélagi. Skilyrðin eru, að fyrirkomulag félagsins sé tryggilega bundið með lögum, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. Skipstjórafélagið „Aldan“ sækir um 2500 kr. styrk hvort árið til þess að afla sjómannastéttinni ýmislegrar fræðslu, sjávarútveginum viðvíkjandi, sem ekki getur feingizt hér á landi, helzt með því að styrkja einstaka sjómenn til utanfara, líkt og og Búnaðarfél. Íslands gerir. Þótt umsóknin sé nokkuð óákveðin, vill nefndin verða við þessari beiðni að nokkru leyti, og veita hina umbeðnu fjárhæð fyrra árið, með það fyrir augum, að síðan taki hinn væntanlegi Fiskiveiðasjóður við, ef lög um hann ganga fram á þinginu.
4. Íshússtjóri Ísak Jónsson, sem nú er fluttur að Þaunglabakka í Þorgeirsfirði til þess að koma þar á síldveiði, sækir um 2000 kr. styrk og 2000 kr. lán til þess að koma þar upp íshúsi. Nefndin álítur, að ekki komi til mála, að veita mönnum alment styrk öðruvísi en lánsstyrk til íshúsbygginga. En í þetta sinn vill hún gera undantekningu, í viðurkenningar skyni við manninn, sem hefir verið fyrsti og eini frömuður íshúsbygginga á Austur- og Norðurlandi, og kom einmitt heim frá Ameríku til þess að hefja slíkt nýmæli hér. Á það má og líta, að hann er eins og nokkurs konar landnemi í Þorgeirsfirði, ef honum heppnast fyrirtæki sitt, en þar er haganlegt til sjósóknar að mörgu leyti. Nefndin leggur því til að veita honum 1000 kr. f. árið.

17. gr.

Við þessa grein leggur nefndin til, að bætt sé við ellistyrk handa ekkjum tveggja þjóðkunnra merkismanna, sem sé ekkju Benedikts prófasts Kristjánssonar, frú Elenborgu Friðriksdóttur 300 kr. og ekkju Þorkels prests Bjarnasonar frú Sigríði Þorkelsdóttur 200 kr. Að vísu mun hin síðarnefnda njóta einhvers styrks af fé því, sem ætlað er fátækum prestsekkjum, sem nefndin þá ætlast til að hverfi.

Ennfremur leggur nefndin til, að tveimur uppgjafapóstum verði veittur ellistyrkur, 200 kr. hvorum, þeir hafa hvor um sig slitið kröptum sínum í hinum erfiðu póstferðum hér, og rækt það starf með dugnaði og sérlegri trúmensku, og ætlast nefndin til, að styrkur þessi sé viðurkenning fyrir það.

20. gr.

Við þessa grein vill nefndin gera nokkrar breytingar:

1. Hún vill færa lánsheimild til þilskipakaupa upp um 20 þús. kr. með það fyrir augum, að lán megi veita til fiskigufuskipa, og þá hærri upphæð til hvers, og breytist orðalag lánsheimildarinnar samkvæmt því. Jafnframt leggur hún til, að vaxtaupphæð sé ákveðin 4% í samræmi við hinar nýrri lánsheimildir úr viðlagasjóði.
2. Þá leggur nefndin til, að burt sé feld lánsheimild til skipakvíar í Oddeyrarbót. Aptur á móti leggur nefndin til, að komi lánskeimild sú, sem er í núgildandi fjárlögum til verksmiðjufélags Akureyrar. Nefndinni virðist eigi tök á að lána báðum þeim fyrirtækjum, en telur léttara fyrir hið fyrnefnda að afla sér láns í bönkum gegn þeim tryggingum, er það hefir að bjóða (ábyrgð Akureyrarkaupstaðar að fullu), auk þess, sem ýmislegt meira mælir með hinu síðarnefnda.
3. Nefndin vill veita trésmíðaverksmiðjunni „Fjalar“ á Húsavík heimild til 7000 kr. láns með sömu kjörum og samskonar fyrirtæki í Hafnarfirði fékk fyrir skömmu, og hefir þetta fyrirtæki öll hin sömu meðmæli sem hitt.
4. Skipstjóri og íshafsfari Ole Nessö frá Tromsö í Noregi sækir til Alþingis um 10,000 kr. lán til þess að stunda veiðar í íshöfum og á austurströnd Grænlands gegn þeim skilyrðum:

1. að hann setji tryggingu fyrir láninu svo sem krafizt er,
2. að hann búsetji sig á Íslandi og reki þaðan íshafsveiðar í norðurhöfunum og á austurströnd Grænlands,
3. að hann flytji lifandi moskusnaut á land á Íslandi til uppeldis í landinu, og selji þau ekki meira en 1000 kr. hvert.

Nefndin leggur til, að heimild til þessarar umbeðnu lánveitingar sé gefin.

Alþingi 2. Ágúst 1905.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Pétur Jónsson, skrifari og framsögum.
Jón Jónsson. Þórhallur Bjarnason. Lárus H. Bjarnason.
Skúli Thoroddsen, með fyrirvara. Stefán Stefánsson, með fyrirvara.

Nd.

244. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906—1907.

Frá fjárlaganefndinni.

1. við 2. gr. 2. fyrir: 8000—8000 komi 10000—10000=20000.
2. — — — 8. — 65000—65000 komi 75000—75000=1500000.
3. — — — 9. — 110000—110000 komi 1200000—120000=240000.
4. — — — 11. — 240000—240000 komi 2500000—250000=500000.
5. við 10. gr. A. Á eptir tölulið 2 komi nýr liður:
   5. Til byggingar ráðhúss og fangelsis á Akureyri 4000 kr. f. á. Stjórninni veitist heimild til, að selja eign landssjóðs í »ráðhúsinu« á Akureyri fyrir að minsta kosti 2000 kr., og dregst söluverðið frá hinni veittu fjárupphæð.
   Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að lagðar verði til byggingarinnar annarsstaðar frá að minsta kosti 8000 kr. og bókasafni Norðuramtsins ætlað hæfilegt rúm í húsinu.
6. Við 10. gr. B. 6. fyrir 2000—2000 komi 1000—1000.
7. — 11. gr. 6. f. Við athugasemdina bætist: á spítalanum.
8. — 11. gr. 8. d. Á eptir þessum lið komi 2 nýir liðir:
   e. Til sjúkraskýlis á Sauðárkrók (f. árið) 2000 kr.
   f. Til sjúkraskýlis á Vopnafirði — 600 —
   Styrkir þessir veitast með því skilyrði, að sjúkraskýlin hafi rúm fyrir að minsta kosti 8 sjúklinga hið fyrnefnda og 3 sjúklinga hið síðarnefnda, og að hlutaðeigandi sýslufélög taki sjúkraskýlin að sér til eignar og reksturs.
9. — 11. gr. 8. i. Liðurinn falli burt.
10. — 12. gr. A. 1. b. 1. fyrir 9500 kr. komi 11000 kr.
11. — — — — 1. b. 2. — 3800 — — 4200 —
12. — — — — — — - Á eptir liðnum komi þessi athugasemd: þar af 500 kr.

sem launaviðbót handa núverandi fyrsta póstafgreiðslumanni.

13. — 12. gr. A. 2. fyrir 41000—41000 komi 48000 — 48000.
14. — — — — — Athugasemdin við þennan lið orðist þannig: fyrir 1000 komi: »alt að 8000«. Á eptir: »hvort árið til« komi: hlutafélagsins Thore; fyrir »skip félagsins« komi: skip félaganna.
15. — 12. gr. A. 4. f. fyrir 600 kr. komi: 800 kr.
16. — — — — 4. g. — 200 — — 400 —
17. — — — B. 3. (til flutningabrautar í Fagradal f. árið) fyrir »15000« komi 10000.
18. — 12. gr. B. 4. (í Suðuramtinu f. árið) fyrir 3000 komi 6000.
19. — — — — — (í Vesturamtinu f. árið) — 4000 — 10000.
20. — — — — — Aptan við 4 lið komi þessi athugasemd:
Af þjóðvegafé til Suðuramtsins má verja 4000 kr. til þjóðvegarins upp Mosfellssveit gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að.
21. — — — — 7. Fjárveiting sú falli burt, en í þess stað komi fyrra árið
— — — — — Til vegar í Vestmannaeyjum 1000 kr.
22. Við 12. gr. B. 8. Aptan við þann lið komi nýr liður þannig hljóðandi:
9. Styrkur til brúargerðar á Jökulsá í Jökuldal, þó eigi yfir helming brúarkostnaðar, eða alt að 3000 kr. (f. árið).
23. Við 12. gr. C. 1. Fyrir orðin: »Verði 20 — — á fjárhagstímabilinu 1904 og 1905 og« komi: Verði 30, að viðkomur í Færeyjum sé eins og í gildandi ferðaáætlun félagsins, að fargjöld og farmgjöld verði eigi hærri en nú eru, að Íslendingar, sem ferðast á fyrsta farrými, megi bæði á milli landa og með ströndum fram kaupa fæði sitt á 2. farrými, og sé eigi skyldir til að kaupa fæði á ferðum með landi fram.
Enn fremur:
24. — — — — — Fyrir: 75000—75000 komi: 30000—30000.
25. — — — C. 2. Liðurinn orðist þannig:
Til gufubátaferða alt að 28000—28000.
Fénu má verja þannig hvort árið:

Til bátaferða á Faxaflóa alt að		12000 kr.
— ——	- Breiðafirði — —	8000 —
— ——	- Ísafirði — —	5000 —
— ——	- Eyjafirði — —	3000 —

Stjórnarráðið semur við útgerðarmenn bátanna um skilyrði, er þeir verða að hlíta, og árstillög til þeirra, það samþykkir fargjöld og farmgjöld svo og ferðaáætlanir bátanna að feingnum tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna. Styrkveitingarnar greiðist með því skilyrði, að bátarnir flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum viðkomustaðanna án sérstaks endurgjalds.
26. — — — — — Á eptir þessum lið komi 2 nýir liðir þannig hljóðandi:
3. Styrkur til gufu- og mótorbátsferða á milli Vestmanneyja

og Rangársands ... ... 300 kr 300 kr.
Sýslunefnd Rangárvallasýslu semur um ferðirnar og tekur á móti styrknum.

27. 4. Til mótorbáts á Lagarfljóti ... ... 500 — » —

28. Við 12 gr. E. h. Undirliðirnir 4. og 5. verði einn liður þannig orðaður:
Til viðhalds húsum, áhöldum o. fl. 200 kr.

29. — — — E. k. Fyrir »vitans« komi: vita.

30. — — — E. l. Fyrir »300 — 300« komi: 400 — 400.

31. — — — E. n. Fyrir »10000« komi: 3000.

32. — 13. gr. A. a. Liðurinn orðist svo:
1. Laun biskupsins 7000 kr.
2. Skrifstofukostnaður 1000 — 8000 — 8000.

33. — — — A. b. 5. Liðurinn falli burt.

34. — — — A. b. C. Sömuleiðis.

35. — 13. gr. B. II. b. 5. Liðurinn orðist svo:
Húsaleigustyrkur handa 10 nemendum 800 kr.
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 80 kr.

36. — — — B. III. C. 3. Fyrir 1800 kr. f. árið komi 1400 kr.

37. — — — — — — 4.—5. liður verði einn liður, sem orðist svo:
Til tímakenslu og prófdómenda 2800 — 2800.

38. — 13. gr. B. III. C. 15. Liðurinn falli burt.

39. — — — — IV. b. 1. Fyrir »600 — 600« komi: 1000 — 600.
— — — — — — — 3. Fyrir »600 — 600« komi: 1200 — 1200.

40. — — — — VI. a. 3. Liðurinn orðist svo:
Til kvennaskólans á Blönduósi ... ... 1500 — 1500
Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að ... ... 1600 — 1600

41. — — — — — Á eptir þessum lið komi nýr liður:
4. Til kvennaskólans á Akureyri til þess að halda áfram kenslunni til vordaga 1906 (f. árið) 1500.

42. — — — — — b. 2. Á eptir þessum lið komi nýr liður á þessa leið:
Til unglingaskóla, þó eigi yfir 500 kr. til hvers, alt að ... ... 2000 — 3000
Styrkur þessi veitist gegn því skilyrði, að til kenslunnar sé varið úr sveitarsjóði eða annarstaðar að eigi minna en styrkurinn nemur. Nánari skilyrði fyrir styrkveitingum þessum semur stjórnarráðið eptir tillögum umsjónarmannsins yfir barnaskólum og alþýðufræðslu.

43. — — — B. VI. j. Fyrir: »kenslubækur« komi: alþýðukenslubækur.

45. — — — — — n. Fyrirsögnin orðist svo:
Til lýðháskólans í Bakkakoti í Borgarfirði.

46. — — — — — IX. Fyrir 3000 — 3000 komi: 2500 — 2500.

47. — — — — — X. Fyrir »10000 — 10000« komi: allt að 3000 — 5000.

48. — 14. gr. 3. Liður orðist svo:
Til sýslubókasafna og lestrarsala í kaupstöðum alt að 150 kr. til hvers, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, alt að ... ... 1500 —1500

Landsstjórninni sé sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.

45. Við 14. gr. 17. Fyrir 200 — 200 komi: 300 — 300.

46. — — — 18. — 1200 — 1200 komi: 1600 — 1600.

47. — — — 23. Aptan við liðinn bætist þessi athugasemd:
Af þessari upphæð greiðist 400 kr. á ári sem ritlaun fyrir sagnfræðilegar ritgerðir, 50 kr. fyrir hverja örk.

48. — — — 24. Á eptir þessum lið komi 4 nýir liðir þannig hljóðandi:

49. — — — 25. Til landmælinga á Íslandi ... ... 5000 — 5000.

50. — — — 26. Til þess að gefa út lýsing af ísl. fjallvegum 1000 —

51. — — — 27. Til Ásgríms Jónssonar málara, til þess að fullkomna sig í málaralist... ... ... 600 — 600.

52. — — — 28. Til Benedikts Jónassonar til þess að stunda nám á verkfræðingaskóla í Þrándheimi ... ... — ... 500 — 500.

53. — — — 29, Til Helga Péturssonar til jarðfræðisrannsókna 3000 — 3000.

54. — — — 30. Til Helga Jónssonar til mýra og grasafræðisrannsókna ... ... 1200 — 1200.

55. — 15. — 1. a. Liðurinn orðist þannig (á eptir »til búnaðarskóla«):

1. Til skólans á Hólum	kr. 1200 — 1200	
2. Til skólans á Eiðum	— 1200 — 1200	
3. Til skólans á Hvanneyri	— 1200 — 1200	
4. Til þessara skóla eptir nemendafjölda, þó eigi meira en 100 kr. fyrir hvern nemanda, alt að	— 6000 — 8000	
5. Til búnaðarskólahalds í Ólafsdal	2500 — »	12,100 — 11,600

56. Við 15. gr. 1. a. Á eptir þessum lið komi nýr liður:
b. Til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal til verklegrar búnaðarkennslu ... ... » 1,500

57. — — — 1. c. fyrir 35000 — 37000 komi: ... ... 41,000 — 44,000

58. — — — 3. b. — 400 — 400 komi: ... ... 600 — 600

59. — — — 4, — 500 — 500 komi: ... ... 300 — 300

60. — — — 5. Liðurinn orðist þannig:
Styrkur til manns til að nema dýralækningar 600 — 600

61. — — — 7. Á eptir þessum lið komi nýr liður:
8. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík ... 1500 — 1500

62. — — — 8. sem verður 9. liður: fyrir orðið: »aðstoðar« til enda málsgr. komi: leiðbeini við húsabyggingar.

63. — — — 11. Liðurinn falli burt.

64. — — — Á eptir 11. lið komi nýr liður.
12. Til efnarannsóknastofu í Reykjavík.

a. Stofnunarkostnaður alt að — ... ... 5,500 — »
b. til árlegs kostnaðar.
1. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar kr. 2000 — 2000
2. til aðstoðar og annarar vinnu ... ... — 300 — 300
3. til húsaleigu ... ... — 300 — 500
4. — ljósa og eldsneytis — 300 — 300 2,900 — 3100

12. sem verður 13. liður komi þessi liður:
14. Styrkur til stórskipabryggju í Stykkishólmi að fjórðungi kostnaðar, þó eigi yfir ... ... » — 5000

66. Við 15. gr. 15. Styrkur til Ábyrgðarfélags Seyðisfjarðar fyrir mótorbáta ... ... 3,000 — »
Styrkurinn útborgast, þá er stjórnarráðið hefir feingið fullnægjandi skýrslu um stofnun félagsins og samþykt lög þess.

67. — — — 15. Til skipstjórafélagsins »Öldunnar« ... ... 2,500 — »

68. — — — 16. Til Ísaks Jónssonar íshússtjóra styrkur til þess að koma upp íshúsi í Þorgeirsfirði ... 1,000 — »

Við 17. gr. Á undan síðasta málslið komi:
69. Til frú Elinborgar Friðriksdóttur 300 kr.
70. — frú Sigríðar Þorkelsdóttur . . . 200 —
71. — Sumarliða pósts . . . . . 200 —
72. — Hannesar pósts . . . . . 200 —

73. Við 20. gr. Fjórða málsgrein breytist þannig:
Fyrir orðin: »alt að 30,000 — — til hvers skips« komi: Alt að 50,000 kr. til þess að byggja þilskip og kaupa skip til fiskiveiða frá útlöndum. Eigi má lána meira en 15,000 til hvers gufuskips og 5000 kr. til hvers þilskips.

74. — — — Fyrir »3%« í sömu málsgrein komi: 4%.

75. — — — Næstsíðasta málsgrein falli burt (skipakví í Oddeyrarbót).
í hennar stað komi:

76. — — — Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni og má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyrarkaupstaður ábyrgist það, er umfram er. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlanst fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

77. — — — Úr viðlagasjóði má verja alt að 7000 kr. til lánveitingar handa trésmíðaverkstæðinu »Fjalar« á Húsavík. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslufélags Suðurþingeyjarsýslu, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu

3 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á 14 árum.

78. Við 20. gr. Úr viðlagasjóði má verja 10,000 kr. til lánveitingar handa skipstjóra Ole Nessö frá Tromsö í Noregi til þess að stunda veiðar í íshöfum og við austurströnd Noregs, með þeim skilyrðum, að nefndur Ole Nessö

1. setji þá tryggingu gegn láninu, sem stjórnarráðið tekur gilda,
2. að hann búseti sig á Íslandi og reki þaðan veiðar í norðurhöfum og á austurströnd Grænland,
3. að hann flytji lifandi moskussauði (= uxa) til uppeldis í landinu, og selji þó eigi meira en 1000 kr. hvern.

Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrsta árið og endurborgist síðan á 10 árum.

Ed. **245. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um beitutekju (þskj. 216).

Frá Þorgr. Þórðarsyni, Jóh. Jóhannessyni og Valtý Guðmundssyni.

1. Á eptir »og skal« í 3. gr. bætist: formaður.
2. 4. gr. orðist þannig:

Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr. áður en hann fer af beitifjöru, nema öðruvísi sje um samið. Séu ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi einginn umboðsmaður gefið sig fram af hinna hálfu.

Ed. **246. Nefndarálit**

um frumv. til laga um fyrning skulda og annara kröfuréttinda.

Oss þykir óþarft að færa neinar frekari ástæður fyrir nauðsyn fyrningarlaga þessara, en gert er í ástæðum frumvarpsins.

Við 1. og 2. gr. höfum vér ekkert að athuga.

Um 3. gr. er það fyrst að athuga, að eptir orðum hennar hljóta sveitarskuldir fyrir þeginn fátækrastyrk, að heyra undir þær kröfur, er samkvæmt henni fyrnast á 4 árum. En ekki verður á athugasemdunum séð, að höfundum frumvarpsins hafi verið það ljóst, enda hyggjum vér mála sannast, að þeim hafi ekki komið það til hugar.

Nú þykir oss öllum ísjárvert, að láta þessa tegund skulda fyrnast á svo stuttum tíma, og vill meiri hlutinn leggja til, að fyrningartími þeirra verði 10 ár. Því viljum vér setja ákvæði um þetta í 4. gr., en tilvísunar-undantekning því samkvæmt í 3. gr.

Þá viljum vér og gera takmörkun þá á 4 ára fyrning verzlunarskulda, að haldi skuldunautur áfram föstum viðskiftum og fái árlega viðskiptareikning (en sönnunarbyrgðin fyrir því hvílir auðvitað á skuldeiganda), þá fyrnist ekki sú

skuld, er hann kann í að vera við nýjár (þótt stafa kunni frá fyrirfarandi ára viðskiptum), meðan viðskiptum er haldið áfram óslitið.

Sama viljum vér að gildi um kaupgjald hjúa meðan þau eru samfelt í sömu vist ár eptir ár.

Hér skulum vér nú tilfæra þær

BREYTINGARTILLÖGUR,

er vér ráðum háttv. þingdeild til að gera:

1. við 3. gr., að á eptir orðunum: »þessar kröfur fyrnast á 4 árum« (í upphafi gr.) komi: (sbr. þó 4. gr.):
2. — 3. — 1. Á eptir orðunum: »sölu eða afhendingu . . . . . fylgifé með fasteign« bætist við: — þó svo, að haldi skuldunautur áfram föstum viðskiptum við kaupmann, verksmið eða þvílíkan atvinnureka, og fái árlega viðskiptareikning, fyrnist ekki sú skuld, er hann kann í að vera við nýjár hvert, hvort sem hún stafar frá viðskiptum síðasta árs eða ekki, meðan viðskiptum er haldið áfram óslitið.
3. við 3. gr. Aftan við: »Vinnu og hvers konar starfa, sem í té er látinn« bætist: — þó fyrnist eigi krafa hjús um kaupgjald, meðan það er samfelt áfram í sömu vist.
4. við 4. gr. Á eptir 1. tölul. bætist inn nýr (2.) tölul. svolátandi:
   Kröfur til endurgjalds þegnum sveitarstyrk; þó fyrnast þær kröfur ekki, ef styrkþegi hefir feingið sveitarstyrk á ný á síðustu 10 árum.
5. við 4. gr. 2. liður verði 3. liður.
6. við 6. gr. (orðabreyting): Orðin: »annaðhvort með berum orðum eða á annan hátt — t. d. með því að lofa borgun eða greiða vöxtu — flytjist fram og komi inn á eptir orðunum: »skuld sína við kröfueiganda« í 1. línu 6. gr.
7. við 7. gr. Fyrir »sviksamlega dregur« komi: dregur sviksamlega (orðabreyting).

Með þessum breytingum ráðum vér deildinni til að fallast á frumvarpið.

Alþingi, 31. Júlí 1905.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Jón Ólafsson, skrifari og framsögumaður.

Guðjón Guðlaugsson, með fyrirvara.

Ed. **247. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um fyrningu skulda og annara kröfuréttinda.

Flutningsm. Guðjón Guðlaugsson.

Aptan við 1. gr. bætist: og eigi heldur kröfur til endurgjalds þegnum sveitastyrk.

Ed. **248. Frumvarp**
til laga um varnarþing í skuldamálum.
(Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ef skuld er stofnuð við fasta verzlun eða aðra heimilisfasta atvinnustofnun hér á landi, á skuldheimtumaður rétt á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunaut í þinghá þeirri, er skuldin er stofnuð í,eins og væri þar varnarþing hans, enda sé skuldin eigi stofnuð fyrr en á árinu 1903. Eigi raskar þetta þó ákvæðum þeim, er nú gilda um varnarþing, er bundið er við fasteign.

Lög þessi ná til þeirra einna skuldaskipta, er skuldheimtumaður er kaupmaður, eða hefir á annan hátt atvinnu sína af viðskiptum, svo sem lyfsalar, bóksalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita og aðrir, sem líkt stendur á með.

Því að eins gilda fyrirmæli þessarar greinar, að fyrirtökudagur málsins falli á missirinu milli 1. Maí og 1. Nóvember.

2. gr.

Mál þau, er um er rætt í þessum lögum, skulu rekin fyrir gestarétti, en birta skal stefnuna á lögheimili skuldunauts með þriggja vikna fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis sem fyrirtökustaðurinn, með 6 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmisins, en þó í sama landsfjórðungi, en með níu vikna fresti, ef það er í öðrum landsfjórðungi.

Með »landsfjórðungi« er hér átt við svæði það, er amtsráðin nú taka yfir.

Nd. **249. Frumvarp**
til laga um beitutekju.
(Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sérhver sá, er heimild hefir til fiskveiða í landhelgi, má á land setja skelfisksbeituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða árós, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða 1 krónu fyrir hvern sólarhring í hvert skipti, sem hann tekur beitu. Fyrir skemri tíma greiðist sama gjald.

2. gr.

Eigi má beitu taka í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar í sjó út frá stórstraums fjörumáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart í hvert skipti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans samkv. 1. gr.

3. gr.

Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eptir óvilhallra manna mati.

4. gr.

Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr. áður en hann fer af beitufjöru, nema öðruvísi sé um samið. Séu ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af hinna hálfu.

Ed. **250. Breytingartillaga**

við frv. til laga um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

Frá nefndinni.

1. 2. gr. orðist svo:

Yfirdómsmálaflutningsmenn þeir, sem nú eru og þeir, sem leyfi hafa feingið samkvæmt 1. gr., hafa bæði einkarétt og skyldu til að flytja sakamál og gjafsóknarmál eptir því, sem þeir fá skipun til og eptir sömu reglum og fylgt hefir verið hingað til.

Nú óskar sakborningur eða gjafsóknarhafi, að einhverjum ákveðnum málflutningsmanni sé falið mál hans fyrir yfirdómi, og skal þá sá skipaður til þess, ef hann tjáir sig fúsan að gera það endurgjaldslaust af almannafé.

2. Aptan við 3. gr. bætist:

enda hafi hann eigi afsalað sér rétti til málaflutningskaups samkvæmt 2. gr.

Ed. **251. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á 19. gr. stjórnarskrár um hin sérstöku málefni Íslands 5. Jan. 1874.

Álit vort um þetta mál er á þessa leið:

Vér teljum óþarft að leiða rök að því, hve afar óhentugur hásumartíminn er til þingsetu fyrir allan þorra landsmanna. Þar eru víst allir á eitt mál sáttir. Veturinn mun því að flestra áliti sjálfsagður til þinghaldsins. Um það geta aptur á móti verið skiptar skoðanir, hve nær að vetrinum sé hentugast að heyja þingið, hvort velja eigi fyrri eða seinni part vetrarins til þess. Sé þingið háð fyrri part vetrarins, yrði það að koma saman í ofanverðum Nóvember; yrði allmargir þingmenn því að fara að heiman fyrst í Nóvember, en um það leyti er haustönnum naumast lokið víða á landinu. Skammdegið er alment talið óhentugasti tími ársins til flestra starfa, og þá ekki síður til þingstarfa. Sé þingið háð í Nóvember og December, þá verður jólatíminn um mitt þingið; má því búast við að nær því hálfur mánuður missist frá venjulegum þingstörfum; en fyrir landssjóðinn munar það allmiklu fé að geiða þingmönnum og öðrum starfsmönnum þingsins dagpeninga fyrir þennan tíma, er þeir þannig sitja á þingi aðgerðalitlir og aðgerðarlausir. — Flestir vilja líka helzt vera heima hjá sér um jólin. Alt þetta mælir að voru áliti móti því að heyja þingið á þessum tíma. —

Þá er að líta á seinni hluta vetrarins, og teljum vér hann miklu hentugri til þingsetu en fyrri hlutann. Febrúar, Marz og April eru sá tími ársins, sem allur þorri bænda hefir minstum önnum að gegna, og getur því sér að skaðminstu verið burtu frá heimili sínu. Sama má segja um embættismenn þá, er búskap stunda, en úr bændaflokknum má gera ráð fyrir að þjóðin með tíman-

um taki flesta fulltrúa sína. Fyrir verzlunarstéttina, sem vér teljum sjálfsagt að eigi fulltrúa úr sínum flokki á þingi, mun og þessi tími optar verða öðrum hentugri.

Vér föllumst því á það aðalákvæði frumvarpsins að þingið byrji 15. Febrúar. Auðvitað verða þingmenn úr öllum hinum fjarlægari hlutum landsins að fara sjóveg til þings, en eins og samgöngum vorum nú er komið, teljum vér eingin veruleg tormerki á því. Hið eina er óttast mætti, er að hafís kynni stöku sinnum, að verða Norðlingum að farartálma á heimleið frá þingi, en Húnvetningum og Skagfirðingum væri þá í lófa lagið að fara landveg úr Borgarnesi, og fyrir Eyfirðinga og Þingeyinga gæti það heldur ekki talizt nein frágangssök, þar sem komið er undir sumurmál, er þingmenn fara af þingi.

En þessi breyting á þingtímanum hefir það í för með sér, að gera þarf allmiklar breytingar á þinghúsinu. Rúm það, sem þinginu nú er ætlað í húsi þessu, er orðið alt of lítið, en húsrúmsskortur þessi yrði þó enn tilfinnanlegri, ef þingið er haldið að vetrinum. Það verður innan skams óhjákvæmilegt að byggja hús fyrir Landsbókasafnið, með því að bæði er húsrúm það, er til þess er ætlað í Alþingishúsinu, orðið alt of lítið, og auk þess liggja sumir hlutar safnsins og það margir hinir dýrmætustu undir skemdum í húsi þessu sökum raka. Yrði nú bókasafnið flutt, ynnist mikið rúm, er þinginu gæti komið að haldi og auk þess feingizt þá húsrúm til annara afnota, svo sem til risnuherbergja fyrir ráðherrann, eins og nú er gert ráð fyrir í áliti húsbyggingarnefndarinnar í neðri deild.

Þá leiðir og beint af vetrarþinghaldinu að setja þarf hitunar og lýsingaráhöld í húsið. En til allrar þessarar breytingar á húsinu þarf töluverðan undirbúning og tíma. Þótt hinni fyrirhuguðu byggingu fyrir bókasafnið, er sjálfsagt verður bygð úr steini, yrði komið upp á næsta fjárhagstímabili, þá myndi samt ógerningur, að flytja safnið í hana fyrr en einhvern tíma á árinu 1908, með því að hún þarf að þorna vel áður en farið er að nota hana til geymslu bóka og handrita.

Þessi breyting á þinghúsinu verður og að sjálfsögðu töluvert kostnaðarminni, sé hún framkvæmd öll í einu, heldur en smátt og smátt, en meðan bókasafnið er í húsinu verður henni ekki lokið. Það mun því naumast ráð fyrir því gerandi, að húsið yrði albúið undir vetrarþinghald fyrr en veturinn 1908—1909, og þar af leiðandi gæti þá þessi breyting á þingtímanum ekki komizt í framkvæmd fyrr en þingárið 1909.

Samkvæmt þessu leggur nefndin því til, að lögin komi ekki til framkvæmda fyrr en 1909.

Aðrar efnisbreytingar hefir nefndin ekki gert á frumvarpinu og ræður hinni háttvirtu deild til að samþykkja það með eptirfylgjandi breytingum:

1. Fyrir orðin: »Greinin orðist þannig« komi: 1. gr.
2. Síðasta málsgrein frumvarpsgreinarinnar falli burtu.
3. Ný grein bætist við, sem verður 2. gr. svo hljóðandi:
   Alþingi kemur fyrst saman samkvæmt lögum þessum 15. Febr. 1909.
4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á þeim tíma, er hið reglulega Alþingi kemur saman.

Alþingi 31. Júlí 1905.

Eiríkur Briem	Sigurður Stefánsson	Þórarinn Jónsson.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	

Nd. **252. Breytingartillögur**

við frv. til laga um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna við kauptún í landinu m. fl.

Frá Guðl. Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Á eptir »mannvirkjum« bætist: við hafnir.
2. — - — Í stað »Reglugerðin — sýslumanns« komi:
   Reglugerð semur sýslumaður eptir tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar.
3. Ný grein, er verður 3. gr., bætist við:
   Með mál um brot gegn reglugerðum þeim, er nefndar eru í 1. gr., skal farið sem almenn lögreglumál. Sektir renna í hafnarsjóð kauptúnsins, þar sem brotið er framið.

Ed. **253. Frumvarp**

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir 1902—1903.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

I. Tekjur.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafé	90,000, »	91,002,58
2. Húsaskattur	13,000, »	17,388,50
3. Tekjuskattur	29,000, »	35,147,50
4. Aukatekjur	60,000, »	82,512,43
5. Erfðafjárskattur	6,000, »	4,911,03
6. Vitagjald	17,000, »	22,661,70
7. Gjöld fyrir leyfisbréf	5,000, »	8,575,65
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	110,000, »	177,074,05
9. Aðflutningsgjald af áfeingum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000, »	252,178,95
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000, »	207,665,68
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	390,000, »	508,619,87
12. Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfeingra drykkja	60,000, »	48,300,»
13. Tekjur af póstferðum	70,000, »	247,687,90
14. Óvissar tekjur	5,000, »	57,311,64
15. Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestsmötu m. m.	46,000, »	49,649,66
16. Tekjur af kirkjum	200, »	127,79
17. Tekjur af silfurbergsnámum í Helgustaðafjalli	4,000, »	3,577,02
18. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðs	86,000, »	80,153,33
Borgað upp í lán, fjárveiting: 97,676 kr. 80 a. reikningur: 106.536 kr. 17 a.		
19. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	15,000, »	17,974.58
20. Innborganir frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. Febr. 1880	4,000, »	5,971,92
21. Endurgjald skyndilána til embættismanna	1,200, »	2,927,07
22. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000, »	7,527,69
23. Tillag úr ríkissjóði	120,000, »	120,000,»
24. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	.....	14,596,11
Samtals	1,535,400, »	2,063,542,65

II. Gjöld.

	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á Alþingi	26,800, »	27,800,»
2. Til Alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	39,600, »	62,340,43
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldkeimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn o. fl.		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	53,566,67	54,169,13
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	176,100, »	174,079,04
C. Ýmisleg útgjöld	31,960, »	36,019,28
4. Til útgjalda við læknaskipunina	229.574,36	224,193,11
5. Samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	135,100, »	151,437,95
B. Til vegabóta	191,100, »	206,598,49
C. Til gufuskipaferða	135,400, »	126,160, »
D. Til ritsíma	35,000, »	.....
E. Til vita	20,492, »	20,456,80
6. Til kirkju og kenslumála:		
A. Í þarfir andlegu stéttarinuar	49,000, »	48,303,65
B. Til kenslumála	226,696, »	221,170,99
7. Til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja:		
A. Til vísinda, bókmenta og lista	58,650, »	58,310, »
B. Til verklegra fyrirtækja	151,310, »	135,357,67
8, Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200, »	21,452,46
9. Eptirlaun og styrktarfé	99,000, »	84,080,30
10. Til óvissra útgjalda	3,000, »	5,942,65
11. Útborganir samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum	.....	175,366,68
12. Tekjuafgangur fjárhagstímabilsins	.....	230,304,02
Samtals	1,667,549,03	2,063,542,65

Eignir viðlagasjóðs voru 31. Decbr. 1903	1,105,261,54
Tekjueptirstöðvar landssjóðs s. d.	46,598,02
Peningaforði landssjóðs s. d.	549,469,81
Í landsbankanum á hlaupareikningi s. d.	120,000,«

Ed. **254 Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903 og fjáraukalögum 25. Septbr. 1902 fyrir hin sömu ár, veitast kr. 116,915,16 til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—8, gr. hér á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 10. gr. fjárlaganna, veitast:

Við C. Ýmisleg útgjöld:

Við tölulið 1. Kostnaður við útgáfu Stjórnartíðinda og Landhagsskýrslna

1902 ... ... kr. 783.14

1903 ... ... — 3068.19

Við tölulið 2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf

1902 ... ... —	kr.	1191,93
1903	—	2333,77
	Kr,	7377,03.

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til útgjalda við læknaskipunina, veitast:

Við tölulið 8. Önnur útgjöld:

— — - g. Til náms yfirsetukvenna 1902 og 1903	kr.	1007,69
— — - h. — verkfæra handa yfirsetukonum 1903	—	323.28
— — - i. Kostnaður við sóttvarnir 1902	—	3239.16
	Kr.	4570.13

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við A. Til útgalda við póststjórnina:

Við tölulið 2. Til póstflutnings:		
1902	kr.	4620.02
1903	—	1868.02
Við tölulið 4. Önnur útgjöld:		
Við d. fyrir prentun 1902	—	7739.22
Við h. óviss útgjöld:		
1902	—	867.50
1903	—	992.46
Við B. til vegabóta:		
Við tölulið 1. b. Ferðakostnaður verkfræðingsins 1902 og 1903	—	329.00
Við tölulið 3. Til flutningabrauta	—	8720.63

Við E. Til vita.

Við c. 6. Til viðhalds á húsi og áhöldum vitans á Reykjanesi.		
1902	kr.	246.61
1903	—	173,60
	Kr.	25557,06

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kennslumála, veitast:

Við B. Til kenslumála:

Við I. Til prestaskólans:		
Við b. 4. Til bókakaupa 1902	kr.	182.70
Við II. Til læknaskólans:		
Við b. 8. Ýmisleg útgjöld 1902 og 1903	—	272.78
Við III. Til lærða skólans:		
Við c 11. b. Til áhalda við kenslu í eðlisfræði 1902 og 1903	—	106.88
Við IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:		
Við b. 4. Ýmisleg útgjöld 1902	kr.	1221.68
Við VI. Til annarar kenslu:		
Við staflið k. Til kenslu heyrnar- og málleysingja 1902	—	522.13
	Kr.	2306.17

6. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem talin er í 17. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda, veitast kr. 2942.65.

7. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er í fjáraukalögum 25. Sept. 1902 til sóttvarnarhúss á Seyðisfirði, veitast kr. 640.26.

8. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er í fjáraukalögum 23. Október 1903 til útrýmingar fjárkláða, veitast kr. 73521.86.

Ed.

255. Frumvarp

til laga um bændaskóla.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Tveir skulu vera skólar á landi hér, er veiti bændaefnum nauðsynlega sérþekking til undirbúnings stöðu þeirra, og skal annar skólinn vera á Norðurlandi, en hinn á Suðurlandi. Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór bú, er má reka á kostnað landssjóðs, ef öðru verður ekki við komið.

2. gr.

Við hvorn skólann um sig skulu vera 3 kennarar, og er einn þeirra jafnframt skólastjóri; hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. Hann hefir að launum 1500 kr. á ári, auk leigulauss bústaðar fyrir sig og fjölskyldu sína, og enn fremur 300 kr. á ári, ef hann stjórnar skólabúinu og heldur reikninga þess. Fyrri kennarinn hefir að launum 1200 kr. ári og annar kennarinn 900 kr. Báðir hafa kennararnir leigulausan bústað í skólanum fyrir sjálfa sig.

3. gr.

Skólarnir heita bændaskólar og eru vetrarskólar. Bóklega kenslan skal aðallega fara fram með fyrirlestrum í þeim fræðigreinum landbúnaðarins, sem reglugerð nefnir til og segir nánar fyrir um. Reglugerð kveður og á um það, hverri verklegri kenslu verði komið við á skólabúunum. Útvega skal til skólanna og nota við kensluna sem fullkomnust kennsluáhöld.

Auk búnaðarfræðslunnar skal sérstök alúð lögð við að kenna nemendunum að tala og rita móðurmálið vel og skipulega; saga landsins skal sögð og þá einkum búnaðar- og verzlunarsaga, og nemendum kent að færa sér í nyt skýrslur um atvinnuvegi vora og þjóðarhag. Kenna skal og reikning, dráttlist, söng og leikfimi.

4. gr.

Nemendum er ætlað að vera 2 vetur á skólanum, en auk þess skulu bændur og bændaefni eiga kost á að dvelja á skólanum um viku- til hálfsmánaðartíma, að því er húsrúm og aðrar kringumstæður leyfa, við áður ákveðin og auglýst kensluskeið, til að hlýða á fyrirlestra hjá kennurunum og taka þátt í umræðufundum um landbúnað.

5. gr.

Hvor skólinn um sig á að geta tekið á móti alt að 60 nemendum, og skal skólastjórnin sjá um það, að nemendur eigi þar kost á ódýrri þjónustu, og geti komið á sameiginlegu matarhaldi.

6. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólanna og gefur út reglugerðir fyrir þá, er meðal annars kveða á um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar og vitnisburðarbréf.

7. gr.

Kostnaðurinn við að gera skólana úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr landssjóði. Svo greiðir hann og laun kennaranna og árleg útgjöld skólanna.

8. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er amtsráðin norðan lands og sunnan hafa hvort um sig afhent landsstjórninni sem móttakanda fyrir landsins hönd búnaðarskólana, sem nú eru á Hólum og Hvanneyri, til fullrar eignar og umráða, með öllum skyldum og réttindum.

9. gr.

Tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi 12. Febrúar 1872 skal numin úr gildi.

Ed. **256. Frumvarp**

til laga um skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignrétt og önnur réttindi yfir Glerá og landi meðfram henni.

(Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Sérhver sá, er hefir eignarétt eða önnur réttindi yfir Glerá eða landinu meðfram henni, skal vera skyldugur til þess, að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gegn fullu endurgjaldi svo mikið af réttindum þessum eða eign, sem nauðsynlegt er til þess, að framkvæma megi veiting árinnar inn að eða inn í kaupstaðinn, samkvæmt því, er ákveðið verður af bæjarstjórninni.

Endurgjaldið greiðist úr bæjarsjóði Akureyrarkaupstaðar.

2. gr.

Nú geta málsaðilar eigi orðið á eitt sáttir um það, hverar eignir eða réttindi taka þurfi eignarnámi eða og um upphæð endurgjaldsins, og skulu þá dómkvaddir 2 kunnugir og óvilhallir menn til þess ásamt lögreglustjóra og 2 mönnum, er málsaðilar nefna til hver sinn, að skera úr um eignarnámið og um upphæð endurgjaldsins.

Nú vill málsaðili eigi nefna til mann og skal þá maður dómkvaddur í þess stað.

Eingan má nefna til né dómkveðja, er sæti á í bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar.

Ed. **257. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 14. Dec. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

(Eptir 3. umr. Nd,).

1. gr.

Í samþyktum, er gerðar eru samkvæmt lögum 14. Des. 1877, um ým-

isleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, er heimilt að ákveða, að greiða skuli alt að einnar krónu gjald af hverjum hlut frá sjó, yfir vertíð hverja, til að bæta lendingar á svæði því, er samþyktin nær yfir.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., greiðist af óskiptum afla, og skal formaðurinn annast um greiðslu þess. — Að öðru leyti skulu í samþyktinni settar reglur um innheimtu gjaldsins, og má taka það lögtaki á þann hátt, sem segir í lögum 16. Des. 1885.

3. gr.

Fé það, sem heimt er inn samkvæmt samþyktum þeim, er getur um í lögum þessum, skal vera í ábyrgð sýslunefndar, er sér um ávöxtun þess á sem tryggastan og haganlegastan hátt, og veitir sýslunefndin fé úr sjóðnum, er þörf þykir, til að bæta lendingar á samþyktarsvæðinu.

Ed. **258. Frumvarp**

til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. Marz 1900.

(Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðsins er að efla ræktun landsins. Stofnféð má aldrei skerða, en því skal varið til lánveitinga til jarðabóta og hvers kyns atvinnubóta við jarðyrkju.

Enn fremur má lána úr sjóðnum gegn öðrum veðrétti til ábýliskaupa, hvort heldur eru jarðir, eða grasbýli og þurrabúðir utan verzlunarlóða í kaupstöðum og kauptúnum.

Af vöxtum sjóðsins má verja árlega alt að helmingi til að verðlauna atorku, hagsýni og eptirbreytnisverðrar nýjungar í landbúnaði, og í annan stað styrkja menn til lífsábyrgðarkaupa til viðbótartryggingar lánveitingunum til ábýliskaupanna. Að öðru leyti skal vöxtunum varið til að auka stofnfé sjóðsins.

2. gr.

Reikningar Ræktunarsjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum Alþingis.

3. gr.

Þriðja grein laga 2. Marz 1900 um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands skal úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Ed. **259. Frumvarp**

til laga um atvinnu við siglingar.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr.

Réttur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi á innanlandssiglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 12 smálestir, en ekki yfir 30 smálestir, að hlutaðeigandi sanni með prófvottorði þriggja valinkunnra skipstjóra, sem bæjarfógeti tilnefnir, að hann

a) kunni að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hafi þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
b) kunni að nota áttavita;
c) kunni að nota skipshraðamæli;
d) þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingar;
e) hafi stundað siglinga-atvinnu minst 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 smálestir.

Stjórnarráðið semur reglur um prófið, sem að eins fer fram í kaupstað, og fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

Réttur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi á innanlands-siglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 30 smálestir, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum.

3. gr.

Réttur til að vera skipstjóri í utanlands-siglingum, á íslenzku seglskipi, sem er minna en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum, og auk þess verið í förum sem skipstjóri innanlands í 18 mánuði.

4. gr.

Réttur til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum. Sé um gufuskip að ræða, er rétturinn enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini það, sem getur um í 14. gr.

5. gr.

Réttur til að vera stýrimaður í innanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er meira en 70 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem stýrimaður í innanlands-siglingum.

6. gr.

Réttur til að vera stýrimaður í utanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er minna en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum og hafi auk þess verið í förum sem stýrimaður innlands 12 mánuði.

7. gr.

Réttur til að vera stýrimaður í utanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini sem stýrimaður í utanlands-siglingum.

Ef um gufuskip er að ræða, er rétturinn enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið viðauka-skírteini það, er getur um í 14. gr.

Viðauka-skírteini það, sem ræðir um í grein þessari og 4. gr., er þó

óþarft, ef maður hefir staðizt hið almenna danska stýrimannspróf eða annað próf, er jafngildir því eptir dönskum lögum.

8. gr.

Ekkert íslenzkt skip má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða milli Íslands og annara landa, nema því að eins, að á því sé til starfa að minsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra, og sé um gufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálestir, þá 2 stýrimenn.

Ekkert íslenzkt skip, sem meira er en 70 smálestir, má afgreiða eða láta fara í innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sé til starfa einn stýrimaður auk skipstjóra.

Þá má eigi heldur afgreiða nokkurt íslenzkt gufuskip, eða það fara á neinar siglingar frá neinum stað á Íslandi, nema því að eins, að skilyrðum þeim sé fullnægt, sem sett eru í reglugjörð þeirri um gæzlu á gufuvél skipsins, er því hefir verið feingin samkvæmt 15. gr., og sem til tekur um tölu og kunnáttu þeirra manna, er til gæzlu skulu settir við vélina.

9. gr.

Til að öðlast skírteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b) að hann hafi verið stýrimaður í 12 mánuði;
c) að hann hafi rétt innborinna manna eða sé heimilisfastur í Danaveldi;
d) að hann sé fullveðja;
e) að hann hafi ekki orðið sekur að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
f) að hann sanni, að sjón hans sé svo góð, sem nauðsynlegt er fyrir skipstjóra.

10. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 9. gr. liðunum c—f:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík eða hið almenna danska stýrimannspróf eða annað það próf, sem hefir sama gildi eptir dönskum lögum;
b) að hann hafi verið stýrimaður í 12 mánuði, og á þeim tíma farið tvisvar milli landa, eða hann hafi siglt sem skipstjóri tvisvar milli landa.

11. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík.
b) að hann hafi verið fullgildur háseti á þilskipi í 12 mánuði;
c) að hann hafi eigi verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
d) að hann sanni, að sjón hans sé svo góð, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

12. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem stýrimaður á utanlandssiglingum út-

heimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 11. gr. liðunum c og d.;

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eða hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er hefir sama gildi eptir dönskum lögum;

b) að hann hafi verið í förum sem fullgildur háseti í utanlands-siglingum í 12 mánuði, eða farið tvær ferðir landa á milli sem stýrimaður.

13. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru hér að framan, eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem talin eru í 9.—12. gr. Skírteini þessi skal rita eptir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur til búa, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, þar sem hlutaðeigandi er búsettur, eða sé hann hvergi búsettur í landinu, þá á þeim stað, þar sem hann eða umboðsmaður hans er staddur, þegar beiðnin kemur fram.

Fyrir skipstjóra-skírteini skal greiða 4 kr., er renna í landssjóð. Fyrir stýrimannsskírteini skal greiða 2. kr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, að því er snertir útgáfu skírteinis, og skal hann þá senda kæru sína stjórnarráði Íslands, sem þá gjörir út um málið; en við það skerðist eigi réttur hans til þess að leita dómsákvæðis í þessu máli.

14. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá prófkröfum þeim og skilyrðum að því er sjómensku snertir, sem nefnd eru í 8. til 12. gr.

15. gr.

Sá, er öðlast hefir skírteini sem skipstjóri eða stýrimaður á utanlandssiglingum, og sem því næst færir sönnur á það annaðhvort með vottorði um, að hann hafi staðizt próf í gufuvélafræði í Danmörku, eða á annan hátt, að hann hafi þá þekkingu á gufuvélum, sem nauðsynleg er til þess að vera skipstjóri eða stýrimaður á gufuskipi, á kost á að fá viðauka-skírteini þessu til sönnunar hjá stjórnarráði Íslands.

16. gr.

Á hverju íslenzku gufuskipi, skal vera reglugjörð um gæzlu á gufuvélinni, er ráðherra Íslands gefur út; skal í henni gjöra ákvæði um það eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um hestafl vélarinnar, hverjum skilyrðum vélaliðið skuli fullnægja að því, er snertir tölu og kunnáttu gæzlumanna.

Nú verður sú breyting gjörð síðar á vél skipsins eða kötlum þess, að hestaaflið eykst að mun, og skal úrgjörðarmaður þess þá skyldur til að útvega nýja reglugjörð.

17. gr.

Nú verður maður að lagadómi sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgjört skírteini sínu sem skipstjóri.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, og hefir hann þá fyrirgjört skírteini sínu sem stýrimaður.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 200 krónum; sé brotið

ítrekað, geta sektirnar stigið alt að 400 krónum. Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Skilyrði fyrir því að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi á innanlandssiglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa atvinnu þessa áður en lög þessi öðlast gildi.

20. gr.

Lög nr. 29., 26. Okt. 1893 um atvinnu við siglingar eru úr gildi numin.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Nd.

260. Frumvarp

til sveitastjórnarlaga.

(Eptir 2. umr. í Nd.)

I. kafli.

Umdæmi.

1. gr.

Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru; sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.

2. gr.

Sýslum má eigi fækka né fjölga, né heldur breyta takmörkum þeirra, nema með sérstökum lögum.

3. gr.

Stjórnarráðið hefir heimild til að skipta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum. Eigi má neina slíka breyting gera, nema eptir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefndar, nema þegar svo stendur á sem segir í 4. gr.

4. gr.

Nú hefir kauptún eða þorp 300 íbúa eða fleiri, og hefir það þá rétt til að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur út af fyrir sig með þeim ummerkjum, er stjórnarráðið ákveður eptir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Stjórnarráðið kveður á sama hátt á um fjárskipti og skulda með hinu nýja hreppsfélagi og hinum hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiptingu þessa farið eptir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefir verið skipt 5 árin næstu á undan, nema að samkomulag fáist.

II. kafli.

Stjórn.

5. gr.

Stjórn sveitamáletna í hreppi hverjum skal á hendi hafa hreppsnefnd og í sýslu hverri sýslunefnd.

A. Hreppsnefndir.

a. Skipun hreppsnefnda.

6. gr.

Tala hreppsnefndarmanna í hverjum hreppi skal vera söm og verið hefir. En tölu þeirri má sýslunefnd breyta, ef hreppsnefnd fer þess á leit. Þó skal tala nefndarmanna jafnan standa á stöku.

7. gr.

Nú er hreppi skipt í 2 hreppa, og ákveður þá stjórnarráðið eptir tillögum sýlsunefndar, hve margir menn skuli vera í hreppsnefnd hvors hinna nýju hreppa.

8. gr.

Kosningarrétt og kjörgeingi til hreppsnefndar á hver karlmaður í hreppnum, er löglega á með sig sjálfur, svo og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er standa fyrir búi eða á annan hátt eiga með sig sjálfar. Einginn hefir þó þennan rétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, sé fullra 25 ára að aldri, hafi fult ár á undan kosningunni átt lögheimili í hreppnum, og goldið til hans þarfa, sé fjár síns ráðandi og standi eigi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

9. gr.

Einginn, hvorki karl né kona, má sitja með börnum sínum eða barnabörnum í hreppsnefnd.

10. gr.

Kjörtímabil hreppsnefndarmanns er 6 ár, þó með þeim nánari takmörkunum, er segir 11.—13. gr.

11. gr.

Í Júnímánuði, hinum næsta eptir að lög þessi fá gildi, skal kjósa hreppsnefnd í öllum hreppum á landinu, fulla tölu hreppsnefndarmanna í hverjum hreppi eptir 6. gr. Gömlu hreppsnefndinar fara jafnframt frá, en endurkjósa má þá menn, er í þeim sátu, sbr. 14. gr. Úr hreppsnefnd þeirri, er þá verður kosin í hreppi hverjum, geingur eptir hlutkesti meiri hluti hennar (2 af 3, 3 af 5) eptir 3 ár, í Júnímánuði; en minni hlutinn (1 af 3, 2 af 5) eptir 6 ár, í Júnímánuði. Í stað þeirra nefndarmanna, er úr nefndinni ganga í hvort skipti, skal þegar kjósa jafnmarga menn í hana til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan meiri og minni hluti hverrar hreppsnefndar frá á víxl með 3 ára millibili.

12. gr.

Ef hreppi er skipt í tvo hreppa, þá skal þegar kjósa í hvorum þeirra nýja hreppsnefnd, og má sú kosning framfara á öðrum tíma en í Júnímánuði. En meiri eða minni hluti þeirra nefnda skal úr ganga í fyrsta skipti, þegar meiri eða minni hluti annara hreppsnefnda geingur úr samkvæmt 11. gr., og geingur meiri hluti eða minni hluti hreppsnefnda hinna nýju hreppa úr eptir því, hvort meiri hlutinn eða minni hlutinn geingur úr hinum öðrum hreppsnefndum. En síðan fer um úrgöngu hreppsnefndarmanna í hinum nýju hreppum og kosning í þeirra stað svo sem segir í 11. gr.

13. gr.

Ef hreppsnefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefnd-

inni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal kjósa þegar mann í nefndina í stað hans til þess tíma að eins, er eptir var af kjörtíma hans. Slík aukakosning getur farið fram, hve nær sem nauðsyn krefur.

14. gr.

Mann, sem geingur úr hreppsnefnd má endurkjósa svo opt sem vill. Þó er einginn, sem hefur verið 6 ár eða lengur í hreppsnefnd, skyldur til að taka móti kosningu af nýju í sömu nefnd fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann hefur verið í henni samfleytt síðast.

Sextugur maður er eigi skyldur til að taka móti kosningu í hreppsnefnd; eigi heldur kona, þótt yngri sé.

Nú er kosinn í hreppsnefnd maður, sem reyndar er eigi orðinn sextugur, en verður það þó innan 6 ára frá kjördegi, og er honum þá heimilt að segja sig úr nefndinni, er hann er orðinn fullra 60 ára.

15. gr.

Í hreppi hverjum stendur *kjörstjórn* fyrir hreppsnefndarkosningu. Í kjörstjórninni er oddviti hreppsnefndarinnar og með honum tveir aðrir nefndarmenn, er hreppsnefndin kýs, þar sem nefndarmenn eru fleiri en 3. En þar sem þeir eru að eins 3, eru þeir allir í kjörstjórninni. Oddviti er formaður kjörstjórnar.

Nú er nýr hreppur myndaður, og tilnefnir þá sýslumaður formann fyrstu kjörstjórnar þar og 2 menn með honum. Síðan fer um kjörstjórn þar eptir því, sem áður segir í grein þessari.

16. gr.

Kjörstjórnin býr til fyrir 15. April ár hvert kjörskrá yfir þá menn í hreppnum, er kosningarrétt hafa, og skulu nöfn þeirra rituð eptir stafrófsröð. Skráin á að liggja hreppsbúum til sýnis í 3 vikur á hentugum stað, og skal auglýsa áður með nægum fyrirvara, hvar og hve nær hún verði lögð fram. Aðfinningar við hana verða að koma til kjörstjórnar fyrir kjörfundinn og leggur hún úrskurð á þær áður en til kosninga er geingið.

17. gr.

Dag og stund, þá er kosning skuli fram fara, á kjörstjórnin að auglýsa með þingboði um hreppinn svo snemma, að það verði kunnugt á hverju heimili í honum að minsta kosti 3 nóttum fyrir kjörfund.

18. gr.

Kosningar fara fram eptir kjörskránni í heyranda hljóði. Hver sem vill neyta kosningarréttar síns, verður sjálfur að koma á kjörfund og skýra munnlega frá, hvern hann kjósi eða hverja. Kjörstjórnin ritar atkvæðin jafnóðum í kjörbók. Þá er allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á að greiða atkvæði sín og atkvæði öll eru bókuð, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyrr en að minsta kosti klukkustund er liðin frá því, er hún hófst. Formaður kjörstjórnar les þá greinilega upp öll atkvæði, sem greidd eru, en hinir í kjörstjórninni rita þau upp og telja saman. Þeir, sem flest atkvæði hafa feingið, eru rétt kjörnir hreppsnefndarmenn. Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

19. gr.

Skorist einhver sá, er kosning hefir hlotið, undan því að taka móti

henni, sker kjörstjórnin úr, hvort undanfærsla hans verði tekin til greina. Ef hún er tekin gild, er kosinn annar maður í stað hans. Að öðrum kosti má sá, er kosinn er, bera undanfærslu sína undir sýslunefndina, sem getur felt úrskurð kjörstjórnar úr gildi og þá látið kjósa hreppsnefndarmann í stað hins.

20. gr.

Kjörstjórn skal jafnan skýra sýslumanni frá, hvernig kosning hafi farið.

21. gr.

Ef einhver vill kæra yfir kosningargerð eða úrskurði kjörstjórnar, skal hann senda formanni kjörstjórnarinnar kæru sína skriflega innan 8 daga frá því, er úrskurðurinn var uppkveðinn, eða kosningargerð lokið. Komi kæran síðar fram, skal eigi sinna henni. Þyki kjörstjórninni kæra, sem komið hefur í tæka tíð, vera á rökum byggð, getur hún breytt úrskurði sínum, og, ef ástæða er til, efnt þegar til nýrra kosninga. Að öðrum kosti sendir kjörstjórnin sýslunefndinni þegar kæruna með áliti sínu og leggur sýslunefndin úrskurð á málið.

22. gr.

Ef hreppsnefndarmaður missir kosningarrétt og kjörgeingi, víkur hann úr nefndinni. Missi hann réttindi þessi að eins um hríð, má víkja honum um stundar sakir frá nefndarstörfum. Hinir hreppsnefndarmennirnir skera úr ágreiningi, er ris af slíkum atvikum, og einnig af því, er hreppsnefndarmaður brýtur svo mjög móti skyldum sínum, að nauðsynlegt þykir að víkja honum úr nefndinni. Heimilt er honum að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslunefndar.

23. gr.

Nú vill hreppsnefndarmaður fá lausn úr nefndinni áður en liðinn er tími sá, er hann var kosinn fyrir, og má þá hreppsnefndin veita honum hana. Ef hreppsnefndin synjar honum, getur hann snúið sér til sýslunefndarinnar, og má hún veita honum lausn, ef ástæða er til.

24. gr.

Þegar hreppsnefnd er kosin, hvort heldur öll, eða meiri eða minni hluti (deild) hennar, skal elzti nefndarmaðurinn kveðja alla nefndarmennina á fund, til að kjósa *oddvita*. Kjörtími oddvita er jafnan til næstu almennra hreppsnefndarkosninga (deilda kosninga). Ef oddviti deyr, eða geingur úr nefndinni áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa oddvita í stað hans fyrir það, sem eptir er af oddvitakjörtímanum.

Elzti nefndarmaður stjórnar jafnan oddvitakosningu.

Hver nefndarmaður er skyldur til að taka á móti kosningu til að verða oddviti, eða til að framkvæma önnur sérstakleg störf, er nefndin felur honum á hendur. Þó getur sá, sem verið hefir oddviti í 3 ár eða leingur, eða haft önnur sérstök störf á hendi fyrir nefndina, skorast undan kosningu til þess starfs um jafnlangan tíma og hann hefir verið oddviti þeirrar nefndar, eða haft starfið á hendi.

Hreppsnefnd hver skal kjósa *varaoddvita*, til að gegna störfum oddvita í forföllum hans. Kjörtími varaoddvita er sami og kjörtími oddvita. Enginn nefndarmaður getur skorast undan þeirri kosningu. Oddviti stjórnar kosningu varaoddvita.

Sá er rétt kosinn oddviti eða varaoddviti, er feingið hefir meira en helm-

ing þeirra atkvæða, er viðstaddir hreppsnefndarmenn hafa greitt. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa af nýju. Fái þá eigi heldur neinn yfir helming atkvæða, skal fara fram bundin kosning milli þeirra tveggja, er við kosninguna á undan feingu flest atkvæði. Ef atkvæði eru jöfn við síðari óbundnu kosninguna, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli velja, er bundna kosningin fer fram. Sömuleiðis ræður hlutkesti, ef atkvæði eru jöfn við hana.

Hinn nýkosni oddviti tilkynnir þegar sýslumanni kosning oddvita og varaoddvita.

25. gr.

Oddviti kveður nefndarmenn til fundar, stjórnar umræðum og sér um að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar séu rétt og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sér um að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir, og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Hreppsnefndin getur þó falið hverjum nefndarmanni, sem hún vill, á hendur einhver ákveðin störf (sbr. 24. gr.), t. d. að sjá um gjaldheimtu, fjallskil, annast bréfagerð um einstök mál, eða einhverjar greinir mála og annað, er að þeim lýtur o. s. frv. Að öðru leyti annast oddviti um alt slíkt.

Í forföllum oddvita á varaoddviti að annast hlutverk hans að öllu leyti (24.).

26. gr.

Hreppsnefndin skal halda að minsta kosti 2 nefndarfundi ár hvert, í Júnímánuði og Októbermánuði, og auk þess svo opt sem oddvita þykir þörf á, eða þegar að minsta kosti helmingur nefndarmanna krefst þess.

Fundarstað ákveður nefndin, ef hún vill. Að öðrum kosti ræður oddviti honum, og hann ákveður fundardag og stund.

27. gr.

Hreppsnefnd getur einga ályktun gert, nema meira en helmingur hennar sé viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita. Sé um einhverja kosning að ræða, og 2 nefndarmenn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti. Þó fer um kosning oddvita og varaoddvita eptir 24. gr.

Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, getur heimtað, að ágreiningsálit hans verði ritað með fám orðum í gerðabókina. Allir nefndarmenn, sem eru viðstaddir, rita nöfn sín undir hana.

b. Verksvið hreppsnefnda og laun.

28. gr.

Hreppsnefnd stjórnar fátækramálum í hreppi sínum samkvæmt fátækralögum undir yfirstjórn sýslunefndar.

Fela má hreppsnefnd einum manni eða tveimur úr sínum flokki að hafa sérstaka umsjón með framfærslu þurfalinga hreppsins og að annast störf, er að því lúta (24. og 25. gr.)

29. gr.

Hreppsnefnd hefir umsjón yfir þinghúsi hreppsins og öllum fasteign-

um, sem hann á eða hefir not af (t. d. Kristfjárjörðum), og á hún að sjá um, að þetta sé haft í góðu lagi. Hún annast um að landamerki afréttar hreppsins og jarða hans séu ákveðin og jafnan glögg.

30. gr.

Hreppsnefnd á að sjá um notkun afrétta hreppsins og um fjallskil og réttir, smalanir afrétta og heimalanda á haustum til fjárskila, og á vorum til rúningar og fráfærna og gera ráðstafanir til að eyða refum, alt eptir því sem reglugerðir um fjallskil, refaveiðar o. s. frv. nánara ákveða.

31. gr.

Hreppsnefnd á að hvetja hreppsbúa til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fénaði sínum, þeim er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sér með því að láta fénað sinn verða horaðan eða horfalla. Hún ákveður ár hvert, hvenær almenn skoðun á búfénaði og fóðurbirgðum skuli framfara.

32. gr.

Hreppsnefnd er skylt að leitast við að koma í veg fyrir flakk og húsgang, og hún á eptir mætti að stuðla að því, að góð regla haldist í sveitinni.

33. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til án milligaungu sýslumanns að halda undirboðsþing á vegastörfum og viðhaldi á þinghúsi og ennfremur á því að fá til verk og varning í þarfir sveitarinnar.

34. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sérstaka sveit, til lykta ráðið, fyrr en álits hreppsnefndar þar hefir verið leitað um það. Hreppsnefnd má einnig að fyrra bragði senda stjórnarráðinu tillögur um hvað eina, er verða má sveitinni til gagns, eða miðar til að afstýra tjóni eða hallæri.

35. gr.

Reikningsár hrepps er fardagaárið.

36. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju í Októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti sem fátækratíundin og aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldunum, jafna niður eptir efnum og ástæðum sem *aukaútsvari* því, sem vantar, á alla þá, er eiga lögheimili í hreppnum, eða hafa fast aðsetur í honum. Þeir skulu greiða þar fult gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarstaðar; sé svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í hreppnum. Fast aðsetur í hreppnum skemri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina. Sömuleiðis má leggja útsvar á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er séu rekin að minsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra hafi eigi haft þar fast aðsetur.

Á hvalveiði og síldarveiði með nót svo og á laxveiðiafnot utanhreppsmanna má leggja aukaútsvar, þótt fyrirtæki þessi eða atvinna sé rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu. Sömuleiðis má leggja aukaútsvar á ábúð á jörð

eða jarðarhluta og leiguliðaafnot af jörðu, þótt eingin ábúð fylgi, og þótt rekin séu skemur en 4 mánuði gjaldársins og þótt leiguliði eða notandi eigi heimili annarstaðar.

Einnig má leggja aukaútsvar á kaupfélög og pöntunarfélög, ef þau hafa leyst borgarabréf, hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði í söludeild félagsins. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástæðum svo sem hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sé haft til annara tekna eða eigna þess, er í hlut á.

37. gr.

Nú stundar aðkomumaður bátfiski á firði eða flóa, á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama hrepps eða sömu hreppa samtals 4 vikur eða leingur sömu missiri, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna á hann hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn. Útsvarinu skal formaður lokið hafa fyrir skip sitt áður en hann fer á brott. Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum sveitarfélögum við þann fjörð eða flóa, sem útræðið er við, ef útsvar er á þá lagt í sveitarfélagi sjálfra þeirra.

Sá, sem útsvar er á lagt eptir þessari grein, getur kært það skriflega fyrir hreppsnefnd, er tekur kæruna til meðferðar og úrskurðar hana, sé hún komin til nefndarinnar innan frests, sem hún telur hæfilegan eptir því sem á stendur í hvert skipti. Nú er gjaldþegn ekki ánægður með úrskurð hreppsnefndar, og má hann þá skjóta kærumáli sínu undir úrskurð sýslunefndar, og skal sýslunefndin leggja á það fullnaðarúrskurð, ef hún telur áfrýjun á úrskurði hreppsnefndar fram koma á hæfilegum fresti; að öðrum kosti skal kærunni ekki sint.

38. gr.

Aukaútsvörum, öðrum en þeim, en talað er um í 37. og 41 gr. jafnar hreppsnefnd niður í Októbermánuði ár hvert fyrir reikningsár það, er þá stendur yfir. Hún gerir nákvæma skrá yfir niðurjöfnunina. Niðurjöfnunarskráin skal liggja hreppsbúum til sýnis 4 vikur frá því, er niðurjöfnun er lokið, á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað. Framlagning hennar skal áður auglýst um hreppinn.

39. gr.

Heimilt er hverjum þeim, er aukaútsvari er jafnað á samkvæmt 38. gr., að bera upp aðfinningar um það, hvernig útsvörunum er jafnað á aðra eða sjálfan hann, eða að einhverjum hafi ranglega verið slept. Sá, er koma vill fram með slíkar aðfinningar, skal gera það bréflega við oddvita áður en liðinn er tími sá, er niðurjöfnunarskráin á að liggja til sýnis. Komi kæran seinna en svo til oddvita, skal hreppsnefnd eigi skylt að taka hana til greina. Nú kemur útsvarskæra til oddvita í tæka tíð, og skal hann þá, að kærufrestinum liðnum, svo fljótt sem auðið er kveðja hreppsnefndina á fund og boða á fundinn bæði kæranda, og þann eða þá gjaldendur, er kært er yfir, og gefa þeim kost á að láta uppi álit sitt og skýringar um málið. Án þess að þeir eigi kost á þessu má hreppsnefnd eigi úrskurða um neina útsvarskæru. En láta mega þeir skriflega uppi álit sitt og þurfa ekki að mæta á fundinum, nema þeir vilji. Hreppsnefndin leggur svo úrskurð sinn á kæruna þá þegar á fundinum, nema henni þyki nauðsynlegt að fresta því, til að fá upplýsingar málinu til skýringar, en þá svo fljótt sem verða má. Eptirrit af úrskurði sínum sendir hún kæranda.

40. gr.

Úrskurði hreppsnefndar um útsvarskæruna getur kærandi eða sá, er útsvar er hækkað á eptir kæru annars, skotið til sýslunefndar, og skal hann þá gera það skriflega innan 8 vikna frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Komi málskot hans seinna en svo til oddvita sýslunefndarinnar, skal það ekki tekið til greina.

Þá er oddvita sýslunefndarinnar hefir verið send útsvarskæra, skal hann leggja hana fyrir næsta sýslunefndarfund og kveður nefndin upp úrskurð sinn um hana á þeim sama fundi, nema nauðsynlegt þyki að fresta því til þess að útvega nákæmari skýrslur um málið, en þá svo fljótt sem auðið er.

41. gr.

Nú atvikast svo, að maður verður eitthvert ár útsvarsskyldur í hreppi samkvæmt 36. gr., en eigi fyrr en eptir hina almennu útsvaraniðurjöfnun, og er þá hreppsnefnd heimilt að leggja útsvar á þann mann, þótt seinna sé á árinu, en tilkynna skal nefndin honum það innan 8 daga frá því, er útsvar var á hann lagt.

Heimilt er hverjum þeim, er lagt er á útsvar eptir þessari grein, að kæra útsvar sitt, og skal þá útsvarskæran komin til oddvita hreppsnefndar innan 3 vikna frá því, er útsvarinu var jafnað niður. Að öðru leyti fer um úrskurðun útsvarskæru þessarar og áfrýjun svo sem segir fyrir um í 39. og 40. gr.

42. gr.

Eindagi á aukaútsvörum, sem jafnað er niður eptir 38. gr., er 31. Janúar næst á eptir niðurjöfnuninni. Eindagi á útsvörum, sem jafnað er á eptir 41. gr., er sá, er hreppsnefnd ákveður. Um eindaga á þeim útsvörum, er lögð eru á eptir 37. gr., fer eptir því, sem fyrir er mælt í þeirri grein.

Einginn sá, er sveitarútsvar er lagt á, getur komizt hjá að greiða það á eindaga, þótt hann hafi kært yfir útsvarsupphæðinni og lagt það mál undir úrskurð sýslunefndarinnar. Ef sýslunefndin lækkar útsvarið, skal endurgjalda gjaldþegni af sveitarsjóði það, er hann hafði greitt fram yfir upphæð þá, er sýslunefndin gerði honum að greiða.

43. gr.

Sveitarútsvör má taka lögtaki.

44. gr.

Hreppsnefnd getur heimtað, að gjaldandi hver greiði aukaútsvar sitt í peningum.

45. gr.

Tekjur sveitarsjóðs eru:

1. Tíundir af fasteign og lausafé.
2. Aukaútsvör.
3. Afgjöld af fasteignum hrepps og upprekstrargjald.
4. Vextir af innstæðufé og leigufé.
5. Hundaskattur.
6. Endurgjald á veittum sveitarstyrk frá þurfalingi sjálfum eða ættingjum hans.
7. Frá öðrum hreppum.
   a. endurgjald á veittum þurfamannastyrk;
   b. endurgjald fyrir önnur viðskipti.

8. Fimmtungur af alskonar fiski, sem veiddur er á opnum bátum á helgum dögum.
9. Óskilafjárverð.
10. Sektir eptir sættum eða dómum.
11. Gjald af síldarveiði og upsa með nót.
12. Gjafir eða aðrar óvæntar tekjur.

46. gr.

Hreppsnefndin skal halda saman Stjórnartíðindum þeim, er henni eru send, ganga eptir, ef í þau vantar, láta binda þau inn og geyma þau vel. Kostnaður við það greiðist úr sveitarsjóði.

47. gr.

Útgjöld til skriffæra, bréfasendinga og sendiferða í þarfir hreppsins skal endurgjalda oddvita eptir reikningi.

Alt það, sem oddviti á að fá úr hreppssjóði, skulu hinir hreppsnefndarmennirnir ávísa honum skriflega.

48. gr.

Oddviti skal hafa að launum um árið 1 kr. 50 aura fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Þó mega laun hans eigi nema meiru en 100 kr. og ekki minna en 25 kr. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

49. gr.

Hreppsnefnd hver heldur þessar bækur:

1. *Sveitarbók.* Í hana skal rita:
   a. skýrlu um það, er gerist á nefndarfundum, mál þau, er nefndin tekur fyrir, og ályktanir um þau.
   b. ársreikninga hreppsins með athugasemdum endurskoðanda, svörum reikningshaldara og úrskurðum sýslunefndar; enn fremur aðra reikninga hreppsins, svo og niðurjöfnunarskrár, og um ráðstöfun ómaga og meðlag með þeim, þurfamannastyrk, og annað, er að þessu lýtur, og allar skýrslur.
2. *Bréfabók,* sem rita skal í orðrétt þau bréf, er nefndin (oddvitinn) ritar öðrum.
3. *Kassabók,* sem rita skal í allar peningaupphæðir, sem sveitarsjóður fær eða geldur út.
4. *Dagbók* yfir innkomin bréf eptir fyrirmynd, er sýslunefnd býr til.

Bækur þessar skulu vera löggiltar af sýslumanni, og rannsakar hann þær árlega. Andvirði þeirra greiðist úr sveitarsjóði.

50. gr.

Fyrir lok Júnímánaðar ár hvert skal reikningshaldari gera reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins næstliðið fardagaár, og skal hann gerður eptir fyrirmynd er stjórnarráðið býr til.

Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn. En auk þess kýs hún í hvert skipti einhvern innsveitarmann annaðhvort úr hreppsnefndinni eða utan hennar, til að yfirskoða hann. Undan þeirri kosningu getur enginn skorazt, sá er hefir kosningarrétt og kjörgeingi til hreppsnefndar.

Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir lok

Októbermánaðar, og yfirskoðunum skal lokið fyrir 10. Nóvbr. Síðan skal reikningurinn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara, og svörum reikningshaldara liggja hreppsbúum til sýnis á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað frá 14. Nóvbr., að þeim degi meðtöldum, mánuðinn út. Framlagningin skal auglýst áður um hreppinn. Fyrir 7. Decbr. næst á eptir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 69. gr.

Öll hreppsnefndin hefir ábyrgð á því, að reikningurinn sé réttur. Hún ábyrgist einnig innstæðufé, skuldabréf og aðrar eigur hreppsins.

51. gr.

Án samþykkis nefndarinnar má eigi borga nein útgjöld af sveitarsjóði, nema þau, sem ákveðin eru í lögum, eða sýslunefndin hefir samþykt.

52. gr.

Að því er snertir ungmennafræðslu, heilbrigðismál, vegi, alþýðustyrktarsjóð, skattamál, verðlagsskrár, húsmenskuleyfi, þurrabúðarleyfi, áfeingissöluleyfi, nýbýlisleyfi, alþingiskosningar, fjárkláðaútrýming og annað, er hreppinn snertir, og eigi er sérstaklega talið í lögum þessum, hefir hreppsnefnd það hlutverk, er lög á kveða.

53. gr.

Samþykki sýslunefndarinnar útheimtist til þess að ályktun hreppsnefndarinnar sé gild í þessum greinum:

1. til þess að hækka á ári því, sem yfir stendur, upphæðir þær, sem eru á niðurjöfnunarskránni.
2. til þess að sveitin takist á hendur nokkra skuldbinding til langframa, er eigi hvílir beinlínis á henni samkvæmt lögum.
3. til þess að nokkuð verði borgað úr sveitarsjóðnum fyrir aðstoð við sveitarstjórnarstörf, sem einhverjum ber að leysa af hendi, af því að hann er kjörinn til þess, að launum oddvita undanteknum (48. gr.)
4. til þess að á nokkru ári verði að samtöldu lögð á hreppsbúa meiri útgjöld en svo, að nemi þriðjungi fram yfir útgjaldaupphæð sama hrepps að meðaltölu um næstu þrjú ár á undan. Upphæð sú, sem eitthvert ár kann að verða lögð á með samþykki sýslunefndarinnar, má eigi teljast með, þegar síðar meir á að finna áðurgreinda meðaltalsupphæð.
5. til þess að selja megi eða veðsetja fasteignir sveitarinnar, eða til að kaupa nýjar fasteignir handa henni.
6. til þess að eyða innstæðufé sveitarinnar.
7. til þess að taka lán handa sveitinni, sem nema meira eða sé fyrir leingri tíma en að það verði borgað aptur fyrir lok næsta reikningsárs, eða endurnýja slíkt lán, eða leingja þann tíma, er á að borga það aptur.

Nú synjar sýslunefnd um samþykki sitt til einhverrar þeirrar ráðstöfunar, sem getur um í þessari grein, og er þá hreppsnefnd rétt að bera málið á almennum sveitarfundi undir atkvæði allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, og fallist þá $^3/_4$ gjaldenda á ráðstöfunina, skal hún gild án samþykkis sýslunefndar.

54. gr.

Ef sýslumaður kemst að því, að einhver ályktun hreppsnefndarinnar fer fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða er að öðru leyti lögum gagnstæð, eða miðar til að gera einhverja ráðstöfun, sem sveitin getur haft tjón af, eða skorast undan að gegna þeirri skyldu, er á sveitinni hvílir, getur hann með bréfi til oddvita hreppsnefndarinnar ónýtt ályktunina fyrst um sinn, ef eigi er enn búið að framkvæma hana. Síðan leggur hann málið fyrir næsta sýslunefndarfund, sem kveður upp fullnaðarúrskurð um það.

B. Sýslunefndir.

a. Skipun sýslunefnda.

55. gr.

Í sýslunefnd hverri skal vera einn kjörinn maður úr hverjum hreppi sýslufélagsins auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar.

Í Vestmanneyjasýslu er sýslumaðurinn, sóknarpresturinn og þrír kjörnir menn í nefndinni.

56. gr.

Hver hreppur er kjördæmi út af fyrir sig og kýs mann í sýslunefnd. Kosningin fer fram á manntalsþingi með óbundinni atkvæðagreiðslu, er kjörstjórnin skipar fyrir um. Í kjörstjórninni er sýslumaður, formaður, og 2 menn aðrir, er sýslunefnd kýs.

57. gr.

Um kosningarrétt og kjörgeingi til sýslunefndar og um það, hvernig haga skuli kosningunni, gildir að öðru leyti hið sama, sem fyrir er mælt í þessu efni að framan um hreppsnefndirnar. Sömuleiðis skal farið eptir hreppsnefndarkjörskránum, þegar kjósa á í sýslunefndirnar (sbr. 8., 16. og 18.—19.gr.).

58. gr.

Sýslnefndin sker úr mótmælum gegn lögmæti kosningar. En til þess að þeim verði gaumur gefinn, skal bera þau upp bréflega fyrir oddvita nefndarinnar innan 14 daga frá því er kosningargerðinni er lokið. Sýslunefndin sker einnig úr málum, er rísa af því, að einhver beiðist þess að mega ganga úr nefndinni, og eins þá er spurning er um að víkja einhverjum úr henni.

59. gr.

Í hreppi hverjum skal kjósa varasýslunefndarmann og gilda sömu reglur við kosning þeirra, sem við kosning sýslunefndarmanns.

Nú er sýslunefndarmaður forfallaður frá að mæta á sýslufundi, og skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt sýslufund.

Varasýslunefndarmaður hefir sömu réttindi og skyldur sem sýslunefndarmaður.

60. gr.

Sýslunefndarmenn skal kjósa fyrir 6 ár, þó með þeim nánari takmörkunum, er segir í 61.—62. og 64. gr.

61. gr.

Á manntalsþingum hinum næstu eptir að lög þessi fá gildi skal í öllum hreppum á landinu kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann. Gömlu sýslunefndarmennirnir og varsýslunefndarmennirnir fara jafnframt frá, en þá má endurkjósa. Af sýslunefndarmönnum og varasýslunefndarmönnum þeim, er þá verða kosnir í hverja sýslunefnd, geingur eptir hlutkesti milli hreppa meiri hlutinn, ef tala hreppa í sýslu stendur á stöku (3 af 5, 4 af 7, 5 af 9 o. s. frv.), en ella helmingur, úr sýslunefndinni sama ár, sem meiri hluti hreppsnefnda á eptir 11. gr. að ganga úr hreppsnefndum og minni hluti kosinnar sýslunefndar hverrar og varasýslunefndarmanna eða annar helmingur geingur svo úr 3 árum seinna. Í stað þeirra sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna, er úr nefndinni ganga í hvort skipti, skal á manntalsþingum sama ár kjósa jafnmarga menn til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan meiri og minni hluti eða helmingur hverrar kosinnar sýslunefndar frá á víxl með 3 ára millibili.

62. gr.

Ef sýslunefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal á næsta manntalsþingi kjósa mann í nefndina í stað hans, að eins til þess tíma, er eptir var af kjörtíma hans. Sama er um varasýslunefndarmann.

63. gr.

Um endurkosning og um rétt manns til að skorast undan að taka við kosningu í sýslunefnd skal fara eptir fyrirmælum 14. gr., og á það jafnt við um varasýslunefndarmann sem sýslunefndarmann.

64. gr.

Nú er hreppi skipt í tvo hreppa, og geingur þá sýslunefndarmaður hans þegar úr nefndinni og sömuleiðis varasýslunefndarmaður. Á næstu manntalsþingum á eptir skal í hvorum þessara hreppa kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann, og ganga þeir úr nefndinni eptir nánari ákvörðun sýslunefndarinnar þannig, að fylgt sé reglunum í 61. gr.

65. gr.

Sýslunefndin skal eiga að minsta kosti einn fund á ári eptir því sem oddviti ákveður nákvæmar. Auk þess má hann kveðja til aukafundar, þegar honum þykir þess þörf, og hann er skyldur til þess, ef helmingur nefndarmanna heimtar það. Nefndin ræður fundarstað, þegar hún vill, ella oddviti.

66. gr.

Sýslunefnd getur einga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sé viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita.

Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, á heimting á, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við voru staddir, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið.

67. gr.

Oddviti stjórnar umræðum og sér um að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar séu rétt og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu til-

hlýðilega unnin. Hann er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar og annað, er henni við kemur. Hann geymir innstæðufé sýslunnar, skuldabréf og aðrar eignir sýslufélagsins.

Sýslunefndin getur falið hverjum nefndarmanni, er hún vill, ákveðin störf, er hún á að annast, eða kosið nokkra af nefndarmönnum í undirnefnd, til að leysa þau af hendi, eða að starfa að einhverju málefni til undirbúnings milli funda. Fyrir þess konar störf má hún veita hæfilega þóknun úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á þeim störfum.

b. Verksvið sýslunefnda og laun.

68. gr.

Sýslunefnd hefir yfirstjórn sveitarmálefna í öllum hreppum sýslunnar, og leggur fullnaðarúrskurð á mál þau, er samkvæmt 19., 21.—23., 30., 40.—41., 50. og 53. gr. laga þessara liggja undir hana, svo og á þær ályktanir hreppsnefnda, er skotið er undir úrskurð hennar samkvæmt löggiltum reglugerðum sýslunefndar. Hún hefir yfir höfuð umsjón með því að hreppsnefndirnar hegði sér í sveitarstjórnarathöfnum sínum eptir lögum og löglegum fyrirskipunum.

Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmæt gjöld eða neitað að borga það, sem hún á að greiða, eða leitt hjá sér að framkvæma einhverja aðra ráðstöfun, sem hún er skyld til, eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefir vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sé kippt í lag, og, ef nauðsyn ber til, getur hún falið oddvita sínum að beita þvingunarsektum, til þess að boðum hennar verði framfylgt, og auk þess komið fram ábyrgð á hendur einstökum hreppsnefndarmönnum við dómstólana.

69. gr.

Sýslunefnd kýs á ári hverju mann eða menn úr sínum flokki til að yfirskoða ársreikninga allra hreppa í sýslunni. Endurskoðari skal, ef honum þykir ástæða til, senda reikningshaldara athugasemdirnar til svars, nokkru fyrir sýslufund, síðan skal úrskurða reikningana á aðalfundi nefndarinnar; semur sýslumaður síðan eptir þeim yfirlit yfir efnahag hreppanna, og sendir stjórnarráðinu.

Yfirskoðara þessara reikninga má veita þóknun úr sýslusjóði, eptir því sem nefndin ákveður.

70. gr.

Sýslunefnd stjórnar öllum sveitarmálum, er varða sýsluna í heild sinni. Eptir tillögum hreppsnefnda gerir hún, þegar svo ber undir, ráðstöfun til að afstýra hallæri í sýslunni. Ef meira fé þarf til þess en að það verði borgað með helmingnum af öllum hinum venjulegu árstekjum sýslunnar, eptir meðaltölu fyrir 3 ár, verður að leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, sem nefndin afræður. Hún ræður, hvar lögferjur skuli vera og annast um, að þær séu jafnan í góðu lagi, og að lögferjumenn gæti skyldu sinnar. Þá er skipa skal

hreppstjóra, stingur hún upp á 3 mönnum til þess, og af þeim skipar sýslumaður einn. Einnig gerir hún tillögu um, hvort hreppstjóri skuli vera einn í hreppi eða tveir. Hún annast um að prentaðar séu eigi sjaldnar en 10. hvert ár nákvæmar skrár yfir fjármörk og, ef ástæður eru til, einnig yfir hestamörk, í allri sýslunni.

71. gr.

Sýslunefnd semur reglugerð um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjárskila, og sömuleiðis á vorum til mörkunar rúningar og fráfærna, og ráðstafanir til að eyða refum, svo og aðrar reglugerðir þær, er hún hefur heimild til að semja samkvæmt lögum. Þá er nefndin hefir á fundi með meiri hluta atkvæða samþykt einhverja slíka reglugerð, skal senda hana stjórnarráðinu, sem getur veitt henni lagagildi.

72. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar sérstaka sýslu, til lykta ráðið fyrr en álits sýslunefndar þar hefir verið leitað um það. Sýslunefnd má og að fyrra bragði senda stjórnarráðinu tillögur um hvað eina, er verða má sýslunni til gagns, eða til að afstýra hallæri.

73. gr.

Reikningsár sýslusjóðs er almanaksárið.

74. gr.

Sýslunefndin skal á aðalfundi semja áætlun fyrir næstkomandi reikningsár yfir tekjur og útgjöld sýslunnar. Að því leyti sem eigi er heimild fyrir greiðslu einstakra gjalda með niðurjöfnun á annan hátt, skal jafna því, sem með þarf, niður á hreppsfélög sýslunnar eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða, að tveim þriðjungum, og eptir tölu verkfærra karlmanna, að einum þriðjungi í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjaldi því, er þannig kemur á hvert hreppsfélag, skal hreppsnefndin jafna niður á hreppsbúa, samkvæmt fyrirmælunum í 36. gr., og skal hreppsnefndaroddvitinn greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

75. gr.

Oddvita sýslunefndarinnar skal endurgjalda eptir reikningi hans, það sem hann hefir borgað fyrir ritföng, sendiferðir o. fl., og skal öll nefndin ávísa honum féð.

76. gr.

Hver sýslunefndarmaður fær í fæðispeninga 2 krónur hvern dag frá því er hann fer að heiman á sýslufund, til þess er hann kemur heim aptur, svo og ferðakostnað eptir reikningi hans, er sýslumaður rannsakar og úrskurðar. Fé þetta greiðist ur sýslusjóði.

77. gr.

Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði, nema heimild sé fyrir því í lögum, eða það sé ákveðið af sýslunefndinni.

78. gr.

Sýslunefndin kýs árlega á aðalfundi mann úr sínum flokki til þess að yfirskoða næsta reikning sýslusjóðsins.

79. gr.

Í Janúarmánuði ár hvert skal oddviti sýslunefndarinnar gera reikning yfir tekjur og útgjöld sýslusjóðsins næstliðið ár og senda yfirskoðara hann fyrir lok sama mánaðar. Yfirskoðari skal fyrir lok næsta Febrúarmánaðar senda oddvita aptur reikninginn með athugasemdum sínum. Á næsta aðalfundi þar á eptir rannsakar sýslunefndin reikninginn, í sambandi við athugasemdirnar og svör reikningshaldara upp á þær, og úrskurðar síðan reikninginn.

Reikninginn á að semja eptir áætlun þeirri, sem nefnd er í 74. gr., og skal honum fylgja skrá yfir eignir sýslunnar og yfirlitsreikningur yfir eigur og skuldir hennar. Þetta ásamt reikningnum sjálfum sendir oddviti stjórnarráðinu til yfirlits með næsta pósti, eptir að reikningurinn var úrskurðaður.

Fyrir lok Júnímánaðar skal senda hverri hreppsnefnd í sýslunni ágrip af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, prentað eða á annan hátt margfaldað, svo mörg eintök, er hæfa þykir. Nú eru eigi tök til þessa að áliti sýslunefndar, og skal þá fyrir sama tíma senda í hvern hrepp til oddvita eitt skrifað eptirrit af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, og skal oddviti sjá um, að hreppsbúar fái að lesa það. Fyrir eptirrit þessi fær sýslumaður 50 aura fyrir hverja örk, og skal það, og allur kostnaður við prentun og útsending goldið úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á að reikningurinn sé réttur. Hún ábyrgist einnig innstæðufé, skuldabréf og aðrar eigur sýslufélagsins.

80. gr.

Að því er snertir mentamál, heilbrigðismál, ljósmæður, vegi, alþýðustyrktarsjóð, skattamál, alþingiskosningar, verzlunarleyfi og áfeingissöluleyfi, nýbýli, laxveiði og ýmsar aðrar greinir atvinnumála o. fl. hefir sýslunefnd hlutverk eptir því sem lög ákveða.

81. gr.

Þyki oddvita einhver ályktun nefndarinnar fara fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða sé að öðru leyti lögum gagnstæð, eða hún miði til að gera einhverja ráðstöfun, sem sýslufélagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt að fella ályktunina úr gildi, og ber honum þá að senda stjórnarráðinu tafarlaust skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eptirrit af skýrslunni. Stjórnarráðið sker úr ágreiningnum.

82. gr.

Með næsta pósti eptir sýslunefndarfund skal oddviti senda stjórnarráðinu endurrit af gerðabókinni.

III. kafli.

Um það hver lög séu numin úr gildi með lögum þessum, og hvenær lög þessi komi í gildi m. m.

83. gr.

Með lögum þessum eru þessi lög og lagaákvæði úr gildi numin:

Tilskipun 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

Lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi. 4. Maí 1872.

Lög 16. Dec. 1885 um breyting á 46. gr. í tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.
Lög 9. Ágúst 1889 um viðauka við lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.
Lög 11. Júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilskipun 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl.
Lög 11. Decbr. 1891 um þóknun handa hreppsnefndarmönnum.
Lög 15. Febr. 1895 um breyting á 1. gr. laga 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.
Lög 6. Marz 1896 um viðauka við lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.
Lög 6. Nóv. 1897 um breyting á 6. gr. tilsk. 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og viðauka við lög nr. 1, 9. Jan. 1880.
Lög 4. Júní 1898 um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða 3. og 4. gr.
Lög 9. Sept. 1899 um breyting á 48. gr. í tilsk. 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.
Lög 13. Nóv. 1903 um viðauka við lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilsk. 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. Ágúst 1889 um viðauka við nefnd lög.

Þau ákvæði í lögum 12. maí 1882 um kosningarrétt kvenna og í lögum 6. Nóvbr. 1902 um kjörgeingi kvenna, er snerta kosningarrétt og kjörgeingi kvenna til hreppsnefnda og sýslunefnda, skulu úr gildi numin, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

84. gr.

Að því leyti sem störf þau, er amtsráðin hafa haft á hendi, eru eigi með þessum lögum lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndirnar (sbr. 70. og 71. gr.), eða þau falla í burtu af sjálfu sér, skal þeim ráðstafað með konunglegri tilskipun.

85. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1907.

Nd. **261. Viðaukatillaga.**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 7. Júní 1902 um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslanda.

Flutningsm. Lárus H. Bjarnason.

Eptir 3. gr. komi ný grein, 4. gr., svo hljóðandi:

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meiginmál laga nr. 11. frá 7. Júní 1902 um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi, og getur konungur þá gefið nefnd lög þannig breytt út sem lög um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi.

Ed. **262. Frumvarp**

til laga um kennaraskóla í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði.

(Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Kennaraskóla skal setja á stofn í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg, og má verja til húsabóta og áhalda allt að 33000 kr. úr landssjóði.

2. gr.

Kennaraskólinn er jafnt fyrir konur sem karla; kenslan veitist ókeypis. Við hinn sameinaða skóla skulu vera alt að 35 heimavistir, og hafa nemendur kennaraskólans forgangsrétt að þeim.

3. gr.

Burtfararpróf úr gagnfræðaskólunum í Flensborg og á Akureyri eða inntökupróf við kennaraskólann, sniðið sem næst eptir þeim kröfum, sem gerðar eru við burtfararpróf Flensborgarskólans, veitir rétt til inntöku í kennaraskólann, að svo miklu leyti sem rúm leyfir. Skólaár kennaraskólans er frá 1. Október til 14. Maí. Tvær ársdeildir eru í skólanum.

4. gr.

Kenslugreinar kennaraskólans eru þessar: Íslenzka, danska; saga, landafræði og náttúrufræði, einkum að því, er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skript, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristin fræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar. Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr.

Við hinn sameinaða kennara- og gagnfræðaskóla skipar ráðherra fjóra fasta kennara. Er einn forstöðumaður og hefir í árslaun 2500 krónur auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu; annar kennari hefir 1800 kr. í árslaun, þriðji kennari 1600 kr. og fjórði kennari 1200 kr.

Sá af kennurunum, sem hefir ásamt forstöðumanni umsjón með heimavistar-nemendum, fái auk þess ókeypis bústað í heimavistarhúsi skólans.

6. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón hins sameinaða skóla og semur reglugerð fyrir hann.

7. gr.

Kostnaður við rekstur hins sameinaða skóla greiðist úr landssjóði, þó, að því er gagnfræðaskólann snertir, einungis að svo miklu leyti, sem tekjur þessarar sérstöku stofnunar eigi hrökkva til.

Nd. **263. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaða.

(Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Að Gerðum í Garði í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Við Mariuhöfn í Kjósarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

3. gr.

Að Syðra-Skógarnesi í Miklholtshreppi í Hnappadalssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

4. gr.

Að Látrum í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

5. gr.

Við Lambhúsvík á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

6. gr.

Ólafsfjarðarhorn í Þóroddstaðahreppi innan Eyjafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

7. gr.

Við Holtsós undir Eyjafjöllum skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **264. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna við kauptún í landinu o. fl.

(Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að staðfesta reglugerðir um notkun hafna við löggilt kauptún á Íslandi, um notkun á hafnarbryggjum og öðrum mannvirkjum við hafnir, svo og um seglfestu. Reglugerð semur sýslumaður eptir tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

2. gr.

Ákveða má í reglugerðum þeim, er um er rætt í 1. gr., sektir fyrir brot alt að 400 kr., svo og gjöld fyrir notkun hafna, hafna-mannvirkja og fyrir seglfestu.

3. gr.

Með mál um brot gegn reglugerðum þeim, er nefndar eru í 1. gr., skal farið sem almenn lögreglumál. Sektir renna í hafnarsjóð kauptúnsins þar sem brotið er framið.

Nd. **265. Frumvarp**

til laga um stofnun geðveikrahælis.

(Eptir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Til þess að koma upp geðveikrahæli á Kleppi við Reykjavík yfir 50 geðveika menn og útbúa það, má verja úr landssjóði alt að 90000 krónum.

2. gr.

Árleg útgjöld til geðveikrahælisins skal veita á fjárlögunum.

Upp í þennan kostnað skulu réttir aðstandendur greiða í landssjóð meðgjöf með hverjum geðveikum manni, 50 aura á dag, ef hann er þurfamaður, ella 1 kr. á dag.

3. gr.

Í yfirstjórn geðveikrahælisins eru landlæknir og einhver annar maður, sem stjórnarráðið skipar til þess.

4. gr.

Stjórnarráðið semur eptir tillögum frá yfirstjórn geðveikrahælisins reglur um afnot þess og erindisbréf fyrir starfsmenn þess.

Nd. **266. Álitsskjal**

Rögnvalds húsameistara Ólafssonar um safnahússbyggingu.

(Fylgiskjal við þingskjal 205).

Söfn þau, sem húsnæði eiga að fá í hinu fyrirhugaða safnahúsi, eru Landsbókasafnið, Landsskjalasafnið, Forngripasafnið, Náttúrugripasafnið og Málverkasafnið.

Í stuttu máli er högum þeirra háttað svo sem nú skal greina:

Landsbókasafnið hefir alt 1. gólf í Alþingishúsinu. Húsakynni eru þar ill fyrir bókasafn. Forstofa geingur um húsið þvert og sker safnið í sundur, eykur vegaleingd og fjölgar dyrum innan safnsins, sem loka þarf í hvert skipti, sem um er geingið; veggir eru rakir og óhreinlegir sumir, gluggar fáir og strjálir og birtan því víða ónóg bókasafni. Herbergi þau, sem safnið hefir til afnota, eru 11 alls (að frátöldum anddyrum og kolaklefum) og að flatarmáli gólfs samtals 606 ferálnir; af þeim er eitt lestrarsalur, annað vinnuherbergi, en níu eru bókaherbergi. Leiðin inn í lestrarsalinn liggur gegnum vinnuherbergið, sem nota verður til skrásetningar safnsins, afritunar o. fl. Það er að flatarmáli um 32 ferálnir. Lestrarsalurinn er tæpar 11 álnir á leingd og 5 áln. 16 þuml. á breidd = ca. 62 ferálnir; hæð undir lopt er þar og annarsstaðar í bókasafninu 5 áln. 19 þuml. Skápur er fyrir orðabækur («handbækur«) með samanlagðri hylluleingd 27 álna í öðrum enda salsins. Sæti eru fyrir 7 lesendur auk bókavarðar.

Bókaherbergin 9 eru samtals að flatarmáli 512 ferálnir, en að rúmmáli 2965 rúmmálnir. (Í einu þeirra vinna bókaverðir að ritstörfum safnsins). Bókaskápar taka allir undir lopt og þarf því að nota lausastiga við efri hyllurnar; þykir það fyrirkomulag afhrak nú orðið. Í skáp hverjum eru 10 hyllur, 1 fyrir arkarbrot («folianta«), 1 fyrir fjórblöðunga («kvarta«), 7 fyrir áttblöðunga («oktava«) og 1 fyrir tólfblöðunga («duodez«).

Samanlögð hylluleingd safnsins er 2450 álnir; af því eru í handritasafninu 390 álnir, undir »dublettum« 220 álnir, en aðrar bækur fylla 1840 álnir. Nú er hyllurúm í bókasófnum venjulegast miðað við flatarmál á forhlið skápanna (leingd × hæð). Leingd skápanna í Landsbókasafninu verður, þar sem 10 hyllur eru í hverjum, $\frac{2450}{10}$ áln. = 245 álnir, hæðin, sem til notkunar kemur, er 5 álnir 17 þuml.; flatarmál skápanna (o: á forhlið) verður þá $245 \times 5\frac{17}{24}$ ferálnir = ca. 1400 ferálnir. Nú er hyllurúm fyrir arkarbrot tiltölulega of mikið og skápar með föstum hyllum óþarflega rúmfrekir; lætur nærri, að safnið rúmaðist eins

vel í skápum með lausahyllum, sem væru að flatarmáli á forhlið 1350 ferálnir. Kæmu þá á feralin hverja í skápum 50 bindi, því að bókasafnið er nú um 67000 bindi skrásett. Annars er venjulega gert ráð fyrir, að 40 bindi rúmist á feralin að jafnaði í skápshlið.

Járnhlerar eru fyrir gluggum handritasafnsins og »dublett« safnsins og þrem gluggum öðrum, sem vita út að einstaks manns lóð. Járnhurðir eru fyrir handritasafninu. Gólf og veggir eru eldtraust, en loptin ekki (járnbitar berir að neðan og múrhvelfingar á milli þeirra).

Landsskjalasafnið er á tvístringi; hér um bil helmingur þess er í Alþingishúsinu — sumpart á 3. gólfi, sumpart uppi á lopti —, hitt er á dómkirkjuloptinu og hjá Stjórnarráðinu.

Á 3. gólfi Alþingishússins hefir skjalasafnið 4 herbergi. Eitt þeirra er skrifstofa skjalavarðar og þeirra, er safnið nota; hún er að stærð 4 álnir×4 áln. 9 þml.=17½ feralin; hæðin er 4 álnir, eins og í hinum herbergjunum þremur. Þau hafa samanlagðan gólffl0t 259 ferálnir. Tvö þeirra hafa hliðarbirtu, eitt ofanbirtu og er birtan sæmileg. Skápar eru nál. allir 4 álna háir með 6 hyllum hver; verður hylluhæðin 16 þml. og er það hæfilegt í skjalasafni. Samanlögð hylluleingd er 820 álnir og er fullskipað í þær. Koma þannig 3⅙ áln. hylluleingdar á feralin hverja í gólfi, en þar sem herbergjum er vel fyrir komið, má ætla alt að 4 áln. hylluleingdar á feralin hverja í gólfi. — Uppi á loptinu eru tveir rimlaklefar og er það húsrúm bæði dimt, þröngt og óhentugt. Í klefum þessum á Landsskjalasafnið skápa með samanlagðri hylluleingd 563 áln. Skjöl fylla þó að eins 240 álnir, en auðar eru 323 álnir. Samanlögð leingd hyllna, sem skjölum eru skipaðar, er því 820 áln.+240 áln.=1060 álnir, og ef álíka mikið er annarstaðar, tekur skjalasafnið alt fullra 2000 álna hyllurúm.

Tvo járnskápa á safnið, en járnhurðir eingar né járnhlera fyrir gluggum.

Forngripasafnið hefir húsakost beztan safnanna, 2. gólf og loptið í húsi Landsbankans. Á 2. gólfi eru 2 salir, 5¾ al. á hæð, og hvor um sig 12 álnir× 19 áln. 4 þml.=230 ferálnir að flatarmáli. Auk þess er þar herbergi 40—50 feráln. Gluggar eru 7 á hvorum sal og birtan því allmikil, en óhentug slíku safni. Loptið er einn geimur, 30 áln. 6 þml.×19 áln. 7 þml.=ca 584 ferálnir að flatarmáli eða um 570 ferálnir, þegar frá er dregið stigaop, reykháfar o. þessk. Port er 1½ al., hæð undir skammbita 4½ al. Birtan er eingöngu ofanbirta og er dágóð. Sýningarrúm safnsins verður að samtöldu um (460+570) feráln.=1030 ferálnir; hrekkur þó ekki, því að allmikið er óuppsett.

Náttúrugripasafnið hefir leingst af verið á hrakningi. Það er nú geymt í járnvörðu timburhúsi á Vesturgötu. Húsið er innanmáls um 12½ al.×17 áln.= ca. 213 ferálnir, og er stúkað í fernt: forstofu, klefa og tvo sali litla. Salirnir eru 8½ al.×9½ al. og 8½ al.×12½ al.=187 ferálnir samtals og hæðin undir lopt er um 5 álnir. Gripirnir eru geymdir í veggskápum (úr gleri í tréumgerð) og borðum (púltum með glerloki).

Veggskápar eru alt að 4⅓ al. á hæð, taka um 39 áln. veggjaleingdar og um 39 ferálnir gólfs. Veggborð (um 1½ al. á hæð og ¾ al. á breidd) eru samtals um 15 álnir á leingd og 11 ferálnir að flatarmáli. Borð á miðju gólfi eru 4 talsins (um 1½ al. á hæð) og standa á 20 ferálnum gólfflatar. Gólf undir skápum og borðum verður þá (39+11+20) ferálnir = 70 ferálnir. Auður gólffl0tur verður 187—70=117 ferálnir og þó ekki meira en 110 ferálnir, þegar ofnar og reykháfar eru frá geingnir. Gólfrúmið er helzt til lítið, þegar það skiptist niður í

ganga, samt. um 60 álnir að leingd, milli brothættra glerskápa; gangbreidd verður lakar 2 áln. að meðaltali, en ætti ekki að vera minni en $2^1/_2$ al. Auk þess er sýningarrúmið í skápum og borðum of lítið. Safninu mundi ekki veita af 250 ferálna gólfrými.

Málverkasafnið er á víð og dreif um herbergi Alþingis. Þinghússvörðurinn segir, að málverkin séu nær 100 að tölu og virt á 130 þús. kr., auk dánargjafar Fiskes prófessors. Hefir hann það eptir málurum og öðrum listfróðum mönnum, sem séð hafa safnið, að leitun sé á jafnvönduðu málverkasafni, engin mynd auðvirðileg eða illa gerð, enda allar eptir góða málara. Húsnæðið er ekki gott, því að hitinn er eingöngu háður veðráttunni, en hráslagalopt og mikill hitamunur er málverkum skaðlegur; enda hafa komið fram skemdir á myndunum. Málverk njóta sín ekki heldur, nema í húsakynnum, sem sniðin eru eptir þörfum þeirra, þar sem hiti er sem jafnastur (10°—12°R) dag og nótt á öllum tímum árs, og sól nær ekki að skína beint á þau.

Af lýsingu þessari virðist auðsætt, að húsakynni allra safnanna eru ýmist svo þröng eða óhagkvæm eða hvorttveggja, að þeim er öllum þörf á nýju og betra húsnæði, enda er þeim þá fyrst viðgangs að vænta, er þau hafa feingið sín eigin húsakynni; þau eignast um leið sjálfstætt rúm í meðvitund þjóðarinnar og mega þá einnig vænta betri aðhlynningar. Ógerningur mun vera að skipta nokkru safninu svo, að nokkur hluti þess sitji kyr, en nokkuð fái nýjan bústað. Það mundi valda *glundroða og vanþrifnaði*. Hins vegar eru söfnin að munum, fyrirkomulagi og notkun svo frábrugðin hvort öðru, að þeim verður ekki, svo að vel fari, komið fyrir í sama húsi til langframa. Þar sem söfn eru í góðu lagi, er reynt að sníða húsakynni hvers safns eptir því, sem hentast reynist til varðveizlu þess og notkunar. Bókasöfn og skjalasöfn þurfa svipaðra húsakynna, en þau eru frábrugðin þeim, sem hentust eru fyrir »Musea«, en þar til teljast forngripasöfn og einkum málverkasöfn og náttúrugripasöfn.

Það er því torvelt að hýsa þau öll jöfnum höndum undir einu þaki, enda virðist landstjórnin hafa tekið tillit til þess í frumvarpi sínu um húsbygging fyrir söfnin. Er þar farið fram á, að veittar séu 160 þús. kr. til að reisa hús, sem endist Landsbóka- og Landsskjalasöfnunum í næstu 60 árin, án þess að við það sé bætt, en svo skuli til hagað, að einnig rúmist þar hin önnur söfn landsins (ɔ: Forngripa-, Náttúrugripa- og Málverkasöfnin) um fyrstu 20 árin — og að auðvelt sé að byggja viðbætur við húsið eptir þörfum.

Húsið verður því að vera þannig gert,

að bókasafninu og skjalasafninu hvoru um sig sé ætlað nægilegt rúm um hinn ákveðna tíma, að svo miklu leyti, sem fjárframlög leyfa,

að rúm það, sem þau geta látið af mörkum við hin söfnin fyrst um sinn, megi afstúka svo, að eingri truflun valdi á herbergjum sjálfra þeirra eða notkun, en sé þeim sjálfum einnig óháð, og að skilrúmin megi taka burt fyrirhafnarlítið, þegar þar að kemur, og

að bæta megi við húsið á hentugan hátt svo að eingum glundroða valdi.

Í **bókasafnshúsi** þarf aðallega fernskonar herbergi:

1. *bókhlöðu* (Book-Stack, Büchermagazin) fyrir bækurnar sjálfar,

2. *vinnustofu* eina eða fleiri fyrir bókaverði,
3. *lestrarsal* einn eða öllu heldur tvo fyrir notendur safnsins, annan til almennra afnota, hinn (minni) til vísindal. starfsemi, og *útlánsstofu* sem næsta útidyrum,
4. *dyravarðaríbúð, bókbandsverkstofu,* rúm fyrir hitavél, fataherbergi, geymsluherbergi, salerni m. m.

Venjulega er *bókhlöðunni* svo hagað, að hún nær frá neðsta gólfi upp undir efsta lopt eða alla leið upp undir þak og skáparnir eins. Eru þá á milli skápanna sett gagnsæ gólf með 4 álna millibili, svo að hvergi þarf lausastiga, en járnstigar ganga af einu gólfinu á annað. En ilt þykir að verja bækurnar á efri gólfunum skemdum af hitanum og svo yrði notkun safnsins allerfið, þar sem eingar væru vélar til hjálpar. — Því er farið að haga svo til á síðustu árum, að bókaherbergin eru ekki höfð hærri en önnur herbergi og skáparnir ekki hærri en 4 álnir, svo að maður getur vel náð á efstu hyllu stigalaust. Herbergið verður þó að vera að minsta kosti þriðjungi og helzt tvöfalt hærra en skáparnir, bæði vegna lopts og birtu, en þá má einnig skipa svo þétt skápum, að vel vinst upp það, sem missist af hæðinni. Virðist þetta fyrirkomulag koma bezt við hér, þar sem mörg sjálfstæð söfn eiga að búa í sama húsinu.

Bókaskápar eru til af mjög margvíslegri gerð, bæði úr tré og járni. Tréskápar eru þó að leggjast niður; fyrst og fremst eru þeir eldfimir og svo reynist tréð hvorki nógu endingargott né hreinlegt (viðarkvoðan brýzt út fyrr eða síðar og allra handa skorkvikindi geta hreiðrað sig í skápunum). Skápum úr steypujárni eða steypustáli fjölgar óðum; þeir þykja hafa flesta kosti fram yfir tréskápana. Ekki eru þeir eldfimir — skápurinn heldur sér óbreyttur að kalla, þó að bækurnar í honum brenni; skápskinnarnar og hyllurnar eru venjulega alsettar götum eins og rist og nær bæði birta og lopt að leika um bækurnar. Á Englandi og í Vesturheimi eru hellur (»Skifer«) notaðar mikið í hyllur; hyllur úr bárujárni þykja góðar, en fóðraðar verða þær að vera. Óhæfir þykja skápar með föstum hyllum og aðrir skápar ekki notandi en þeir, sem svo eru gerðir, að færa má hyllurnar upp og ofan eptir þörfum; með því móti er hægt að nota rúmið í skápunum miklum mun betur en með föstum hyllum og sparast þá húsrúm um leið, en húsrúmið er ódýrara en verðmun nemur á góðum skápum og lélegum. Í tvíhliða skápum (ɔ: með bókum tveim megin) er hætt að hafa bak eða brík í miðju; er það til þess, að mjög stórar bækur geti rúmast í skápnum, án þess að hann sé hafður dýpri en venjulegum bókum hæfir.

Ekki má skápur vera grynnri en 10 þml. einhliða, en 20 þml. tvíhliða. Í hinum beztu bókasöfnum eru tvíhliða skápar alt að alin á dýpt, t. d. í Congress-bókasafninu í Washington $23^1/_4$ þuml. (61 cm.).

Skáparnir standa altaf þversum í bókhlöðunni og eru gluggarnir á hliðveggjum aðallega. Gangur er eptir miðju gólfi endilöngu, 2 álna breiður að minsta kosti; út frá honum standa skáparnir og liggja gangar á milli þeirra ekki mjórri en 1 al. 6 þml. og er alt hið þreingsta. Er eigi ráðlegt að ætla minna rúm en 2 áln. 2. þml. í allra minsta lagi af leingd bókhlöðunnar undir skáp hvern og gang til samans (eða frá miðju eins tvíhliða skáps til annars).

Gluggar þurfa að ná sem næst lopti, vera ramgerðir úr góðu efni og glerið vel sterkt; auðvelt skal vera að opna þá, til þess að bjargað verði bókum út um þá, ef í kviknar. Óhjákvæmilegt er að hafa járnhlera fyrir gluggunum, að minsta kosti neðarlega í húsi, bæði sakir brunahættu og hellni misindis manna.

Hæfileg þykir birta í bókhlöðu, ef ekki kemur minna en 1 ferfet í flatarmáli gluggarúðna á móti hverjum 6 ferfetum gólfs eða 70—80 rúmfetum í rúmmáli bókhlöðunnar, með því móti að ekkert dragi úti fyrir úr birtunni.

Svo telst til, að hæfilegt sé að ætla 100 bindum upp og ofan af öllum stærðum rúm á 1 fermetra í skápsforhlið eða 40 bindi á feralin. Hæfileg er talin:

fyrir bækur í arkarbroti . . .	28—30	þml.	hylluhæð
— — - fjögra blaða broti	16—17	—	—
— — - átta — —	10—12	—	—
— — - tólf — —	7—8	—	—

þó getur út af þessu borið; áttblöðungar þurfa sumir alt að 14 þuml. hæð. Meðalþyngd bindis er talin 1,6 pund.

Fullskipað þykir í bókhlöðu (með 4 álna háum skápum), þegar 100 bindi koma á feralin hverja í gólfi. Þó er ekki loku fyrir skotið að þéttara megi skipa.

Um handrit og dýrindisbækur þarf að búa betur en annað. Er þeim jafnan ætlað sérstakt herbergi fyllilega eldtraust.

Bezt þykir fara á því, að bókhlaðan sé öll í einu lagi, þannig að lestrarsalur eða önnur herbergi kljúfi hana ekki í sundur.

Lestrarsalir þykja beztir með ofanbirtu eingöngu eða ofanbirtu og hliðarbirtu í senn. Ef hliðarbirta er eingöngu notuð, þurfa gluggarnir að vera hátt á vegg, en til þess þarf há herbergi, ef vel á að vera og herbergin ná sæmilega langt inn í húsið. Beztir og bjartastir lestrarsalir eru í Congress bókasafninu í Washington, í bókasafni British Museum's í Lundúnum, í ríkisbókasafninu í París (stærsta bókasafni heimsins) — í þessum sölum er ofanbirta og hliðarbirta frá háum hliðargluggum í sameiningu — og í Public Library í Boston; þar er hliðarljós eingöngu og frá einni hlið, en salurinn er mjög hár og tunnuhvelfing yfir, glugg-ar geysistórir og langt fyrir ofan gólf. Í Congress bókasafninu kemur á lestrarsalnum 1 ferfet gluggaflatar á 2,23 ferfet í gólfi og 283 rúmfet í rúmmáli salsins.

Ástæður ráða auðvitað, hvernig þessu er hagað, en hversu sem það er, þurfa lestrarsalir altaf að vera sem bjartastir.

Lestrarborð þurfa að vera vel breið (um tvær álnir), ef setið er báðum megin við þau, annaðhvort flöt eða með örlitlum halla. Í hinum nýrri bókasafnahúsum er svo vel í lagt, að hverjum lesenda er ætlað $1^1/_2$—2 álna rúm á borðhlið. Hér mundi það þykja óþarflega mikið, en hins vegar er ekki hægt að skipa sætum þéttar en svo, að lesara hverjum séu ætlaðar 5—6 ferálnir á gólfi. Ef tveir eru lestrarsalir, annar stærri til almennra afnota, en annar minni til vísindalegra starfa, má skipa svo þétt sem unt er eptir gólfleti og loptrými í almenningssalnum, en rýmra nokkuð í hinum. — Fyrir landabréf þarf að ætla séstök áhöld til geymslu og sýnis.

Varla verður hjá því komizt að hafa sérstaka *útlánsstofu;* útlán gerir usla og ónæði í lestrarsal. Útlánsstofan er bezt sett sem næst útidyrum, getur og verið beint fram af lestrarsalnum.

Óþarft virðist að leiða rök að því, að bókaverðir þurfi að minsta kosti eitt rúmgott herbergi til starfa sinna; það liggur í augum uppi, að skrásetning og önnur skrifstofustörf safnsins geta ekki farið fram á öðrum eins »almenningi« og lestrarsalurinn er, því síður í »frammistofu«, sem allir ganga um, eins og nú á sér stað í Landsbókasafninu.

Öll stór bókasöfn hafa sína eigin *bókbandsverkstofu* (og jafnvel prentsmiðju). Hún þarf að vera aðskilin frá safninu á tryggilegan hátt, en þó í sama húsi.

Um **skjalasöfn** er svipað að segja og bókasöfn, en tvens má þó geta.

Annað er það, að jafnan þykir þörf á að verja skjalasöfn enn betur gegn eldi og öðrum skemdum en bókasöfn, og eru því hús þeirra eða híbýli gerð enn rambyggilegri en bókhlöður. Þykir ekki fullörugt með öðru móti en því, að lestrarstofa og herbergi skjalavarða séu í öðru húsi en safnið sjálft og eldtraustur gangur á milli. En hér er ekki kostur á slíkri vöndun að þessu sinni.

Hitt er það, að skápum er aldrei eins þétt skipað í skjalasafni og í bókasafni. Stafar það af því, að skjöl eða skjalabindi eru að öllum jafnaði erfiðari í meðförum en bækur og vandfarnara með þau. Má ekki vel mjórra vera á milli skápa en $1^1/_2$ alin og skápar (tvíhliða) ekki grynnri en 22—24 þuml. Tekur þá skápur og gangur til samans 2 áln. 10 þuml.—2 áln. 12 þuml. af húsleingd. Ekki má heldur hafa fleiri en 6 hyllur á 4 álna hæð.

Lestrarstofu þurfa skjalasöfn að hafa. Hér mundi hún vera hæfileg hálfu minni en lestrarsalir bókasafnsins. Svo þurfa og skjalaverðir *skrifstofu* fyrir sig.

Eptir þörfum þessara tveggja safna, Landsbókasafnsins og Landsskjalasafnsins, verður aðallega að sníða hús það, sem gert er ráð fyrir að reisa. En ef slept er að hafa ofanbirtu í lestrarsölum, en hliðarbirta eingaungu notuð, getur efsta gólfið í húsinu (loptið) haldizt óskert; með sæmilega háu porti og nægum þakgluggum má gera þar góðan ofanbirtusal. Sé eg ekki betur en þar mætti fá húsrúm til frambúðar fyrir Forngripasafnið tiltölulega eins gott og húsrúm það, sem Landsbókasafninu og Landsskjalasafninu yrði veitt í húsi þessu.

Það eru þá að eins minstu söfnin tvö, Málverkasafnið og Náttúrugripasafnið, sem sjá þarf síðar fyrir nýju húsnæði. Mundi ekki unt að taka tillit þessa við fjárveitingu til húsbyggingar þessarar?

Fyrir hina áætluðu upphæð, 160 þús. kr., mun mega koma upp húsi, sem væri að utanmáli 25 álna breitt, 64 álna langt og um 22 álna hátt, ef það væri bygt úr handhægum og ekki dýrum steini, »pússað« utan og innan. Undir því ætti að vera kjallari, svo sem $4^1/_2$ al. á hæð, þá tvö gólf, hvort 6 álna hátt, og loks lopt uppi undir þaki að meðaltali $4^1/_2$ álnar hátt. Gólfin þyrftu að vera úr járnbitum með cementsteypu á járnneti ofan og neðan og hellugólf á; járn hvergi bert. Veggir allir og dyr eldtraust og járnhlerar fyrir gluggum að minsta kosti á neðra gólfi. — Flatarmál utanmáls verður 1600 ferálnir, en innanveggja um 1400 ferálnir.

Ætti sitt safnið að búa á hvoru gólfi, 1. og 2.

Á því gólfinu, sem Landsbókasafnið hefði, mundi dragast frá fyrir lestrarsali, útlánsstofu, bókvarðarherbergi, anddyri eða stigarúmi (og ef til vill fataherbergi) allt að 350 ferálnum, svo að eptir yrði fyrir bókhlöðu um 1050 ferálnir.

Landsbókasafnið á nú alls um 70000 bindi. Á næstu 60 árum þykir ekki of mikið í lagt að ætla því að meðaltali árlegan viðauka 2000 binda, eða alls á 60 árum um 120000 bindi; með því sem fyrir er, er þetta nálægt 200000 bindum. Með vanalegri bókaskipun, sem áður hefir nefnd verið (100 bindi á feralin í gólfi) þyrfti um 1900 ferálna gólfflöt undir safnið. Ef gert er nú ráð fyrir, að bókhlaðan verði á breidd innanveggja 23 álnir, 2 álna gangur í miðju, leingd skápa til hvorrar handar $10^1/_2$ alin og hæð þeirra 4 álnir, ennfremur að tvíhliða skápur og gangur fram með honum taki samtals 2 áln. 2 þml. (ɔ: 20 þml. + 1 al. 6 þml.) af leingd hússins og að á feralin hverja í skápshlið komist 45 bindi, þá koma á feralin hverja í gólfi $\frac{10^1/_2 \times 4 \times 4 \times 45}{23 \times 2^1/_{12}} = \frac{21 \times 8 \times 9 \times 12}{23 \times 5}$ = ca. 158 bindi. Þetta mun raunar vera alt of naumt í lagt; 150 bindi á feralin mundi vera hið allra þreingsta, sem

hægt væri að gera ráð fyrir með nokkurri sanngirni. Alt um það mundi ekki hrökkva minna gólfrúm fyrir bókhlöðu Landsbókasafnsins en 1300 ferálnir eða fyrir alt safnið nál. 1700 ferálnum.

Nú er að líta á Landsskjalasafnið. Það mun sem stendur þurfa 2000 álna hylluleingd. Því er ætluð árleg viðbót, sem nemi rúmum 30 álnum á kjöl, eða á 60 árum um 2000 álnir. Það þarf þá alls um 4000 álna langar hyllur.

Ef gert er ráð fyrir svipaðri tilhögun á því og Landsbókasafninu, að því undanskildu, að skápsrúm með gangi er gert 2 áln. 10 þml. og í stað bindatölu á feralin í skáp koma 6 álna hyllur á hverja álnarleingd skápshliðar. Koma þá út $\frac{10^1/_2 \times 6 \times 4}{23 \times 2\ ^5/_{12}}$ = ca $4^1/_2$ alin hylluleingdar á feralin hverja í gólfi. Nægir undir sjálft safnið með þessu móti 900 ferálna gólfrými.

Lestrarstofa, skrifstofa (með umbúðaklefa) fataherbergi og anddyri eða stigarúm mundi nema 250 ferálnum. Alls þyrfti þá Landsskjalasafnið um 1150 ferálna gólfrými.

Samanlögð bæði söfnin, Landsbóka og Landsskjala, mundu eptir þessu komast af með hér um bil 2800 ferálnir gólfs, en það verður jafnt tveim gólfum í húsi því, sem ráð var fyrir gert. Mætti haga svo til, að Landsbókasafnið hefði hæfilega stóran hluta af gólfi Landsskjalasafnsins, þegar til þyrfti að taka, og gæti sá hluti orðið afstúkaður nú þegar til afnota öðru hvoru hinna safnanna, sem hýsa þarf í húsi þessu til bráðabirgða. Hitt safnið gæti þá annaðhvort feingið herbergi á sama gólfinu eða öðru, eptir því sem bezt hentar.

Uppi á loptinu (3. gólfi) yrði um 1400 ferálna gólfrými fyrir Forngripasafnið, eða um 400 ferálnum stærra en nú er. Reyndar dragast frá herbergi fyrir forngripavörðinn, stigaop og reykháfar, sem alt mundi nema framt að 100 ferálnum, en hins vegar mætti búast við hagkvæmara fyrirkomulagi en nú á sér stað, sökum haganlegri húsakynna, einkum betri birtu. Að vísu get eg einga áætlun gert um árlega aukning Forngripasafnsins, en líkur eru þó til, að húsrúm þetta geti enzt alllengi, einkanlega þó, ef safnið feingi herbergi í kjallaranum fyrir legsteina, rúnasteina og ýmsa þunga eða fyrirferðarmikla muni.

Herbergjaskipun í húsinu yrði þá á þessa leið.

Í kjallaranum, sem þyrfti að taka $2^1/_2$—3 álnir upp úr jörðu og vera vel bjartur, er dyravarðaríbúð — 2—3 herbergi og eldhús, — bókbandsverkstofa, 1 sýningarherbergi fyrir Forngripasafnið og sitt geymsluherbergið fyrir hvert safnið, herbergi fyrir hitavél (helzt lágþrýstings-gufuvél), kolaklefi, salerni m. m. Ekki er loku fyrir skotið, að enn yrðu einhver herbergi afgangs til afnota einhverjum félögum hér í landi.

Á fyrsta gólfi mun réttast að hafa Landsskjalasafnið. Þar mun að öllu samtöldu óhultara en á 2. gólfi. Vel má vera, að svo megi haga til, að eitt klæðaherbergi (»garderobe«) nægi öllum söfnunum; það þarf að vera á 1. gólfi rétt hjá útidyrum, og má Landsskjalasafnið betur við að láta af hendi húsrúm til þess á sínu gólfi, með því að það fyllir það ekki alt, heldur en Landsbókasafnið, sem ekki rúmast alt á einu gólfi. Fyrstu 20 árin verður afgangs á 1. gólfi um 500 ferálnir gólfs. Þar yrði ríflegt rúm fyrir náttúrugripasafnið.

Á öðru gólfi er húsrúm Landsbókasafnsins, eptir því sem til endist. Þar munu verða afgangs fyrstu 20 árin 300—350 ferálnir gólfflatar, og ætti það húsnæði að hrökkva Málverkasafninu um tíma.

Uppi á lopti (3. gólfi) er Forngripasafnið.

Þó að líkur séu til, að hús þetta megi byggja vænt og vandað fyrir 160 þús kr., er hins vegar eigi líklegt, að upphæð þessi endist einnig til kaupa á öllum innanhússmunum og áhöldum. Sjálfsagt er að kaupa að eins það, sem vel hefir gefizt, svo að ekki þurfi að lóga því eða glata sem ónýti jafnharðan. En yfirleitt er ekki auðvelt að ætlast á um verð slíkra muna; það er margvíslegt.

Því hefir verið hreift, að réttast væri að reisa nýtt hús fyrir Alþingi og láta söfnunum eptir hið núverandi Alþingishús. Ekki hygg eg, að hægt sé að gera svo við Alþingishúsið, að það geti orðið viðunanlegt safnahús, enda þótt ærnu fé væri til kostað. Herbergjaskipun í því er söfnum í alla staði óhagkvæm og birtan allsendis ónóg. Það væri óðs manns æði að umturna öllum veggjum í húsinu, en þess þyrfti við, ef söfnum ætti að koma þar nokkurn veginn fyrir, svo að við mætti una, og yrði þó aldrei gott. Enda væru þetta vansæmdarspjöll á veglegu húsi. Þá verður auðveldara að byggja nýtt hús fyrir söfnin.

Satt er það, að alt er húsrúm Alþingis af skornum skamti, en ef söfnin flytjast burt úr Alþingishúsinu, má bæta allstórum áheyrendapalli við fundasal neðri deildar og fjölga má nefndarherbergjum að miklum mun. Þessu er fyrirkomulag herbergja og glugga ekki svo mjög til fyrirstöðu. Einnig mundi verða húsrúm á neðsta gólfi fyrir risnuherbergi til bráðabyrgða handa ráðherranum, þangað til komið yrði upp ráðherrabústað.

Reykjavík 1. ágúst 1905.

Rögnvaldur Ólafsson.

Ed. **267. Tillaga**
til þingsályktunar um endurskoðun ábúðarlöggjafarinnar.
Frá Sigurði Stefánssyni.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að endurskoða ábúðarlöggjöf landsins og semja frumvarp til nýrra byggingar, ábúðar og úttektarlaga, er verði lagt fyrir Alþingi 1907.

Nd. **268. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga $19^{06}/_{07}$.
Frá Guðl. Guðmundssyni.

Við 12. gr. B. — Aptan við tölul. 7 bætist:

8. Til brúargerðar á Hólmsá og Skaptár-eldvatn í Vestur-Skaptafellssýslu (síðara árið) 12.000 kr.

Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að sýslufélagið leggi til þessa verks að minsta kosti 2000 kr.

Ed. **269. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um kennaraskóla í sambandi við gagnfræðaskóla í Flensborg í Hafnarfirði.
Frá nefndinni.

Við 3. gr. Í stað: »Flensborgarskólans« komi: gagnfræðaskólans í Flensborg.

Nd. **270. Frumvarp**
til laga um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.
(Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hverjum þeim, sem leyst hefir af hendi fullkomið lögfræðispróf, er aðgang veitir að embættum þeim hér á landi, sem lögfræðingar skipa, sbr. 4. gr. laga nr. 3 frá 4. Marz 1904, og að öðru leyti fullnægir þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess að geta feingið embætti á Íslandi, getur ráðherra Íslands veitt alment leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn. Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal áður en leyfisbréfið er afhent honum, undirskrifa eiðstaf um, að hann skuli flytja mál þau, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmensku, og í hvívetna rækja störf sín ráðvendnislega og með samvizkusemi. Málaflutningsmaður fyrirgerir þessum rétti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svívirðilegt, eða missir fjárráð sín.

2. gr.

Yfirdómsmálaflutningsmenn þeir, sem nú eru og þeir, sem leyfi hafa feingið samkvæmt 1. gr., hafa bæði einkarétt og skyldu til að flytja sakamál og gjafsóknarmál eptir því, sem þeir fá skipun til og eptir sömu reglum og fylgt hefir verið hingað til.

Nú óskar sakborningur eða gjafsóknarhafi, að einhverjum ákveðnum málaflutningsmanni sé falið mál hans fyrir yfirdómi, og skal þá sá skipaður til þess, ef hann tjáir sig fúsan að gera það endurgjaldslaust af almannafé.

3. gr.

Málaflutningsmenn, er skipaðir eru til að flytja gjafsóknarmál, skulu eiga heimting á málaflutningskaupi eins fyrir það, þótt þeir vinni eigi málið, ef flutningur málsins hefir af þeirra hálfu verið óaðfinnanlega af hendi leystur, enda hafi hann eigi afsalað sér rétti til málaflutningskaups samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Einkaréttur sá, sem hinum settu málaflutningsmönnum við landsyfirdóminn er veittur með konungsúrskurði 19. Marz 1858, skal afnuminn.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Nd. **271. Frumvarp**
til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út nýjan flokk (seríu) bankavaxtabréfa.
(Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Veðdeild landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf alt að 2 miljónum króna til viðbótar bankavaxtabréfaupphæð þeirri, sem hún nú má gefa út samkvæmt lögum 12. Janúar 1900 um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík og viðaukalögum við þau 25. September 1902.

2. gr.

Um bankavaxtabréf þau, sem gefin verða út samkvæmt þessum lögum og kölluð verða 2. flokkur (sería) vaxtabréfanna, gilda allar hinar sömu reglur og settar eru með áminstum lögum 12. Jan 1900, sbr. tilvitnuð lög 25. Sept. 1902, að svo miklu leyti eigi eru settar aðrar reglur með eptirfarandi greinum þessara laga.

3. gr.

Landsbankinn leggur til tryggingarfé fyrir 2. flokki bankavaxtabréfanna, og skal það aldrei nema minni upphæð en $^1/_6$ af verðhæð útgefinna bankavaxtabréfa þeirra, er óinnleyst eru á hverjum tíma. Tryggingarféð skal vera í ríkisskuldabréfum og skal upphæð tryggingarfjárins miðast við gangverð nefndra verðbréfa. — Landsstjórnin varðveitir tryggingarféð, en vextir af því renna í landsbankann.

4. gr.

Ráðherra Íslands og stjórn landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

5. gr.

Þegar veðdeildin tekur jarðir að veði, má virða jarðarhúsin með eigninni, og gerist þess eigi þörf, að þau séu vátrygð ef verð þeirra nemur ekki $^1/_4$ virðingarverðs jarðarinnar. Öll önnur hús skal virða sérstaklega og vátryggja ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni, sbr. 7. gr. í nefndum lögum 12. Janúar 1900.

6. gr.

Þegar bankastjórnin eptir kröfum lánþega og samkvæmt 9. gr. nefndra laga 12. Jan. 1900 á að annast um að koma bankavaxtabréfum í gjaldgeinga peninga endurgjaldslaust, er henni heimilt að selja þau svo sem þau ganga bezt eða taka þau eptir gangverði.

7. gr.

Þá er bankastjórn heimilt að telja veðdeildarlán eða eptirstöðvar þess komnar í gjalddaga án uppsagnar, ef skuldunautur vanrækir að halda húseignum viðunanlega vátrygðum, sem áskilið er að vátrygðar séu, sbr. 10. gr. og 7. gr. nefndra laga 12. Jan. 1900.

8. gr.

Samkvæmt 11. gr. nýnefndra laga skulu skuldunautar veðdeildarinnar greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs skal vera $^1/_2$ af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, og afborgunargjaldið má eigi vera minna en svo, að láninu sé lokið á 50 árum, sé veðið jarðeign, á 35 árum, sé veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sé veðið timburhús, og á 15 árum, sé veðið torfhús.

9. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef

einginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eptir almennum lögum.

10. gr.

Sérstakan reikning skal halda fyrir 2. flokk bankavaxtabréfanna, og skal þeim til tryggingar vera sérstakur varasjóður, er í hann renna tekjur veðdeildarinnar eptir þessum lögum. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars kostnaðar, er af þessu leiðir, má greiða alt að því 2500 kr.

11. gr.

Ákvæði þessara laga snerta að eingu leyti bankavaxtarbréf þau, sem gefin eru út samkvæmt framannefndum lögum 12. Jan. 1900 og 25. Sept. 1902.

12. gr.

Þegar farið er að gefa út hinn nýja flokk bankavaxtabréfa skal borgun sú, er gæzlustjórar landsbankans fá árlega, hækka upp í 1000 kr. til hvors þeirra.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Apríl. 1906.

Nd. **272. Frumvarp**

til laga um varnarþing í skuldamálum.

(Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ef skuld er stofnuð við fasta verzlun eða aðra heimilisfasta atvinnustofnun hér á landi, á skuldheimtumaður rétt á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunaut í þinghá þeirri, er skuldin er stofnuð í, eins og væri þar varnarþing hans, enda sé skuldin eigi stofnuð fyrr en á árinu 1903. Eigi raskar þetta þó ákvæðum þeim, er nú gilda um varnarþing, er bundið er við fasteign.

Lög þessi ná til þeirra einna skuldaskipta, er skuldheimtumaður er kaupmaður, eða hefir á annan hátt atvinnu sína af viðskiptum, svo sem lyfsalar, bóksalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita og aðrir, sem líkt stendur á með.

Því að eins gilda fyrirmæli þessarar greinar, að fyrirtökudagur málsins falli á missirinu milli 1. Maí og 1. Nóvember.

2. gr.

Mál þau, er um er rætt í þessum lögum, skulu rekin fyrir gestarétti, en birta skal stefnuna á lögheimili skuldunauts með þriggja vikna fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis sem fyrirtökustaðurinn, með 6 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmisins, en þó í sama landsfjórðungi, en með níu vikna fresti, ef það er í öðrum landsfjórðungi.

Með »landsfjórðungi« er hér átt við svæði það, er amtsráðin nú taka yfir.

Nd. **273. Frumvarp**

til laga um veitingar áfeingra drykkja á skipum.

(Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á skipum, er koma hér við land, eða ganga meðfram ströndum landsins eða innfjarða, má eigi veita áfeinga drykki meðan skipið liggur í höfn,

hvorki farþegum né aðkomumönnum. Heimilt er þó útgerðarmanni eða skipstjóra að veita gestum sínum.

Ákvæði þessarar greinar nær ekki til útlendra skemtisktpa, eða annara ferðamannaskipa, er koma hingað til lands eingöngu í því skyni, að flytja hingað útlenda ferðamenn.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 50—500 kr. Ef brotið er ítrekað, skulu auk þess upptækir allir áfeingir drykkir, er finnast hjá þeim, er brýtur.

Bryti ber ábyrgð á veitingum þjóna sinna.

Sektir og andvirði áfeingra drykkja, sem upptækir eru gerðir, renna í landssjóð.

3. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Ed. **274. Frumvarp**

til laga um ákvörðun verzlunarlóða.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að ákveða eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda takmörk verzlunarlóðar í löggiltum verzlunarstöðum, svo og til að breyta takmörkum verzlunarlóðar þar, nema ákveðin hafi verið með lögum.

2. gr.

Af verzlunarlóðunum skal gera uppdrátt og senda stjórnarráðinu eitt eintak af honum, en annað skal liggja við skjöl hreppsins; ber hreppsnefnd að láta setja og halda við glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar. Kostnaður við þetta hvorttveggja greiðist úr sveitarsjóði. Ákvæðin um takmörk verzlunarlóðar skulu birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **275. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna við kauptún í landinu o. fl.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að staðfesta reglugerðir um notkun hafna við löggilt kauptún á Íslandi, um notkun á hafnarbryggjum og öðrum mannvirkjum við hafnir, svo og um seglfestu. Reglugerð semur sýslumaður eptir tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

2. gr.

Ákveða má í reglugerðum þeim, er um er rætt í 1. gr., sektir fyrir brot alt að 400 kr., svo og gjöld fyrir notkun hafna, hafna-mannvirkja og fyrir seglfestu.

3. gr.

Með mál um brot gegn reglugerðum þeim, er nefndar eru í 1. gr., skal farið sem almenn lögreglumál. Sektir renna í hafnarsjóð kauptúnsins þar sem brotið er framið.

Ed. **276. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaða.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Að Gerðum í Garði í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Við Mariuhöfn í Kjósarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

3. gr.

Að Syðra-Skógarnesi í Miklholtshreppi í Hnappadalssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

4. gr.

Að Látrum í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

5. gr.

Við Lambhúsvík á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

6. gr.

Ólafsfjarðarhorn í Þóroddstaðahreppi innan Eyjafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

7. gr.

Við Holtsós undir Eyjafjöllum skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **277. Nefndarálit**

í frumv. til laga um tollgeymslu og tollgreiðslufrest.

Vér, sem kosnir höfum verið í nefnd til að athuga frumv. þetta, álítum að frumv. þetta sé í alla staði heppilegra og komi fremur að tilætluðum notum, en »Lög um tollgreiðslu 22. maí 1890«.

Með frumv. þessu er jafnvel efnalitlum kaupmönnum gert kleyft að hagnýta sér (gott) látt verð á tollvörum í útlöndum og byrgja sig upp af þeim; af þessu leiðir aptur það, að vörur þessar verða að jafnaði í lægra verði en ella mundi eiga sér stað eptir núgildandi lögum, auk þess sem tollgreiðsla eptir hendinni, eða jafnóðum og varan selst, hefði þær afleiðingar, að kaupmenn sæju sér þá fært, að bæta tollinum við vöruverðið án þess að færa hann fram, í stað þess, sem nú er, þegar tollgreiðslan er nálega öll fyrirfram, og einkum tilfinnanleg ef um stórar byrgðir er að ræða, að þá verða kaupmenn að færa tollinn nokkuð fram, að minsta kosti sem rentutapinu nemur, en með því að margir kaupmenn geta nú með réttu reiknað sér háa vexti af fé sínu, þá getur þessi framfærsla þeirra á tollinum á ýmsum stöðum á landinu orðið alltilfinnanleg.

Af þessum ástæðum leggjum vér til að frumv. þetta nái samþykki háttvirtrar Ed. með breytingum þeim, er vér hér leyfum oss að koma fram með, og verður nánar gerð grein fyrir við framsögu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Aptan við 1. gr. bætist:
   Tollheimtumaður skal rannsaka, hve miklar tollvörur látnar eru í geymslu, og ber eiganda að greiða toll af þeim öllum, jafnvel þótt svo reynist, að rýrnun hafi síðar átt sér stað.
2. Við 2. gr. Í staðinn fyrir orðin »25% hærra tollgjald en ella hefði verið« komi: tvöfalt tollgjald við það er ella hefði verið.
3. Á eptir 3. gr. komi ný grein, er hljóði svo:
   Tollheimtumaður getur, ef hann vill, látið löggiltan umboðsmann sinn framkvæma þau störf, er honum eru falin með lögum þessum.
4. Á eptir þessari grein kemur önnur ný grein, er verði 5. gr., og hljóðar svo:
   Lög þessi koma í stað laga um tollgreiðslu 22. Maí 1890, sem hérmeð eru úr lögum numin.
5. Við fyrirsögn frumv.: Í stað orðsins »tollgeymsla« komi: tollvörugeymsla.

Ed. Alþingis 3. Ágúst 1905.

Jón Ólafsson, formaður. Ág. Flygenring, skrifari og framsögumaður.
Jóh. Jóhannesson.

Nd.

278. Skrá

yfir fjárbeiðslur til Alþingis 1905.

1. Beiðni um styrk frá Jóni Vigfússyni til þess að læra vefnað í Svíþjóð, (með 7 fylgiskjölum).
2. Beiðni um styrk frá Páli Vídalín Bjarnasyni til þess að semja skrá yfir íslenzk lög.
3. Beiðni frá hinni „Norðlenzku bindindissameiningu“ um 600 kr. styrk.
4. Beiðni frá cand. mag. Helga Péturssyni um 3000 kr. styrk til jarðfræðisrannsókna.
5. Beiðni frá Páli Þorkelssyni um 2000 kr. styrk til útgáfu bókar um táknmál, er hann hefir samið.
6. Bænarskrá frá Sighvati Árnasyni um 200 kr. þóknun hvort árið fyrir aðstoðarstarf á forngripasafninu.
7. Beiðni frá Þórði Sigurðssyni í Grænumýrartungu í Strandasýslu um styrk til að húsa bæ sinn, svo hann geti orðið gistingastaður.
8. Beiðni frá sjúkrahúsnefndinni á Patreksfirði um 600 kr. styrk.
9. Beiðni um fjárveiting til sjúkraskýlis á Vopnafirði.
10. Beiðni frá hlutafélaginu „O. Wathnes Arvingers“ um 5000 kr. styrk til gufuskipaferða.
11. Áskorun frá Fáskrúðsfirðingum um 1200 kr. fjárveiting handa Georg Georgssyni til þess að kynnast nýjustu lækningaaðferðum erlendis.

12. Bænarskrá um styrk til skólahússbyggingar á Vopnafirði (með 3 fylgiskjölum, þar af 1 uppdráttur).
13. Beiðni frá Búnaðarfélagi Íslands um 13000 kr. fjárveitingu fram yfir það, sem því nú er ætlað á framlögðu fjárlagafrumvarpi.
14. Beiðni frá Ólafi Hjaltesteð um 2000 kr. styrk á ári til að endurbæta landbúnaðarverkfæri og sláttuvél sína.
15. Beiðni frá Helga Jónssyni grasafræðing um 1200 kr. styrk á ári til mýrarannsókna á Íslandi og annara grasafræðisrannsókna (með 2 fylgiskjölum).
16. Umsókn frá Arnóri Árnasyni í Chicago um 15000 kr. styrk til þess að leita að námum á Íslandi og opna þær, ef tiltök sýnast (með 4 fylgiskjölum).
17. Beiðni frá Lárusi Jóhannssyni Rist um 350 kr. styrk til þess að læra leikfimi við kennaraskólann í Kaupmannahöfn.
18. Beiðni frá frú Thoru Melsteð um 1000 kr. styrk hvort árið til þess að setja á stofn búsýsludeild við kvennaskólann í Reykjavík.
19. Tvær beiðnir frá Ísak Jónssyni á Þönglabakka: 1) um 2000 kr. styrk til íshússbyggingar fyrir fiskiútveg, 2) um 2000 kr. lán til íshússbyggingar.
20. Beiðni frá Magnúsi Einarssyni á Akureyri um 600 kr. styrk til söngkenslu.
21. Beiðni frá Guðmundi Jónssyni bæjarpósti á Akureyri um 200 kr. launaviðbót á ári.
22. Beiðni frá Sumarliða Guðmundssyni pósti um sómasamlegan ellistyrk (með 6 fylgiskjölum).
23. Beiðni frá Iðnaðarmannafélagi Akureyrarkaupstaðar um 1000 styrk handa manni, til þess að nema erlendis steinsteypugerð, 2000 kr. styrk á ári handa sunnudaga- og kvöldskóla fyrir iðnaðarnema á Akureyri, og loks, að félagið fái að einhverju leyti umráð yfir fé því, sem væntanlega verður veitt ungum iðnaðarmönnum til utanfarar, móts við iðnaðarmannafélagið í Reykjavík (með 1 fylgiskjali).
24. Beiðni frá Georg Georgssyni um 1200 kr. styrk til þess að kynnast nýjustu lækningaaðferðum erlendis (með 1 fylgiskjali).
25. Beiðni frá Guðmundi Jónssyni Hlíðdal um 800 kr. styrk hvort árið til þess að ljúka véla- og rafmagnsnámi við háskólann í Mittweida á Saxlandi.
26. Bænarskrá frá nokkrum bændum í Rangárvallasýslu um 500 kr. styrk til að standast kostnað, er þeir hafa haft til þess að hepta vatnsflóð og sandframburð úr Þverá.
27. Beiðni frá Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Kaupmannafélagi Reykjavíkur um 4500 kr. styrk hvort árið til verzlunarskóla fyrir Ísland í Reykjavík, og 1000 kr. síðara árið til ferðastyrks til útlanda fyrir efnilega verzlunarmenn (með 3 fylgiskjölum).
28. Beiðni frá yfirfiskimatsmanninum á Ísafirði um 400 kr. launaviðbót og enn fremur 400 kr. uppbót á ferðastyrk (með 1 fylgiskjali).
29. Beiðni frá skólanefnd kvennaskóla Eyfirðinga um 3200 kr. hvort árið (með 2 fylgiskjölum).
30. Beiðni frá hlutafélaginu „Lagarfljótsormurinn“ um 250 kr. styrk hvort árið til vélabátsferða um Lagarfljót.
31. Beiðni frá Benedikt Jónassyni um 500 kr. á ári í 4 ár til þess að stunda nám í verkfræðingadeild tekniska skólans í Þrándheimi (með 8 fylgiskjölum).
32. Beiðni frá séra Einari Jónssyni á Kirkjubæ um linun á afgjaldi á skuld Kirkjubæjarprestakalls við landssjóð, 200 kr. hvort árið.

33. Beiðni frá Hannesi S. Hanson um 4000 kr. hvort árið til þess að leita að námum á jarðeignum landsins.
34. Beiðni frá mag. Ágúst Bjarnasyni um 600 kr. styrk hvort árið til ritstarfa (með 1 fylgiskjali).
35. Beiðni frá frú E. Chistiansson um 500 kr. styrk, sem framhald styrks þess, er maður hennar, præp. hon. Benedikt sál. Kristjánsson, hafði á fjárlögunum.
36. Beiðni frá nokkrum mönnum á Eyrarbakka um 6000 kr. styrk til sjógarðshleðslu frá Óseyrarness-ferjustað til verzlunarhúsa J. R. B. Lefolii's á Eyrarbakka (með 2 fylgiskjölum).
37. Beiðni um 500 kr. styrk til „Barna- og unglingaskólans á Heydalsá“ í Steingrímsfirði.
38. Beiðni frá Þorsteini Guðmundssyni yfirfiskimatsmanni um 400 kr. uppbót á ferðakostnaði suður í lönd síðastliðið haust, og tilkynning um, að hann geti ekki gegnt fiskimatsstarfinu framvegis, nema launin séu hækkuð upp í 1500 kr.
39. Beiðni frá Ole Nessö, skipstjóra í Tromsö í Noregi, um fjárveiting til innflutnings lifandi moskusnauta til Íslands, og um 10 000 kr. lán til að stunda Íshafsveiðar frá Íslandi (með 1 fylgiskjali).
40. Beiðni frá Bjarna Þorkelssyni skipasmið um 1600 kr. styrk til utanfarar til þess að kynna sér meðferð á „mótorum“ við fiskiveiðar og fá framgeingt ýmsum breytingum á gerð „mótoranna“, er hann telur nauðsynlegar.
41. Beiðni frá séra Jóni Finnssyni á Hofi í Álptafirði um eptirgjöf á landssjóðsskuld kirkjunnar að Hálsi við Hamarsfjörð (með 1 fylgiskjali).
42. Beiðni frá sýslunefnd Skagafjarðarsýslu um 4000 kr. styrk til sjúkrahúsbyggingar á Sauðárkróki.
43. Beiðni frá sýslunefndinni í Vestmannaeyjum um 1000 kr. styrk til vegagerðar í eyjunum (með 3 fylgiskjölum).
44. Beiðni frá Ísak Sigurðssyni vitaverði á Garðskaga um 250—300 kr. launaviðbót á ári (með 3 fylgiskjölum).
45. Áskorun frá bændum í Laugardal og efri hluta Grímsness um fjárveiting til akbrautar frá Þingvöllum austur að Gjábakka, er haldið verði áfram svo fljótt sem efni landssjóðs leyfa (með meðmælaskjali þingm. Árnesinga).
46. Beiðni frá Magnúsi Einarssyni dýralækni um, að árslaun hans verði hækkuð upp í 2000 kr.
47. Erindi frá þingmönnum Árnesinga um 12000 kr. fjárveitingu til framhalds á flutningabrautinni í Árnessýslu milli Ölvesár og Þjórsár frá Flatholti fyrir ofan Bitru upp Skeiðin að Laxá.
48. Beiðni frá Stefáni Eiríkssyni tréskurðarmanni um að styrkur sá, sem honum er ætlaður á fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar verði hækkaður upp í 1200 kr. hvort árið (með 2 fylgiskjölum).
49. Erindi frá þingmönnum Rangæinga um 500 kr. styrkveitingu til mótor- eða gufubátsflutninga milli Vestmanneyja og Rangársands.
50. Erindi frá Guðmundi lækni Björnssyni um sóttvarnarhús í Reykjavík.
51. Erindi frá sýslumanni Eyfirðinga um styrk til gufubátsferða um Eyjafjörð og fyrir Norðurlandi (með 5 fylgiskjölum).
52. Beiðni frá Stefáni Pálssyni skipstjóra um 1000 kr. styrk til að læra erlendis aðgerð á sjófræðisáhöldum (með 3 fylgiskjölum).
53. Beiðni frá Hólmfríði Árnadóttur um 500 kr. styrk næsta ár til að halda áfram kennaranámi í Danmörku (með 2 fylgiskjölum).

54. Beiðni frá skipstjórafélaginu Aldan um 5000 kr. styrk á fjárhagstímabilinu.
55. Beiðni frá mag. Benedikt Gröndal um 800 kr. styrk.
56. Erindi frá bæjarfógetanum á Akureyri um 4000 kr. fjárveitingu til byggingar ráðhúss og fangelsis á Akureyri (með einu fylgiskjali).
57. Erindi frá Ásgeiri Torfasyni um væntanlega efnarannsóknarstofu í Reykjavík og skýrsla um hvernig hann hafi varið styrk þeim, sem Alþingi veitti honum árin 1904—1905.
58. Erindi frá þingmönnum Norðmýlinga um brúargerð á Jökulsá á Jökuldal undan Hákonarstöðum (með 2 fylgiskjölum).
59. Beiðni frá Ásgrími Jónssyni um 1000 kr. styrk hvort árið til þess að fullkomna sig í málaralist.
60. Beiðni frá séra Lárusi Halldórssyni um styrk handa Valgerði dóttur sinni til utanfarar til að fullkomna sig í söng, hljóðfæraslætti og tónfræði.
61. Erindi frá sýslumanni Húnvetninga um styrk til kvennaskólans á Blönduósi (með 3 fylgiskjölum).
62. Erindi frá þingmanni Seyðfirðinga og 1. þingm. Norður-Múlasýslu um styrk handa ábyrgðarfélagi fyrir mótorbáta.
63. Erindi frá þingmönnum Árnesinga um styrk handa ábúendum Miðdals í Mosfellssveit til þess að koma þar upp ferðamannaskýli (með 2 fylgiskjölum).
64. Erindi frá hreppsnefnd Sauðanesshrepps í Norður Þingeyjarsýslu um hækkun á launum læknisins í Þistilfjarðarhéraði og skipting læknishéraðsins.
65. Áskorun frá Búnaðarfélagi Íslands um fjárveitingu til stofnunar efnarannsóknarstofu í Reykjavík.
66. Erindi frá Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal um fyrirhugaðar breytingar á skólanum í Ólafsdal, ásamt fjárstyrk.
67. Áskorun til Alþingis frá Skagfirðingum um fjárveiting til akbrautar fram Skagafjörð.
68. Beiðni um styrk frá Sögufélaginu í Reykjavík.
69. Erindi frá þingmanni Borgfirðinga um umbætur á þjóðveginum gegnum Borgarfjarðarsýslu og stefnu flutningabrautarinnar úr Borgarnesi.
70. Erindi frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu um fjárveiting til akbrautar upp Mosfellssveitina móti framlagi úr sýslusjóði og frá Mosfellshreppi (með einu fylgiskjali).
71. Erindi frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu um 5000 kr. fjárveitingu til vegar frá Hafnarfirði að Vogastapa.
72. Erindi frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu viðvíkjandi sýsluveginum frá Hafnarfirði að Vogastapa.
73. Erindi frá Stefáni Stefánssyni þingm. Eyf. um 12000 kr. fjárveiting til akbrautar í Eyjafirði.
74. Beiðni frá séra Vilhjálmi Briem á Staðastað um, að prestinum á Staðastað veitist leyfi til að verja því, sem greiða á í landssjóð af Staðastaðarprestakalli til umbóta á kirkjujörðum kallsins á líkan hátt og leyft hefir verið á yfirstandandi fjárhagstímabili.
75. Beiðni frá stórtemplar Þórði Thoroddsen um 2000 kr. styrk hvort árið til útbreiðslu Good Templara reglunnar á Íslandi (með einu fylgiskjali).
76. Beiðni frá Þorkeli Klemenz um 25000 kr. lán til þess að koma á fót vélaverksmiðju í Reykjavík (með 1 fylgiskjali).
77. Beiðni frá þingmanni Mýramanna um 2000 kr. styrk til brúargerðar á Urriðaá.

78. Erindi frá þingmanni Austur-Skaptfellinga um 7000 kr. fjárveitingu til vegargerðar frá Bjarnanesstekk að Almannaskarði (með 1 fylgiskjali).
79. Beiðni frá Páli Halldórssyni um endurgjald fyrir vatnsleiðslukostnað í Stýrimannaskólann.
80. Tilboð frá kapt. Daniel Bruun um að semja lýsingu á íslenzkum fjallvegum, ef þingið kosti ca. 1000 kr. til útgáfu hennar með kortum og myndum.
81. Tilboð frá H. S. Bjarnarsyni konsúl um gufubátaferðir um Ísafjarðardjúp, Breiðafjörð og Faxaflóa.
82. Beiðni frá Jóhannesi J. Reykdal um 8000 kr. lán til þess að koma upp nýrri rafmagnsstöð í Hafnarfirði.
83. Beiðni frá kaupmönnunum Ásmundi Gestssyni og J. J. Lambertsen um 8000 styrk til þess að kaupa mótorvagn til fólksflutninga hér á landi.
84. Beiðni frá Sigurði Jónssyni fangaverði um eptirlaun.
85. Beiðni frá Sigfúsi Einarssyni um 1500 kr. styrk á ári til þess 1) að kenna söng hér á landi, 2) að gefa sig við sönglagasmíði og 3) með samsöngum erlendis að vekja eptirtekt á úrvali íslenzkra söngljóða.
86. Beiðni frá Elliða G. Norðdal búfræðingi um 600 kr. styrk hvort árið næsta fjárhagstímabil til þess að nema verklega og bóklega fræðslu um sandgræðslu og vatnsveitingar erlendis.
87. Beiðni frá Þorvaldi Pálssyni lækni í Hróarstunguhéraði um 1000 kr. styrk hvort ár næsta fjárhagstímabils til þess að setja sig niður í Reykjavík, til þess að stunda húð- og kynsjúkdóma.
88. Beiðni frá mag. sc. Ólafi Daníelssyni um 1800 kr. styrk fyrra árið, til þess að kynna sér til fullnustu fyrirkomulag á erlendum lífsábyrgðarfélögum.
89. Beiðni frá cand. phil. Birni Pálssyni um 750 kr. styrk fyrra árið og 375 kr. styrk síðara árið til þess að nema rafmagnsfræði við Harward-háskóla í Bandaríkjunum.
90. Beiðni frá Jóni Jónssyni söðlasmið frá Hlíðarendakoti um fjár-styrk í viðurkenningarskyni fyrir langvarandi starf í almenningsþarfir, svo sem bendingar um náttúrlegar fiskigaungur og hagkvæma veiðiaðferð í Faxaflóa, uppgötvun á orsökum til hinnar miklu fjárvöntunar á haustin í ýmsum sýslum landsins, sem sé, að þetta stafi af tilverknaði útilegumanna, ásamt bendingu um, hvar þessir skaðræðis vættir haldi sig.

    Tilboð fylgir um ýmsar merkilegar upplýsingar um þessa einkennilegu kynslóð, og ráð til þess, hvernig gera megi hana óskaðlega.
91. Beiðni frá þingmanni Vestur-Skaptafellssýslu um 12000 kr. fjárveitingu til brúargerðar á Hólmsá í Skaptafellssýslu.
92. Beiðni um styrk frá Alþýðulestrarfélagi Reykjavíkur.
93. Beiðni frá séra Bjarna Þorsteinssyni um 1500 kr. styrk á næsta fjárhagstímabili til þess að gefa út safn af íslenzkum þjóðlögum (með 1 fylgiskjali).
94. Beiðni frá timbursmíðafélaginu á Húsavík um 9000 kr. lán.
95. Beiðni frá Kjósarsýslubúum um 200 kr. hækkun á launum læknisins þar í héraðinu.
96. Beiðni um 120 kr. styrk til ljóskersins á gufuskipabryggjunni á Bíldudal.
97. Beiðni frá séra J. L. L. Jóhannessyni á Kvennabrekku um undanþágu frá því að greiða ekkjulaun þau, sem nú hvila á Suðurdalaþingaprestakalli, en að ekkjulaunin greiðist úr landssjóði.
98. Erindi frá þingmönnum Dalamanna og Barðstrendinga um 6000 kr. fjárveitingu til þess að mæla upp nauðsynlegustu leiðir um innanverðan Breiðafjörð.

99. Kláðaskoðunarkostnaður í Austur-Skaptafellssýslu.
100. Beiðni frá Leikfélagi Reykjavíkur um 1000 kr. styrk hvort ár næsta fjárhagstímabils.
101. Áskorun frá Rangæingum og Árnesingum um fjárveiting til útgáfu rits um samvinnufélagsskap og til styrktar efnilegum mönnum til að nema slátraraiðn og verzlunaraðferð sameignarkaupfélaga, enn fremur til kenslu á bókfærslu í gagnfræðaskólum landsins.

Ed. **279. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrétt og önnur réttindi yfir Glerá og landi meðfram henni.

Flutningsmenn: Björn M. Ólsen, Jóhannes Jóhannesson, Jón Jakobsson.

Við 2. gr.: Í stað orðanna »og skulu þá« — til enda greinarinnar, komi: og skal þá leggja ágreininginn undir úrskurð 5 manna; af þeim nefna málsaðilar til sína 2 menn hvor, en stjórnarráð Íslands tilnefnir oddamanninn.

Ed. **280. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Frumvarp þetta fer fram á tvær aðalbreytingar á gjöldum til bæjarsjóðs Reykjavíkur:

1., að leggja lóðagjald á lóðir, ekki eptir flatarmáli þeirra eins og hingað til hefir átt sér stað, heldur eptir virðingarverði, jafnt á bygðar lóðir og óbygðar.
2., að leggja nýtt gjald, sem ekki er nú í lögum á húseignir bæjarbúa.

Að því er fyrra nýmælið snertir, játar nefndin að vísu, að eðlilegra sé að miða lóðagjaldið við verðmæti lóðarinnar enn við flatarmál hennar. En hins vegar þykir henni nokkuð ósanngjarnt að láta greiða jafnhátt lóðagjald af óbygðum lóðum, sem eigandi fær lítinn eða eingan arð af, eins og af bygðum lóðum. Að því er húsagjaldið snertir, virðist það vera varhugavert að lögleiða það, áður en endurskoðun sú, sem til stendur á skattalögum landsins, er komin í kring, því að líklegt er, að við hana muni húseignir í kaupstöðum koma sérstaklega til greina sem gjaldstofn fyrir landssjóð.

Frumvarpið er annars að mestu sniðið eptir lögum 19. Okt. 1877 um bæjargjöld í Reykjavík, og tekur upp öll þau ákvæði þessara laga, sem það gerir ekki breytingar á. En merkilegt er, að ákvæði það í 2. gr. laganna 19. Okt. 1877, er veitir dómkirkjunni undanþágu frá lóðargjaldi, er felt í burtu þegjandi. Og ekki er heldur dómkirkjunni veitt nein undanþága frá hinum fyrirhugaða húsaskatti í frumvarpinu. Virðist þó sanngirni mæla með því, að dómkirkjan, sem er landssjóðseign og sóknarkirkja bæjarins, hefði verið sérstaklega undanþegin bæði lóðargjaldi, eins og hingað til, og húsagjaldi. Þetta er þó að eins auka-atriði, sem vel mætti laga.

En að því er mál þetta í heild sinni snertir, verður nefndin að vera á þeirri skoðun, að ekki sé sanngjarnt, né samkvæmt þeim grundvallarreglum, sem Alþingi hefir fylgt að undanförnu, að lögleiða þetta frumvarp þvert ofan í yfirlýstan vilja bæjarbúa, sem gjöldin eiga að bera. Á borgarafundi, sem

bæjarstjórnin stefndi til um þetta mál í Júnímánuði, var tillaga bæjarstjórnarinnar um breytinguna á lóðagjaldinu og hinu nýja húsagjaldi feld með c. 300 atkv. móti 10. Fyrir nefndinni hefir legið áskorun til Alþingis dags. 6. Júlí frá 457 gjaldendum um að gera einga breytingu á lóðagjöldum í Reykjavík, og stendur sú yfirlýsing enn óhögguð. Oss þykir það því ísjárverðara að brjóta í þessu máli bág við fjölmenna yfirlýsingu gjaldenda, sem frumvarpið sjálft, eins og það nú liggur fyrir, gerir ráð fyrir því í 5. grein, að gjöldin, úr því þau eru á komin, verði hvorki lækkuð né hækkuð eða nánari ákvarðanir eða takmarkanir gerðar um álagning þeirra, nema gjaldendur hafi á almennum fundi lýst sig því samþykka með meiri hluta atkvæða. Það virðist hvorki vera hugsunarrétt né sjálfu sér samkvæmt að valdbjóða þessi lög þvert á móti vilja bæjarbúa, og samþykkja um leið í sjálfum lögunum ákvæði, sem fyllilega viðurkennir rétt meiri hluta gjaldenda til að hafna öllum breytingum á lögunum.

Loks skal þess getið, að, þótt frumvarpið verði að lögum, verður tekjuauki sá, sem af því stafar fyrir bæjarsjóð, einginn eða minna en einginn.

Nefnd sú, sem sett var í málið í Neðri deild, leiðir rök að því (þgsk. 119), að samlögð upphæð lóðagialds og húsagjalds eptir frumvarpinu mundi nema sem næst 10000 kr., og tekur um leið fram, að tekjur þær, er bærinn hafi af lóðagjaldi eptir núgildandi lögum, sé nálægt 10000 kr. En nú gerir 6. gr. frumv. ráð fyrir því, að bæjarstjórn geti veitt virðingarmönnum lóða þóknun fyrir störf þeirra, og þeir eiga að virða upp allar lóðir á 6 ára fresti. Þessi þóknun hlýtur að nema miklu fé, og sé það dregið frá, er ljóst, að tekjurnar af lóða- og húsagjaldinu eptir frumvarpinu verða minni enn nú af lóðagjaldinu einu.

Oss virðist því ekki vera tímabært að lögleiða frumvarp þetta að svo stöddu, og ráðum vér hinni háttvirtu deild til að fella það.

Alþingi 4. Ágúst 1905.

Jón Jakobsson.
formaður og framsögumaður.

Björn M. Ólsen,
skrifari.

Þorgr. Þórðarson.

Nd. **281. Frumvarp**

til laga um kennaraskóla í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði.

(Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Kennaraskóla skal setja á stofn í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg, og má verja til húsabóta og áhalda allt að 33000 kr. úr landssjóði.

2. gr.

Kennaraskólinn er jafnt fyrir konur sem karla; kenslan veitist ókeypis. Við hinn sameinaða skóla skulu vera alt að 35 heimavistir, og hafa nemendur kennaraskólans forgangsrétt að þeim.

3. gr.

Burtfararpróf úr gagnfræðaskólunum í Flensborg og á Akureyri eða inntökupróf við kennaraskólann, sniðið sem næst eptir þeim kröfum, sem gerðar eru

við burtfararpróf gagnfræðaskólans í Flensborg veitir rétt til inntöku í kennaraskólann, að svo miklu leyti sem rúm leyfir. Skólaár kennaraskólans er frá 1. Október til 14. Maí. Tvær ársdeildir eru í skólanum.

4. gr.

Kenslugreinar kennaraskólans eru þessar: Íslenzka, danska; saga, landafræði og náttúrufræði, einkum að því, er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skript, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristin fræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar. Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr.

Við hinn sameinaða kennara- og gagnfræðaskóla skipar ráðherra fjóra fasta kennara. Er einn forstöðumaður og hefir í árslaun 2500 krónur auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu; annar kennari hefir 1800 kr. í árslaun, þriðji kennari 1600 kr. og fjórði kennari 1200 kr.

Sá af kennurunum, sem hefir ásamt forstöðumanni umsjón með heimavistar-nemendum, fái auk þess ókeypis bústað í heimavistarhúsi skólans.

6. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón hins sameinaða skóla og semur reglugerð fyrir hann.

7. gr.

Kostnaður við rekstur hins sameinaða skóla greiðist úr landssjóði, þó, að því er gagnfræðaskólann snertir, einungis að svo miklu leyti, sem tekjur þessarar sérstöku stofnunar eigi hrökkva til.

Ed. **282. Frumvarp**

til laga um fyrning skulda og annara kröfuréttinda.

(Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Skuld eða önnur krafa, sem ekki hefir verið viðurkend eða lögsókn heimt innan þeirra tímatakmarka, er ákveðin eru í lögum þessum, fellur úr gildi fyrir fyrning.

Nú á kröfuhafi skuld að lúka skuldunaut sínum, og missir hann þá eigi, þótt fyrningarfrestur líði, rétt til að telja kröfuna til skuldajafnaðar, enda sé hún af sömu rót runnin og skuld hans, eða samið hafi verið fyrirfram um skuldajöfnuð eða slíkt áskilið, áður en fyrningarfrest þraut.

Haldsréttur og veðréttur ónýtist ekki, þótt skuldin fyrnist, nema sjálfsvörzluveðréttur í lausafé; hann fellur úr gildi um leið og krafan fyrnist, nema að því er snertir lausafé, sem er löglegt fylgifé með veðsettri fasteign, sbr. 5. og 6. gr. í lögum um veð 4. Nóvbr. 1887.

Enn fremur fellur úr gildi sjálfsvörzluveðréttur fyrir vöxtum og öðrum kröfum, er ræðir um í 2. tölulið 3. greinar, þegar krafan fyrnist.

Þau réttindi fyrnast ekki, er hvíla á fasteign sem ævarandi afgjaldskvöð, og eigi heldur kröfur til endurgjalds þegnum sveitastyrk.

2. gr.

Þessar kröfur fyrnast á 20 árum:

1. Krafa á hendur landssjóði, banka eða sparisjóði um endurgjald á fé, er lagt hefir verið í sjóðinn til ávöxtunar eða geymslu.
   Banki telst hver sá, sem samkvæmt tilkynningu til verzlunarskránna rekur bankaatvinnu.
2. Krafa um lífeyri og aðrar slíkar kröfur, sem eru fólgnar í rétti til þess með vissu millibili að krefjast fjárframlags, er ekki getur talizt afborgun af skuld.

3. gr.

Þessar kröfur fyrnast á 4 árum:

1. Kröfur út af:
   sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé, sem ekki er afhent sem fylgifé með fasteign, þó svo, að haldi skuldunautur áfram föstum viðskiptum við kaupmann, verksmið eða þvílíkan atvinnureka, og fái árlega viðskiptareikning, fyrnist ekki sú skuld, er hann kann í að vera við nýjár hvert, hvort sem hún stafar frá viðskiptum síðasta árs eða ekki, meðan viðskiptum er haldið áfram óslitið,
   leigu á fasteign eða lausafé,
   veru, viðgjörning eða aðhlynningu,
   flutning á mönnum eða munum,
   vinnu og hverskonar starfa, sem í té er látinn; þó fyrnist eigi krafa hjús um kaupgjald, meðan það er samfelt áfram í sömu vist.
2. Kröfur um gjaldkræfa vexti, húsaleigu, landskuld, leigur, gjaldkræf laun eða eptirlaun, lífeyri, forlagseyri, meðgjöf eða aðra greiðslu, er greiðast á með vissu millibili og ekki er afborgun af skuld.
3. Kröfur, er lögtaksrétt hafa.
4. Kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum, að undanskilinni ábyrgð á fjárskilum opinberra gjaldheimtumanna eða gjaldkera við opinberar stofnanir eða stofnanir einstakra manna. Enn fremur endurgjaldskrafa sú, er ábyrgðarmaður eða samskuldari hefir á hendur aðalskuldunaut, meðábyrgðarmanni eða samskuldara, út af greiðslu skuldar; endurgjaldskrafan er þó jafnan dómtæk eins leingi og innleysta krafan mundi verið hafa.
5. Krafa um endurgjald á því, er maður hefir greitt í rangri ímyndun um skuldbinding, eða í von um endurgjald, er brugðizt hefir, þó svo að móttakandi hafi ekki gert sig sekan í sviksamlegu atferli.

4. gr.

Á 10 árum fyrnast:

1. Kröfur samkvæmt skuldabréfi, dómi eða opinberri sátt, er ekki falla undir ákvæði 2. gr. Að því er snertir kröfur þær, er um ræðir í 2.—4. tölulið 3. greinar, gildir 10 ára fyrning þó því að eins, að skuldabréf sé útgefið, dómur geinginn eða sátt gerð, eptir að krafan féll í gjalddaga, eða var orðin sjálfstæð skuldakrafa á annan veg, eða rentumiði hafi verið útgefinn fyrir vöxtum eða annari sams konar kröfu.
2. Allar aðrar kröfur, sem ekki er settur annar fyrningarfrestur fyrir í 2. og 3. gr.

5. gr.

Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf. Gjalddagi á verzlunarskuldum telst 31. Decbr. ár hvert fyrir þá skuld, sem stofnuð er á

árinu, nema samið sé um annan gjalddaga. Fyrningarfrestur á dómkröfum telst frá dómsuppsögn án tillits til fjárnámsfrests.

Nú fer gjalddagi skuldar eða annarar kröfu eptir undanfarandi uppsögn af hálfu kröfueiganda, og telst þá fyrningarfresturinn frá þeim degi, er skuldin í fyrsta lagi gat orðið gjaldkræf eptir uppsögn. Að því er snertir ábyrgð á kröfu, sem fyrnist á 10 eða 20 árum, telst þó 4 ára fyrningartíminn samkvæmt 4. tölulið 3. greinar að eins frá þeim degi, er krafan á hendur ábyrgðarmanni varð gjaldkræf í raun og veru, jafnvel þótt ábyrgðarkrafan hefði getað fallið fyr í gjalddaga fyrir uppsögn á aðalkröfunni. En jafnframt fyrnist ábyrgðarkrafan á 10 eða 20 árum frá þeim degi, er hún í fyrsta lagi hefði getað orðið gjaldkræf vegna uppsagnar á aðalkröfunni.

Við útreikning á fyrningafresti á ábyrgðarkröfu skal ekkert tillit taka til þess, þó ekki sé hægt að krefja ábyrgðarmanninn um greiðslu fyr en reynzt hefir árangurslaust, að ná skuldinni inn hjá aðalskuldunaut, eða fyr en eptir undangengna aðvörun.

Að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. tölulið 2. greinar telst fresturinn frá þeim degi, er hin fyrsta greiðsla féll í gjalddaga. Sama gildir um fyrningarfrest á ábyrgð á kröfum þessum.

6. gr.

Nú viðurkennir skuldunautur skuld sína við kröfueigenda, annaðhvort með berum orðum eða á annan hátt, — t. d. með því að lofa borgun eða greiða vexti —, eptir þann tíma, er fyrningarfrest ella hefði átt að telja frá, þá hefst nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er viðurkenningin átti sér stað, eða frá þeim deigi, er skuldin þar á eptir varð gjaldkræf, eða hefði getað orðið gjaldkræf með uppsögn frá kröfueiganda. Hafi skuldabréf verið útgefið, eða dómur geingið eða sætt verið gerð um kröfuna, þá fyrnist krafan eptir ákvæðum þeim, er sett eru í 4. gr., sbr. 5. gr.

7. gr.

Ef skuldari dregur sviksamlega dul á, eða vanrækir að skýra frá atvikum, er krafan byggist á, eða valda því, að hún verður gjaldkræf, og skuldaranum bar skylda til að segja frá, þá fyrnist skuldin ekki fyr en 4 ár eru liðin frá þeim deigi, er kröfueigandinn fékk vitneskju um þessi atvik, eða eitt ár er liðið frá dánardegi skuldunauts.

8. gr.

Kröfur:

1. sem hjón hafa hvort á annað,
2. sem ómyndugir hafa á hendur fjárhaldsmanni eða yfirfjárráðanda,
3. sem opinberar stofnanir, hlutafélög eða aðrir ópersónulegir kröfueigendur eiga á hendur forstjóra,

fyrnast ekki fyr en fjögur ár eru liðin frá því, að hjónabandinu var slitið, fjárhaldið hætti, eða forstjórinn vék úr stöðu sinni.

9. gr.

Nú deyr skuldari eða kröfueigandi, eða kröfueigandi er sviptur fjárforræði, eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta, og fult ár er ekki eptir af fyrningartímanum, þá lengist fresturinn um eitt ár frá áminstum atburði að telja.

10. gr.

Nú er innköllun til skuldheimtumanna, til að koma fram með kröfur sínar innan ákveðins tíma, útgefin af skuldara eða af búi hans, áður en fyrningarfresturinn er á enda, þá fyrnist krafan ekki fyr en innköllunarfresturinn er liðinn.

Hafi krafan verið tilkynt í tæka tíð, og ekki er að ræða um opinber skipti eða gjaldþrotaskipti, sbr. 13. gr., þá fyrnist krafan alls eigi fyr en eitt ár er liðið frá því innköllunarfresturinn var á enda.

11. gr.

Málssókn telst byrjuð áður er fyrningarfrestur er liðinn, ef kæra til sáttanefndar eða stefna er birt innan nefnds tíma. Þó má stefnufresturinn ekki vera lengri en nauðsyn krefur, ef kæran eða stefnan á að takast fyrir eptir að fyrningarfresturinn er liðinn. Því að eins skal álíta málssókn byrjaða, áður en málinu er stefnt til dóms, að stefnan sé birt svo fljótt sem unt er, eptir að málinu var vísað til dóms og laga frá sáttanefndinni, og stefnufrestur ekki ónauðsynlega langur eins og fyr segir. Þá er opinber stefna er viðhöfð, telst málshöfðun byrjuð þann dag, er stefnan er birt í fyrsta sinni í blaði því, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Þegar gagnkrafa er gerð til skuldajafnaðar, án þess að gagnsóknarmál sé höfðað, telst sóknin byrjuð, þegar gagnkrafan er gerð fyrir dóminum. Nú er máli vísað frá dómi eða hafið, eða það fellur niður af öðrum ástæðum, án þess dómur gangi um kröfuna, þá hefir kröfueigandi rétt til, þótt fyrningarfresturinn sé liðinn, að höfða nýtt mál gegn varnaraðila í hinu fyrra máli, eða þeim, er komið hefir í hans stað, innan 6 mánaða frá því málinu var frávísað, eða það var hafið eða á annan hátt niðurfelt. Hið sama gildir, ef hinu síðara máli, eða síðari málum verður frávísað, eða þau á annan hátt niðurfalla án efnisdóms.

Nú er máli heimvísað til nýrrar meðferðar við lægri dómstól, þá hefir kröfueigandi heimild til, þótt fyrningarfresturinn sé liðinn, að fá málið tekið fyrir á ný innan 6 mánaða.

12. gr.

Þar sem lögtak eða fjárnám má gera án undanfarins dóms eða sáttar, er krafan sótt í tæka tíð, þegar fjárnámið eða lögtaksgerðin eða nauðungaruppboðið, — þar sem ganga má fram hjá fjárnámi —, er byrjað áður en fyrningarfrestur er liðinn. Verði fjárnámið ekki framkvæmt vegna framkominna mótmæla, eða það felt úr gildi við æðri dómstól, getur kröfueigandi látið framkvæma fjárnám, lögtak eða nauðungaruppboð á ný samkvæmt ákvæðum 11. greinar, og telst 6 mánaða fresturinn frá því, er hin fyrri sókn endaði.

13. gr.

Þá er bú skuldunauts hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða opinberrar skiptameðferðar samkvæmt skiptalögum 12. April 1878, eða búinu er skipt af löggiltum skiptaforstjórum, kemur krafa í búið í stað lögsóknar. Sé krafan viðurkend, en henni ekki fullnægt af eignum búsins, fyrnist krafa sú, er kröfueigandi kann að hafa á hendur skuldara eða erfingjum hans, samkvæmt þeim ákvæðum, sem sett eru í 1. tölulið 4. gr., þannig að 10 ára fresturinn telst í fyrsta lagi frá skiptalokum. Ef krafan þar á móti hefir ekki verið viðurkend, þá hefir kröfueigandinn rétt til, þótt fyrningarfresturinn sé á enda,

að byrja nýja málssókn, innan 6 mánaða frá skiptalokum að telja, eða hafi kröfunni verði hrundið með úrskurði skiptaréttar eða dómi æðri réttar, innan 6 mánaða frá því, að úrskurðurinn eða dómurinn var uppkveðinn.

14. gr.

Nú vill sá, er mál hefir höfðað, gera kröfu á hendur öðrum manni, til greiðslu að öllu leyti, eða nokkru leyti á því, er hann kynni ekki að fá sér tildæmt eða ná inn hjá þeim, er hann hefir höfðað málið á móti, þá er það nægilegt til þess að halda kröfunni í gildi, að kröfueigandinn hafi áður en fyrningafresturinn var á enda, gert hlutaðeiganda, eptir reglum þeim, er gilda um birtingu á stefnum, aðvart um málssóknina, enda skal hann þá sækja rétt sinn að lögum innan 6 mánaða, eptir að hinni fyrri málsókn var lokið.

Samsvarandi ákvæði gilda, ef sá, sem stefnt er, vill koma fram kröfu á hendur öðrum manni um skaðabætur fyrir það, er hann kann að þurfa að greiða.

15. gr.

Ef ekki er auðið að svo stöddu að sækja við dómstóla á Íslandi mál út af kröfu, sem fyrnist samkvæmt íslenzkum lögum, þá getur kröfueigandi, með því að tilkynna landsyfirdómnum kröfu sína, áður en fyrningatíminn er liðinn, haldið rétti sínum óskertum, til að sækja rétt sinn að lögum, annaðhvort innan árs eptir að skilyrði voru feingin fyrir því, að innheimta mætti skuldina við íslenzkan dómstól, eða innan 10 ára frá því tilkynningin var gerð.

Þessi tilkynning á að vera skrifleg, og skal innfæra hana í bók.

Stjórnarráðið setur ýtarlegri reglur um, hvernig haga skuli tilkynningum þessum og um gjald fyrir innfærsluna; gjaldið rennur í landssjóð.

16. gr.

Þótt krafan sé fyrnd samkvæmt framannefndum ákvæðum, skal það þó ekki vera því til fyrirstöðu, að sakamaður, sem dæmdur er fyrir glæp, sé jafnframt dæmdur til að greiða skaðabætur til þess, er skaða hefir beðið við glæpinn. Séu skaðabæturnar ekki ákveðnar í sakamálsdóminum getur sá, er misgert var við, höfðað sjálfstætt mál gegn hinum sakfelda innan 6 mánaða frá dómsuppsögn.

17. gr.

Þegar arðberandi skuld fyrnist, falla jafnframt úr gildi allir áfallnir vextir af skuldinni.

Samsvarandi ákvæði gildir einnig um kröfur, sem eru fólgnar í rétti til að krefjast fjárframlags með vissu millibili, og ekki getur talist afborgun af höfuðstól.

18. gr.

Krafa samkvæmt peningaseðli fyrnist ekki.

19. gr.

Samningur um leingri fyrningafrest, en framan er ákveðinn, er löglegur að því er snertir:

1. Skuldabréf, er ganga eiga kaupum og sölum manna á milli, og út eru gefin í mörgum samhljóða eintökum.

2. Vaxtamiða, sem út eru gefnir fyrir vöxtum af ofannefndum skuldabréfum, eða fyrir arði af hlutabréfum.
3. Skírteini, sem út eru gefin af lífsábyrgðar- eða framfærslustofnunum.
4. Kröfur þær, er ræðir um í 1. tölulið 2. greinar

20. gr.

Stjórnarráð Íslands hefir heimild til að veita eiganda veðsettrar eignar leyfisbréf til ógildingardóms á veðskuldabréfi, ef umsækjandi fullnægir eptirfarandi skilyrðum:

1. að liðin séu 10 ár, eða, að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. gr., tuttugu ár frá þeim degi, er skuldin, samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins féll í gjalddaga, eða í fyrsta lagi hefði getað orðið gjaldkræf eptir uppsögn eða að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. tölulið 2. greinar, frá gjalddaga hinnar fyrstu greiðslu.
2. að sannað sé, að þrátt fyrir ýtarlega eptirgrenslan hafi ekki fundist nokkur maður, er veðbréfið veiti réttindi, og
3. að álíta verði eptir skýrslum þeim, er feingnar hafa verið, að ekkert það atvik hafi fyrir komið, er geri það að verkum, að krafan samt sem áður sé enn í gildi, eða ef eingin persónuleg skuldbinding hvílir á eiganda veðsins, hefði verið í gildi gagnvart honum, ef slík skuldbinding hefði á honum hvílt.

Ákvæði þessarar greinar hafa engin áhrif á heimild þá, er stjórnarráðið hefir til þess, að veita leyfisbréf til ógildingardóms á veðbréfi, þegar álíta verður að veðrétturinn sé úr gildi genginn.

21. gr.

Ákvæði Jónsbókar í 8. kap. Kaupabálks og ákvæði í 1. málsgrein 9. greinar í lögum um aðför 4. nóvbr. 1887, eru úr gildi feld. Önnur ákvæði, þar sem frestur er settur fyrir málshöfðun eða kröfugerð, standa óhögguð.

22. gr.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um kröfur þær, er þegar eru stofnaðar; þó fellur eingin krafa úr gildi samkvæmt lögum þessum fyr en við árslok 1909

Ed. **283. Frumvarp**

til laga um stofnun geðveikrahælis.

(Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Til þess að koma upp geðveikrahæli á Kleppi við Reykjavík yfir 50 geðveika menn og útbúa það, má verja úr landssjóði alt að 90000 krónum.

2. gr.

Árleg útgjöld til geðveikrahælisins skal veita á fjárlögunum.

Upp í þennan kostnað skulu réttir aðstandendur greiða í landssjóð meðgjöf með hverjum geðveikum manni, 50 aura á dag, ef hann er þurfamaður, ella 1 kr. á dag.

3. gr.

Í yfirstjórn geðveikrahælisins eru landlæknir og einhver annar maður, sem stjórnarráðið skipar til þess.

4. gr.

Stjórnarráðið semur eptir tillögum frá yfirstjórn geðveikrahælisins reglur um afnot þess og erindisbréf fyrir starfsmenn þess.

Nd. **284. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga 1906—07.

Frá Stef. Stefánssyni, Eyf.

Við 12. gr. B. 3. Á eptir „til flutningabrautar upp Borgarfjörð . . . . . komi: til flutningabrautar frá Grund í Eyjafirði inn að Saurbæ (1906) kr. 12000.

Nd. **285. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906—1907.

Frá Stef. Stefánssyni, Eyf.

Við 15. gr. 15. Á eptir: „Styrkur til Ábyrgðarfélags Seyðisfjarðar fyrir mótorbáta . . . . komi:
Styrkur til Ábyrgðarfélags Eyjafjarðar fyrir mótorbáta kr. 3000.

Nd. **286. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1904—1905. Frá fjárlaganefndinni.

Nefndin hefir nú rætt og athugað frumvarp þetta, og ýms skjöl og erindi til þingsins snertandi frumvarpið, og er álit hennar á þessa leið:

Við hina einstöku fjárveitingaliði í frumvarpinu gerir nefndin eingar breytingartillögur. Einungis vill hún við 2. gr. frumv. skírskota til athugasemdar í nefndarálitinu um fjárlögin viðvíkjandi málningarkostnaði á holdsveikraspítalanum.

Þar á móti þykir nefndinni ástæða til að gera nokkrar viðaukatillögur við frumvarpið, og viljum vér færa þessar ástæður fyrir þeim:

1. Einn nefndarmanna, sem jafnframt er kennari gagnfræðaskólans á Akureyri, vakti athygli nefndarinnar á því, að eigi yrði fullnægt því, sem lög mæla fyrir um, viðvíkjandi kenslu á nefndum skóla í leikfimi, nema leikfimishús sé bygt og nauðsynlegustu áhöld feingin. Jafnframt lagði hann fram teikningu af slíku húsi og áætlun um byggingarkostnað þess og verður þetta lagt fyrir þingið. Nefndin hyggur, að eigi verði komizt hjá að veita fé til þessa, en getur eigi fallizt á að veita jafnháa upphæð, sem byggingaráætlunin til tekur, meðal annars af því, að óþarft sé að hafa kjallara undir húsinu öllu. Nefndin leggur því til, að til húsbyggingar og áhaldakaupa sé veitt að samanlögðu alt að 6500 kr.
2. Stjórnarráðið hefir farið þess á leit við nefndina, að hún taki inn í 4. gr. frumvarps-

ins viðaukatillögu um 1000 kr. styrk til séra Gísla Skúlasonar til þess, erlendis, að læra að kenna heyrnar og málleysingjum, og fellst nefndin á að bera fram þá tillögu.

3. Sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu hefir farið fram á það við fjárlagafefndina, að hún taki upp í frumvarpið fjárveiting til greiðslu á kostnaði við fjárkláðaskoðanir í Norðurmúlasýslu veturinn 1903—1904, sem gerðar voru að tilhlutun Davíðs Jónssonar á Kroppi. Upphæðin er kr. 417.50, og hefir stjórnarráðið talið sig bresta heimild til að greiða kostnað þennan úr landssjóði, af því þessar kláðaskoðanir geti ekki talizt liður í kláðaútrýmingunni, sem fram fór skömmu á eptir. Þó þetta muni vera rétt, þá er og hitt, að mjög líklegt er, að hvorki hlutaðeigandi sýslusjóðir né sveitasjóðir verði dæmdir til að borga kostnað þennan, og virðist því eptir öllum atvikum heppilegast, að kostnaðurinn sé greiddur úr landssjóði.

Erindi kom og frá þingmanni Austur-Skaptfellinga viðvíkjandi samskonar kostnaði í Austur-Skaptafellssýslu. Við þetta erindi var það að athuga, að kláðaskoðunarreikningurinn fylgdi eigi, heldur að eins vottorð um aðalupphæð þess kostnaðar í sýslunni. Getur nefndin því eigi sint því erindi. En hún mælir með því, að þá er hinir einstöku reikningar eru endurskoðaðir og samræmdir líkt og í Norðurmúlasýslu, verði þeir greiddir úr landssjóði, og kostnaðarupphæðin tekin á væntanleg fjáraukalög.

4. Hinir 2 yfirmatsmenn á gæðum fiskfarma hafa báðir ritað þinginu og farið fram á launahækkun, og svo jafnframt, að þeir feingi uppbót á kostnaði við ferð þeirra til Spánar í fyrra haust og vetur. Fara þeir hvor um sig fram á 400 kr. uppbót á ferðastyrk þeim, 400 kr., sem hvor þeirra áður hafði feingið. Nefndin vill sinna þessum uppbótakröfum að nokkru, en sér ekki ástæðu til, að greiða ferðakostnaðinn að fullu, því telja má eðlilegt, að hver, sem býr sig undir launað starf, kosti undirbúning sinn að nokkru. Tillaga nefndarinnar er því, að hvorum þessara manna sé í aukafjárl. þessum veittar 200 kr.

Í sambandi við 5. gr. vill nefndin geta þess, að formaður Búnaðarfélags Íslands skýrði nefndinni frá, að af fjárveiting til félagsins til að gera tilraunir með kjötsölu erlendis á þessu fjárhagstímabili, væru óeyddar rúmar 1400 krónur og óskaði yfirlýsingar nefndarinnar um það, hvort hún fyrir sitt leyti vildi mæla með því, að verja mætti þessu fé að meira eða minna leyti til þess að styrkja menn til slátrunarnáms erlendis. Nefndin á'ítur, að slík meðferð þessa óeydda fjár sé heppileg af ástæðum þeim, er teknar hafa verið fram í Búnaðarritinu (XIX, 2).

Samkvæmt framanskrifuðu leggur nefndin til að frumvarpið sé samþykt með þessum breytingum:

1. Við 4. gr. 1. lið. Liðurinn orðist þannig:
   a. Ýmisleg útgjöld til gagnfræðaskólans á Akureyri: til aukakenslu . . . kr. 100,00
   b. til leikfimishúss og áhalda við sama skóla . . . . . — 6500,00 kr. 6600,00
2. — — — 2. Á eptir þessum lið komi nýr liður:
   Til séra Gísla Skúlasonar, styrkur til utanfarar til þess að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum . . . kr. 1000,00
   Samlagningin breytist eptir þessu.
3. Við 5. gr. 2. Aptan við þennan lið komi tveir nýir liðir þannig hljóðandi:
   3. Til greiðslu á kostnaði við fjárkláðaskoðanir í Norðurmúlasýslu í December og Janúar veturinn 1903—1904 . . . . . kr. 417.50

4. Til hinna tveggja yfirmatsmanna á gæðum fiskifarma upp í kostnað við ferð þeirra til Spánar á síðastliðnu hausti og vetri, 200 kr. til hvors . . . . . — 400.00

Samlagningin breytist samkvæmt þessu.

Alþingi 4. Ágúst 1905.

Tryggvi Gunnarsson	Pétur Jónsson	Stefán Stefánsson
formaður.	skrifari og framsögum.	þm. Skf.
Lárus H. Bjarnason.	Jón Jónsson.	Þórh. Bjarnarson.
	Skúli Thoroddsen.	

Nd. **287. Frumvarp**

til laga um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

(Eptir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Af andvirði embættisjarðanna Arnarhóls, að meðtöldu verði hinnar svo nefndu Klapparlóðar, sem seld er samkvæmt lögum nr. 38, 6. Nóv. 1902, og Örfiriseyjar, skal stofna sjóð, er nefnist Byggingarsjóður Íslands. Sjóði þessum skal varið til opinberra bygginga eptir því, sem nánar er tiltekið í lögum þessum, og síðar verður ákveðið með lögum.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja Reykjavíkurkaupstað Örfirisey fyrir 6000 krónur. Ennfremur veitist honum heimild til að selja Arnarhólslóðina alla, að undanskildum bletti þeim, sem nú fylgir stjórnarráðshúsinu, og spildu milli Hverfisgötu og væntanlegs framhalds af Lindargötu, sem ætluð er fyrir opinberar byggingar. Arnarhólslóðina má selja þeim, er kaups beiðast, í stærri eða minni pörtum, til byggingarlóða og annara afnota, fyrir það verð, er nemi 3 kr. fyrir ferhyrningsalin hverja að minsta kosti í skákinni fyrir norðan væntanlegt framhald Lindargötu, og 4. kr. í skákinni fyrir sunnan Hverfisgötu, en þó eigi lægra en 2 dómkvaddir menn meta í hvert skipti, er kaupa er beiðzt.

3. gr.

Til byggingarsjóðs greiðir landsbanki Íslands 7500 krónur á ári, um leið og hann greiðir landssjóði hundraðsgjald það af seðlaskuld sinni, sem ákveðið er í lögum um stofnun landsbankans 18. Sept. 1885 og lögum frá 12. Jan. 1900 um breyting á þeim lögum.

4. gr.

Byggingarsjóðurinn stendur beint undir landstjórninni. Gjaldkeri landssjóðs er galdkeri sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum Alþingis.

5. gr.

Veita má byggingarsjóði lán úr viðlagasjóði til að standast kostnað við byggingar, sem lagaheimild er fyrir, að byggingarsjóður leggi fram fé til. Lánið skal ávaxtað með $2^1/_2$ af hundraði á ári, og endurborgist jafnóðum og sjóðnum greiðist andvirði fasteigna þeirra, sem um ræðir í 2. gr.

6. gr.

Stjórnarráðinu veitist heimild til:

1. Að láta reisa bókasafnsbyggingu úr steini eða steinsteypu. Hún skal vera þannig bygð, að auka megi við hana síðar eptir þörfum, en í bráð skal hún rúma landsbókasafnið og landsskjalasafnið eins og þau nú eru ásamt viðauka þeim, er ætla má, að þau fái næstu 50—60 ár. Skal haga svo til, að fyrst um sinn geti orðið geymd þar einnig hin önnur söfn landsins, eptir því sem rúm leyfir. Til byggingar þessarar má verja alt að 160 þúsund krónum.
2. Að breyta húsrými því, er losnar við brottfærslu safnanna úr þinghúsinu, til afnota fyrir Alþingi og til útbúnaðar risnuherbergja, og má verja til þess alt að 50000 kr.

Stjórnarráðið samþykkir uppdrætti, er fylgja skal við byggingar þessar, og gerir alla samninga, er að byggingunni lúta. Samningar skulu lagðir fyrir næsta Alþingi til athugunar.

Nd. **288. Breytingartillögur**

við frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

Frá nefndinni.

1. Við 12 gr. Málsgrein: „En meiri eða minni hluti þeirra nefnda skal úr ganga ... geingur úr hinum öðrum hreppsnefndum“ orðist svo:
   En meiri eða minni hluti þeirra nefnda skal úr ganga í fyrsta skipti samtímis því, sem meiri eða minni hluti annara hreppsnefnda geingur úr samkv. 11. gr.
2. — 16. gr. Á eptir orðunum: „skulu nöfn þeirra rituð eptir stafrofsröð“ komi: ásamt heimili, stétt og aldri í sérstökum dálkum.
3. — 42. gr. Fyrir „janúar“ komi „desember“.
4. — 50. gr. Fyrir orðin: „og yfirskoðunum lokið“ komi: og skal yfirskoðun hans lokið.
5. — 53. gr. Fyrir: „á almennum sveitarfundi“ komi: á lögmætum sveitarfundi.
6. — — — Aptan við greinina komi þessi málsgrein: það er lögmætur sveitarfundur, er hreppsnefnd kveður til með skriflegu fundarboði og að minsta kosti 8 daga fyrirvara, enda sé þar tiltekið hver aðalmál komi til umræðu og atkvæða á fundinum.
7. — 69. — Fyrir orðin: „senda reikningshaldara athugasemdirnar til svars, nokkru fyrir sýslufund“ komi: fyrir lok Decemberm. hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar, og ber oddvita að svara þeim fyrir miðjan Janúar næst á eptir.
8. — 70. gr. Fyrir 3. málsgrein „Ef meira fé — — afræður“ komi: enda skýri hún stjórnarráðinu ýtarlega frá gjörðum sínum í því efni.
9. — 71. gr. Orðið „mörkunar“ falli burt.
10. — 82. gr. Aptan við greinina bætist: til athugunar.

Nd. **289. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frv. til fjárlaga 1906—1907.

Frá Eggert Pálssyni.

26. Við 12. gr. C. 3. Í staðinn fyrir 300 kr. — 300 kr. komi: 500 kr. — 500 kr.

Nd. **290. Viðaukatillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum 13. apríl 1894 um vegi o. s frv. (þskj. 231,).

Flutningsm. Hannes Þorsteinsson.

1. Við 1. gr. Á eptir »til vegagerða« bætist inn í: eða annara mannvirkja.
2. Aptan við 2. gr. bætist: Til framkvæmda annara meiri háttar mannvirkja skal hreppsnefndinni skylt að leita álits og aðstoðar sérfróðra manna.

Nd. **291. Viðaukatillögur**

við frumvarp til fjárlaga 1906 og 1907.

Flutningsmenn: Hannes Þorsteinsson, Ólafur Ólafsson.

Aptan við 12. gr. B. 8 bætist:

9. Til akbrautar frá Flatholti fyrir ofan Bitru upp Skeiðin að Stóru Laxá 6000 — 6000 gegn því að 13,000 kr. verði lagðar fram annarsstaðar frá.
10. Til að gera akfæran veg frá Þingvöllum austur fyrir Gjábakka 2000 — 2000.

Nd. **292. Tillaga**

til þingsályktunar um að Landsbankinn stofni útbú á Seyðisfirði.

Flutningsm.: Jón Jónsson, Einar Þórðarson, Ólafur Thorlacius.

Neðri deild Alþingis skorar á ráðherrann að sjá um, að eigi sé látið dragast leingur að fullnægja ákvæði landsbankalaganna um stofnun útbús á Seyðisfirði.

Nd. **293. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Frá Ólafi Briem.

Við 12. gr. B. 3. Á eptir »til flutningabrautar upp Borgarfjörð« komi: til flutningabrautar í Skagafirði (1907) kr. 10000.

Nd. **294. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga $19^{06}/_{07}$,

Frá Jóhannesi Ólafssyni og Skúla Thoroddsen.

Við 12. gr B. — Aptan við tölul. 7. bætist:

8. Til vegagerðar á Breiðadalsheiði, frá Seljalandsósi í Skutilsfirði, að Neðri-Breiðadal í Önundarfirði, (fyrra árið) 5000 krónur.

Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi sýslufélög leggi til vegarins að minsta kosti 1000 krónur.

Nd. **295. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga 1906—1907.
Frá Jóhannesi Ólafssyni.

Við 13. gr. B. VI. stafl. b. 1.
Fyrir 10,000— 10,000 komi: 15,000—15,000, og við sömu grein B. VI. b. 3. Fyrir 10,000 (síðara árið) komi: 15,000 (síðara árið).

Nd. **296. Nefndarálit**
um frumv. til laga um brúargerð á Ytri-Rangá o. fl.

Vér undirritaðir, sem hin hátv. Nd. kaus í nefnd til þess að íhuga frv. til laga um brúargerð á Ytri-Rangá og sem einnig höfum meðtekið til athugunar frv. til laga um brúargerð á Fnjóská og frv. til laga um brúargerð á Héraðsvötn, leyfum oss hér með að láta uppi álit vort um frumvörp þessi.

Nefndin er einhuga þeirrar skoðunar að það beri að keppa að því takmarki að brúuð verði öll þau vatnsföll á landinu, sem þjóðvegur liggur yfir og einhver tök virðast vera á að brúuð verði. Og til þess að þessu takmarki verði sem fyrst náð álítur hún, að ekkert fjárhagstímabil megi með öllu svo úr fella, að eigi sé einhverju fé varið úr landssjóði í þessu skyni. En hversu margar brýr séu bygðar í einu eða hve mikil fjárupphæð sé hvert fjárhagstímabilið fyrir sig ætlað í þessum tilgangi, álítur nefndin að verði að fara eptir þeim horfum sem eru á fjárhag landsins í hvert skiptið.

Í frumvörpum þeim, sem fyrir liggja og um er að ræða, er farið fram á 35000 kr. fjárveitingu til brúargerðar á Ytri-Rangá, 25000 kr. til brúargerðar Fnjóská og 27000 kr. til brúargerðar á Héraðsvötn eða í alt 87000 kr. Og þótt nefndin viðurkenni fulla þörf allra þessara brúargerða, þá getur henni ekki dulizt það, að svo mikil útgjöld í þessu eina skyni munu í þetta sinn vera landssjóði ofvaxin, og það því fremur, sem líkur eru fyrir, að upphæðir þær sem til eru teknar í frumvörpunum bæði til brúargerðar á Fnjóská og Héraðsvötn mundu eigi hrökkva til. Nefndin verður því að líta svo á, að vegna fjárhags landsins beri nauðsyn til að einhver þessara brúargerða verði látin bíða seinni og betri tíma, en fé verði að þessu sinni að eins veitt eða heimilað til brúargerða yfir þau tvö af vatnsföllum þessum, þar sem þörfin sýnizt reka hvað sterkast á eptir og sem að hennar áliti eru tvímælalaust Ytri-Rangá og Fnjóská.

Ytri-Rangá er ekki að eins eitt hið vatnsmesta þeirra vatnsfalla, sem enn eru óbrúuð og líkur eru fyrir að brúa megi, heldur er líka umferð yfir hana afarmikil. Yfir hana verða að fara allir fjárrekstrar úr Vestur-Skaptafellssýslu og meiri hluti Rangárvallasýslu til kaupstaða, Eyrarbakka og Reykjavíkur, og mest allur vöruflutningur úr og í 7 hreppa hennar verður yfir hana að flytjast. Og þar sem góður akvegur liggur alveg að ánni að vestanverðu og allbrúklegur strax fyrir austan hana, en vagnar geta ekki sakir vatnsmegnisins yfir hana gengið, þá er vöntun á brú yfir hana þeim mun tilfinnanlegri. Um Fnjóská sem farartálma er svipað að segja, því þótt hún sé að jafnaði vatnsminni en Ytri-Rangá, þá er framan af hverju sumri svo miklir vatnavextir í henni, að ferja verður menn og allan flutning, og stundum er hún illa ferjandi.

Hvað Héraðsvötnin áhrærir, þá mun að vísu meiga segja að vatnsmagn þeirra, þar sem þau renna saman, sé meira en beggja þeirra vatnsfalla, hvors fyrir sig, sem áður eru nefnd. En á hitt ber einnig að líta, að á þeim hafa þegar verið gerðar svo miklar samgöngubætur, þar sem önnur hvísl þeirra að neðanverðu hefir verið brúuð og svifferja sett á hina og þannig greitt fyrir vöruflutningum meginþorra héraðsbúa austan þeirra að og frá Sauðárkrók og á hinn bóginn einnig sett svifferja á þau nálægt

þeim stað, þar sem nú er farið fram á að þau verði brúuð. — Það virðist því, ef um frestun einhverra þessara framangreindu brúargerða er að ræða, að þá verði hún helzt að koma niður á Héraðsvötnum, með því líka eingin áætlun eða álitsgerð verkfræðings um brú á þeim liggur fyrir og ástæða sýnizt vera til að ætla, að sú fjárupphæð, sem farið er fram á í frv. mundi reynast alt of lág. En hins vegar telur nefndin sjálfsagt að þá er Ytri-Rangá og Fnjóská eru brúaðar orðnar, þá verði brú á Héraðsvötnum látin sitja fyrir öðrum brúargerðum.

Þess skal og getið, að nefndinni hefir borizt frá fjárlaganefnd Nd. bænarskrá ásamt fylgiskjölum frá þm. Vesturskaptf. um 12000 kr. styrk til brúargerðar yfir Hólmsá og Skaptáreldvatn í Vestur Skaptafellssýslu. Nefndin telur brýr þessar mjög svo nauðsynlegar. En þar sem hér er um fremur smáa upphæð að ræða álítur hún að bezt fari á, að hún sé tekin upp á sjálf fjárlögin, enda er þegar fram komin breytingartillaga við þau í þá átt, sem nefndin mun ljá fylgi sitt.

Af framangreindum ástæðum leyfir nefndin sér því að leggja það til við hina háttv. Nd., að frv. til laga um brúargerð á Héraðsvötn verði felt að þessu sinni en aptur á móti að frv. til laga um brúargerð á Ytri-Rangá verði samþykt óbreytt og sömuleiðis að frv. til laga um brúargerð á Fnjóská verði samþykt með þeirri einu breytingu:

Í stað: 25000 kr. komi 30000 kr.

Alþingi 5. Ág. 1905.

Tryggvi Gunnarsson,	Eggert Pálsson,	Pétur Jónsson.
formaður.	skrifari og framsögum.	

Nd. **297. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Skildinganesi við Skerjafjörð.

(Eptir 3. umr, í Ed.).

Að Skildinganesi við Skerjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **298. Frumvarp**

til laga um veitingar áfeingra drykkja á skipum.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á skipum, er koma hér við land, eða ganga meðfram ströndum landsins eða innfjarða, má ekki veita áfeinga drykki meðan skipið liggur í höfn, hvorki farþegum né aðkomumönnum. Heimilt er þó útgerðarmanni eða skipstjóra að veita gestum sínum.

Ákvæði þessarar greinar nær ekki til útlendra skemtiskipa, eða annara ferðamannaskipa, er koma hingað til lands eingöngu í því skyni, að flytja hingað útlenda ferðamenn.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 50—500 kr. Ef brotið er ítrekað, skulu auk þess upptækir allir áfeingir drykkir, er finnast hjá þeim, er brýtur.

Bryti ber ábyrgð á veitingum þjóna sinna.

Sektir og andvirði áfeingra drykkja, sem upptækir eru gerðir, renna í landssjóð.

3. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Ed.

299. Frumvarp

til sveitastjórnarlaga.

(Eptir 3. umr. í Nd.)

I. kafli.

Umdæmi.

1. gr.

Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru; sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.

2. gr.

Sýslum má eigi fækka né fjölga, né heldur breyta takmörkum þeirra, nema með sérstökum lögum.

3. gr.

Stjórnarráðið hefir heimild til að skipta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum. Eigi má neina slíka breyting gera, nema eptir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefndar, nema þegar svo stendur á sem segir í 4. gr.

4. gr.

Nú hefir kauptún eða þorp 300 íbúa eða fleiri, og hefir það þá rétt til að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur út af fyrir sig með þeim ummerkjum, er stjórnarráðið ákveður eptir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Stjórnarráðið kveður á sama hátt á um fjárskipti og skulda með hinu nýja hreppsfélagi og hinum hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiptingu þessa farið eptir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefir verið skipt 5 árin næstu á undan, nema að samkomulag fáist.

II. kafli.

Stjórn.

5. gr.

Stjórn sveitamálefna í hreppi hverjum skal á hendi hafa hreppsnefnd og í sýslu hverri sýslunefnd.

A. Hreppsnefndir.

a. Skipun hreppsnefnda.

6. gr.

Tala hreppsnefndarmanna í hverjum hreppi skal vera söm og verið hefir. En tölu þeirri má sýslunefnd breyta, ef hreppsnefnd fer þess á leit. Þó skal tala nefndarmanna jafnan standa á stöku.

7. gr.

Nú er hreppi skipt í 2 hreppa, og ákveður þá stjórnarráðið eptir tillögum sýlsunefndar, hve margir menn skuli vera í hreppsnefnd hvors hinna nýju hreppa.

8. gr.

Kosningarrétt og kjörgeingi til hreppsnefndar á hver karlmaður í hreppnum, er löglega á með sig sjálfur, svo og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er standa fyrir búi eða á annan hátt eiga með sig sjálfar. Einginn hefir þó þennan rétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, sé fullra 25 ára að aldri, hafi fult ár á undan kosningunni átt lögheimili í hreppnum, og goldið til hans þarfa, sé fjár síns ráðandi og standi eigi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

9. gr.

Einginn, hvorki karl né kona, má sitja með börnum sínum eða barnabörnum í hreppsnefnd.

10. gr.

Kjörtímabil hreppsnefndarmanns er 6 ár, þó með þeim nánari takmörkunum, er segir í 11.—13. gr.

11. gr.

Í Júnímánuði, hinum næsta eptir að lög þessi fá gildi, skal kjósa hreppsnefnd í öllum hreppum á landinu, fulla tölu hreppsnefndarmanna í hverjum hreppi eptir 6. gr. Gömlu hreppsnefndinar fara jafnframt frá, en endurkjósa má þá menn, er í þeim sátu, sbr. 14. gr. Úr hreppsnefnd þeirri, er þá verður kosin í hreppi hverjum, geingur eptir hlutkesti meiri hluti hennar (2 af 3, 3 af 5) eptir 3 ár, í Júnímánuði; en minni hlutinn (1 af 3, 2 af 5) eptir 6 ár, í Júnímánuði. Í stað þeirra nefndarmanna, er úr nefndinni ganga í hvort skipti, skal þegar kjósa jafnmarga menn í hana til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan meiri og minni hluti hverrar hreppsnefndar frá á víxl með 3 ára millibili.

12. gr.

Ef hreppi er skipt í tvo hreppa, þá skal þegar kjósa í hvorum þeirra nýja hreppsnefnd, og má sú kosning framfara á öðrum tíma en í Júnímánuði. En meiri eða minni hluti þeirra nefnda skal úr ganga í fyrsta skipti samtímis því, sem meiri eða minni hluti annara hreppsnefnda geingur úr samkvæmt 11. gr. En síðan fer um úrgöngu hreppsnefndarmanna í hinum nýju hreppum og kosning í þeirra stað svo sem segir í 11. gr.

13. gr.

Ef hreppsnefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal kjósa þegar mann í nefndina í stað hans til þess tíma að eins, er eptir var af kjörtíma hans. Slík aukakosning getur farið fram, hve nær sem nauðsyn krefur.

14. gr.

Mann, sem geingur úr hreppsnefnd má endurkjósa svo opt sem vill. Þó er einginn, sem hefur verið 6 ár eða lengur í hreppsnefnd, skyldur til að taka móti kosningu af nýju í sömu nefnd fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann hefur verið í henni samfleytt síðast.

Sextugur maður er eigi skyldur til að taka móti kosningu í hreppsnefnd; eigi heldur kona, þótt yngri sé.

Nú er kosinn í hreppsnefnd maður, sem reyndar er eigi orðinn sext-

ugur, en verður það þó innan 6 ára frá kjördegi, og er honum þá heimilt að segja sig úr nefndinni, er hann er orðinn fullra 60 ára.

15. gr.

Í hreppi hverjum stendur *kjörstjórn* fyrir hreppsnefndarkosningu. Í kjörstjórninni er oddviti hreppsnefndarinnar og með honum tveir aðrir nefndarmenn, er hreppsnefndin kýs, þar sem nefndarmenn eru fleiri en 3. En þar sem þeir eru að eins 3, eru þeir allir í kjörstjórninni. Oddviti er formaður kjörstjórnar.

Nú er nýr hreppur myndaður, og tilnefnir þá sýslumaður formann fyrstu kjörstjórnar þar og 2 menn með honum. Síðan fer um kjörstjórn þar eptir því, sem áður segir í grein þessari.

16. gr.

Kjörstjórnin býr til fyrir 15. Apríl ár hvert kjörskrá yfir þá menn í hreppnum, er kosningarrétt hafa, og skulu nöfn þeirra rituð eptir stafrófsröð, ásamt heimili, stétt og aldri í sérstökum dálkum. Skráin á að liggja hreppsbúum til sýnis í 3 vikur á hentugum stað, og skal auglýsa áður með nægum fyrirvara, hvar og hve nær hún verði lögð fram. Aðfinningar við hana verða að koma til kjörstjórnar fyrir kjörfundinn og leggur hún úrskurð á þær áður en til kosninga er geingið.

17. gr.

Dag og stund, þá er kosning skuli fram fara, á kjörstjórnin að auglýsa með þingboði um hreppinn svo snemma, að það verði kunnugt á hverju heimili í honum að minsta kosti 3 nóttum fyrir kjörfund.

18. gr.

Kosningar fara fram eptir kjörskránni í heyranda hljóði. Hver sem vill neyta kosningarréttar síns, verður sjálfur að koma á kjörfund og skýra munnlega frá, hvern hann kjósi eða hverja. Kjörstjórnin ritar atkvæðin jafnóðum í kjörbók. Þá er allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á að greiða atkvæði sín og atkvæði öll eru bókuð, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyrr en að minsta kosti klukkustund er liðin frá því, er hún hófst. Formaður kjörstjórnar les þá greinilega upp öll atkvæði, sem greidd eru, en hinir í kjörstjórninni rita þau upp og telja saman. Þeir, sem flest atkvæði hafa feingið, eru rétt kjörnir hreppsnefndarmenn. Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

19. gr.

Skorist einhver sá, er kosning hefir hlotið, undan því að taka móti henni, sker kjörstjórnin úr, hvort undanfærsla hans verði tekin til greina. Ef hún er tekin gild, er kosinn annar maður í stað hans. Að öðrum kosti má sá, er kosinn er, bera undanfærslu sína undir sýslunefndina, sem getur felt úrskurð kjörstjórnar úr gildi og þá látið kjósa hreppsnefndarmann í stað hins.

20. gr.

Kjörstjórn skal jafnan skýra sýslumanni frá, hvernig kosning hafi farið.

21. gr.

Ef einhver vill kæra yfir kosningargerð eða úrskurði kjörstjórnar, skal hann senda formanni kjörstjórnarinnar kæru sína skriflega innan 8 daga

frá því, er úrskurðurinn var uppkveðinn, eða kosningargerð lokið. Komi kæran síðar fram, skal eigi sinna henni. Þyki kjörstjórninni kæra, sem komið hefur í tæka tíð, vera á rökum byggð, getur hún breytt úrskurði sínum, og, ef ástæða er til, efnt þegar til nýrra kosninga. Að öðrum kosti sendir kjörstjórnin sýslunefndinni þegar kæruna með áliti sínu og leggur sýslunefndin úrskurð á málið.

22. gr.

Ef hreppsnefndarmaður missir kosningarrétt og kjörgeingi, víkur hann úr nefndinni. Missi hann réttindi þessi að eins um hríð, má víkja honum um stundar sakir frá nefndarstörfum. Hinir hreppsnefndarmennirnir skera úr ágreiningi, er rís af slíkum atvikum, og einnig af því, er hreppsnefndarmaður brýtur svo mjög móti skyldum sínum, að nauðsynlegt þykir að víkja honum úr nefndinni. Heimilt er honum að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslunefndar.

23. gr.

Nú vill hreppsnefndarmaður fá lausn úr nefndinni áður en liðinn er tími sá, er hann var kosinn fyrir, og má þá hreppsnefndin veita honum hana. Ef hreppsnefndin synjar honum, getur hann snúið sér til sýslunefndarinnar, og má hún veita honum lausn, ef ástæða er til.

24. gr.

Þegar hreppsnefnd er kosin, hvort heldur öll, eða meiri eða minni hluti (deild) hennar, skal elzti nefndarmaðurinn kveðja alla nefndarmennina á fund, til að kjósa *oddvita*. Kjörtími oddvita er jafnan til næstu almennra hreppsnefndarkosninga (deilda kosninga). Ef oddviti deyr, eða gengur úr nefndinni áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa oddvita í stað hans fyrir það, sem eptir er af oddvitakjörtímanum.

Elzti nefndarmaður stjórnar jafnan oddvitakosningu.

Hver nefndarmaður er skyldur til að taka á móti kosningu til að verða oddviti, eða til að framkvæma önnur sérstakleg störf, er nefndin felur honum á hendur. Þó getur sá, sem verið hefir oddviti í 3 ár eða leingur, eða haft önnur sérstök störf á hendi fyrir nefndina, skorast undan kosningu til þess starfs um jafnlangan tíma og hann hefir verið oddviti þeirrar nefndar, eða haft starfið á hendi.

Hreppsnefnd hver skal kjósa *varaoddvita*, til að gegna störfum oddvita í forföllum hans. Kjörtími varaoddvita er sami og kjörtími oddvita. Enginn nefndarmaður getur skorast undan þeirri kosningu. Oddviti stjórnar kosningu varaoddvita.

Sá er rétt kosinn oddviti eða varaoddviti, er feingið hefir meira en helming þeirra atkvæða, er viðstaddir hreppsnefndarmenn hafa greitt. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa af nýju. Fái þá eigi heldur neinn yfir helming atkvæða, skal fara fram bundin kosning milli þeirra tveggja, er við kosninguna á undan feingu flest atkvæði. Ef atkvæði eru jöfn við síðari óbundnu kosninguna, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli velja, er bundna kosningin fer fram. Sömuleiðis ræður hlutkesti, ef atkvæði eru jöfn við hana.

Hinn nýkosni oddviti tilkynnir þegar sýslumanni kosning oddvita og varaoddvita.

25. gr.

Oddviti kveður nefndarmenn til fundar, stjórnar umræðum og sér um

að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar séu rétt og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sér um að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir, og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Hreppsnefndin getur þó falið hverjum nefndarmanni, sem hún vill, á hendur einhver ákveðin störf (sbr. 24. gr.), t. d. að sjá um gjaldheimtu, fjallskil, annast bréfagerð um einstök mál, eða einhverjar greinir mála og annað, er að þeim lýtur o. s. frv. Að öðru leyti annast oddviti um alt slíkt.

Í forföllum oddvita á varaoddviti að annast hlutverk hans að öllu leyti (24. gr.).

26. gr.

Hreppsnefndin skal halda að minsta kosti 2 nefndarfundi ár hvert, í Júnímánuði og Októbermánuði, og auk þess svo opt sem oddvita þykir þörf á, eða þegar að minsta kosti helmingur nefndarmanna krefst þess.

Fundarstað ákveður nefndin, ef hún vill. Að öðrum kosti ræður oddviti honum, og hann ákveður fundardag og stund.

27. gr.

Hreppsnefnd getur einga ályktun gert, nema meira en helmingur hennar sé viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita. Sé um einhverja kosning að ræða, og 2 nefndarmenn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti. Þó fer um kosning oddvita og varaoddvita eptir 24. gr.

Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, getur heimtað, að ágreiningsálit hans verði ritað með fám orðum í gerðabókina. Allir nefndarmenn, sem eru viðstaddir, rita nöfn sín undir hana.

b. Verksvið hreppsnefnda og laun.

28. gr.

Hreppsnefnd stjórnar fátækramálum í hreppi sínum samkvæmt fátækralögum undir yfirstjórn sýslunefndar.

Fela má hreppsnefnd einum manni eða tveimur úr sínum flokki að hafa sérstaka umsjón með framfærslu þurfalinga hreppsins og að annast störf, er að því lúta (24. og 25. gr.)

29. gr.

Hreppsnefnd hefir umsjón yfir þinghúsi hreppsins og öllum fasteignum, sem hann á eða hefir not af (t. d. Kristfjárjörðum), og á hún að sjá um, að þetta sé haft í góðu lagi. Hún annast um að landamerki afréttar hreppsins og jarða hans séu ákveðin og jafnan glögg.

30. gr.

Hreppsnefnd á að sjá um notkun afrétta hreppsins og um fjallskil og réttir, smalanir afrétta og heimalanda á haustum til fjárskila, og á vorum til rúningar og fráfærna og gera ráðstafanir til að eyða refum, alt eptir því sem reglugerðir um fjallskil, refaveiðar o. s. frv. nánara ákveða.

31. gr.

Hreppsnefnd á að hvetja hreppsbúa til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fénaði sínum, þeim er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sér með því að láta fénað sinn verða horaðan eða horfalla. Hún ákveður ár hvert, hvenær almenn skoðun á búfénaði og fóðurbirgðum skuli framfara.

32. gr.

Hreppsnefnd er skylt að leitast við að koma í veg fyrir flakk og húsgang, og hún á eptir mætti að stuðla að því, að góð regla haldist í sveitinni.

33. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til án milligaungu sýslumanns að halda undirboðsþing á vegastörfum og viðhaldi á þinghúsi og enn fremur á því að fá til verk og varning í þarfir sveitarinnar.

34. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sérstaka sveit, til lykta ráðið, fyrr en álits hreppsnefndar þar hefir verið leitað um það. Hreppsnefnd má einnig að fyrra bragði senda stjórnarráðinu tillögur um hvað eina, er verða má sveitinni til gagns, eða miðar til að afstýra tjóni eða hallæri.

35. gr.

Reikningsár hrepps er fardagaárið.

36. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju í Októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti sem fátækratíundin og aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldunum, jafna niður eptir efnum og ástæðum sem *aukaútsvari* því, sem vantar, á alla þá, er eiga lögheimili í hreppnum, eða hafa fast aðsetur í honum. Þeir skulu greiða þar fult gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarstaðar; sé svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í hreppnum. Fast aðsetur í hreppnum skemri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina. Sömuleiðis má leggja útsvar á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er séu rekin að minsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra hafi eigi haft þar fast aðsetur.

Á hvalveiði og síldarveiði með nót svo og á laxveiðiafnot utanhreppsmanna má leggja aukaútsvar, þótt fyrirtæki þessi eða atvinna sé rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu. Sömuleiðis má leggja aukaútsvar á ábúð á jörð eða jarðarhluta og leiguliðaafnot af jörðu, þótt eingin ábúð fylgi, og þótt rekin séu skemur eu 4 mánuði gjaldársins og þótt leiguliði eða notandi eigi heimili annarstaðar.

Einnig má leggja aukaútsvar á kaupfélög og pöntunarfélög, ef þau hafa leyst borgarabréf, hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði í söludeild félagsins. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástæðum svo sem hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sé haft til annara tekna eða eigna þess, er í hlut á.

37. gr.

Nú stundar aðkomumaður bátfiski á firði eða flóa, á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama hrepps eða sömu hreppa samtals 4 vikur eða leingur sömu missiri, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna á hann hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn. Útsvarinu skal formaður lokið hafa fyrir skip sitt áður en hann fer á brott. Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum sveitarfélögum við þann fjörð eða flóa, sem útræðið er við, ef útsvar er á þá lagt í sveitarfélagi sjálfra þeirra.

Sá, sem útsvar er á lagt eptir þessari grein, getur kært það skriflega fyrir hreppsnefnd, er tekur kæruna til meðferðar og úrskurðar hana, sé hún komin til nefndarinnar innan frests, sem hún telur hæfilegan eptir því sem á stendur í hvert skipti. Nú er gjaldþegn ekki ánægður með úrskurð hreppsnefndar, og má hann þá skjóta kærumáli sínu undir úrskurð sýslunefndar, og skal sýslunefndin leggja á það fullnaðarúrskurð, ef hún telur áfrýjun á úrskurði hreppsnefndar fram koma á hæfilegum fresti; að öðrum kosti skal kærunni ekki sint.

38. gr.

Aukaútsvörum, öðrum en þeim, er talað er um í 37. og 41 gr. jafnar hreppsnefnd niður í Októbermánuði ár hvert fyrir reikningsár það, er þá stendur yfir. Hún gerir nákvæma skrá yfir niðurjöfnunina. Niðurjöfnunarskráin skal liggja hreppsbúum til sýnis 4 vikur frá því, er niðurjöfnun er lokið, á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað. Framlagning hennar skal áður auglýst um hreppinn.

39. gr.

Heimilt er hverjum þeim, er aukaútsvari er jafnað á samkvæmt 38. gr., að bera upp aðfinningar um það, hvernig útsvörunum er jafnað á aðra eða sjálfan hann, eða að einhverjum hafi ranglega verið slept. Sá, er koma vill fram með slíkar aðfinningar, skal gera það bréflega við oddvita áður en liðinn er tími sá, er niðurjöfnunarskráin á að liggja til sýnis. Komi kæran seinna en svo til oddvita, skal hreppsnefnd eigi skylt að taka hana til greina. Nú kemur útsvarskæra til oddvita í tæka tíð, og skal hann þá, að kærufrestinum liðnum, svo fljótt sem auðið er kveðja hreppsnefndina á fund og boða á fundinn bæði kæranda, og þann eða þá gjaldendur, er kært er yfir, og gefa þeim kost á að láta uppi álit sitt og skýringar um málið. Án þess að þeir eigi kost á þessu má hreppsnefnd eigi úrskurða um neina útsvarskæru. En láta mega þeir skriflega uppi álit sitt og þurfa ekki að mæta á fundinum, nema þeir vilji. Hreppsnefndin leggur svo úrskurð sinn á kæruna þá þegar á fundinum, nema henni þyki nauðsynlegt að fresta því, til að fá upplýsingar málinu til skýringar, en þá svo fljótt sem verða má. Eptirrit af úrskurði sínum sendir hún kæranda.

40. gr.

Úrskurði hreppsnefndar um útsvarskæruna getur kærandi eða sá, er útsvar er hækkað á eptir kæru annars, skotið til sýslunefndar, og skal hann þá gera það skriflega innan 8 vikna frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Komi málskot hans seinna en svo til oddvita sýslunefndarinnar, skal það ekki tekið til greina.

Þá er oddvita sýslunefndarinnar hefir verið send útsvarskæra, skal hann leggja hana fyrir næsta sýslunefndarfund og kveður nefndin upp úrskurð

sinn um hana á þeim sama fundi, nema nauðsynlegt þyki að fresta því til þess að útvega nákæmari skýrslur um málið, en þá svo fljótt sem auðið er.

41. gr.

Nú atvikast svo, að maður verður eitthvert ár útsvarsskyldur í hreppi samkvæmt 36. gr., en eigi fyrr en eptir hina almennu útsvaraniðurjöfnun, og er þá hreppsnefnd heimilt að leggja útsvar á þann mann, þótt seinna sé á árinu, en tilkynna skal nefndin honum það innan 8 daga frá því, er útsvar var á hann lagt.

Heimilt er hverjum þeim, er lagt er á útsvar eptir þessari grein, að kæra útsvar sitt, og skal þá útsvarskæran komin til oddvita hreppsnefndar innan 3 vikna frá því, er útsvarinu var jafnað niður. Að öðru leyti fer um úrskurðun útsvarskæru þessarar og áfrýjun svo sem segir fyrir um í 39. og 40. gr.

42. gr.

Eindagi á aukaútsvörum, sem jafnað er niður eptir 38. gr., er 31. December næst á eptir niðurjöfnuninni. Eindagi á útsvörum, sem jafnað er á eptir 41. gr., er sá, er hreppsnefnd ákveður. Um eindaga á þeim útsvörum, er lögð eru á eptir 37. gr., fer eptir því, sem fyrir er mælt í þeirri grein.

Einginn sá, er sveitarútsvar er lagt á, getur komizt hjá að greiða það á eindaga, þótt hann hafi kært yfir útsvarsupphæðinni og lagt það mál undir úrskurð sýslunefndarinnar. Ef sýslunefndin lækkar útsvarið, skal endurgjalda gjaldþegni af sveitarsjóði það, er hann hafði greitt fram yfir upphæð þá, er sýslunefndin gerði honum að greiða.

43. gr.

Sveitarútsvör má taka lögtaki.

44. gr.

Hreppsnefnd getur heimtað, að gjaldandi hver greiði aukaútsvar sitt í peningum.

45. gr.

Tekjur sveitarsjóðs eru:

1. Tíundir af fasteign og lausafé.
2. Aukaútsvör.
3. Afgjöld af fasteignum hrepps og upprekstrargjald.
4. Vextir af innstæðufé og leigufé.
5. Hundaskattur.
6. Endurgjald á veittum sveitarstyrk frá þurfalingi sjálfum eða ættingjum hans.
7. Frá öðrum hreppum:
   a. endurgjald á veittum þurfamannastyrk;
   b. endurgjald fyrir önnur viðskipti.
8. Fimmtungur af alskonar fiski, sem veiddur er á opnum bátum á helgum dögum.
9. Óskilafjárverð.
10. Sektir eptir sættum eða dómum.
11. Gjald af síldarveiði og upsa með nót.
12. Gjafir eða aðrar óvæntar tekjur.

46. gr.

Hreppsnefndin skal halda saman Stjórnartíðindum þeim, er henni eru send, ganga eptir, ef í þau vantar, láta binda þau inn og geyma þau vel. Kostnaður við það greiðist úr sveitarsjóði.

47. gr.

Útgjöld til skriffæra, bréfasendinga og sendiferða í þarfir hreppsins skal endurgjalda oddvita eptir reikningi.

Alt það, sem oddviti á að fá úr hreppssjóði, skulu hinir hreppsnefndarmennirnir ávísa honum skriflega.

48. gr.

Oddviti skal hafa að launum um árið 1 kr. 50 aura fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Þó mega laun hans eigi nema meira en 100 kr. og ekki minna en 25 kr. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

49. gr.

Hreppsnefnd hver heldur þessar bækur:

1. *Sveitarbók.* Í hana skal rita:
   a. skýrlu um það, er gerist á nefndarfundum, mál þau, er nefndin tekur fyrir, og ályktanir um þau.
   b. ársreikninga hreppsins með athugasemdum endurskoðanda, svörum reikningshaldara og úrskurðum sýslunefndar; enn fremur aðra reikninga hreppsins, svo og niðurjöfnunarskrár, og um ráðstöfun ómaga og meðlag með þeim, þurfamannastyrk, og annað, er að þessu lýtur, og allar skýrslur.
2. *Bréfabók,* sem rita skal í orðrétt þau bréf, er nefndin (oddvitinn) ritar öðrum.
3. *Kassabók,* sem rita skal í allar peningaupphæðir, sem sveitarsjóður fær eða geldur út.
4. *Dagbók* yfir innkomin bréf eptir fyrirmynd, er sýslunefnd býr til.

Bækur þessar skulu vera löggiltar af sýslumanni, og rannsakar hann þær árlega. Andvirði þeirra greiðist úr sveitarsjóði.

50. gr.

Fyrir lok Júnímánaðar ár hvert skal reikningshaldari gera reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins næstliðið fardagaár, og skal hann gerður eptir fyrirmynd er stjórnarráðið býr til.

Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn. En auk þess kýs hún í hvert skipti einhvern innsveitarmann annaðhvort úr hreppsnefndinni eða utan hennar, til að yfirskoða hann. Undan þeirri kosningu getur enginn skorazt, sá er hefir kosningarrétt og kjörgeingi til hreppsnefndar.

Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir lok Októbermánaðar, og skal yfirskoðun hans lokið fyrir 10. Nóvbr. Síðan skal reikningurinn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara, og svörum reikningshaldara liggja hreppsbúum til sýnis á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað frá 14. Nóvbr., að þeim degi meðtöldum, mánuðinn út. Framlagningin skal auglýst áður um hreppinn. Fyrir 7. Decbr. næst á eptir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með fylgiskjölum, athugasemd-

um hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 69. gr.

Öll hreppsnefndin hefir ábyrðg á því, að reikningurinn sé réttur. Hún ábyrgist einnig innstæðufé, skuldabréf og aðrar eigur hreppsins.

51. gr.

Án samþykkis nefndarinnar má eigi borga nein útgjöld af sveitarsjóði, nema þau, sem ákveðin eru í lögum, eða sýslunefndin hefir samþykt.

52. gr.

Að því er snertir ungmennafræðslu, heilbrigðismál, vegi, alþýðustyrktarsjóð, skattamál, verðlagsskrár, húsmenskuleyfi, þurrabúðarleyfi, áfeingissöluleyfi, nýbýlisleyfi, alþingiskosningar, fjárkláðaútrýming og annað, er hreppinn snertir, og eigi er sérstaklega talið í lögum þessum, hefir hreppsnefnd það hlutverk, er lög á kveða.

53. gr.

Samþykki sýslunefndarinnar útheimtist til þess að ályktun hreppsnefndarinnar sé gild í þessum greinum:

1. til þess að hækka á ári því, sem yfir stendur, upphæðir þær, sem eru á niðurjöfnunarskránni.
2. til þess að sveitin takist á hendur nokkra skuldbinding til langframa, er eigi hvílir beinlínis á henni samkvæmt lögum.
3. til þess að nokkuð verði borgað úr sveitarsjóðnum fyrir aðstoð við sveitarstjórnarstörf, sem einhverjum ber að leysa af hendi, af því að hann er kjörinn til þess, að launum oddvita undanteknum (48. gr.)
4. til þess að á nokkru ári verði að samtöldu lögð á hreppsbúa meiri útgjöld en svo, að nemi þriðjungi fram yfir útgjaldaupphæð sama hrepps að meðaltölu um næstu þrjú ár á undan. Upphæð sú, sem eitthvert ár kann að verða lögð á með samþykki sýslunefndarinnar, má eigi teljast með, þegar síðar meir á að finna áðurgreinda meðaltalsupphæð.
5. til þess að selja megi eða veðsetja fasteignir sveitarinnar, eða til að kaupa nýjar fasteignir handa henni.
6. til þess að eyða innstæðufé sveitarinnar.
7. til þess að taka lán handa sveitinni, sem nema meira eða sé fyrir leingri tíma en að það verði borgað aptur fyrir lok næsta reikningsárs, eða endurnýja slíkt lán, eða leingja þann tíma, er á að borga það aptur.

Nú synjar sýslunefnd um samþykki sitt til einhverrar þeirrar ráðstöfunar, sem getur um í þessari grein, og er þá hreppsnefnd rétt að bera málið á lögmætum sveitarfundi undir atkvæði allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, og fallist þá $^3/_4$ gjaldenda á ráðstöfunina, skal hún gild án samþykkis sýslunefndar. Það er lögmætur sveitarfundur, er hreppsnefnd kveður til með skriflegu fundarboði og að minsta kosti 8 daga fyrirvara, enda sé þar tiltekið hver aðalmál komi til umræðu og atkvæða á fundinum.

54. gr.

Ef sýslumaður kemst að því, að einhver ályktun hreppsnefndarinnar fer fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða er að öðru leyti lögum gagnstæð, eða miðar til að gera einhverja ráðstöfun, sem sveitin getur haft tjón af,

eða skorast undan að gegna þeirri skyldu, er á sveitinni hvílir, getur hann með bréfi til oddvita hreppsnefndarinnar ónýtt ályktunina fyrst um sinn, ef eigi er enn búið að framkvæma hana. Síðan leggur hann málið fyrir næsta sýslunefndarfund, sem kveður upp fullnaðarúrskurð um það.

B. Sýslunefndir.

a. Skipun sýslunefnda.

55. gr.

Í sýslunefnd hverri skal vera einn kjörinn maður úr hverjum hreppi sýslufélagsins auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar.

Í Vestmanneyjasýslu er sýslumaðurinn, sóknarpresturinn og þrír kjörnir menn í nefndinni.

56. gr.

Hver hreppur er kjördæmi út af fyrir sig og kýs mann í sýslunefnd. Kosningin fer fram á manntalsþingi með óbundinni atkvæðagreiðslu, er kjörstjórnin skipar fyrir um. Í kjörstjórninni er sýslumaður, formaður, og 2 menn aðrir, er sýslunefnd kýs.

57. gr.

Um kosningarrétt og kjörgeingi til sýslunefndar og um það, hvernig haga skuli kosningunni, gildir að öðru leyti hið sama, sem fyrir er mælt í þessu efni að framan um hreppsnefndirnar. Sömuleiðis skal farið eptir hreppsnefndarkjörskránum, þegar kjósa á í sýslunefndirnar (sbr. 8., 16. og 18.—19.gr.).

58. gr.

Sýslnefndin sker úr mótmælum gegn lögmæti kosningar. En til þess að þeim verði gaumur gefinn, skal bera þau upp bréflega fyrir oddvita nefndarinnar innan 14 daga frá því er kosningargerðinni er lokið. Sýslunefndin sker einnig úr málum, er rísa af því, að einhver beiðist þess að mega ganga úr nefndinni, og eins þá er spurning er um að víkja einhverjum úr henni.

59. gr.

Í hreppi hverjum skal kjósa varasýslunefndarmann og gilda sömu reglur við kosning þeirra, sem við kosning sýslunefndarmanns.

Nú er sýslunefndarmaður forfallaður frá að mæta á sýslufundi, og skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt sýslufund.

Varasýslunefndarmaður hefir sömu réttindi og skyldur sem sýslunefndarmaður.

60. gr.

Sýslunefndarmenn skal kjósa fyrir 6 ár, þó með þeim nánari takmörkunum, er segir í 61.—62. og 64. gr.

61. gr.

Á manntalsþingum hinum næstu eptir að lög þessi fá gildi skal í öllum hreppum á landinu kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann.

Gömlu sýslunefndarmennirnir og varsýslunefndarmennirnir fara jafnframt frá, en þá má endurkjósa. Af sýslunefndarmönnum og varasýslunefndarmönnum þeim, er þá verða kosnir í hverja sýslunefnd, geingur eptir hlutkesti milli hreppa meiri hlutinn, ef tala hreppa í sýslu stendur á stöku (3 af 5, 4 af 7, 5 af 9 o. s. frv.), en ella helmingur, úr sýslunefndinni sama ár, sem meiri hluti hreppsnefnda á eptir 11. gr. að ganga úr hreppsnefndum og minni hluti kosinnar sýslunefndar hverrar og varasýslunefndarmanna eða annar helmingur geingur svo úr 3 árum seinna. Í stað þeirra sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna, er úr nefndinni ganga í hvort skipti, skal á manntalsþingum sama ár kjósa jafnmarga menn til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan meiri og minni hluti eða helmingur hverrar kosinnar sýslunefndar frá á víxl með 3 ára millibili.

62. gr.

Ef sýslunefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal á næsta manntalsþingi kjósa mann í nefndina í stað hans, að eins til þess tíma, er eptir var af kjörtíma hans. Sama er um varasýslunefndarmann.

63. gr.

Um endurkosning og um rétt manns til að skorast undan að taka við kosningu í sýslunefnd skal fara eptir fyrirmælum 14. gr., og á það jafnt við um varasýslunefndarmann sem sýslunefndarmann.

64. gr.

Nú er hreppi skipt í tvo hreppa, og geingur þá sýslunefndarmaður hans þegar úr nefndinni og sömuleiðis varasýslunefndarmaður. Á næstu manntalsþingum á eptir skal í hvorum þessara hreppa kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann, og ganga þeir úr nefndinni eptir nánari ákvörðun sýslunefndarinnar þannig, að fylgt sé reglunum í 61. gr.

65. gr.

Sýslunefndin skal eiga að minsta kosti einn fund á ári eptir því sem oddviti ákveður nákvæmar. Auk þess má hann kveðja til aukafundar, þegar honum þykir þess þörf, og hann er skyldur til þess, ef helmingur nefndarmanna heimtar það. Nefndin ræður fundarstað, þegar hún vill, ella oddviti.

66. gr.

Sýslunefnd getur einga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sé viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita.

Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, á heimting á, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við voru staddir, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið.

67. gr.

Oddviti stjórnar umræðum og sér um að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar séu rétt og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann

geymir bækur nefndarinnar og annað, er henni við kemur. Hann geymir innstæðufé sýslunnar, skuldabréf og aðrar eignir sýslufélagsins.

Sýslunefndin getur falið hverjum nefndarmanni, er hún vill, ákveðin störf, er hún á að annast, eða kosið nokkra af nefndarmönnum í undirnefnd, til að leysa þau af hendi, eða að starfa að einhverju málefni til undirbúnings milli funda. Fyrir þess konar störf má hún veita hæfilega þóknun úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á þeim störfum.

b. Verksvið sýslunefnda og laun.

68. gr.

Sýslunefnd hefir yfirstjórn sveitarmálefna í öllum hreppum sýslunnar, og leggur fullnaðarúrskurð á mál þau, er samkvæmt 19., 21.—23., 30., 40.—41., 50. og 53. gr. laga þessara liggja undir hana, svo og á þær ályktanir hreppsnefnda, er skotið er undir úrskurð hennar samkvæmt löggiltum reglugerðum sýslunefndar. Hún hefir yfir höfuð umsjón með því, að hreppsnefndirnar hegði sér í sveitarstjórnarathöfnum sínum eptir lögum og löglegum fyrirskipunum.

Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmæt gjöld eða neitað að borga það, sem hún á að greiða, eða leitt hjá sér að framkvæma einhverja aðra ráðstöfun, sem hún er skyld til, eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefir vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sé kippt í lag, og, ef nauðsyn ber til, getur hún falið oddvita sínum að beita þvingunarsektum, til þess að boðum hennar verði framfylgt, og auk þess komið fram ábyrgð á hendur einstökum hreppsnefndarmönnum við dómstólana.

69. gr.

Sýslunefnd kýs á ári hverju mann eða menn úr sínum flokki til að yfirskoða ársreikninga allra hreppa í sýslunni. Endurskoðari skal, ef honum þykir ástæða til, senda fyrir lok Decembermán. hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar og ber oddvita að svara þeim fyrir miðjan Janúar næst á eptir. Síðan skal úrskurða reikningana á aðalfundi nefndarinnar; semur sýslumaður síðan eptir þeim yfirlit yfir efnahag hreppanna, og sendir stjórnarráðinu.

Yfirskoðara þessara reikninga má veita þóknun úr sýslusjóði, eptir því sem nefndin ákveður.

70. gr.

Sýslunefnd stjórnar öllum sveitarmálum, er varða sýsluna í heild sinni. Eptir tillögum hreppsnefnda gerir hún, þegar svo ber undir, ráðstöfun til að afstýra hallæri í sýslunni, enda skýri hún stjórnarráðinu ýtarlega frá gerðum sínum í því efni. Hún ræður, hvar lögferjur skuli vera og annast um, að þær séu jafnan í góðu lagi, og að lögferjumenn gæti skyldu sinnar. Þá er skipa skal hreppstjóra, stingur hún upp á 3 mönnum til þess, og af þeim skipar sýslumaður einn. Einnig gerir hún tillögu um, hvort hreppstjóri skuli vera einn

í hreppi eða tveir. Hún annast um að prentaðar séu eigi sjaldnar en 10. hvert ár nákvæmar skrár yfir fjármörk og, ef ástæður eru til, einnig yfir hestamörk, í allri sýslunni.

71. gr.

Sýslunefnd semur reglugerð um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjárskila, og sömuleiðis á vorum til rúningar og fráfærna, og ráðstafanir til að eyða refum, svo og aðrar reglugerðir þær, er hún hefir heimild til að semja samkvæmt lögum. Þá er nefndin hefir á fundi með meiri hluta atkvæða samþykt einhverja slíka reglugerð, skal senda hana stjórnarráðinu, sem getur veitt henni lagagildi.

72. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar sérstaka sýslu, til lykta ráðið fyrr en álits sýslunefndar þar hefir verið leitað um það. Sýslunefnd má og að fyrra bragði senda stjórnarráðinu tillögur um hvað eina, er verða má sýslunni til gagns, eða til að afstýra hallæri.

73. gr.

Reikningsár sýslusjóðs er almanaksárið.

74. gr.

Sýslunefndin skal á aðalfundi semja áætlun fyrir næstkomandi reikningsár yfir tekjur og útgjöld sýslunnar. Að því leyti sem eigi er heimild fyrir greiðslu einstakra gjalda með niðurjöfnun á annan hátt, skal jafna því, sem með þarf, niður á hreppsfélög sýslunnar eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða, að tveim þriðjungum, og eptir tölu verkfærra karlmanna, að einum þriðjungi í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjaldi því, er þannig kemur á hvert hreppsfélag, skal hreppsnefndin jafna niður á hreppsbúa, samkvæmt fyrirmælunum í 36. gr., og skal hreppsnefndaroddvitinn greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

75. gr.

Oddvita sýslunefndarinnar skal endurgjalda eptir reikningi hans, það sem hann hefir borgað fyrir ritföng, sendiferðir o. fl., og skal öll nefndin ávísa honum féð.

76. gr.

Hver sýslunefndarmaður fær í fæðispeninga 2 krónur hvern dag frá því er hann fer að heiman á sýslufund, til þess er hann kemur heim aptur, svo og ferðakostnað eptir reikningi hans, er sýslumaður rannsakar og úrskurðar. Fé þetta greiðist ur sýslusjóði.

77. gr.

Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði, nema heimild sé fyrir því í lögum, eða það sé ákveðið af sýslunefndinni.

78. gr.

Sýslunefndin kýs árlega á aðalfundi mann úr sínum flokki til þess að yfirskoða næsta reikning sýslusjóðsins.

79. gr.

Í Janúarmánuði ár hvert skal oddviti sýslunefndarinnar gera reikning

yfir tekjur og útgjöld sýslusjóðsins næstliðið ár og senda yfirskoðara hann fyrir lok sama mánaðar. Yfirskoðari skal fyrir lok næsta Febrúarmánaðar senda oddvita aptur reikninginn með athugasemdum sínum. Á næsta aðalfundi þar á eptir rannsakar sýslunefndin reikninginn, í sambandi við athugasemdirnar og svör reikningshaldara upp á þær, og úrskurðar síðan reikninginn.

Reikninginn á að semja eptir áætlun þeirri, sem nefnd er í 74. gr., og skal honum fylgja skrá yfir eignir sýslunnar og yfirlitsreikningur yfir eigur og skuldir hennar. Þetta ásamt reikningnum sjálfum sendir oddviti stjórnarráðinu til yfirlits með næsta pósti, eptir að reikningurinn var úrskurðaður.

Fyrir lok Júnímánaðar skal senda hverri hreppsnefnd í sýslunni ágrip af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, prentað eða á annan hátt margfaldað, svo mörg eintök, er hæfa þykir. Nú eru eigi tök til þessa að áliti sýslunefndar, og skal þá fyrir sama tíma senda í hvern hrepp til oddvita eitt skrifað eptirrit af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, og skal oddviti sjá um, að hreppsbúar fái að lesa það. Fyrir eptirrit þessi fær sýslumaður 50 aura fyrir hverja örk, og skal það, og allur kostnaður við prentun og útsending goldið úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á að reikningurinn sé réttur. Hún ábyrgist einnig innstæðufé, skuldabréf og aðrar eigur sýslufélagsins.

80. gr.

Að því er snertir mentamál, heilbrigðismál, ljósmæður, vegi, alþýðustyrktarsjóð, skattamál, alþingiskosningar, verzlunarleyfi og áfeingissöluleyfi, nýbýli, laxveiði og ýmsar aðrar greinir atvinnumála o. fl. hefir sýslunefnd hlutverk eptir því sem lög ákveða.

81. gr.

Þyki oddvita einhver ályktun nefndarinnar fara fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða sé að öðru leyti lögum gagnstæð, eða hún miði til að gera einhverja ráðstöfun, sem sýslufélagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt að fella ályktunina úr gildi, og ber honum þá að senda stjórnarráðinu tafarlaust skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eptirrit af skýrslunni. Stjórnarráðið sker úr ágreiningnum.

82. gr.

Með næsta pósti eptir sýslunefndarfund skal oddviti senda stjórnarráðinu endurrit af gerðabókinni til athugunar.

III. kafli.

Um það hver lög séu numin úr gildi með lögum þessum, og hvenær lög þessi komi í gildi m. m.

83. gr.

Með lögum þessum eru þessi lög og lagaákvæði úr gildi numin:

Tilskipun 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

Lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi. 4. Maí 1872.

Lög 16. Dec. 1885 um breyting á 46. gr. í tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.

Lög 9. Ágúst 1889 um viðauka við lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.
Lög 11. Júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilskipun 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl.
Lög 11. Decbr. 1891 um þóknun handa hreppsnefndarmönnum.
Lög 15. Febr. 1895 um breyting á 1. gr. laga 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.
Lög 6. Marz 1897 um viðauka við lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.
Lög 6. Nóv. 1897 um breyting á 6. gr. tilsk. 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og viðauka við lög nr. 1, 9. Jan. 1880.
Lög 4. Júní 1898 um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða 3. og 4. gr.
Lög 9. Sept. 1899 um breyting á 48. gr. í tilsk. 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.
Lög 13. Nóv. 1903 um viðauka við lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilsk. 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. Ágúst 1889 um viðauka við nefnd lög.
Þau ákvæði í lögum 12. maí 1882 um kosningarrétt kvenna og í lögum 6. Nóvbr. 1902 um kjörgeingi kvenna, er snerta kosningarrétt og kjörgeingi kvenna til hreppsnefnda og sýslunefnda, skulu úr gildi numin, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

84. gr.

Að því leyti sem störf þau, er amtsráðin hafa haft á hendi, eru eigi með þessum lögum lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndirnar (sbr. 70. og 71. gr.), eða þau falla í burtu af sjálfu sér, skal þeim ráðstafað með konunglegri tilskipun.

85. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1907.

Ed.

300. Frumvarp

til laga um breyting á þeim tíma, er hið reglulega Alþingi kemur saman.
(Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hið reglulega Alþingi skal koma saman 15. Febrúar annaðhvort ár, eða næstan virkan dag eptir, hafi konungur eigi tiltekið annan samkomudag sama ár.

2. gr.

Alþingi kemur fyrst saman samkvæmt lögum þessum 15. Febrúar 1909.

Nd. **301. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir 1906—1907.

Frá meiri hluta nefndarinnar í hraðskeytamálinu.

Við 12. gr. D.

1. Tölul. 2. orðist svo:
   Til landsímalagningar og málþráðarsambands frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur.
2. Við staflið a:
   Fyrir „216.525“ komi: 220,430.
3. Við staflið b.:
   Fyrir „81,000“ komi: 84,500.
4. Við staflið c.:
   Fyrir „100,450“ komi: 133,440.
5. Við staflið d.:
   Fyrir „12,040“ komi: 13,000.
6. Við staflið e.:
   Fyrir „7085“ komi: 10,000.
   Upphæðin innan stryks breytist eptir atkvæðagreiðslunni.
7. Við tölul. 4.:
   Fyrir „5“ komi: 4 og fyrir „5000“ komi: 4000.
8. Við tölul. 6. a.:
   Í stað „2000—6000“ komi: 3150—8200.
9. Við tölul. 6. c.: liðurinn orðist svo:
   Til 16 talsímastöðva: 250 – 960.
10. Við tölul. 6. e.:
    Til viðhalds landsímans: 11,875.

Nd. **302. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög 23. Oktbr. 1903.

Frá nefndinni.

Aptan við 2. gr. bætist: »með þeim breytingum, sem þessi lög innihalda, sem lög um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög«.

Ed. **303. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um fyrning skulda (stjórnar frumv.).

Frá nefndinni.

Við 7. gr. Á eptir »þá fyrnist skuldin ekki« komi: hvað sem öðru líður.
— 14. — síðustu málsgr. Í stað »skaðabætur« komi: fullnustu.
— 15. — síðasta málslið. Í stað »í landssjóð« komi: »til dómsmálaritara«.
— 18. — Á eptir »peningaseðli« komi: »eða bankaseðli«.
— 20. — 3. liður orðist svo:
3. að álíta verði eptir framkomnum skýrslum, að ekkert það atvik hafi fyrir komið, er haldi kröfunni enn í gildi gagnvart skuldunaut,

né heldur gagnvart veðeiganda, þótt persónuleg skuldbinding hefði á honum hvílt.

Við 22. gr. Í stað »1909« komi: 1910.

Nd. **304. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga 1906—1907.

Flutningsmenn Ólafur Thorlacius, Einar Þórðarson.

Við 14. gr. Aptan við greinina bætist nýr liður svo hljóðandi:

Styrkur til Georgs læknis Georgssonar til utanfarar (fyrra árið) kr. 1200.00.

Nd. **305. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Flutningsmenn: Einar Þórðarson, Ólafur Thorlacius.

Við 12. gr. B. 3. (Til flutningabrautar í Fagradal síðara árið) fyrir »20,000« komi: 25,000.

Nd. **306. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög 23. Október 1903.

(Eptir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrsta grein laga 23. Október 1903 nr. 30 skal hljóða þannig:

Fyrir kaupstaði, verzlunarstaði, sem eru hreppar út af fyrir sig, og önnur hreppsfélög má gera heibrigðissamþyktir.

Fyrir kaupstaðina semur bæjarstjórn, og fyrir verzlunarstaði, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, hreppsnefnd með ráði héraðslæknis frumvarp til samþyktar, og sendir það stjórnarráðinu, er ber það undir landlækni og staðfestir það síðan eða synjar því staðfestingar.

Að því er önnur sveitarfélög snertir gerir hreppsnefnd tillögu um samþyktina, hvort sem hún á að gilda fyrir allan hreppinn eða nokkurn hluta hans, og beinir henni til sýslunefndar; semur sýslunefnd síðan frumvarp til samþyktar með ráði héraðslæknis. Frumvarpið skal sent stjórnarráðinu, er ber það undir landlækni, og staðfestir það síðan eða synjar því staðfestingar.

Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur þá stjórnarráðið málið af nýju fyrir þá sveitarstjórn, er frumvarpið samdi, með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gera til þess, að frumvarpið geti öðlazt staðfesting.

2. gr.

Um leið og lög þessi eru staðfest, getur konungur gefið út texta laganna 23. Oktbr. 1903 um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög með þeim breytingum, sem þessi lög innihalda, sem lög um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög.

Nd. **307. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
Flutningsmenn: Einar Þórðarson, Ólafur Thorlacius.

Við 13. gr. B. VI. b. 3.
Í staðinn fyrir »til sveita« komi: utan kaupstaða.

Nd. **308. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga 1906—1907.
Flutningsmenn: G. Björnsson, Ólafur Ólafsson.

Við 13. gr. B. VI. a. 2.
Stafliðurinn orðist þannig:
»til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði, hannirðum og búsýslu ... ... 1000 kr. — 1000 kr.

Nd. **309. Breytingartillaga**
við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frv. til fjárlaga 1906—1907.
Frá M. J. Kristjánssyni.

Við 25. lið. 12. gr. C. 2. Fyrir „3000 kr.“ komi: 5000 kr.

Nd. **310. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga 1906—1907.
Frá M. J. Kristjánssyni.

1. Við 12. gr. A. 4, g. Fyrir „200 kr. komi: 600 kr.
   Við 13. gr. B. VI. Á eptir stafl. I komi nýr liður:
2. Til Magnúsar Einarssonar saungkennara á Akureyri til að kenna saung og hljóðfæraslátt 300 kr. — 300 kr.
   Við 15. gr. Á eptir tölul. 7 komi nýr liður:
3. a. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla á Akureyri 1000 kr. — 1000 kr.
   b. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis 1000 kr. — 1000 kr.

Nd. **311. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1906—1907.
Frá Guðl. Guðmundssyni.

Við 11. gr.
Á eptir tölul. 3. bætist inn:
4. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga ... ... 150—150

Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar í öllum hreppum hlutaðeigandi læknishéraðs.

Tala tölulíðanna breytist samkvæmt þessu.

Ed. **312. Frumvarp**

til laga um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

(Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Af andvirði embættisjarðanna Arnarhóls, að meðtöldu verði hinnar svo nefndu Klapparlóðar, sem seld er samkvæmt lögum nr. 38, 6. Nóv. 1902, og Örfiriseyjar, skal stofna sjóð, er nefnist Byggingarsjóður Íslands. Sjóði þessum skal varið til opinberra bygginga eptir því, sem nánar er tiltekið í lögum þessum, og síðar verður ákveðið með lögum.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja Reykjavíkurkaupstað Örfirisey fyrir 6000 krónur. Enn fremur veitist honum heimild til að selja Arnarhólslóðina alla, að undanskildum bletti þeim, sem nú fylgir stjórnarráðshúsinu, og spildu milli Hverfisgötu og væntanlegs framhalds af Lindargötu, sem ætluð er fyrir opinberar byggingar. Arnarhólslóðina má selja þeim, er kaups beiðast, í stærri eða minni pörtum, til byggingarlóða og annara afnota, fyrir það verð, er nemi 3 kr. fyrir ferhyrningsalin hverja að minsta kosti í skákinni fyrir norðan væntanlegt framhald Lindargötu, og 4. kr. í skákinni fyrir sunnan Hverfisgötu, en þó eigi lægra en 2 dómkvaddir menn meta í hvert skipti, er kaupa er beiðzt.

3. gr.

Til byggingarsjóðs greiðir landsbanki Íslands 7500 krónur á ári, um leið og hann greiðir landssjóði hundraðsgjald það af seðlaskuld sinni, sem ákveðið er í lögum um stofnun landsbankans 18. Sept. 1885 og lögum frá 12. Jan. 1900 um breyting á þeim lögum.

4. gr.

Byggingarsjóðurinn stendur beint undir landstjórninni. Gjaldkeri landssjóðs er galdkeri sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum Alþingis.

5. gr.

Veita má byggingarsjóði lán úr viðlagasjóði til að standast kostnað við byggingar, sem lagaheimild er fyrir, að byggingarsjóður leggi fram fé til. Lánið skal ávaxtað með $2^1/_2$ af hundraði á ári, og endurborgist jafnóðum og sjóðnum greiðist andvirði fasteigna þeirra, sem um ræðir í 2. gr.

6. gr.

Stjórnarráðinu veitist heimild til:

1. Að láta reisa bókasafnsbyggingu úr steini eða steinsteypu. Hún skal vera þannig bygð, að auka megi við hana síðar eptir þörfum, en í bráð skal hún rúma landsbókasafnið og landsskjalasafnið eins og þau nú eru ásamt

viðauka þeim, er ætla má, að þau fái næstu 50—60 ár. Skal haga svo til, að fyrst um sinn geti orðið geymd þar einnig hin önnur söfn landsins, eptir því sem rúm leyfir. Til byggingar þessarar má verja alt að 160 þúsund krónum.

2. Að breyta húsrými því, er losnar við brottfærslu safnanna úr þinghúsinu, til afnota fyrir Alþingi og til útbúnaðar risnuherbergja, og má verja til þess alt að 50000 kr.

Stjórnarráðið samþykkir uppdrætti, er fylgja skal við byggingar þessar, og gerir alla samninga, er að byggingunni lúta. Samningar skulu lagðir fyrir næsta Alþingi til athugunar.

Nd. **313. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frv. til fjárlaga 1906—1907.

Frá Ólafi Ólafssyni.

11. Við 12. gr. A 1. b, 2. Í staðinn fyrir 3800—4200 kr. komi 3800—4400 kr.

Nd. **314. Breytingartillaga**

við fjárlög 1906—1907.

Frá M. J Kristjánssyni, Stefáni Stefánssyni Eyf. og Guðl. Guðmundssyni.

Við 13. gr. B. VI.

Á eptir tölul. 2. bætist inn:

3. Til kvennaskóla Eyfirðinga — 2500 — 2500.

Nd. **315. Tillaga**

til þingsályktunar um endurskoðun ábúðarlöggjafarinnar.

(Eins og hún var samþykt við eina umr. í Ed.)

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að endurskoða ábúðarlöggjöf landsins og semja frumvarp til nýrra byggingar- ábúðar- og úttektar-laga, er verði lagt fyrir Alþingi 1907.

Nd. **316. Frumvarp**

til laga um fyrning skulda og annara kröfuréttinda.

(Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Skuld eða önnur krafa, sem ekki hefir verið viðurkend eða lögsókn heimt innan þeirra tímatakmarka, er ákveðin eru í lögum þessum, fellur úr gildi fyrir fyrning.

Nú á kröfuhafi skuld að lúka skuldunaut sínum, og missir hann þá

eigi, þótt fyrningarfrestur líði, rétt til að telja kröfuna til skuldajafnaðar, enda sé hún af sömu rót runnin og skuld hans, eða samið hafi verið fyrirfram um skuldajöfnuð eða slíkt áskilið, áður en fyrningarfrest þraut.

Haldsréttur og veðréttur ónýtist ekki, þótt skuldin fyrnist, nema sjálfsvörzluveðréttur í lausafé; hann fellur úr gildi um leið og krafan fyrnist, nema að því er snertir lausafé, sem er löglegt fylgifé með veðsettri fasteign, sbr. 5. og 6. gr. í lögum um veð 4. Nóvbr. 1887.

Enn fremur fellur úr gildi sjálfsvörzluveðréttur fyrir vöxtum og öðrum kröfum, er ræðir um í 2. tölulið 3. greinar, þegar krafan fyrnist.

Þau réttindi fyrnast ekki, er hvíla á fasteign sem ævarandi afgjaldskvöð, og eigi heldur kröfur til endurgjalds þegnum sveitastyrk.

2. gr.

Þessar kröfur fyrnast á 20 árum:

1. Krafa á hendur landssjóði, banka eða sparisjóði um endurgjald á fé, er lagt hefir verið í sjóðinn til ávöxtunar eða geymslu.

   Banki telst hver sá, sem samkvæmt tilkynningu til verzlunarskránna rekur bankaatvinnu.
2. Krafa um lífeyri og aðrar slíkar kröfur, sem eru fólgnar í rétti til þess með vissu millibili að krefjast fjárframlags, er ekki getur talizt afborgun af skuld.

3. gr.

Þessar kröfur fyrnast á 4 árum:

1. Kröfur út af:
   sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé, sem ekki er afhent sem fylgifé með fasteign, þó svo, að haldi skuldunautur áfram föstum viðskiptum við kaupmann, verksmið eða þvílíkan atvinnureka, og fái árlega viðskiptareikning, fyrnist ekki sú skuld, er hann kann í að vera við nýjár hvert, hvort sem hún stafar frá viðskiptum síðasta árs eða ekki, meðan viðskiptum er haldið áfram óslitið,
   leigu á fasteign eða lausafé,
   veru, viðgjörning eða aðhlynningu,
   flutning á mönnum eða munum,
   vinnu og hverskonar starfa, sem í té er látinn; þó fyrnist eigi krafa hjús um kaupgjald, meðan það er samfelt áfram í sömu vist.
2. Kröfur um gjaldkræfa vexti, húsaleigu, landskuld, leigur, gjaldkræf laun eða eptirlaun, lífeyri, forlagseyri, meðgjöf eða aðra greiðslu, er greiðast á með vissu millibili og ekki er afborgun af skuld.
3. Kröfur, er lögtaksrétt hafa.
4. Kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum, að undanskilinni ábyrgð á fjárskilum opinberra gjaldheimtumanna eða gjaldkera við opinberar stofnanir eða stofnanir einstakra manna. Enn fremur endurgjaldskrafa sú, er ábyrgðarmaður eða samskuldari hefir á hendur aðalskuldunaut, meðábyrgðarmanni eða samskuldara, út af greiðslu skuldar; endurgjaldskrafan er þó jafnan dómtæk eins leingi og innleysta krafan mundi verið hafa.
5. Krafa um endurgjald á því, er maður hefir greitt í rangri ímyndun um skuldbinding, eða í von um endurgjald, er brugðizt hefir, þó svo að móttakandi hafi ekki gert sig sekan í sviksamlegu atferli.

4. gr.

Á 10 árum fyrnast:

1. Kröfur samkvæmt skuldabréfi, dómi eða opinberri sátt, er ekki falla undir ákvæði 2. gr. Að því er snertir kröfur þær, er um ræðir í 2.—4. tölulið 3. greinar, gildir 10 ára fyrning þó því að eins, að skuldabréf sé útgefið, dómur geinginn eða sátt gerð, eptir að krafan féll í gjalddaga, eða var orðin sjálfstæð skuldakrafa á annan veg, eða rentumiði hafi verið útgefinn fyrir vöxtum eða annari sams konar kröfu.
2. Allar aðrar kröfur, sem ekki er settur annar fyrningarfrestur fyrir í 2. og 3. gr.

5. gr.

Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf. Gjalddagi á verzlunarskuldum telst 31. Decbr. ár hvert fyrir þá skuld, sem stofnuð er á árinu, nema samið sé um annan gjalddaga. Fyrningarfrestur á dómkröfum telst frá dómsuppsögn án tillits til fjárnámsfrests.

Nú fer gjalddagi skuldar eða annarar kröfu eptir undanfarandi uppsögn af hálfu kröfueiganda, og telst þá fyrningarfresturinn frá þeim degi, er skuldin í fyrsta lagi gat orðið gjaldkræf eptir uppsögn. Að því er snertir ábyrgð á kröfu, sem fyrnist á 10 eða 20 árum, telst þó 4 ára fyrningartíminn samkvæmt 4. tölulið 3. greinar að eins frá þeim degi, er krafan á hendur ábyrgðarmanni varð gjaldkræf í raun og veru, jafnvel þótt ábyrgðarkrafan hefði getað fallið fyr í gjalddaga fyrir uppsögn á aðalkröfunni. En jafnframt fyrnist ábyrgðarkrafan á 10 eða 20 árum frá þeim degi, er hún í fyrsta lagi hefði getað orðið gjaldkræf vegna uppsagnar á aðalkröfunni.

Við útreikning á fyrningafresti á ábyrgðarkröfu skal ekkert tillit taka til þess, þó ekki sé hægt að krefja ábyrgðarmanninn um greiðslu fyr en reynzt hefir árangurslaust, að ná skuldinni inn hjá aðalskuldunaut, eða fyr en eptir undangengna aðvörun.

Að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. tölulið 2. greinar telst fresturinn frá þeim degi, er hin fyrsta greiðsla féll í gjalddaga. Sama gildir um fyrningarfrest á ábyrgð á kröfum þessum.

6. gr.

Nú viðurkennir skuldunautur skuld sína við kröfueiganda, annaðhvort með berum orðum eða á annan hátt, — t. d. með því að lofa borgun eða greiða vexti —, eptir þann tíma, er fyrningarfrest ella hefði átt að telja frá, þá hefst nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er viðurkenningin átti sér stað, eða frá þeim degi, er skuldin þar á eptir varð gjaldkræf, eða hefði getað orðið gjaldkræf með uppsögn frá kröfueiganda. Hafi skuldabréf verið útgefið, eða dómur geingið, eða sætt verið gerð um kröfuna, þá fyrnist krafan eptir ákvæðum þeim, er sett eru í 4. gr., sbr. 5. gr.

7. gr.

Ef skuldari dregur sviksamlega dul á, eða vanrækir að skýra frá atvikum, er krafan byggist á, eða valda því, að hún verður gjaldkræf, og skuldaranum bar skylda til að segja frá, þá fyrnist skuldin ekki, hvað sem öðru líður, fyrr en 4 ár eru liðin frá þeim degi, er kröfueigandinn fékk vitneskju um þessi atvik, eða eitt ár er liðið frá dánardegi skuldunauts.

8. gr.

Kröfur:

1. sem hjón hafa hvort á annað,
2. sem ómyndugir hafa á hendur fjárhaldsmanni eða yfirfjárráðanda,
3. sem opinberar stofnanir, hlutafélög eða aðrir ópersónulegir kröfueigendur eiga á hendur forstjóra,

fyrnast ekki fyr en fjögur ár eru liðin frá því, að hjónabandinu var slitið, fjárhaldið hætti, eða forstjórinn vék úr stöðu sinni.

9. gr.

Nú deyr skuldari eða kröfueigandi, eða kröfueigandi er sviptur fjárforræði, eða bú hans tekið til gjaldþrotaskipta, og fult ár er ekki eptir af fyrningartímanum, þá lengist fresturinn um eitt ár frá áminstum atburði að telja.

10. gr.

Nú er innköllun til skuldheimtumanna, til að koma fram með kröfur sínar innan ákveðins tíma, útgefin af skuldara eða af búi hans, áður en fyrningarfresturinn er á enda, þá fyrnist krafan ekki fyr en innköllunarfresturinn er liðinn.

Hafi krafan verið tilkynt í tæka tíð, og ekki er að ræða um opinber skipti eða gjaldþrotaskipti, sbr. 13. gr., þá fyrnist krafan alls eigi fyr en eitt ár er liðið frá því innköllunarfresturinn var á enda.

11. gr.

Málssókn telst byrjuð áður er fyrningarfrestur er liðinn, ef kæra til sáttanefndar eða stefna er birt innan nefnds tíma. Þó má stefnufresturinn ekki vera lengri en nauðsyn krefur, ef kæran eða stefnan á að takast fyrir eptir að fyrningarfresturinn er liðinn. Því að eins skal álíta málssókn byrjaða, áður en málinu er stefnt til dóms, að stefnan sé birt svo fljótt sem unt er, eptir að málinu var vísað til dóms og laga frá sáttanefndinni, og stefnufrestur ekki ónauðsynlega langur eins og fyr segir. Þá er opinber stefna er viðhöfð, telst málshöfðun byrjuð þann dag, er stefnan er birt í fyrsta sinni í blaði því, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Þegar gagnkrafa er gerð til skuldajafnaðar, án þess að gagnsóknarmál sé höfðað, telst sóknin byrjuð, þegar gagnkrafan er gerð fyrir dóminum. Nú er máli vísað frá dómi eða hafið, eða það fellur niður af öðrum ástæðum, án þess dómur gangi um kröfuna, þá hefir kröfueigandi rétt til, þótt fyrningarfresturinn sé liðinn, að höfða nýtt mál gegn varnaraðila í hinu fyrra máli, eða þeim, er komið hefir í hans stað, innan 6 mánaða frá því málinu var frávísað, eða það var hafið eða á annan hátt niðurfelt. Hið sama gildir, ef hinu síðara máli, eða síðari málum verður frávísað, eða þau á annan hátt niðurfalla án efnisdóms.

Nú er máli heimvísað til nýrrar meðferðar við lægri dómstól, þá hefir kröfueigandi heimild til, þótt fyrningarfresturinn sé liðinn, að fá málið tekið fyrir á ný innan 6 mánaða.

12. gr.

Þar sem lögtak eða fjárnám má gera án undanfarins dóms eða sáttar, er krafan sótt í tæka tíð, þegar fjárnámið eða lögtaksgerðin eða nauðungaruppboðið, — þar sem ganga má fram hjá fjárnámi —, er byrjað áður en fyrn-

ingarfrestur er liðinn. Verði fjárnámið ekki framkvæmt vegna framkominna mótmæla, eða það felt úr gildi við æðri dómstól, getur kröfueigandi látið framkvæma fjárnám, lögtak eða nauðungaruppboð á ný samkvæmt ákvæðum 11. greinar, og telst 6 mánaða fresturinn frá því, er hin fyrri sókn endaði.

13. gr.

Þá er bú skuldunauts hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða opinberrar skiptameðferðar samkvæmt skiptalögum 12. Apríl 1878, eða búinu er skipt af löggiltum skiptaforstjórum, kemur krafa í búið í stað lögsóknar. Sé krafan viðurkend, en henni ekki fullnægt af eignum búsins, fyrnist krafa sú, er kröfueigandi kann að hafa á hendur skuldara eða erfingjum hans, samkvæmt þeim ákvæðum, sem sett eru í 1. tölulið 4. gr., þannig að 10 ára fresturinn telst í fyrsta lagi frá skiptalokum. Ef krafan þar á móti hefir ekki verið viðurkend, þá hefir kröfueigandinn rétt til, þótt fyrningarfresturinn sé á enda, að byrja nýja málssókn, innan 6 mánaða frá skiptalokum að telja, eða hafi kröfunni verði hrundið með úrskurði skiptaréttar eða dómi æðri réttar, innan 6 mánaða frá því, að úrskurðurinn eða dómurinn var uppkveðinn.

14. gr.

Nú vill sá, er mál hefir höfðað, gera kröfu á hendur öðrum manni, til greiðslu að öllu leyti, eða nokkru leyti á því, er hann kynni ekki að fá sér tildæmt eða ná inn hjá þeim, er hann hefir höfðað málið á móti, þá er það nægilegt til þess að halda kröfunni í gildi, að kröfueigandinn hafi áður en fyrningafresturinn var á enda, gert hlutaðeiganda, eptir reglum þeim, er gilda um birtingu á stefnum, aðvart um málssóknina, enda skal hann þá sækja rétt sinn að lögum innan 6 mánaða, eptir að hinni fyrri málsókn var lokið.

Samsvarandi ákvæði gilda, ef sá, sem stefnt er, vill koma fram kröfu á hendur öðrum manni um fullnustu fyrir það, er hann kann að þurfa að greiða.

15. gr.

Ef ekki er auðið að svo stöddu að sækja við dómstóla á Íslandi mál út af kröfu, sem fyrnist samkvæmt íslenzkum lögum, þá getur kröfueigandi, með því að tilkynna landsyfirdómnum kröfu sína, áður en fyrningatíminn er liðinn, haldið rétti sínum óskertum, til að sækja rétt sinn að lögum, annaðhvort innan árs eptir að skilyrði voru feingin fyrir því, að innheimta mætti skuldina við íslenzkan dómstól, eða innan 10 ára frá því tilkynningin var gerð.

Þessi tilkynning á að vera skrifleg, og skal innfæra hana í bók.

Stjórnarráðið setur ýtarlegri reglur um, hvernig haga skuli tilkynningum þessum og um gjald fyrir innfærsluna; gjaldið rennur til dómsmálaritara.

16. gr.

Þótt krafan sé fyrnd samkvæmt framannefndum ákvæðum, skal það þó ekki vera því til fyrirstöðu, að sakamaður, sem dæmdur er fyrir glæp, sé jafnframt dæmdur til að greiða skaðabætur til þess, er skaða hefir beðið við glæpinn. Séu skaðabæturnar ekki ákveðnar í sakamálsdóminum getur sá, er misgert var við, höfðað sjálfstætt mál gegn hinum sakfelda innan 6 mánaða frá dómsuppsögn.

17. gr.

Þegar arðberandi skuld fyrnist, falla jafnframt úr gildi allir áfallnir vextir af skuldinni.

Samsvarandi ákvæði gildir einnig um kröfur, sem eru fólgnar í rétti til að krefjast fjárframlags með vissu millibili, og ekki getur talist afborgun af höfuðstól.

18. gr.

Krafa samkvæmt peningaseðli eða bankaseðli fyrnist ekki.

19. gr.

Samningur um leingri fyrningafrest, en framan er ákveðinn, er löglegur að því er snertir:

1. Skuldabréf, er ganga eiga kaupum og sölum manna á milli, og út eru gefin í mörgum samhljóða eintökum.
2. Vaxtamiða, sem út eru gefnir fyrir vöxtum af ofannefndum skuldabréfum, eða fyrir arði af hlutabréfum.
3. Skírteini, sem út eru gefin af lífsábyrgðar- eða framfærslustofnunum.
4. Kröfur þær, er ræðir um í 1. tölulið 2. greinar

20. gr.

Stjórnarráð Íslands hefir heimild til að veita eiganda veðsettrar eignar leyfisbréf til ógildingardóms á veðskuldabréfi, ef umsækjandi fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. að liðin séu 10 ár, eða, að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. gr., tuttugu ár frá þeim degi, er skuldin, samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins féll í gjalddaga, eða í fyrsta lagi hefði getað orðið gjaldkræf eftir uppsögn eða að því er snertir kröfur þær, er ræðir um í 2. tölulið 2. greinar, frá gjalddaga hinnar fyrstu greiðslu.
2. að sannað sé, að þrátt fyrir ýtarlega eftirgrenslan hafi ekki fundist nokkur maður, er veðbréfið veiti réttindi, og
3. að álíta verði eftir framkomnum skýrslum, að ekkert það atvik hafi fyrir komið, er haldi kröfunni enn í gildi gagnvart skuldunaut, né heldur gagnvart veðeiganda, þótt persónuleg skuldbinding hefði á honum hvílt.

Ákvæði þessarar greinar hafa engin áhrif á heimild þá, er stjórnarráðið hefir til þess, að veita leyfisbréf til ógildingardóms á veðbréfi, þegar álíta verður að veðrétturinn sé úr gildi genginn.

21. gr.

Ákvæði Jónsbókar í 8. kap. Kaupabálks og ákvæði í 1. málsgrein 9. greinar í lögum um aðför 4. nóvbr. 1887, eru úr gildi feld. Önnur ákvæði, þar sem frestur er settur fyrir málshöfðun eða kröfugerð, standa óhögguð.

22. gr.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um kröfur þær, er þegar eru stofnaðar; þó fellur eingin krafa úr gildi samkvæmt lögum þessum fyr en við árslok 1910.

Ed.

317. Nefndarálit

um frumvarp til laga um forkaupsrétt leiguliða o. fl.

Nefndin er sammála um það, að talsverð réttarbót sé að frumvarpi þessu, ef það verður að lögum. Þar sem leiguliðar fá eptir þeim undantekningalausan forkaupsrétt að ábýlum sínum, og að þeim frágeingnum hlutaðeigandi sveitarfélög. Þetta hlýtur að auka talsvert sjálfsábúð á landinu, auk þess, sem það er í alla staði sanngjarnast og eðlilegast, að sá, er á jörðu býr, enda þótt hann hafi ekki lífstíðarábúð, gangi fyrir öðrum með kaup á henni, og þar sem það er opt mjög skaðlegt fyrir sveitarfélög, að jarðir séu eign manna í öðrum sveitafélögum, og því verra ef það kemur fyrir, að þær séu í eign eða fullum umráðum annara sveitarstjórna, þá verðum vér að álíta það ákvæði frumvarpsins nauðsynlegt, að sveitarfélög hafi næsta forkaupsrétt eptir leiguliða, enda þótt hugsazt geti í sumum tilfellum, að það, að sveitarfélag eignast jörð, verði til þess síðar meir, að tefja fyrir sjálfsábúð hennar.

Sömuleiðis álítur nefndin það réttlátt og í alla staði eðlilegt, að sá hafi forgangsrétt, sem land á undir að leigu eða kaupi á ítaki, skógi, fossi eða öðru jarðgagni, sem er eða orðið getur fráskilin eign. Þó getur nefndin ekki álitið ráðlegt, að veiðiár séu hér með taldar. Hún álítur sem sé, að langheppilegast sé fyrir veiði hverrar ár, að hún sé í umráðum eins manns eða þá eins félags, sem rekur hana í sameiningu, og þar sem svo á stendur, að einn eigandi er orðinn að veiðiréttri ár, er margar jarðir liggja að, eða samkomulag er orðið um að nota veiðina alla í félagi, þá stefni það fremur til apturfara en framfara, að hann verði á ný partaður milli margra eigenda eður umráðenda, eins og það líka virðist miður rétt gagnvart eiganda, sem gæti selt eða leigt veiðiréttinn einum manni eða félagi fyrir það verð, er hann væri ánægður með, ef einn af mörgum landeigendum að ánni og það ef til vill sá, sem mjög lítinn rétt gæti feingið þó hann eignaðist hann, gæti komið í veg fyrir söluna eður leiguna, með því að heimta sjálfur kaup eða leigu að því, er landi hans gæti borið. Af þessum ástæðum leyfir nefndin sér, að stinga upp á breytingu hér að lútandi við 3. gr. frumvarpsins.

Nefndin álítur það ekki heillavænlegt, að jarðir, sem eigi eru til þess fallnar, að skiptast í fleiri sérstök býli, séu partaðar í marga hluta, og þó ein jörð hafi komizt í það ástand að vera í ábúð fleiri manna, þá virðist rettara að styðja að því, að hún í framtíðinni verði ábýli eins manns, sem getur eignazt hana alla, og því leggur nefndin til, að þannig lagað ákvæði sé bætt við 1. grein.

Það virðist eigi réttlátt gagnvart eiganda að jörð eða ítaki, að hann vegna of langs dráttar á endilegu svari um kaupin, eigi á hættu að tapa kaupanda. Að vísu er frestur sá, sem leiguliða er gefinn í frumvarpinu (hálfur manuður), ekki of langur umhugsunartími fyrir hann, en ef ákvæðið væri þannig skilið, að ekki mætti bjóða sveitarfélagi kaupin fyr en sá tími væri liðinn, og það notaði sér einnig hinn sama frest laganna, þá drægi þetta söluna í minsta lagi um mánuð og stundum leingur, þegar eiganda eða umboðsmaður hans væri í fjarlægð.

Nefndinni virðist því, að vel fari á því, og öllum sé það skaðlaust, þó að seljandi bjóði sveitarstjórn kaupið undir eins og hann hefir boðið ábúanda það, án þess að fá ákveðið svar, en auðvitað með því fororði, að ábúandi gangi fyrir. Með þessu móti getur seljandi feingið ákveðin svör frá báðum þessum forgangsaðilum á hálfum mánuði eða rúmlega það. Nefndin stingur því upp á þannig lagaðri breytingu við 5. gr. frumvarpsins.

Nefndinni virðist rétt, að setja ákveðið tímatakmark fyrir því, hvað leingi gildi afsal þess, sem forgangsrétt hefir, og finst henni 6 mánuðir vera nokkuð hæfilegur tími.

Þannig löguðu ákvæði leyfir nefndin sér því ennfremur að bæta aptan við 5. gr.; en af því síðasta málsgrein 6. gr. hljóðar nokkuð um sama efni. en er óákveðin og óljóst orðuð, þá leggjum vér til. að hún falli burtu.

Að svo mæltu leggjum vér til, að frumvarpið verði samþykt með eptirfylgjandi breytingum:

1. Við 1. gr. Aptan við greinina bætist svohljóðandi málsgrein:
   Nú eru leiguliðar að jarðeign þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sérhverjum þeirra til kaups; vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðunni, en annars ræður eigandi hverjum þeirra hann selur.
2. — 2. — Eptir orðin: „óbyggð lönd“ bætist inn í: er nota má til afrétta.
3. — 3. — Orðin „veiðiár“ falli burt, en eptir orðin: „frá jörðu“ komi: önnur en laxveiði og silungsveiði.
4. — 5. — Aptan við greinina bætist svohljóðandi málsgreinar:
   Rétt er að bjóða sveitarfélagi kaup eða leigu, að frágeingnum þeim, er forgangsréttinn á, þótt hann sé enn eigi búinn að afsala sér forgangsréttinum.
   Yfirlýsing þess, er forgangsrétt á samkvæmt 1., 2. og 3. grein. um að hann afsali sér forgangsréttinum, gildir eigi leingur en 6 mánuði.
5. — 6. — Síðasta málsgreinin falli burt.

Alþingi 7. Ágúst 1905.

Eiríkur Briem formaður. Guðjón Guðlaugsson skrifari og framsögum. Þórarinn Jónsson

Ágúst Flygenring. Þorgr. Þórðarson.

Nd. **318. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga 1906—1907.

Flutningsm. Björn Kristjánsson.

Við 12. gr. B. 4. Fyrir „6000“ komi: 9500. Í staðinn fyrir „4000“ í athugasemdinni komi: alt að 7500.

Nd. **319. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1906—07.

Frá Birni Kristjánssyni.

1. Við 12. gr. B. 7. Athugasemdin orðist svo:
   Tillag þetta er því skilyrði bundið, að samtímis sé jafnmiklu fé varið til nefnds vegar annarsstaðar frá.
2. Aptan við 20. gr. komi nýr liður svo hljóðandi:

Jóhannesi J. Reykdal í Hafnarfirði má veita á fjárhagstímabilinu lán úr viðlagasjóði 8000 krónur til að koma upp nýrri rafmagnsstöð í Hafnarfirði, gegn 1. veðrétti í rafmagnsstöðinni sjálfri, og 1. veðrétti í rafmagnsstöð þeirri, er hann hefir nú fullgerða. Lán þetta ávaxtist með 4% vöxtum og afborgist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Nd. **320. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Flutningsmaður: Einar Þórðarson.

Við 4. gr. 1. Aptan við liðinn bætist svo hljóðandi málsgrein:

Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eptirgjöf á 200 kr. hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. $^{19}/_{2}$ 1898.

Nd. **321. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1906—1907.

Frá Eggert Pálssyni.

Við 13. gr. A b. 2. Í stað 5000 — 5000 komi: 6000 — 5000. Athugasemdin orðist þannig: Af upphæð þessari veitist fyrra árið 800 kr. til Holtsprestakalls í Rangárvallaprófastsdæmi til fyrirhleðslu Holtsár og 200 kr. sem sérstök uppbót til Landprestakalls í sama prófastsdæmi til endurgreiðslu kostnaðar við íhleðslu í svonefndan Fróðholtsós. Að öðru leyti úthlutar ráðherrann styrknum eptir tillögum biskups.

Nd. **322. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um innköllun seðla landssjóðs og útgáfu nýrra seðla.

Flutningsm. Tryggvi Gunnarsson.

Aptan við frumvarpið bætist ný grein, sem verður:

3. gr.

Stjórnin afhendir landsbankanum smátt og smátt 750,000 kr. í hinum nýju seðlum, án tillits til þess, hve stór upphæð hefir komið inn í innkölluðum seðlum, þegar þeir eiga allir að vera komnir fram.

Ed. **323. Frumvarp**

til laga um breytingu á 6. gr. í lögum um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi 22. Maí 1890.

(Frá nefndinni í málinu um atvinnu við siglingar).

Sá, sem hefir verið háseti á þiljaskipi í 4 mánuði að minsta kosti, hefir rétt til að ganga undir bæði hið minna og hið meira stýrimannspróf, þegar hann að öðru leyti fullnægir skilyrðunum fyrir því að mega ganga undir próf þessi.

Nd. **324. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skipting bæjarfógetaembættisins í Reykjavík.

Nefndin kannast við, að verkahringur bæjarstjórnarinnar í Reykjavík sé orðinn

svo margbrotinn og umfangsmikill, að ekki megi dragast leingi að gera aðra skipun á bæjarfógetaembættinu en nú er. Að vísu er bæjarfógetaembættið svo vel launað, að bæjarfógetinn er flestum eða öllum embættismönnum á landinu færari til að kaupa sér hjálp, en störf hans eru orðin svo mikil, að hann mundi þó ekki — sízt til langframa — geta helgað bæjarstjórnarstörfunum svo mikið af kröptum sínum og tíma, sem æskilegt og enda nauðsynlegt væri, kaupstaðnum til verulegra framfara.

Það rekur því vafalaust að því, að skipta verði embættinu, og mætti þá skipta því annaðhvort á þann hátt, að taka að eins af bæjarfógetanum forstöðuna fyrir bæjarstjórninni, eða þá, líkt og frumvarpið ætlast til, bæjarstjórnarformenskuna og fleiri eða færri af öðrum störfum hans.

Væru bæjarstjórnarstörfin ein skilin frá embættinu, telur meiri hluti nefndarinnar það rétt, að bæjarstjórinn yrði launaður af bæjarsjóði, og þá eðlilega kjörinn af bæjarstjórn, eða öllu heldur af bæjarmönnum á borgarafundi, og kjörið síðan staðfest af konungi.

Væri bæjarstjóranum aptur á móti feingin fleiri af störfum bæjarfógetans en forstaðan fyrir bæjarstjórninni, ætti að launa bæjarstjóranum úr landssjóði og bæjarsjóði og landstjórn, og bæjarstjórn, eða borgarafundur, í sameiningu að ráða valinu.

En út í þau atriði er tilgangslaust að fara hér nánar. Nefndinni er kunnugt um, að bæjarstjórnin vill ekki ganga að neinum verulegum breytingum á frv., og meiri hluti nefndarinnar getur hins vegar ekki lagt það til, að bæjarstjóranum, sem ætlað er lítið annað en forstaða bæjarstjórnarinnar, verði veitt 4000 kr. laun úr landssjóði.

Meiri hluti nefndarinnar verður því, að svo vöxnu máli, að ráða háttv. deild til að fella frumvarpið.

Minni hlutinn, formaður nefndarinnar, álítur á hinn bóginn frumvarpið á góðum rökum bygt, og leggur því til að það verði samþykt.

Neðri deild Alþingis 7. Ágúst 1905.

Jón Magnússon, formaður. Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögumaður.
Ólafur Briem.

Nd. **325. Breytingartillaga**
við breytingartillögur fjárlaganefndar við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906—1907.
Frá G. Björnssyni.

Við 15. gr. 7. Í stað »1500 — 1500 kr.« komi: 4500 — 4500 kr.

Nd. **326. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906—1907
frá Guðm. Björnssyni.

1. Við 15. gr. 7. Í stað „5200 kr. — 5200 kr.“ komi 5200 kr. — 6200 kr.
2. Í athugasemd við sama lið komi í stað orðanna: „hvort árið alt að 4000 kr.“: fyrra árið alt að 4000 kr. og síðara árið alt að 5000 kr.
3. Aptan við 20. gr. frv. bætist:

Iðnaðarmannafélaginu í Reykjavík má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði til að reisa iðnskólahús 15000 kr. gegn fyrsta veðrétti í húseigninni. Lánið á-vaxtist og afborgist með 6% á 28 árum.

Ed. **327. Frumvarp**

til laga um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé.

(Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Það er öllum bannað að flytja hingað til lands frá útlöndum sauðfénað, nautgripi, hesta, svín og geitur. Þó má stjórnarráðið með ráði dýralæknis veita undanþágu frá banni þessu, enda setji þá tryggilegar reglur um í hvert sinni. Undanþáguleyfið og reglurnar skal prenta í B-deild Stjórnartíðindanna.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, ekki lægri en 100 kr. fyrir skipstjóra þann, er fénaðinn flutti inn, og jafnháum fyrir þann, er fénaðinn á, og skal fénaðurinn gerður upptækur og drepinn að tilhlutun lögreglustjórnarinnar.

Brot gegn reglum þeim, sem stjórnarráðið setur samkvæmt 1. gr., varða eiganda sektum, ekki lægri en 100 kr., enda bæti hann að auki allan skaða, er af þeim fénaði hlýzt, er hann flutti inn án leyfis, eða hirti eigi samkvæmt reglum stjórnarráðsins.

3. gr.

Lög um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé frá 17. Marz 1882 eru úr gildi numin.

Nd. **328. Frumvarp**

til laga um innköllun seðla landssjóðs og útgáfu nýrra seðla.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að innkalla seðla þá, sem gefnir hafa verið út fyrir landssjóð samkvæmt lögum 18. September 1885 og lögum um breyting á þeim, dags. 12. Janúar 1900, og konungsúrskurði 20. Maí 1886, sbr. stjórnarráðsauglysing 25. s. m., og nú ganga manna á meðal, gegn nýjum seðlum, er út verða gefnir, með árs fyrirvara, þannig að gömlu seðlarnir upp frá því verði ógildir, svo að engin krafa verði á þeim bygð. Auglýsing um innköllunina skal birta í Stjórnartíðindunum og í blaði því á Íslandi, sem flytur opinberar auglýsingar, svo og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn, og auk þess lesin upp á kirkjufundum í sveitum á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun 8. Okt. 1824, 1. gr.

2. gr.

Kostnað við innköllun seðlanna og tilbúning hinna nýju seðla, sem koma eiga í stað hinna, ber að greiða af tekjum landsbankans.

3. gr.

Stjórnin afhendir landsbankanum smátt og smátt 750,000 kr. í hinum nýju seðlum, án tillits til þess hve stór upphæð hefir komið inn í innkölluðum seðlum, þegar þeir eiga allir að vera komnir fram.

Ed. **329. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um fræðslu barna.

Hin helztu nýmæli í frumarpi þessu, er vér höfum íhugað á 18 nefndarfundum, eru:

1. Að heimta, að börn 10 ára að aldri séu læs og skrifandi og um leið að hækka nokkuð kröfur þær, er gerðar eru til fræðslu barna á fermingaraldri í núgildandi lögum,

2. að veita fræðslunni aðhald og eptirlit með því að lögbjóða árleg próf fyrir börn á 10—14 ára aldri,

3. að setja skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnafræðslu, þar sem meðal annars er akveðið lagmark launa barnakennaranna,

4. að fela sérstökum skólanefndum að sjá um og hafa eptirlit með barnafræslu í hverjum hrepp og kaupstað um alt land,

5. að leggja yfirumsjónina með barnafræðslunni í hendur stjórnarráðsins, er hafi sér til aðstoðar umsjónarmann, skipaðan af ráðherra með 2500 kr. launum auk ferðakostnaðar,

6. Að koma á almennri skólaskyldu um alt land, bæði til sveita og í kauptúnum, fyrir börn á 10—14 ára aldri, þannig, að aðstandendur barna á þeim aldri séu skyldir að senda þau í fastan skóla, ef til hans nær, en annars í farskóla, nema þeir fái undanþágu hjá skólanefnd. Af þessu leiðir, að frumvarpið hlýtur að lögbjóða stofnun farskóla í hverjum hrepp um alt land, þar sem föstum skólum verður ekki við komið.

Nefndin getur í aðalefninu fallizt á nýmæli þau, sem greind eru í 1.—5. tölulið. Þó teljum vér nauðsynlegt, að eitthvert eptirlit sé haft með hinum fyrirskipuðu prófum af hálfu hins opinbera, og leggjum því til, að sett sé ákvæði um prófdómendur inn í frumvarpið, og fái þeir utan kaupstaða laun úr landssjóði. Oss telst svo til, að eptirlit prófdómanda muni kosta um 1500 kr. á ári, ef þeir hafa 4 kr. á dag í fæðispeninga.

Aptur á móti getur nefndin ekki fallizt á nýmælin í 6. tölulið. Því að eins getur að vorri hyggju komið til nokkurra mála að lögbjóða almenna skólaskyldu, að unt sé um leið alstaðar að vísa á góða skóla, sæmilega úr garði gerða að kenslukröptum, húsrými og öllum útbúnaði, er geti tekið á móti öllum börnum á skólaaldri og veitt þeim fræðslu nógu langan tíma á ári hverju. Enn þetta á langt í land hjá oss enn sem komið er. Fastir skólar eru ekki til utan kaupstaðanna nema í þéttbýlum sjóþorpum og kauptúnum, og þeir harla ófullkomnir. Á hinum fróðlegu skýrslum um fræðslu barna og unglinga, sem meistari Guðm. Finnbogason hefir safnað, sést, að einungis 12 af 47 skólahúsum fullnægja hinum lægstu kröfum heilbrigðisfræðinnar, að því er snertir rúmmál á hvern nemanda, með þeirri aðsókn, sem nú er. Hvað mundi verða ef almenn skólaskylda yrði lögleidd? Nefndin er því á þeirri skoðun, að eptir landsháttum vorum sé enn ekki kominn tími til að lögbjóða almenna skólaskyldu, allra sízt til sveita, þar sem heimafræðslan enn þá er, og verður óefað um langan tíma helzti grundvöllur alþýðumentunarinnar.

Heimafræðslan er arfur frá forfeðrum vorum, frá einni kynslóð til annarar. Það er hún, sem fremur öllu öðru hefir skapað hinar fornu bókmentir vorar. Henni

er það að þakka, að þær urðu svo einkennilega þjóðlegar. Það er hún, sem fremur öðru hefir haldið hinni íslenzku þjóð vakandi gegnum aldirnar og varðveitt mál vort og þjóðerni alt til þessa dags.

Vér játum það, að heimafræðslan stendur að ýmsu á baki skólafræðslunni. Sannmentaður skólakennari getur veitt lærisveinum sínum víðtækari, fjölbreyttari og dýpri þekking enn hver óbreyttur alþýðumaður getur veitt barni sínu. Enn hins vegar hefir heimafræðslan líka talsverða yfirburði yfir skólafræðsluna. Skólakennararnir verða að skipta sér á milli margra og geta síður gefið sig við eða lagað sig eptir hverjum einstökum nemanda, og því hættir þeim til að reyna að steypa alla lærisveina sína í eitt mót, ef svo má að orði kveða. Aptur á móti kemst heimafræðslan í miklu nánara og innilegra samband við einstaklinginn, hefir meira vald yfir tilfinningalífi hvers einstaks barns, og getur, ef fræðslan er í nokkru lagi, lagað sig betur eptir andlegum og siðferðislegum þörfum barnsins og sérkennileik þess. Auk þess er miklu hættara við útbreiðslu næmra meina, bæði siðferðislegra og líkamlegra, í skólum enn á fámennum heimilum. En fremur hefir heimafræðslan mjög lítinn tilfinnanlegan kostnað í för með sér, og hana má veita í daglegri umgeingni alt árið í kring, án þess að barninu sé íþyngt. Heimafræðslan varðveitir betur það, sem einkennilegt er í fari þjóðarinnar, en er hins vegar þraungsýnni enn skólafræðslan. Loks er það ekki lítilsvert, að heimafræðslan hefir jafnframt stórmikil mentandi og siðbætandi áhrif á hina eldri menn, sem fræðsluna veita. Með skyldunni til að fræða og uppala sjálfur barn sitt hlýtur að skapast sterk innri hvöt til þess að afla sjálfum sér þeirrar mentunar, sem er nauðsynleg til þess, að fræðslan verði að verulegum notum, og um leið til að uppala sjálfan sig, laga það í fari sínu, sem getur hneikslað eða saurgað hina ungu sál barnsins.

Það er sannfæring vor, að farskólar þeir, sem settir hafa verið á stofn nú á síðari árum víðsvegar í sveitum, séu næsta ófullkomnir, og að vafasamt geti verið, hvort þeir hafa, með því fyrirkomulagi, sem á þeim er, gert meira gagn en ógagn. Á fræðsluskýrslunum sést, að 32,2% eða rétt að kalla þriðjungur allra nemenda utan kaupstaða, hafa ekki notið fræðslunnar leingur enn einn manuð eða skemur á ári hverju og að talsvert meira en helmingur þeirra (58,6%) hafa stundað námið 2 mánuði eða skemur. En athugavert er, að hér eru taldir með allir þeir nemendur utan kaupstaða, sem ganga í fasta skóla. Ef þeir væru taldir frá, og að eins tekið tillit til þeirra barna, sem hafa notað farskóla, myndu þau börn, er hafa notið fræðslu 1—2 mánuði eða skemur verða tiltölulega talsvert fleiri. Í skýrslunum segir, að flest þau börn, er stundað hafi nám 6—7 eða 7—8 mánuði, hafi verið í föstum skólum. Þau má óhætt draga frá samtölu barnanna, því að þó svo kunni að vera, að fæein þeirra hafi sótt farskóla, þá er hins vegar víst, að allmörg af þeim börnum, sem hafa notið kenslu skemur en 6 mánuði, hafa sótt fasta skóla, svo að það jafnast upp. Börn þau, sem hafa stundað nám í 6—7 eða 7—8 mánuði eru 906 að tölu. Séu þau talin frá, verður tala þeirra barna, sem geingið hafa í farskóla, hér um bil 4371, en af þeim hafa 3095 eða sem næst 71% notið fræðslu 2 mánuði eða skemur, og 1700 eða nál. 38,9% 1 mánuð eða skemur.

Það liggur í augum uppi, að svo stutt árleg fræðsla er að eingu nýt, nema börnin njóti jafnframt stöðugrar heimafræðslu þann tíma, sem þau eru ekki í farskóla. Er það svo eða ekki? Undir svari þessarar spurningar er það komið, hvort vér verðum að álíta, að farskólarnir með því fyrirkomulagi, sem tíðkast, geri nokkurt gagn eða séu jafnvel beinlínis til ógagns með því að veikja heimafræðsluna og draga úr henni.

Skýrslur meistara G. F. gefa hvergi neitt fullnægjandi svar upp á þessa spurningu og yfir höfuð að tala hefir hann, eins og eðlilegt er, á þeim stutta tíma, sem hann hefir starfað, ekki enn getað rannsakað ásigkomulag farskólanna og heimafræðsl-

unnar öðruvísi en mjög lauslega. Samt kemst hann svo að orði: „Víða mun það því miður vera svo, að mönnum hætti við að treysta of mikið þessum fáu vikum, sem börnin njóta kenslu hjá farkennurum, og leggi því ekki eins mikla rækt við börnin heima“. Hér er sú mikla hætta, sem stafar af farskóla-fyrirkomulaginu, eins og það nú er, og það er lítil huggun, þó að höf. bæti við: „Enn ekki er það alstaðar svo“.

Það er ofur eðlilegt, að allmargir littmentaðir alþýðumenn, sem hafa háar hugmyndir um skólafræðslu, enn bera ekkert skynbragð á, hve langan tíma þarf til að koma barninu í skilning um það, sem það á að læra, þykist hafa fullnægt skyldu sinni við barnið, ef þeir hafa sent það í farskóla einn eða tvo mánuði á ári.

Enn ef hin ónóga og alt of stutta farskólafræðsla dregur úr ábyrgðartilfinningu margra þeirra, sem að börnunum standa, og kemur þeim til að varpa allri sinni áhyggju fyrir fræðslu barnanna upp á farskólana, þá er ljóst, að farskólarnir gera meira ógagn en gagn. Þá verða þeir keppinautar heimafræðslunnar og bola henni burtu, í stað þess þeir ættu að styðja hana og efla.

Af þessu leiðir, að vér getum með eingu móti ráðið til að skylda alla þá, sem ekki ná til fastra skóla, til að senda börn sín í farskóla 2 mánuði á ári að minsta kosti, eins og frv. fer fram á. Það sem ynnist með þessu, nefnilega að þau mörgu börn sem nú njóta að eins mánaðar kenslu eða minna, yrðu að stunda nám í tvo mánuði, mundi að öllum líkindum tapast aptur, og meira enn það, við það, að heimafræðslan mundi verða þeim mun meira vanrækt. Því meira sem fræðslutími hvers barns í farskólum er leingdur, því hættara er við, að alþýða manna láti sér nægja þá fræðslu, sem farskólinn veitir, og hætti alveg við heimafræðsluna.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að undanþágur megi veita frá skólaskyldu og er það falið fræðslunefnd. Vér erum sannfærðir um, að mjög margir menn, sem bera vantraust til skólanna og þykjast geta veitt börnum sínum aðra betri fræðslu heima fyrir, muni verða mjög óánægðir með skólaskylduna og róa að því öllum árum að nota sér þennan undanþágurétt, og að fræðslunefnd muni optast nær verða vel við því. Með þessu móti er hætt við, að undanþágurnar verði að reglu og að lögin verði þannig þýðingarlaus í framkvæmdinni.

Frv. ætlast til, að öll kensla, bæði í kaupstöðum og utan kaupstaða, sé veitt ókeypis, eða sé með öðrum orðum greidd úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði (8. gr.). Þetta er auðvitað bein og nauðsynleg afleiðing af lögboðinni skólaskyldu. En vér hyggjum, að þetta ákvæði muni valdi hinni mestu óánægju sérstaklega meðal þeirra, sem ekki vilja trúa hinum lögskipuðu skólum fyrir börnum sínum og feingið hafa á löglegan hátt undanþágu fyrir þau frá skólaskyldunni. Þeir munu halda því fram, og það, að oss virðist með fullum rétti, að eingin sanngirni mæli með því, að þeir, sem ef til vill hafa ærinn kostnað af því að sjá börnum sínum fyrir heimafræðslu, skuli þar að auki vera skyldir til að kosta skólaveru annara barna, sér alveg óviðkomandi, sem ekki séu þurfalingar.

Það er yfir höfuð að tala sannfæring vor, að lögboðin almenn skólaskylda verði því að eins að nokkrum notum, að hún sé borin fram og studd af almennum þjóðarvilja. Ef svo er ekki, og það þykjumst vér, eins og nú á stendur, hafa ástæðu til að fyllyrða, mun það sannast, að lögin verða að eingu gagni í framkvæmdinni, dauður bókstafur, sem enginn hirðir um eg allir reyna að fara í kringum.

Hvert það barnafræðslu-fyrirkomulag, sem ekki hefir fylgi mikils meiri hluta almennings á bak við sig, er að vorri hyggju dauðadæmt fyrir fram. En hér er sá hængur á, að skoðanir manna í fræðslumálum eru mjög mismunandi, þar sem menn annars hugsa nokkuð um fræðslumál. Einn vill þetta fyrirkomulag, annar hitt, og þar að

auki eru landshættir svo margvíslegir, að það, sem á við í sumum sveitum, á ekki við í öðrum.

Hvað á þá að gera? Í fljótu bragði virðist ekki vera unt að setja nein almenn lög um barnafræðsluna, er gildi fyrir landið í heild sinni, þegar skoðanir manna eru svo mismunandi og sitt á við í hverri sveit.

Og þó stendur einn vegur opinn, og hann er sá, að láta hverja sveit sjálfráða um það fræðslufyrirkomulag, sem hún vill velja, þannig að hún hafi sjálf bæði veg og vanda af fræðslumálum sínum, með öðrum orðum, að veita sveitunum heimild til að gera fræðslusamþyktir, er séu bindandi lög fyrir þá sem hlut eiga að máli, en liggi þó undir staðfesting stjórnarráðsins líkt og aðrar þesskonar samþyktir. Þennan veg höfum vér valið. Vér treystum því, að til séu víðsvegar um land einstakir menn, bæði lærðir og leikir, sem hafi áhuga á uppeldi æskulýðsins og skorti hvorki vit né vilja til að berjast fyrir því, að koma fræðslumálum sveitar sinnar í sem bezt horf. Og þegar ein sveit hefir geingið á undan öðrum með góðu eptirdæmi, þá vonum vér, að þar muni fleiri á eptir fara. Með þessu móti er trygging feingin fyrir því, að það sem samþykt verður í fræðslumálum, hafi fylgi mikils meiri hluta sveitarbúa á bak við sig, en það er fyrsta og helzta skilyrði fyrir góðum árangri. Fræðslunefndir þær, sem frumvarpið fer fram á að stofna, hafa hér mikið og fagurt verkefni fyrir höndum. Í fræðslusamþyktir ætlumst vér til að megi setja ákvæði um alt það, er að barnafræðslunni lýtur, þar á meðal einnig um skólaskyldu, ef það þykir hagfelt, en þó þannig, að þeir sem sanna, að þeir hafi fullnægjandi heimafræðslu, geti feingið undanþágu eptir úrskurði fræðslunefndar, er megi skjóta til yfirstjórnar fræðslumála. Að þessi hugsun um fræðslusamþyktir, fyrir einstakar sveitir, sé ekki gripin úr lausu lopti sýnir dæmi Landmanna, sem hafa sett hjá sér fræðslusamþykt með frjálsum samtökum, og er hún prentuð í skýrslum meistara G. F.

Nefndin leggur því til, að numinn sé burt II. kafli frumvarpsins, um skólahald (4.—8. grein), og settur í staðinn nýr kafli, um fræðslusamþyktir.

Jafnframt teljum vér bæði sjálfsagt og skylt, að landssjóður styðji sveitirnar í viðleitni þeirra að koma á hjá sér og halda uppi hentugu fræðslufyrirkomulagi. Vér höfum því getað aðhylst IV. kafla frumvarpsins, um styrkveitingar úr landssjóði, í aðalefninu, en höfum þó leyft oss að gera við hann nokkrar viðauka- og breytingartillögur. Hér verður að hafa það tvent fyrir augum, að landssjóður hlynni að hverjum þeim fræðsluvísi, sem orðið getur að almennum notum, og styrki ekki neitt annað en það, sem telja má þess vert, að það sé styrkt.

Helzta breytingartillaga vor við þennan kafla er fólgin í því að fella burt 16. gr. frumvarpsins, um styrk til heimavistaskóla, og breyta 15. gr. þannig, að heimavistaskólarnir geti heimfærst undir hana (16. br.till. við 15. gr. og 21. br.till við 16. gr.). Vér teljum vafasamt, hvort rétt er að svo stöddu, að landssjóður veiti styrk til að stofna heimavistaskóla í sveitum, því að slíkir skólar eru tiltölulega dýrir og skólavistin kostnaðarsöm og mjög tilfinnanleg fyrir fátæklinga, svo að hætt er við, að þeir verði helzt notaðir af efnamönnum, en hinir, sem helzt þurfa, verði út undan. Aptur á móti teljum vér æskilegt, að slíkum skólum yrði komið upp fyrir stærri héruð, t. d. einum í hverri sýslu eða fyrir sýslur í samlagi, til að taka á móti þeim börnum, sem vanrækt eru heima fyrir, og þá helzt í sambandi við uppeldisstofnun fyrir fátæk börn. En ekki höfum vér að sinni viljað koma með beina tillögu í þessa átt.

Að því er snertir styrk til fræðslu í þeim sveitum, sem ekki ná til fastra skóla, verður það að vera fyrsta og helzta markmiðið, að styrkurinn efli og styðji heimafræðsluna.

Vér höfum hér að framan minst á annmarkana á því farskóla-fyrirkomulagi, sem nú tíðkast, og bent á þá hættu sem af því stafar fyrir heimafræðsluna. Samt höfum vér ekki viljað svifta þá farskóla, sem nú eru, þeim landssjóðsstyrk, sem þeir hafa notið að undanförnu. Vér höfum því getað aðhylst skilyrði þau er frv. setur fyrir styrk til farskóla. Að því er leingd námstímans snertir, viljum vér þó setja eitthvert lágmark sem skilyrði fyrir styrkveitingu. Að það er ekki gert í frv., kemur af því, að það gerir hverju barni að skyldu að ganga í farskólann minst 2 mánuði á ári, og var því óþarft að setja lágmark. Vér leggjum til, að lágmark námstímans sé tveggja mánaða árleg fræðsla fyrir hvert barn. Að vísu erum vér hræddir um, að þetta ákvæði muni geta orðið til þess að draga úr heimafræðslunni, eins og áður er sagt. En vér treystum því, að nokkuð megi laga og bæta fyrirkomulag farskólanna með þeirri fyrirmyndarreglugjörð, sem yfirstjórn kenslumála er ætlað að setja. Og einkum teljum vér æskilegt, að í þá reglugerð verði sett ákvæði um, að farkennarinn skuli oft flytja sig milli kenslustaðanna, og ekki kenna leingur í senn á einum stað, en t. d. eina viku. Meistari G. F. tekur það fram í skýrslum sínum, að slíkt fyrirkomulag sé sumstaðar haft og þyki vel reynast; „börnin bæti við sig, meðan kennarinn sé annarstaðar og áhugi þeirra haldist vakandi, er þau eiga von á kennaranum aftur“. Með þessari aðferð er nokkur trygging fyrir því, að börnin njóti einhverrar heimafræðslu þann tíma, sem hlé verður á skólagaungunni, einkum ef kennarinn setur börnunum eitthvað fyrir, í hvert skifti sem hlé verður, og geingur eptir, að þau skili því þegar kenslan byrjar aftur, og með þessu móti getur farskólinn veitt heimafræðslunni nokkurn stuðning.

En annars er það skoðun vor að annað ráð sé vænlegra til að efla heimafræðsluna en farskólar vorir, eins og þeir nú eru. Vér hyggjum, að betra ráð væri að fá góðan kennara til að ferðast milli heimilanna sjálfra, yfirheyra börnin og koma þeim á rekspölinn, leiðbeina þeim, sem hafa á hendi heimafræðsluna, hvernig þeir eigi að haga fræðslunni, sjá um, að ekki vanti nauðsynlegustu bækur, forskriftir o. s. frv., setja börnunum fyrir þangað til kennarinn kemur næst o. s. frv. Kennarinn ætti ekki að dvelja leingi á hverjum bæ, en koma því optar. Með því móti héldi hann áhuga barnanna og þeirra, sem fræðsluna veita, stöðugt vakandi, og námstími barnanna leingdist að miklum mun í samanburði við það, sem nú á sér stað í farskólunum. Það leiðir af sjálfu sér, að heimafræðslunni verður notadrjúgastur sá stuðningur sem hún fær á heimilunum sjálfum, og vér erum vongóðir um, að með þessari aðferð megi takast að reisa hana við aptur og jafnvel hefja hana á hærra stig. Þar sem heimafræðslan væri í ólagi, ætti kennarinn með aðstoð fræðslunefndar að hafa vald til þess að koma börnum fyrir á góðum fræðslustað á kostnað aðstandanda (sbr. 1. og 10. gr. frumvarpsins). Vér teljum æskilegt, að landsstjórnin styðji tilraunir í þessa átt og leggjum því til að sett sé inn í styrkveitingakaflann ný grein um styrk til eptirlits með heimafræðslu. Ætlumst vér til að landssjóðsstyrkur sé veittur til þessa eptirlits með líkum skilyrðum og til farskóla. Enn af því að vér teljum æskilegt, að eptirlitskennarinn komi sem optast á heimilin, álítum vér hagfeldast, að upphæð styrksins fari eptir því, hve mörg heimili kennarinn hefir haft yfirsókn yfir og hve opt hann hefir komið á hvert þeirra.

Enn hefur oss komið til hugar, að mjög æskilegt væri, að sunnudagaskólar væri settir á stofn víðsvegar um alt land. Þeir eru tíðkaðir víða í öðrum löndum og hafa komið miklu góðu til leiðar. Hér á landi mundu slíkir skólar eflaust vera mjög hentugir til að styðja heimafræðsluna og fylla í skörðin, þar sem henni er helzt ábótavant. Í 2. grein frumvarpsins er þess krafist, að börn á fermingaraldri viti nokkuð um merkustu menn vora, kunni að nota landabréf, hafi nokkra þekkingu á náttúru

Íslands og atvinnuvegum þjóðar vorrar, þekki legu helztu landa Norðurálfunnar og viti, hvernig álfur liggja á hnettinum, kunni íslenzk kvæði, einkum ættjarðarljóð, og nokkur einföld saunglög. Alt þetta væri auðvelt að kenna börnunum í sunnudagaskóla. Landssjóður ætti að hlynna að stofnun slíkra skóla með fyrirheiti um styrk. Erum vér þá sannfærðir um, að leiðandi menn í ýmsum sveitum, einkum sóknarprestarnir, mundu gangast fyrir stofnun sunnudagaskóla, og þegar rekspölurinn væri kominn á og góður árangur sæist, mundi þeim brátt fjölga svo, að fáar sveitir mundu vilja vera án þeirra. Landssjóðsstyrkurinn þyrfti ekki að vera mikill, því að kostnaðurinn er tiltölulega mjög lítill. Húsnæði mætti fá í kirkjum eða í þinghúsum hreppanna, að eins þyrfti að setja ofn í húsið til notkunar á vetrum, og er það ekki tilfinnanlegur kostnaður, enda er það nauðsynlegt hvort sem er að setja ofna í kirkjur. Vér gerum ráð fyrir því, að margir, sem ant er um fræðslu æskulýðsins, mundu bjóða aðstoð sína við sunnudagaskólann fyrir lítið eða ekkert endurgjald, eins og tíðkast erlendis. Og þó að eitthvað þyrfti að gjalda þeim, sem stæðu fyrir kennslunni, yrði það ekki tilfinnanlegt. Vér teljum hagfelt að landssjóðsstyrkur til sunnudagaskóla sé bundinn því skilyrði, að hann hafi verið haldinn að minsta kosti 26 sinnum á ári og að upphæð styrksins fari eptir því, hve opt skóli hefir verið haldinn og fjölda þeirra barna, sem hafa sótt hann, og leggjum til að ný grein þess efnis sé sett inn í styrkveitingakaflann.

Nefndin telur rétt að gera það að skilyrði fyrir landssjóðsstyrk, að laun kennara séu ekki óhæfilega lág. Það er ljóst, að helzta skilyrðið fyrir góðri barnafræðslu eru góðir kennarar, hvort sem þeir nú eiga að hafa eptirlit með heimafræðslu eða kenna í farskólum eða föstum skólum, og að þeir fást ekki, nema kennurunum sé borguð talsvert meiri laun en nú tíðkast. Lágmark launanna má ekki lægra vera, en sett er í frumvarpinu, og er þó talsverð bót frá því sem nú er. Hinsvegar telur nefndin varhugavert að framfylgja stranglega þessu ákvæði um lágmark launanna, meðan ekki er völ á nægilega mörgum sérmentuðum kennaraefnum, og leggur því til, að þetta skilyrði fyrir styrkveitingu komi ekki til framkvæmda fyr en hinn fyrirhugaði kennaraskóli hefir staðið í 4 ar.

V. kafla frumvarpsins getum vér aðhylst óbreyttan að mestu. Í stað orðsins „skólanefnd“ viljum vér alstaðar setja „fræðslunefnd“, því að, ef breytingartillögur vorar verða samþyktar, er ekki víst, að skóli sé í hverju fræðsluhéraði, og þykir þá ekki rétt að kenna nefndina við „skóla“. Vér álitum hentugra og vafningsminna, að ekki séu að öllum jafnaði fleiri menn en þrír í fræðslunefnd, en viljum þó ekki banna, að 5 séu, ef þess kynni að vera þörf í stórum fræðsluhéröðum. Ákvæði frumvarpsins um kosning fræðslunefnda þykja oss of margbrotin. Að láta skólakennarann vera sjálfkjörinn í nefndina getur ekki samrýmst breytingartillögum vorum, því að ef þær ganga fram, er ekki víst, að skólakennari sé til í hverju fræðsluhéraði. Ákvæðið um, að 2 menn sé kosnir í nefndina á safnaðarfundi, getur ekki staðist, af því að söfnuðir og fræðsluhéröð (hreppar) falla ekki altaf saman. Eftir frumvarpinu á hreppsnefnd að kjósa 2 menn í nefndina, og sjáum vér ekki að neitt sé á móti því að fela henni að kjósa alla nefndarmenn; virðist það einfaldast og tryggingin fyrir heppilegri kosningu engu minni með því móti, en þó að t. d. öllum atkvæðisbærum hreppsbúum væri falið að kjósa einn eða tvo menn í nefndina. Greinir frumvarpsins um skyldur og störf fræðslunefnda (22. og 23. gr.) ræður nefndin til stytta talsvert. Sumt af því, sem tekið er fram í 22. gr. virðist öllu heldur eiga heima í reglugerð þeirri, er yfirstjórn fræðslumála er ætlað að setja um þetta efni.

VI. kafla frumvarpsins (24. gr.) virtist nefndinni réttast að orða þannig, að

yfirstjórn og umsjón barnafræðslunnar kæmi fram sem þáttur í yfirstjórn og umsjón fræðslumála alment. Enn fremur þykir oss réttara að veita stjórninni almenna heimild til að taka að sér þá aðstoð, sem hún þarf til framkvæmdar umsjóninni með fræðslumálum, og þá auðvitað heimting á að fá veitt fé til þess í fjárlögum, enn að setja á stofn nýtt embætti í þessu skyni.

Vér höfum þá gert grein fyrir hinum helstu breytingartillögum vorum við frumvarpið. Aðrar smávægilegri breytingartillögur munum vér skýra við framsöguna.

Samkvæmt þessu leyfum vér oss að leggja til, að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: »Fræðslu barna — 10 ára að aldri« komi: Hvert barn, 10 ára að aldri, skal
2. Við 1. gr. Í stað »skólanefnd« komi: fræðslunefnd.
3. Við 2. gr. 4. Á eptir »brotum« komi: (einnig tugabrotum)
4. Í stað II. kafla (4.—8. gr.) komi nýr kafli svo hljóðandi:

4. gr.

Fræðslunefnd er heimilt að gera fræðslusamþyktir fyrir það fræðsluhérað, er hún er skipuð fyrir, eða fyrir nokkurn hluta þess, á þann hátt, er segir í 5.—9. gr. þessara laga.

5. gr.

Þegar fræðslunefnd álítur hagfelt að gera fræðslusamþykt fyrir fræðsluhéraðið eða nokkurn hluta þess, skal hún kveðja til fundar í því héraði eða á því svæði, sem ætlast er til, að samþyktin nái yfir, alla þá menn, er þar búa og atkvæðisrétt hafa í sveitamálum.

Fræðslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, og skal formaður fræðslunefndar vera fundarstjóri, eða sá annar af fræðslunefndarmönnum, er fræðslunefnd kýs til þess. Þá er fundur lögmætur er $^2/_3$ allra atkvæðisbærra manna á því svæði, sem samþyktin skal ná til, eru á fundi.

6. gr.

Fræðslunefnd leggur fyrir fundinn frumvarp til samþyktar þeirrar, er hún vill koma á, og ber það undir álit og atkvæði fundarins. Til þess að frumvarpið verði samþykt, þarf $^2/_3$ atkvæða þeirra, er á fundi eru. Breytingartillögur við frumvarp fræðslunefndar geta því að eins komið til atkvæða, að meiri hluti fræðslunefndar samþykki þær. Til þess að breytingartillögur verði samþyktar þarf $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið. Þegar frumvarpið er þannig samþykt, sendir fræðslunefnd það yfirstjórn fræðslumála til staðfestingar.

7. gr.

Nú virðist yfirstjórn fræðslumála, að fyrirmæli fræðslusamþyktar gangi of nærri frelsi manna, eða komi á einhvern hátt í bága við lög eða grundvallarreglur laga, og synjar hún þá um staðfesting, en skýra skal hún um leið fræðslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir yfirstjórnin fræðslusamþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hve nær hún öðlast gildi, og er samþyktin upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþyktin nær yfir.

8. gr.

Í fræðslusamþykt má ákveða um stofnun heimangaunguskóla, heimavistaskóla, far-

skólahald, eptirlit með heimafræðslu, sunnudagaskólahald, ráðning kennara, laun þeirra, kenslutima, nauðsynlegar kenslubækur og kensluáhöld, kenslueyri og yfir höfuð alt, sem að fræðslunni lýtur.

Í fræðslusamþykt skal ávalt greinilega tiltekið, hvernig greiða skuli kostnað þann, er af samþyktinni leiðir. Heimilt er að ákveða, að kostnaðurinn greiðist úr sveitarsjóði, en rétt hefir hreppsnefnd til að fá hann endurgoldinn með kenslueyri, að svo miklu leyti sem þörf er á. Kenslueyri má taka lögtaki. Sé kenslueyrir ófáanlegur sakir fátæktar, greiðist hann úr hreppssjóði.

Í fræðslusamþykt má og setja ákvæði um, að almenn skólaskylda skuli innleidd fyrir börn á aldrinum 10—14 ára. Þó skulu börn vera undanþegin skólaskyldu, ef heimilisfeður þeirra færa sönnur á, að þau njóti fullnægjandi heimafræðslu. Um undanþágu frá skólaskyldu úrskurðar fræðslunefnd, en skjóta má úrskurði hennar til yfirstjórnar fræðslumála.

9. gr.

Brot móti löggiltri fræðslusamþykt varðar sektum frá 1—25 kr. eptir úrskurði lögreglustjóra í bréfi til fræðslunefndar. Sektirnar renna i sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

5. Fyrirsögn II. kafla verði: Um fræðslusamþyktir.
6. Við 9. gr. frumvarpsins 1. málsgrein: Í stað orðanna »hreppi—kaupstað« komi: í hverju fræðsluhéraði.
7. Við 9. gr. frumv. 1. málsgr. Í stað: »skal—tíma« komi: Við próf skal ávalt vera einn prófdómandi. Í kaupstöðum skipar fræðslunefnd prófdómanda og skulu honum greidd hæfileg laun úr bæjarsjóði. Utan kaupstaða skipar sýslunefnd prófdómanda og fær hann 4 kr. í dagpeninga, er greiðist úr landssjóði. Eptir prófið skal prófdómandinn senda þeirri nefnd, er hefir kosið hann, skriflegt álit sitt um hag barnafræðslunnar í því skólahéraði, þar sem prófið er haldið, en nefndin sendir álitið til yfirstjórnar fræðslumála.

Próf skal fara fram á vorin og ákveður fræðslunefnd stað og tíma og gerir þeim prófdómanda, sem skipaður er, viðvart með nægum fyrirvara.

8. Við 9. gr. frumv. 3. málsgr. Í stað »skólanefndar« komi: fræðslunefndar.
9. Við 10. gr. frv. Í stað orðsins »eru« komi: séu
10. Við sömu grein. Í stað »skólanefnd« komi fræðslunefnd
11. Við 11. gr. frv. Í stað »skólanefnd« og »skólanefndin« komi: fræðslunefnd og fræðslunefndin
12. Við 12. gr. frv. Í stað »lýðskólanna« komi: fræðslumála
13. Við 13. gr. frv. Í stað »af landssjóði — utan kaupstaða« komi: úr landssjóði til barnafræðslu utan kaupstaða veitist.
14. Eptir 13. gr. frv. komi ný grein svo hljóðandi:

Ekkert hérað fær styrk úr landssjóði til eftirlits með heimafræðslu nema:

1. til eptirlitsins sé ráðinn með skriflegum samningi til ákveðins tíma kennari, einn eða fleiri, er starfi að minsta kosti 6 mánuði á ári og hafi auk fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann starfar að eptirlitinu,
2. eptirlitinu sé hagað eptir reglugerð, er sé löguð eptir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samið og sett.

Upphæð landssjóðsstyrks til eptirlits með heimafræðslu fer eptir því, hve mörg þau heimili eru, sem kennari hefir haft eptirlit með og hve opt hann hefir húsvitjað á hverju þeirra.

15. Við 14. gr. frv. Í stað 14. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Ekkert fræðsluhérað fær styrk úr landssjóði til farskóla nema:

1. kennari sé ráðinn til farskólans, einn eða fleiri, með skriflegum samningi til ákveð-

ins tíma og hafi eigi minni laun en eptirlitskennari (sbr. 15. gr.)

2. kenslunni sé hagað eptir reglugerð, er sé lögð eptir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samið og sett,
3. hvert barn, sem í farskólann geingur, njóti þar kenslu eigi skemur en 2 mánuði á ári hverju.

Upphæð landssjóðsstyrks til farskóla fer eptir tölu þeirra barna, 10—14 ára að aldri, er í skólann hafa geingið síðasta fræðsluár, og leingd námstimans.

16. Við 15. gr. frv. Í stað orðanna: »Einginn hreppur« komi: ekkert fræðsluhérað og í stað »heimangaunguskóla« komi: skóla.
17. Við 15. gr. frv. 1. I stað »lýðskólanna« komi: fræðslumála.
18. Við 15. gr. frv. 3. Í stað »skólanefnd« komi: fræðslunefnd og í stað »4—5 stundir« komi: 5—6 stundir.
19. Við 15. gr. frv. 1. liður verði 2. liður, 2. liður verði 3. liður og 3. liður verði 1. liður.
20. Við 15. gr. frv. síðustu málsgr.: Í stað »hreppur« og »hann« komi: fræðsluhérað og það.
21. Í stað 16. gr. frv. komi ný grein:

Ekkert fræðsluhérað fær styrk úr landssjóði til sunnudagaskóla, nema:

1. Sunnudagaskólinn hafi verið haldinn að minsta kosti 26 sinnum á síðasta almanaksári,
2. Skólahaldinu sé hagað eptir reglugerð, er lögð sé eptir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samið og sett.

Upphæð landssjóðsstyrks til sunnudagaskóla fer eptir því, hve opt hann hefir verið haldinn síðasta almanaksár og eptir tölu þeirra barna, sem hafa sótt skólann.

22. Við 17. gr. frv. Í stað »lýðskólanna« komi: fræðslumála.
23. Við 18. gr. frv. 18. gr. orðist svo:

Hver hreppur eða kaupstaður er sérstakt fræðsluhérað, nema öðruvísi sé ákveðið. Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðslunefnd og sitja í henni 3 eða 5 menn, er hreppsnefndin (bæjarstjórnin) kýs.

Þegar hreppar ganga saman í eitt fræðsluhérað, skulu hreppsnefndirnar halda fund með sér og kjósa fræðslunefnd fyrir héraðið.

24. Við 19. gr. frv. Í stað »skólanefndar« komi: fræðslunefndar og í stað »hina fyrstu skólanefnd« komi: hinar fyrstu fræðslunefndir.
25. Við 20. gr. frv. Orðið »varaformann« falli burt.
26. Við 21. gr. frv. Í stað »að minsta kosti fullur helmingur« komi: meiri hluti.
27. Við 22. gr. frv. 22 gr. orðist svo:

Fræðslunefnd skal hafa eptirlit með fræðslu barna í því fræðsluhéraði, sem hún er skipuð fyrir. Hún sér um framkvæmd á löggiltum kenslusamþyktum og átelur ef þær eru brotnar. Þar sem skólar eru, hvort sem eru farskólar eða fastir skólar, skal hún annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kenslunnar, séu svo, að heilsu barnanna sé eigi hætta búin. Hún ræður kennara fyrir skólahéraðið og hefir umsjón með prófum þeim, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum. Hún semur og undirritar beiðni um styrk úr landssjóði til barnafræðslunnar og sendir árlega yfirstjórn fræðslumála skýrslu um barnafræðsluna í skólahéraðinu og önnur skírteini þar að lútandi.

Yfirstjórn fræðslumála setur nánari ákvæði um skyldur og störf fræðslunefnda.

28. Við 23. gr. Greinin falli burt.
29. Við fyrirsögn V. kafla. Í stað »Um skólanefndir« komi: Um fræðslunefndir.
30. Við 24. gr. Greinin orðist svo: Yfirstjórn fræðslumála og umsjón hefir stjórnarráð Íslands á hendi og er því heimilt að taka sér til aðstoðar mann, sem framkvæmi umsjón þess með fræðslumálum landsins og undirbúi ráðstafanir þær og reglugerðir

sem stjórnarráðið setur um þau. Kostnaður við aðstoðina greiðist úr landssjóði og skal ákveðinn á fjárlögum.

31. Við fyrirsögn VI. kafla: Fyrir »lýðskólanna« komi: fræðslumála.
32. Við 26. grein. Aftan við greinina bætist: Þó skulu ákvæðin um lágmark launa sem skilyrði fyrir landssjóðsstyrk (sbr. 14. og 15. gr. frv.) eigi ná gildi fyr en kennaraskóli er kominn á stofn og hefir starfað í 4 ár.
33. Aftan við fyrirsögn frumvarpsins bætist: o. fl.

Efri deild Alþingis 8. d. Ágústmán. 1905.

Björn M. Ólsen, formaður og framsögumaður. Jón Jakobsson, skrifari. Sigurður Jensson.

Sigurður Stefánsson. Þórarinn Jónsson.

Nd. **330. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga 1906—1907.
Frá Ólafi Ólafssyni.

Við 12. gr. B. 4.

Í stað: »í Austuramtinu 3000 — 10,000« komi: í Austuramtinu 3000 — 14,000. Þar af til vegagerðar í Austur-Skaptafelssýslu 4000 kr. síðara árið.

Nd. **331. Frumvarp**
til laga um breyting á þeim tíma, er hið reglulega Alþingi kemur saman.
(Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hið reglulega Alþingi skal koma saman 15. Febrúar annaðhvort ár, eða næstan virkan dag eptir, hafi konungur eigi tiltekið annan samkomudag sama ár.

2. gr.

Alþingi kemur fyrst saman samkvæmt lögum þessum 15. Febrúar 1909.

Ed. **332. Frumvarp**
til laga um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest.
(Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Rétt er að kaupmaður, sem flytur inn tollskyldan varning, fái frest á

tollgreiðslu, ef hann leggur til hús eða herbergi, það er tollheimtumanni þykir fulltryggilega útbúið, og flytur þar inn tollskyldan varning sinn og biður tollheimtumann að innsigla dyr hússins eða herbergisins, svo og glugga, ef þess gerist þörf.

Tollheimtumaður skal rannsaka, hve miklar tollvörur eru látnar í geymslu, og ber eiganda að greiða toll af þeim öllum, jafnvel þótt svo reynist, að rýrnun hafi síðar átt sér stað.

2. gr.

Það er á ábyrgð kaupmanns, að innsiglum sé eigi raskað né í húsið eða herbergið farið á neinn hátt án þess tollheimtumaður sé við eða umboðsmaður hans, eða hans leyfi komi til.

Nú er tollinnsiglun raskað eða í húsið farið eða herbergið án leyfis tollheimtumanns, og er það kaupmanni sjálfrátt eða vangeymslu hans um að kenna, þá fellur þegar í gjalddaga tollur af hinum geymdu vörum og greiði kaupmaður tvöfalt tollgjald við það, er ella hefði verið.

En sé tollinnsiglun raskað eður í húsið eður herbergið farið án vitundar kaupmanns og vilja, svo sem með innbroti eða á annan þann hátt, er kaupmanni verður ekki sök á gefin, enda tilkynni hann þetta tafarlaust tollheimtumanni, þá fellur þegar í gjalddaga tollur á þeim vörum öllum, er þar voru geymdar inni, en kaupmaður sé vítalaus að öðru leyti.

3. gr.

Nú vill kaupmaður fá tollheimtumann til að rjúfa innsigli, svo að út verði teknar tollskyldar vörur, og innsigla húsið eða herbergið á ný, og skal kaupmaður þá greiða tollheimtumanni borgun fyrir ómak hans og eins ferðakostnað, ef hann á sér stað. Þyki kaupmanni sá reikningur of hár, verður hann þó að greiða hann eingu að síður, en skjóta má honum til úrskurðar stjórnarráðs Íslands, og er það fullnaðar-úrskurður.

Nú vill kaupmaður taka út allar þær vörur, er hann á í tollgeymslu, og er þá rétt að tollheimtumaður leyfi honum að rjúfa sjálfur innsiglunina, ef kaupmaður greiðir fyrirfram allan tollinn af þeim vörum öllum, er þá eru í geymslu þar, og ber þá tollheimtumanni eingin borgun fyrir leyfið.

4. gr.

Tollheimtumaður getur, ef hann vill, látið löggiltan umboðsmann sinn framkvæma þau störf, er honum eru falin með lögum þessum.

5. gr.

Lög þessi koma í stað laga um tollgreiðslu 22. Maí 1890, sem hérmeð eru úr lögum numin.

Nd. **333. Breytingartillaga**
við fjáraukalög 1904—1905.

Frá Guðl. Guðmundssyni.

Við 5. gr. 2.

Við bætist nýr liður, sem verði 3. liður:

Til greiðslu á kostnaði við fjárkláðaskoðanir í Austur-Skaptafelssýslu í December 1903 og Janúar 1904, eptir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar, alt að kr. 241,50

Nd. **334. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906—1007.
Frá G. Björnssyni.

Við 11. gr. Aptan við greinina bætist:
Til þess að fullgera sóttvarnarhúsið í Reykjavík 5000 kr. fyrra árið.

Nd. **335. Breytingartillaga**
við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga 1906—1907.
Frá Herm. Jónassyni.

Við 13. gr. B. VI. a. 3.
Fyrir 1500—1500
komi: 2500—2500.
Við 14. gr. Á eptir tölul. 28. bætist inn:
Til Guðmundar Jónassonar Hlíðdals til þess að stunda rafmagns og vélafræði við tekniska skólann í Mittweida á Saxlandi... ... ... 500—500

Nd. **336. Breytingartillaga**
við breytingartillögu á þingskjali 244.
Frá fjárlaganetndinni.
Við tölul. 19. fyrir »10000« komi: 8000

Nd. **337. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1904 og 1905.
Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 3. gr. Á undan tölulið 1. komi nýr liður.
1. við B. 4. Til þjóðvega í Vesturamtinu kr. 2000,00.
Liðatala og samlagning breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.
2. Við 5. gr. bætist nýr liður.
3. við B. 1. g. Til að kaupa hús á skógræktarjörðinni Hallormsstað kr. 2627.89

Nd. **338. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Frá minni hluta nefndarinnar í hraðskeytamálinu.

1. Við 2. gr. 15. lið:Liður falli burt.
2. Við 12. gr. D. Liðurinn orðist þannig:
   1. og 2. afborgun af 20 ára ársgreiðslu, til að koma á fót, reka og viðhalda lopt skeytasambandi milli Íslands og útlanda (Noregs eða Skotlands), er nái til allra fjögurra kaupstaðanna í landinu, gegn að minsta kosti 54 þús. króna árgjaldi annarsstaðar frá, og að því tilskildu, að öllum stöðvum loptskeytasambandsins sé að 20 árum liðnum skilað landinu til eignar og umráða í góðu og gildu standi, og ennfremur að því tilskildu, að landið fái allar tekjur af sambandinu, og ákveði hraðskeytataxtann, alt að ..... 75,000—75,000

   Hér frá dragast:

   a, Tekjur af loptskeytasambandinu við útlönd ..... 20,000—20,000

   b, Tekjur af loptskeytasambandinu innanlands ..... 10.000—10.000 30.000—30.000 45,000—45,000
3. Vara tillaga við 12. gr. D. Liðurinn orðist svo:
   a. 1. og 2. afborgun af 20 ára ársgreiðslu til að koma á fót, reka og viðhalda loptskeytasambandi milli Íslands og útlanda (Noregs eða Skotlands), er nái til þriggja kaupstaðanna á landinu: Reykjavíkur, Seyðisfjarðar og Ísafjarðar, gegn að minsta kosti 54 þús. króna árgjaldi annarsstaðar frá og að því tilskildu, að öllum stöðvum hraðskeytasambandssins sé að 20 árum liðnum skilað landinu til eignar og umráða í góðu og gildu standi, og enn fremur að því tilskildu, að landið fái allar tekjur af sambandinu og ákveði hraðskeyta taxtann 55,000

   Hér frá dragast: Tekjur af hraðskeytasambandi þessu ..... 20.000 35,000—35,000

   b. Enn fremur veitist stjórninni heimild til að verja alt að 385 þús. kr. til að koma á fót landsíma og talþráðarsambandi milli Akureyrar og Reykjavíkur, með 11 millistöðvum, og taka lán í því skyni samkvæmt áður veittri lánsheimild í lögum 19. December 1903.

   Til þess að reka og viðhalda nefndu síma- og talþráðarsambandi og til vaxtagreiðslu og afborgunar af láninu veitast .... 65000—65000

   Hér fá dragast: Tekjur af síma og talþráðaskeytum innanlands ..... 20,000—20.000

   45,000—45.000
4. Til þrauta-vara við 12. gr. D.; Liðurinn falli burt.

Nd. **339. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Frá ráðherra.

Á eptir 10. gr. A. 5. g. komi nýr liður h. svo hljóðandi:

h. til að útvega eldtraustan járnskáp handa bæjarfógetaembættinu á Ísafirði og sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu alt að (fyrra árið) 300 kr.

Nd. 340. Nefndarálit í hraðskeytamálinu.

Fylgiskjöl frá meiri hlutanum.

Fylgiskjal I.

A.

Udskrift af Finansudvalgets Protokol
1897—98.

71. Möde, Onsdagen den 9de Marts Formd. Kl. 10.

... ...

... ...

Udvalget vedtog följende af Indenrigsminister Bardenfleth godkendte Protokoltilförsel:

Finansudvalget anbefaler at tiltræde den paa Finanslovforslaget § 26 II 17 opförte Bevilling til en Telegrafforbindelse fra Schetlandsöerne til Island, saaledes at den danske Statskasse yder et Tilskud af indtil 54000 Kr. aarlig i 20 Aar, under Forudsætning af, at der i den Koncession, som meddeles Det Store Nordiske Telegraf-Selskab, indföres följende Bestemmelser:

1. at Maksimums-Taksterne for Kablets Benyttelse fastsættes af Indenrigsministeren og af ham kunne göres til Genstand for periodisk Revision, naar han maatte skönne det nödvendigt, under fornödent Hensyn til Beslutninger, paa de internationale Telegrafkonferencer.

2. at saafremt Selskabet efter Udlöbet af de 20 Aar, i hvilke den nyder Subvention af Statskassen, ikke skulde önske at fortsætte Driften, skal den danske Stat være berettiget til at fordre sig Kablerne og de af Selskabet eventuelt paa Island anlagte Landledninger overdragne uden Vederlag.

3. at Selskabet yder et Bidrag af mindst 300,000 Kr. til Anlæget af en Land-Telegraflinie fra Island, mellem Reykjavik og Östlandet, under Forudsætning af, at Kablet landes ved en Fjord paa Östlandet, og mindst 150,000 Kr., hvis det landes paa Vestlandet. For dette Bidrag har Selskabet Krav paa forholdsmæssig Andel i Udbyttet af Liniens Drift.

... ...

... .

Indenrigsministeren tiltræder de her nævnte Betingelser for Koncessionens Meddelelse og tilföjer, at Direktionen for Store Nordiske Telegrafselskab har erklæret, at Selskabet er villigt til at underkaste sig disse Betingelser, dog at det tager Forbehold overfor Bestemmelsen om, at Selskabet skal yde et Bidrag af mindst 150,000 Kr. til Landlinie paa Island, hvis Kablet landes paa Vestlandet. Saafremt Selskabet efter at have tilendebragt sine Undersögelser skulde beslutte ikke at lande paa Östlandet, og det nævnte Forbehold samtidig fastholdes, vil Koncessionen följelig ikke kunne meddeles uden efter fornyet Forhandling med Rigsdagen.

En Afskrift af ovenstaaende Protokoltilförsel tilstilles Indenrigsministeren.

... ...

... ...

Udskriftens Rigtighed bekræftes.

J. C. Christensen.

B.

Ministeriet for Island.

Köbenhavn, den 28. Marts 1903.

Medens der, som det vil være Ministeriet for offentlige Arbejder bekendt, i adskillige Aar har været opfört paa den islandske Finanslov et Belöb af 35,000 Kr. som 1ste Bidrag af et 20-aarigt Tilskud fra den islandske Landskasse til en Telegrafforbindelse, — hvorved den Gang selvfölgelig mentes Kabelforbindelse — mellem Island og Udlandet, blev denne Bevilling ifjor i Anledning af Tilbud, der til den kongerigske Statstelegrafbestyrelse vare fremkomne fra et i Brüssel oprettet Selskab til Telegrafering uden Traad, ved islandsk Tillægsbevillingslov for 1902 og 1903 af 25. Septbr. f. A., hvoraf et Aftryk vedlægges, § 5, ændret saaledes, at det bevilgede Belöb, helt eller delvis kan anvendes til Etablering af traadlös Telegrafering, hvorhos der tilföjedes forskellige under Althingsbehandlingerne vedtagne Betingelser.

Idet Ministeriet for Island antager, at det ved den nu forestaaende Affattelse af Forslag til Finanslov for Island for Toaaret 1904 og 1905 maa gaa ud fra, dels at et Kabelanlæg i alle Fald maa stilles i Bero, til det med Sikkerhed har vist sig, at den önskede Telegrafforbindelse ikke paa en billigere og dog fyldestgörende Maade kan ventes tilvejebragt ved Hjælp af den Markoniske Opfindelse, dels at denne Opfindelse endnu ikke er bragt frem til et saadant Punkt, at det kan ansees for afgjort, at den paagældende Forbindelse kun vil blive sögt realiseret ad denne Vej, er man sindet paa det nævnte Finanslovforslag at opföre den herommeldte Bevilling saaledes, at den eventuelt vil kunne anvendes saavel til Kabelforbindelse som til traadlös Forbindelse.

Forinden imidlertid videre foretages, tör man herved udbede sig velbemeldte Ministeriums Udtalelser, om der fra sammes Side maatte findes noget herimod at erindre, hvorhos man vilde sætte Pris paa, blandt Andet til Underretning

for Althinget, at modtage Oplysning om det Punkt, hvorpaa Forhandlingerne med Marconiselskabet og mulig andre Koncessionssögende for Tiden befinder sig.

Man vilde efter Omstændighederne være velbemeldte Ministerium forbundet for at modtage sammes Svar snarest belejligt.

Ministeriet for offentlige Arbejder.

C,

Det Store Nordiske Telegraf-Selskab
(Aktielselskab)
Den adm. Direktör.

Kjöbenhavn, den 31te Marts 1903.
A. 480.

I Besvarelse af det höje Ministeriums ærede Skrivelse af 28de ds. tillade vi os at fremföre, at da de Bestræbelser, som Selskabet med forskellige Ministeriers Bistand har gjort for at tilvejebringe en Kabelforbindelse med Island, ikke hidtil have fört til noget praktisk Resultat, og da endvidere disse Bestræbelser udelukkende have været fremkaldte af patriotiske og videnskabelige Grunde, kan Selskabet ganske dele Ministeriets Opfattelse, at det vil være hensigtmæssigst, at Bevillingen til en Telegrafforbindelse med Island paa Finanslovforslaget for 1904 og 1905 opföres saaledes, at den eventuelt vil kunne anvendes enten til en Kabel- eller til en traadlös Forbindelse.

Suenson.

P. Michelsen.

Til

Miniseriet for Island.

Ministeriet for Island. D.

Köbenhavn, den 25. Januar 1904.

I Anledningen af Foreningens under 5. Novbr. f. A. til Landshöfdingen rettede Forespörgsel om den islandske Telegrafsags nuværende Stilling og om, hvad der hidtil maatte være udfört i denne Sag, hvilken Forespörgsel af Landshöfdingen er indsendt hertil, undlader man ikke at meddele följende.

Medens der allerede för 1880 to Gange er givet Udlændinge Koncessioner paa Anlæg og Drift af telegrafisk Forbindelse mellem Skotland og Island, tildels projekteret som Led i en under Medvirkning af Store Nordiske Telegrafselskab paatænkt Kabelforbindelse med Kanada, uden at det for vedkommende Koncessionshavere lykkedes at realisere Planen, blev der fra dansk Side i Aarene 1880—82 gjort et Forsög paa at tilvejebringe Telegrafforbindelsen, idet den daværende Formand for Store Nordiske Telegrafselskab, Gehejmetatsraad Tietgen,

efter at betydelige Forarbejder var udförte, fremkom med et Forslag om Anlæg af Telegrafforbindelsen ved Hjælp af en 20-aarig Subvention af 20000 £ strl. aarlig, hvilken Subvention tænktes tilvejebragt ved Bidrag dels fra Danmark, dels fra andre Lande, der formentes at være interesserede i Anlægget saavel af Hensyn til dets Betydning for Meteorologien som af Hensyn til de paagældende Landes ökonomiske Interesser ved Island. Idet den danske Regering erklærede sig rede til at söge bevilget den paa Danmark faldende Andel i Tilskudet, rettede den en Henvendelse til de nævnte fremmede Magter om Bidrag bestemte efter en af det herværende meteorologiske Instituts Bestyrer beregnet Skala i Forhold til de enkelte Nationers formodede Interesse i Foretagendet. Paa denne Henvendelse blev der imidlertid fra England modtaget et Afslag, og da Planen heller ikke vandt nogen Tilslutning i andre Lande blev den indtil videre opgivet.

I de följende Aar blev der saavidt Ministeriet bekendt ikke foretaget noget i Sagen, og Regeringen fandt, da Althinget i 1891 og 1893 fremkom med Henvendelser om Sagens Genoptagelse, heller ikke dengang, at der efter de indvundne Erfaringer var nogen Udsigt til Sagens Gennemförelse.

Da der imidlertid i 1895 fremkom et Andragende fra en Englænder om Koncession paa et Anlæg, blev Sagen paa ny genoptaget, og i 1896 modtog Regeringen en ved dette Andragende foranlediget Henvendelse fra Store Nordiske Telegrafselskab, som formente at samme saavel af nationale Hensyn som paa Grund af de tidligere udförte Forarbejder var nærmest til at erholde en Koncession, hvilken det nu mente at kunne söge om imod langt mindre Subvention end tidligere, dels paa Grund af Kabelmaterialets billigere Pris, dels fordi der var tilvejebragt Kabelforbindelse mellem Skotland og Schetlandsöerne, dels endelig fordi Selskabets egen finansielle Stilling var i höj Grad forbedret.

Da Althinget derhos mente at der fra Islands Side kunde ydes et betydeligt Tilskud til Anlægget, optog Regeringen Sagen til Forhandling med Telegrafselskabet og Indenrigsministeriet, og ligesom der paa den islandske Finanslov for 1898 og 1899, som förste Bidrag af en 20-aarig Understöttelse, bevilgedes en Subvention til en Kabelforbindelse paa 35000 Kr. for hvert af Aarene, hvilken Bevilling er gentaget i de följende Aar, saaledes blev der samtidig i 1898 paa den danske Finanslov bevilget 54000 Kr., som 1. Bidrag af et 20-aarigt Tilskud til Anlægget, og Selskabet arbejdede nu videre paa fra andre Magter at erholde Tilskud til Kabelanlægget. Om den nærmere Beskaffenhed og Udstrækning af det af Telegrafselskabet i saa Henseende og iövrigt udförte Arbejde maa man have Foreningen henvist til at söge Oplysning hos Selskabet selv.

Ogsaa dette Forsög mödte forskellige Vanskeligheder, men Forhandlingerne var dog, saavidt vides, ikke afsluttede, da Sagen ved den Marconi'ske Opfindelse kom ind i et nyt Spor, der förte til at Kabelprojektet forelöbig stilledes i Bero. Den paa de islandske Finanslove opförte Bevilling er da ogsaa i foregaaende og indeværende Finansperiode blevne saaledes formulerede, at Belöbet *kan* anvendes enten til en traadlös Forbindelse eller en Kabelforbindelse.

Ligesom det hele Tiden har været Forudsætningen, at Iværksættelsen af det paagældende Foretagende var at betragte ikke som et særligt islandsk men som et den danske Stat som saadan vedrörende Anliggende, og Ledelsen af samme, herunder Meddelelsen af den eventuelle Koncession, derfor maatte være overladt Indenrigsministeriet eller senere Ministeriet for offentlige Arbejder, saaledes ere overhovedet i de senere Aar, efterat Sagen, som nævnt, er kommen ind i et nyt

Stadium, hvor teknisk Indsigt spiller en Hovedrolle, de videre Forhandlinger alene förte af det sidst nævnte Ministerium og det under samme sorterende Telegrafdirektorat, og om Sagens nuværende Stilling maa man derfor henvise Foreningen til at söge Oplysning i det nævnte Ministerium, som man med Hensyn hertil har tilstillet den fremkomne Forespörgsel.

Foreningen »De danske Atlanterhavsöer«.

E.

Kjöbenhavn, den 6. Juni 1904.

Ministeren for offentlige Arbejder.

De Forhandlinger, som jeg med Direktören for det Store Nordiske Telegrafselskab har fört om Tilvejebringelse af et Telegrafkabel mellem Shetlandsöerne, Færöerne og Island, ere nu saa vidt fremskredne, at Planens Gennemförelse med Selskabet som Koncessionshaver maa anses for meget sandsynlig.

Da det, naar Forhandlingerne eventuelt ere bragte til endelig Afslutning, er magtpaaliggende, at Anlægget hurtigst muligt bringes til Udförelse, vilde jeg sætte Pris paa fra Ministeriet for Island at modtage en bestemt Meddelelse om, hvilke Önsker der fra sammes Side næres med Hensyn til Kablets Landing m. m.

For saa vidt Kablet landes ved en Fjord paa Östlandet, vil der fra Selskabets Side kunne paaregnes et Bidrag af 300,000 Kr. til Anlægget af Landlinier over Island; derimod vil intet Bidrag kunne forventes, hvis Kablet fra Færöerne bliver fört til Thorlakshavn eller et andet Punkt paa Vestlandet.

I Henhold til tidligere modtagne Meddelelser fra Ministeriet for Island, senest i Skrivelse af 24. Oktober f. A., forudsættes det, at der fra den islandske Landskasse vil blive ydet et Tilskud til Kablet paa 35000 Kr. aarlig i 20 Aar.

Jeg beder Deres Excellence meddele mig de Bemærkninger, hvortil det foran anförte og Sagen i det hele maatte give Dem Anledning.

Jeg forbliver
med udmærket Höjagtelse
Deres Excellences ærbödigst forbundne
C. Hage.

Hans Excellence Ministeren for Island,
Hr. Hannes Hafstein,
R. af Dbg.

F.

Ministeriet for Island.

Reykjavik, d. 30. Juni 1904.

Idet jeg forbindtligst takker for Deres Excellences Skrivelse af 6. d. M. hvori meddeles, at Forhandlingerne angaaende Tilvejebringelsen af et Telegrafkable mellem Shetlandsöerne, Færöerne og Island nu ere saa vidt fremskredne, at

Planens Gennemförelse med det Store Nordiske Telegrafselskab som Concessionshaver maa anses for *meget sandsynlig*, skal jeg i Anledning af Deres Excellences Önske om at modtage en bestemt Udtalelse fra Islands Ministerium, om Kabelet eventuelt önskes landet paa Östkysten, i hvilket Tilfælde der fra Selskabets Side vilde kunne paaregnes et Bidrag af 300,000 Kr. til Anlægget af Landlinier over Island, eller uden noget saadant Bidrag i Thorlakshavn eller et andet Punkt paa Vestlandet, tillade mig at ytre följende.

Der er efter Ministeriets Formening ingen Tvivl om, at det förste Alternativ, Landing af Kabelet paa Östlandet, med en Landlinie derfra over Akureyri til Reykjavik, vil være det hurtigst og mindst bekostelige Middel til Opnaaelsen af den saa nödvendige og attraaede telegrafiske og telefoniske Forbindelse indenlands i Island, og det heldigste for Landet, forudsat at Hovedstaden Reykjavik ved en Landlinie fra Kabelets Landingssted paa Östkysten kan staa i nogenlunde sikker Forbindelse med Udlandet. Da imidlertid den formelle Bemyndigelse til at vælge dette Alternativ, som jo vil medföre temmelig betydelige Udgifter for Island til Anlægs-, samt aarlige Drifts- og Vedligeholdelsesomkostninger ved Landledningen, ikke haves, idet en Klausul i foregaaende Finanslov for 1900—1901 og 1902—1903, indeholdende den dertil fornödne Hjemmel samt en forelöbig Bevilling af 75000 Kr. til Forberedelse af Landtelegrafanlæget og Anskaffelsen af Materiel til samme, er udeladt i den nugjældende islandske Finanslov, da man gik ud fra, at Kabelanlæget vilde blive stillet i Bero, til det havde vist sig, at den önskede Telegrafforbindelse ikke paa en billigere og dog fyldestgjörende Maade kunde ventes tilvejebragt ved Hjælp af den Marconiske Opfindelse, vil jeg, inden endeligt Svar gives, tillade mig at forespörge, om de til Grund for den eventuelle Kontrakt med det store nordiske Telegrafselskab liggende Forhandlinger ere saa vidt fremskredne og Sagen i det hele saa nær sin Afslutning, at Kabelet vilde kunde nedlægges saa tidlig, at Afgjörelse angaaende Landningsstedet, for ikke at forvolde Ophold, maatte finde Sted för Althingets Samling i Juli næste Sommer, hvorved dog bemærkes, at Ministeriet anser det for sikkert, eller ialfald i höj Grad sandsynligt, at Althinget vilde vælge Landing paa Østkysten.

Som foran antydet har mange her i de sidste Aar henvendt sit Blik paa de traadlöse Telegrafforbindelser, særlig Marconisystemet, som det for Island bedst passende System, og det er en af nogle af de herværende Blade stærkt forfægtet Anskuelse, at en saadan Forbindelse, ogsaa hvad Taxterne angaar, vil blive meget billigere og i Fremtiden heldigere end Kabelforbindelse. Særlig drives der en temmelig stærk Agitation for Marconis System. Efter at det kjöbenhavnske Konsortium, gjennem hvilket man havde haabet at faa en traadlös Forbindelse saavel mellem Udlandet og Reykjavik som mellem Reykjavik og Landets 3 övrige Kjöbstæder, alt for et aarligt Tilskud af höjst 35000 kr., var gaaet overstyr, er der imidlertid til det islandske Ministerium i indeværende Sommer indkommet et Tilbud direkte fra Marconis Wireless Telegraph Company ltd. i London, hvori bemeldte Selskab tilbyder en traadlös Telegrafforbindelse mellem Skotland og Reykjavik alene, med Forbigaaelse af de övrige Kjöbstæder, imod en kontant Udbetaling af £ 20740 samt en aarlig Subvention af £ 2000. Man har svaret Selskabet, at der ikke haves Bevilling til en saadan Udbetaling, samt at Regeringens Bemyndigelse til at anvende det til Telegrafforbindelse bevilgede Belöb til en traadlös Forbindelse med Udlandet er betinget af, at denne omfatter alle

Landets Kjöbstæder, men har dog udbedt sig nærmere Forklaring angaaende nogle Punkter i Tilbudet. Selskabets Svar herpaa er endnu ikke indlöbet, og man ved saaledes ikke endnu, hvilke Modificationer det maaske maatte finde sig foranlediget til at tilbyde. Men i Forbindelse hermed vil jeg tillade mig at forespörge, om der, hvis Koncession til det Store Nordiske Telegrafselskab kommer i Stand, saaledes at Kabelet landes paa Östkysten og der ydes de foranomtalte 300,000 Kr. til Forbindelse mellem Landingsstedet og Hovedstaden, eventuelt vilde være noget til Hinder for, at det nævnte Tilskud fra Telegrafselskabet blev anvendt til traadlös Telegrafforbindelse over Land eller mellem Stationer paa Kystens Yderpunkter, dersom saadan Forbindelse maatte findes betryggende og i anden Maade hensigtsmæssig. Anlæget af en Landlinie vilde nemlig under alle Omstændigheder tage temmelig lang Tid, hvis Telegrafpælene, som i sin Tid forudsat, maa bestilles mindst 1—2 Aar för Benyttelsen, ligesom Telegrafrouten vistnok ingenlunde er tilstrækkelig undersögt eller fastslaaet endnu, hvilket formentlig maatte tilendebringes inden Bestillingen af Materialet. Alt hvad der kunde fremskynde Forbindelsen mellem Kabelets Landingssted og Landets Hovedstad, som vilde være Telegrafens störste Kunde, vilde saaledes ikke alene komme Landet men ogsaa Koncessionshaverne tilgode. — Der turde derfor maaske være Haab om, at det Store Nordiske Telegrafselskab, ogsaa under Hensyntagen til de forandrede Omstændigheder, hvorunder Consessionen nu söges, maatte finde sig foranlediget til yderligere at lette og fremskynde Fuldförelsen af Anlæget fra Landingsstedet over Landet helt til Reykjavik.

De af Ingeniör Hanson i sin Tid lagte Planer og Beregninger ere beroende hos det Store Nordiske Telegrafselskab, saa man er ikke i Stand til her at se hvilke afvigelser fra Postrouten han i sin til Grund for de herværende Overslag liggende Plan har foreslaaet. Det synes nödvendigt, saafremt Concessionen bliver til Virkelighed, saasnart som muligt at sikre sig bemeldte Ingeniörs Assistance.

Idet jeg tilslut bemærker, at jeg gaar ud fra, at Islands Ministerium vil have Stemme angaaende Concessionen, forsaavidt denne skal give Eneret paa Kabelforbindelse med Island, samt at en saadan Concession ligesaa lidt her som i England udelukker eventuel Opstilling af Stationer for traadlös Telegrafering paa Kysten, takker jeg Deres Excellence for Deres Arbejde til Sagens Fremme, og imödeser med Fortröstning Deres kyndige og indflydelsesrige Bistand.

Jeg forbliver
med udmærket Höjagtelse

Deres Excellenses ærbödigst forbundne.

Hans Excellence
Ministeren for de offentlige Arbejder
Herr C. Hage, C.

G.

Ministeriet for offentlige Arbejder.

Köbenhavn, den 11. August 1904.

Idet jeg takker for Deres Excellencses venlige Skrivelse af 30. Juni d. A. beklager jeg samtidig, at jeg af den har modtaget det Indtryk, at mine Bestræbelser for at bringe Anlægget af det længe önskede Islandske Kabel til Udförelse ikke synes nu fra islandsk Side at kunne paaregne en saa almindelig Paaskönnelse, som jeg havde haabet at kunne glæde mig til.

Jeg forstaar af Deres Excellences Bemærkninger, at man indenfor större og tildels indflydelsesrige Kredse paa Island efterhaanden er kommen til den Opfattelse, at man vilde foretrække en traadlös Telegrafforbindelse som formentlig baade billigere og dog tilstrækkelig for den begrænsede Correspondance, der kan forventes.

Jeg behöver næppe at forsikre Deres Excellence, at jeg ikke har besluttet mig til at arbejde paa Lösningen af en saa besværlig Opgave som Tilvejebringelsen af et Kabelanlæg til Island uden efter en omhyggelig Prövelse af Mulighederne for at hidföre en nogenlunde fyldestgörende Forbindelse ad nemmere og billigere Vej. Efter alt hvad der foreligger for mig, er det imidlertid udelukket, at den traadlöse Telegrafi paa sit nuværende Udviklingstrin kan sikre en blot i tarveligste Maal tilfredsstillende Forbindelse paa de Afstande og under de Forhold, hvorom der her er Tale. Pengene til et saadant Anlæg synes praktisk taget at maatte betragtes som bortkastede. Tilmed vilde Bekostningen for den islandske Landskasse endog blive större end det forudsatte Bidrag til en Kabelforbindelse (35000 Kr. aarlig i 20 Aar). Jeg skal ikke opholde mig ved den overordentlig store Sum, som forlangtes af det Konsortium, der oprindelig gjorde Tilbud paa det Marconiske Selskabs Vegne; men selv med den af Deres Ekscellence nu angivne meget betydelige Reduktion kræves der alene for en Forbindelse Skotland—Reykjavik en Betaling straks af £ 20700 foruden en aarlig Subvention af £ 2000.

Overfor de foreliggende Kendsgerninger har jeg maattet vinde den fra ella Sider bestyrkede Opfattelse, at hvis man ikke vil foretrække at vente ud i en ubestemt Fremtid paa den traadlöse Telegrafis mulige Fuldkommengörelse, kan en effektiv telegrafisk Forbindelse med Island kun opnaas ved et Kabelanlæg. Et fremtrædende Medlem af det Konsortium, der optraadte for det Marconiske Selskab, har da ogsaa til mig udtalt, at han kun har arbejdet for den traadlöse Telegraf i den Formening, at det ikke vilde være Regeringen muligt at skaffe et Kabelanlæg til Veje, men at naar dette virkelig mod Forventning kunde lykkes, maatte al Tale om den traadlöse Telegraf forstumme.

Lösningen af Spörgsmaalet om et saa kostbart og formentlig saa lidt rentabelt Foretagende som et Kabelanlæg til Island har selvfölgelig frembudt store Vanskeligheder. Det har været nödvendigt at före vidtlöftige Forhandlinger saavel med Store Nordiske Telegrafselskab som med den engelske og svensk-norske Regering. Der kræves dernæst et stort Pengetilskud af den danske Statskasse (54000 Kr. aarlig i 20 Aar) foruden andre væsentlige Indrömmelser fra Statens Side. Til at stræbe at overvinde disse mange Vanskeligheder har jeg ladet mig lede af Önsket om at fæstne Baandet mellem Moderlandet og Island. Jeg har önsket, at den Samstemning, som den nuværende Regering har tilstræbt ved den nye forfatningsmæssige Ordning maatte blive yderligere styrket ved at tilbyde Island og-

saa dette betydningsfulde materielle Gode. I disse mine Bestræbelser har jeg følt mig bestyrket ved de Samtaler, som jeg om dette Emne har haft med Deres Ekscellence under Deres Ophold her i Byen.

Hvis det da nu viser sig, at jeg har arbejdet ud fra en urigtig Forudsætning, og at Ofret fra den danske Stat endog vil finde Modstand at overvinde paa islandsk Side, vil det selvfölgelig være mig en Skuffelse. Det vil, om end kun i mindre Grad, tjene til at mildne denne, at jeg som Finansminister maa anse det for et Held, om Staten undgaar at paatage sig en betydelig aarlig Udgift, naar dens Formaal — at vinde Islændernes Tilfredshed — alligevel ikke opnaas. Der kan i saa Fald intet være til Hindre for, at den danske Regering for sit Vedkommende lader Sagen falde.

Angaaende de mere tekniske Spörgsmaal, som ere berörte i Deres Ekscellences Skrivelse, — bl. a. Anlægget af Landlinier paa Island — har jeg anmodet Direktören for Store Nordiske Telegrafselskab, Hr. Kammerherre Suenson, om at ville tilskrive Dem direkte. Med Hensyn til Deres Udtalelse om, at De gaar ud fra, at en Kabelkoncession ikke udelukker eventuel Opstilling af Stationer for traadlös Telegrafering paa Kysten, skal jeg bemærke, at Telegrafering til Skibe paa Havet el. lign. ikke vil være udelukket, men at en fri Konkurrence med Kablet i den internationale Korrespondance ikke vil være forenelig med Koncessionen.

Jeg tilföjer sluttelig, at saafremt et Kabelanlæg overhovedet skal kunne bringes til Udförelse i den kommende Sommer, er det nödvendigt, at der snarest træffes endelig Beslutning. Hvis Afgörelsen udskydes, vil Anlægget tidligst kunne ske i 1906, maaske ikke för 1907. Under Henvisning hertil og i Betragtning af Vanskeligheden ved paa den store Afstand at behandle Sagens Enkeltheder pr. Post, vilde det være meget önskeligt, at der snarest muligt kunde blive Lejlighed til mundtlig Konference, og jeg tillader mig derfor at henstille, om Deres Excellence i dette Öjemed enten personlig vilde komme til Stede her i Staden eller sende en Tillidsmand, der er forsynet med tilstrækkelig Fuldmagt til paa Islands Vegne at deltage i Sagens endelige Afgörelse. —

Jeg forbliver
med udmærket Höjagtelse
Deres Ekscellences ærbödigst forbundne
C. Hage.

Hans Ekscellence Ministeren for Island.
Hr. Hannes Hafstein,
R. af Dbg.

H.

Det Store Nordiske Telegraf-Selskab.
(Aktieselskab.)
Den adm. Direktör.

Kjöbenhavn, den 15de September 1904.
A. 1606.

Foranlediget ved de Forespörgsler, som Deres Ekscellence desangaaende har stillet mig, skal jeg tillade mig at oplyse:

dels at jeg anser det for absolut nödvendigt, dersom Udförelsen af det islandske Telegrafanlæg skal kunne finde Sted i Sommeren 1906, at der öjeblikkelig tages definitiv Bestemmelse om, hvorvidt Kablet skal landes paa Östkysten eller i Nærheden af Reykjavik,

dels at Selskabet er villig til i förstnævnte Tilfælde, saa snart dets dansk-engelske Koncessioner ere fornyede, og det har modtaget de islandsk-engelske Koncessioner, forskudsvis at udbetale saadanne Belöb, som den islandske Regering maatte behöve til Anlægget af Landlinier mellem Reykjavik og Östlandet, af de Kr. 300.000, som Selskabet har erklæret sig rede til en Gang for alle at bidrage til det nævnte Anlæg. De saaledes udbetalte Forskud ville af Islands Landskasse være at forrente med 4% p. a. fra Udbetalingsdagen til den Dag, da Kabelanlægget er fuldfört og Selskabets Subvention fra Island træder i Kraft.

Jeg tillader mig sluttelig at foreslaa, at sidstnævnte Subvention optages med en Tolvtedel maanedlig i de Telegramafregninger, som vil finde Sted mellem islandske Regering og Selskabet.

Med Höjagtelse

ærbödigst.

Suenson.

Hans Excellence
Herr Hannes Hafstein. R. af Dbg.
Minister for Island
p, t. Kjöbenhavn.

I.

Maximaltaxtar, sem undirskrifaður samþykti á fundi í Trafikministeríinu 26. Sept. 1904, og síðar eru ákveðnir:

1.	milli Íslands og Hjaltlands	70	Centimer	pr. orð.
2.	— Íslands — Færeyja	60	——	— —
3.	— Færeyja — Hjaltlands	40	——	— —

Þessir *maximal*taxtar gildi 5 ár, þó þannig, að félagið verður að hlíta ákvörðunum alþjóðareglugerðanna fyrir ritsíma, art. LXV—LXVII (50% afsláttur).

p. t. Kaupmannah. 12. Maí 1905.

H. Hafstein.

K.

Köbenhavn, d. 15. Juni 1905.

Til

Islands Minister.

Efter Anmodning fra Deres Excellence skal jeg i det efterfölgende tillade mig nogle sammenlignende Bemærkninger mellem en traadlös Telegrafforbindelse og Forbindelse med Kabel og Landlinie.

Spörgsmaalet maa da deles i to: Islands Forbindelse med det övrige Evropa og Forbindelserne paa selve Island.

1. Forbindelsen udadtil.

Det förste Spörgsmaal, der paatrænger sig, er dette:

Er en traadlös Forbindelse mulig?

Det forekommer mig, at selve dette Spörgsmaals Fremkomst maatte være tilstrækkelig til at vise Systemets Umodenhed. Ingen spörger, om en Kabelforbindelse er mulig. Naar man ikke tager Hensyn til Bekostningen, er det *fysisk* muligt at opfatte Signaler paa langt over 500 Kilometer, nemlig som svage Lyde i en Telefon, og det skal ogsaa være lykkedes at modtage Depecher paa saadanne Afstande paa et almindeligt Morseapparat; men den Tilstand hvori disse Prikker og Streger selv paa langt kortere Afstand fremkommer, er som Regel en saadan, at man maa gætte sig til hvert andet Ord: atmosfæriske Paavirkninger paa den lange Vej griber forstyrrende ind og deler en Streg i to Prikker eller faar en Prik til at forsvinde. Det vil forstaas, at saadan Telegrafering er meget utilfredsstillende for Fagfolk, der plejer at kunne opnaa en aldeles fejlfri Gengivelse af Tegnene. Jeg maa göre opmærksom paa, at naar de traadlöse Selskaber udspreder Beretningerne om de store Afstande, som de kan beherske, er de aldrig saa ærlige at give klar Besked om, hvor mange Gange en Depeche er mislykket. —

I September 1902 foretoges der under Ledelse af *Marconi* en Række Forsög med Telegrafering fra Poldhu i England til den italienske Krydser Carlo Alberto i Middelhavet (ca. 1600 km.). Det bekendtgjördes da, at det bl. a. om Morgenen d. 9. Sept. var lykkedes paa Skibet at opfatte en Depeche fra Poldhu; men det blev senere oplyst, at Ingeniör *Maskelyne*, der ledede en traadlös Station 33 km. fra Poldhu, lige fra den 6. Sept. om Aftenen og derefter atter og atter havde aflæst den samme Depeche paa sit Morseapparat. Depechen har pəɹəɹɐɐs realiter været ca. $2^1/_2$ Dögn undervejs, men Telegrammet noteredes som en stos Sejr. Men desuden har det nævnte Forsög aabenbart umuliggjort al anden Telegrafering i den nævnte Tid for Maskelynes Station, maaske for mange andre nordevropæiske Stationer.

Efter mit Kendskab til de forskellige Firmaer, dels gennem Tidsskrifter, dels ved Selvsyn, mener jeg at turde udtale följende:

1) *Det franske Selskab* (Branly Popp) er det mindst modne og vil ikke kunne magte en saa stor Opgave.
2) *Marconis Selskab* er det mercantilt bedst ledede, men ogsaa det mest fordringsfulde. Det har i Aarenes Löb indfört mange Forbedringer, hvoraf de i Virkeligheden værdifuldeste er Efterligninger efter tyske Professorers Ideer. Hvis ikke Nordlys-Virkninger træder hindrende i Vejen, vil Selskabet antagelig kunne overföre Tegn paa de Dage, hvor Atmosfæren er gunstig derfor. —

Nogen sikker daglig Forbindelse tör ikke ventes, og selv den usikre Forbindelse bliver sandsynligvis först færdig efter 4—5 Aars Forsög med vekslende Held.

3) *Det store tyske Selskab* (»Telefunken«) er uden Sammenligning det, der har den solideste videnskabelige og financielle Basis, og da Selskabet desuden har udfört et meget stort Antal Anlæg til Fyrstationer etc. (hvor Kabler ikke *kan* anvendes) turde Opgaven hos dette Selskab være i de dygtigste Hænder, naar det gælder praktisk Anvendelighed til Drift. Selskabet har imidlertid saavidt mig bekendt endnu aldrig telegraferet over et Par Hundrede Kilometer, og selv om Selskabet tör paatage sig Opgaven paa egen Risiko, hvad jeg ved, at det er villigt til, vilde det efter min Mening være urigtigt, at lade Island være Pröveklud i en saa vigtig Slag.

Hvis Kabeltelegrafien ikke eksisterede, vilde jeg kunne anbefale at göre Forsöget. Ligesaa *hvis* der var andre Steder med samme Afstande og Forhold hvor sikker og ufejlbarlig Drift var etableret med væsentlig mindre Udgifter end Kabelforbindelsen; men naar der kan skaffes saadan fortræffelig, gennem mange Aar prövet Forbindelsesmaade, synes det mig at være forbundet med et stort Ansvar at beröve Island dette Gode. Hvad der i Löbet af 5—10—15 Aar *kan* opnaas med traadlös Telegraf eller Telefon ved ingen, men dette kan ikke være bestemmende i Öjeblikket.

2. *Forbindelserne paa Island.*

Atter her maa man begynde med Spörgsmaalet: *Er det muligt?* Er det muligt at sende traadlöse Depecher gennem Islands mægtige Jökler? Jeg ved det ikke. Men jeg ved, at et blot nogenlunde stort Antal Stationer med traadlös Drift, f. Eks. 10—12 Stk., vilde bringe en aldeles utaalelig Forvirring tilstede. Hvis der samtidig skulde telegraferes traadlöst fra Island udadtil, vilde Depecherne til Udlandet med Lethed kunne opfattes paa enhver af de andre islandske Stationer, eller paa et tilfældigt passerende Skib. Telegramhemmelighed kunde ikke overholdes. De traadlöse Selskaber paastaar, at de kan »afstemme« Afsender- og Modtagerapparater, saa at disse Ulemper undgaas. Men det er en Kendsgerning, at naar man foröger Energien saa uhyre som det er nödvendigt for at naa Færöerne, er man ikke i Stand til samtidig at overholde Afstemningen. Og ved Afstemningen er det overhovedet kun muligt at skelne mellem 3 a 4 forskellige Bölgelængder. At holde 10 a 12 eller endog 20 forskellige Bölgelængder ude fra hinanden er, saa vidt jeg ved, umuligt. Men hvem skulde ogsaa foretage denne Afstemning? Dertil kræves indviklede, videnskabelige Instrumenter, der overhovedet kun kan betjenes af Special-Ingeniörer.

I September 1903 skulde jeg paa det danske Telegrafvæsens Vegne i 3—4 Dage bese *Driften* af den traadlöse Telegrafforbindelse mellem Lofot-Öerne, Moskenesöen—Værö—Röst. Man var gaaet udfra, at naar Firmaerne (det tyske og det franske) paatog sig at etablere Forbindelsen, saa skulde det blot opstilles, og saa var det iorden, Jeg maatte imidlertid forblive paa Stedet i ca. 5 Uger og overværede mange *Forsög;* men det var saa langt fra, at nogen *Drift* kom i Gang, at det endnu i dette Öjeblik (Juni 1905) ikke er Tilfældet. Og der var Afstanden 30 plus 30 km. over rent Hav! Hvorledes venter man da, at Forbindelsen paa 200 a 400 km. over Land, der er saa mange Gange vanskeligere end over Havet, kan lade sig realisere til *regelmæssig* Drift? Thi det er antagelig ikke Islændernes Önske, at deres Ö i de næste 4—5 Aar skal være Tumlepladsen for et Antal tyske

eller engelske Ingeniörer, som gör Forsög paa Forsög med deres traadlöse Forbindelser.

Men *selv om* de traadlöse Selskabers mest gyldne Löfter gaar i Opfyldelse, opnaas dog kun Tele*graf*forbindelse fra By til By, medens det Anlæg, som Regeringen har projekteret til omtrent 500,000 Kr., byder Tele*fon*forbindelse fra By til By, fra Hus til Hus, fra Stue til Stue, fra Skrivebord til Skrivebord. Kun en Befolkning, der endnu ikke har vænnet sig til Telefonens enorme Betydning for alt Samkvem, kan betænke sig paa at vælge en Lösning, som tillader dette Kulturgode.

Og netop dette, at man med fuld Sikkerhed kan opnaa Tele*fon*ering gennem over Halvdelen af Öen og sandsynligvis fra den ene Ende til den anden, bevirker, at *Driftsudgifterne til Personale til Telefonstationernes Betjening bliver kun en Tiendedel af Udgifterne til Personale ved den traadlöse;* thi paa de fleste mindre Stationer kan Telefonen passes af enhver, der kan skrive og læse.

Jeg kender ikke de Tilbud, der er fremkommet paa traadlös Telegrafering, men jeg maa erindre om, at der ved saadanne Tilbud som oftest er meget væsentlige Poster, som ikke fremtræder aabenlyst: Ofte er Taarnene eller Transport af Materiel dertil eller Arbejdskraften eller lign. holdt udenfor; men selv om der loves en vis Garantiperiode, saa staar der næppe noget om, hvad Tilsynsrejser og Reparationer i Aarenes Löb vil koste. De *uforudsete Udgifter* spiller ved den Traadlöse en Stor Rolle (jeg foreslaar 20 a 30%), medens alle Udgifterne ved Drift af Kabel og Landlinie kan forudses.

Hvad jeg særlig mener at burde advare imod, er Löfter, som muligvis er fremsatte af de traadlöse Selskaber, om at de vil etablere Forbindelsen *paa egen Risiko.* Jeg mener nemlig, at det i intet Tilfælde kan blive alene paa Selskabets Risiko, thi Risikoen for Islænderne ere jo ikke alene et direkte Pengespörsmaal, men Islænderne lider jo, hvis *Forsöget(!)* mislykkes, det store indirekte Tab, der ligger i at undvære Forbindelsen. Efter de Erfaringer, der foreligger fra nærmest lignende Tilfælde, kan man meget godt risikere at det varer 4—5 Aar inden en *nogenlunde* Forbindelse med Udlandet bliver mulig. Og en god indenlandsk Forbindelse *kan slet ikke skaffes* traadlöst, ialt Fald for Tiden da ikke Tele*fon*forbindelse.

Jeg er med Fornöjelse til Tjeneste for Deres Excellence med andre eller supplerende Oplysninger.

C. E. Krarup
Dansk Telegrafingeniör,
Islands Ministeriums Konsulent.

L.

Marconi's Wireless Telegraph Company Ltd.

18 Finch Lane
London 18th May 1904
E. C.

His Excellency the Minister for Iceland

Reykjavik
Iceland.

Your Excellency.

Marconi's Wireless Telegraph Company Limited has the honour to submit Your Excellency the following proposition with regard to the connection of Iceland with Europe by wireless telegraphy.

Owing to recent improvements effected by Mr. Marconi in his long-distance apparatus, we are prepared to enter into a contract to connect by wireless telegraphy Scotland with Reykjavik for a cash payment of £ 20,740 and an annual subsidy of £ 2,000.

If we might be allowed to offer a suggestion we would propose that the connection of Reykjavik with Akureyri, Isafjord and Seydisfjord be left for future consideration. We have no data which will permit us to quote a close figure for working over snow, ice and frozen ground, so that if we gave you an estimate for the connection of these places, we should be compelled to quote an outside, and possibly prohibitive, figure. We do not ourselves see why the internal connections should not be made by means of landlines. Landlines connections, as Your Excellency is no doubt aware, have been made in Siberia and Alaska, certainly as wild and difficult territory as any to be found in Iceland.

We are informed that you have allready received and will probably receive further offers for the connection by wireless telegraphy of your country with Europe, but I submit that we are the only company which has carried out, on a comercial scala, such a contract as we are now proposing to you; and, waving all discussion of our patent rights, there appears to be no guarantee on the part of other persons and companies exploiting socalled systems of wireless telegraphy, of their ability to perform their contracts.

We have no stations working commercially over exactly the same distance as that separating Iceland and Scotland, but on two occasions of the voyage of the R. M. S. »Lucania« (bulletin of which is enclosed) across the Atlantic, this ship was in communication with shore stations representing the distance which separates Iceland and Scotland.

Your Exellency will appreciate that it is much more difficult to transmit and receive wireless messages at see than between fixed points — from land to land over sea.

We are also working betveen our stations at Cape Breton and Cap Cod — (situated about 800 miles apart approximately 300 miles of which are over land and 500 miles over water); between our station at Cape Cod, U. S. A., Cape Breton, Canada, and Poldhu England.

Your Exellency will therefore see that we have stations working commercially over distances certainly greater than the proposed Iceland-Scotland connection, and we are therefore in a position to contract for the work from actual working experience.

Further we have working commercially between Broomfield in England and Amsterdam in Holland, a distance of 260 miles (60 of which is over land), a service for press and stock exchange messages. We may mention that press messages of considerable length are being transmitted in Dutch by English operators with no acquaintance with the Dutch language, at the rate of from 25 to 30 words per minute. These massage are subsequently published in a Dutch newspapers.

In connection with a general arrangement with the British Government for the collection and distribution at their Postal telegraph offices throughout the United Kingdom of all messages passing over our system, provisional arrangements have been made for the proposed England-Iceland connection whereby messages both to and from Iceland transmitted by wireless telegraphy, will be dealt with by the British Postal Telegraph Authorities.

Your Exellency is no doubt aware that in the United Kingdom telegraphy is a monopoly of the Government, and without adequate arrangements with the British Post Office for the collection and distribution of messages, and for the collection of the rates for these messages, no satisfactory wireless telegraph service could be carried on between England or Scotland and Iceland.

The Canadian Government has entered into a similar contract with our Company to put their inland telegraph system at our disposal and to collect and distribute our messages at all their postal telegraph offices. Similar arrangements have also been made vith the Postal Telegraph Company and the Western Union Telegraph Company in the United States; and a short time since the Belgian Government arranged that messages handed in at any of their inland postal offices can be sent to our shore stations on the coast and thence transmitted by wireless to their mail boats fitted with our apparatus.

I attach herewith for Your Excellency's information brief particulars of some of the Government and Corparations contracts entered into by this Company, viz., with the British Government, the Italian Government, the Canadian Government, the Newfoundland Government, Belgian Government, Congo Free State, Lloyd's and also of contracts with all the principal British, German, American and French shipping companies.

We submit that the fact that Lloyd's, the British, the Italian, the Canadian, and Newfoundland Governments, the Belgian Government, the Congo Free State, and important shipping companies and corparations have made contracts and extensions of former contracts with no providing for the use, for long periods of

our apparatus to the exclusion of all others, show very conclusively their satisfaction with its present achievements, and their confidence in its future possibilities.

I have the honour to be,
Your Excellency,
Your Excellency's obedient Servant.

Marconi's Wireless Telegraph Company Ltd

H. Guthbert Hall
Managing Director.

Þýðing.

Firðritunin kend við Markoni, Finch Lane,
London 18. Maí 1904 E. C.

Hæstvirti ráðherra Íslands!

Marconifélagið leyfir sér að bera upp fyrir yður, hæstvirti ráðherra, tillögur þær, sem hér fylgja, til þess að koma á þráðlausu firðritunarsambandi milli Íslands og meginlands Europu.

Vegna nýrra umbóta, sem sjalfur Marconi hefir nýlega gert á uppgötvun sinni, sjáum vér oss færa um að koma Reykjavík í þráðlaust hraðskeytasamband við Skotland gegn 20,740 punda endurgjaldi eða 2000 punda endurgjaldi á ári.

Helzt væri það ósk vor, að frestað yrði að sinni að koma á þráðlausu hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar. Vér höfum enn ekki svo rægilega reynslu í því að senda þráðlaus skeyti yfir jökla, að vér sjáum oss færa um að gera nákvæma áætlun í því efni og yrðum því neyddir til að gera hana svo háa, að samningi kynni að verða til fyrirstöðu. Annars teljum vér eingan vanda á því, að komið sé á innlendu þráðasambandi, því eins og yður, hæstvirti ráðherra! hlýtur að vera kunnugt, hafa þræðir verið lagðir yfir eins óaðgeingilegar auðnir sem Ísland, t. d. Síberiu, Alaska. Vér höfum heyrt, að þér hafið þegar feingið og munuð fá fleiri tilboð um að koma Íslandi í þráðlaust hraðskeytasamband við Evrópu, en vér leyfum oss að geta þess, að vér erum það eina félag, sem höfum látið slíkt til framkvæmda koma, sem hér ræðir um; þurfum vér eigi annað en skírskota til einkaleyfis vors, til að sýna að það er eingin vissa fyrir því, að hin önnur svokölluð þráðlausu hraðskeytafélög séu fær um að framkvæma slíkt. Vér höfum eingar stöðvar, sem vinna á sama færi sem fjarlægð sú er, sem skilur Ísland og Skotland, en tvivegis hefir skipið R. M. S. »Lucania« (samkvæmt viðlagðri skýrslu frá skipinu), sem fer á Atlantshafinu, sent skeyti slíka fjarlægð.

Eins og þér, hæstvirti ráðherra! munið geta séð, er það miklum mun erfiðara að senda þráðlaus skeyti og taka við þeim á sjó en landi — milli landa. — Vér höfum þráðlaust samband milli Cape Breton og Cape Cod — (hér um bil 800 mílur, 300 á landi og 500 á sjó), milli stöðvanna Cape Cod í Bandarikjunum, Cape Breton í Canada og Poldhu á Einglandi. Þér sjáið því, hæstvirti ráðherra, að vér höfum stöðvar, sem vinna á mun leingra færi, en fjarlægð sú er, sem skilur Island og Skotland og erum því vegna reynslunnar færir um að koma þar á þráðlausu sambandi. Enn fremur höfum vér samband milli Broomfield

á Englandi og Amsterdam á Hollandi, og er sú fjarlægð 260 mílur (60 á landi), og er það samband mjög notað af blöðum og kaupmönnum.

Vér getum getið þess að töluvert laung blaðaskeyti hafa verið send á hollenzku af enskum starfsmönnum, sem ekki kunnu hollenzku, um 25—30 orð á minútu. Þessi skeyti hafa síðar verið birt í hollenzkum blöðum. Í sambandi við alsherjar samkomulag við ensku stjórnina um móttöku og sending á þráðlausum skeytum eptir Marconísaðferð á öllum póst- og hraðskeytastöðvum um alt konungsríkið, hefir verið séð fyrir bráðabirgðarfyrirkomulagi við hið fyrirhugaða hraðskeytasamband milli Bretlands og Íslands, þannig að skeyti, sem eru send til eða frá Íslandi eptir þráðlausri firðritunaraðferð, verða afgreidd af brezku póst- og firðritunaryfirvöldunum. Eins og þér, hæstvirti ráðherra! hljótið að vita, veitir stjórnin einkasöluleyfi á hraðskeytarekstri í öllu konungsríkinu, og án tilsvarandi samkomulags við þá brezku póststöð, sem sendir og tekur á móti hraðskeytum og andvirði fyrir þau, verður ekki neitt nægilegt þráðlaust samband gert milli Englands, Skotlands og Íslands. Canadastjórn hefir gert líkan samning við félag vort að setja landsíma sína eptir vorum reglum og taka og senda skeyti vor á öllum póstsímastöðum. Þesskonar fyrirkomulag hefir verið gert við póstsímafélagið og Vestern Union símafélagið í Bandaríkjunum; og fyrir skömmu hefir Belgíustjórn komið því svo fyrir, að landsíma skeyti eru send frá póststöðvum þeirra til strandstöðva vorra og þaðan send þráðlaust út á póstskip þeirra, sem eru útbúin með móttökustöð. Ég læt hér fylgja yður til leiðbeiningar, hæstvirti ráðherra, stutt atriði úr nokkrum samningum þeim, sem þetta félag hefir gert við stjórnina og ýms félög, sem sé, ensku stjórnina, Ítalíu stjórn, Canada, Newfoundlands, Belgíu, Kongoríkið og ýms verzlunarfélög, og samninga gerða við höfuð skipaútgerðarfélög bæði brezk, þýzk, amerikönsk og frönsk. Vér leyfum oss að geta þess að ýms verzlunarfélög Breta, Ítalíu, Canada, Newfoundlands og Belgíustjórn, og Kongoríkið og stór skipaútgerðarfélög, hafa gert samninga við oss og framleingt fyrri samninga, þar sem þeir búast við að haganlegleikur vorrar aðferðar muni útiloka aðrar aðferðir um langan aldur, og sýnir þetta fyllilega að menn eru ánægðir með það, sem félag vort lætur nú í té og bera traust til framfara þess framvegis.

Virðingarfylst.

Marconis þráðlausa hraðskeytafélagið,
H. Cuthbert Hall.

M.

Marconi's wireless telegraph Company ltd.
18. Finch Lane.

London, 22nd July 1904.
E. C.

His Excellency

The Minister for Iceland,
Reykjavik,
Iceland.

Your Excellency,

... ...

... ...

... ...

I have pleasure in submitting the following answers to the questions raised in your Excellency's letter of the 16th June:

1. We should require a monopoly for telegraphic communication between Iceland and Europe, and suggest a fourteenyears terms.
2. We would suggest that we should furnish men for the working of the stations at both ends for an annual payment of £ 1200, being the salaries necessary for the working of such stations as we consider suitable. It might prove desirable to increase the salaries of these men from time to time, but this is a matter which no doubt could be arranged between us when necessary. This would be for an eight-hours service per day, which in our opinion would be ample to cope with the traffic.
3. The annual payment of £ 2000 to our Company would be by way of royalty for the use of our patents. We should be willing that the receipts from telegrams should go to the Treasury of Iceland, in consideration of the cash payment and the annual contribution to us.
4. As we suggest that all the traffic receipts should go to your Government, the question of the rate per word whether for private and business telegrams or for Government messages, is one entirely for the discretion of the Icelandic Government.

I have nothing to add to my letter of the 18th. May last with regard to the possibility of transmission of messages by wireless telegraphy over snow, ice or frozen ground. I would, however, venture to suggest to the Icelandic Government that they should grant us one year's subsidy, viz., £ 2000,for the purpose of carrying out such experiments in Iceland as will enable us to quote a close figure: or, as an alternative suggestion, the connection of Reykjavik with Scotland, and subsequent tests between Reykjavik and Siedesford, to enable us to determine the cost of apparatus necessary for working over ice and snow. If the Reykjavik Station were first erected, the extra cost to make these tests would amount only to about £ 150.

We may add that in countries where we have been unable to quote a

close figure for overland wireless connections owing to lack of knowledge of the topography between the proposed stations, Government money has been voted us and facilities afforded to enable us to make the necessary preliminary experiments on the spot.

I have the honour to be,
Your Eccellency's
Most obedient Servant,
Marconi's wireless telegraph Co. ltd.,
p.p. H. Cuthbert Hall,
Managing director,
W. H. S.

Þýðing.

Hæstvirti ráðherra Íslands!

Eg hefi þá ánægju, að geta nú svarað spurningum þeim, sem þér, hæstvirti ráðherra, leggið fyrir mig í bréfi dags. 16. Júní.

1. Vér verðum að áskilja oss einkaleyfi til hraðskeyta sambands milli Íslands og Evrópu, og förum fram á það um 14 ára tíma.
2. Vér bjóðumst til að útvega starfsmenn, sem starfa eiga á báðum endastöðvunum gegn 1200 punda endurgjaldi, og álítum vér það hæfilegt til að gjalda þeim, sem vinna fyrir föst laun á slíkum stöðvum. Það kynni að sýnast æskilegt, að auka laun þessara manna við og við, en slíkt getum vér jafnan, ef nauðsynlegt þykir. Vinnutíminn ætti að vera 8 tímar á dag, og ætlum vér það nægilegt fyrir sambandsreksturinn.
3. Hið árlega 2000 punda gjald til félags vors verður að koma frá stjórninni til þess vér getum notað einkaleyfi vort. Vér erum fúsir til að láta borgun skeyta ganga til landssjóðs Íslands, en vel að merkja, að hið árlega tillag til vor sé greitt út í hönd.
4. Þar sem vér leggjum til, að tekjurnar af rekstrinum gangi til landssjóðs, ræður hin íslenzka stjórn því eingöngu, hvaða verð hún setur á skeytin, hvort sem þau eru send af einstökum mönnum eða verzlunum eða stjórninni.

Eg hefi eingu að bæta við bréf mitt dags. 18. Maí síðastl. með tilliti til, hvort mögulegt sé að senda þráðlaus skeyti yfir snjó, jökla eða frosna jörð. Eg vildi samt sem áður leyfa mér að fara þess á leit, að hin íslenzka stjórn veitti oss 2000 punda fjártillag í eitt ár til þess að gera þær tilraunir á Íslandi, sem nauðsynlegar eru til þess að vér getum gefið *ákveðna* áætlun eða þá, að Reykjavík verði sett í samband við Skotland, og gera síðar tilraunir milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar, til þess vér getum ákveðið kostnaðinn á þeim útbúnaði, sem nauðsynlegur er til að geta sent skeyti yfir jökla og snjó.

Ef hraðskeytastöð yrði fyrst sett upp í Reykjavík, mundi aukakostnaðurinn við tilraunirnar vera að eins 150 pund.

Vér leyfum oss að bæta því við, að í þeim löndum, þar sem vér sakir ókunn-

ugleika á landslagi milli fyrirhugaðra stöðva, ekki höfum getað gefið ákveðna áætlun, hefir stjórnin veitt fé og gert oss auðvelt að gera þær fyrstu nauðsynlegu tilraunir þar á staðnum.

Virðingarfyllst.
Yðar skuldbundinn
Marconis þráðlausa firðritunarfélag:

p. p. Cuthbert Hall.
forstjóri.
W. H. S.

N.

Marconi's Wireless Telegraph Company Ltd.
18. Finch Lane
London 3rd September, 1904.
E. C.

His Exellency the Minister for Iceland,
Icelands Ministerium Kontor,
Slotsholmsgade, 10
Copenhagen.

Your Excellency,

In sending you the enclosed quotations for wireless communication we desire to emphasize the fact that we see no difficulty in establishing communication between:

Langanaes,
Raudanupr,
Giogur Taae,
Akwreyre,
Vatns-Fiord,
Skutuls-Fiord.

Having regard, however, to the difficulty of transporting men and material to these somewhat inaccessible places, and to the interruptions of the work which may be caused by storms and weather conditions, it is very difficult to estimate the cost of establishing the communication. We know what the cost of the wireless apparatus will be, but we cannot estimate closely the cost of conveying it to the places in question, and of erecting it. We have therefore, had to quote a price which is some sort of protection against contingencies, and we have quoted a higher price for the inland work if taken alone than for the inland work as part of the general scheme which includes the Iceland — Scotland connection.

We can estimate accurately what the cost of the Iceland — Scotland connection will be, and know practically before we begin the work, what profit we shall make out of the contract. With an assured profit on a certain part of the contract you vill understand that we can take a larger risk on the other part.

I have the honour to be,
Your Excellency's obedient Servant,
Marconi's Wireless Telegraph Co. Ltd.
H. Cuthbert Hall,
Managing Director.

A. **I.**

Estimate of costs of connecting certain places in Iceland and of connecting Iceland to Scotland showing probable cost of wages and maintenance.

Name of station	Price	Staff Wages per annum			Maintenance per annum
		8 hours 26 men	16 hours 41 men	24 hours 56 men	
Scotland (Mainland) Faeroes Hvalvig Seidid Fiord (Land Line) Langanaes Raudanupr Gjogur Taae Akwreyre (L. L.) Reykjanes Reykjavik (L. L.) Vatns Fiord Skutuls Fiord (L. L.)	£ 51,785	£ 3,640	£ 5,740	£ 7,840	£ 2,637

B. **II.**

Estimate of cost of connecting Iceland to Scotland via Faeroes and Reykjanes showing probable working expences and maintenance.

Names of Stations	Price	Staff Wages per annum			Maintenance per annum
		8 hours 11 men	16 hours 17 men	24 hours 23 men	
Skotland (Mainland) Faeroes Reykjanes Reykjavik	£ 32,602	£ 1,540	£ 2,380	£ 3,220	£ 1,707

C. **III.**

Estimate of cost of connecting Iceland to Scotland via Faeroes and Hvalvig og (Seidis Fiord) showing probable cost of wages and maintenance.

Names of Stations	Price	Staff Wages per annum			Maintenance per annum
		8 hours 11 men	16 hours 17 men	24 hours 23 men	
Scotland (Mainland) Faeroes Hvalvig Seidis Fiord (L. L.)	£ 19,526	£ 1540	£ 2380	£ 3220	£ 962

L. L. = Land Line.

D. **IV.**

Estimate of cost of connecting certain places in Iceland showing probable cost of wages and maintenance.

Names of Stations	Price	Staff Wages per annum			Maintenance per annum
		8 hours 16 men	16 hours 26 men	24 hours 36 men	
Seidis Fiord Hvalvig Langanaes Raudanupr Giogur Taae Akureyri (L. L.)	£ 17,200	£ 2,240	£ 3,640	£ 5,040	£ 913
Reykjavik (L. L.) Reykjanes Vatns Fiord Skutuls Fiord (L. L.)					

NOTE: These connections join up the first six places among themselves and also the last four places among themselves, but do not join any of the first six to any of the last four. To join up the two systems via the North coast would cost about elven thousand pounds, while to join them up via Faeroes would bring the cost to within £ 5000 of the price of the complete scheme (A) connecting up these places in Iceland and connecting Iceland to Scotland.

NOTE E. Quotation $^{5}/_{9}$ 04.

The cost of making connections across Fjords by means of a pair of Wireless Stations would be approximately £ 50 per mile for distances under one houndred miles, with a minimum of..... £ 1,000

Þýðing.

Þráðlaust firðritafélag kent við Marconi.
18. Finch Lane
London 3. Sept. 1904
E. C.

Hæstvirti Íslandsráðherra,
Skrifstofu íslenzka ráðaneytisins,
Slotsholmsgötu 10,
Kaupmannahöfn.

Hæstvirti ráðherra!

Um leið og vér sendum yður innlagða verðlista yfir þráðlaus sambönd, viljum vér taka það skýrt fram, að vér sjáum ekkert því til fyrirstöðu, að hraðskeytasamband verði sett á stofn milli:

Langaness,
Rauðanúps,
Gjögurtáar,
Akureyrar,
Vatnsfjarðar,
Skutulsfjarðar.

Samt sem áður, þegar vér tökum tillit til þeirra erfiðleika, sem flutningur á mönnum og byggingarefnum eptir þessum að nokkru leyti óyfirfaranlegu svæðum, og til þess verkfalls, sem getur orsakast af byljum og óveðrum, er það mjög erfitt að ákveða kostnað þann, sem hraðskeytasambands stofnsetningin getur haft í för með sér. Vér vitum vel, hvað þráðlaus hraðskeytaútbúnaður mun kosta, en vér getum eigi gert nákvæma áætlun um flutninginn á honum til greindra staða og hvað það kostar að reisa þar stöðvar. Vér höfum því, er vér gerðum áætlun um kostnaðinn, orðið til vara að gera ráð fyrir ýmsum óvissum tilviljunum, og höfum því áætlað kostnaðinn meiri við að koma sambandinu á að eins á landi, heldur en vér mundum gera það fyrir, ef vér yrðum látnir líka koma sambandinu á milli Íslands og Skotlands.

Vér getum gert nákvæma áætlun um, hvað kostar að koma sambandi á milli Íslands og Skotlands og vitum vegna reynslu, áður en vér byrjum á verkinu, hvaða hagnað vér getum haft af samningnum. Því getið þér séð, að því meiri hagnað sem vér höfum af öðru, því meira getum vér átt á hættu í hinu.

Virðingarfylst, yðar skuldbundinn,
Marconis þráðlausa hraðskeytafélag

H. Cuthbert Hall
forstjóri.

Athugasemd:

Fyrstu 6 staðirnir verða sameinaðir innbyrðis og hinir 4 síðari sömuleiðis innbyrðis, en einginn af þeim 6 fyrri við nokkurn af þeim 4 síðari. Að sameina þessi tvö hraðskeytakerfi yfir norðurströndina mundi kosta hér um bil 11000 pund.

En væri þau sameinuð yfir Færeyjar mundi það auka kostnaðinn, eins og stendur í A á öllu verkinu um 5000 pund, með því að koma sambandi milli fyrgreindra staða á Íslandi og milli Íslands og Skotlands.

Athugasemd E $^{3}/_{9}$ '04:

Kostnaður við að koma á þráðlausu sambandi yfir firði með 2 stöðvum mundi að líkindum verða 50 pund á mílufæri, en á fjarlægð upp að 100 mílur mundi það minst kosta 1000 pund.

O.

Hotel Island
Reykjavik
July 28th 1905.

To the Chairman of the Telegraph Committee,
House of Althing,
Reykjavik.

Sir.

Some Honorable Members of your Committee have asked me whether we would be prepared to connect the Faroes whith Norway instead of Scotland.

In a letter to His Excellency, the Minister for Iceland, dated July 6th 1905, I said:

[1]) I am instructed to say that we will be prepared to connect Iceland with Denmark or any point in Europe and North America.

[2]) We will give the usual guaranties.

The same Honorable Members have also asked me whether we would leave the installation in a workable order at the end of the period of 20 years. This is of cours a matter of necessity.

I have the honour to be, Sir,

Your obedient Servant,
Marconi's Wireless Telegraph Company Limited.
Ch. Capito.
Representative in Iceland.

Þýðing.

Til formanns nefndarinnar í hraðskeytamálinu,
Alþingi,
Reykjavik.

Háttvirti herra!

Nokkrir háttv. meðlimir úr nefnd yðar hafa spurt mig, hvort vér værum við því búnir að teingja Færeyjar við Noreg í stað Skotlands.

Í bréfi til hans Excell. Ráðherrans fyrir Ísland dags. 6. Júli 1905 hef eg komizt þannig að orði:

1) Eg hef umboð til að lýsa því yfir, að vér erum reiðubúnir til að teingja Ísland við Danmörku eða hvern stað annan sem vera skal í Evrópu eða Norður-Ameríku.

2) Vér tökumst hina venjulegu ábyrgð á hendur.

Sömu háttv. nefndarmenn hafa einnig spurt mig, hvort vér mundum að þessum 20 árum liðnum skilja við stöðvarnar eða útbúnaðinn í færu standi. Þetta hlýtur að leiða af sjálfu sér.

Virðingarfylst

Marconi's Wireless Telegraph Campany Limitd.

Ch. Capito

Fulltrúi félagsins á Íslandi.

P.

Hotel Island

Reykjavik, July 28th. 1905.

To the Chairman of the Telegraph Committee.

Sir.

Some Honourable Members of your Committee have requested me to give them a price for a sheme similar to Scheme I, but excluding the following stations viz., Langanaes, Raudanupr, Giogur Taae and Akureyri.

I have no power at present to deal with such a scheme, but on my own authority only, I should think that it could be done for the annual sum of Kr. 109,000 for 20 years, and on the same conditions as Shema I.

I have the honour to be, Sir,

Your obedient servant,

Ch. Capito, M. I. E. E, M. I. M. E.

Þýðing.

Hótel Ísland.

Reykjavík, 28. Júlí 1905.

Til formanns nefndarinnar í hraðskeytamálinu.

Háttvirti herra!

Nokkrir háttvirtir meðlimir úr nefnd yðar hafa beðið mig að gefa sér upp verð á hraðskeyta-áætlun líkri áætlun I, en að slepptum þessum stöðvum: Langanesi Rauðagnúp, Gjögurtá og Akureyri.

Eg hef að svo stöddu ekkert umboð til að semja um slíka áætlun, en ætti eg að láta í ljósi álit mitt persónulega, þá hygg eg að slíkt samband mundi fást fyrir 109,000 kr. árlegt gjald í 20 ár, og með sömu kjörum og áætlun I.

Virðingarfylst

Ch. Capito, M. I. E. E., M. I. M. E.

Fylgiskjal 2

Hinu háa Alþingi í Reykjavík.

Undirritað félag leyfir sér virðingarfylst að leggja meðfylgjandi tilboð um að koma á þráðlausri firðritun á Íslandi fyrir hið háa Alþingi, með þeim tilmælum, að þau verði tekin til greina við umræður þær, er nú fara í hönd. Vér höfum falið fulltrúa vorum, herra Bredow, sem nú dvelur í Reykjavík, að veita allar nauðsynlegar upplýsingar, ef óskað verður, semja nýjar áætlanir, er Alþingi kynni að óska, og leggja fram kostnaðarreikning fyrir neistaskeyta-samband milli hverra stöðva, sem vera skal.

Ef svo skyldi fara, að Alþingi féllist ei á þau tilboð, sem hér með fylgja, eru það vinsamleg tilmæli vor, að herra Bredow sé gefið til kynna, ef Alþingi skyldi vilja semja um einhver sérstök atriði eða uppástungur, sem eigi eru tekin fram í tilboðinu.

Virðingarfylst

Félag til þráðlausrar firðritunar, Berlín.

System »Telefunken«.

Bredow
fulltrúi félagsins.

* * *

I. Tilboð.

Stöðvar reistar á þessum stöðum:

A. 1) Björgyn
2) Færeyjum
3) Reykjanesi.

Verð Kr. 340.000.

eða

B. 1) Björgyn
2) Færeyjum
3) Dalatanga.

Verð Kr. 340.000.

II. Tilboð.

Stöðvar reistar á þessum stöðum:

1) Björgyn
2) Færeyjum
3) Reykjanesi
4) Dalatanga

Verð Kr. 453.000.

III. Tilboð.

Stöðvar reistar á þessum stöðum:

1) Reykjanesi
2) Reykjavík
3) Beruvík
4) Bjargtöngum
5) Straumnesi
6) Ísafirði
7) Rauðagnúpi
8) Ólafsfirði eða Gjögri
9) Langanesi
10) Dalatanga.

Verð kr. 371.000.

IV. Tilboð.

Stöðvar reistar á þessum stöðum:

1) Björgyn
2) Færeyjum
3) Reykjanesi
4) Reykjavík
5) Beruvík
6) Bjargtöngum
7) Straumnesi
8) Ísafirði
9) Rauðagnúpi
10) Ólafsfirði eða Gjögri
11) Langanesi
12) Dalatanga.

Verð kr. 666.000.

V. Tilboð.

Stöðvar reistar á þessum stöðum:

1) Björgyn
2) Færeyjum
3) Reykjanesi
4) Reykjavík
5) Beruvík
6) Bjargtaungum
7) Straumnesi
8) Ísafirði
9) Rauðagnúpi
10) Ólafsfirði eða Gjögri
11) Langanesi
12) Dalatanga

Verð kr. 736.500.

VI. Tilboð.

A. 1) Reykjanesi
2) Vestmannaeyjum
3) Portlandi.

Verð kr. 97.000

eða

B. 1) Reykjanesi
2) Vestmannaeyjum.

Verð kr. 74.000.

Athugasemdir við tilboðin.

Við I. Hér er einasta miðað við að neistaskeyta-samband komi í stað hins fyrirhugaða sæsíma-sambands og gert ráð fyrir að koma *annaðhvort* Austurlandinu (Dalatanga) eða Vesturlandinu (Reykjanesi) í samband við Noreg með millistöð í Færeyjum. Verðið er jafnt fyrir hvorttveggja.

Við II. Hér er gert ráð fyrir sambandi við Noreg bæði frá Austur- og Vesturlandi. Auk þess getur hér samband orðið milli Austur- og Vesturlandsins með millistöð í Færeyjum.

Við III. Svo framarlega sem hið fyrirhugaða sæsíma-samband skyldi komast á, leggjum vér til að reistar séu þráðlausar stöðvar á þessum 8 stöðum. *Það hlýtur að vera augljóst hverjum manni, jafnvel þótt eigi hafi sérþekkingu, að í landi eins og Íslandi er eigi unt að halda ritsíma, er tekur yfir 600 rastir, í röð og reglu án stórmikilla örðugleika og kostnaðar. Á svo langri leið nægja eigi minna en 12000 fastir staurar, sem jafnan er hætt við skemdum af illviðrum, að vér eigi nefnum símann sjálfan, sem raskazt getur og bilað af hörkufrosti, snjóþyngslum, halla eða svignun á staurunum o. s. frv.*

Hve mikill tími og kostnaður hlýtur að ganga í það hér á landi, einkum á vetrum, að bæta slíkar skemdir, sem *reynslu samkvæmt opt* koma fyrir, er eigi unt að segja fyrirfram, og réttast er að vera við því búinn, að árlegur viðhaldskostnaður nemi að *minsta kosti helmingi* af kostnaði þeim, sem árlega er við landsímalínu þá í Afríku, er liggur frá Cap-stað til Tanganijkavatns, en hann er um *140 kr. á hverja röst.* Mundi þá eptir því árlegur viðhaldskostnaður hér nema $70 \times 640 = 44800$ kr. En með því að veðráttufar í Afríku sumar og vetur er eigi til líka undirorpið jafn-átakanlegum breytingum eins og hér á landi, má jafnvel ganga að því vísu, að með 44800 kr. ársútgjöldum sé eigi hægt að halda ritsímalínunni allri í fullkominni röð og reglu, nema að eins lítinn hluta ársins, því nærri allan veturinn mundi viðgerðar þurfa einhversstaðar inni í landi, en það hlýtur að trufla reksturinn.

Út frá þessum hugleiðingum höfum vér gengið í III. tilboðinu, og og þá fyrst og fremst tekið tillit til þess, að landsímaspottarnir yrðu sem styztir og lægi um bygðir, svo að hægt sé síðar meir eptir þörfum að koma stöðum í grendinni inn í sambandið án tilfinnanlegs aukakostnaðar. Landsímaspottar þeir, sem gert er ráð fyrir í III. tilboðinu, verða alls eitthvað um 80 rastir á leingd og teingja saman þessa staði:

Neistastöðina á Ólafsfirði eða Gjögri og á Akureyri.
—— - Dalatanga og á Seyðisfirði.

Reksturskostnaður á símum þessum verður tiltölulega lítill (sbr. áætlun stjórnarinnar um reksturskostnað eptir því sem viðgeingst í Danmörku).

Við IV. Tilboð þetta sameinar utanlandssambandið milli Noregs—Færeyja—Reykjaness (sem nefnt er í I) og innanlandssamband (það, sem nefnt er í III), og gæti komið til greina, svo framarlega sem þráðlaus firðritun kæmi í stað bæði sæsíma og landsíma. Eptir tilboði þessu hefir það eingin áhrif á kostnaðinn, hvort heldur Austur- eða Vesturland er sett í beint samband við útlönd.

Við V. *Hér er bæði Austur- og Vesturland sett í beint samband við útlönd.* Innanlandssambandið er eins og gert er ráð fyrir í III. og IV. Þetta tilboð hefir og þann kost í för með sér, að Austur- og Vesturland geta skipzt á skeytum hvort heldur vill yfir Færeyjar eða norður um, yfir Straumnes—Langanes.

Við VI. Ef menn skyldu vilja koma Vestmannaeyjum í samband við meginland, sem eigi hefir verið tekið til greina í þeim áætlunum, er fram hafa komið hingað til, stingum vér upp á

a) sambandi við Reykjanes og Portland,

b) við Reykjanes eingöngu.

Vilji menn sameina VI a eða VI b við eitthvert hinna framantöldu tilboða, þ. e. a. s. við Ia, II, III, IV og V, hækkar kostnaðaráætlun fyrir hvert þessara tilboða um 61,000 kr., ef um VI a er að ræða, en 36,000 kr., ef um VI b er að ræða.

Reksturskostnaður.

Þar sem um *ritsímasamband* er að ræða, er aðalreksturskostnaðurinn auðvitað innifalinn í eptirliti og aðgerð á símanum, þar sem bilun getur orsakast hvar sem vera skal eptir endilaungum símanum á hverjum degi og hverri stundu. Við *þráðlaust samband* aptur á móti er bilunin einskorðuð við stöðina sjálfa og er jafnan slíks eðlis eins og komið getur fyrir á hverri rafmagns-ljósstöð sem vera skal. Af þessu leiðir, að sjálft vinnuliðið á stöðinni getur jafnan bætt úr brestunum, þótt eitthvað kunni að að verða, en þar sem um ritsímasamband er að ræða, verður jafnan auk sjálfs vinnuliðsins á stöðinni að gera ráð fyrir talsverðu eptirlits- og umsjónarliði, og fer það eptir leingd símans. Menn munu nú að líkindum eigi sjá það þegar í stað, að þetta er nauðsynlegt, en innan skamms mun það koma í ljós, að slíkt umsjónarlið verður óhjákvæmilegt og hlýtur stöðugt að fara vaxandi. Laun og ferðakostnaður slíkra eptirlitsmanna fellur að sjálfsögðu algerlega burtu í viðhaldsreikningi neistastöðvanna. Eins og áður er tekið fram, getur hér að eins verið að ræða um bilun á vélunum sjálfum, er endurbóta þarf, og má því leggja til grundvallar við áætlanir hinn algeinga viðhaldskostnað á öllum vélastöðvum, en hann nemur að jafnaði $1^1/_2$—$2^0/_0$ af stofnunarkostnaðinum.

Að öðru leyti eru veðurtálmanir þær, er við og við gera vart við sig á neistastöðvunum, *hinar sömu og tiðkast við símasamband*, og eru bundnar við þann tíma, er þrumuveður stendur yfir, og laust fyrir og eptir. Jafnskjótt og þrumu-

veðrið er afstaðið til fulls, hverfur röskunin eða óreglan af sjálfri sér, án þess að nokkurrar viðgerðar þurfi.

Þá má enn taka það fram, — og er það mikilvægt atriði —, að við símabilun kemur gersamlega stanz á reksturinn meðan á viðgerðinni stendur, en á hinum þráðlausu stöðvum er þegar í stað skipt um véla- eða áhalda-stykki þau, er bilað hafa, og önnur fyrirliggjandi sett í staðinn. Fer síðan viðgerðin fram án þess að nokkur töf verði á rekstrinum.

Því næst viljum vér í stuttu máli gera grein fyrir beinum reksturskostnaði við tilboð III.

Almennar athugasemdir við útreikning á reksturskostnaði.

1) Hér er að eins tekið tillit til frumverðs stöðvanna (Materialwert), sem fæst þegar flutnings- og uppsetningarkostnaður er dreginn frá stofnkostnaðinum í heild sinni.

2) Með því að steinolía fæst alstaðar í verzlunum á Íslandi, höfum vér við útreikninginn lagt hana til grundvallar sem eldsneyti; annars er venjulega talið hentugra að nota benzin eða spiritus.

3) Við útreikninginn er gert ráð fyrir 10 stunda óslitnu skeytasambandi á dag (dagþjónustu), þ. e. a. s. hver stöð sendir skeyti 5 stundir samfleytt, og veitir skeytum viðtöku 5 stundir samfleytt.

Hér að auki eru nokkur verzlunar-gufuskip, sem hafa neistaskeytaáhöld, og eru þau allflest eign þessara félaga: Hamborg-Ameríku-línunnar, Suðuramerikska gufuskipafélagsins, Bremer Lloyd, Kiel-Korsör-línunnar o. fl. Að öllu samtöldu hér um bil 415 stöðvar, er nota aðferð vora, og er fæstum þeirra ætlað að senda skeyti yfir skemmri leið en 200 rastir.

Þegar þess er gætt, að eitthvað um 200 stöðvar af hinni *fyrstu* gerð vorri hafa stöðugt verið í gangi 5—6 síðustu árin, og það án þess að nokkrir örðugleikar eða óregla hafi gert vart við sig, svo teljandi sé, skilst mönnum væntanlega, að vér höfum á þessum árum, þar sem stöðvar vorar eru reistar út um víða veröld og vinna undir hinum breytilegustu kringumstæðum, átt kost á að fá mikla reynslu og að koma á mikilsverðum breytingum, er til umbóta horfa.

Umbætur þessar gera oss það kleift, að takast á hendur hverja ábyrgð, sem óskað kann að verða, á því, að áhöldin reynist góð og áreiðanleg, og að leggja eptirfarandi tilboð fram fyrir hið háa Alþingi til frekari athugunar og yfirvegunar:

Árlegur reksturskostnaður við tilboð III.

A. Kostnaður við hin þráðlausu skeyti:

Frumverð 260,000 kr.

Aflframleiðsla stöðvanna í heild sinni ca. 40 hestöfl.

1)	Viðhald 2% af 260,000 kr.	kr. 5200
2)	Eldsneyti.	
	73000 h. a. stundir x 0,5 liter = 36500 liter = 181½ fat á 30 kr	— 5610
3)	Olíueyðsla, fægiull, vélasmyrsli 1 eyrir á hv. h. a stund	— 730
	Flyt	kr. 11540

			Flutt kr. 11540	
4) Fólkshald.				
10 þjónustumenn	kr. 15000			
10 verkamenn	— 8000			
2 sendimenn í Reykjavík og Ísafirði	— 800	— 23800		
5) Hiti í 10 hús		— 5000		
6) Reksturssstjórn (á stöðv. í Reykjavík).				
1 reksturssstjóri fyrir alt skeytasamb.	kr. 5000			
Ferðakostnaður og dagpeningar handa honum	— 2500			
1 bókhaldari	— 1400			
1 stúlka á skrifstofunni	— 800			
Skrifstofukostnaður, prentun o. fl.	— 1600	— 11300	kr. 51640	

B, Kostnaður við þráðarskeytin.

Frumkostnaður fyrir 80 rastir áætlað 88000 kr.

1) Viðhald ca. 50 kr. fyrir hverja röst.		4000 —	
2) Fólkshald.			
2 þjónustumenn á Akureyri og Seyðisf.	kr. 3000		
2 aðstoðarmenn	— 2400		
2 sendimenn	— 800	— 6200	
3) Skrifstofuleiga á Akureyri og Seyðisfirði		— 600	
4) Hiti og ljós á skrifstofunum		— 200	— 11000
		Kostnaður samtals kr.	62640

Nánari skýringar um kostnað etc.

Með því að vér hugðum, að stjórnin gæti tekið að sér eptirfylgjandi atriði með miklu minni kostnaði en vér, höfum vér geingið fram hjá þeim í áætlunarreikningnum. Þessi atriði eru:

1) Flutningur á efni og áhöldum frá næsta viðkomustað gufuskipanna til uppsetningarstöðvanna.

2) Bygging á grunnum þeim eða undirstöðum, er þurfa kynni.


Auk þess leggjum vér til, að stjórnin láti verkalið það, er síðar meir er ætlazt til að verði við stöðvarnar, hjálpa til við byggingarnar, að svo miklu leyti sem unt er (oss að kostnaðarlausu), og leggi oss þar að auki til kostnaðarlaust 4 verkamenn til hjálpar meðan á uppsetningunni stendur, en hún nemur að jafnaði ca. 3 mánuðum fyrir hverja stöð.

Bygging húsanna með því einfalda sniði, sem hér tíðkast, með bárujárnsþaki, er reiknuð með í kostnaðinum og gert ráð fyrir að nemi ca 5000 kr. fyrir hvert hús. Ef svo skyldi fara, að stjórnin sæi sér fært að koma sjálf húsunum upp fyrir lægra verð, væri hentugast að hún tæki að sér að annast byggingarnar, en vér leggjum þá til teiknanirnar. Í hverju húsi eru: 1) vélaklefi, 2) áhaldaklefi, 3) rafmagnsvirkja-klefi (Batteriraum), 4) eldsneytaklefi etc., 5) íbúð fyrir þjónustumenn.


Félagið annast kenslu þjónustumanna með hinum aðgeingilegustu kjörum, og mætti taka þau nánar fram í sérstökum samningi.

Að því er snertir borgunar- og tryggingarskilyrðin erum vér reiðubúnir að ganga inn á tilboð stjórnarinnar að svo miklu leyti sem frekast getur samrýmst viðskiptareglum vorum.

Siemen & Halske.
Tilbud V.



Fylgiskjal 3.



Fylgiskjal 4

Gesellschaft für drahtlose Telegraphie.

Kosten-Anschlag

für einen hohen Alting
Reykjavik
über Betriebskosten zu Vorschlag II.

Pos.	Stückz.	Gegenstand.		
		a) *Drahtloser Betrieb:*		
		Anlagewert 370.000		
		Pherdekrafte 64. P. S.		
1		Instandhaltung 2%		7520
2		Brennstoffverbrauch.		
		116.800 P. S. Lt. = 58400 Lt. = 292 Fass.		8760
3		Verbrauch an Øl...		1168
4		*Personal*:		
	8	Telegraphisten	12000	
	8	Assistenten	9600	
	1	Buchhalter	1400	
	2	Contordamen (eine in Bergen)	1600	
	1	Betriebsleiter	5000	
	1	Assistent (Bergen)	3000	
	1	Contordiener	600	33200
5		Drucksachen etc....		1600
6		Beitrag zum intern. Bureau		400
7		Heizung v. 4. Häusern		2000
			Kr.	54648

22. Juli 05.

Bredow.

Gesellschaft für drahtlose Telegraphie.

Kosten-Anschlag

für einen hohen Alting
Reykjavík
über jahrliche Betriebskosten zu Vorschlag V.

Pos.	Stückz.	Gegenstand.		
		a) Drahtloser Betrieb.		
		Anlagewert 595,000.		
		Pherdekrafte ca 96. P. S.		
1.		Instandhaltung 2% von 595.000		11900 Kr.
2.		Brennstoffverbrauch.		
	175.200	P. S. Stunden × 0,5 Lt. = 87.600 Lt. =		
	438	Fass á 30 Kr.		13140
3.		Verbrauch an Øl ca 1 Øre pr. P. S. St.		1752
4.		*Personal:*		
	16	Telegraphisten á 1500 Kr.	24,000 Kr.	
	16	Assistenten ... á 1200 —	19,200 —	
	4	Boten ... ... á 400 —	1,600 —	44800
		(Bergen, Faeroer, Rvk., Isafjord).		
5.		Heizung für 12 Häuser		6000
6.		*Betriebsbureau Reykjavik:*		
	1	Chefingenieur	5000 Kr.	
	1	Assistent	3000 —	
		Reisekosten und Tagegelder	4000 —	
	1	Buchhalter	1400 —	
	2	Contordamen (eine in Bergen)	1600 —	
	1	Contordiener	600 —	
		Drucksachen etc.	2100 —	17700
7.		Beitrag zum internationalen Bureau		400
		b) Drahtbetrieb.:		
		Siehe Vorschlag III.		11000
				106692

22. Juli 1905.

Bredow.

Þýðing.

Félag þráðlausrar firðritunar.

Aætlun

til hins háa Alþingis í Reykjavík

um rekstrarkostnaðinn samkvæmt uppástungu II.

		a) Rekstur þráðlausrar firðritunar:		
		Stofnunarkostnaður	370,000	
		Hestöfl 64		
1		Viðhald 2%		7520
2		Eldsneyti		
		116.800 hestaflstímar = 58400 lt. = 292 föt		8760
3		Olía		1168
		Starfsmenn:		
	8	Firðritarar	12000	
	8	Aðstoðarmenn	9600	
	1	Bókhaldari	1400	
	2	Kvennskrifarar (önnur í Bergen)	1600	
	1	Verkstjóri	5000	
	1	Aðstoðarmaður (Bergen)	3000	
	1	Þjónn á skrifstofunni	600	33200
5		Prentun o. fl.		1600
6		Gjald til alþjóðarskrifstofu		400
7		Hitun 4 húsa		2000
			Kr.	54648

22. Júlí 1905.

Bredow.

Þýðing.

Félag þráðlausrar firðritunar.

Kostnaðaráætlun

til hins háa alþingis í Reykjavík:

Áætlun árlegs rekstrarkostnaðar samkvæmt uppástungu V.

		a. Rekstur þráðlausrar firðritunar.			
		Stofnunarkostnaður 595,000			
		Hestöfl hér um bil 96 hestöfl.			
1.		Viðhald 2% af 595,000			11900
2.		Eldsneyti:			
	175200	Hestaflstímar × 0,5 lt. = 87,600 lt, =			
	438	Föt á 30 kr			13140
3.		Olía...			1752
		(ca. 1 eyrir í hvern hestaflstíma).			
4.		*Starfsmenn:*			
	16	Firðritarar 1500 kr. hver	24000	kr.	
	16	Aðstoðarmenn 1200 kr. hver	19200	—	
	4	Vikadreingir (Bergen, Færeyjum, Reykjavík og Ísafirði) 400 kr. hver	1600	—	44800
5.		Hitun á 12 húsum			6000
6.		*Afgreiðslustofa í Reykjavík:*			
	1	Yfirverkfræðingur	5000	kr.	
	1	Aðstoðarmaður	3000	—	
		Ferðkostnaður og daglaun	4000	—	
	1	Bókhaldari	1400	—	
	2	Kvenskrifarar (önnur í Bergen)	1600	—	
	1	Þjónn á skrifstofunni	600	—	
		Prentun o. fl.	2100	—	17700
7.		Gjald til alþjóðarskrifstofu			400
		b. þráðrekstur			11000
			Sjá uppástungu III.		106692

22. Júlí 1905.

Bredow.

Fylgiskjal 5.

Hotel Island,

Reykjavík

July 22nd. 1905.

To the Chairman of the Telegraph Committee,

House of Althing,

Reykjavík.

Dear Sir:

At the request of some of the members of your committee, I beg to confirm the figures which I presented, verbally, to the committee, on the occasion of our conference on July 19th this year.

These figures refer to some of the schemes, for which I have power to treat with the Althing, should I be requested to do so.

I take the liberty to repeat that I am always at the service of your committee.

I have the honour to be, dear Sir,

Your obedient servant,


Marconi's Wireless Telegraph Company Limited,

Ch. Capito.

Representative in Iceland.

Scheme I.

Diagram of connection:



We will establish the above connections for a sum not exceeding £ 35,000.

Probable yearly expenses £ 4278 (with British operators)

or,

We will establish the above scheme, work it, and maintain it, for the Icelandic Government, for an annual sum of £ 7078, for 20 years, at the end of which, the installation will become the property of the Icelandic Government.


The receipts from the traffic to belong to the Icelandic Government.

Marconi's Wireless Telegraph Company Limited.

Ch. Capito.
Representative in Iceland.

Scheme II.

Diagram of connections:



We will establish the above connections for a sum not exceeding,

£ 22700.

Probable yearly expenses £ 2273 (with British operators)

or,

We will establish the above scheme, vork it, and maintain it, for the Icelandic Government, for an annual sum of £ 4089, for 20 years, at the end of which, the installation will become the property of the Icelandic Government.


The rereipts from the traffic to belong to the Icelandic Government.

Marconi's Wireles Telegraph Company Limited.

Ch. Capito.
Representative in Iceland.

Scheme III.

Diagram of connection;



We will establish the above connections for a sum not exceeding

£ 13669

Probable yearly expenses £ 1760 (with British operators)

or,

We will establish the above scheme, work it, and maintain it for the Icelandic Government, for an annual sum of £ 2854, for 20 years, at the end of which, the installation will become the property of the Icelandic Government.

The receipts from the traffic to belong to the Icelandic Government.

Marconi's Wireless Telegraph Company Limited.

Ch. Capito.
Representative in Iceland.

Scheme IV.

Connection: Reykjavík and Great Britain.

We will establish the above scheme, work it, and maintain it for the Icelandic Government, for an annual sum of £ 2000, for 20 years, at the end of which, the installation will become the property of the Icelandic Government.

The receipts from the traffic to belong to the Marconi Company, but we undertake to charge at a rate not higher than twopence per word.


Marconi's Wireless Telegraph Company Limited.

Ch. Capito,

Representative in Iceland.

Scheme V.

Diagram of connections:



We will establish the above connections for a sum not exceeding

£ 23000.

Probable yearly expenses £ 2208 (wiht British operators)

or

We will establish the above scheme, work it, and maintain it for the Icelandic Government, for an annual sum of £ 4048, for 20 years, at the end of which, the installation will become the property of the Icelandic Government.

The receipts from the traffic to belong to the Icelandic Government.

Marconi's Wireless Telegraph Company Limited.

Ch. Capito.

Representative in Iceland.

Þýðing.

Til formanns ritsímanefndarinnar

á Alþingi.

Göfugi herra!

Eptir beiðni nokkurra felaga yðar í nefndinni, leyfi eg mér að staðfesta tölur þær, sem eg drap á fyrir nefndinni, þegar við áttum tal saman 19. Júlí þessa árs.

Þessar tölur tilheyra nokkrum af uppdráttunum, sem eg hefi leyfi til að semja um við Alþingi, verði þess óskað.

Eg leyfi mér að endurtaka það, að eg er altaf til þénustu nefndarinnar.

Virðingarfylst

Marconis þráðlausa ritsímafélag,

Ch. Capito.

Þýðing.

I.

Vér munum setja á stofn áður nefnt samband fyrir upphæð, sem ekki fer yfir 35.000 pund sterling.

Árleg útgjöld verða að líkindum 4278 pund (með bretskum starfsmönnum).

Vér munum setja sambandið á stofn, reka það, halda því við fyrir þá íslenzku stjórn, gegn 7078 punda árlegu gjaldi í 20 ár; eptir þann tíma verður alt eign Íslendinga. Tekjurnar ganga til landsjóðs Íslands.

Marconis þráðlausa firðritafélag.

Ch. Capito.

Þýðing.

IV.

Samband milli Reykjavíkur og Bretlands.

Vér munum setja á stofn hið fyrnefnda samband, reka það og halda því við fyrir stjórn Íslands gegn 2000 punda árlegu gjaldi í 20 ár, en eptir þann tíma verður alt eign Íslands.

Tekjurnar ganga til Marconifélagsins, en vér lofum því, að borgun fyrir orðið skal ekki fara yfir 2 pence.

Marconi þráðlausa firðritafélag.

Ch. Capito.

Fylgiskjal 6

Overslag

over Udgifter i Aaret 1906 og 1907 i Anledning af Anlæg og Drift af Telegraf- og Telefonanlæg paa Island.

				1906	1907
I.	Tilskud til Store nordiske Telegrafselskab			35.000	35.000
II. a.	*Matriel til Landlinien:*				
	13.500 Stolper a ca: 5.00	68.000 Kr.			
	28.000 Isolatorer a 30 Öre ...	8.400 —			
	13.500 Topplader a 20 Öre	2.700 —			
	27.000 Kroge a 25 Öre	6.750 —			
	2×620 Km. = 78.120 Kg. 3 m/m Broncetraad a 1.50 pr. Kg.	117.180 —			
	Andet Liniematriel	8.000 —			
	3000 Meter Kabel	9.000 —			
			220.030		
b.	*Transport m. v.:*				
	Fragt af Kabel til Island	250 Kr.			
	Tilsyn med Stolpernes Imprægnering m. v.	3.000 —			
	Fragt for Stolper til Island ...	22.000 —			
	Fordeling af Stolperne til Linien ...	47.250 —			
	— for andet Materiel ...	7.000 —			
	Övrige Fragt til Island	5.000 —			
			84.500		
c.	*Arbejdet m. v.:*				
	1 Overleder i 150 Dage a 25 Kr....	3.750 Kr.			
	5 Bestyrere i 120 — a 15 — ...	9.000 —			
	1 — i 120 — a 10 — ...	1.200 —			
	14 Formænd i 110 — a 8 — ...	12.320 —			
	70 norske Arbejdere i 110 Dage a 3.50	26.950 —			
	170 islandske do. i 100 — a 3.00	51.000 —			
	2 Montörer i 130 Dage a 7.00 ...	1.820 —			
	Rejseudgifter til og fra Landet for de norske Arbejdere, iberegnet Dagpenge 2.00 under Rejsen	4.900 —			
	Rejseudgifter for Bestyrere og Formænd, iberegnet Dagpenge	4.000 —			
	Rejseudgifter til islandske Arbejdere	1.500 —			
	Heste under Arbejdet	5.000 —			
	Telte, Redskaber m. v.	8.000 —			
	Gratialer	4.000 —			
			133.440		
			437.970		

			1906	1907
d.	*Apparater m. v.:*			
	Apparater m. v. til 16 Landstationer a 200 Kr.	3.200 Kr.		
	Telegrafapparater til Reykjavik, Akureyri og Kabelstationen	3.000 —		
	Telefonapparater til samme ...	2.500 —		
	Reserveapparater	500 —		
	Inventar m. v. til 3 Stationer ...	3.500 —		
	Trykningsarbejde	300 —		
		13.000		
e.	Uforudsete Udgifter tkn. Konsulent	10.000 —		
		10.000		
		460.970		
÷	Fra Store nordiske Telegrafselskab	292.000		
		168.970	168.970	
III.	2800 Reservestolper til Reparation og fremtidige Sidelinier	14.000		
	Fragt af disse til Island	5.600		
	Andet Matriel paa Lager	400		
			20.000	
IV.	Oplærelse af 4 islandske Telegrafister		4.000	
V.	Liniens Maaling og andre Efterarbejder		...	5.000

Drift og Vedligeholdelse.

	1906	Normalt Aar (1907)
Halvdelen af Omkostningerne ved Kabelstationens Drift (Efter Krarup.)...	3.150	8.200
Lönninger: Reykjavik 1 Driftsbestyrer, 2 Telegrafister, 2 Telefondamer	2.500	10.000
Akureyri 1 Bestyrer, 2 Telefondamer	1.000	4.000
Bestyrerne af 16 Landtelefonstationer, for deres Arbejde med Linieundersögelserne m. v. a 60 ... (Paa Betingelse af at et lignende Belöb ydes af Vedkommende Herred eller paa anden Maade).	250	960
Husleje i Reykjavik og Akureyri og Brændsel og Belysning samme Steder	650	1.600
Blanketter m. v.	300	700
Anlæggets Vedligeholdelse		6.915
Andre Udgifter	500	1.000
	8.350	33.375

24. Juli 1905.

O. Forberg.

Fylgiskjal 6 b.

Overslag

over Udgifter m. v. af Stolpernes Fremkjöring til Linien.

Fordelingsfelt	Antal Stolper	Gennemsnits-transport pr. Stolpe i Km.	Antagen Pris	Tilsammen	Anmærkninger
Seydisfjord—Heidarbrún ...	360	7.8	3,00	1080,00	Lossepl. Seyðisfjord
Heidarbrún—Beinavarda Smjörvatnsheidi	1000	40	4,50	4500,00	- Héraðssandr
Beinavarda—Hof	425	25	3,50	1487,50	
Hof—Selá	360	20	3,00	1080,00	- Vopnafjord
Selá—Hólsfjall (16 km. öst f. Grimstaðir)	500	40	6,00	3000,00	
Hólsfjall—Jökulsaa	450	75	8,00	3600,00	- Öxarfjörður
Jökulsaa—Myvatn	730	65	6,00	4380,00	- Húsavík
Mývatn—Ljósavatn	805	50	4,50	3622,50	
Ljósavatn—Akureyri	690	13	3,00	2070,00	- Akureyri og Svalb.
Akureyri—Vellir	900	7	1,50	1350,00	- Akure., Hjalteyri., Dalvik
Vellir—Heljardalsheiði	475	15	3,00	1425,00	- Dalvík
Heljardalsheiði - Saudarkrókr	1000	10	3,00	3000,00	- Kolb.ós, Sauðárkr.
Sauðarkrókr—Blonduós	900	10	3,00	2700,00	- Sauðárkr., Blonduós
Blonduos—Vididalsaa	840	18	3,00	2460,00	- Blonduós
Vididalsaa — Staður. Hrútafjörður	1000	20	2,00	2000,00	- Hrútafjörður og Miðfjörður
Staður—Grjóthals	1000	27	4,00	4000,00	- Hrútafj., Borgarnes
Grjóthals—8 km. syd for Grund.	900	17	3,50	3150,00	- Borgarnes
Til Hvalfjord	480	10	2,00	960,00	- Hvalfjord
Hvalfjord—Reykjavik	865	5	1,25	1081,25	- Flere Steder mellem Hvalfjord og Reykjavik
	13680	.....	.....	46946,25	
Tillæg for endel længere (12—13 Al.) Stolper, ...	.....	.....	.....	303,75	
				47250,00	

Til Grund for ovenstaaende Beregning er lagt Udtalelser af lokalkjendte Folk, som jeg har talt med paa min Rejse gjennem Landet. For de Stolper, der medgaar mellem Jökulsaa og Myvatn haves et bestemt Forlangende, som jeg dog ikke kan ansee for bindende for Vedkommende. Ligesaa for de 1000 Stolper mellem Vididalsaa og Staður, her blev forlangt 1 á 2 Kroner.

Der er ved de opförte antagne Priser ikke blot taget Hensyn til Gennemsnitstransporten, men ogsaa til den vanskeligere og lettere Transport.

25. Juli 05.

O. Forberg.

Fylgiskjal 7

Til

Hr. Formanden i Telegrafudvalget.

Reykjavik.

Ifölge Deres Anmodning om at fremkomme med en Udtalelse angaaende traadlös Telegrafforbindelse og Forbindelse med Kabel og Traad til Udlandet og indenlands, skal jeg faa anföre följende:

Efter hvad der er oplyst, er den Traadlöses Evne til at afvikle Correspondancen kun ringe sammenlignet med Kabel og Traad. Med indtil 50 Bogstaver i Minuttet vil der medgaa 2—3 Minutter til Afsendelsen af et Telegram af almindelig Længde, og naar der saa, hvad der er sandsynligt, medgaar ligelang Tid til Forespörgelser for Kontrollering af det modtagne Telegrams Rigtighed, er Evnen ringe, selv under de her forudsatte gunstige Omstændigheder. Det bemærkes, at en traadlös Station paa samme Tid kun kan enten sende til eller modtage fra en af Nabostationerne. Stationen paa Reykjanæs kan altsaa ikke expedere med Indlandet, naar den er optaget med Udlandet, ligesom Stationen paa Dalatangi (Seydisfjord) i den Tid, saavidt forstaaes, maa være ud af Virksomhed, hvis der ikke paa disse Steder vil oprettes 2 Stationer, en for Udlandet og en for Indlandet med hver sin Afstemning. Til Sammenligning skal jeg anföre, at Expedition paa Kabel eller Traad kan foregaa ganske anderledes hurtigt. 2—3 Telegrammer af almindelig Længde er det vanlige i Minuttet, og om det viser sig nödvendigt, kan der samtidig sendes og modtages paa samme Kabel eller Traad. (Der kan enddog sendes 4 Telegrammer samtidig paa en Traad, 2 i hver Retning.) Paa Kabelstationen vil der saaledes efter den projekterede Ordning med Traad *samtidig* kunne foregaa Följende expeditioner: I. Sendes Telegrammer til Udlandet. II. Modtages fra Udlandet. III. Sendes Telegrammer f. Eks. til Reykjavik. IIII. Modtages fra Reykjavik og V. expederes paa Telefon med hvilkensomhelst af Landets Stationer. Heraf sees at Traadens Evne til at afvikle Correspondancen er uden Sammenligning med den Traadlöses. Hertil kommer Sikkerheden i Depechernes Befordring pr. Traad og traadlös, hvor Forskjellen tör være den samme.

Med Hensyn til at opfange Telegrammerne som svage Lyd i en Telefon, hvad der er nævnt som en Nödvendighed under enkelte Forhold ved den traadlöse, skal jeg anföre at det kun er et Faatal af Telegrafisterne, som lærer at tage Tegnene efter Lyden og da oftest efter flere Aars Övelse.

Ethvert Skib eller ethvert Sted med traadlös Modtagelsesstation, som befinder sig indenfor den islandske Traadlöses Rækkevidde, kan, saavidt forstaaes, *ikke undgaa* at modtage samtlige Telegrammer fra og til Island, naar Afstemningen er ens. Forholdet er selvfölgelig et andet og Strömmens Retning absolut begrænset ved Kabel.

Det tör være Grund til at antage, at Afstemningen (Bölgelængdernes Regulering) ikke holder stik i Praksis for et traadlöst System med de Afstande og i den Udstrækning, som det her er Tale om, baade saaledes at den indenlandske Corresponance vil forstyrres under Expedition med Udlandet, og at der ofte vil indtræde atmosfæriske Forstyrrelser, som vil bringe Forvirring i det Hele og standse al Correspondance, især i Vintermaanederne saa langt mod Nord. I den Forbind-

else vil jeg anföre, at i det nordlige Norge, hvor jeg har været ansat ved Telegrafetaten i flere Aar, er der især om Vinteren under Klarveir med Nordlys saa stærk Luftelekricitet (Jordmagnetisme) at Extraforanstaltninger maa foretages for at kunne telegrafere paa Linierne. Enten forenes da de to expederende Stationers Batterier for at overvinde den fremmede Ström, eller Stationens Batteri skydes ud, og der bliv expederet ved at benytte Luftelektriciteten som Kraftkilde. Dette hænder ikke en enkelt Gang, men som Regel, naar der er Nordlys i Luften. Man besværes mindre eller intet af dette i det sydlige Norge. Jeg har vanskelig for at tro, at ikke disse stærke Strömninger af fremmed Elektricitet — noget som utvivlsomt ogsaa er tilstede paa Island — skulle virke forstyrrende paa de følsomme traadlöse Apparater og ödelægge Correspondancen.

Med Hensyn specielt til Tilbudene angaaende traadlöse Indenlandsforbindelser bemærkes, at der tilbydes oprettet Stationer paa Steder, hvor man ikke önsker saadanne eller har Brug for Telegrafstationer. Hertil kommer saa Landtelegraflinier for at forbinde beboede Steder med disse afsidesliggende traadlöse Stationer. Selv om hele Maskineriet virkede tilfredsstillende, vilde man altid være belemret med de Stationer, som ingen relativ Nytte gjör eller giver nogen Indtægter foruden at der, som nævnt, maatte oprettes med almindeligt Traadsystem de Stationer, man önskede i Landet, alt med en tidobbel saa kostbar Betjening paa hver Landstation, som der kan anordnes med kombineret Telegraf og Telefonlinie. Ifald den Traadlöse lægges til Grund for den indenlandske Forbindelse, tör det vise sig om ikke lang Tid, at disse suplerende Landlinier sammenlagt vil udgjöre en större Del af Hovedlinien fra Vest- til Östland.

Systemet forudsætter uforholdmæssig mange Omexpeditioner (Optagelser) af Telegrammerne. Efter Siemens & Halskes Plane 6 Optagelser for et Telegram fra Seydisfjord til Reykjavik, naar kun Indlandsforbindelserne benyttes og 4 Optagelser, naar Telegrammet sendes over Færöerne. Sandsynligheden for Telegrammets Forvandskning blir herved meget stor, og det maa, saavidt forstaaes, forudsætte en höi Taxt pr. Telegram, hvis Betalingen skal staa i Forhold til Arbeidsydelsen. De Forsög, som er foretagne med den Traadlöse mellem et Par af Lofotöerne i Norge, frister ikke til Efterligning, og det maa bemærkes, at Island, ifald Landet bestemmer sig for den Traadlöse, ialfald indirekte vil komme til at yde sin Tribut til Forsögene, hvis Systemet ikke virker tilfredsstillende.

Med Hensyn til Bygning, Sikkerhed og Vedligehold af en Landlinie som projekteret skal jeg udtale:

Der er selvfölgelig mange Vanskeligheder at overvinde ved at udföre et saa stort Anlæg paa et Aar; men jeg haaber dog, at ifald ingen uforudseede Omstændigheder skulle indtræffe, det skal lade sig gjöre at fuldföre Bygningen paa en Sommer.

Jeg mener, at en Linie over Island ikke er udsat for flere Farer end de fleste af Linierne i det nordlige Norge, og med dette Land og denne Landsdel maa vel helst drages Sammenligninger — og ikke med Sydafrika eller Kina — da Island og det nordlige Norge i naturlig Beskaffenhed og klimatiske Forhold har meget tilfælles. Fra mine Erfaringer fra disse Egne kan jeg udtale, at Regelen er, at alle Telegraf- og Telefonforbindelser er i Orden, selv under de haardeste Vinterstorme. Selvsagt kan der opstaa Brud eller andre Ugreier, især paa Fjeldovergangene ved Skred og lignende, men man vilde regne det for meget og særlig uheldigt, om der paa en Fjeldovergang, som f. Eks. Smörvatnsheidi, skulde opstaa

3 Brud samme Vinter paa en eller begge Traade. Her er bortseet fra Liniens förste Vinter.

Af Grundene til at Vedligeholdsprocenten i Norge er saa lav — 2% — skal jeg anföre: I. En Flerhed af Linierne er lette ɔ: faa Traade, II. Bygningen udföres meget solid, III. kun bedste Sort Matriel af Stolper, Traad, Isolation m. v. anvendes, IIII. Der oprettes forholdsvis mange Stationer. Opstaar nemlig Ugreier paa Linien, er det let at udfinde, mellem hvilke 2 Stationer Feilen er, og jo kortere mellem Stationerne, jo mindre blir det Felt, der skal befares. Man undgaar ved denne Ordning at holde specielt Opsynspersonale til at patruljere Linien, idet hver Landstation tjener som Opsynsstation, og hver Bestyrer af Landstationerne vil blive oplært til at reparere almindelig forekommende Feil paa Linien med vanlige Dagpenge for sit Arbeide hermed. Dette er Praksis i Norge, og det maa kunne ordnes saa ogsaa paa Island. — Omkostningerne ved Vedligehold af Linierne i Norge har siden Telegrafens Begyndelse i 50-Aarene, som nævnt, været gjennemsnitlig 2% af den i Linierne nedlagte Kapital — og jeg kan ikke finde nogen Grund for, at ikke Forholdet skulde blive det samme paa Island, hvor man fra Begyndelsen kan drage sig til Nytte de Erfaringer, som er indvundet i andre Lande.

Talen om, at Kabelbrud indtræffer saa hyppigt, at der maa lægges 2 Kabler til Landet for at have en i Reserve, kan ikke være alvorlig ment. Jeg har ikke her nogen Statistik over Kabelbrud, men fra mit Kjendskab til dette i Norge kan jeg anföre, at Kabelbrud hörer til Sjeldenhederne, og Norge har dog en Masse Kabler til sine Indlandsforbindelser.

Jeg har for 6 Aar tilbage været et Par Aar paa Stationen i Kristiania og havde en Del med Linien og Kabelen Egersund — Aberdeen (Norges Hovedforbindelse med Udlandet) at bestille. I den Tid var der ingen Ugreier, og jeg har heller ikke hört, at saadanne har indtruffet senere. Ved min Station i Romsdal (mellem Stederne Veblungsnæs — Molde — Aalesund) ligger 13 Sökabler. Der har i de 4 Aar, jeg har været der, opstaaet 2 Kabelbrud, begge Gange foraarsaget ved Ankring af Skibe i Storm; og flere af disse Kabler er fra Telegrafens Begyndelse, og er ikke saa solide som de, der nu fabrikeres.

Hvad der efter de foreliggende Overslag synes at fremgaa, bliver hellerikke Omkostningerne i Anlæg og Drift mindre for Island ved det traadlöse System end ved Traad, selv om intet större Hensyn tages til Indtægten af Indlandsforbindelsen, der naturligen vil blive betydelig höiere ved Traadsystemet med baade Telegraf og Telefon og langt flere effective Stationer end ved den Traadlöses kun Telegraf- og mange »döde« Stationer. Det er endvidere indlysende, at Telegrafens og Telefonens Udvikling i Landet kan foregaa paa en naturligere, billigere og mere tjenlig Maade med en Hovedlinie gjennem Landet, hvorfra der kan udstikkes billige Sidelinier, end det kan anordnes ved den Traadlöses Berörring af Landets Yderpunkter.

Ærbödigst.

O. Forberg.

Reykjavik 26. Juli 1905.

Fylgiskjal 8

Projekterede Landlinier.



Forklaringer.

Staðar—Isafjord.	2 Alternativer (Punkteret).
Sauðarkrókr—Akreyri.	2 — —
Einarstaðir—Vopnafjörðr	2 — —

Fylgiskjal 9

Útdráttur

úr þingmálafundargerðum þeim, sem liggja frammi á lestrarsal Alþingis 1905.

1. Þingmálafundur á Skinnastöðum í Norður-Þingeyjarsýslu 20. Marz.
Telegraphinn. Mál þetta var talsvert rætt og kom fram svo hljóðandi tillaga:

»Fundurinn skorar fastlega á þing og stjórn, að sjá um, að ritsími og talþráður, sem fyrirhugað er að leggja frá Austfjörðum til Reykjavíkur, verði lagður um bygðir, eptir því sem framast er unt, t. d. fyrst til Vopnafjarðar um Strandir, yfir Öxarfjarðarheiði um Jökulsárbrú, yfir Reykjaheiði og svo framvegis, þar sem auðsætt er, að hann yrði alment að meiri notum fyrir þjóðina, yrði að líkindum lítið dýrari og viðhaldið auðveldara«.

Tillaga þessi var samþykt í einu hljóði.

2. Þingmálafundur á Þórshöfn í Norður-Þingeyjarsýslu 17. Marz.
Ritsímamálið: um mál þetta var talsvert rætt, og kom ljóst fram sú skoðun, að sjálfsagt yrði ritsíminn að liggja um sveitir, þar eð flutningur á efni til hans yrði ódýrari, viðgerð ódýrari, aflafréttir, hafísfréttir og slíkt öruggara, og þar eð búast mætti við að litlu seinna krefðust flestir hlutar landsins að vera í sambandi við símann, þá yrði stórum mun dýrara að breyta lagning hans seinna heldur (en) nú í upphafi.
Að lokum lýsti fundurinn yfir:

»Fundurinn lýsti yfir því, að hann álítur sjálfsagt, að ritsíminn liggi af Austfjörðum yfir Hérað til Vopnafjarðar, norður Strandir, fyrir botninn á Þistilfirði, yfir Öxarfjarðarheiði um brúna á Jökulsá, yfir Reykjaheiði ofan í Reykjahverfi að brúnni á Skjálfanda(fljóti)«.

3. Þingmálafundur á Vatneyri við Patreksfjörð 26. Júní:

Ritsímamálið: *»Fundurinn álítur hraðskeytasamband við önnur lönd og innanlands æskilegt, en vill ekki sæta neinum afarkostum í því efni, og telur ritsímasamning frá í haust ofvaxinn fjárhag landsins, hættulegan fjárforræði voru og þingræði, ósamrýmanlegan sérmálaumráðum vorum, og skorar á þingmann kjördæmisins að gera alt, sem í hans valdi stendur, til að fá þeim samningi hrundið sem heimildarlausum í gildandi fjárlögum og hættulegum fyrir frelsi og sóma þjóðarinnar.*

Jafnframt skorar fundurinn alvarlega á þingið, að sæta þeim kjörum í hratskeytamálinu, sem landinu eru hagfeldust, og mótmælir öllum fjárframlögum til hraðskeytasambands, áður en þingið í sumar hefir löglega bundið enda á málið frá þjóðarinnar hlið«.

Tillagan samþykt með meiri hluta atkv.

4. Þingmálafundur á Ljósavatni í Suður-Þingeyjarsýslu 18. Júní.
Þá var rætt um ritsímamálið, og um það samþykt með 31 atkvæði gegn 4 svo látandi fundaryfirlýsing:

»*Fundurinn skilur síðustu fjárlög þannig, að stjórnin hafi haft fullkomlega frjálsar hendur til að velja um, hvort hallast skyldi að ritsíma eða loftritun milli Íslands og útlanda, og lýsir ánægju sinni yfir þeim áhuga, sem ráðherrann hefir sýnt á því máli. Jafnframt lýsir fundurinn yfir því, að hann álítur síma áreiðanlegri en loftritun, eptir þeim upplýsingum, sem hingað til hafa feingizt, og þar af leiðandi heppilegri fyrir oss, nema því að eins, að loftritun fáist fullkomlega tryggileg. — Hins vegar lýsir fundurinn óánægju yfir því, hve lítið þetta mál er skýrt frá stjórnarinnar hálfu, og tekur fram þá skoðun sína, að það sé skylda stjórnar í frjálsu landi að skýra þjóðinni frá gerðum sínum og ástæðum fyrir þeim fljótar og betur en hér hefir verið gert, enda tekur fram, að svo framarlega sem ráðherrann hefir farið leingra en umboð hans og heimildir náðu til í ritsímasamningnum, eins og sumir halda fram, þá sé þingið eigi bundið af þeirri athöfn, heldur beri því að ráða fram úr málinu í sumar einungis eptir eigin sannfæringu um það, hvað hagfeldast sé fyrir þjóðina*«.

Jafnframt kom fram eptirfylgjandi tillaga, er flutningsmaður krafðist að væri borin undir atkvæði:

»*Fundurinn álítur hraðskeytasamband við önnur lönd og innanlands æskilegt, en vill þó ekki sæta þar neinum afarkostum, og lýsir jafnframt óánægju sinni yfir samningi þeim, er ráðherrann hefir gert við St. norræna; telur hann gerðan í fljótræði, áður en nokkur vissa var fyrir því, að ekki mætti fá miklu betri kjör, og hættulegan fjárforræði voru og þingræði. — Jafnframt skorar fundurinn alvarlega á þingið, að sæta þeim einum kjörum í hraðskeytamálinu, sem bezt eru fyrir landið*«.

Þessi tillaga var feld með 36 atkvæðum gegn 4. —

5. Þigmálafundur í Vík í Vestur-Skaptafellssýslu 17. Júní.
Ritsímamálið: Fundinum þótti íhugaverður samningurinn við hið »Stóra norræna«, og þó hvað helzt landsímalagningin og viðhald landsímans í framtíðinni, og tillaga var samþykt á þessa leið:

»*Fundurinn telur ritsímasamninginn, er gerður var í haust, hættulegan fyrir fjárforræði landsins og sjálfstæði, og skorar því á þingm. sýslunnar og Alþingi í heild sinni, að fá þeim samningi hrundið.*

Jajnframt vill fundurinn að þingið rannsaki ýtarlega, hvort gildandi fjárlög hafa gefið ráðherranum heimild til slíks samnings við ritsímafélagið St. norræna.

Ennfremur telur fundurinn hraðskeytasamband við önnur lönd

og innanlands nauðsynlegt, og skorar á þingið að neyta allrar orku til að komast að hagkvæmum samningum í því efni«.

6. Þingmálafundur í Stykkishólmi 19. Júní.

Fréttaþráðarmálið:

»Fundurinn lýsir því yfir, að hann sé hlyntur ritsímalagningu milli landa og innanlands, en skorar jafnframt á Alþingi að gæta þess, að landinu verði ekki reistur hurðarás um öxl með fjárframlögum í því efni«.

Samþykt með 15 gegn 7 atkvæðum.

7. Þingmálafundur á Bæ í Strandasýslu 24. Júní.

Ritsímamálið: Eptir all-langar umræður í máli þessu var samþykt svo hljóðandi tillaga með 14 atkv.

»Fundurinn lýsir óánægju sinni yfir ritsímasamningi stjórnarinnar, eins og hann hefir birzt almenningi, og telur hann mjög óaðgeingilegan í ýmsum atriðum, lítt kleifan fjárhag landsins, og fé það, sem til hans er ætlað, ekki heimilað í gildandi fjárlögum. — Þingið á því að ráða úrslitum þessa máls og hafa óbundnar hendur til að velja um þau tilboð um hraðskeytasamband, er það kann að eiga kost á«.

8. Þingmálafundur í Guðlaugsvík í Hrútafirði 17. Júní.

Ritsímamál: Var eptir allmiklar umræður borin upp svo hljóðandi tillaga:

»Fundurinn vill — svo framarlega sem samningur ráðherrans við hið stóra norræna ritsímafélag ekki reynist bindandi fyrir þingið — skora á þingmann sinn, að hann geri alt, sem í hans valdi stendur, til þess að þingið ekki framkvæmi neitt í ritsímamálinu, er stofnað geti landinu í fjárhagslegan voða«.

Var tillaga þessi samþykt með 6 atkvæðum á móti 5.

9. Þingmálafundur í Hólmavík í Strandasýslu 22. Júní.

Ritsímamál: Var eptir allmiklar umræður lesin upp svo hljóðandi tillaga:

»Fundurinn vill — svo framarlega sem samningur ráðherrans við hið stóra norræna ritsímafélag ekki reynist bindandi fyrir þingið — skora á þingmann sinn, að hann geri alt, sem í hans valdi stendur, til þess að þingið ekki framkvæmi neitt í ritsímamálinu, er stofnað geti landinu í fjárhagslegan voða«.

Var tillaga þessi samþykt með 15 af 17 greiddum atkvæðum.

10. Þingmálafundur á Grund í Borgarfjarðarsýslu 19. Júní.

Ritsímamálið:

»Fundurinn álítur hraðskeytasamband við önnur lönd og innanlands æskilegt, en vill ekki sæta þar neinum afarkostum, og telur rit-

símasamning frá í haust ofvaxinn fjárhag landsins, hættulegan fjárforræði voru og þingræði og ósamrýmanlegan sérmálaumráðum vorum, og skorar á þingmann kjördæmisins, að gera sitt ýtrasta til, að fá þeim samningi hrundið sem heimildarlausum í gildandi fjárlögum og hættulegum fyrir frelsi og sóma þjóðarinnar.

Jafnframt skorar fundurinn alvarlega á þingið, að sæta þeim kjörum í hraðskeytamálinu, sem bezt eru fyrir landið, og mótmælir öllum fjárframlögum til hraðskeytasambands áður en þingið í sumar hefir löglega bundið enda á málið frá þjóðarinnar hlið«.

Samþykt með 20 atkv. móti 14.

11. Þingmálafundur á Skipaskaga (Akranesi) 1. Júní.

Ritsímamálið: Eptir að 14 sinnum hafði verið tekið til máls, var svo hljóðandi fundarályktun samþykt með 30 atkvæðum:

»*Fundurinn er því meðmæltur, að ritsímamálinu sé haldið áfram, en skorar á þingið og þingmann kjördæmisins að hafa vakandi auga á, að samþykkja ekki neitt í því máli, er stofni landinu í fjárhagslegan voða«.*

Að því búnu var einnig samþykt svo hljóðandi tillaga:

»*Verði hinn væntanlegi ritsími lagður yfir Hvalfjörð, þá sé á landssjóðs kostnað jafnframt lagður talsími frá Skipaskaga inn að símastöðinni við Hvalfjörð«.*

12. Þingmálafundur í Galtarholti í Mýrasýslu 26. Júní.

Ritsímamálið: Eptir all-langar umræður var samþykt með 34 : 6 atkv. svo hljóðandi fundarályktun:

»*Fundurinn lýsir yfir því áliti sínu, að samningurinn við norræna ritsímafélagið fari í bága við tilætlun Alþingis og gildandi fjárlög, og eigi því ekki að vera því til fyrirstöðu, að þingið sæti þeim beztu kjörum í þessu máli, sem fáanleg verða, og skorar á þingið að gæta þess«.*

13. Þingmálafundur í Vestmannaeyjum 25. Júní.

Ritsímamálið:

»*Fundurinn telur hraðskeytasamband við önnur lönd æskilegt, en vill eigi sæta þar neinum afarkostum, og hyggur, að ritsímasamningurinn frá í haust sé ofvaxinn fjárhag landsins, hafi eigi heimild í gildandi fjárlögum og sé því hættulegur fjárforræði voru og þingræði, og skorar fastlega á þingið, að samþykkja ekkert í því máli, sem sé efnahag þjóðarinnar um megn. Jafnframt skorar fundurinn á þingið, að sæta þeim kjörum í hraðskeytamálinu, sem bezt eru fyrir landið, og mótmælir fjárframlögum til hraðskeytasambands áður en þingið hefir bundið enda á málið frá þjóðarinnar hlið«.*

Samþykt í einu hljóði.

14. Þingmálafundurinn í Búðardal í Dalasýslu 17. Júní
Ritsímamálið. Eptir nokkrar umræður var samþykt með samhljóða atkvæðum svo hljóðandi tillaga:

»Fundurinn er mótfallinn aðgerðum ráðherrans í ritsímamálinu, og álítur hann hafa brotið skýlaust í þessu efni núgildandi fjárlög landsins. Samkvæmt þessu skorar fundurinn á Alþingi að ónýta samninga ráðherrans við »hið stóra norræna ritsímafélagið«, en reyna samt að koma á hraðskeytasambandi við útlönd og innanlands á (sem) tryggilegastan og ódýrastan hátt, sem auðið er að fá«.

15. Þingmálafundur í Skarðsstöð í Dalasýslu 23. Júní.
Ritsímamálið. Eptir all-ýtarlegar umræðar um það mál, þá var samþykt eptirfylgjandi:

»Fundurinn skorar á Alþingi að taka þær heppilegustu ákvarðanir á næsta þingi viðvíkjandi ritsímamálinu, og undir öllum kringumstæðum að varast að stofna landinu í fjárhagslegan voða, hvað lagningu og viðhald ritsímans snertir«.

16. Þingmálafundur á Bíldudal í Arnarfirði 27. Júní.
Ritsímamálið. Eptir nokkrar umræður var samþykt svo hljóðandi tillaga í því máli með öllum greiddum atkvæðum:

»a) *Fundurinn lýsir óánægju sinni yfir því, að ráðherrann hefir gert samning við ritsímafélagið danska um ritsímalagning hingað, án þess að leggja málið fyrst fyrir Alþingi, og skorar á Alþingi að gæta þess, að samþykkja ekkert í þessu máli, sem leggi ofþunga byrði á þjóðina, en að sæta þeim kjörum í hraðskeytamálinu, sem bezt eru fyrir landið.*

b) *Komist þingið að góðum kjörum í hraðskeytamálinu, skorar fundurinn á Alþingi að sjá um, að flest kauptún á Vesturlandi fái hraðskeytasamband við Reykjavík og útlönd jafnt og önnur kauptún landsins«.*

17. Þingmálafundur í Ísafjarðarkaupstað 31. Maí.
Ritsímamálið. Um það var borin upp svohljóðandi tillaga:

»1. *Fundurinn telur ritsímasamning stjórnarinnar við norræna ritsímafélagið ekki samkvæman fjárlögunum, og skorar á Alþingi að samþykkja ekki nein þau fjárframlög í því máli, er ofvaxin séu kröptum þjóðarinnar«.*

Samþykt með 24 samhljóða atkv.

»2. *Verði þess kostur á næsta þingi að komast að betri kjörum fyrir landssjóð í þessu máli en hingað til, skorar fundurinn fastlega á Alþingi að sæta þeim«.*

Samþykt með 20 samhl. atkv.

»3. *Fundurinn skorar fastlega á Alþingi að sjá um, að Ísafjörður komist í hraðskeytasamband við útlönd samtímis og hinir kaupstaðir landsins*«.

Samþykt með 26 samhlj. atkv.

18. Þingmálafundur á Rangá í Norður-Múlasýslu 5. Júní.
Ritsímamálið. Samþykt svo hljóðandi tillaga með 36 atkv. gegn 3:

»*Fundurinn telur sig eigi færan um að segja neitt ákveðið um aðgerðir ráðherrans í ritsímamálinu, en krefst þess, að þingið rannsaki samning þann, er gerður hefir verið í því, og fái að sjá alt það, er að honum lýtur, þá er hann, samkvæmt síðustu fjárlögum verður lagður fram, og taki síðan að öllu athuguðu, sem hagfeldasta stefnu í málinu*«.

19. Þingmálafundur á Vopnafirði 26. Maí.
Ritsímamálið. Samþykt vár með samhljóða 27 atkvæðum svo látandi tillaga:

»*Verði landsími lagður milli Egilsstaða og Akureyrar áleiðis til Reykjavíkur, skorar fundurinn á þingmenn kjördæmisins að fylgja því fast fram, að hann verði lagður eptir bygð og þá sem næst verzlunarstöðunum, en ekki yfir fjöll og firnindi*«.

20. Þingmálafundur á Blönduósi 9. Júní.
Í ritsímamálinu var með öllum samhljóða atkvæðum samþykt svo hljóðandi tillaga:

»*Fundurinn vísar til samþyktar þeirrar í ritsímamálinu. er gerð var á þingmálafundi að Blönduósi 28. April þ. á., en með því að ýmsar þýðingarmiklar upplýsingar í því máli hafa komið fram síðan, er benda á óhagssýni og óvarfærni ráðherrans, þá lýsir hann yfir vantrausti sínu á núverandi stjórn til þess að leiða það mál til farsællegra lykta.*

Einnig skorar fundurinn á þingmenn kjördæmisins að gera sitt ýtrasta til, að fá þeim samningi hrundið, sem ráðherrann hefir Íslands vegna gert við ritsímafélagið danska, og gæti í því efni frelsis og sóma þjóðar sinnar, leggi ella þegar niður þingmensku-umboð sín«.

21. Þingmálafundur í Bjarnanesi í Austur-Skaptafellssýslu.
Ritsímamálið. Eptir miklar umræður var samþykt svo hljóðandi fundarályktun:

»*Fundurinn lýsir óánægju sinni yfir því, að ráðherrann hefir gert samning um ritsímalagningu hingað, svo úr garði gerðan sem hann er, að Alþingi fornspurðu, og skorar á þingið, að samþykkja ekkert í því máli, sem sé kröptum þjóðarinnar ofvaxið. Einnig telur fundurinn rétt, að þingið rannsaki alt málið frá rótum*«.

Samþykt með 13 atkvæðum gegn 5.

22. Þingmálafundur í Breiðdalsvík í Suður-Múlasýslu 3. Júní.
Ritsímamálið. Eptir ýtarlegar umræður var svo hljóðandi tillaga samþykt í einu hljóði:

»*Eptir því, sem enn er framkomið, álítur fundurinn, að ekkert sé vítavert við aðgerðir stjórnarinnar í þessu máli, heldur hafi hún einasta gert það, sem brýn skylda hennar var, eptir ályktunum síðustu þinga, sem framkvæmdarsamrar stjórnar, og finnur því ástæðu til að votta henni traust sitt fyrir aðgerðir hennar í þessu máli, en lýsir óánægju sinni yfir blekkingatilraunum andstæðinga stjórnarinnar, og skorar á þingið að samþykkja aðgerðir hennar, svo framarlega sem ekki kemur eitthvað það fram hér eptir, sem sýnir, að stjórnin að einhverju leyti hafi farið í bága við vilja þings og þjóðar, sem fundurinn ætlast til að verði rannsakað eptir faungum*«.

23. Þingmálafundur fyrir Eiða- Valla- og Skriðdalshreppa 7. Júní.
Í ritsímamálinu var eptir miklar umræður borin upp svo hljóðandi tillaga og samþykt:

»*Vegna hinna mörgu og misjöfnu umsagna um undirbúning og framkvæmdir í ritsímamálinu, skorar fundurinn á þingmenn kjördæmisins að vinna að því, að sett verði nefnd strax í þingbyrjun til að rannsaka málið frá rótum*«.

24. Þingmálafundur í Svarfaðardal 29. Maí.
Ritsímamálið.

»*Fundurinn telur rétt, að þingið gangi að því hraðskeytasambandi, sem hagfeldast er fyrir þjóðina og með sem minstu fjárframlagi*«.

25. Þingmálafundur að Saurbæ í Eyjafjarðarsýslu 26. Apríl.
Ritsíminn.

»*Fundurinn telur rétt, að þingið gangi að þeim samningi um ritsíma, sem ráðherra Íslands hefir gert eða geingið að, nema full vissa sé fyrir því, að jafn-áreiðanlegt firðritasamband fáist með miklu minna fjárframlagi af landssjóðs hálfu*«.

26. Þingmálafundur á Hellissandi í Snæfellsnessýslu 14. Júní.
Ritsímamálið.

»*Fundurinn skorar á Alþingi að gæta þess vandlega, að landinu verði ekki reistur hurðarás um öxl með fjárframlögum til ritsíma*«.

Samþykt í einu hljóði.

27. Þingmálafundur í Ólafsvík 16. Júní.
Ritsímamálið. Í því var samþykt svo hljóðandi tillaga:

»*Fundurinn telur sig hlyntan ritsímalagningu, en skorar þó á Alþingi að sjá um, að landinu verði ekki reistur hurðarás um öxl í fjárframlögum í því skyni*«.

Sama þingmálafundargerð var samþykt óbreytt á Hellisvöllum í Snæfellsnessýslu sama dag.

28. Þingmálafundur í Hafnarfirði 22. Júní.
Ritsímamálið. Eptir nokkrar umræður var svo látandi tillaga borin upp og samþykt með 101 samhljóða atkvæði:

»**a)** *Fundurinn skorar á Alþingi að hafna með öllu ritsíma-samningi þeim, er ráðherrann hefir gert við hið stóra norræna ritsímafélag, þar sem samningur þessi fer í bága við gildandi fjárlög, leggur þjóðinni of miklar byrðar á herðar í hlutfalli við gagn það, sem búast má við, að hún hafi af ritsímanum og misbýður í ýmsum greinum rétti Íslands.*

b) *Verði kostur á loptskeytasambandi milli Íslands og útlanda og ýmissa staða hér á landi með aðgeingilegum kjörum, skorar fundurinn á Alþingi að sinna slíku tilboði; sérstaklega álítur fundurinn æskilegt, að Ísland verði millistöð í loptskeytasambandi milli Norðurálfu og Vesturheims«.*

29. Þingmálafundur í Grindavík í Gullbringusýslu 25. Júní.
Ritsímamálið. Eptir alllangar umræður var með 13 atkv. gegn 1 samþykt svo látandi tillaga:

»*Fundurinn álítur, að ritsímasamningur sá, sem ráðherrann hefir gert við Stóra norræna ritsímafélagið, fari í bága við gildandi fjárlög, leggi þjóðinni of miklar byrðar á herðar og misbjóði í ýmsum greinum réttindum Íslands. Fundurinn skorar því á Alþingi að hafna þessum samningi, en reyna aptur á móti að útvega landinu hraðskeytasamband með nýjum samningi, annaðhvort með loptskeytum eða ritsíma«.*

30. Þingmálafundur að Gerðum í Garði, 24. Júní.
Ritsímamálið. Í því máli var samþykt svo hljóðandi tillaga:

»*Með því að fundurinn álítur, að með ritsímasamningnum við Mikla norræna ritsímafélagið sé óhæfilega vikið frá þeirri leið, sem vakti fyrir síðasta þingi í því máli, og sem ekki mátti víkja frá að þinginu fornspurðu, og með því að þjóðinni er með samningi þessum lagður kostnaður á herðar, sem hún ekki fær undir risið, þá skorar hann á Alþingi að það sjái um, að samningurinn komist ekki í framkvæmd«.*

Samþykt með 10 samhljóða atkv.

31. Þingmálafundur í Keflavík 23. Júní.
Ritsímamálið. Eptir nokkrar umræður var borin fram svo látandi tillaga:

»**a)** *Fundurinn skorar á Alþingi að hafna ritsímasamningi þeim, er ráðherrann hefir gert við hið Stóra norræna ritsímafélag, þar sem hann fer í bága við gildandi fjárlög, leggur þjóðinni of miklar byrðar á*

herðar í hlutfalli við gagn það, sem búast má við, að hún hafi af ritsímanum, og misbýður í ýmsum greinum rétti Íslands.

b) *Verði kostur á loptskeyta eða ritsímasambandi milli Íslands og útlanda og ýmsra staða hér á landi með aðgeingilegum kjörum, skorar fundurinn á Alþingi að sinna slíku tilboði«.*

Samþykt með 34 samhlj. atkv.

32. Þingmálafundur á Brunnastöðum í Gullbringusýslu 23. Júní.
Ritsímamálið. Eptir nokkrar umræður var svo látandi tillaga borin upp og samþykt með öllum (25) samhljóða atkvæðum:

»a) *Fundurinn skorar á Alþingi að hafna með öllu ritsímasamningi þeim, er ráðherrann hefir gert við hið Stóra norræna ritsímafélag, þar sem samningur þessi fer í bága við gildandi fjárlög, leggur þjóðinni of miklar byrðar á herðar í hlutfalli við gagn það, sem búast má við að hún hafi af ritsímanum og misbýður í ýmsum greinum rétti Íslands.*

b) *Verði kostur á loptskeytasambandi milli Íslands og útlanda og ýmissa staða hér á landi með aðgeingilegum kjörum, skorar fundurinn á Alþingi að sinna slíku tilboði«.*

33. Þingmálafundur að Esjubergi í Kjósarsýslu 21. Júní.
Ritsímamálið.

»*Fundurinn álítur, að ritsímasamningur sá, sem ráðherrann hefir gert við Stóra norræna ritsímafélagið, fari í bága við gildandi fjárlög, leggi þjóðinni of miklar byrðar á herðar og misbjóði í ýmsum greinum réttindum Íslands. Skorar því fundurinn á Alþingi að hafna samningi þessum, en reyna aptur á móti að útvega landinu hraðskeytasamband með nýjum samningi, annaðhvort með loptskeytum eða með ritsíma*«.

Samþykt með öllum atkv. (40).

34. Þingmálafundur á Lágafelli í Kjósarsýslu 21. Júní.
Ritsímamálið. Eptir nokkrar umræður frá báðum hliðum var borin upp svo hljóðandi tillaga:

1. *Till. samhljóða þeirri, er samþykt var á Esjubergi (sjá næst á undan), feld með 7 : 6.*
2. *Tillaga um, að fela Alþingi að ráða hraðskeytamálinu til lykta á sem hagfeldastan hátt, samþykt með 9 : 7 atkv.*

35. Þingmálafundur á Mýrum í Vestur-Ísafjarðarsýslu 9. Júní.
Ritsímamálið. Eptir allmiklar umræður var borin upp svo hljóðandi tillaga:

»*Fundurinn er mótfallinn samningi þeim, sem ráðherra Íslands hefir gert við danska ritsímafélagið (stórra norræna) um ritsímalagning hingað til lands, telur þar farið út fyrir fjárlög síðasta þings, og skorar á Alþingi*

að samþykkja ekkert það í þessu máli, sem kröptum þjóðarinnar er ofvaxið«.

Tillagan samþykt með 15 atkvæðum gegn 5.

36. Þingmálafundur á Djúpavogi í Suður-Múlasýslu 14. Júní.
Ritsímamálið.

»*Fundurinn getur því að eins fallizt á gerðir stjórnarinnar í ritsímamálinu, að stjórnin geti sýnt og sannað með ákveðnum tilboðum, að hún geti útvegað landinu ritsíma milli Íslands og útlanda án frekara tillags frá Íslandi en heimilað er í fjárlögum 1904—05.*

Geti stjórnin eigi þetta, álítur fundurinn, að þingið hafi óbundnar hendur til að velja milli allra þeirra tilboða, er fyrir það kunna að verða lögð í sumar.

37. Þingmálafundur á Blönduós 28. Apríl.
Fregnþráðarmál. Samþykt eptir allmiklar umræður svo hljóðandi tillaga frá Sigurði Sigurðssyni á Húnsstöðum, með 18 atkv. gegn 1:

»*Fundurinn lýsir megnustu óánægju sinni yfir því, hafi ráðherrann gert samning við ritsímafélagið danska (stóra norræna) um ritsímalagningu hingað að Alþingi fornspurðu, og skorar á þingið að vera einkar varkárt í þai máli, og samþykkja ekkert í því, er sé kröptum þjóðarinnar ofvaxið.*

Einnig ef samningur þessi er gerður, að Alþingi þá láti vandlega rannsaka, hvort ráðherrann hefir hafi heimild til að gera slíkan samning«.

38. Þingmálafundur á Melstað í Húnavatnssýslu 4. Maí.
Ritsímamálið.

»*Fundurinn skorar á Alþingi að fara sem gætilegast í ritsímamálinu og samþykkja ekki í því máli fjárframlög, sem eru kröptum þjóðarinnar ofvaxin«.*

39. Þingmálafundur á Húsatóptum í Árnessýslu 19. Júní.
Ritsímamálið. Eptir nokkrar umræður samþykti fundurinn svo hljóðandi tillögu:

»*Fundurinn skorar á Alþingi að hafna algerlega samningi þeim, er gerður hefir verið við ritsímafélagið norræna, með því að fundurinn telur hann ofvaxinn fjárhag þjóðarinnar og hættulegan fyrir sjálfstæði hennar og fjárráð Alþingis. Hins vegar telur fundurinn hraðskeytasamband við önnur lönd æskilegt, ef það getur orðið með viðunandi kostum«.*

Samþykt með 37 atkvæðum.

40. Þingmálafundur við Ölfusárbrú í Árnessýslu 17. Júní.
Ritsímamálið. Um það urðu talsverðar og fjörugar umræður, og að þeim loknum var borin upp og samþykt þessi tillaga:

»a) *Fundurinn álítur hraðskeytasamband við önnur lönd og innanlands æskilegt, en vill ekki sæta þar neinum afarkostum, og telur ritsímasamninginn frá í haust ofvaxinn fjárhag landsins, hættulegan fjárforræði voru og þingræði og ósamrýmanlegan sérmálaumráðum vorum og skorar á þingmenn kjördæmisins að gera sitt ýtrasta til að fá þeim samningi hrundið sem heimildarlausum í gildandi fjárlögum og hættulegum fyrir frelsi og sóma þjóðarinnar.*

b) *Jafnframt skorar fundurinn á þingið að sæta þeim kjörum í hraðskeytamálinu, sem bezt eru fáanleg fyrir landið, og mótmælir öllum fjárframlögum til hraðskeytasambands áður en þingið í sumar hefir bundið enda á málið frá þjóðarinnar hlið«.*

41. Þingmálafundur á Seljalandi í Rangárvallasýslu 20. Júní.
Ritsímamálið. Tillaga í því máli var samþykt í einu hljóði þannig látandi:

»Jafnvel þó fundurinn treysti landsstjórninni til þess, að hafa gert sitt bezta og ýtrasta til í ritsímamálinu, skorar hann þó—vegna umræðna þeirra, sem orðið hafa um það mál í blöðunum — á Alþingi, að skipa nefnd til þess að rannsaka gerðir stjórnarinnar í þessu máli, og sannist að samningur sá, sem stjórnin hefir gert, sé móti lögum og skaði þjóðina, þá að gera sitt ýtrasta til að fá honum hrundið«.

42. Þingmálafundur á Stórólfshvoli í Rangárvallasýslu, 19. Júní.
Ritsímamálið. Eptir all-langar umræður í þessu máli var borin upp svo hljóðandi tillaga:

»Um leið og fundurinn lætur í ljósi, að samningur sá, er ráðherrann hefir undirritað um hraðskeytasambönd með hinu stóra norræna fréttaþráðafélagi, verði að álítast alveg óhæfur og andstæður hagsmunum Íslands, bæði fjárhagslega og í báða við sjálfstjórnarfrelsi landsins, vill fundurinn skora fastlega á þingmenn kjördæmisins og þingið í heild sinni að hafna umsvifalaust aðgerðum landstjórnarinnar í þessu efni, þegar af þeirri ástæðu einni, að þær aðgerðir eru ósameinanlegar við frelsi lögjafarvaldsins gagnvart umboðsvaldinu.

Einnig vill fundurinn eindregið skora á þingið, sérstaklega fyrir sakir þess, sem fram er komið í þessu eina málefni, að varðveita þingræðið og frelsi sitt á komandi tímum með því að heimta, að hinn núverandi ráðherra víki úr völdum«.

Tillagan var sampykt með 26 atkvæðum. Einnig var borin upp í sambandi við ritsímamálið þessi tillaga:

»Fundurinn álítur nauðsynlegt, að sem allra fyrst komist á hraðskeytasamband milli Íslands og útlanda og innanlands, og skorar á Alþingi að sæta þeim kjörum, sem hagkvæmust eru fyrir landið, en mótmælir öllum fjárframlögum áður en Alþingi hefir löglega bundið enda á málið frá þjóðarinnar hlið«.

Tillagan var samþykt með öllum atkvæðum.

43. Þingmálafundur að Reyðarvatni í Rangárvallasýslu 22. Júní.
Ritsímamálið. Eptir nokkrar umræður var í einu hljóði samþykt svo feld tillaga:

»Jafnvel þótt fundurinn treysti landstjórninni til að hafa gert sitt bezta og ýtrasta til í ritsímamálinu, skorar hann þó — vegna umræðna þeirra, sem í dagblöðunum hafa orðið um málið — á þingið, að setja nefnd til þess að rannsaka gerðir stjórnarinnar í þessu máli«.

44. Þingmálafundur á Eskifirði 5. Júní.
Ritsímamálið.

»Fundurinn lýsir í einu hljóði ánægju sinni yfir framkvæmdum ráðherra Íslands í ritsímamálinu«.

Lending sæsímans.

»Fundurinn krefst þess með alþjóðarheill fyrir augum, að sæsiminn verði lagður á land á Reyðarfirði, en ekki Seyðisfirði, af því, að Fjarðarheiði mun vera einhver hinn hæitulegasti og óhæfilegasti allra fjallvega, sem komið gæti til mála að leggja landsíma yfir alla leið frá Austfjörðum til Reykjavíkur. Aptur á móti mun Fagridalur, sem liggur upp frá Reyðarfirði, vera einhver hinn bezti fjallvegur á þessari leið, og landtökustaðurinn eptir áliti sérfróðra manna, eingu lakari á Reyðarfirði en Seyðisfirði«.

Samþykt í einu hljóði.

45. Þingmálafundur í Seyðisfjarðarkaupstað 28. Maí.
Ritsímamálið. Um það urðu miklar umræður. Var síðan borin upp svo hljóðandi tillaga í 2 liðum:

1. *»Fundurinn lýsir óánægju sinni yfir því, að stjórnin skuli hafa gert samning um ritsímalagning hingað til landsins svo úr garði gerðan, sem hann er, að þinginu fornspurðu, einkum þar sem fjárlögin virðast ekki heimila það fé, er ætlað er að til þurfi. Þingið eitt á að ráða úrslitum þessa máls og hafa óbundnar hendur til að velja um þau tilboð um hraðskeytasamband, er fyrir kunna að liggja. Væri því rétt, að þingið þegar í þingbyrjun setji nefnd til að rannsaka öll tilboð og hvað annað, sem gert hefir verið í þessu máli«.*

Samþykt með 23. atkv. gegn 8.

2. *»Aðhyllist þingið símasmband, krefst fundurinn þess, að sæsiminn verði lagður til Seyðisfjarðar, sem fullkunnugt er, að sérfróðir menn álíta hentugastan landtökustað fyrir sæsíma til Austurlands. Loks telur fundurinn sjálfsagt, að væntanlegur landsími verði lagður um bygðir eptir því sem framast er unt«.*

Samþykt með 32 samhljóða atkv.

46. Þingmálafundur í Bolungarvík í Norður-Ísafjarðarsýslu 3. Júní.
Ritsímamálið. Eptir nokkrar umræður voru samþyktar svo hljóðandi tillögur, allar í einu hljóði:

»a.) *Fundurinn skorar á Alþingi að hafna ritsímasamningi þeim, er ráðherrann hefir gert við norræna ritsímafélagið, þar sem samningur þessi fer í bága við gildandi fjárlög, leggur þjóðinni of miklar fjárbyrgðar á herðar og misbýður í ýmsum greinum réttindum Íslands*«.

»b.) *Verði kostur á loptskeytasambandi milli Íslands og útlanda og ýmsra staða hér á landi, með aðgeingilegum kjörum, sem þjóðinni eru eigi ofvaxin, skorar fundurinn á Alþingi að sinna slíku boði*«.

»c.) *Fundurinn skorar á Alþingi að hlutast til um, að Ísafjarðarkaupstaður komist í hraðskeytasamband við útlönd samtímis öðrum kaupstöðum*«.

47. Þingmálafundur á Ísafirði 20. Júní.
Ritsímamálið. Svo hljóðandi tillaga var borin upp:

1. »*Fundurinn telur ritsímasamning stjórnarinnar við norræna ritsímafélagið að ýmsu leyti mjög varhugaverðan, og skorar á Alþingi að samþykkja eingin þau atriði í máli þessu, sem á nokkurn hátt geti skert fjárveitingarvald þingsins*«.

Tillagan samþykt með 15 samhljóða atkvæðum.

2. »*Verði á næsta þingi samþykt ritsímalagning milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar, þá skorar fundurinn fastlega á Alþingi, að Ísafjarðarsýsla og kaupstaður komist samtímis í þetta ritsímasamband*«.

Tillagan samþykt með 14 samhljóða atkvæðum.

48. Þingmálafundur á Akureyri 18. Júní.
Ritsímamálið. Eptir nokkrar umræður var svo hljóðandi tillaga samþykt með 53 atkvæðum gegn 18:

»*Út af aðgerðum stjórnarinnar í ritsímamálinu lýsir fundurinn yfir því, að hann telur ekki feingna vissu fyrir tryggilegu sambandi við umheiminn öðru vísi en með ritsíma, en telur slíkt samband svo þýðingarmikið fyrir landið, að hann skorar á þingið, að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess, að það fáist á næsta ári, svo og að talsímastöð verði sett á Akureyri, og svo víða á landinu, sem þingið álítur sér fært, einkum á Ísafirði*«.

49. Þingmálafundur í Reykjavík 19. Júní.
Ritsímamálið. Þessar tillögur voru bornar fram:
1. Frá alþm. Guðm. Björnssyni svo hljóðandi:

»*Fundurinn skorar á Alþingi að ráða ritsímamálinu til lykta á þann hátt, að Reykjavík komist í hraðskeytasamband við sem flesta staði innanlands og í sem öruggast samband við önnur lönd*«.

Þessi tillaga var samþykt með 143 atkvæðum gegn 88.

2. Frá Jóni Jónssyni sagnfræðing svo hljóðandi:

a.) »*Fundurinn skorar á Alþingi að hafna ritsímasamningi þeim, er ráðherrann hefir gert við norræna ritsímafélagið, þar sem samningur þessi fer í bága við gildandi fjárlög, leggur þjóðinni of miklar fjárbyrðar á herðar og misbýður í ýmsum greinum réttindum Íslands.*

b.) *Verði kostur á loptskeytasambandi milli Íslands og útlanda og ýmissa staða innanlands, með aðgeingilegum kjörum, skorar fundurinn á alþingi að sinna slíku boði*«.

Fyrri hluti þessarar tillögu (a) var borinn undir atkvæði og var hún feld með 136 atkvæðum gegn 131, en síðari hlutinn var ekki borin upp.

50. Þingmálafundur á Sauðárkrók 3. Júní.
Ritsímamálið. Eptir allmiklar umræður var samþykt þannig orðuð fundarákvörðun í einu hljóði.

»*Fundurinn lýsir megnri óánægju yfir því, hafi ráðherrann gert samning um ritsímalagningu hér til lands og yfir landið, sem fari fram yfir fulla laga heimild.*

Í sambandi við þetta skorar fundurinn á Alþingi, að athuga ritsímamálið vel áður því er ráðið til lykta, og samþykkja ekki þau gjöld til landsíma, sem þjóðinni verða ofvaxin«.

51. Þingmálafundur á Hofsós, 5. Júní.
Ritsímamálið.

»**a.**) *Fundurinn lýsir megnri óánægju yfir samningi þeim, sem ráðherrann hefir gert um ritsíma til landsins. Sérstaklega þykir fundinum stjórnin hafa farið út fyrir lagaheimild með ráðstöfunum þeim, sem hún hefir gert til símalagningar yfir land*«.

Samþykt með 14 : 5 atkvæðum.

»**b.**) *Fundurinn skorar því á þingið, að ganga ekki að neinu því í ritsímamálinu, er kröptum þjóðarinnar sé ofvaxið, og taka því bezta fulltryggilega tilboði til hraðskeytasambands við útlönd og innanlands, sem unt er að fá*«.

Samþykt með samhljóða atkvæðum.

52. Þingmálafundur á Hrafnagili í Eyjafirði, 12. Júní.
Ritsímamálið. Borin upp svohljóðandi tillaga:

»*Fundurinn lýsir yfir því, að hann eptir atvikum ber fullt traust til ráðherra Íslands fyrir samninga hans í ritsímamálinu fyrir Íslands hönd, og telur þá vera fullkomlega eptir óskum þings og þjóðar*«.

Tillagan samþykt með 58 atkvæðum gegn 11.

Önnur tillaga, svo hljóðandi, var einnig borin upp:

»*Fundurinn álítur hraðskeytasamband við önnur lönd og innanlands æskilegt, en vill þó ekki sæta þar neinum afarkostum, og lýsir jafnframt óánægju sinni yfir samningi þeim, er ráðherrann hefir gert við »st. norræna«; telur hann gerðan af fljótræði áður en nokkur vissa var fyrir því, að ekki mætti fá miklu betri kjör, og hættulegan fjárforræði voru og þingræði.*

Jafnframt skorar fundurinn alvarlega á þingið, að sæta þeim einum kjörum í hraðskeytamálinu, sem bezt eru fyrir landið, og mótmælir öllum fjárframlögum til hraðskeytasambands áður en þingið í sumar hefir löglega bundið enda á málið frá þjóðarinnar hlið«.

Þar sem hin fyrri tillaga var samþykt með öllum þorra atkvæða, var hin síðari álitin fallin.

Þessir útdrættir eru allir 1—51 samkvæmir frumritunum, en útdráttur úr þingmálafundargerð frá Hrafnagili frá 12. Júní þ. á. (52) er gerður samkvæmt því, sem prentað stendur í blaðinu »Reykjavik« 24. Júní 1905, Nr. 31.

Skrifstofu Alþingis 31. Júlí 1905.

Jón Þorkelsson.

Álit meiri hluta nefndarinnar.

Fjórtán ár eru liðin síðan því var fyrst hreift á Alþingi, að Ísland þyrfti að komast í hraðskeytasamband við umheiminn; síðan hefir málið verið rætt á hverju þingi; áhugi þings og þjóðar á þessari framför hefir stöðugt færzt í vöxt; því meira sem um málið hefir verið hugsað og um það rætt, þeim mun betur hefir þörfin komið í ljós.

Nú þegar þetta mikla framfaramál þjóðarinnar loks er að losast út úr margra ára erfiðleikum, er að færast úr fyrirætlun í framkvæmd, þá er eðlilegt, að öllum verði það á að nema staðar, gæta að undanförnum aðgerðum Alþingis og stjórnarinnar, íhuga, hvort þörfin á þessu fyrirtæki muni vera eins mikil og látið hefir verið, meta, hvort það muni nú ekki verða ofvaxið fjárhag vorum og gera nákvæman samanburð á öllum þeim aðferðum, sem til tals geta komið.

I.

Ýmsar fyrirætlanir um fréttaþráð frá Englandi eða Danmörku til Kanada yfir Færeyjar, Ísland, Grænland. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar og ýmsra útlendra félaga, 1852—1879.

Löngu áður en vér Íslendingar tókum til vinnu að því að fá hraðskeytasamband milli lands vors og annara landa, höfðu ýms útlend ritsímafélög fyrirhugað ritsímalagningu hingað. Þeim var auðvitað ljóst, að ritsími til Íslands mundi aldrei bera sig; enda var markmiðið ávalt að koma þræðinum alla leið til Kanada, hafa að eins viðkomustaði á Færeyjum, Íslandi og Grænlandi.

Um miðja 19. öld var einginn fréttaþráður kominn milli Norðurálfu og Vesturheims; það var þá talinn ógerningur að leggja þráð beina leið yfir Atlantshafið. Þess vegna kom mönnum til hugar að hafa þessa viðkomustaði á leiðinni, á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi; hugðust með þeim hætti geta komið á sambandi milli heimsálfanna.

Tveir verkmeistarar í London, bræðurnir *Harrison*, urðu fyrstir til þess 1852 að sækja um leyfi til stjórnarinnar í Danmörku til að leggja ritsíma frá Skotlandi yfir Færeyjar, Ísland og Grænland til Kanada. Ekkert varð úr því frekara.

Tveim árum síðar, 16. Ágúst 1854, fær *Tal. P. Shaffner* herforingi í Bandaríkjunum, einkaleyfi (koncession) hjá dönsku stjórninni til að leggja ritsíma frá Kanada, yfir Grænland, Ísland, Færeyjar, Noreg, Svíþjóð til Kaupmannahafnar; skyldi einkaleyfið haldast í 100 ár, en verkinu vera lokið á 10 ára fresti. 1857 sækja þeir *Ch. Devaux & Co.* í Lundúnum um líkt einkaleyfi, en því varð ekki sint vegna einkaleyfis Shaffners. Shaffner hafði í hyggju að leggja sæþráð að austurströnd Íslands, þaðan þráð yfir landið á staurum og því næst sæþráðinn áfram frá vesturströnd landsins. Vegna þessa fyrirhugaða landþráðar var á Al-

þingi 1861 samið frumvarp til laga um rafsegulþráð; en stjórnin sá ekki til neins að gera þetta frumvarp að lögum, því að það var nú orðið augljóst, að Shaffner mundi ekki geta haldið loforð sín, enda féll einkaleyfi hans fyrir það úr gildi árið 1864.

Þegar á næsta ári, 1865, fékk *James Wyld*, M. P., og félagar hans einkaleyfi til að leggja ritsíma milli Danmerkur og Englands, og Danmerkur og Noregs, en annan frá Englandi eða Írlandi til Kanada sömu leið og Shaffner hafði hugsað sér. Ekkert varð úr þessu. Í ráðum með J. Wyld var danskur maður, þá ungur að aldri, er síðar hafði mikil afskipti af þessu máli. Það var *C. Tietgen*. Þess skal getið, að 1866 var fyrsti sæþráðurinn, er að gagni kom, lagður um þvert Atlantshaf milli Norðurálfu og Vesturheims.

Árið 1869 var Tietgen að vinna að því að sameina ýms ritsímafélög, sem þá voru uppi, í eitt stórt félag, er skyldi heita »Hið mikla norræna ritsímafélag« (Det store Nordiske Telegrafselskab). 21. Apríl 1869 fær Tietgen loforð hjá innanríkisráðgjafa Dana um einkaleyfi til að leggja ritsíma til Kanada sömu leið og Shaffner, ef þetta stóra félag komist á fót. Félagið (Mikla norræna ritsímafélagið) var svo stofnað 1. Júní 1869, og 1872 fékk það endurtekið loforð um líkt einkaleyfi og J. Wyld hafði verið veitt.

Tietgen var stórhuga maður og mesti ættjarðarvinur. Þegar árið 1869 talar hann um að M. N. (Mikla norræna félagið) eigi með tímanum að koma fréttaþráðum annars vegar austur í Kína og Japan (nú komið á), hins vegar vestur í Kanada yfir Færeyjar, Ísland og Grænland.

Árið 1879 sækir *Fr. A. Savoyer* fyrir hönd New-York Land and Ocean Telegraph Co. um einkaleyfi til að leggja ritsíma frá Ameríku yfir Grænland, Ísland, Færeyjar til Danmerkur.

Þessari síðustu umsókn sinti stjórnin ekki, því að litlu síðar komst málið í alt annað horf en áður.

II.

Fyrstu fyrirætlanir um ritsíma frá Englandi til Færeyja og Íslands. Aðgerðir Hoffmeyers, Tietgens og ríkisstjórnarinnar 1880—1890.

Árið 1880 komu veðurfræðingar á alþjóðafund í Bern. Það var þar, að viðfrægur danskur veðurfræðingur, kapteinn *Hoffmeyer*, vakti máls á því, að mikla nauðsyn bæri til þess, veðurfræðinnar vegna, að fá fréttaþráð frá Englandi til Færeyja og Íslands; hafði hann þá um árið gefið út mjög merkt rit og gert ljósa grein fyrir þessu. Fundurinn aðhyltist skoðanir Hoffmeyers og lýsti yfir því, að hann teldi þetta mjög æskilegt.

Umsókn Savoyers og tillögur Hoffmeyers urðu til þess að etazráð Tietgen fór að nýju að hugsa um málið.

Hann skrifar nú innanríkisráðgjafanum og um leið Íslands ráðgjafa 27. Apríl 1880, segist leingi hafa haft hug á því að koma fréttaþræði til Færeyja og Íslands, en uú fyrst hafa nokkra von um að geta komið því við, og biður um, að loforð það, er hann fékk 1869, megi enn standa eitt ár. Innanríkisráðgjafinn tekur þessu vel og Íslandsráðgjafi segist mæla með því og ekkert sjá athugavert við það.

Litlu síðar, 19. Nóv. 1880, skrifar Tietgen báðum ráðgjöfunum aptur, segir að það geti aldrei borgað sig að leggja ritsíma til Íslands, en hins vegar sé talsverð von um að ýms ríki muni vilja styrkja fyrirtækið veðurfræðinnar vegna. Um áframhald á símanum síðarmeir frá Íslandi til Kanada segir hann, að *það* muni bera sig miklu betur, því að þar í landi sé þjóðin á hröðu framfaraskeiði og vanti beint ritsímasamband við Norðurálfuna; ritsími til Færeyja og Íslands muni auðvitað verða danska ríkinu til stórra hagsmuna og þess vegna gerir hann sér fyrst og fremst von um styrk frá Danmörku; segist þurfa 360000 kr. á ári í 20 ár til þess að hann sjái félaginu (M. N.) fært að ráðast í fyrirtækið.

Þannig er þá ritsímamálið komið inn á nýja braut. Nú er ekki leingur hugsað um að koma ritsímanum alla leið til Kanada, heldur eingöngu til Íslands, að minsta kosti fyrst í stað, en þar sem það er bersýnilegt, að ritsími til Íslands muni aldrei bera sig, þá er fyrirhugað að leita styrks til hans frá ýmsum ríkjum með því að hann muni koma veðurfræðinni að miklum notum, og þá fyrst og fremst styrks frá Danmörku, þar sem síminn einnig muni greiða mjög mikið fyrir verzlunarviðskiptum í danska ríkinu. Að Ísland sjálft leggi nokkuð til þessa fyrirtækis — á það er ekki minst, alls ekki fram á það farið.

Kapteinn Hoffmeyer tók sér nú fyrir hendur að jafna niður á ýms ríki eptir efnum og hagsmunum þeim 360000 kr., sem M. N. taldi sig þurfa á ári í 20 ár; hann gerði Danmörku 54000 kr. ári. Ríkisstjórnin tók þá að sér þessa málaleitan. Úrslitin urðu þau, að hún lofar sjálf að útvega 54000 kr. hjá ríkisþinginu[1]) en alstaðar annarsstaðar neita stjórnirnar að leggja nokkuð af mörkum, og 1882 er svo komið, að ríkisstjórnin telur úti um alla þessa ráðagerð Tietgens.

Árið 1883 sækir enskur maður *G. Baird* í Lundúnum enn einu sinni um einkaleyfi til að leggja ritsíma frá Englandi til Kanada, yfir Færeyjar, Ísland og Grænland, og síðar um árið sækir *Th. G. Paterson* í Edinborg um samskonar einkaleyfi.

En þessar málaleitanir komust aldrei leingra, og málið liggur nú í dái þangað til 1891.

III.

Íslendingar skerast í málið. Alþingi skorar á stjórnina að vinna að því, og lofar styrk. Saga málsins 1891—1901.

Vér erum nú komnir að merkum tímamótum.

Nú loks fara Íslendingar að gefa málinu gaum.

Nú, árið 1891, er því í fyrsta sinni hreift á Alþingi.

Og þegar í stað, er ýmsum mönnum ljóst, að oss Íslendingum er ekki nóg að komast í hraðskeytasamband við önnur lönd, að hitt er eingu síður nauðsynlegt að fá hraðskeytasamband innanlands.

Það voru þeir Skúli Thoroddsen og Jens Pálsson, sem vöktu máls á þessu á þinginu 1891. Þeir fluttu í neðri deild svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar.

»Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ráðgjafa Íslands að leggja fyrir Alþingi 1893 sundurliðaða áætlun, samda af verkfræðingi, um kostnað við

1) Shaffner og Wyld höfðu báðir sett allmikið fé að veði fyrir því, að verkið skyldi unnið og rann það fé í ríkissjóð, þar sem þeir báðir gáfust upp.

lagningu málþráða (telephona) með hæfilega mörgum málþráðastöðvum milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, milli Reykjavíkur og Akureyrar og milli Akureyrar og Seyðisfjarðar«,

Aðalflutningsmaður tillögunnar Sk. Thoroddsen hafði útvegað sér lauslega áætlun um kostnaðinn frá norskum verkmeistara, og segir hann meðal annars: »Með því að snúa sér að því, að leggja telephón eða telegraph getur landssjóður með tiltölulega litlu framlagi, 3—400,000 kr., á fáum árum komið viðskiptalífinu í betra horf en með því, að leggja í vegabætur 4—5000000 kr. eða meira fé á hálfri öld eða leingri tíma. ..... Auðvitað þurfum vér jafnhliða að hugsa um vegabæturnar eingu síður en nú, en oss verður það þá síður tilfinnanlegt, hve vegamálum vorum er skamt komið. ..... Eg tel þess meiri von, að oss verði þá auðveldara að fá fréttaþráð t. d. frá Skotlandi til Austfjarða, þegar fréttaþráður lægi þaðan til Reykjavíkur«.

Tillagan fékk lítinn byr, kom auðsjáanlega flatt upp á menn; einginn hafði um þetta hugsað. Og svo var hún feld með 10 atkv. gegn 8.

Á sama þingi báru sömu menn upp aðra tillögu til þingsályktunar, sem var samþykt í neðri deild eptir litlar umræður með 18 samhljóða atkvæðum. Hún hljóðar svo:

»Neðri deild Alþingis skorar á ráðgjafa Íslands að hlutast til um, að það verði borið fram við erlend ríki, hvort og að hve miklu leyti þau kynnu að vilja styðja að því, sérstaklega veðurfræðinnar vegna, að lagður verði fréttaþráður (telegraph) til Íslands«.

Þessari þingsályktun svarar stjórnin á þá leið í bréfi til landshöfðingja 30. Maí 1892, að þetta hafi þegar verið reynt 1882, en ekki geingið og sjái hún ekki til neins, að það sé reynt aptur.

Á þinginu 1893 var tekin upp og samþykt í báðum deildum þingsályktunin frá 1891. Ekkert svar kom frá stjórninni.

Á þinginu 1895 var fyrst samþykt þingsályktun fyrri þinga; jafnframt var því nú hreift í fyrsta sinni, þá er þingsályktunin var til umræðu, að komið gæti til mála, að Ísland veitti einhvern styrk til fyrirtækisins. En þá gerðist það, rétt fyrir þinglok, að hingað kom enskur ferðamaður *Mitchel* að nafni; lét hann í ljósi við þingið, að hann mundi geta komið því til leiðar, að hingað yrði lagður ritsími, ef einkaleyfi feingist og styrkur. Þetta leiddi til þess, að neðri deild Alþingis samþykti svo hljóðandi þingsályktun um einkaleyfi til að leggja fréttaþráð til Íslands:

»Neðri deild Alþingis skorar á stjórnina, að veita þeim manni eða mönnum, er um það kynni að sækja, einkaleyfi um 5 ára bil til þess að leggja fréttaþráð (telegraph) frá hinum brezku eyjum til Reykjavíkur, með þeim skilyrðum, sem henni þykir nauðsyn á, og lýsir deildin því jafnframt yfir, að hún mundi fús á að samþykkja alt að 45000 kr. (pdst. 2500) fjárveiting sem tillag til fréttaþráðarins á ári eptir að farið væri að nota hann, og með því skilyrði, að honum sé haldið í nýtu standi«.

Í efri deild var samþykt önnur þingsályktunartillaga um sama efni, þannig:

»Efri deild Alþingis skorar á stjórnina, að veita þeim manni eða mönnum, er um það kynni að sækja, einkaleyfi um 5 ára bil, til þess að leggja

fréttaþráð (telegraph) frá hinum brezku eyjum til Reykjavíkur, með þeim skilyrðum, sem henni þykir nauðsyn á«.

Hér er þá í fyrsta sinni látið í ljósi, að vísu ekki nema í neðri deild, að þingið muni vilja veita styrk til fréttaþráðarins.

Það er og eptirtektavert, að ekkert er hugsað um innanlandssamband, hvorki 1893 né heldur 1895.

Þegar þessar ályktanir þingsins vitnuðust til Kaupmannahafnar skrifar kammerherra *Suenson*, sem þá var orðinn formaður M. N. innanríkisráðgjafanum 21. Dec. 1896, minnir á fyrri afskipti félagsins af málinu, og segir »að félagið hafi aldrei hugsað sér að græða á þessu fyrirtæki, en hafi reynt að koma því í framkvæmd aðallega í því skyni að efla hagsmuni ríkisins«; hann getur þess, að nú þurfi félagið ekki eins mikinn styrk eins og það hafi áður farið fram á (1882) af því, að nú sé það betur efnum búið, sæsímar orðnir ódýrari en áður, og nú kominn sæsími frá Skotlandi til Hjaltlands, og leiðin því styttri.

Skömmu fyrir þingið 1897 koma nú tvær umsóknir til ríkisstjórnarinnar og íslenzku stjórnarinnar. Önnur frá þeim Englendingunum *J. M. Mitchel* og *M. B. D. Cooper*; þeir sækja um 25 ára einkaleyfi og 9000 £ tillag á ári frá Danmörku og Íslandi, þar af 2500 £ frá Íslandi, til þess að leggja ritsíma frá Englandi til Kanada yfir Færeyjar, Ísland og Grænland; ef alt þetta fé fáist ekki frá Danmörku og Íslandi, gera þeir sér von um að geta feingið annarstaðar það, sem á vanti. — Hin umsóknin er frá M. N.; formaður þess, *Suenson*, skrifar Íslandsráðgjafa 23. Apríl 1897, biður hann leita styrks hjá Alþingi, nefnir 40,000 kr. á ári og segir: »Hinn mikli áhugi á málinu, sem nú er að koma í ljós hjá Alþingismönnum, hefir vakið nýjar vonir hjá félaginu og felur í sér hvöt fyrir félagið til að gera tafarlaust nýjar tilraunir í þá átt, að fyrirtækið geti komizt á, með því að leita að nýju styrks hjá dönsku stjórninni og stjórnum annara landa, þeim, er mestan hagnað mundu hljóta«. Íslandsráðgjafi skrifar nú innanríkisráðgjafanum 28. Apríl 1897, kveðst muni leita styrks hjá Alþingi, vill þó ekki, að veitingin sé ætluð ákveðnum manni eða félagi, og biður innanríkisráðgjafann að fara fram á styrk við ríkisþingið. Þessu svarar innanríkisráðgjafinn á þá leið, að hann muni leggja til, að ríkisþingið veiti það fé, 54,000 kr. á ári, sem Tietgen hafi verið gefin von um 1882, en þó með því skilyrði, að M. N. eigi eitt kost á styrknum, aðrir ekki.

Af þessu sézt, að þeir Mitchel og Cooper hafa tekið upp gömlu fyrirætlanina um sæsíma alla leið til Kanada. M. N. hins vegar hugsar nú ekki um að koma þræðinum leingra en til Íslands.

Í fjárlagafrumvarpi sínu 1897 gerir stjórnin nú grein fyrir þessum málaleitunum og fer fram á, að þingið veiti 35,000 kr. á ári í 20 ár; þykir ekki rétt, að hafa styrkinn hærri.

Á þinginu 1897 urðu litlar umræður um málið í neðri deild; eingar í efri deild. Einginn telur það varhugavert að veita einkaleyfi í 20 ár; var tillaga stjórnarinnar samþykt í fjárlögum óbreytt þannig orðuð:

»Til fréttþráðar milli Íslands og útlanda fyrsta ársborgun

	1898	1899
af 20 ára tillagi		35,000 kr.

Þar með er þá málið í fyrsta sinni komið inn í íslenzk fjárlög, styrks til sæsíma heitið frá Íslandi.

Innanríkisráðgjafinn efnir og heit sitt, fer fram á það við fjárlaganefnd

ríkisþingsins, að hún lofi styrk; því var vel tekið, heitið 54,000 kr. á ári í 20 ár (1. A.).

Litlu seinna, 9. Maí 1898 skrifar Suenson Íslandsráðgjafa, segist hafa margrætt málið við innanríkisráðgjafann, getur þess, að nú sé sú ósk komin í ljós, að sæsíminn sé lagður að Austurströnd Íslands, þaðan landsími til Reykjavíkur, segir, að félagið muni þá gefa kost á 300,000 kr. tillagi til landsímans, telur nauðsynlegt, að landleiðin sé rannsökuð sem fyrst, bendir á þar til hæfan mann, verkmeistara Hanson, og vill að landssjóður borgi ferð hans.

Íslandsráðgjafi segir ekkert fé fyrir hendi til þessa, en fellst á, að þessi kostnaður sé dreginn frá tillagi félagsins til landsímans, ef til komi, að hann verði lagður.

Um þessar mundir eru menn hér á landi loks farnir að koma auga á það, að landið í heild sinni muni hafa lítil not af því, þó að ritsími sé lagður til Reykjavíkur.

Þetta kemur gleggst í ljós á Austurlandi, eins og sjá má á því, að 10. Maí 1898 semur sýslunefnd Norður-Múlasýslu áskorun til stjórnarinnar, fer fram á að hún komi því til leiðar, að sæsíminn verði lagður að Austurlandinu, tjáir sig því meðmælta, að þingið veiti M. N. 150,000 kr. styrk til að tengja Seyðisfjörð við Akureyri, Ísafjörð og Reykjavík, og vilji þingið ekkert veita, muni sýslunefndin fús að láta í té alt að 10,000 kr.

Oss finst vert að láta þessa getið héraðinu til maklegs lofs. Þessi málaleitun sýnir ljóslega, að Múlsýslingar hafa manna fyrst litið þörfina á hraðskeytasambandi innan lands og þessi þörf verið þeim svo ljós, að þeir vilja vinna til að láta af hendi rakna stórt fjárframlag.

Nú gerist ekkert frekar í málinu fyrr en undir þing 1899. Þá skrifar Íslandsráðgjafi M. N., spyr hvað því líði með undirbúning málsins, hvað landsími muni kosta, víkur að því, hvers vegna M. N. vilji ekki sjálft leggja landsíman — hvort það sé áhættunnar vegna.

Þessu svarar Suenson í bréfi dags. 14. Apríl 1899, segist hafa leitað til ýmsra ríkja um styrk, feingið afsvör alstaðar nema í Rússlandi; þá kveðst hann hafa leitað fyrir sér hjá öllum helztu veðurfræðisstofnunum heimsins, hvort þær vilji ekki lofa ákveðnum viðskiptum á ári, en svör séu ókomin; ekki hugsanlegt að sæsíminn verði lagður fyrr en 1901 eða 1902; þá segir hann, að lendingastaðir hafi verið rannsakaðir og Hanson hafi athugað landsímaleiðina 1898, og kemst svo að orði, um landsímann, að »þó að félagið skorist undan að taka beinlínis að sér ábyrgð á verkinu, uppsetningu og viðhaldi, þá komi það alls ekki af því, að útlit sé fyrir neina erfiðleika. Síður en svo; skýrslan (ɔ: Hansons) ber einmitt með sér, að ekki þurfi neinstaðar að búast við alvarlegum erfiðleikum. Undanfærsla félagsins stafar þá líka af alt öðrum ástæðum: *að einu leyti* af því, að það hefir hingað til, að minsta kosti í Norðurálfunni, eingöngu feingizt við sæsíma, rekstur og viðhald á þeim, *að öðru leyti* af því, að það er sannfæring félagsins, að rekstur og viðhald á landsíma á Íslandi muni ganga bezt og verða ódýrast í höndum Íslendinga sjálfra undir eptirliti landsstjórnar eða sveitastjórna. Hins vegar er félagið mjög fúst á að láta hverskonar aðstoð í té, ef til kemur, þá er landsími verður lagður og meðan verið er að koma lagi á rekstur hans og viðhald«. Loks er þess getið, að verkmeistarar félagsins áætli, að landsími frá Seyðisfirði til Reykjavikur með fram póstleiðinni muni kosta 268,000 kr., ef hafðir eru 2 járnþræðir, en 348,000 kr. ef hafðir eru 2 bronzeþræðir.

Litlu seinna sendir Suenson Íslandsráðgjafa 2 áætlanir um landsíma, er

verkmeistari C. Chr. Sonne hafði samið í samráði við Hanson. Í annari þeirra er leiðin talin 88 mílur, kostnaður 356,000 (2 koparþræðir). Í hinni er leiðin talin 95 mílur (það er póstleiðin), kostnaður 268,000 (2 járnþræðir) eða 346,000 (2 bronzeþræðir). Rekstur 18,000. Viðhald 15,000 á ári.

20. Maí 1899 skrifar Íslandsráðgjafi innanríkisráðgjafanum, telur litlar líkur til þess, að nokkuð verði af framkvæmdum á næsta íslenska fjárhagstímabili, en kveðst þó muni »leita nauðsynlegrar heimildar hjá þinginu fyrir stjórnina til að ákveða landtökustað sæsímans, ef til komi, og til þess að verja því fé, er með þurfi til undirbúnings og innkaupa á efni í landsímann, þess, er ekki megi dragast, ef sæsíminn kemst á og kosið verður að leggja hann að Austurlandi«.

Þessi var þá undirbúningur málsins undir þingið 1899.

Í athugasemdum sínum við fjárlagafrumvarpið skýrir stjórnin frá öllu því, sem að framan er greint, leggur fram skjöl þar að lútandi, meðal annars áætlanina um verð, rekstur og viðhald á landsímanum, og fer fram á »að fá nú strax heimild fyrir stjórnarráðið til þess, bæði að velja stað á Austurlandi sem endastöð sæsímans, ef til kemur, og til þess þá að verja alt að 75,000 kr. á fjárhagstímabilinu til að undirbúa það, að landsíminn verði lagður til Reykjavíkur«. Er þess getið, að því fé verði aðallega varið til að kaupa staura.

Á þinginu 1899 reis hörð deila út af því, hvort réttara væri að fá sæsímann til Reykjavíkur eða Seyðisfjarðar. Þeir urðu þó fleiri, sem þeirri skoðun fylgdu, að það mundi verða harla ónógt að fá ritsíma einungis til Reykjavíkur; þessi meiri hluti lét sér ekki í augum vaxa kostnaðinn við landsíma, enda þótt stjórnin hefði tekið fram, að áætlanirnar væru ekki áreiðanlegar, og ráð væri gert fyrir því, að M. N. feingi tekjur af landsímanum í réttu hlutfalli við tillag sitt. Úrslitin urðu því, að tillaga stjórnarinnar var samþykt óbreytt, þannig:

»Til ritsíma milli Íslands og útlanda, fyrsta ársborgun af
1900 1901
20 ára tillagi, alt að ... ... 35,000 kr.

Að því tilskildu, að sá er leyfið fær til að leggja ritsímann í sæ, veiti 300000 kr. tillag til lagningar á ritsíma yfir land milli þess staðar, er sæsíminn kemur í land á Íslandi, og Reykjavíkur, má stjórnin ákveða, að sæsíminn sé lagður í land á Austurlandi. Auk þess er stjórninni heimilt, ef til þess kemur, að verja á fjárhagstímabilinu alt að 75000 kr. til þess að undirbúa landsímalagninguna og til þess að útvega efni og áhöld til þessa«.

Þeir, sem mest voru á móti því að sæsíminn kæmi að Austurlandinu, báru fram þá breytingartillögu, að athugasemdinni væri kipt burt, — sú tillaga féll. Þá féll og líka tillaga um að einskorða tillagið til landsímans við ákveðna upphæð.

Þrátt fyrir þessar góðu undirtektir hér á landi, miðaði málinu ekkert áfram á næstu árum. Það kom til af því, að málaleitanir Mitchels og Coopers annars vegar og M. N. hinsvegar við útlend ríki um styrk til sæsímans báru eingan árangur. Þeir Mitchel og Cooper stóðu og þeim mun ver að vígi, sem þeim var eingum styrk heitið frá Danmörku, enda duttu þeir nú algerlega úr sögunni.

Leið svo að þingi 1901, að ekkert gerðist.

Í athugasemdum sínum við fjárlagafrumvarpið 1901 getur stjórnarráðið þess, að það láti gjaldliðinn standa óbreyttan eins og hann var samþyktur 1899, en segir, að sem stendur sé ekkert útlit fyrir, að neinu verði varið af fjárveitingunni á fjárhagstímabilinu. Endirinn varð sá, að gjaldliðurinn hélzt óbreyttur.

En allsnarpar umræður urðu þó um málið á þinginu. Þeir, sem á fyrra

þingi höfðu verið á móti lendingu sæsímans fyrir austan, gerðu að nýju tilraun til að fella burtu athugasemdina, taka af aptur þá heimild, sem þingið hafði veitt stjórninni til að velja sæsímanum lendingu eystra gegn 300,000 kr. tillagi til landsímans. Um þetta bar H. Hafstein fram breytingartillögu þess efnis, að í stað »að því tilskildu« o. s. frv. komi: »það er áskilið, að sæsíminn sé lagður á land í Reykjavík, eða svo nálægt Reykjavík, sem föng eru á«. Tillagan var feld með 15 atkvæðum móti 7.

Umræðurnar um málið eru að einu leyti mjög merkilegar. Vér höfum áður getið þess, að innanríkisráðgjafi Dana taldi sér 1898 skylt að efna það loforð, sem formaður hans í embættinu hafði gefið Tietgen 1882. Þá vitum vér og, að ríkisstjórnin hefir jafnan skoðað fyrirheit fjárlaganefndarinnar á ríkisþinginu 1898 sem fullgilda vissu fyrir því að ríkisþingið mundi veita 54,000 kr. til rissíma til Íslands, hvenær sem M. N. sæi sér fært að leggja hann.

Á þessu þingi 1901, og hvorki fyrr né síðar, kemur sú skoðun í ljós, að Alþingi sé eins og hverju öðru löggjafarþingi skylt að standa við loforð eða tilboð í fjárlögum, ef tilboðin ná til leingri tíma, og megi ekki sóma síns vegna ganga á bak orða sinna, þó að þau fjárlög gangi úr gildi, þar sem tilboðið var gert.

Það er framsögumaður fjárlaganefndarinnar þá, Valtýr Guðmundsson, sem bezt skýrir þessa skoðun. Hann segir um breytingartillöguna: »Ef þessi breytingartillaga kæmist á, þá yrðum vér að standa sem hringlandi þing frammi fyrir öðrum þjóðum, því að það er orðið kunnugt út um heiminn, við hvað vér höfum bundið oss í þessu máli. Menn sjá hvaða meiningarleysa það er fyrir þingið að fara að hringla nú í þessu, og með því hrinda frá sér því tillagi, sem ríkisþingið hefir boðið fram og samþykt með ákveðnum skilyrðum[1]. Þessi breytingartillaga er bæði svo hættuleg fyrir heiður þingsins og framgang málsins, að ég vona að þingið gefi henni eingan gaum«. Litlu síðar farast sama þingmanni þannig orð: »Ég verð að taka það fram aptur, að ég ber það traust til þingsins, að það muni ekki fara að eyðileggja þetta mál með því, að fara að breyta til frá því, sem áður hefir verið samþykt; bæði er það ómetanlegur skaði fyrir málið sjálft, og varpar bletti á þingið fyrir það, að hafa því nær í stað farið að hringla með það, sem það var búið að binda til 20 ára. — Slíkt á sér ekki stað á neinu þingi, — þegar löggjafarþing eins lands er búið að lofa einhverju, þá stendur það fast, og á líka að standa fast«.

Vér höfum tilfært þessi orð af því, að vér erum ræðumanninum að öllu leyti samdóma, og af því, að oss finst sem orð hans eigi að mestu leyti heima um málið eins og það nú liggur fyrir.

IV.

Hraðskeytamálið á Alþingi 1902 og 1903. Ritsími eða þráðlaus firðritun.

Vér höfum skýrt frá því, að 1899 og 1901 hafði Alþingi tekið sér fasta og ákveðna afstöðu í ritsímamálinu, heitið 35,000 kr. tillagi til sæsíma og þar með, eins og berlega kom fram 1897, einkarétti í 20 ár, heimilað stjórninni að láta leggja sæsímann upp að Austurlandinu, ef 300,000 kr. feingjust til landsíma, og veitt 75,000 kr. til að undirbúa landsímalagninguna.

1) Þeim skilyrðum, að landsími sé lagður samtímis sæsímanum.

Hinsvegar voru vonirnar mjög litlar um það, að nokkurt útlent félag sæi sér fært að takast fyrirtækið á hendur. Sæsími frá Shetlandseyjum til Austfjarða mundi kosta c. 1,800,000 kr.; tekjurnar geta aldrei orðið miklar þar sem ekki eru nema tæp 80,000 manns við annan endann. — M. N. hefir ætlazt á um, að þær verði 20,000 á ári; aptur getur viðhaldskostnaðurinn orðið talsvert mikill.

Það mátti því telja fullvíst, að ekkert félag mundi sjá sér fært að leggja hingað sæsíma, ef ekki feingist annar ársstyrkur en sá, sem loforð var fyrir frá Danmörku og Íslandi, en undirtektir annara ríkja höfðu jafnan verið mjög daufar. Þess vegna var sem nýtt líf færðist í málið, þegar það fór að fréttast að fundin væri aðferð til að senda hraðskeyti gegnum loptið, þráðlaust.

Þær tilraunir, þráðlaus firðritun, hófust að vísu löngu áður en hér var komið, sem sé á árunum 1894—'96. Á þingunum 1899 og 1901 er lauslega vikið að þessari aðferð í umræðunum um ritsímamálið. En skömmu eptir þingið 1901 gerðist sá merkisviðburður, að upphafsmanni þráðlausu firðritunarinnar *Marconi* tókst 12. dag Decembermán. að senda skiljanleg skeyti yfir þvert Atlandshaf frá Englandi til Newfoundland. Að vísu hefir enn ekki tekizt að halda þessu sambandi áfram svo, að gagni komi, en þetta vakti þó mikla eftirtekt og miklar vonir.

Á aukaþinginu 1902 er nú borin upp svohljóðandi tillaga til þingsályktunar:

»Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa fimm manna nefnd til þess að athuga málið um þráðlaus rafmagnsskeyti milli Íslands og útlanda og gera tillögur um það«.

Aðalflutningsmaður tillögunnar, Guðlaugur Guðmundsson, færir þessi rök fyrir henni:

»Tilefnið til þess, að máli þessu er nú hreift hér, er einkum það, að utanþingsmaður einn[1]) hér í Reykjavík hefir komizt í samband við Marconifélag það í Lundúnum, sem vinnur að útbreiðslu þráðlausra rafmagnsskeyta. Utanþingsmaður þessi bar málið í þingbyrjun undir marga þingmenn, og mun það hafa feingið góðar undirtektir hjá þeim . . . . . von á sendimanni frá félaginu, alllíklegt fyrir þinglok[2]). Ætlunarverk nefndarinnar er að leita upplýsinga og undirbúa málið undir samninga við sendimann félagsins«.

Tillagan var samþykt í einu hljóði.

En daginn eptir, 5. Ágúst, tilkynnir landshöfðingi, að sér hafi borizt bréf frá stjórninni um líka málaleitan úr annari átt.

Þetta bréf Íslandsráðgjafa er dags. 25. Júlí 1902, skýrir frá því, að maður frá Belgíu, *Maurice Travailleur* sé að leita fyrir sér um einkaleyfi til að koma á þráðlausri firðritun milli Skotlands, Færeyja og Íslands og líkur til að hann muni ekki heimta meiri fjárstyrk en nemi því, sem heitið sé til ritsíma í fjárlögum Dana og Íslendinga; þar sem öll von muni vera úti um að geta feingið sæsíma, telur ráðgjafinn tilvinnandi fyrir Íslendinga að borga 35,000 kr. á ári í 20 ár fyrir þannig lagað samband við útlönd, þó að ekki feingist samband innanlands nema milli 3—4 staða (kaupstaðanna), og fer því fram á að fá samþykki þings-

1) Núverandi sýslumaður Einar Benediktsson.

2) Hann kom aldrei.

ins til þess, að mega nota fjárveitinguna á fjárlögunum fyrir 1902 og 1903 til þráðlausrar firðritunar.

Út af öllu þessu spunnust miklar umræður á aukaþinginu.

Fjárlaganefnd neðri deildar kom með svo hljóðandi tillögu:

»Fjárveitingunni undir 12. gr. staflið D. í fjárlögunum 1902 og 1903 má verja til þess að koma á samningum um þráðlausa firðritun milli Íslands og útlanda, og milli 3—4 stöðva á Íslandi, að því áskildu, að þessir samningar verði lagði undir atkvæði Alþingis áður en þeir eru fullgerðir«.

Stjórnarfulltrúinn og margir aðrir vildu fá heimild handa stjórninni til að *fullgera* samninga til þess, að ekki þyrfti að missa af góðum boðum ef þau byðust, kváðu einga þörf á fé til undirbúnings; en þetta mætti mikilli mótstöðu; menn færðu það til, að allar upplýsingar vantaði um þráðlausa firðritun, allir vissu hvað ritsími kostaði, einginn hvað þráðlaus firðritun mundi kosta, hugsanlegt að ná mætti miklu betri kjörum en svo, að vér þyrftum að borga 35,000 kr. á ári í 20 ár, þess vegna ekkert vit að bjóða svo mikið strax, stjórnin geti útvegað tilboð og geingið frá samningi, svo að ekki vanti annað en undirskript, sem megi bíða eptir samþykki þingsins 1903, hitt ekki ráðlegt að veita henni heimild til að fullgera samninga þegar svona standi á. Þrátt fyrir þessi andmæli var stjórninni að lokum veitt *full* heimild til að gera samninga; 5. gr. fjáraukalaganna varð svo hljóðandi:

»Af fjárveitingunni undir 12. gr. staflið D. í fjárlögunum 1902 og 1903 má verja *svo miklu sem nauðsyn krefur* til að koma á loptrita (aërograf) milli Reykjavíkur og útlanda og milli hennar og 3 annara stöðva á Íslandi, einnar í hverjum landsfjórðungi, að því tilskildu, að stjórnin gefi helztu félögum, er fást við loptritun, þar á meðal Marconifélaginu í Lundúnum, kost á að keppa um fyrirtækið, og að tillagið frá Íslands hálfu verði eigi hærra en sem samsvarar $^2/_5$ af allri þeirri fjárhæð, sem danska ríkið (Danmörk og Ísland) leggur til. Stjórnin leggi væntanlegan samning með fylgiskjölum fyrir Alþingi til athugunar«.

Það er rétt eptirtektavert að krafan um hraðskeytasamband milli 3 staða á Íslandi auk Reykjavíkur er tekin athugalaust upp úr bréfi stjórnarinnar og henni haldið jafn athugalaust í núgildandi fjárlögum. Einn maður (Björn Bjarnarson) hreifir því að eins lauslega 1902, að þetta innanlandssamband muni verða ónógt.

Í bréfi stjórnarinnar var þess getið, að sótt væri um einkaleyfi jafnframt styrknum, og komu eingin mótmæli fram gegn því, að *það* væri veitt.

Nokkru eptir aukaþingið var stofnað félag í Kaupmannahöfn í þeim tilgangi að koma á þráðlausri firðritun til Íslands með Marconiáhöldum. 27. Febr. 1903 sækir þetta félag *L. Arntzen o. fl.* til samgöngumálaráðgjafans danska (sem nú fjallar um þess konar mál) um 20 ára einkaleyfi og styrk til að koma á og reka símalausa firðritun milli Íslands og annara landa og milli kaupstaðanna á Íslandi.

Skömmu síðar, 28. Marts 1903, skrifar Íslandsráðgjafi samgöngumálaráðgjafanum (1, B). Jafnframt skrifar Íslandsráðgjafi, M. N., spyr hvað því sýnist um þá tillögu að verja megi tillagi Alþingis annaðhvort til ritsíma eða til þráðlausrar firðritunar, og fær það svar, að félagið fallist á tillöguna (1. C.).

Stjórnin setur nú í fjárlagafrumvarp það, er hún lagði fyrir Alþingi 1903:

»Til ritsíma milli Íslands og útlanda, 1. og 2. ársborgun af 20 ára tillagi
1904 og 1905 ... ... 35000 35000«

og lætur fylgja þessa athugasemd:

»Að því, er þennan lið snertir, skal tekið fram, að stjórnarráðið fyrir almenningsfyrirtækjum hefir verið að semja um að koma á símlausu firðritunarsambandi, en ekkert verður að svo komnu sagt um það, hvort sú málaleitun muni innan skams leiða til nokkurs árangurs, þar eð málið hefir sem stendur verið feingið ritsímastjóranum til verkfræðilegrar rannsóknar. Þar eð telja má víst, eins og nú stendur á, að til þess komi ekki á fjárhagstímabilinu, að athugasemd sú, sem teingd er við ritsímafjárveitinguna í núgildandi fjárlögum, fái nokkra þýðingu í framkvæmdinni, og þar eð stjórnarráðið telur það óhentugt, að hendur stjórnarinnar séu bundnar með skilyrðum þeim, sem tekin eru upp í 5. gr. fjáraukalaganna frá 25. Sept. 1902, hefir það í samráði við fyrnefnt stjórnarráð orðað fjárveitinguna þannig, að stjórninni sé í sjálfsvald sett að verja fjárveitingunni, hvort heldur er til símlauss firðritunarsambands eða ritsímasambands eða, ef til vill, til hvorstveggja þessa sameinaðs«.

Fjárlaganefnd neðri deildar fellst á tillögur stjórnarinnar og segir um þennan gjaldlið (12. gr. D.):

»Nefndin gerir eingar breytingatillögur við þennan lið, og fellst á að gefa stjórninni svo lausar hendur til framkvæmda málinu sem fjárveitingin leyfir. Að vísu má geta þess, að nefndinni hefir borizt tilboð frá enzku félagi, »The General International Wireless Telegraph & Telephon Co. Ltd. of London E. C.«, um að setja upp »Orling Armstrong« þráðlausrar fjarritunar system milli Íslands og Bretlands yfir Færeyjar, eða frá Íslandi til einhvers annars staðar, sem er í fjarritunarsambandi við umheiminn, og biður um einkaleyfi til þessa, gegn 2000 pd. sterl. árlegu tillagi úr landssjóði um 20 ár, þó þannig, að fyrsta árstillag sé eigi greitt fyrr en »fjarritunarsystem« þetta hefir verið notað í 12 mánuði með viðunanlegum árangri.

Með því að nefndin annars eigi veit nein deili á þessu félagi, og hefir eingin tæki til að afla sér kunnugleika á því, þá verður hún að vísa áminstri málaleitun til stjórnarinnar«.

Það er nú augljóst að þegar á leið þingið hafa menn vaknað til umhugsunar um, að tillaga stjórnarinnar »til ritsíma o. s. frv.«, væri óheppilega orðuð, þar sem ætlazt var til að féð mætti nota hvort heldur til ritsíma eða símalauss sambands.

Þess vegna fara að koma fram breytingartillögur.

Við 3. umræðu fjárlaganna í neðri deild ber H. Hafstein fram þá breytingartillögu, að í stað »ritsíma« komi »hraðskeytafleygis«; fer hann svofeldum orðum um tillögu sína: »Þó að þetta orð sé ekki fallegt og æðilangt, þá segir það þó það, sem það á að segja. Verði nú þráðlausa hraðskeytaaðferðin upp tekin, sem líkast er til að verði, þá er orðið ritsími óviðeigandi, því að það þýðir ekkert annað en þráður«. Tillagan var samþykt.

Efri deild setti »hraðskeytasambands« í stað »hraðskeytafleygis«, en annars er þar ekkert talað um málið.

Þegar fjárlögin koma aptur til neðri deildar ber fjárlaganefndin eptir tillögum samgöngumálanefndarinnar fram breytingartillögu, setti inn veitingu til ritsíma sem aðaltillögu, en bætti við athugasemd um að fénu mætti verja til þráðlausrar firðritunar, og hefir þetta að sjálfsögðu verið til þess gert, að það sæist sem bezt, að féð mætti nota eins og stjórnin fór fram á, annaðhvort til ritsíma eða þráðlausrar firðritunar. Enn fremur hafa tillögumennirnir sjálfsagt viljað minna stjórnina á það, að hún hafði sumarið áður gefið þinginu í skyn, að þráðlaust samband kynni að geta feingizt, ekki einasta til landsins, heldur og milli allra

4 kaupstaðanna fyrir þetta árstillag eða jafnvel fyrir minna. Tillagan var aldrei rökstudd í umræðunum, en vér höfum til frekari fullvissu spurt þá menn, sem voru í samgöngumálanefndinni á síðasta þingi, hvort þessi skilningur vor sé ekki réttur, og hafa þeir tjáð oss, að svo sé.

Breytingartillagan var samþykt og gjaldliðurinn nú þannig orðaður:

»Til ritsíma milli Íslands og útlanda, 1. og 2. ársborgun af 20 ára tillagi 35,000 35,000

Af upphæð þessari má verja svo miklu sem nauðsyn krefur til að koma á þráðlausu hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda og milli Reykjavíkur og hinna þriggja annara kaupstaða á landinu.

Til þess að koma sem fyrst á hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda má verja allri upphæðinni fyrra árið til þess sambands út af fyrir sig, ef það verður komið á í árslok 1904, og að því tilskildu, að nægileg trygging sé sett fyrir því, að sambandið við hina kaupstaðina þrjá verði komið á fyrir árslok 1905 án aukins tillags frá Íslandi.

Væntanlegur samningur með fylgiskjölum leggist fyrir Alþingi til athugunar«.

Við eina umræðu í efri deild var 2. athugasemdin feld burtu, svo litið á, að hún mundi að eins verða til að tefja fyrir málinu.

En í sameinuðu þingi var hún sett inn aptur og samþykt umræðulaust.

Það er nú ljóst, að á síðasta þingi hafa menn, eins og 1902, gert sér nokkrar vonir um, að þráðlaust samband við útlönd og innanlands kynni að geta feingizt fyrir miklu minna tillag úr landssjóði en símasamband.

Vissa var þó eingin fyrir þessu, og þess vegna er fjárveiting undanfarinna þinga 35000 kr. á ári til ritsíma í 20 ár, látin standa óbreytt efst á blaði. En af því að menn í raun og veru voru mjög vonlitlir um að símasamband mundi komast í framkvæmd á fjárhagstímabilinu, var talið óþarft að endurtaka í fjárlögunum 1904—1905 athugasemd þá, er staðið hafði í fjárlögunum fyrir undanfarin ár.

V.

Hraðskeytamálið 1904—05. Þráðlaus firðritun reynist dýrari, en menn höfðu haldið. Óvænt tilboð um sæsíma frá Mikla norræna ritsímafélaginu. Kostur gefinn á sæsíma með sömu kjörum sem Alþingi hafði margsinnis áður fallizt á. Tækifærið notað og samningur gerður við Mikla norræna ritsímafélagið.

Margir munu hafa vænzt þess, að hin innlenda íslenzka stjórn, er vér feingum síðastliðið ár, mundi meðal annars gera sér far um að koma skriði á þetta mál, hraðskeytasambandið, sem um langan tíma hafði verið talið eitthvert hið mesta framfaramál þjóðarinnar.

Þegar stjórnarskiptin urðu 1. Febrúar 1904 horfði málið svo við, að fyrir lá frá þinginu heimild fyrir stjórnina til að gera samning um ritsíma milli Íslands og útlanda, eða þá þráðlaust hraðskeytasamband milli Reykjavíkur og útlanda og milli Reykjavíkur og hinna þriggja annara kaupstaða á landinu; var

heimilað að verja til þessa annarshvors 35,000 kr. í 20 ár (sbr. 12. gr. D. í núgildandi fjárlögum).

En horfurnar voru ekki góðar. Litlar sem eingar líkur fyrir því að ritsími mundi fást og eingin vissa fyrir hinu, að þær vonir myndu rætast, er menn höfðu gert sér um þráðlaust hraðskeytasamband.

Vér munum nú skýra frá aðgerðum stjórnarinnar í málinu og öllum tildrögum að samningi þeim, er gerður hefir verið við M. N. félagið.

Nefndin hefir átt kost á að kynna sér öll skjöl, er hraðskeytamálið snerta frá því er það fyrst varð til 1852 og fram til þessa dags.

Þegar er núverandi ráðherra var kominn til valda, tók hann að vinna að málinu; hefir hann aðallega leitað fyrir sér hjá Marconifélaginu annarsvegar og hjá Mikla norræna ritsímafélaginu hins vegar.

Vér munum fyrst skýra frá málaleituninni við Marconifélagið.

28. Apríl 1904 berst ráðherra bréf frá Einari Benediktssyni málaflutningsmanni, sem var handgeinginn Marconifélaginu (sbr. þingið 1902), þar sem hann skýrir ráðherra frá því, að hann hafi feingið bréf frá Marconifélaginu og sé það nú fúst að bjóða betri kjör en danska félagið[1] hafi átt kost á; segist E. B. nú skrifa félaginu og biðja um ákveðin tilboð, sem hann skuli senda stjórninni.

18. Maí 1904 skrifar Marconifélagið til Íslandsráðherra og býður loftskeytasamband milli Skotlands og Reykjavíkur fyrir 20740 £ (393320 kr.) út í hönd og 2000 £ ári (36000 kr.; 1. L).

Þessu svarar ráðherra í bréfi til félagsins 16. Júní 1904, kveðst ekki samkvæmt fjárlögum Íslands hafa heimild til að ganga að þessu boði, enda þyki sér verðið furðu hátt, kveðst samt óska vitneskju um, hvort félagið áskilji sér einkarétt, hver eigi að borga reksturskostnað, hver hirða tekjurnar o. s. frv.

Litlu síðar, 1. Júlí 1904, skrifar ráðherra félaginu aptur, spyr hvað kosta mundi loptskeytasamband milli Seyðisfjarðar, Akureyrar og Reykjavíkur ɔ: þrjár stöðvar, og hver árkostnaður muni falla á þær.

Marconifélagið svarar 22. s. m. báðum þessum bréfum (1. M).

Í næsta mánuði fór ráðherrann utan til Lundúnaborgar á fund Marconifélagsins til þess að reyna að komast að betri kjörum hjá því; þaðan fór hann svo til Kaupmannahafnar og þangað barst honum fullnaðartilboð Marconifélagsins dags. 3. Sept. 1904. (1. N.),

Jafnframt þessari málaleitun við Marconifélagið gerir ráðherra gangskör að því að útvega tilboð frá M. N. um sæsíma, án frekara tillags en þess, er í boði hafði verið um mörg ár frá Danmörku og Íslandi. Hefir hann tjáð oss, að þegar um veturinn 1903, er það kom til orða að hann tæki við ráðherrastörfum, hafi hann beðið samgöngumálaráðherrann, *C. Hage*, að gera sitt til við M. N.

Eins og kunnugt er á M. N. sæsíma frá Danmörku og Noregi og Svíþjóð til Englands og fylgir þeim einkaréttur til 1911; þá áttu þeir að verða ríkiseign. Það var á valdi Danmerkur að framleingja þennan einkarétt, en danska stjórnin hafði þó lofað að gera það ekki án vilja og vitundar Noregs og Svíþjóðar og enska stjórnin heitið því að gera ekkert í því máli öðru vísi en í samráði við hin ríkin.

Nú tók Hage ráðherra, sem var málinu mjög hlyntur, það til bragðs, að gefa M. N. í skyn, að danska stjórnin mundi ef til vill leggja það í sölurnar að

[1]) L. Arntzen o. fl., sem nú voru horfnir frá.

framleingja einkaréttinn á Englandssímunum, ef félagið vildi vinna til að leggja sæsíma til Íslands án annars styrks en stóð á fjárlögum Dana og Íslendinga.

30. Marz 1904 ritar Íslandsráðherra utanríkisráðgjafanum, biður hann fara þess á leit við ensku stjórnina að hún framleingi einkaréttinn á Englandssímunum fyrir sitt leyti móti því, að M. N. leggi sæsíma til Íslands, en enska stjórnin fékst ekki til að setja þetta skilyrði.

6. Júní 1904 skrifar samgöngumálaráðherrann Íslandsráðherra (1. E.), segist vera kominn vel á veg með samninga við M. N. og sé áríðandi að verkið sé unnið sem fljótast eptir að samningur sé feinginn o. s. frv. Ber bréfið með sér, að hann hefir talið nauðsynlegt að bráður bugur yrði undinn að úrslitum málsins.

Þessu svarar ráðherrann hér 30. Júní 1904 (1. F.). Ber bréf hans með sér að honum þykir úr vöndu að ráða, þar sem ekkert sé veitt til landsíma á síðustu fjárlögum og enn óséð, hvaða kjör muni í boði frá Marconifélaginu.

Hage ráðherra hafði unnið kappsamlega að því að koma málinu í kring, og haft mikið fyrir að útvega samþykki Noregs, Svíþjóðar og Englands til þess að leingja einkleyfi M. N. á Englandssímunum; þykir honum — sem von var — Íslendingar þakka sér illa góða hjálp og mælist til þess, að ráðherra Íslands komi til Hafnar, sbr. bréf dags. 11. Ág. 1904 (1. G.).

Ráðherra vor bregður nú við, fer fyrst til Lundúna á fund Marconifélagsins, eins og áður er sagt, og þaðan til Hafnar.

Þá er svo langt komið, að M. N. hefir afráðið að gefa kost á sæsíma til Íslands með þeim skilyrðum, að því er Ísland snertir, að félagið fái 35000 kr. á ári í 20 ár ásamt einkaleyfi og megi leggja sæsímann að austurströnd landsins gegn 300000 kr. tillagi til landsíma þaðan til Reykjavíkar. Þetta voru þau kjör, sem þingið hafði aðhylzt áður, bæði 1899 og 1901, og þó þeim mun betri, að nú gat ráðherrann feingið því framgeingt að Ísland skyldi, þrátt fyrir tillagið frá M. N., eiga allan landsímann og allar tekjur af honum og eignast sæsímann að þriðjungi (Danmörk $^2/_3$) eptir 20 ár, ef einkaleyfið verði ekki endurnýjað. Áður hafði verið svo tilskilið, að félagið skyldi hafa tekjur af landsímanum að tiltölu við tillag sitt og verða meðeigandi að honum að 20 árum liðnum, einnig að tiltölu við tillagið, og hafði þingið aðhylzt þetta. Um þessar mundir barst ráðherra bréf frá verkmeistara, Hanson ds. 8. Sept. 1904, þar sem hann kveðst ef til vill muni gera tilboð um að leggja landsímann frá Seyðisfirði til Reykjavíkur fyrir 380000 kr., og fullyrðir að kostnaðurinn muni eigi fara fram úr þeirri upphæð.

Þetta voru þá kostirnir annars vegar.

En hins vegar var tilboð Marconifélagsins (1. N), þar sem það heimtar 51785 £ eða tæpa 1 miljón kr. fyrir loptskeytasamband til Íslands, Reykjavíkur, Ísafjarðar, Seyðisfjarðar og Akureyrar og áætlar að minsta kosti 6277 £ eða c. 113000 kr. á ári til reksturs og viðhalds, en Ísland eigi tekjurnar.

Vér ætlum öllum ljóst, að hér var ólíku saman að jafna, tilboð M. N. svo miklu aðgeingilegra, þó að tekjurnar af sæsímanum rynnu ekki í landssjóð, og í fullu samræmi við yfirlýstan vilja fyrri þinga, hitt ekki í samræmi við nein tilboð undafarinna þinga.

Svo stóð á í Danmörku, að búizt var við því, að Hage ráðherra, mesti og helzti stuðningsmaður málsins, mundi fara frá innan skams (fór í Janúar 1905); var því viðbúið, að M. N. mundi ef til vill draga sig í hlé, ef ekkert yrði af samningum nú þegar.

Bréf M. N. 15. Sept. 1904 (1. H.) bendir til þess, að ástæða hafi verið til að ráða málinu þegar til lykta.

Og svo afræður þá ráðherrann að undirskrifa fyrir Íslands hönd samning við félagið. Það gerðist 26. Sept.

Vetrinum er því næst varið til að leggja fölur á efni til landsímans og til annars nauðsynlegs undirbúnings, sem síðar mun að vikið.

VI.

Þörfin á hraðskeytasambandi við útlönd og innanlands.

Þá er þessu máli var fyrst hreift á þingi, 1891, var sumum mönnum þegar ljóst, að eingu síður væri þörf á innanlandssambandi en sambandi við útlönd.

Þó hafa hugsanir manna leingst af snúizt um utanlandssambandið; mönnum hefir skilizt, að það mundi verða til afarmikilla hagsmuna fyrir þjóðina, mundi umskapa öll verzlunarviðskipti, færa þau í nýtt og betra horf, mundi eins og nema burtu fjarlægðina milli vor og annara þjóða, færa vort afskekta land inn í framfara og menningarstraum nútímans.

Þessi hefir verið skoðun manna og þessi er skoðun vor.

En því undarlegra má það virðast, að mönnum hefir hætt við að láta sér sjást yfir þörfina á góðu hraðskeytasambandi innanlands.

Til hvers væri það, þó að vér feingjum hraðskeytasamband frá útlöndum til eins staðar á Íslandi, t. d. Reykjavíkur, en ekkert innanlandssamband. — Það mundi koma þeim stað að notum og næsta nágrenni, og þar með búið. Eins og póstferðum er háttað hér á landi koma iðulega fréttir frá útlöndum til Seyðisfjarðar, Akureyrar o. s. frv., sem eru yngri en síðustu póstfréttir frá Reykjavík.

Til þess að alt landið hafi not af sambandinu við önnur lönd, þurfa öll héruð, eða sem allra flest, að komast í þetta samband.

En þetta eru ekki einustu notin, sem hljótast mundu af innanlandssambandinu.

Lítum á atvinnuvegi vora og innanlandsviðskipti. Sjávarútvegurinn, einhver arðsamasti atvinnuvegur landsins, getur aldrei komizt á fastan og öruggan fót fyrr en unt er fyrir sjómenn að vita, hvar við strendur landsins veiðivonin er mest í það og það sinn. Þá fyrst mundi það ekki eiga sér stað, sem nú er alltítt, að firðir fyllast af síld eða þorski, án þess neinn sé til að nota, en fjöldi skipa samtímis að veiðum á öðrum stöðum, þar sem lítið fæst eða ekkert. Þá mundi og nýtt líf færast í öll innanlandsviðskipti, eingu síður en í verzlunina við önnur lönd.

Vér Íslendingar höfum laungum talið strjálbygðina eitthvert vort hið mesta mein. Við þessu meini er eingin bót hugsanleg önnur en gott hraðskeytasamband innanlands.

Vér nefnum alt þetta af því, að á tveimur undanförnum þingum 1902 og 1903 hafa menn viljað gera sér að góðu innanlandssamband, sem ekki næði til annara staða en kaupstaðanna fjögurra.

Þetta nær eingri átt; aðrir verzlunarstaðir, veiðistöðvar og enda landsveitir þurfa eingu síður á þessum hagsmunum að halda, eiga líka heimtingu á, að verða þeirra aðnjótaudi, og munu öldungis efalaust rísa upp og halda fram þessari

réttmætu kröfu, ef hraðskeytasambandi er komið á, án þess að taka tillit til þeirra.

Auðvitað mun þingið ekki sjá sér fært að koma á í einu hraðskeytasambandi innanlands, er nái til allra helztu verzlunarstaða, veiðistöðva og sveitahéraða, en vér teljum æskilegt, að byrjunarframkvæmdinni sé þannig varið, að hún komi sem flestum að notum, og vér teljum það sjálfsagða skyldu, að hafa framtíðarþörfina fyrir augum, haga byrjuninni til hraðskeytasambands innanlands á þann hátt, að sem auðgerðast verði og kostnaðarminst, að auka við síðar.

Og ættum vér um tvent að velja: utanlandssamband eitt fyrir sig eða innanlandssamband eitt fyrir sig, þá mundum vér óhikað velja innanlandssambandið.

VII.

Hvaða hraðskeytaaðferð er greiðust og gagnlegust og öruggust?

Milli landa er ekki nema um tvær aðferðir að ræða: sæsíma, eða þráðlausa firðritun.

Að því er snertir samanburð á þessum tveim aðferðum, teljum vér nægja að vísa til álits verkmeistaranna *Krarups* og *Forbergs* (1. K. og 7). Krarup er í þjónustu danska ríkisins og yfirmaður ríkisritsímanna í Danmörku hefir vísað á hann sem dugandi mann. Forberg er Norðmaður og hefir yfirmaður ríkisritsímanna í Noregi útvegað hann til ráða og framkvæmda í þessu máli. Er eingin minsta ástæða til að ætla, að þessir menn, sem að öllu leyti eru óháðir M. N. félaginu, ráði oss til annars, en þeir mundu ráða hvor sinni þjóð, enda er oss fullkunnugt um að skýrslur þeirra eru í fullu samræmi við þær skoðanir, sem ríkjandi eru um allan hinn mentaða heim meðal allra þeirra, er vit hafa á hraðskeytamálum og líta óhlutdrægt á þau.

Vér verðum því að hallast að þeirri skoðun, að því er áhrærir sambandið við önnur lönd, að sæsímasamband sé, þegar á alt er litið, bæði öruggara og um leið miklu gagnlegra.

Um innanlandssamband er nokkuð öðru máli að gegna. Þar er um þrjár aðferðir að ræða, þráðlausa firðritun, símritun og símtal.

Menn sjá sér ekki fært að hafa loptskeytastöðvar annarsstaðar en á andnesjum, þannig að skeytin berist yfir sjó, en sem minst yfir land (sbr. fylgiskjölin 2., 4., og 5). Þessu fylgir sá mikli ókostur að flestar stöðvarnar koma að litlum eða eingum *beinum* notum, af því að þær standa langt frá mannabygðum eða í strjálbygð; annar ókostur eingu minni er í því fólginn, að skeytin komast ekki stanzlaust milli fjarlægra staða, heldur fara þau eins konar selflutningum frá einni stöð til annarar; hver millistöð tekur við þeim frá næstu stöð bak við sig og sendir þau áfram til næstu stöðvar fram undan; verður þannig að afrita orðsendingarnar eins opt eins og millistöðvarnar eru margar. Ef t. d. er farið eptir uppástungunni í fylgiskjali 5, I., verður að afrita orðsendinguna frá Reykjavík til Akureyrar 6 sinnum, sem sé á Reykjanesi, Færeyjum, Hvalvík, Langanesi, Rauðagnúp og Gjögri. Þessi selflutningur skeytanna er afartafsamur og kostnaðarsamur, og auk þess mjög hætt við, að skeytin skekkist á leiðinni (mislestur).

Þar við bætist svo sá annmarki, að skeytin (ætherbylgjurnar) fara frá

hverri stöð í allar áttir og geta því skeytin, ef stöðvarnar eru margar og vinna margar samtímis, öll farið í rugling og alt orðið óskiljanlegt. Er eingin full trygging feingin fyrir því, að þessu verði varnað. Loks getur þetta samband truflazt heila og hálfa daga af veðrabrigðum eða breytingum á rafmagni loptsins, og gæti sá truflunartími orðið býsna langur alls yfir á ári hverju.

Símasambandi er alt öðru vísi háttað. Þar fara orðsendingarnar (rafmagnskippir) *ákveðna* leið, gegn um málmþráðinn; þau fara líka *beina* leið, fram hjá viðkomustöðum, eru ekki afrituð þar og send þaðan aptur; auk þess er hægt að senda miklu fleiri orð á hverri mínútu gegnum þráð en milli loptskeytastöðva, og það kemur naumast fyrir að skeytin verði misskilin. Það eitt er líkt, að með báðum þessum aðferðum koma stafirnir út á pappírsræmu á viðtökuáhaldinu, sem punktar og stryk; hver stafur hefir sitt merki, samsett af punktum og strykum; a = ·—, d = —··, o. s. frv.

Þá er og hægt að leggja síma um allar sveitir, hægt að leggja sambandsleiðina þar sem hún kemur að mestum notum, hægt að hafa viðkomustöðvar á leiðinni svo margar sem þörf gerist, t. d. 18 eða fleiri á leiðinni frá Reykjavík til Seyðisfjarðar, og hægt að komast hjá stöðvum, sem ekkert beint gagn gera.

Oss getur ekki dulizt og vér hyggjum að allir muni geta gert sér ljóst, hversu mikla yfirburði símasamband innanlands hefir yfir loptskeytasamband.

Og þó er enn ótalið aðalgagnið, sem hljótast mundi af landsíma, þeir meginhagsmunir, að hann veitir landsbúum færi á að *talast* við, þó að þeir séu staddir sinn í hverri sveit, sinn á hverjum landsenda, og getur samtalið farið fram í gegnum þræðina þó að samtímis sé verið að senda orðsendingar eptir þeim með símritunaráhöldum. Ekkert annað hraðskeytasamband kemst í hálfkvisti við þetta; munurinn er því líkur sem milli bréfaviðskipta og munnlegs viðtals. Og hér við bætist svo, að talsímastöðvar eru mjög óbrotnar; til þess að gæta þeirra þarf einga sérstaka mentun; það getur hver maður gert; en til þess að gæta loptskeytastöðva þarf mikinn lærdóm, og ritsímastöðvar þurfa einnig manna með talsverða undirbúningsmentun.

Ef menn vilja íhuga alt þetta og gæta þess ennfremur, hversu opt menn geta lokið vandasömum erindum á fáum mínútum, ef kostur er á munnlegu samtali, erindum, sem taka mundu afarlangan tíma með bréfaskriptum, og einnig verða býsna tafsöm og kostnaðarsöm, þó að kostur væri á að senda rituð hraðskeyti, þá ætlum vér, að eingum geti dulizt, að talsímasamband, það eitt og ekkert annað, getur komið til mála sem aðalhraðskeytaaðferð innanlands — eins hér eins og í öllum öðrum löndum.

Ef loptskeytastöðvar eru reistar á andnesjum (sbr. 5 I.), verður ekki hjá því komizt að leggja þegar í byrjun síma inn í landið á sumum stöðum, og óðar mundu kröfurnar vakna um síma inni í landinu milli héraðanna. Hver og einn getur hugleitt hvað *þetta* mundi kosta. Og þar sem símí væri kominn og kostur feinginn á samtölum, mundi einginn nota annað.

Ef hins vegar landsími væri lagður frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, þá væri þegar feingið talsímasamband milli fjölda margra héraða og öðrum héruðum mörgum og einstökum sveitum innanhandar að gera álmur frá höfuðleiðinni heim til sín, víða með litlum tilkostnaði.

Að því er snertir bilunarhættu á landsíma, þá er hún ekki meiri hér en í mörgum öðrum löndum, og sjálfsagt minni en víða annarsstaðar, sem síðar skal að vikið. Aðgerðir á þráðunum, þá er þeir slitna, eru heldur ekki erfiðari en víða á sér stað. Viljum vér t. d. benda á eitt dæmi. Bærinn Björgvin í Noregi hefir

c. 70,000 íbúa; þaðan er einginn sæsími til útlanda. Skeyti til útlanda verða fyrst að fara til Kristjaníu. Höfuðsíminn (ritsími og talsími) milli Björgynjar og Kristjaníu liggur beina leið yfir hátt og breitt fjalllendi, og er sú óbygða leið leingri en hér er nokkursstaðar milli bygða á fyrirhugaðri leið landsíma frá Seyðisfirði til Reykjavíkur.

Það er því eindregið álit vort um innanlandssambandið, að þar komist loptskeytaaðferðin ekki í nokkurn samjöfnuð við talsímasamband, að því er gagnsemi snertir fyrir almenning.

VIII.

Kostnaðaráætlanir. Tilboð um loptritun. Símakostnaður.

Vér höfum tekið kostnaðarhlið málsins til rækilegrar íhugunar. Nefndinni hafa borizt ýtarleg og sundurliðuð framboð um loptrita, bæði milli Íslands og útlanda, og eins innanlands, og vér höfum átt á nefndarfundum tal við umboðsmenn þeirra 2 félaga, er framboðin hafa gert, en það er Siemens & Halske í Berlín og Marconi-félagið í London. — Tilboð þeirra höfum vér látið prenta með þessu voru áliti og vísum hér til hinna prentuðu skjala. — Þessum tilboðum fylgja og uppdregnar línur, er sýna staði þá, er ætlazt er til að settir verði í samband með loptritun (2., 3., 4., 5.).

Til þess að geta borið saman kostnaðinn við tilboðin öll, eptir sama mælikvarða, þá höfum vér reiknað niður, hve hátt árgjald landssjóður Íslands þarf að greiða á ári í næstu 20 ár, þegar reiknaður er árlega áfallandi kostnaður við rekstur, viðhald og fyrning, og hinum útlagða byggingar- og stofnkostnaði breytt í 20 ára afborgun með $4^1/_2$ % vöxtum eða í afborgun og vexti $7^1/_2$ % á ári.

Að því svo er snertir tilboðin frá félaginu Siemens & Halske í Berlín, þá var nefndin öll samdóma um, að það eina af tilboðum þess félags, er komið gæti til álita, væri tilboð það, er auðkent er V. — Eptir tiboðinu er kostnaður við efni, flutning til landsins og bygging stöðva ... ... kr. 736,500,00
og að auki: Grunnar, lóðir og flutningur innanlands áætlaður ... — 54,000,00
Kostnaður við bygging landlína ... ... — 88,000,00
Áætlað alls af umboðsm. félagsins kr. 878,500,00

Sé þetta eptir fyrgreindum mælikvarða reiknað sem árlegt gjald í 20 ár, eru það á ári ... ... kr. 65,887,50
Árlegur reksturskostnaður er eptir áætlun umboðsmannsins — 106,692,00
Árskostnaður alls kr. 172,579,50

Nefndin er öll á einu máli um það, að ekki væri tiltækilegt að ganga að þessum kjörum, þar sem kostnaðurinn er svo mikill, og meiri hluti nefndarmanna auk þess taldi vafasamt, að þetta reyndist vel, auk þess sem fyrirsjáanlegt var, að leggja þurfti mikið af landlínum frá þessum útnesjastöðvum, ef landið ætti alment að hafa gagn af þessu fyrirkomulagi.

Til þess var ætlazt, að tekjur allar af loptritunum rynni í landsjóð, en rekstur loptritans átti svo stjórn landsins að annast, og umboðsmaður félagsins vildi eigi binda félagið til þess að annast rekstur stöðvanna.

Trygging af hálfu þessa félags hefir eigi verið framboðin önnur en að landssjóður greiddi byggingarkostnaðinn með árlegum afborgunum, er þá mætti

halda inni, ef illa reyndist, enda er nefndinni kunnugt um, að félag það, er hér á hlut að, er mjög áreiðanlegt í viðskiptum og að dómi sérfróðra manna leingzt á veg komið allra þeirra félaga, er við loptritun fást, að því er sambandsöryggi og nákvæmni snertir.

Hin önnur tilboð þessa félags eru talin svo ónóg og dýr í hlutfalli við gagnsemi, að hér þarf eigi frekar að þeim að víkja.

Þegar því næst litið er til þeirra tilboða, er komið hafa fram af hálfu Marconifélagsins í London, þá er það að eins eitt af tilboðum þess félags, er komið getur til álita, sem sé hið fyrsta. Þar býðst félagið til að setja upp loptritastöðvar á Skotlandi og Færeyjum og koma þeim stöðvum í samband við hina 4 kaupstaði á landinu fyrir (£ 35,000) 637,000 kr. stofnkostnað og áætlar, að árlegur reksturs- og viðhaldskostnaður verði 4,278 £ = 77,859 kr. á ári. En jafnhliða, eða til vara, býðst félagið til að taka að sér stofnun, rekstur og viðhald sambandsins fyrir árlegt gjald í 20 ár, c. 128,000 kr. á ári. Tekjurnar tilfalli landssjóði og stöðvarnar séu eign landsins eptir 20 ár.

Um hin önnur tilboð af hálfu þessa félags virðist eigi ástæða til að ræða frekar, þar sem þau eigi fullnægja þeim kröfum, að koma á hraðskeytasambandi, er til álita geti komið, utan- og innan-lands og gagnsemi þeirra því er minni,

Trygging fyrir því, að stöðvar þessa félags reynist áreiðanlegar hefir eigi verið boðin, en félagið hefir um mánaðartíma haft viðtökustöð hér við Reykjavík og birt nokkur loptskeyti, er stöðin hefir tekið á móti.

Þá er þar næst að taka til athugunar væntanlegan kostnað við sæþráð frá Hjaltlandi til Austurlands og talsíma þaðan um Akureyri til Reykjavíkur.

Hinn fyrsti liður í þeirri áætlun er hið árlega tillag um 20 ár, 35,000 kr. á ári til sambandsins milli landa. Af sæþræðinum hefir landssjóður eigi aðrar tekjur en hinn svonefnda »terminal-taxta«, eða landgjald, er ætla má, að verði nál. 7 aurar af hverju orði, eða sé afgreiðsla með þræðinum áætluð 200 orð daglega í 300 daga ár hvert, þá 4200 kr. á ári. Að liðnum þessum 20 árum, er landssjóður, ef félagið eigi heldur áfram án styrks, eigandi að $^1/_3$ af sæþræðinum, er áætlað er, að allur muni kosta 1,800,000. Sé nú svo talið, að þráðurinn sé í hálfu verðgildi eptir 20 ár, en endingartími sæþráða er nokkuð yfir 40 ár að minsta kosti, þá ætti hluti Íslands í þræðinum að vera 300,000 kr. virði.

Hinn annar liður í þessari kostnaðaráætlun er bygging landsíma frá Seyðisfirði, landtökustað sæþráðarins, um Akureyri til Reykjavíkur. Um þennan kostnað liggja fyrir áætlanir, og vér álítum, að áætlun sú, er verkfræðingur Olaf Forberg hefir gert, eptir að hann var búinn að rannsaka veginn og kynna sér alla staðháttu, sé hin ábyggilegasta (6).

Vér gerum síðar í þessu áliti enn ýtarlega og sundurliðaða grein fyrir hinum einstöku atriðum í þessari áætlun, en í þessum samanburði álítum vér rétt að nefna svo háa upphæð, að vér séum þess fullvissir, að jafnvel þótt eitthvað færi mjög óheppilega, þá væri upphæðin næg. Vér setjum að efni í og bygging landsímans kosti 480,000 alls; þar frá dragast 300,000 kr. sem er tillag M. N. félagsins, og yrði þá landsjóður að borga í eitt skipti 180,000 kr., sem jafngildir 13,500 kr. á ári í 20 ár ($7\,^1/_2\,\%$). Það eru eingar líkur til, að kostnaðurinn nái þessari upphæð, ef alt geingur þolanlega, hvað þá, að hann fari fram úr henni, eins og ýtarlegar verður grein gerð fyrir síðar.

Þá er hinn þriðji liður kostnaðarins: Reksturskostnaður, viðhald og fyrning. Þar hefir verkfræðingur O. Forberg, sem hefir um nokkur ár verið yfir-

maður yfir land- og sæþráðastöðvum í norðanverðum Noregi, þar sem líkt háttar til og hér á landi, áætlað 33,375 kr. alls á ári. Þótt vér að vísu teljum það mjög líklegt, eins og síðar verður gerð grein fyrir, að áætlan þessi reynist nærri vegi, þá viljum vér í þessum samanburði hækka hana upp í 39,500., til þess að vera þess fullvissir, að fram úr henni þurfi eigi að fara. Hinn árlegi kostnaður við landsíma og sæþráð er því í hæsta lagi talinn:

1. Tillag til sæþráðar 35,000
2. Afb. og vextir af 180,000 í 20 ár 13.500
3. Rekstur og viðhald landsíma 39,500

Eða alls 88,000

Tekjur allar af landsímanum falla til landssjóðs, og síminn er allur hans eign. Þess má geta, að eptir skilyrðum þeim, er sett voru af hálfu Danmerkur 1898 og sem alþingi 1899 aðhyltist eða sætti sig við, átti M. N. að hafa tekjur af landsímanum móts við tillag sitt, 300,000 kr., og eignarrétt að honum eptir sama hlutfalli. Þessi Íslandi mjög svo óhagfeldu skilyrði hafa verið feld burtu, og hefir það mikla þýðing fyrir málið.

Því næst er að athuga, hverjar tekjur að líklegt er að landssjóður fái árlega af loptritunum og af símasambandinu. Af loptritasambandinu *milli landa* gerum vér ráð fyrir að tekjurnar, ef alt reynist vel, gæti orðið alt að 20,000 kr. á ári, en teljum eingar líkur til, að þær fari fram úr þeirri upphæð, sérstaklega vegna þess, hve ógreitt sambandið verður yfir hinar mörgu millistöðvar, einkum norðanlands og vestan. Það hefir og talsverð áhrif, hve hátt gjald yrði sett fyrir skeytin.

Af sæþræðinum milli landa hefir landssjóður eigi neinar tekjur, nema terminalgjaldið, er áður er minst á.

Þegar svo litið er til sambandsins *innan lands*, þá er eigi mögulegt að gera ráð fyrir miklum tekjum af loptritastöðvunum. Þær eru á andnesjum úti, í strjálbygð og langt frá bygðum, og auk þess þarf sérfróða og velæfða vélfræðinga til allrar afgreiðslu. Þær eru því alveg óaðgeingilegar fyrir allan þorra manna. Sambandið innanlands er, vegna hinna mörgu millistöðva, er selflytja þurfa skeytin, á stundum yfir Færeyjar, mjög ógreitt og óáreiðanlegt. Það er því fullhátt í lagt að ætla tekjurnar af innanlandssambandinu 10,000 kr. á ári, en það fer og nokkuð eptir töxtum þeim, er settir yrði. Tekjurnar af loptritasambandinu utan og innan lands yrði þá nálægt 30,000 kr. á ári. Vér getum eigi ætlað, að þær færi fram úr þeirri upphæð, þó alt færi svo vel, sem bezt yrði á kosið.

Um tekjur af *talsímasambandinu innan lands* má gera sér nokkuð vísari hugmynd. Vér setjum svo, að gjald fyrir samtöl yrði (fyrir 3 mínútur):

1. Milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar 1,25
2. Milli Akureyrar og Rvíkur eða Seyðisfjarðar 0,75
3. Milli millistöðva á skemri leið 0,50

og gerum svo ráð fyrir að meðaltali á dag 20 samtölum á 1,25 kr. 25,00
40 —— - 0,75 — 30,00
40 —— - 0,50 — 20,00

eða alls á dag kr. 75,00

Árstekjurnar yrðu þá af þessu sambandi 22,500 kr. (300 dagar) eða alls af símasambandinu utan og innan lands nál. 27,000 kr.

Þegar frá kostnaði við loptritun	kr.	128,000
eru dregnar áætlaðar tekjur	—	30,000
verða eptir	kr.	98,000

er greiðast ætti árlega úr landssjóði fyrir þetta samband um 20 ár.

Þegar frá kostnaði við símasamband	kr.	88,000
eins og að ofan er talið, dragast áætlaðar tekjur	—	27,000
verða eptir	kr.	61,000

Það mun eingum blandast hugur um, að þessi árgjöld leggja landssjóði eigi þá byrði á herðar, sem verði honum eða þjóðinni verulega tilfinnanleg, sérstaklega þegar um er að tefla framgang hins þýðingarmesta og víðtækasta velferðarmál lands og þjóðar, sem um 14 ár hefir verið efst á baugi hjá öllum framsýnni áhugamönuum þjóðarinnar. Geta má og þess, að þegar nú er létt af landssjóði að minsta kosti 45,000 kr. árgjaldi til gufuskipaferðanna, þá verða gjöld hans nær því eingu þyngri í framtíðinni fyrir þetta, en þau hafa verið yfirstandandi fjárhaghagstímabil.

Til þess enn ljósar að leiða mönnum fyrir sjónir, að hér er ekki reistur þjóðinni »hurðarás um öxl«, skulum vér til samanburðar benda á, að þjóðin hefir á undanförnum 15 árum lagt á sig gjöld svo miljónum skiptir, og verið undir þeim ánægð, til fyrirtækja, sem eingan eyri gefa landssjóði í tekjur, en að allra dómi eru nauðsynleg til þess að efla viðskiptalífið, bæta hag landsmanna og glæða lífið í landinu. Það eru vegir, brýr og skipagaungur, mál sem í eðli sínu eru hraðskeytamálinu náskyld. Til þessara mála hefir eptir landsreikningum og fjárlögum verið varið:

1891	kr.	60,000		
1892	—	44,000		
1893	—	40,000		
1894	—	148,000		
1895	—	119,500	kr.	411,500
1896	kr.	197,000		
1897	—	182,500		
1898	—	168,500		
1899	—	168,000		
1900	—	190,000	—	906,000
1901	kr.	155,500		
1902	—	189,500		
1903	—	176,000		
1904	—	210,500		
1905	—	210,500	—	942,000
		Samtals	kr.	2,259,500

Meðaltal á ári er:

1891—1895	kr.	82,300
1896—1900	—	181,200
1901—1905	—	188,400

Vér hikum því eigi við, að láta það í ljósi sem vort álit, að símasambandið muni verða hið ódýrasta fyrir landið eins og málið nú liggur fyrir, og eigi baka því nein þau gjöld, er óttast þurfi að verði þjóðinni ofvaxin. Einginn vafi getur leikið á því, að talsímasamband innanlands stendur framar öllum öðr-

um samböndum að gagnsemi fyrir þjóðina. Fyrir atvinnu- og viðskiptalífið hefir það, svo aðgeingilegt og auðnotað sem það er, meiri þýðing, en nokkurt annað, go hin »kultúrella« þýðing, sú að glæða lífið meðal þjóðarinnar alment, verður eigi borin saman við þýðing hinna óaðgeingilegu andnesjastöðva loptritanna. Hvort sem litið er til gagnseminnar fyrir landið og þjóðina eða til kostnaðarins, þá verðum vér að líta svo á, að símasambandið sé svo miklum mun betra en hin fyrirliggjandi tilboð um loptritun, að það sé eigi saman berandi. — Að því er sambandsöryggi snertir, þá er það fram að taka, að allar mentaþjóðir, er vér þekkjum, byggja hraðskeytasambönd sín á þráðum, en nota loptrita að eins þar sem þráðum verður eigi komið við. Vér þekkjum einga þjóð, er byggi sambönd sín á loptritun eingöngu. — Vér vitum, að þráðsambandið hefir reynzt fullnægjandi fyrir sambandsþörf annara þjóða, þar sem alveg eins og eingu betur er ástatt en hjá oss. Það kemur vitanlega fyrir, að þræðir bila, sérstaklega landsímar hinn fyrsta vetur, en eptir reynslu annara þjóða eru eigi þau brögð að því, ef símalínur eru í upphafi traust bygðar, að hnekkja þurfi gagnsemi þeirra. Hitt er og víst, að loptritastöðvar hafa opt eigi getað komið skeytum stöð frá stöð og það brestur enn mikið á, að það samband geti talist reynt að öryggi.

Þó að vér höfum gert ráð fyrir að kostnaður við landsíma frá Seyðisfirði til Reykjavíkur geti, ef illa tekst, farið upp í 180,000 kr. auk tillagsins frá M. N., þá búumst vér alls ekki við, að hann verði svo mikill, heldur muni áætlun Forbergs fara mjög nærri sanni og þessi útgjöld ekki geta farið upp úr 175,000 kr. Álma til Ísafjarðar mundi ekki fara fram úr 125,000 kr. Reksturskostnað og viðhald á landsímunum teljum vér, samkvæmt því sem áður er sagt, fullhátt sett ef áætlaðar eru 50,000 kr. á ári, að Ísafjarðarálmunni meðtaldri.

Hér fer þá á eptir til yfirlits samanburður á útgjöldum landssjóðs til símasambands og loptskeytasambands:

Stofnkostnaður	Símasamb. 300,000[1]	Capito I. 637,000	Bredow V. 878,500
Rekstur og viðhald.....	85,000[2]	77,859	106,692
Rentur og 20 ára afborgun	22,500	47,775	65,887
Samtals.....	107,500	125,634[3]	172,579
Árstekjur.....	30,000	30,000	30,000
Útgjaldabyrði á ári.....	77,500	95,634	142,579

1) Til síma frá Seyðisf, til Reykjav. 375,000 (300,000 kr. frá M. N. F.)
— — — Hrútaf. til Ísafj. 125,000.

2) Til sæsíma 35,000
— landsíma 50,000.

3) Félagið býðst til að lána stofnkostnað og annast allan rekstur í 20 ár fyrir 7078 £ = 128819 kr á ári.

Það er þannig augljóst, að símasambandið er miklu ódýrast, og þar við bætist, að gagnið af talsímasambandinu innanlands er margfalt á við gagnið af loptskeytastöðvunum; tekjur af því verða vafalaust eins miklar eða meiri en af loptskeytasambandinu í heild sinni (innanlands og til útlanda) og að öllum líkum talsvert hærri en hér er áætlað.

IX.

Sérmál — alríkismál. Er nauðsynlegt að ráða hraðskeytamálinu til lykta á þessu þingi — eða hyggilegt að fresta því?

Minni hluti nefndarinnar hefir látið þá skoðun í ljósi við oss á nefndarfundum, að hann taki tilboðin um loptskeytasamband, einkum 1. tilboð Marconifélagsins, fram yfir samning stjórnarinnar og tillögur hennar, enda áliti hann óhentugt, að veita einkaleyfi og samninginn yfirleitt ósamræman heimild fjárlaganna, búist líka við, að Danmörk mundi jafnfús á, að láta tillag sitt ganga til loptskeytasambands, sem til símasambands; var það aðaltillaga minni hlutans, að tilboði Marconifélagsins væri tekið, en til vara kvaðst hann geta verið með því, að málinu væri frestað, og áleit að Mikla norræna ritsímafélagið hefði siðferðislega skyldu til, að standa við tilboð sitt, ef það yrði síðar þegið.

Vér munum nú taka þessi atriði til íhugunar, þau er vér ekki þegar höfum látið uppi álit vort um.

Vér höfum þegar gert grein fyrir því, að af öllu því, er nú stendur til boða er símasambandið bæði ódýrast, öruggast og gagnlegast, að engin af tilboðunum um loptskeytasamband komast til jafns við það.

Enn fremur viljum vér vekja athygli á því, að ef Íslendingar færu af sjálfsdáðum að hugsa um, að koma á hraðskeytasambandi við annað ríki, þá ber þess að gæta, að ekkert land getur sett sig í hraðskeytasamband við annað ríki í leyfisleysi; verða jafnan að fara fram samningar milli hlutaðeigandi stjórna um sambandið. Og það er engum efa undirorpið, að vér Íslendingar getum ekki samið við útlend ríki, t. d. England eða Noreg um hraðskeytasamband héðan þangað án íhlutunar ríkisstjórnarinnar.

Í báðum þessum löndum er hraðskeytasamband innanlands einkaleyft ríkisstjórnum landanna.

Ríkisstjórn danska ríkisins hefir jafnan haldið því fram, að hraðskeytasamband milli Íslands, sem eins hluta af ríkisheildinni, og annara ríkja sé sameiginlegt mál, en ekki íslenzkt sérmál, og hið fyrra Íslandsráðaneyti í Kaupmannahöfn leit eins á málið (sbr. fylgiskjal I. D.).

Vér álítum, að þessari skoðun verði ekki hrundið með rökum; hraðskeytasamband ber að jafna við póstgöngur eins og póstgöngur innanlands eru sérmál samkvæmt 3. gr. 6. í stöðulögunum, en póstferðir milli Íslands og Danmerkur sameiginlegt mál, og því fé veitt til þeirra úr ríkissjóði (40.000 kr. á ári), eins er hraðskeytasamband innanlands sérmál, en það virðist hafa nokkur rök fyrir sér að skoða hraðskeytasamband við önnur lönd, sem sameiginlegt mál, ekki sízt ef fé er veitt til þess úr ríkissjóði.

Þetta kæmi einnig ljóst fram, ef vér vildum af eigin rammleik fara að komast í hraðskeytasamband við t. d. Noreg eða England; vér yrðum þá að leita til ríkisstjórnarinnar (utanríkisráðherrans) og biðja hana að semja fyrir vora hönd við stjórn hins útlenda ríkis. Vér höfum engin afskipti af samningum við útlendar stjórnir.

Nú verður þess ekki krafizt samkvæmt 1. gr. stöðulaganna, að Ísland leggi neitt til hinna almennu þarfa ríkisins, og er því eðlilegt, að spurning vakni um það, hvort vér ekki eigum heimtingu á því, að ríkissjóður einn kosti millilanda sambandið. Að vísu væri það hið rétta, að ríkið kostaði að öllu leyti símasambandið milli landanna. En hins vegar er það ekki á voru valdi að knýja

fram fjárframlög af hendi Danmerkur til hinna sameiginlegu mála, önnur en þau sem ákveðin eru í stöðulögunum; vér getum ekki fremur knúð þess konar fram gagnvart ríkisstjórninni en hún gagnvart oss. Hins vegar getum vér af frjálsum vilja lagt fram fé til sameiginlegra þarfa, og það höfum vér í þessu máli boðið, til þess að fá framlag til málsins af ríkissjóðsins hálfu. Þannig eru til komin fjárframlögin til sæsímans: Ríkisþingið hefir veitt fé úr ríkissjóði, Alþingi úr landssjóði.

Með því að leggja fram fé til þessa, höfum vér unnið oss rétt til þess, að ráða yfir málinu móts við og jafnhliða Danmörku.

Einmitt af því, að Ísland hefir boðið fram fé til þessa fyrirtækis, einmitt þess vegna hefir stjórn Íslands tekið þátt í samningunum, ráðherra Íslands undirskrifað samninginn við M. N. ásamt samgöngumálaráðherra Dana.

Þá hefir því verið hreift, að ríkisstjórn og ríkisþing mundi fást til að láta fjárframlag Danmerkur ganga til loftskeytasambands ef vér kysum það heldur.

En það teljum vér öldungis vonlaust. Vér höfum áður skýrt frá því, að styrkveiting ríkisþingsins hafi ávalt verið ætluð M. N., ekki öðrum, og vér höfum einga ástæðu til að ætla að ríkisþingið víki frá yfirlýstum vilja sínum, sérstaklega þar sem það er vitanlegt, að í Danmörku hafa fróðir menn litla trú á loptritun. Þar við bætist annað: Hvað sem Alþingi líður, þá er óhætt að reiða sig á það, að ríkisstjórn og ríkisþing mundu aldrei fara eptir frásögnum loptskeytafélaganna sjálfra eða umboðsmanna þeirra, heldur leita álits sérfróðra manna er standa í ríkisins þjónustu, og fara eptir tillögum *þeirra*. En vér erum þess fullvissir að þeir mundu nú allir láta líkt álit í ljósi og einn þeirra, *Krarup*, þegar hefir gert (1. K.). Á sama veg er og álit verkmeistara O. Forbergs, er vér höfum leitað álits hjá (7.).

Þar sem því hefir verið haldið fram af minnihluta nefndarinnar, að Mikla Norræna félagið væri skyldugt til að standa við boð sitt þó að vér frestuðum fjárveiting til landsíma, þá er af og frá að svo sé. Í 4. gr. leyfiskrárinnar stendur, að landsimi frá landtökustað sæsímans á Austfjörðum til Reykjavíkur skuli »tilbúin til starfa 1. okt. 1906, nema óviðráðanlegar eða afsakanlegar tálmanir banni«. Frestun á lagningu landsímans er því beint samningsbrot af Íslands hálfu og M. N. þá laust allra mála. Og vér teljum vissu næst, að félagið mundi nota sér tækifærið. Fyrir það er sæsími til Íslands alt annað en gróðafyrirtæki; ef félaginu hefði ekki verið heitið framleingingu á einkarétti sínum fyrir Englandssímana, þá hefði það auðvitað alls ekki, fremur en áður, feingizt til að taka að sér fyrirtækið með 89,000 kr. (54,000 + 35,000) tillagi á ári; þarf ekki annað, en minna á það, að Tietgen sá ekki félaginu fært, að leggja símann, nema það feingi 360,000 kr. í 20 ár, Nú hefir félagið þegar feingið hina fyrirheitnu leingingu á einkarétti sínum fyrir Englandssímana, og væri það því *nú* vafalaust hagur fyrir félagið ef Alþingi vildi losa það undan skuldbindingunni um að leggja síma til Íslands. Áður en að rætt verði um siðferðisskyldu félagsins til að standa við tilboð sín þó að samningurinn væri rofinn, teljum vér hyggilegt að íhuga, hver vera muni siðferðisskylda Alþingis í þessu máli; það munum vér síðar gera. Annars liggur í augum uppi, að það getur ekki talist siðferðiskylda nokkurs manns eða nokkuis félags að standa við tilboð, halda samning, ef skilyrðunum fyrir tilboðinu er ekki fullnægt og samningar rofnir.

Af framangreindum ástæðum teljum vér það hið mesta óráð að fresta úrslitum hraðskeytamálsins. Gagnað getur fresturinn ekki, því að vér getum ekki vænst þess, að fá nokkurn tíma annað eins tilboð um sæsíma eins og nú er fyr-

ir hendi og vér getum heldur ekki vænst þess, að fá betri tilboð um loftskeytasamband, þar sem tvö stærstu loptskeytafélögin hafa boðið í kapp hvort við annað. Hins vegar mundi frestun málsins á ýmsan hátt verða til stórtjóns; hún mundi verða til þess að vér mistum af tilboðinu um sæsímasamband ásamt því fé sem heitið er til landsíma, mistum af því, sem þing og þjóð hefir þráð um undanfarin ár, sem vonlaust var talið, en nú öldungis að óvæntu stendur oss til boða. Vér vitum vel, að sumir menn hafa horfið frá þessum óskum, en vitum líka, að það fráhvarf er eingöngu sprottið af von um að lofskeytasamband mundi verða oss ódýrara og nú er sú von úti, hún hlýtur að hverfa úr huga hvers þess, er rétta vitneskju fær um málið.

Vér ráðum því eindregið frá því, að málinu sé frestað, álítum nauðsynlegt að því sé ráðið til lykta á þessu þingi, og það því fremur, sem vér teljum hagsmunavonina af góðu hraðskeytasambandi við önnur lönd og innanlands svo mikla, að meta megi gagnsemi þess fyrir þjóðfélag vort í mörgum hundruðum 1000 kr. á ári; að fresta málinu nú, þá er loks er fengin kostur á að koma því í framkvæmd — það er sama sem að baka þjóðinni stórtjón.

X.

Heimild stjórnarinnar til að gera samning um ritsíma. Framkoma hennar í málinu. Afstaða alþingis.

Vér höfum áður getið þess, að minni hluti nefndarinnar lét þá skoðun í ljósi, að samningur stjórnarinnar við Mikla norræna ritsímafélagið kæmi í bága við gildandi fjárlög, enda mundi stjórnin hafa getað komist að betri kjörum, en þeim, er felast í samningnum, hefði t. d. ekki átt að veita einkaleyfi; var það álit minni hlutans að Alþingi bæði mætti og ætti að hafna þessum samning.

Það er kunnugt, að aðalefni samningsins er þetta: Mikla norræna ritsímafélagið leggur sæsíma frá Hjaltlandi til Þórshafnar, þaðan til Seyðisfjarðar (eða Reyðarfjarðar) og hefi lokið því að öllu forfallalausu 1. okt. 1906 (1. gr.). Félagið leggur 300.000 kr. til landsíma frá lendingarstað sæsímans til Reykjavíkur (4. gr.). Ef sæsíminn bilar, skal félagið svo fljótt sem unt er gera við hann (4. gr.). Nú er sambandið slitið meira en 4 mánuði, og falla þá öll tillögin úr ríkissjóði og landssjóði burtu fyrir þann tíma, sem umfram er, ef slitið er milli Hjaltlands og Færeyja, en tillagið alt úr landssjóði og $^1/_2$ úr ríkissjóði, ef bilunin er milli Færeyja og Íslands (2. gr.). Félagið ber allan kostnað af starfrækslu sæsímans (4. gr.) og fær allar tekjur af honum (3. gr.). Hámark gjalda fyrir notkun sæsímans skal ákveðið af samgöngumálaráðherra í samráði við Íslandsráðherra fyrir alt að því 5 ár í bili (3. gr.)[1] Við lok hvers reikningsárs ber félaginu að senda stjórnarráði Íslands (og samgöngumálastjórninni) reikning yfir tekjur og gjöld sæsímans um hið liðna reikningsár (10. gr.). Ef ritsími er lagður frá Íslandi til einhvers lands utan Evrópu færist landssjóðstillagið niður (7. gr.).

Gegn þessu greiðir Ísland (2. gr.) félaginu 35,000 kr. á ári í 20 ár (ríkissjóður 54,000 kr. árlega). Það annast lagningu landsímans frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur, »og skal hann tilbúinn til starfa 1. okt. 1906 nema óvið-

[1]) Ráðherrann hefir tjáð oss að hinn endanlegi samningur sé að þessu leyti frábrugðinn uppkastinu.

ráðanlegar eða afsakanlegar tálmanir banni«; landssjóður verður eigandi landsímans, heldur honum við, kostar starfrækslu hans og fær allar tekjur af honum (4. gr.). Stjórn Íslands lætur gera við landsímann svo fljótt sem unt er, ef hann bilar, en félagið á þó aldrei kröfu til skaðabóta fyrir tekjurýrnun stafandi af ólagi á landsímanum (4. gr.). Stjórnarvöld Íslands ákveða gjöld fyrir notkun landsímans (3. gr.). Í 20 ár má ekki veita neinum öðrum en félaginu rétt til hraðskeytasambands milli Íslands eða Færeyja og annara landa í Norðurálfu; til hraðskeytasambands við skip á sjó er heimilt að reysa stöðvar fyrir þráðlausa firðritun hvar sem er á Íslandi eða Færeyjum. Heimilt er og stjórn Íslands að stofna þráðlaust firðritunarsamband milli Reykjavíkur og Færeyja; tillagið frá Íslandi færist þá niður um 13,000 kr. á ári, en hins vegar greiðist félaginu sama borgun fyrir skeyti, send þessa leið, eins og fyrir sæsímaskeyti (6. gr.). Þegar leyfistíminn er á enda, getur leyfið feingizt endurnýjað án styrks; vilji félagið það ekki, eignast Danmörk og Ísland sæsímann eptir hlutföllunum $^2/_3$ og $^1/_3$.

Það er nú eingum efa undirorpið að samkvæmt núgildandi fjárlögum hafði stjórnin fulla heimild til að gera samning um hraðskeytasamband, hvort heldur ritsíma eða þráðlausa firðritun; það er beint tekið fram í fjárlögunum, að »væntanlegur samningur með fylgiskjölum leggist fyrir Alþingi til *athugunar*«. Að eins einu sinni hefir þingið verið í vafa um hvort það ætti að veita stjórninni fulla heimild til að gera samning; það var á aukaþinginu 1902, eins og áður er getið, og varð það þá ofan á, eins og á fyrri þingum og á síðasta þingi, að full heimild var veitt.

Hitt hefir jafnan verið venja þingsins, eins og allra annara löggjafarþinga, að þá er stjórninni er veitt heimild til að gera samning fyrir þjóðarinnar hönd eða sjá um framkvæmd á einhverju nýju fyrirtæki, þá skuli þingið síðar fá málið til athugunar, svo að því gefist færi á að rannsaka, hvort stjórnin hefir gætt hagsmuna þjóðarinnar eins og vera ber og hagað sér eptir lagaheimild þingsins.

Þetta tvent munum vér nú íhuga, að því er snertir samning stjórnarinnar við Mikla norræna ritsímafélagið.

Er þá fyrst að geta þess, að samningurinn er að ýmsu leyti hagkvæmari fyrir oss, en þau tilboð sem þingin 1899 og 1901 höfðu ákveðið að aðhyllast; höfum vér áður gert grein fyrir því. Vér sjáum og að stjórnin hefir reynt að fá frekari ívilnanir, hærra tillag frá félaginu til landsíma, ef sæsíminn væri lagður til Seyðisfjarðar, en það ekki tekist (sbr. fskj. 1. F.).

Um einkaleyfið er það að segja, að þingið hefir ávalt gengið að því vísu, að sæsíma hlyti að fylgja einkaleyfi þeim til handa, er símann legði. Allar eldri umsóknir til ríkisstjórnarinnar (Shaffner, Wyld o. s. frv.) fara fram á einkaleyfi. Þegar þingið 1895 í fyrsta sinni lýsir yfir því, að það muni fúst að veita styrk til sæsíma, þá fer það *sjálft* fram á að einkaleyfi sé veitt um 5 á. Fyrir næsta þingi þar á eptir, þinginu 1897, lá svo umsókn (*Mitchel og Cooper*) um 25 ára einkaleyfi og 2500 £ (45,000 kr.) styrk á ári jafnlangan tíma til að leggja ritsíma til Íslands. Eptir tillögum stjórnarinnar var styrkveitingin færð niður í 35,000 kr. á ári og tíminn niður í 20 ár; einginn hreifði mótmælum gegn því, að einkaleyfi væri veitt í 20 ár. Þá höfum vér og skýrt frá því, að fyrir aukaþinginu 1902 lá tilkynning frá stjórninni um það, að von væri á umsókn um einkaleyfi og styrk til að koma á þráðlausri firðritun milli Íslands og útlanda; urðu þá harðar deilur um það, hvort veita skyldi stjórninni fulla heimild til að gera samning, en engum mótmælum var hreift gegn því, að einkaleyfi væri veitt, hvorki þá né heldur á síðasta þingi. Það hefir þingið þannig ávalt talið sjálf-

sagt og er því bert, að þar hefir stjórnin haft fulla heimild. Enda er það alþjóðasiður um hraðskeytasambönd, sem ætluð eru til almenningsafnota innan lands eða milli landa, að hvert ríki bindur þau einkarétti (monopol), líkt t. d. og útgáfu peningaseðla. Er þá ýmist, að ríkið sjálft setur sambandið á stofn og notar sjálft einkaréttinn eða það veitir hann öðrum, einstökum mönnum eða félögum. Sæsímar eru yfirleitt í höndum ýmsra félaga, árið 1902 voru til 200,000 enskar mílur af sæsíma víðsvegar um heiminn, og þar af voru ekki nema 20,000 eign ýmsra ríkja, og allstaðar fylgir þeim einkaréttur, að minsta kosti fyrst í stað; en skyldast er oss að minnast þess, að nágrannaþjóðir vorar og þá aðallega Danir hafa nú framleingt einkarétt M. N. félagsins á sæsímum þess milli Englands og Norðurlanda um 15 ár einmitt í því skyni, að félagið leggi sæsíma til Íslands. Það liggur og í hlutarins eðli að ef vér ættum sjálfir að kosta sambandið við önnur lönd, og vildum aðhyllast hvort heldur þýsku eða ensku tilboðin um loftskeytasamband, þá yrðum vér að taka einkarétt, þá oss sjálfum til handa. Innanlands er það miklu algeingara að ríkin setja sjálf upp hraðskeytasamböndin og nota sjálf einkaréttinn og það er þá einnig fyrirhugað hér á landi, sbr. frumv. stjórnarinnar til laga um ritsíma og talsíma, þar sem farið er fram á í fullu samræmi við alþjóðavenju, að landinu sé áskilinn einkaréttur til að stofna og starfrækja hvers konar hraðskeytasambönd á Íslandi.

Þá er að athuga, hvort stjórnin hafi haft heimild til að ákveða lendingarstað sæsímans; þar er þess að gæta, að úr því að stjórnin hafði heimild til að gera samning, þá hlaut hún þar með að hafa heimild til að ákveða lendingarstaðinn. Nú hefir aldrei verið nema um tvo staði að velja, Þorlákshöfn eða Austfirði, og í fjárlögunum 1900—1901 og 1902—1903 er stjórninni heimilað að gera út um hvor staðurinn skuli tekinn, þó svo að lendingu eystra má því að eins ákveða að sá, er sæsímann leggur, láti af hendi 300,000 kr. til landsíma. Í núgildandi fjárlögum er þetta ekki tekið fram, en þar sem stjórnin samkvæmt þeim hafði heimild til að semja um ritsíma til landsins og hann þó varð einhvernstaðar að koma að landinu, þá lítum vér svo á, sem henni hafi þar *borið* að haga sér eptir áðum yfirlýstum vilja þingsins og það hefir hún þá líka gert; hún hefir samið um lendingu sæsímans á öðrum þeim stað, sem fyrri þing höfðu tiltekið og með þeim skilyrðum, sem þau höfðu sett, enda álítum vér að hún hefði einga heimild haft til að velja milli annara staða, en þessara tveggja.

Það er þó athugavert við þetta atriði samningsins, ákvæðið um lendingarstað eystra, að í síðustu fjárlögum er ekkert veitt til landsíma, og hefir það þó jafnan verið fulljóst, að hann mundi kosta meira en 300,000 kr. ef hann ætti að vera vandaður; mætti ætla að fyrir þá sök hafi brostið heimild til að velja þann lendingarstað, enda hefir ráðherrann sjálfur í byrjun talið þetta athugavert. Hinsvegar hefir hann tjáð nefndinni, að hann hafi síðar borið þetta undir stjórnfróða menn og þeir álitið, að samkvæmt öllum stjórnarskipunarvenjum hlyti honum að vera frjálst að taka þennan kost, en kveðst auðvitað aldrei hafa látið sér það til hugar koma, að verja fé úr landsjóði til landsímalagningarinnar, fyr en feingin væri fjárveiting á þessu þingi. Vér getum nú ekki betur séð en að stjórnin hafi haft fulla ástæðu til að búast við því, að þingið veitti til landsímans það, sem þörf væri á fram yfir fjárframlag félagsins. Ítrekað samþykki þingsins á því, að sæsíminn komi að Austurlandi ef 300,000 kr. fáist til landsíma, felur ótvírætt í sér skuldbindingu um að þingið þá muni veita það, sem á vanti. Enda má sjá á athugasemdum stjórnarinnar við fjárlagafrumvarpið 1903 að ástæðan fyrir því, að hún ekki tók upp í frumvarpið athugasemdina úr fyrri fjárlögum, var eingin

önnur en sú, að stjórnin, eins og þingið, gerði sér þá mjög litla von um, að sæsími mundi standa til boða á fjárhagstímabilinu, en hins vegar nokkra von um, að þráðlaust sambandi mundi fást og telur víst, eins og á þinginu 1902, að ef þráðlaus firðritun á annað borð sé notandi, þá muni ekki þurfa að borga 35000 kr. fyrir millilandasambandið eitt, heldur sé þá óhætt að setja það skilyrði, að samband komist líka á milli kaupstaðanna fjögurra.

Þegar vér nú lítum til þess, að stjórninni brugðust allar vonir um að geta útvegað þráðlaust firðritunarsamband með neitt líkum kjörum og þingin 1902 og 1903 höfðu vonast eptir og áskilið[1]), en að henni hins vegar barst upp í hendur óvænt tilboð um ritsíma með enda betri kjörum, en þeim, sem þingið hvað eptir annað hafði viljað aðhyllast, þá verðum vér að álíta, að það hafi verið skylda stjórnarinnar að nota samningsheimild fjárlagann; ef að hún í stað þess að vinna kappsamlega að málinu, hefði látið þetta tækifæri ónotað, þá álítum vér, að hún hefði átt þungar ávítur skilið.

Menn kunna að seigja, að stjórnin hefði átt að fresta samningi til þessa þings, þar sem eingin fjárveiting stóð á fjárlögum til landsíma, eða þá kalla saman aukaþing. En þar er þess að gæta, að stjórnin hefir litið svo á, að töfin kynni að valda missi tilboðsins, en aukaþing mundi hins vegar hafa mikinn kostnað í för með sér; auk þess hefir stjórnin, samkvæmt framkomu fyrri þinga, gert sér vissa von um samþykki þingsins á samningnum og þar af fljótandi fjárveitingu til landsímans, og teljum vér að stjórnin hafi haft fullan rétt til að líta þannig á málið, ɔ: treysta yfirlýstum vilja þingsins.

Ef því spurt er um það, hvort Alþingi hafi nú heimild til að hafna þessum samningi stjórnarinnar fyrir þá sök, að í núgildandi fjárlögum stendur eingin fjárveiting til landsíma, þá viljum vér minna á orð framsögumanns fjárlaganefndarinnar á Alþingi 1901, þau er vér áður höfum tilfært. Færum vér að rjúfa þennan samning, sem er í fullu samræmi við yfirlýstan vilja fyrri þinga, þá hlytum vér að standa, eins og Valtýr Guðmundsson komst að orði 1901, sem »hringlandi þing« frammi fyrir öðrum þjóðum; ónýting samningsins hlyti að verða oss til mikils vansóma í þeirra augum; eingir útlendir menn eða félög mundu framar þora að treysta orðheldni Alþingis; tiltrúin til Íslands sem samningsaðila mundi stórum rýrna.

Sem betur fer, er eingin freisting fyrir Alþingi að grípa til þessa óyndisúrræðis, þar sem samningurinn er oss miklu hagkvæmari, en öll hin önnur tilboð, sem fyrir hendi eru.

XI.

Kostnaður. Tillögur.

Vér skulum þar næst víkja að hinum einstöku atriðum í hinum fyrirliggjandi kostnaðaráætlunum.

Eins og kunnugt er, fór verkmeistari Hanson frá Berlín um landið 1898

---

1) Það loptskeytasamband (fylgisk. 5. I.) sem þingin 1902 og 1903 höfðu gert sér von um að fá fyrir enda minna gjald en 35000 kr. á ári í 20 ár, það býður Marconifélagið nú fyrir rúm 128000 kr. ÷ 30000 (hæstu hugsanlegu tekjur af því sambandi) = 98000 kr. á ári í 20 ári og í fyrra var tilboð þess félags enn óaðgeingilegra, miklu hærra og í eingu samræmi við gildandi fjárlög (1. N.)

frá Seyðisfirði til Reykjavíkur til þess að rannsaka landsímalínuna. Hann ritaði svo lýsing á landleiðinni og á þeirri lýsing bygði svo verkmeistari Sonne í Kaupmannahöfn áætlun, er nefndin hefir haft undir höndum. Þar sem nú þessi maður, Sonne, aldrei hafði komið hér og bygði áætlun sína á lýsing annars manns, þá fer það nærri um, að áætlun hans sé á lausum grundvelli bygð, enda er það skýrt fram tekið í áætluninni, að hann hafi orðið að byggja hana á getgátum að miklu.

Hina næstu áætlun gerir ráðunautur stjórnarinnar, verkmeistari Krarup haustið 1904 og byggir hann að nokkru leyti á rannsóknum Hansons og áætlun Sonne og svo á ýmsum upplýsingum, sem hann hefir feingið frá Noregi og víðar, viðvíkjandi efni í landsíma, rekstri, viðhaldi o. fl., og héðan af landi um ýms atriði, er málið snerta. En þar sem þessi maður hefir eigi hér til lands komið og því síður sjálfur átt kost á að rannsaka leiðina, þá er það mjög eðlilegt, að áætlun hans, sérstaklega um kostnaðinn hér innanlands, sé í mörgum atriðum athugaverð Þessa áætlun Krarups hefir stjórnin með ráði landsverkfræðingsins, Jóns Þorlákssonar, leiðrétt og lagt til grundvallar fyrir tillögum sínum um fjárveitingar til landsímans á fjárlagafrv. því, er lagt fyrir alþingi.

Á síðastliðnu vori hefir svo norskur símstöðvayfirmaður, O. Forberg, ferðast alla leiðina frá Reykjavík til Seyðisfjarðar og sömu leið til baka. Hann hefir rannsakað og athugað leiðina vandlega og gert áætlun, bygða á eigin rannsókn og sjón, yfir kostnað við bygging landsímans. Hann hefir í þeim efnum mikla reynslu á að byggja frá Noregi norðanverðum, þar sem líkt háttar til og hér, að þræðir eru lagðir um háfjöll og óbygðir og þar sem hríðir og snjókoma er eingu minni en hér. Hann hefir haft til hliðsjónar allar áætlanir, skýrslur og lýsingar, er áður hafa komið fram, og leiðrétt það eptir eigin rannsókn. Vér verðum því að telja áætlun hans í öllum verulegum atriðum áreiðanlega. Um hin einstöku atriði í tillögum vorum förum vér að eins fám orðum; fyrir þeim verður gerð ýtrari grein við framsögu málsins.

Um hinar einstöku breytingartillögur tökum vér þetta fram (sbr.6.fylgisk.).

1. Hér er lagt til, að í stað Reyðarfjarðar komi Seyðisfjörður. Vér teljum þann stað heppilegri lendingarstað fyrir sæsímann.
2. *Tölul. 2. a. Efni til landlínunnar.*
   Þessi liður sundurliðast þannig:

1.	13680 símastólpar á 5,00	68,400	
2.	28,000 isolatorar á 0,30	8,400	
3.	13,500 hettur á 0.20	2,700	
4.	27,000 krókar á 0,25	6,750	
5.	Bronzeþráður 3 m. m., 2 × 620 km. = 78,120 kg. á 1,50 hvert kg	117,180	
6.	Ýmislegt annað efni o. fl.	8,000	
7.	Sæþráður yfir Hvalfjörð 3000 metr. á 3,00 .	9,000	kr. 220,430

3. *Tölul. 2. b, — Eptirlit með tilbúningi efnis og flutningur.*
   Þessi liður sundurliðast þannig:

1.	Eptirlit með gagndreyping stólpanna m. fl.	3000,00	
2.	Flutningsgjald á sæþræði	250,00	
3.	——— fyrir stólpana til Íslands .	22,000,00	
4.	Landflutningur á stólpunum	47,250,00	
5.	——— - öðru efni	7,000,00	
6.	Annar flutningur til landsins	5,000,00	— 84,500

1. er óbreytt eins og í tillögum stjórnarinnar.
2. Flutningsgjald fyrir sæþráð 3000 metra, er ætlaður er yfir Hvalfjörð.
3. Þessi upphæð er óbreytt.
4. Í tillögum stjórnarinnar er þessi upphæð talin 43,000, en vér ráðum til að áætla hana 47,250 kr. eða að meðaltali tæpar 3,50 fyrir hvern stólpa. Þessa áætlun vora byggjum vér að nokkru leyti á skýrslum O. Forbergs og að nokkru leyti á upplýsingum, er vér höfum aflað oss um stærð og þyngd stólpanna og um vegalengd þá, er flytja þarf yfir að meðaltali.

Að því er stærð stólpanna snertir, þá eru þeir eptir samningunum við seljendur 5,5 metr. á leingd hinir styttri og 6,4 metrar á leingd þeir leingri, þeir eru sívalir og gildleiki þeirra er ákveðinn þannig: $1^1/_4$ meter frá gildari enda er þvermálið 17 centim. ($6^1/_2$ ″) og 14 centim. þvermál ($5^1/_2$ ″) í efri (mjórri) enda þeir styttri, en 13 cm. þeir leingri. — Efnið í stólpunum er pommersk og norsk fura. — Undir gagndreypinguna á að þurka þá á sérstakan hátt, svo að úr þeim hverfi allur raki og þeir taki þess betur gagndreyping. Af kreosotolíu eiga styttri staurarnir að taka á móti 18 kg. (36 pd.) en þeir leingri 20 kg. (40 pd.).

Ver höfum útvegað oss skýrslur um þyngd á trjám, er lögð eru í klif hér á landi, eptir því er venja gerist, af algeingum kaupstaðarvið (furu). Vér vitum þess dæmi, að lögð hafa verið á hest 2 tré 12 álna, 6″×6″, en þau vega nálægt 203 pd. hvert. Aptur er það eigi sjaldgæft, að lögð séu í klif tré sem eru 10 álna, 6″×6″, en þau vega nál. 170 pd. — Tré sem er 11 ál., 5″×5″, vegur 125 pd. og þykir fremur létt klif.

Stólpar þeir er hér ræðir um munu að trjámagni jafngilda hér um bil hver um sig tré, sem er 11 álna hinir leingri, og 10 al. hinir styttri, ferstrent, jafnbola 5″×5″. — Ógagndreyptir ættu þeir eptir því ekki að vega meira en 115—125 pd. þótt þeir ekki væri betur þurkaðir, en kaupstaðarviður alment gerist. Við gagnþurkunina léttast þeir nokkuð, en við þyngdina bætist gagndreypingarefnið, 36 pd. í hina styttri og 40 pd. í hina leingri.

Þessir stólpar allir, sem þannig eru að stærð og gagndreyping, virðast vafalaust vera klyftækir, hver um sig. Þeir fara eigi fram úr 160—170 pd. hver, fara vel á hesti og eru ekki þyngri, en venjulegar trjáviðarklyfjar gerast. Hið sama er um alla stólpana frá Noregi af þessum stærðum; þeir eru gegndreyptir með »kobbervitriol«, sem er léttara efni, en kreosotolía og þess vegna allir miklum mun léttari. Þess er getið, að þá stólpa er ætlast til að flytja á þær stöðvar, þar sem lengst þarf yfir land að flytja, sérstaklega í Þingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu.

Af þeim 13,680 stólpum, er ætlaðir voru í línuna, eru nál. 9530 sem þannig eru, eins og vér höfum lýst hér, að stærð og gagndreyping, samkvæmt samningum þeim, er vér höfum í höndum.

En 4000 af stólpunum eru gagndreyptir með 36—40 kg.=70—80 pd. af kreosotolíu og þar sem 2000 af þeim eru af hinni leingri sort (6.4 m.) má telja víst að þeir muni vega um 195—205 pd. hver. Flytjandi eru þeir að vísu í klyfjum, en eru illar klyfjar, ef um langan veg eða erfiðan þarf að flytja. Þeir eru ætlaðir á kaflann frá Reykjavík til Víðidalsár og má þar víðast koma að vögnum.

Svo eru 150 stólpar, sem eru um 12 ál. langir og má gera ráð fyrir, að flutningur á þeim verði talsvert dýrari.

Vegaleingd þá, er flytja þarf að meðaltali hefir verkfræðingur Jón Þorlákssson talið 3 mílur, O. Forberg mun telja það $3^1/_2$ mílu og einn af nefndarmönnum vorum (B. Kr.) er reiknaði vegaleingdina lauslega, lét í ljósi, að það mundi vera 4 mílur. Vér hyggjum sönnu næst, að vegaleingdin sé að meðaltali ekki

meira en $3^1/_2$ míla, og virðist þá sennilega áætlað 1 kr. fyrir flutning á hverjum stólpa um 1 mílu vegar, eða að meðaltali tæpar 3,50 fyrir hvern stólpa. Það verður meira á hinum erfiðari köflum, en líka mjög víða mikið minna. Það léttir og flutningana víða, að koma má við að flytja á sleðum að vetrardeginum.

Vér væntum þess, að eptir þessu meigi gera sér all-ljósa grein fyrir, að allar getgátur um, að flutningurinn muni kosta 10—15 kr. að meðaltali fyrir hvern stólpa, eru öfgar einar.

Vér ætlum, að athugasemd stjórnarinnar um 200 pd. meðalþyngd á stólpunum sé eigi á réttu byggð. Upplýsingar vorar um vigt á trjám hefir trésmíðaverksmiðjan »Völundur« í Reykjavík góðfúslega látið oss í té.

Vér tökum fram, að svo framarlega sem hátt. deild aðhyllist tillögur vorar, teljum vér nauðsynlegt, að undinn sé bráður bugur að því að ákveða lendingastað stólpanna, tiltaka stöðvar allar, er þeir skulu fluttir á, og að sérstökum áreiðanlegum manni sé falið að útvega undirboð í flutninga allsstaðar á leiðinni og líta eptir því með vorinu, að samningum sé fullnægt. Ef málið á fram að ganga, geta ónauðsynlegar tafir kostað stórfé, þar sem nú fer að hausta innan skamms.

2. b. 5 og 6. Eins eg í stjórnarfrv.

4. *Tölul. 2. c. Verkstjórn og vinna við símalagning og útbúnað stöðva.*
Þessi liður sundurliðast þannig:

1.	Yfirmaður í	150	daga	á	25,00 kr.	3,750
2.	5 verkfræðingar í	120	—	-	15,00 —	9,000
3.	1 — -	120	—	-	10,00 —	1,200
4.	14 flokkstjórar í	110	—	-	8,00 —	12,320
5.	70 verkamenn (vanir) í	110	—	-	3,50 —	26,950
6.	170 — -	100	—	-	3,00 —	51,000
7.	2 »montörar« í	130	—	-	7,00 —	1,820
8.	Ferðakostnaður yfirmanna og verkafólks				—	10,400
9.	Hestabrúkun				—	5,000
10.	Tjöld, verkfæri o. fl.				—	8,000
11.	Til verðlauna og þóknana				—	4,000
						133,440

5. Tölul. 2. d. *Verkfæri, símagögn m. fl.*
Þessi liður er áætlaður eins og í tillögum stjórnarinnar, að undanskildum 2 hinum fyrstu liðum, sem hér eru áætlaðir: Verkfæri, talsímagögn o. fl. á 16 málþráðastöðvar á 200 kr. 3200, og við 3. liðinn bætt 1000 kr. fyrir ritsímaáhöld á Akureyri.

6. Tölul. 2. e. *Óviss gjöld.*
Það er lagt til, að þessi liður sé hækkaður upp í 10,000 kr. Gjöra má ráð fyrir, að ábyrgðargjöld, að því leyti er þau eigi felast í öðrum liðum, og ef til vill uppskipun á ýmsu, auk fleira, verði að greiðast af þessum lið, þar sem eigi verður að svo stöddu sérstakleg áætlun gerð um þær upphæðir. Af þessum lið gjörum vér og ráð fyrir að greiðist þóknun fyrir eptirlit með tilbúningi vírsins.

7. Tölul. 4. Námsstyrk þykir eptir tillögu O. Forbergs nægilegt að veita 4 mönnum, 1000 kr. hverjum.

8. Tölul. 6. a.
Um kostnað þann, er landsjóður á að greiða við rekstur ritsímastöðvarinnar á Seyðisfirði er farið eptir tillögum Krarups og Forbergs, en samningum um það atriði mun ekki lokið.

9. Í tölulið 6. c hefir stjórnin sett dagpeninga og ferðakostnað til viðhalds á landsímanum. Vér teljum réttast að láta allan viðhaldskostnað standa saman í einum gjaldlið, eins og síðar verður vikið að. Í stað þess leggjum vér til að á þessum tölulið sé veitt fé til reksturs á talsímastöðvunum. Sá er þeirra gætir, á að gegna, þegar hringt er til hans, gera boð eptir mönnum eða senda talsímaskeyti fyrir sérstaka borgun auðvitað frá þeim, er um það biður; hann á og að hringja upp stöðvarnar báðum megin við sig á hverjum degi til þess að vita, hvort alt er í lagi. Forberg áætlar 120 kr. borgun á ári fyrir þetta verk, en vér erum sannfærðir um að menn muni keppast um að fá þessar stöðvar á heimili sín, þó að borgunin sé ekki hærri en 60 kr. á ári, eins og menn keppast um bréfhirðingarstaði fyrir litla sem einga borgun. Vér getum ekki fallist á þá uppástungu, að héruðin eða sveitirnar borgi helming af þessari upphæð; það gæti átt vel við þegar farið verður að byggja hliðarálmur, en ekki á aðalleiðinni.
10. Vér höfum feingið fulla vitneskju um það, að viðhaldskostnaður á landsímum í Noregi nemur ekki meira en 1—3% af stofnfénu, ef efnið er vandað og vel geingið frá öllu í byrjun. Verkmeistari Forberg, sem er mjög kunnugur norsku landsímunum, álítur, að viðhaldskostnaðurinn hér geti alls ekki farið fram úr þessu, þar sem allir staðhættir eru hér svo líkir staðháttum norðantil í Noregi. Hann álítur, að viðhaldið hér muni yfirleitt verða mjög kostnaðarlítið eins og sjá má á áætlun hans.. Vér leggjum til að viðhaldskostnaðurinn sé áætlaður $2^1/_2$% af 475000 kr. og þykjumst þess fullvissir, að það muni vel í lagt, þar sem alt efni til landsímans hér verður mjög vandað og öll ástæða er til að ætla, að staurarnir muni yfirleitt endast talsvert leingur hér á landi en í öðrum nálægum löndum. Auk þess eru vinnulaun hér lægri; í Danmörku t. d. er þeim mönnum, sem líta eptir landsímum, borgað 7 kr. kaup fyrir hvern dag, sem þeir eru að vinnu.

Vér viljum vekja athygli á því, að viðhaldskostnað ber jafnan að reikna á þennan hátt, sem % af stofnfé. Viðhaldskostnaður á hverja *mílu* getur því orðið mjög misjafn. Í útlöndum, þar sem víða margir þræðir, 20—50 eða þar yfir, eru lagðir sömu leið á sömu staura og staurarnir því verða að vera miklu stærri og dýrari en hér, þar verður hver míla af leiðinni miklu dýrari og viðhaldið líka miklu meira.

Neðri deild Alþingis 5. Ágúst 1905.

Guðl. Guðmundsson, form. og framsm. G. Björnsson, skrifari. Árni Jónsson.

Björn Bjarnarson. Jón Jónsson.

Álit minni hluta

nefndarinnar í hraðskeytamálinu.

Við undirritaðir höfum ekki getað orðið sammála samnefndarmönnum okkar í þessu máli, og leyfum okkur því að láta uppi álit okkar og tillögur á þessa leið:

Það, sem fyrst kemur til álita í máli þessu, er það, hvort samningur sá, er ráðherra Íslands gerði við »Stóra norræna ritsímafélagið« 26. sept. f. á., og sem síðan hefir hlotið konunglega staðfestingu, sé löglegur, og í samræmi við fjárveitingar síðasta Alþingis, og hafi að öðru leyti við lagaheimild að styðjast.

Heimild ráðherrans til að semja um hraðskeytamálið felst í 12. gr. D. í núgildandi fjárlögum, og er hún svo hljóðandi:

»Til ritsíma milli Íslands og útlanda, 1. og 2. ársborgun af 20 ára tillagi 35,000—35,000—70,000

Af upphæð þessari má verja svo miklu sem nauðsyn krefur til að koma á þráðlausu hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda og milli Reykjavíkur og hinna þriggja annara kaupstaða á landinu.

Til þess að koma sem fyrst á hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda má verja allri upphæðinni fyrra árið til þess sambands út af fyrir sig, ef það verður komið á í árslok 1904, og að því tilskyldu, að nægileg trygging sé sett fyrir því, að sambandið við hina kaupstaðina þrjá verði komið á fyrir árslok 1905, án aukins tillags frá Íslandi.

Væntanlegur samningur með fylgiskjölum leggist fyrir Alþingi til athugunar«.

Þegar við nú lítum á ofannefndan samning ráðherrans og »Stóra norræna ritsímafélagsins«, þá fer hann í stuttu máli fram á, að landið greiði félaginu 35 þús. krónur á ári í 20 ár fyrir sæsíma frá Hjaltlandi til Austfjarða og leggur því sömuleiðis þær skyldur á herðar, að leggja landsíma frá landtökustað sæsímans á Austfjörðum (Seyðisfirði eða Reyðarfirði), um Akureyri, til Reykjavíkur, gegn 300 þús. króna tillagi frá félaginu í eitt skifti. En auk nefndra 300 þús. króna gerir fjárlagafrumvarp stjórnarinnar ráð fyrir að landssjóður þurfi að leggja fram 147 þús. króna til landsímalagningarinnar.

Við skulum í þessu sambandi alls ekkert fara út í það, að sú upphæð, sem hér er gert ráð fyrir til landsímalagningarinnar, er alt of lág, svo sem síðar mun sýnt fram á, en að eins líta á upphæðirnar, eins og stjórnin sjálf gerir ráð fyrir þeim í fjárlagafrumvarpinu.

Það er þá strax hverjum manni ljóst, að enda þótt svo væri litið á ákvæði núgildandi fjárlaga, sem stjórninni væru heimilaðar 35 þús. krónur á ári í 20 ár til ritsímalagningar milli útlanda og Íslands, þá hefir stjórnina brostið heimild til þess að gera samning, er lagði landinu frekari fjárbyrðar á herðar; en nú er ekki einu sinni því að heilsa, að stjórnin hafi haft heimild til að verja þessum 35 þús. króna árlega í 20 ár til ritsímalagningar á þann hátt sem gert er í fyrnefndum samningi, svo sem nú skal sýnt verða.

Þegar litið er á gang málsins á Alþingi 1903, verður það ljóst, að orðin: »Til ritsíma milli Íslands og útlanda, 1. og 2. ársborgun af 20 ára tillagi 35,000

—35,000«, eru alls ekki sjálfstæð fjárveiting, heldur eru orðin: »Til ritsíma milli Íslands og útlanda« aðeins fyrirsögn fyrir fjárveitingunni til hraðskeytasambands, sem framhald þessa liðs fjárlaganna kveður síðan nákvæmlega á um, hvernig nota skuli. Að fjárlaganefnd neðri deildar hafi á Alþingi 1903 skilið þetta þannig, sést ljóslega í C-deild Alþ.tíð., þingskjal 602, er svo hljóðar:

»602. Breytingartillögur
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1904 og 1905. Frá fjárlaganefndinni.
... ...

7. Við 12. gr. D. Fyrirsögn liðsins breytist þannig: í stað »hraðskeytasambands« komi: ritsíma«.

Reglurnar um notkun fjárins felast því að eins í tveim liðum greinarinnar, sem fara á eptir fyrirsögninni, *og þar er það gert að skilyrði, að komið verði á þráðlausu hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda fyrir árslok 1904, og að »nægileg trygging sé sett fyrir því, að sambandið við hina kaupstaðina þrjá verði komið á fyrir árslok 1905, án aukins tillags frá Íslandi«.*

Eptir samningi ráðherrans er nú alls ekki gert ráð fyrir neinu hraðskeyta- né ritsímasambandi við Ísafjarðarkaupstað, og eigi heldur gert ráð fyrir að sæsíminn til Austfjarða sé opnaður til almennings nota fyr en 1. Okt. 1906, enda virðist fjárveitingin eigi verða öðru vísi skilin, en að fjárveitingarvaldið hafi ætlazt til, að milli útlanda og Reykjavíkur væri beint, millistöðvalaust samband, sem og er í fylsta samræmi við framkomu þingflokks þess, er réð úrslitum málsins á þingunum 1902 og 1903.

Af framangreindum ástæðum er það ljóst, *að ritsímasamningurinn fer algerlega í bága við tilætlun fjárveitingarvaldsins og hefir eingan stuðning í ákvæðum gildandi fjárlaga.* Og þar sem ráðherrann heldur því fram í ástæðum fjárlagafrumvarps þess, er Alþingi hefir til meðferðar á þessu þingi, að ákvæði fjárlaganna frá 1899 og 1901 séu bindandi fyrir alþingi, þá þarfnast slík ummæli engra svara, þar sem fjárlög hafa að eins tímatakmarkað gildi, og ákvæði fjárlaganna frá 1901 voru úr gildi feld og afturkölluð með nýjum ákvæðum í fjárlögunum frá 1903, sem enn eru í gildi.

Að ráðherrann hafi og sjálfur haft sömu skoðun á ákvæðum gildandi fjárlaga, eins og hér er haldið fram, sést ljóslega á bréfi hans, dags. 30. júní 1904, til danska samgöngumálaráðherrans, *C. Hage*, þar sem svo segir:

»Um leið og ég alúðarfylst þakka yðar Excellence fyrir bréf yðar dags. 6. þ. m., þar sem þér gefið til kynna, að samningarnir um sæsímalagning milli Shetlandseyja, Færeyja og Íslands séu nú svo langt komnir, að *öll líkindi* séu til að framkvæmd verði á þessu, með Stóra norræna ritsímafélagið sem einkaleyfishafa, skal ég í tilefni af ósk yðar Excellence um ákveðna umsögn frá stjórnarráði Íslands um það, hvort kosið sé heldur, að sæsíminn sé lagður á land á Austfjörðum, og mætti þá frá félagsins hálfu gera ráð fyrir 300,000 kr. tillagi til landsímalagningar, eða þá að hann sé lagður á land í Þorlákshöfn, eða annarstaðar á vestanverðu landinu, og þá án nokkurs slíks tillags, leyfa mér að láta eftirfylgjandi álit í ljósi:

Eptir skoðun stjórnarráðsins er einginn vafi á því, að fyrri kosturinn, sem sé lending sæsímans á Austfjörðum, með landsíma þaðan yfir

Akureyri til Reykjavíkur, muni vera skjótasti og ódýrasti vegurinn til að koma á hinu nauðsynlega og margþráða rit- og talsímasambandi innanlands á Íslandi og um leið hinu heppilegasta fyrir landið sjálft, svo framarlega sem höfuðstaður landsins, Reykjavík, getur staðið í nokkurnveginn öruggu sambandi við útlönd með landsíma frá lendingarstaðnum á Austfjörðum. En þar sem formlega heimild skortir til að velja þennan kostinn, sem auðvitað hefir í för með sér talsverð útgjöld fyrir Ísland bæði til stofnkostnaðar og árlegs reksturs — og viðhaldskostnaðar, með því að skilyrði það í fjárlögunum fyrir 1900—1901 og 1902—1903, sem fela í sér slíka heimild, auk 75,000 kr. bráðabyrgðarfjárveitingar til undirbúnings landsímalagningar og útvegunar á efni til hans, er felt úr hinum núgildandi fjárlögum, af því að geingið var út frá því, að sæsímalagningunni mundi frestað, þar til séð væri fyrir endann á, að eigi væri hægt að fá ódýrara en þó um leið fulltryggilegt hraðskeytasamband með Marconiaðferðinni, vil eg, áður en fullnaðarsvar er gefið, leyfa mér að spyrjast fyrir um, hvort málaleitanir þær, er liggja til grundvallar fyrir hinum væntanlega samningi við Stóra norræna ritsímafélagið, séu svo langt á leið komnar og málið yfir höfuð eigi svo skamt til úrslita, að unt væri að leggja sæsímann svo fljótt, að taka þyrfti fullnaðarákvörðun um lendingarstaðinn fyr en á Alþingi í Júlímánuði næsta ár, til þess að eigi yrðu tafir á málinu. Þó skal þess um leið getið, að stjórnarráðið telur það víst, eða að minnsta kosti mjög sennilegt, að Alþingi mundi kjósa símanum lendingarstað á Austfjörðum . . . . . .«

En þar sem ráðherranum, samkvæmt framanskráðum bréfköflum, var það ljóst, að fjárlögin veittu honum einga heimild til að gera nefndan samning, *þá er rétt að athuga, hvort nokkur slík atvik hafi legið fyrir, er gætu gert það afsakanlegt, að hann gerði samninginn eingu að síður, án þess að leita fyrst samþykkis fjárveitingarvaldsins.*

Við fáum ekki betur séð, en að það hafi verið bein skylda ráðherrans að ráða Hans Hátign konunginum til að kveðja til aukaþings, ef honum hefði þótt knýjandi ástæða til þess að hraða svo mjög samningnum, sem gert var, og leggja málið síðan undir atkvæði þess, eða bíða að öðrum kosti reglulegs Alþingis, sem var því sjálfsagðara, þar sem bréf C. Hage samgaungumálaráðherra, dags. 11. Ágúst 1904, og bréf Suensons forstjóra »Stóra norræna ritsímafélagsins«, dags. 15. Sept. 1904 — sambr. fylgiskjalið nr. 1. og 2. með nefndaráliti þessu — bera það með sér, að *sá dráttur hefði eigi haft aðra þýðingu en þá, að fresta framkvæmd verksins til ársins 1906, eða ef til vill til ársins 1907,* og félagið þá verið jafn ljúft til samninganna, sem og var sjálfsögð afleiðing þess, að »Stóra norræna ritsímafélagið« *virðist hafa tekist þá skyldu á hendur að koma á ritsímasambandi við Ísland, er það fékk framleingingu á leyfi til ritsímalagningar milli Danmerkur og Englands og Danmerkur og Svíþjóðar og Noregs* sbr. bréf Suensons, dags. 10. Ágúst (fskj. nr. 3) og 15. Sept. 1904 (fskj. nr. 2) og bréf Íslandsráðherra til utanríkisráðaneytisins, dags. 30. Marz 1904 (sbr. fskj. nr. 4).

Af þessu er augljóst, að hagsmunir Íslands gátu að eingu leiti knúð ráðherrann til að semja um ritsímalagninguna áður en samþykki fjárveitingarvaldsins var feingið.

En auk þess sem opt nefndur samningur fer í bága við fjárlögin, *eru ýms ákvæði í honum, sem ráðherranum var óheimilt að gangast undir, án þess að hann hefði sérstaka lagaheimild til þess,* svo sem einkaréttarveiting til félagsins um 20 ára tímabil og þær kvaðir, sem þar af leiða, að því er eignir einstakra manna í landinu og opinberar eignir snertir, þar sem þeim um 20 ára tímabil er óheimilað að reisa, eða láta reisa, ritsíma- eða loptskeytastöðvar á eignum sínum.

Þessi atriði, sem nú hafa nefnd verið, er sýna að samningurinn er ósamþýðanlegur gildandi fjárlögum, og skortir einnig að öðru leyti lagaheimild, *virðast í raun og veru vera nœg ástœða til þess, að Alþingi hafni honum gersamlega* og neiti öllum fjárveitingum til þess fyrirkomulags, sem samningurinn fer fram á. Fjárveitingarvald þingsins má með sanni kallast hyrningarsteinn als þingræðis, og því er þinginu skylt að vaka grandgæfilega yfir því, að þessum rétti þingsins sé að eingu leyti misboðið, enda er það ljóst, að samningurinn getur að eingu leyti verið bindandi fyrir þingið, þar sem ráðherrann, samkvæmt áður sögðu, eigi hafði heimild til að gera slíkan samning, og það var hinum samningsaðilanum skylt að kynna sér.

En þar sem vera má, að stöku menn hafi eigi svo glöggt auga fyrir kröfum hins sanna þjóð- eða þingræðis, að þeir vilji láta ósamræmi samningsins við fjárlögin valda ógildingu hans, og þar sem málefni þetta er að efninu til mjög mikilsvarðandi fyrir þjóð vora, teljum við þó rétt að íhuga frekar efni samningsins, og skýra þetta málefni frá sem flestum hliðum.

Að því er efni samningsins að öðru leyti snertir, skulum við þá fyrst taka það fram, að við *álítum það horfa þjóðfélagi voru til mesta óhagræðis, að veita félaginu einkarétt í 20 ár,* einkarétt, sem 2. gr. samningsins gefur jafnvel í skyn, að félagið geti feingið endurnýjaðan að 20 árum liðnum. Af þessu leiðir, að landinu er óheimilt að hagnýta sér nokkurt annað hraðskeytasamband til annara landa í Evrópu, hversu kostnaðarlítið sem það kynni að verða, og enda þó það byðist ókeypis. Enda þótt sæsíminn til útlanda sé um leingri tíma í ólagi, þá er landsmönnum þó fyrirmunað að leita sér nokkurrar bjargar í þessu efni, og á þetta ekki sízt illa við nú á tímum, þegar ýmsum nýjungum fleygir fram ár frá ári.

Ekki er það síður óhagkvæmt, hversu réttur þjóðarinnar er illa trygður að öðru leyti í samningnum. Þannig er félaginu heimilt að láta það dragast alt að 4 mánuðum í senn að gera við bilun, sem kann að verða á sæsímanum, án þess að það missi nokkuð af tillagi því, sem Íslendingum er ætlað að greiða árlega í 20 ár, og er það þó ekki neitt sjaldgæft, að slíkar bilanir komi fyrir, enda má og benda á, að þyki félaginu ástæða til að láta símslitin haldast leingur, þá er landinu ekki trygður réttur til neinna skaðabóta, en félagið heldur jafnvel, eptir sem áður, hálfu tillaginu úr ríkissjóði.

Ekki má landið koma á firðritunarsambandi við Ameríku, nema félaginu sé gefinn kostur á að sitja fyrir því að koma á slíku sambandi, bjóði það jöfn kjör og aðrir.

Enn fremur teljum við það mikinn agnúa á samningi þessum, að *samgaungumálaráðherra Dana hefir að öllu leyti töglin og hagldirnar.* Hann ákveður hámark gjalda við notkun sæsímans; hann dæmir einn um það, hvort tálmanir, sem valda því, að sæsíminn ekki verður opnaður til almenningsnota 1. Október 1906, eru afsakanlegar, nema að eins að því er landtöku

sæsímans á Íslandi snertir. — Danmerkurstjórn getur einnig stanzað alveg sambandið gegnum þráðinn, ef *henni* virðist almenningsöryggi heimta. Og til þess að taka af allan vafa um það, að það sé danski samgöngumálaráðherrann, sem í raun og veru hefir öll völd eptir samningnum, þá er ákveðið, að *hans úrskurði* beri félaginu að hlýta, að því er skýringar á samningnum snertir, án þess ráðherra Íslands eigi þar neitt atkvæði um. Hve happasælt það muni vera þjóð vorri, að samgöngumálaráðherra Dana ákveði símskeytataxtana milli landa, sést af því, að eptir skjölum, sem nefndin hefir haft fyrir sér, hafa gjöldin milli Hjaltlands og Íslands verið ákveðin 70 centimes (= 50 aurar) fyrir orðið; en frá Danmörku til Hjaltlands er gjaldið að eins 25 aurar fyrir orðið (auk 20 aura fyrir hvert skeyti), þótt vegaleingdin sé meiri. Þegar nú við nefnda 50 aura fyrir orðið milli Hjaltlands og Íslands bætast rúmir 25 aurar frá Hjaltlandi til Danmerkur, og enn fremur gjaldið hér innanlands, sem að líkindum verður *eigi minna* en 7 aurar fyrir orðið, þá kostar hvert orð frá Íslandi til Danmerkur 82—84 aura, og verður það að teljast æði þungbært, þar sem jafnfátækt þjóðfélag, eins og þjóðfélag vort er, á hlut að máli.* Hlýtur þetta háa gjald að verða þess valdandi, að síminn verði miklu minna notaður en ella, og kemur því þjóðinni eigi að hálfum notum við það, sem vera mætti.

Við fáum nú ekki betur séð, en að *þessir agnúar á samningnum, sem hér hefir verið bent á, séu svo stórvægilegir, og að þjóðinni standi af þeim svo mikill voði*, að sjálfsagt sé að hafna samningnum þegar af þessum ástæðum, þótt eigi væri á annað að líta. Við getum í þessu sambandi ekki leitt hjá okkur að geta þess, að okkur virðist ráðherra Íslands eigi hafa gætt hagsmuna Íslands svo sem vænta mátti, er hann 26. Sept. 1904 ritaði undir samningsuppkastið óbreytt og athugasemdalaust, enda þótt samgöngumálaráðherra C. Hage gæfi honum, með bréfi dags. 22. Sept. 1904, kost á að gera athugasemdir við samninginn, sbr. nefnt bréf C. Hages og áteiknun á ritsímasamninginn, sem hvorttveggja er prentað ásamt nefndaráliti okkar (fskj. nr. 5 og nr 6).

En auk hins framangreinda er þjóðinni með nefndum ritsímasamningi gert að skyldu að leggja landsíma frá landtökustað sæsímans á Austfjörðum til Reykjavíkur, og halda honum við, og er ætlast til, að landþræði þessum sé svo háttað, að *ritsíma*stöðvar séu að eins á Seyðisfirði og í Reykjavík, en talþráðastöð á Akureyri og á millistöðvunum. En á hinn bóginn er alls ekki gert ráð fyrir neinu hraðskeytasambandi til Ísafjarðar, sem þingið hefir jafnan talið sjálfsagt að komið yrði á samtímis því, er Akureyri og Seyðisfjörður kæmust í slíkt samband.

Að því er snertir kostnaðinn til landþráðar þessa, sem norræna rit-

---

*) Símskeytataxti *fyrir 10 orð* í nokkrum löndum er sem hér segir:

Frá Kaupmannahöfn til Þýzkalands	. . . . .	Kr. 1,04
— ——— — Englands	. . . . .	— 2,70
— ——— — Noregs	. . . . .	— 1,00
— ——— — Svíaríkis	. . . . .	— 0,80
— ——— — Belgíu	. . . . .	— 1,65
— ——— — Austurríkis	. . . . .	— 2,40
— ——— — Gibraltar	. . . . .	— 2,90
— ——— — Grikklands	. . . . .	— 4,50
— ——— — Íslands	. . . . .	— 8,40

ef innlendi taxtinn verður 7 aurar fyrir hvert orð.

símafélagið býðst til að leggja til 300 þús krónur* í eitt skipti fyrir öll, en sem landið á að öðru leyti að kosta að öllu leyti og halda við og endurnýja, skulum við geta þess, að félagið hafði — sbr. bréf Suenson's dags. 10. Ág. 1904 (fskj. nr. 3) — *gefið stjórninni kost á, að velja um, hvort hún kysi heldur, að félagið legði sæsímann alla leið til Þorlákshafnar, eða að hann væri lagður á land á Austfjörðum* (Seyðisfirði) og legði þá félagið fram nefndar 300 þús. kr. til landsímans, í þess þágu, að sæsíminn yrði þá um 148 enskum mílum skemri; en þar sem okkur er kunnugt um, að sæsími kostar eigi minna en £ 200 hver ensk míla, þá hafa félaginu við þessa ráðstöfum sparast að minsta kosti 258,720 kr. þrátt fyrir hið framboðna 300 þús. króna tillag til landsímans, og virðist okkur því, að hagsmuna Íslands hafi í þessu efni eigi verið gætt, svo sem æskilegt hefði verið.

Enn fremur má og taka það fram, að þegar stjórnin samdi fjárlagafrumvarpið og gerði áætlanir um kostnaðinn við landsímalagninguna, höfðu engar rannsóknir farið fram, nema hvað verkfræðingur Hanson í Berlin hafði fyrir nokkrum árum farið einu sinni hratt yfir landið frá Austfjörðum til Reykjavíkur, og það um hásumartímann, og má geta nærri, að lítið muni byggjandi á jafnfljótlegu áliti útlends manns, sem er ókunnugur staðháttum hér á landi, snjóþyngslum og veðráttufari að vetrum o. s. frv.

Við verðum að líta svo á, að alls ekki eigi við að ráðast í jafnkostnaðarsamt fyrirtæki, nema nákvæmar mælingar og rannsóknir hafi áður farið fram; og að því leyti sem slíkar rannsóknir eru framkvæmdar af ókunnugum útlendingum, þá virðist ekki nægja, að þær fari fram að eins að sumrinu, heldur jafnframt, og ekki síður, að vetrinum, því að einmitt þann tíma ársins hlýtur landsímanum að vera mest hætta búin.

En þar sem undirbúningur málsins var jafnófullkominn, sem áður er getið, leiðið þar af, að ýmsar af kostnaðaráætlunum stjórnarinnar eru, að okkar áliti, *alveg óábyggilegar* og í lausu lopti, og getum við eingan veginn talið það rétt, að löggjafarvaldið í slíku stórmáli stofni fátæku og mannfáu þjóðfélagi í kostnað, sem hundruðum þúsunda skiptir, og sem einginn getur gert sér glögga hugmynd um, hve miklu kunni að nema. Við höfum auðvitað ekki tök á því, fremur en aðrir, að gera glögga áætlun um kostnaðinn, en hitt dylst okkur ekki, að ýmsir liðir í áætlunum stjórnarinnar eru alt of lágir. Skulum við í þessu efni benda á, að ekkert er áætlað til *að koma staurum og öðru efni frá skipsfjöl hér á landi undan sjó,* né fyrir *geymslu hér á landi á áhöldum og ýmsu verkefni* til símalagningarinnar, sem ekki er hættulaust að láta liggja úti á almannafæri.

Símastaurarnir munu vega um 200 pd. eptir því sem stjórnin segir, og yrði þá þungi 13500 staura um 1350 tons, en annað verkefni telur stjórnin sjálf 200 tons. Við ætlum að ekki sé of hátt áætlað, að kostaður fyrir flutning á hverju tonni frá skipsfjöl og undan sjó sé talinn 3 kr. (það er 30 aurar á staurinn), og yrði þá þessi nýi kostnaðarliður alls um 4650 kr.; en í húsaleigu fyrir geymslu á ýmsu verkefni og áhöldum á öllum þeim stöðum, sem verkefninu er skipað á land, mun naumast tjá að áætla minna en 2000 kr.

Flutning símastauranna á þá staði, þar sem hver staur á að setjast nið-

---

* Af nefndum 300 þús. krónum verða Hanson verkfræðingi greiddar 8000 kr. fyrir rannsóknir hans 1899.

ur, áætlar stjórnin 3 kr. fyrir staurinn og telur hún flutningsvegaleingd að meðaltali 3 mílur danskar. En þar sem mikið af staurunum þarf að flytja yfir vegleysur, og staurarnir eru ekki baggatækir, dylst okkur ekki, að þessi kostnaðaráætlun stjórnarinnar *nær eingri átt*, enda hefir núverandi verkfræðingur landsins, hr. Jón Þorláksson, alls einga reynslu í þessu efni, sem eigi er við að búast. Getum við alls ekki búist við að sá kostnaður verði minni en 10 kr. að meðaltali á hvern staur, enda þótt sætt yrði sleðafæri, sem einatt er þó hæpið á vetrum, og má í þessu efni minna á flutning á við til Lagarfljótsbrúarinnar, þar sem kostnaðurinn varð margfalt meiri. Á lauslegu tali *Forbergs*, norska verkfræðingsins, við stöku menn, teljum við alls ekkert byggjandi, þar sem einginn þeirra manna hefir unnist til þess að gera skriflegan samning um flutninginn. — Ákveðnasta tilboðið í þessu efni tjáði hr. Forberg nefndarmönnum, að bóndinn í Reykjahlíð hefði gert, að því er snerti staura milli Jökulsár og Mývatns, er áskildi 6 kr. á staurinn; *en skriflegt loforð í því efni tjáir Forberg að nefndur bóndi hafi þó eigi viljað gera.*

Á hinn bóginn hafa fjölda margir, er við höfum leitt þetta atriði í tal við, talið áætlun stjórnarinnar og ágizkanir Forbergs *beina fjarstæðu*, og verðum við að byggja meira á skoðun manna, sem kunnugir eru staðháttum, og prentum við í þessu skyni, meðal fylgiskjala, álit *Árna* umboðsmans *Árnasonar* á Höfðahólum, (fskj. nr. 7), sem er glöggur maður í þeirri grein, og með hliðsjón af því má ætla, að þessi kostnaðarliður sé of lágt áætlaður hjá stjórninni um að minsta kosti 94,500 krónur.

Þá telur ráðanautur stjórnarinnar, hr. Krarup, að ekki muni veita af *500 metrum af innvöfðum þræði (Kabel) yfir ár og torfærur*, sem hann metur 12,500 krónur, en þeirri upphæð sleppir stjórnin algerlega í áætlun sinni, og virðist það býsna djarft, þar sem mælingar og rannsóknir á leiðinni vantaði þegar fjárlagafrumvarpið var samið.

Enn fremur má geta þess, að gert er ráð fyrir, að *sæsími* verði lagður *frá Eyrinni við Uppkot yfir Hvalfjörð til Kataness á Hvalfjarðarströnd*, til þess að komast hjá að leggja landþráðinn inn fyrir Hvalfjörð, sem mundi leingja hina áætluðu landsímalínu um 26 kilóm., ef farið er fyrir neðan Esju, að því er núverandi ráðunautur stjórnarinnar, hr. Forberg verkfræðingur, skýrir frá; en í áætlun stjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir þeim verðmun, sem er á milli ritsíma á landi og síma í sjó á þessu svæði, sem er 3000 metrar, og getur sá verðmunur eingan veginn numið minna en 8 þús. krónum, og er sennilega töluvert hærri; en til þess að ákveða þetta nákvæmlega skortir okkur gögn.[1])

Eptir upplýsingum, sem við höfum aflað okkur hjá ritsímaverkfræðingi, er það talin brýn nauðsyn að *styrkja ritsímastaura* með járnþræði eða hjálparstoðum, ef staurinn stendur í nokkrum halla, línan ekki er bein, eða eigi er hægt að festa hann, sakir þess að klöpp er undir eða jarðvegurinn er gljúpur, og þykir teljast svo til, að eigi veiti af að tryggja þannig annanhvern staur að meðaltali. — Á þessu vöktum við máls í nefndinni, þar sem við eigi sáum, að stjórnin hefði áætlað neitt fé til þessa kostnaðar, og var því svo svarað, að til þessa ætti að nota þá staura (2500), sem keyptir væru umfram þá 13500 staura, sem gert er ráð fyrir að þurfi til landsímans;[2]) en þá ber þess að gæta, að stjórn-

[1]) Eptir að þetta var ritað, hefir *Forberg* áætlað þennan kostnað 9 þús. króna.

[2]) Séu nefndir staurar notaðir í þessu skyni, vantar vara-staura, sem óhjákvæmilega þurfa að vera til taks hér og hvar meðfram línunni.

in hefir ekki áætlað neitt fé til þess að ná þessum 2500 staurum frá skipsfjöl, né heldur til þess að flytja þá þangað, sem þeir eiga að notast. Staurar þessir munu vega um 250 tons, og flutningurinn frá skipsfjöl á 3 kr. tonnið mundi þá nema 750 krónum, en landflutninginn að öðru leyti mun sennilegt að reikna nokkru lægri en áður, með tilliti til þess, að líklega má skipta þeim í tvent, þar sem þeir eiga að notast í stoðir; við áætlum því þann flutning 6 kr. fyrir hvern staur eða samtals 15,000 krónur.

Til þess að kaupa og flytja hingað til landsins nefnda 2500 aukastaura og annað verkefni áætlar stjórnin að eins 14,000 kr., sem sýnilega er alt of lágt, því að verkefni þetta er, samkvæmt athugasemdum stjórnarinnar sjálfrar við fjárlagafrumvarpið:

2500 staurar á minst kr. 4,50	kr.	11,250
2000 Isolatorar á 0,30	—	600
1000 hettur og krókar á 0,85	—	850
Virþráður pr.	—	3,750
Flutningsgjald til landsins kr. 1,50 pr. staur ...	—	3,750
Flutningur á öðru efni ca.	—	50
Samtals	kr.	20,250

Á þessum lið fjárlagafrumvarpsins er því áætlun stjórnarinnar of lág um 6,250 kr. Ekki er heldur gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til *sjóábyrgðargjalda* fyrir staura og annað verkefni, sem mun þó mega áætla *minst* 1400 kr., né heldur að gert sé ráð fyrir neinum kostnaði til *umbúða um isolatora* o. fl.

Eptir bréfi Forbergs verkfræðings 27. Maí 1905 — útdráttur úr því fylgir áliti okkar (fylgiskj. nr. 8) — upplýsist það, að víða verður að *flytja að grjót* langa vegu til að skorða staurana með, og enn fremur getur hann þess, að víða, einkum á heiðum, sé alt að 3 feta djúpur aur í leysingum á vorin, svo að meira grjót þurfi en vanalegt sé, og auki það verkalaunin. Fyrir þessum grjótflutningi, sem er um fram venju, er eigi áætluð nein upphæð í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, og jafnvel rannsóknir norska verkfræðingsins Forbergs nú í sumar hafa, að sjálfs hans sögn, eigi getað verið svo ýtarlegar, að hann treysti sér til að gera glögga grein fyrir, hve miklu þessi kostnaður muni nema.

Af bréfi *Suensons*, forstjóra norræna ritsímafélagsins, til Íslandsráðherrans, dags. 15. Sept. 1904, (fskj. nr. 2), sézt, að *félagið* hefir *lofað að leggja fé út fyrir efni til landsímalagningarinnar gegn 4% vöxtum* til þess dags, er landsíminn verður tekinn til almennings nota, því þá fyrst telur félagið sér skylt að greiða þær 300 þús. kr., sem það leggur fram til landsímalagningarinnar. Þar sem kunnugt er, að þegar hafa verið keyptir 16000 símastaurar og áskilið var, að mikið af þeim væri til nú í Júlí, en áætlað, að landsíminn ekki verði tekinn til starfa fyr en 1. Okt. 1906, þá er auðsætt, að rentugreiðslur til félagsins geta numið allmiklu, að líkindum eigi undir 8000 kr.. sem dragast frá tillagi félagsins, auk þeirra 8000 kr., sem ganga til P. Hansons verkfræðings; en fyrir þessari vaxtagreiðslu hefir stjórnin alls eigi gert ráð í áætlunum sínum.

Þegar því næst er litið á áætlun stjórnarinnar, að því er *vinnulaun við landsímalagninguna* snertir, ber þess að geta, að stjórnin hefir í ýmsum grein-

um áætlað lægri upphæðir en ráðunautur hennar, hr. Krarup verkfræðingur, telur þurfa, án þess séð verði, að stjórnin hafi haft nokkuð ábyggilegra við að styðjast. Má í þessu efni benda á, að þar sem Krarup áætlar símalagninguna 110 daga verk, ef notaðir séu vanir útlendir verkamenn, þá ætlast stjórnin til að verkinu verði lokið á 100 dögum, enda þótt notaðir séu óvanir, innlendir verkamenn, og færir því áætlunina til verkamannanna og ferðakostnað þeirra, út og utan, úr 84,500 kr. í 64 þús. kr., *án þess hún rökstyðji þessa 20,500 kr. lækkun á nokkurn hátt.* Forberg verkfræðingur, sem á fundi nefndarinnar 23. Júlí lét í ljósi, að óheppilegt væri að ekki yrði byrjað á landsímalagningunni í sumar til þess að geta gert sér einhverja hugmynd um kostnaðinn, gerir ráð fyrir, að þurfa muni 70 norska verkamenn í 110 daga á kr. 3,50 á dag... kr. 26,950

170 ísl. verkamenn í 100 daga á kr. 3,00	— 51,000
Ferðakostnað fyrir norsku verkamennina út og utan að meðtöldum 2 kr. á dag á ferðinni...	— 4,900
Ferðakostnað út og utan fyrir 20 verkfræðinga og verkstjóra með dagpeningum á ferðinni	— 4,000
Samtals	kr. 86,850

Við teljum sennilegt, að áætlanir beggja, Krarups og Forbergs, muni reynast alt of lágar, er til framkvæmdanna kemur, og má í því efni benda á, að ferðakostnaðaráætlun hins síðarnefnda, að því er norska verkamenn og verkstjóra snertir, *nær eingri átt,* því að, eptir því sem farþegagjaldi er nú háttað, verður kostnaðurinn þessi:

1.	Far 70 norskra verkamanna fram og aptur á 2. farþegarúmi ...	kr. 5,040
2.	Dagpeningar þeirra á ferðinni, 2 kr. á dag í 24 daga...	— 3,360
3.	Fæði þeirra í 24 daga á kr. 1,50 á dag	— 2,520
4.	Far fyrir 20 verkstjóra og verkfræðinga á 1. farþegarúmi út og utan á 115 kr.	— 2,300
5.	Dagpeningar á ferðinni í 24 daga (14 á 5 kr., 5 á 10 kr., 1 á 6 kr. á dag)	— 3,024
6.	Fæði þessara 20 manna í 24 daga á ferðinni á kr. 2,50	— 1,200
	Samtals	kr. 17,444

sem er kr. 8,544 hærra en Forberg hefir áætlað; en alls verður þessi áætlun Forbergs, með þessari einu leiðréttingu, kr. 95,394, og er það 31,394 kr. hærra en þessar 64 þús. kr., sem stjórnin hafði áætlað.

Auk þess gerir Forberg ráð fyrir, að *til tjalda og annars útbúnaðar* þurfi 3000 kr. meira (8000 kr. í stað 5000 kr.) en stjórnin hafði áætlað, og sömuleiðis áætlar hann 2000 kr. meira í *hestaleigur* (5000 kr. fyrir 3000 kr.), en stjórnin gerir ráð fyrir; en þann lið hafði *Krarup* áætlað 13000 kr., og sýnir þetta, hversu áætlanir þessar eru, sem fleira, algerlega í lausu lofti byggðar.

Enda þótt stjórnin játi, að hentugt væri að hafa *nokkurt fé til aukaþóknana hönda þeim starfsmönnum, sem sérstakan dugnað sýna,* sleppir hún þó í áætlun sinni 5000 kr., sem Krarup hafði áætlað í því skyni, eins og hún líka sleppir 5000 kr., sem nefndur ráðanautur hennar hafði áætlað *til fæðis í óbygðum,* og mun það, ef til vill, stafa af því, að stjórnin hefir aðallega haft innlenda verkamenn fyrir augum; en hvað sem því líður, má þó telja víst, að ekki verði komizt hjá nokkurri fjárveitingu í þessu skyni, t. d. 4000 kr., að minsta kosti, að því er yfirmennina snertir og 70 norska verkamenn.

Enn fremur telur Krarup verkfræðingur óhjákvæmilegt að hafa *leiðbeinandi mann* (Guide), sem hann áætlar að kosta muni 1500 krónur; en þeirri upphæð sleppir stjórnin algerlega, án þess að gera nokkra grein fyrir, hvernig á því standi, og sama er um samtals 3580 kr., sem nefndur verkfræðingur telur nauðsynlegt að áætla handa þeim manni, sem á að *stjórna rekstri landsímans* síðarmeir, í því skyni, að hann geti kynst landsímanum sem bezt, meðan á lagningunni stendur.

Um upphæð þá, kr. 7085, sem stjórnin áætlar *til óvissra útgjalda*, getur hún þess sjálf, að hún muni vera »heldur lágt talin«, og er það vafalaust rétt álitið, þar sem af þessum útgjaldalið á ekki að eins að borga hinum tekniska ráðanaut stjórnarinnar, hr. Krarup verkfræðing, heldur og ýms önnur ófyrirséð gjöld. Má því óefað gera ráð fyrir, að þessi liður sé of lágt talinn um 7000 krónur að minsta kosti, enda hefir verkfræðingur Forberg áætlað þennan lið 10,000 kr., og munnlega gert ráð fyrir, að hann mundi ef til vill þurfa að vera hærri.

Af því, sem að framan hefir sagt verið, teljum við óhjákvæmilegt, að við upphæð þá, sem stjórnin áætlar til landsimalagningarinnar, sem er, auk tillagsins frá ritsímafélaginu, kr. 155,000 (þar af 147 þús. kr. í fjárlagafrumvarpinu og 8 þús. kr. í fjáraukalögum fyrir árin 1904—1905), þurfi að bæta þessum upphæðum:

1.	Fyrir flutning á staurum og fleira frá skipsfjöl	kr.	4,650
2.	Húsaleiga...	—	2,000
3.	Vantalið fyrir staurafiutning	—	94,500
4.	500 metrar »Kabel« yfir ár og torfærur	—	12,500
5.	Verðhækkun fyrir sæsíma yfir Hvalfjörð, 3000 metra	—	8,000
6.	Flutningur á varastaurum frá skipsfjöl...	—	750
7.	Flutningur þeirra á landlinuna	—	15,000
8.	Vantalið í 12. gr. D. 3. fjárlaganna (andvirði og flutningur varastaura o. fl.)	—	6,250
9.	Sjóábyrgðargjald, minst	—	1,400
10.	Vextir af fyrirframgreiðslum ritsímafélagsins...	—	8,000
11.	Vantalið til verkamanna og ferðakostnaðar	—	31,394
12.	Vantalið til tjalda og annars útbúnaðar	—	3,000
13.	Vantalin hestaleiga	—	2,000
14.	Ótalin aukaþóknun til starfsmanna fyrir sérstakan dugnað ..	—	5,000
15.	Til fæðis í óbygðum	—	4,000
16.	Vantalið fyrir leiðbeinandi mann (Guide)	—	1,500
17.	Til símastjóra hálfsárslaun og ferðakostnaður	—	3,580
18.	Oflítið áætlað til óvissra útgjalda, minst	—	7,000
	Samtals	kr.	210,524
	er bætast við áætlun stjórnarinnar, sem er að meðtöldu tillagi ritsímafélagsins	—	455,000
	Samtals	kr.	665,524

sem verður þá kostnaðurinn við landsímann frá Austfjörðum til Reykjavíkur, *og er þó eigi gert ráð fyrir útgjöldum*, eða auknum verkalaunum, sem stafa af því, að víða þarf að *flytja grjót* langar leiðir til að skorða staurana, eins og áður var á vikið. Svo ber þess og að geta, *að okkur hefir skort tök til þess að geta gert athugasemdir við fjöldamarga útgjaldaliði;* en séu svipaðir gallar á þeim,

eins og á þeim áætlunarliðum, sem athugasemdir okkar ná til, getur það valdið allmikilli hækkun, eins og líka er hætt við, að sumir liðir, t. d. sérstaklega borgun til verkafólks, verði mun hærri en við höfum áætlað, þar sem alls óvíst er, meðal annars, að verkinu verði lokið á þeim tíma, sem áætlað er, auk þess sem búazt má við mikilli verkatöf af óveðrum, og getur það aukið kostninn að miklum mun.

Loks má og geta þess, að við höfum slept kostnaði til húsgagna á öllum stöðvunum, sem og kostnaði, er leiðir af því, ef Íslendingar verða látnir læra símritun erlendis; en til þessa hvorutveggja áætlar Forberg verkfræðingur þó samtals 7,500 kr. Enn fremur áætlar Forberg 2 þús. krónum meira en stjórnin til að mæla landþráðarlínuna o. fl. Skyldi því einhver áætlun okkar talin fremur há — við gerum reyndar fremur ráð fyrir því gagnstæða —, þá er talsvert upp á að hlaupa, þar sem ofangreindu er slept úr áætlunum okkar, sem sumpart stafar af því, að við ekki veittum því nógu snemma eptirtekt, sakir annríkis.

Nú verður að telja sjálfsagt, samkvæmt því, er Alþingi hefir jafnan gert ráð fyrir, *að Ísafjarðarkaupstað verði komið í samband* jafnsnemma hinum kaupstöðunum, og yrði þá að líkindum að leggja landsíma frá Stað í Hrútafirði að Stað á Snæfjallaströnd, og mun sú vegaleingd, að viðlögðum 8% fyrir bugðum (eins og stjórnin gerir yfirleitt ráð fyrir), vera 160 kilómetrar. En samkvæmt ofanritaðri áætlun okkar *kostar hver kilómeter af landsíma minst 1040 krónur*, og kostar þá landsíminn til Staðar á Snæfjallaströnd .. 166,400 kr.

Þar við bættist *sæsími yfir Kaldalón, og frá Stað á Snæfjallaströnd til Ísafjarðarkaupstaðar,* sem er alls um 16 kilómetrar. Forberg verkfræðingur hefir skýrt okkur frá, að 3 kilómetra sæsími yfir Hvalfjörð muni kosta 9000 kr. og virðist sú upphæð að vísu alt of lág, ef flutningsgjald er með talið[1]), en sé þó bygt á henni, ættu sæsímaspottar þessir að kosta ..... 48,000 —

Kostnaður við álmuna til Ísafjarðar yrði þá alls 214,400 kr.

en auðvitað töluvert hærri, ef álma þessi verður ekki lögð samtímis aðalsímanum, þar sem ferðakostnaður til útlendra verkamanna legst þá tiltölulega þyngra á.

Alls verður því kostnaðurinn við landsímalagningu milli sæsímastöðvanna á Austfjörðum, Akureyrar og Reykjavíkur, með álmu til Ísafjarðar, minnst 879,924 kr., eða því sem næst *900,000 krónur.*

Við skulum geta þess, að þessi áætlun okkar er í góðu samræmi við álit tveggja verkfræðinga, sem nákunnugir eru kostnaði við ritsímalagningar í öðrum löndum, og annar þessara manna, hr. *Bredow*, þýzkur yfirverkfræðingur, hefir einmitt í tilboði, sem hann hefir sent þinginu, áætlað kostnað við lagningu landsímaspotta, *með sjó fram*, 1100 kr. pr. kílómeter, og virðist það benda á, að áætlun okkar sé fremur of lág en of há, þar sem að sumu leyti er um símalagningu í óbygðum að ræða, og yfir vegleysur að sækja.

---

1) Eptir að þetta var skráð, hefir Forberg áætlað flutgingsgjald til viðbótar 250 krónur.

Þá er næst að rannsaka, hve miklu nema muni **árlegur rekstur, endurnýjunar- og viðhalds-kostnaður.**

Í þessu efni gefur fjárlagafrumvarp stjórnarinnar og skjöl þau, sem nefndin hefir haft í höndum, mjög litlar leiðbeiningar, sem ábyggilegar séu.

Gera má ráð fyrir, að landsímann þurfi að endurnýja á 20 ára fresti, og er því sjálfsagt að telja með árlegum kostnaði *vexti og endurnýjunar- eða fyrningar-gjald* af þeirri upphæð, sem landssjóður verður þegar að leggja fram (ca. 580 þús. kr.), og enn fremur verður að gera ráð fyrir fyrning á þeim hluta landsímans, sem lagður er fyrir tillag ritsímafélagsins (300 þús. krónur).

Enn fremur verður að gera ráð fyrir árlegum *viðhaldskostnaði*, sem alls ekki má blanda saman við fyrningarkostnað, þar sem viðhaldskostnaðurinn miðar að eins að því, að dytta að því, sem bilar, í svip, og má því fremur gera ráð fyrir, að viðgerðir og eptirlit verði kostnaðarsamt, *þar sem þráðurinn verður ekki að eins notaður sem ritsími, heldur einnig, og viðasthvar eingöngu sem talsími,* því að við talsíma þarf mjög lítið út af að bera til þess að svo mikið ólag komist á, að samtal ekki heyrist, svo sem að ís eða snjór festist við þráðinn, isolatorana og stólpana, og jafnvel loptslag á vetrum getur eitt út af fyrir sig valdið því, að ekki heyrist nema suða, eins og reynslan hér á landi hefir þegar sýnt, að því er talþráðinn til Hafnarfjarðar snertir; og því minna má út af bera, sem vegaleingdin er meiri milli talstöðvanna. En það er vitaskuld, að það er skylda landstjórnarinnar að hlutast til um, að bætt verði tafarlaust úr hverju ólagi, sem fyrir kann að koma, svo að skeyti þau, sem greidd er borgun fyrir, komist sem fyrst leiðar sinnar, og leiðir þar af, að halda verður fjölda hæfra eptirlitsmanna, sem verða að vera lagtækir og hafa vit á að sjá, hvað að er; en það er opt ærinn vandi, og ekki á allra færi. Það mun því eigi veita af *44 eptirlitsmönnum*, þegar álman til Ísafjarðar er með talin, og koma þá hér um bil 2 mílur á hvern. Menn þessir verða stöðugt að vera til taks, og tjáir því alls ekki að ætla hverjum þeirra minna en *365 krónur á ári.*

Efni til viðgerða þykir okkur sennilegt að áætla *7000 kr.* á ári, og er það í samræmi við áætlun Krarups verkfræðings, nema að Ísafjarðarlínunni er auðvitað bætt við.

Loks verður að telja til viðhaldskostnaðar *hæfilega upphæð til fæðispeninga og ferðakostnaðar* til þeirra manna, sem hafa eiga yfirumsjón með allri línunni, því opt hlýtur að koma fyrir, að þeir verði að takast ferð á hendur, er meiri háttar bilanir koma fyrir, og álítum við, að ekki veiti af 3000 kr. á ári í þessu skyni, og er það 3600 kr. minna en Krarup verkfræðingur gerir ráð fyrir, og byggjum við þá lækkun á því, að við höfum gert ráð fyrir svo mörgum eptirlitsmönnum.

Að því er *starfsrekstur* landsímasambandsins snertir, er svo til ætlazt, að landssjóðurinn beri *helminginn af kostnaðinum við símastöðina á landtökustaðnum* móti norræna ritsímafélaginu, og áætlar Krarup þann helming 8,200 kr. Þessa upphæð færir stjórnin niður í 6000 kr., og segist gera það til bráðubyrgða, unz nánari upplýsingar fáist. En þar sem eingar slíkar upplýsingar eru fram komnar, virðist rétt að byggja á hærri upphæðinni, eins og ráðunautur stjórnarinnar hefir áætlað hana, enda gerir Forberg verkfræðingur það einnig. Til þessa er og því fremur ástæða, sem ritsímafélagið hefir tilkynt

stjórninni, að það vilji ekki binda sig við þessi helmingaskipti, að landsjóður greiði 8,200 kr. á ári, leingur en fimm fyrstu ársfjórðungana.

Árleg laun helztu starfsmannanna áætlar Krarup þannig:

Til símastjóra, sem sé talþráða- og ritsímastjóri og verkfræðingur ...	5000 kr.
Til talþráðarstjóra á Akureyri	2000 —
Til 2 símaritara í Reykjavík	2800 —
Til 2 kvennmanna, er annast málþráðinn í Reykjavík	2400 —
Til 2 kvennmanna, er annast talþráðinn á Akureyri	2400 —
3 sendiboðar	1080 —
Samtals	15,680 kr.

Þessi áætlun mun naumast verða lækkuð svo neinu nemi, þegar þess er gætt, að nauðsynlegt er, að starfsmenn þessir hafi svipaða þekkingu í eðlisfræði, landafræði og tungumálum — auk sérþekkingar í ritsíma- eða telphonstörfum — sem heimtað er við hið svonefnda »Præliminær«-próf í Danmörku, eins og Krurup, ráðunautur stjórnarinnar, bendir á.

Gert er ráð fyrir, að milli aðalstöðvanna séu *17 talstöðvar*, og veitir einn maður hverri þeirra forstöðu, og áætlar Krarup 120 kr. árslaun handa hverjum þeirra, auk 5 aura þóknunar fyrir hvert samtal; en þar sem óhjákvæmilegt er, að menn þessir hafi, eins og hann bendir á, aflað sér þekkingar í þýzku, frönsku og ensku, auk dönsku, svo að þeir geti skrifað tungumál þessi eptir upplestri lýtalaust, þar sem opt getur komið fyrir, að þeir verði að afgreiða símaskeyti, sem koma frá útlöndum, eða fara til útlanda, og áríðandi er, að þau berist orðrétt, eins og nefndur ráðunautur stjórnarinnar leggur réttilega áherzlu á, þá er auðsætt, að föstu launin, sem mönnum þessum eru ætluð, eru *hreinasta fjarstæða.* Það er auðsætt, að hann ætlast til, að aðalborgunin sé fólgin í þessum 5 aura aukaþóknunum, eins og á sér stað í Danmörku, þar sem mannmergðin er margfalt meiri; en hér á landi hljóta slíkar aukaþóknanir að nema sáralitlu, og tjáir því alls ekki að ætla mönnum þessum minna en 500 kr. árslaun hverjum þeirra, auk aukaþóknana, þegar litið er á þekkingarstig það, sem ætlazt er til að þeir hafi, og ekki síður á hitt, að þeir verða jafnan að vera til taks, og þurfa að hafa nokkra bókfærslu á hendi, rita upp talskeyti og þráðskeyti, til þess að geta fært sönnur á, að þau séu rétt afgreidd o. s. frv. Virðist sízt vanþörf á þessum launum, þegar þess er gætt, að *hvorki stjórnin, né ráðunautur hennar, gera ráð fyrir, að greiða þurfi einn eyri í húsaleigu á þessum 17 millistöðum, né fyrir hita, ljósi eða ræstingu.* Til samanburðar má og benda á póstafgreiðslumannalaunin hér á landi, og þurfa þeir þó ekki að afla sér neinnar sérþekkingar, og hafa eigi annan starfstíma, er teljandi sé, en þegar póstar eru á ferðinni.

Í sambandi við áætlanir okkar um nauðsyn á eptirliti með landsímanum og kostnaðinn við talsímastöðvarnar o. fl., leyfum við okkur að benda á mjög glöggar ræður núverandi ráðherra á Alþingi 1901, og fylgir því útdráttur úr þeim þessu nefndaráliti okkar (fylgiskj. nr. 9 og 10).

Til árlegs reksturskostnaðar telst og *húsaleiga í Reykjavík og á Akureyri ásamt ljósmeti, eldivið og ræstingu.* Í þessu skyni gerir stjórnin ráð fyrir 1600 kr. árlega, og þó að í upphæð þessari sé eigi innifalin borgun fyrir ræstingu — *sem stjórnin alls ekki nefnir*, fremur en ráðunautur hennar — má þó, ef til vill, telja upphæðina nægilega.

Enn fremur gerir stjórnin ráð fyrir, að til *eyðublaða, prentkostnaðar,*

burðareyris o. fl. þurfi árlega 600 kr. og til *ýmsra útgjalda* 1000 kr., og virðast báðar þessar upphæðir að vísu nokkuð lágar, þar sem Krarup áætlar þessar upphæðir samtals 2,760 kr.; en þetta getur auðvitað verið álitamál, og byggjum við því í þessu efni á áætlun stjórnarinnar.

Loks gerir Krarup ráð fyrir 400 kr. árlega til *alþjóðaritsímastofunnar í Bern* til þess að verða aðnjótandi samskonar hagræðis frá þeirri stofnun, sem aðrar þjóðir, er ritsíma hafa, og teljum við sjálfsagt, að Ísland kosti þessu til, í stað þess að leita á náðir dönsku ritsimastjórnarinnar, eins og stjórn vor virðist ætlast til, þar sem hún hefir slept þessari fjárveitingu.

Að því er reksturskostnaðinn snertir, höfum við til þessa, að því er kemur til álmunnar til Ísafjarðar, að eins tekið tillit til aukinnar tölu eptirlitsmanna við línuna, og verður því að bæta við hlutfallslega hér um bil 9000 kr., sem öðrum reksturskostnaði milli Staðar í Hrútafirði og Ísafjarðar.

Samkvæmt því, er nú hefir sagt verið, má ætla, að **árlegur reksturs- viðhalds- og endurnýjunarkostnaður verði þessi:**

1.	4% vextir af 580 þús. kr. (ɔ: höfuðstólnum sem vér þegar leggjum fram til símalagningarinnar)	kr.	23,200
2.	Fyrningargjald af 880 þús. kr. (ɔ: andvirði alls landsímans að meðtöldu tillagi ritsímafélagsins)	—	28.400
3.	Til 44 eptirlitsmanna á 365 kr.	—	16,060
4.	Efni til viðhalds	—	7,000
5.	Dagpeningar og ferðakostnaður yfirmanna símans . .	—	3,000
6.	Hálfur kostnaður við aðalritsímastöðina á Seyðisfirði móti ritsímafélaginu	—	8,200
7.	Laun ýmsra starfsmanna (sbr. hér að framan)	—	15,680
8.	Til 17 talþráðastjóra á 500 kr.	—	8,500
9.	Húsaleiga, ljósmeti, eldiviður og ræsting í Rvík og á Akureyri	—	1,600
10.	Til eyðublaða, prentunar, burðareyris o. fl.	—	600
11.	Ýmisleg útgjöld	—	1,000
12.	Til alþjóðaritsímastofunnar í Bern	—	400
13.	Áætlaður reksturskostnaður (áður ótalinn) á álmunni frá Stað í Hrútafirði til Ísafjarðar	—	9,000
		Kr.	122,640
	Hér við bætist upphæð sú, sem árlega á að greiða ritsímafélaginu í 20 ár	kr.	35,000
		Alls kr.	157,640
	Hér frá dragast tekjur af símum landsins, er stjórnin áætlar árlega	—	20,000
		Ársútgjöld verða þá: kr.	**137,640**

Þessa síðastnefnda upphæð verður landið þá að minsta kosti að leggja fram á ári hverju í 20 ár, auk þess fjár, sem sjálfur landsíminn kostar, og leggja yrði fram þegar í stað, að ótöldum þeim 54 þús. kr. árlega í 20 ár, er rikissjóður leggur til sæsímans.

Nú virðist liggja næst að athuga, hvort hraðskeytasamband þetta er **tryggilegt,** og fullnægir þörfum þeirra, sem það er ætlað, á líkan hátt og svipað hraðskeytasamband gerir í öðrum löndum, og eins og það þarf að gera, ef það á að koma að fullum notum.

Má þá fyrst geta þess, að ritsímasamningurinn telur félaginu það vítalaust, þó að símaslit haldist *alt að 4 mánuðum í senn*, að því er sæsímann snertir, og þó að líklegt sé, að bilanir á sæsímanum komi ekki mjög opt fyrir,[1] getur þó stafað mikið óhagræði og tjón af því, þar sem ekki er í annað hús að venda, en landið þá án alls hraðskeytasambands við umheiminn, í stað þess er menn í nágrannalöndunum geta sent skeyti sín aðra leið, ef einhver síminn slitnar. *En þó að sæsíminn sé í lagi, þá er mjög hætt við því, að sambandið milli Seyðisfjarðar, Akureyrar og Reykjavíkur verði afar-stopult*, að minsta kosti 7 mánuði ársins, ekki sízt að því er talsímann snertir, og enda þótt við höfum gert ráð fyrir allsæmilegu eptirliti. Má ekki gleyma því, hve stirð veðráttan er hér á landi á vetrum, og enda vor og haust, svo að jafnvel getur komið alt að viku blindhríð, svo að ekki sé ratljóst milli bæja, hvað þá heldur í óbygðum, enda eigi hægt að sinna viðgerðum, eða sjá, hvar gallar eru, nema í bærilegu veðri.

Þannig lagað hraðskeytasamband við útlönd, sem verður að byggja á landsíma yfir fjöll og vegleysur, er því auðsjáanlega *afar-ófullnægjandi*, ekki sízt fyrir höfuðstaðinn, Akureyri og Ísafjörð, er þurfa að geta staðið í daglegu sambandi við útlönd — sbr. og í þessu efni hinar skýru og ákveðnu ræður núverandi ráðherra vors á Alþingi 1901, sjá fylgiskjölin nr. 9 og 10 — og tekur það í þessu efni alveg af skarið, að mönnum skuli í ritsímasamningnum einnig bannað, að setja á fót loptskeytastöð í höfuðstaðnum, þótt eigi væri til annars, en að grípa til, þegar síminn er í einhverju ólagi. Fyrir verzlunarstéttina, skipaútgerðarmenn o. fl., sem einkum nota símann, er slíkt fyrirkomulag *alveg ófullnægjandi*. En þó að menn vildu t. d. halda Marconi-stöðinni, sem nú er hér í Reykjavík, þá er það óheimilt, þegar ritsímasamningurinn er í gildi geinginn.

Gera má og ráð fyrir, að ólag á landsímanum verði þeim mun tíðara sem hann er ver úr garði gerður; en nú eru símastaurarnir, sem nota á, og þegar hafa verið keyptir, fremur *grannir* og *óvanalega stuttir*, eins og tekið er fram í bréfi Krarups verkfræðings, dags. 12. Okt. 1904; en útdráttur úr því bréfi fylgir þessu nefndaráliti okkar, fskj. nr. 13. — Leiðir af því, að hættara er við því, að einhver staur kunni að brotna, eða sökkva í fönn, og þá er sambandið auðvitað slitið.

En auk þess að samband þetta, samkvæmt áður sögðu, hlýtur að reynast *mjög ótrygt*, og þar af leiðandi ófullnægjandi, leiðir það af 20 ára einkarétti ritsímafélagsins, og af símskeytataxtanum frá Hjaltlandi til Íslands, eins og samgaungumálaráðherra Dana hefir ákveðið hann, 70 centimes (ca. 50 aura) fyrir orðið, að *sæsíminn hlýtur að verða miklu minna notaður en ella mundi*, og getur þarafleiðandi eigi feingið þá þýðingu fyrir þjóðfélag vort, eins og hraðskeytasamband til útlanda, sem vér sjálfir gætum að öllu leyti haft ráð yfir, bæði að því er taxta og annað snertir.

Af framansögðu dylst eigi, að *optnefndur ritsímasamningur fer fram á að leggja þjóðinni mjög tilfinnanlegar fjárbyrðar á herðar og veitir þó mjög ótrygt, ófullnægjandi og dýrt ritsímasamband*, svo að við verðum þegar af þessari ástæðu — enda þótt ekki væri litið á aðra agnúa, sem gera samninginn *alveg* óaðeingileg-

[1]) Skýrsla um sæsímaslit frá 21. Okt. 1904 til 14. Apríl 1905, tekin úr blaðinu »Electrician«, fylgir nefndaráliti okkar (Nr. 12).

an, svo sem áður hefir sýnt verið — að ráða þinginu til þess að hafna samningnum gersamlega, og veita ekkert fé til *þess* hraðskeytasambands, er samningurinn gerir ráð fyrir.

Við skulum í þessu sambandi einnig minna á það, að á allflestum þingmálafundum hafa á síðastliðnu vori komið fram mjög eindregnar og alvarlegar áskoranir til þingsins, er fara í nefnda átt, og það eigi síður úr kjördæmum, sem landsíminn myndi liggja um, en öðrum.

Við höfum nú séð, að ekki getur komið til neinna mála að fallast á ritsímasamning þennan, sem ráðherrann gerði við Stóra norræna ritsímafélagið; en á hinn bóginn dylst okkur ekki, hve afar mikilsvert það væri, að tryggilegt hraðskeytasamband kæmist á milli Íslands og annara landa hins mentaða heims, svo sem Alþingi hefir hvað eptir annað látið í ljósi, enda bera ályktanir þingmálafundanna á síðastliðnu vori þess óræk merki, að enda þótt þjóðin sé mjög sammála um það, að hafna beri ritsímasamningnum, er henni þó ant um, að landið komist í hraðskeytasamband við önnur lönd, en ætlast að sjálfsögðu til þess, að sætt verði svo góðum kjörum, sem frekast er unt, bæði að því er snertir fjárframlög landssjóðs til þess fyrirtækis, og gjald það, er einstakir menn eða stofnanir þurfa að greiða fyrir notkun hraðskeytasambandsins.

Nú vill einnig svo vel til, að Alþingi hafa borist ýms tilboð um loptskeytasamband milli Íslands og annara landa, sem og milli ýmsra staða innanlands, og liggur þá næst að íhuga, hvort tilboð þessi, eða eitthvert þeirra, sé svo vaxið, að rétt sé að ráða Alþingi til að aðhyllast það.

Áður en farið er þó frekara út í þetta *virðist rétt að athuga, hvort þannig lagað þráðlaust hraðskeytasamband sé jafntryggilegt eins og símasamband.* Og verður í því efni aðallega að byggja á reynzlu annara þjóða, eins og það líka hlýtur að skoðast sem góð bending, er loptskeytafélögin bjóða fram ríflega peningatryggingu fyrir því, að loforð þau, er þau gangast undir í þessu efni, verði haldin, eins og bæði loftskeytafélögin, er sent hafa Alþingi tilboð, hafa gert. Við getum í þessu efni als ekkert bygt á því, þó að forstjóri norræna ritsímafélagsins telji loftskeytin óáreiðanleg og finni þeim flest til foráttu, því að það er kunnngt, hve afarmikið kapp ritsímafélög um heim allan hafa lagt á það, að gera sem minst úr notagildi hinnar nýju hraðskeytaaðferðar, auðvitað í því skyni að bægja hættulegum keppinaut frá í leingstu lög og að vernda einkaréttindi sjálfra sín og fá þau endurnýjuð.

Þetta er ómissandi að hafa fyrir augum, þegar bréf nefnds forstjóra (Svensons), sem og bréf danska samgaungumálaráðherrans til ráðherra Íslands eru lesin; og þá er ekki fremur ástæða til að byggja á álitsskjali Krarups verkfræðings, sem ritað er 15. Júní síðastliðinn, samkvæmt munnlegri beiðni Íslands ráðherra, *eptir að vöknuð var megn mótspyrna hér á landi gegn ritsímasamningnum* og hugir manna meira en nokkru sinni áður farnir að snúast að loftskeytasambandi. Nefnt bréf herra Krarups ber það og ljóslega með sér, að maðurinn hefir ekkert vit á því, sem hann dæmir um, og þá ekki síður hitt, að bréfið er sýnilega skrifað *í alveg ákveðnum tilgangi.* — Í þessu sambandi má og geta þess, að þar sem í 6. gr. ritsímasamningsins segir: »Heimilt er og stjórn

Íslands, áður leyfi þetta er á enda, að stofna þráðlaust firðritunarsamband milli Færeyja og einhvers staðar í nánd við Reykjavík, ef stjórninni þykir það æskilegt« o. s. frv., þá felst í þessu eigi að eins viðurkenning ritsímafélagsins um áreiðanleik þráðlausrar firðritunar, heldur einnig játning þess, að sæ- og landsími muni litt tryggja hraðskeytasamband höfuðstaðarins við útlönd.

Að því er snertir munnmæli Forbergs verkfræðings um þetta efni, kom það ljóslega fram í samræðum hans við nefndina, að hann hefir ekkert átt við loftskeytasamband, og er því þess vegna ókunnugur, eins og hann líka í bréfi sínu til meiri hluta nefndarinnar, dags. 26. Júlí þ. á., notar mjög óákveðin orðatiltæki, og þorir ekkert að fullyrða. Og þar sem hann dvelur hér á landi sem verkamaður stjórnarinnar, og sem væntanlegur framkvæmdarstjóri við landsímalagninguna, ef af henni verður, getum við eigi álitið, að hann sé vel til þess kjörinn, að vera ráðanautur Alþingis í þessu efni.

Í sambandi hér við má geta þess, að við höfum aldrei samþykt *Forberg* verkfræðing sem ráðanaut nefndarinnar, því að hefði nefndin feingið sér tekn. ráðanaut, átti hann að sjálfsögðu að vera *alveg óviðriðinn* málið, ekki sízt eins og það er í garðinn búið af stjórnarinnar hálfu. Að stjórnin kvaddi hann til Reykjavíkur frá störfum hans, var því ekki að okkar ráði, né samþykt með atkvæðagreiðslu á nefndarfundi.

Hitt virðist aptur á móti að hafa meiri þýðingu, að bæði loftskeytafélögin, er sent hafa Alþingi tilboð sín, hafa loftskeytastöðvar, svo hundruðum skiptir, víða um heim, eins og fulltrúar þeir, sem hér dvelja, hafa sent þinginu skýrslur um, og er fjarlægðin á millí sumra loftskeytastöðvanna jafvel þrefalt meiri en hér getur verið um að ræða; enda hafa Íslendingar sjálfir haft tækifæri til að sannfærast um það, að loftskeytaaðferðin er þegar komin yfir tilraunaskeiðið, þar sem Marconi-stöðin hér í Reykjavík hefir þegar í heilan mánuð fært oss loftskeyti frá Poldhu syðst á Englandi, enda þótt móttökustöð þessi hafi verið reist með litlum tilkostnaði, og því miklu ófullkomnari en slíkar stöðvar eru vanar að vera.

Við höfum áður sýnt fram á það, hve leingi það hlýtur opt að dragast, að gert verði við bilanir á sæsímanum, og hve líklegt er, að landsíminn hljóti opt að verða í ólagi, svo að hlé verði á sambandinu. — Að því er loftskeyta-aðferðina snertir, geta bilanir á hinn bóginn að eins orðið á stöðvunum sjálfum, þar sem þeir menn eru jafnan við hendina, sem hafa vit á að gera við það, sem úr lagi fer, enda má geta þess, að því er vélarnar snertir, að jafnan eru hafðar vélar og vélalimir til vara, sem grípa má til, ef á þarf að halda. Leingsta töfin, sem orðið getur, stafar af því, að masturtoppur brotnar, því að viðgerð á því getur eigi farið fram meðan mesta rokið stendur yfir, en slíkir masturstoppar auðvitað hafðir til taks, og tekur að eins 1—3 kl.-tíma að setja þá upp, ef veður er bærilegt. — Það er því auðsætt, að loftskeytastöðvar geta að eins tepzt fáa klukkutíma, eða í mesta lagi 1—2 daga, ef rokviðri stendur svo leingi, þar sem bilanir á sæ- og landsíma hljóta á hinn bóginn opt og einatt að hindra alt samband dögum saman, og jafnvel svo vikum eða mánuðum skiptir.

Einnig má geta þess, að á stærri loptskeytastöðvum eru möstrin höfð 3—4, og má því nota loptskeytastöðina þótt mastur bili.

Þar sem var vakið máls á því í nefndinni, að aðrar loptskeytastöðvar myndu jafnframt geta náð í loptskeytin, þá getur slíkt ekki komið til neinna

mála, nema vélarnar séu nákvæmlega samstiltar; en hvernig hver vél er stilt er auðvitað launungarmál, sem starfsmönnunum er skylt að þegja yfir, enda myndi vélin tafarlaust stilt öðru vísi, ef það vitnaðist.

Félög þau, sem sent hafa Alþingi tilboð um loptskeytasamband eru:

1. **Siemens & Halske,** félag til þráðlausrar firðritunar, í Berlín;
2. **Marconi's Wireless Telegraph Company** Limited í Lundúnum.

Hið fyrnefnda félag hefir sent Alþingi ýms tilboð, er bæði lúta að hraðskeytasambandi milli Íslands og útlanda og innanlands; en þar sem tilboð frá Marconifélaginu er töluvert ódýrara, og hefir þess utan þann mikla kost, að félagið býðst til þess, að annast sjálft viðhald og allan rekstur loftskeytastöðvanna gegn ákveðnu árgjaldi í 20 ár, en þýzka félagið tekur ekki að sér að annast sjálft rekstur og viðhald, sjáum við okkur ekki fært að ráða Alþingi til þess að aðhyllast neitt af tilboðum nefnds félags, enda þó okkur dyljist ekki, að landið feingi á þann hátt ódýrara, tryggara og hagkvæmara hraðskeytasamband en ritsímasamningurinn getur veitt.

Það af tilboðum Marconifélagsins, sem er aðgeingilegast, er tilboðið Shceme I, þar sem *félagið býðst til að koma á hraðskeytasambandi milli Skotlands, Færeyja, Seyðisfjarðar og Akureyrar, og milli Skotlands, Færeyja, Reykjavíkur og Ísafjarðar, og verða þá loftskeytastöðvar í Hvalvík, á Langanesi, við Raufarhöfn, við Gjögurtá, í Vatnsfirði á Breiðafirði og á Reykjanesi, en ritsími frá Reykjanesi til Reykjavíkur, frá Hvalvík til Seyðisfjarðar, frá Gjögurtá að Akureyri og frá Vatnsfirði til Ísafjarðar. Fyrir að koma hraðskeytasambandi þessu á fót, sjá að öllu leyti um viðhald loftskeytastöðvanna og reksturinn um 20 ára tíma, án kostnaðar fyrir landssjóð, áskilur félagið £ 7078 á kr 18,20 = Kr. 128819,60 árlega í 20 ár og hefir þá landið allar tekjur af hraðskeytasambandinu, bæði til útlanda og innanlands, og fær loftskeytastöðvarnar í góðu lagi til fullrar eignar, er nefnd 20 ár eru liðin,* (sbr. fskj. nr. 14, sem prentað er á ensku, og í ísl. þýðingu), í stað þess er norræna ritsímafélagið heldur sæsímanum, sem eign sinni, þrátt fyrir 20 ára tillag Íslands, telji það hann nokkurs virði. Tilboð þetta hefir þann stóra kost, að hér er alt áhættulaust fyrir landssjóð, þar sem hann hvorki þarf að annast um viðhald eða rekstur, en að eins að borga ákveðna upphæð á ári.

Þar sem Íslendingar fá allar tekjur af hraðskeytasambandinu, *getur þingið sniðið hraðskeytagjaldið eptir því, sem það telur þjóðinni hagkvæmast,* og er það nokkuð annað en að vera bundinn í 20 ár við geðþekni og einokun útlends stórgróðafélags, sem jafnvel á heimtingu á því, að fá einokunarleyfið endurnýjað að þessum 20 árum liðnum, ef það telur sér hag að því, að reka sæsímann áfram, án tillags frá landssjóði. Samningurinn við Marconifélagið meinar Íslendingum heldur ekki, að koma á öðrum hraðskeytasamböndum við útlönd, t. d. við Vesturheim, í stað þess er ritsímasamningurinn bindur oss á höndum og fótum, ef svo mætti að orði kveða, auk þess sem hann leggur það vald í hendur dansks ráðherra, sem hlýtur að vera særandi fyrir sjálfstæðistilfinning hvers Íslendings.

Að því er tekjur af hraðskeytasambandi þessu snertir, má að sjálfsögðu vænta þess, að tekjur af hraðskeytasambandinu innanlands verði nokkuð minni en af landsímasambandinu, þar sem hraðskeytastöðvarnar verða færri. Tekjur af símum landsins hefir stjórnin í fjárlagafrumvarpinu áætlað 20000 krónur

á ári eptir að síminn er tekinn til starfa, og ætti þá að vera óhætt að áætla tekjurnar af Marconi-hraðskeytasambandinu innanlands að minsta kosti 10000 krónur.

Að því er tekjur af hraðskeytasambandinu milli landa snertir, má geta þess, að norræna ritsímafélagið kvað hafa gert ráð fyrir, að það feingi 20,000 króna árstekjur fyrstu árin, og gerum við því ráð fyrir, að landssjóður fái eigi minni tekjur af hraðskeytasambandinu milli landa; en sé gert ráð fyrir, að vænta megi 20,000 króna tekna fyrstu árin, þá er einginn vafi á því, að tekjurnar aukast svo ár frá ári, *að óhætt mun að gera ráð fyrir, að minsta kosti 30,000 króna árstekjum af hraðskeytasambandinu að meðaltali í 20 ár.* Má í þessu efni benda á, að telja má víst, að allur sá skipafjöldi, er kemur til þeirra staða á Íslandi, er hraðskeytasamband hafa, sendi hraðskeyti til útlanda bæði er skipið kemur, og þegar það fer, og fá auðvitað í mörgum tilfellum svar aptur. Eins og líka telja má víst, að veðurfræðisstofnanir í Bretlandi, Danmörku, og ef til vill víðar, vilji fá hraðskeyti frá kaupstöðunum hér á landi daglega og, ef til vill, tvisvar á dag. — Enn fremur má vænta þess, að ferðamannastraumurinn til Íslands, sem fer vaxandi á hverju ári, noti hraðskeytasambandið drjúgum, auk þess, sem verzlunarstéttin, útgerðarmenn, innlendir og útlendir, o. fl., þurfa að nota það.

Við fáum því ekki betur séð, en að hér sé um svo mikið að tefla, að ráðleysi væri að kasta frá sér þessari arðsvon í hendur útlends einokunarfélags, þar sem allar líkur eru til þess, að þetta fyrirtæki **geti jafnvel, er tímar líða, gefið landssjóði beinan arð,** ef land vort, sem við treystum, á góða framtíð fyrir höndum.

Við getum ekki talið neinn vafa á því, að 54,000 króna árstillagið frá Danmörku fáist eingu síður til þannig lagaðs hraðskeytasambands, sem hér er um að ræða, en til sæþráðar og landsíma, ekki sízt þar sem það er kunnugt, að danska ríkisþingið hefir veitt fé til að setja loptskeytastöðvar á 5 af herskipum sínum, auk fimm annara loptskeytastöðva, og verður því ekki séð, að danska fjárveitingarvaldið geti, að óskertum sóma sínum, haft á móti því, að Íslendingar noti tillagið til að koma á því hraðskeytasambandi við útlönd, sem þeir telja sér haganlegast og kostnaðarminst, ef stjórn Íslands fylgir því ósleitilega fram.

Ennfremur skulum við í þessu sambandi benda á, að allar líkur eru til, að Norðmenn séu fúsir til þess, að taka þátt í slíku hraðskeytasambandi, ekki sízt ef loptskeytaendastöðin væri reist í Noregi, enda virðist bréf frá norska ritsímastjóranum, dags. 24. Nóv. 1904, (fskj. nr. 15), sem við prentum kafla úr meðal fylgiskjalanna, gefa góða bendingu í þessa átt. — Virðist og margt mæla með því, að öllu heppilegra væri að hafa endastöðina í Noregi en á Bretlandi, eins og norski ritsímastjórinn bendir á, þar sem taxtinn milli Noregs og Danmerkur er 1 kr. fyrir 10 orð, en 2 kr. 70 a. fyrir sama orðafjölda milli Bretlands og Danmerkur, og getur slíkt munað Íslendinga *afarmiklu fé* á 20 árum; en frá hálfu Marconifélagsins er ekkert því til fyrirstöðu, að hraðskeytasambandið gangi þá leið (sbr. fskj. nr. 14). Ef þingið hallast að nefndu tilboði Marconifélagsins, yrðu ársútgjöld Íslands, til hraðskeytasambandsins til útlanda og milli allra kaupstaðanna, þessi:

Árgjald til Marconifélagsins ... £ 7078 á kr. 18,20 = Kr.		128819,60
Hér frá dregst:		
a. Tillag frá Danmörku	54000 kr.	
b. Tekjur af hraðskeytasambandi innanlands ...	10000 —	
c. Tekjur af sambandinu til útlanda	20000 —	84000,00
Eptir kr.		44819.60,

sem er þá upphæðin, sem Ísland þyrfti að borga á ári hverju í 20 árin næstu, ef Noregur leggur ekkert fram, og ætti þá landið allar stöðvarnar og annan útbúnað skuldlaust og í góðu lagi.

Á hinn bóginn eru árleg útgjöld Íslands til sæsíma og landþráðar, eptir ritsímasamningnum, eins og sýnt hefir verið fram á hér að framan, um 137,640 kr., og *yrði það því landinu 92,820 kr. og 40 aur. ódýrara á ári að taka boði Marconifélagsins* en að aðhyllast ritsímasamninginn, auk alls réttindamissis, er honum fylgir.

Sé nú athugað, hve miklu þessi 92,820 kr. 40 au. munu nema í 20 ár, með 4% vöxtum og vaxtavöxtum, þá er sú upphæð alls **2,871,863 kr. 18 aur.** En gerði maður ráð fyrir því, sem við teljum óhugsandi, að ekkert tillag feingist frá Danmörku, né heldur frá Noregi, þá yrði sæ- og landsíminn þó 38,820 kr. 40 aur. dýrari árlega, en Marconi-tilboðið, og mundi sá mismunur, með 4% vöxtum og vaxtavöxtum, nema á 20 árum **1,201,103 kr. 18 aur.**

Eins og vikið var á hér að framan, má gera ráð fyrir, að tekjur af hraðskeytasambandinu til útlanda nemi alls 30 þús. kr. að meðaltali í næstu 20 ár, og yrði þá árlegur kostnaður Íslands að eins 34,819 kr. 60 aur. að meðaltali, og landinu þá 102,820 kr. 40 aur. dýrara á ári, að taka land- og sæsímann, eða á 20 árum, með 4% vöxtum og vaxtavöxtum, **3,181,263 kr. 18 aur.** En sé í þessu tilfelli ekki gert ráð fyrir neinu tillagi frá Danmörku, eða Noregi, þá yrði það þó 48,820 kr. 40 aur. dýrara á ári, að velja sæ- og landsímann en optnefnt tilboð Marconifélagsins, og mundi sú upphæð með 4% vöxtum og vaxtavöxtum nema alls **1,510,503 kr. 18 aur.** En hver af þessum upphæðum, sem lögð er til grundvallar, virðist ekkert áhorfsmál, að þinginu ber að hafna ritsímasamningnum, en taka heldur optnefndu tilboði Marconifélagsins.

Við höfum að undanförnu haft það fyrir augum, að það, sem mest á riði, væri að koma kaupstöðunum í hraðskeytasamband við útlönd og sín á milli, enda er það einmitt þetta, sem Alþingi hefir að undanförnu lagt alla aðaláherzluna á. Eingu að síður dylst okkur það eigi, að það mundi horfa til mikilla þjóðþrifa, og lypta þjóðfélagi voru á enn æðra menningarstig, ef bygðir landsins stæðu sem flestar í hraðskeytasambandi, og að því takmarki hlýtur þjóðin að keppa smámsaman, eptir því sem efni leyfa, og hlýtur það þá að ganga fyrir, að koma slíku sambandi á, þar sem fjölmenni er mest og bygðin minst sundur slitin, svo sem milli Reykjavíkur og Akureyrar og frá Reykjavík til Víkur í Vestur-Skaptafellssýslu.

Háttvirtir meðnefndarmenn okkar hafa lagt mikla áherzlu á það hve,

þýðingarmikið það væri, að koma á ritsíma- og talþráðarsambandi milli Austfjarða og Reykjavíkur, eins og ritsímasamningurinn gerir ráð fyrir, og virðist það vera aðalástæðan til þess, að þeir vilja sætta sig við ritsímasamninginn, þrátt fyrir alla hans miklu ókosti. *Slíkt getur að vísu eigi komið til neinna mála að okkar áliti*, en á hinn bóginn vöktum við þó máls á því í nefndinni, — til þess að reyna, ef kostur væri, að forða þjóðfélagi voru frá þeim *voða*, er stafar af ritsímasamningnum, ef hann nær samþykki alþingis — að leggja ritsíma og talþráð um bygðir, eins og fyrirhugað er, milli Reykjavíkur og Akureyrar, en hafa loptskeytasamband milli útlanda og kaupstaðanna þriggja, Reykjavíkur, Seyðisfjarðar og Ísafjarðar. Á þann hátt yrði komizt hjá landsímanum milli Seyðisfjarðar og Akureyrar, sem einna sízt kallar að, þar sem hann að miklu leyti liggur um óbygðir og hlyti að verða tiltölulega dýrari sakir flutningsörðugleikanna, og sömuleiðis ótryggari, og viðhaldið kostnaðarsamara, enda mætti þá síðar koma aðalbygðunum, sem hér eiga hlut að máli, í hraðskeytasamband á ódýrari og tryggari hátt.

Við höfum síðan borið þetta atriði undir álit fulltrúa Marconifélagsins, sem hér er staddur, og hefir hann tjáð sig fúsan til að koma á hraðskeytasambandinu milli nefndra þriggja kaupstaða, Færeyja og Skotlands, sjá að öllu leyti um viðhald þess og rekstur í 20 ár, og skila útbúnaðinum síðan í góðu standi, sem landsins eign, gegn árlegu fjárframlagi, er eigi sé hærra en 109 þús. krónur á ári í nefnd tuttugu ár, og renna þá allar tekjurnar til landsjóðs. (Sbr. fskj. nr. 16, og ísl. þýðingu þess). En þar sem fulltrúi Marconifélagsins eigi tjáist hafa rætt *þetta* tilboð við umbjóðanda sinn, hefir hann munnlega skýrt okkur frá því, að hann hafi reiknað upphæðina í hærra lagi, og búist við, að hún verði nokkru lægri, er hann fái svar félagsins þessu viðvíkjandi í yfirstandandi Ágústmánuði.

Vegaleingdin, er hinn fyrirhugaði landsími milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur á að ná yfir, er talin um 640 kílómetrar, en símaleingdin frá Akureyri til Reykjavíkur mun vera um 370 kílómetra, og þar sem hver kílómeter kostar að meðaltali, samkvæmt áætlun okkar hér að framan, 1040 kr., myndi landsíminn milli Akureyrar og Reykjavíkur, með 11 millistöðvum, kosta alls 384800 kr.

Samkvæmt framanrituðn yrðu *ársútgjöld Íslands til þannig lagaðs innlends og útlends hraðskeytasambands* hér um bil þessi:

1.	Árgjald til Marconifélagsins	kr.	109000,00
2.	4% vextir af upphæð þeirri, er landsíminn kostar (384800 kr)	—	15392,00
3.	Fyrningargjald landsímans	—	12436,97
4.	24 eptirlitsmenn við landsímalínuna á 365 kr....	—	8760,00
5.	Efni til viðhalds á landlínunni (hlutfallslega af 7000 kr) ...	—	3238.00
6.	Dagpeningar og ferðakostnaður yfirmanna...	—	1500,00
7.	Laun ýmsra starfsmanna:		
	a. Laun ritsímastjóra	kr. 5000	
	b. 4 símritarar (á Akureyri og í Reykjavík) á 1400 kr.	— 5600	
	c. 4 kvennmenn á stöðvunum (í Reykjavík og á Akureyri) á 1200 kr.	— 4800	
	d. 3 sendiboðar á 360 kr.	— 1080	— 16480,00
8.	Til 11 talþráðarstjóra á 500 kr.	—	5500,00
9.	Húsaleiga, ljósmeti, eldiviður og ræsting á Akureyri og í Reykjavík	—	1600,00
10.	Til eyðublaða og ýmsra útgjalda...	—	900,00
		Kr.	174806,97

Hér frá dregst:

a. tillag frá Danmörku	kr. 54000	
b. tekjur af hraðskeytasambandinu til útlanda ...	— 20000	
c. tekjur af hraðskeytum og talskeytum innanlands	— 20000	— 94000,00
	Eptir: Kr.	80806,97,

sem verða þá ársútgjöldin, ef eigi er gert ráð fyrir neinu tillagi frá Noregi, og er það um 56,833 kr. minna á ári, en sæsíminn og landþráðurinn, er ritsímasamningurinn gerir ráð fyrir, kostar, og nemur sá sparnaður í 20 ár, með 4% vöxtum og vaxtavöxtum, 1, 758,413 kr. 2 au,, og fyrir þá upphæð mætti leggja landsíma um 1690 kílómetra, eða 1050 kílómetra leingri leið en öll vegalengdin er frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur.

En sé gert ráð fyrir, að tekjur af hraðskeytasambandinu við útlönd yrðu að meðaltali 30 þús. kr. á ári, eins og gert er ráð fyrir hér að framan, og telja má vafalítið, yrði sparnaður Íslands í 20 ár alls 2,067,813 kr. 2 au., og mætti þá auka hraðskeytasamband innanlands enn meir, ef svo sýndist.

En þótt svo færi, að Ísland feingi ekki eins eyris fjárframlag frá Danmörku til þannig lagaðs hraðskeytasambands, þá yrðu þó ársútgjöldin um 12,833 kr. minni en ritsímasamningurinn legði oss á herðar, ef gert er ráð fyrir 30 þús. króna tekjum af sambandinu við útlönd. *En beini og óbeini hagnaðurinn, sem leiðir af því, að vér ráðum sjálfir hraðskeytataxta og fleiru, og eigum hraðskeytaáhöldin og erum eingum háðir í þessu efni, verður ekki til peninga metinn.* — Fyrirtækið verður í raun og veru íslenzkt fyrirtæki og hraðskeytamálið íslenzkt sérmál.

Loks má og geta þess í þessu sambandi, að ef vér feingjum ekkert tillag frá Danmörku, sem við teljum þó vafalaust, mundi það tæpast bregðast, að Norðmenn legðu fram nokkurt fé, enda ætti þá endastöðin að sjálfsögðu að vera þar, sem yfirleitt er hagkvæmara, eins og áður hefir verið bent á.

Með því fyrirkomulagi, sem hér er farið fram á, ynnist það meðal annars, að Reykjavík stæði í sjálfstæðu sambandi við útlönd, en ætti ekki alt undir landsímasambandi við Austfirði, sem sýnt hefir verið fram á, að hlýtur að verða harla stopult, ekki síst að vetrinum.

Við höfum nú hér að framan bent á tvo vegi í máli þessu, er okkur virðast tiltækilegastir, og munum við því, áður en fjárlögin koma til annarar umræðu, bera fram breytingartillögur, og verður þá fyrnefnda tillagan *aðaltillaga* okkar, en hin síðarnefnda (loptskeytasamband við útlönd, og sími frá Reykjavík til Akureyrar) *til vara.*

Skyldi Alþingi á hinn bóginn hvoruga þessa tillögu aðhyllast, *ráðum við eindregið til þess að málinu sé eigi ráðið til lykta á þessu þingi*, enda gæfist þá kostur á að leita fjárframlaga frá Danmörku og Noregi, búa málið betur undir, svo að ekkert sé afráðið í óvissu, og leggja það síðan fyrir auka-Alþingi að sumri, eða bíða reglulegs Alþingis 1907. — Að líkindum væri þetta og það úrræðið, sem allur þorri þjóðarinnar myndi helzt kjósa, eins og málið nú horfir við, enda væri hún þá málinu kunnugri í öllum greinum en nú er, og ábyrgð þingmanna því minni.

Við fjölyrðum svo ekki meira um þetta stórmál þjóðarinnar að sinni, en óskum þess, að Alþingi beri gæfu til þess að ráða því til lykta á þann hátt sem ættjörðu vorri er heillavænlegast.

Neðri deild Alþingis, 1. Ágúst 1905.

Björn Kristjánsson. Skúli Thoroddsen,
framsögumaður minni hluta nefndarinnar.

Fylgiskjöl,

nr. 1—16,

með nefndaráliti minni hluta nefndarinnar í hraðskeytamálinu.

(Að öðru leyti vísast í ýms þeirra fylgiskjala, er meiri hluti nefndarinnar lætur prenta).

Nr. 1.

»Ministeriet for offentlige Arbejder.

Köbenhavn den 11. August 1904.

Idet jeg takker for Deres Excellences venlige Skrivelse af 30. Juni d. A. beklager jeg samtidig, at jeg af den har modtaget det Indtryk, at mine Bestræbelser for at bringe Anlægget af det længe önskede islandske Kabel til Udförelse ikke synes nu fra islandsk Side at kunne paaregne en saa almindelig Paaskönnelse, som jeg havde haabet at turde glæde mig til.

Jeg forstaar af Deres Excellences Bemærkninger, at man indenfor större og tildels indflydelsesrige Kredse paa Island efterhaanden er kommen til den Opfattelse, at man vilde foretrække en traadlös Telegrafforbindelse, som formentlig baade billigere og dog tilstrækkelig for den begrænsede Korrespondance, der kan forventes«.

(Leggur síðan eindregið gegn þráðlausu sambandi, og minnir á, að að ekki sé Dana þágan. Bréfið endar svo:)

»Jeg tilföjer sluttelig, at saafremt et Kabelanlæg overhovedet skal kunne bringes til Udförelse i den kommende Sommer, er det nödvendigt, at der snarest træffes endelig Beslutning. — Hvis Afgörelsen udskydes, vil Anlægget tidligst kunne ske i 1906, maaske ikke för 1907. — Undir Henvisning hertil, og i Betragtning af Vanskeligheden ved paa den store Afstand at behandle Sagens Enkeltheder pr. Post, vilde det være meget önskeligt, at der snarest muligt kunde blive Lejlighed til en mundtlig Konference, og jeg tillader mig derfor at henstille, om Deres Excellence i dette Öjemed enten personlig vilde komme til Stede her i Staden, eller sende en Tillidsmand, der er forsynet med tilstrækkelig Fuldmagt, til paa Islands Vegne at deltage i Sagens endelige Afgörelse.

Jeg forbliver
med udmærket Höjagtelse
Deres Excellences ærbödigst forbundne
C. Hage.

Hans Excellence Ministeren for Island.
Hr. Hannes Hafstein
R. af Dbr«.

Nr. 2.

»Det store Nordiske Telegrafselskab
(Aktieselskab).
Den adm. Direktör.

Kjöbenhavn den 15de September 1904.

Foranlediget ved de Forespörgsler, som Deres Excellence har stillet mig, skal jeg tillade mig at oplyse:

dels at jeg anser det for absolut nödvendigt, dersom Udförelsen af det islandske Telegrafanlæg skal kunde finde Sted i Sommeren 1906, at der öjeblikkelig tages definitiv Bestemmelse om, hvorvidt Kablet skal landes paa Östkysten eller i Nærheden af Reykjavik,

dels at Selskabet er villig til i förstnævnte Tilfælde, saasnart dets dansk-engelske Koncessioner ere fornyede og det har modtaget de islandsk-engelske Koncessioner forskudsvis, at udbetale saadanne Belöb, som den islandske Regering maatte behöve til Anlæget af Landlinier mellem Reykjavik og Östlandet, af de Kr. 300,000, som Selskabet har erklæret sig rede til en Gang for alle at bidrage til det nævnte Anlæg.

De saaledes udbetalte Forskud ville af Islands Landskasse være at forrente med 4% p. a. fra Udbetalingsdagen til den Dag, da Kabelanlæget er fuldfört og Selskabets Subvention fra Island træder i Kraft.

Jeg tillader mig sluttelig at foreslaa at sidstnævnte Subvention optages med en tolvte Del maanedlig i de Telegramafregninger, som ville finde Sted mellem den islandske Regering og Selskabet.

Med Höjagtelse
Ærbödigst
Suenson.

Hans Excellence
Herr Hannes Hafstein, R. af Dbr.
Minister for Island
p. t. Kjöbenhavn.

Nr. 3.

Kafli úr bréfi

frá Suenson formanni »Stóra norræna ritsimafélagsins«, dags. 10. Ág. 1904, til ráðherra Íslands.

»Kjöbenhavn den 10de August 1904.

. . . . .

Deres Excellence.

Naar jeg tænker tilbage til de meget indtrængende Opfordringer, De i Anledning af den islandske Kabelsag rettede til mig, da jeg havde den Ære at være sammen med Dem her i Kjöbenhavn, er det mig en stor Tilfredsstillelse, at kunne meddele Dem, at alle Hindringer forhaabentlig ere ryddede af Vejen for »Store Nordiskes« Udförelse af den Opgave, som det i saa mange Aar har virket for. Ganske vist have Vanskelighederne været store, og kostet saavel den danske Regering, som Selskabet, meget Hovedbrud og Arbejde, ja, Selskabet har endog for at overvinde den Modstand, der i sidste Öjeblik fremkom fra svensk og vel navnlig norsk Side, maattet bringe yderligere betydelige pekuniære Ofre, men til Gengæld anser jeg da ogsaa Sagen som værende fuldkommen sikret.

... ...

»For nu saa vidt det staar i min Magt, at fremskynde Anlæggets Udförelse, er det af *yderste Vigtighed*, at jeg hurtigst muligt faar Bestemmelse om, hvorvidt Kablet önskes landet ved Thorlakshavn, og derfra forbundet ved Landlinie med Reykjavik, eller hvorvidt det önskes landet i Seydisfjord. Efter hvad jeg har forstaaet paa Hs. Excel. Minister Hage, er man paa Island stemt for, at Kabelet bör landes paa sidstnævnte Sted, og hvor önskeligt det end maatte være for Reykjavik, saavel som for Deres Excellence personlig, at Kablet blev landet i Thorlakshavn, saa vilde Island jo herved gaa glip af det betydelige Belöb, Kr. 300000, som »Store Nordiske« vil stille til Disposition for den islandske Regering i Tilfælde af, at Kablet landes paa Östkysten.

Hvad Valget mellem de to Steder angaar, stiller Selskabet sig imidlertid fuldkommen indifferent, eftersom Anlægsudgifterne (indbefattet de nævnte Kr. 300000) blive nöjagtig de samme, hvad enten det ene eller det andet Sted foretrækkes. — Derimod er det mig af Vigtighed h u r t i g s t at erfare Bestemmelsen, d e l s for Afsluttelsen af Kontrakter angaaende Kablets Fabrikation og Udlægning, d e l s for at jeg, om muligt endnu i Aar, kan sende en Ingeniör til Shetlandsöerne, Færöerne og Island . . . . . .

Excellencen Hage har forespurgt mig, hvorvidt Selskabet vilde have noget at erindre imod, at Islands interne Telegrafforbindelser bleve tilvejebragte ved det traadlöse System, og at altsaa — i Tilfæde af Kablets Landing i Seydisfjord — Selskabets Kr. 300000 blive benyttede til Etableringer af et saadant System. — Dette vilde Selskabet kun kunne gaa ind paa, dersom den islandske Regering absolut garanterede en paalidelig og konstant traadlös Forbindelse mellem Reykjavik og Seydisfjord, idet Reykjavik formentlig vil afgive den allervæsentligste Del af Trafiken over Kablet. — Dog kan jeg ikke skjule, at jeg vilde anse en saadan Garanti som h ö j s t r i s i k a b e l for den islandske Regering, idet der næppe findes en »ikketraadlös« Tekniker, som har Tillid til en hurtig Udvikling af det traadlöse System, og allermindst paa saa bjærgrigt Terræn som Islands. Overhovedet har jo Udviklingen af »den traadlöse« været fuldstændig stagnerende i alle de sidste Aar, hvormeget end Marconi-Selskabet ved enhver Lejlighed har staaet paa Tromme — for om muligt at skaffe Afsætning paa sine Aktier! — Det har iövrigt i höj Grad forbavset mig at erfare, at der i den islandske Presse og Almenhed skal rejse sig Röster til Fordel for det traadlöse System — ikke alene hvad Islands interne, men ogsaa hvad dets internationale Forbindelser angaar — men disse ere da sikkerlig ogsaa de sidste afmægtige Udslag af den lyssky Opposition, som fra forskellige Sider og af egennyttige Grunde har sögt at gjöre sig gældende mod Kabelanlægget. Det glæder mig i denne Forbindelse at kunne meddele Dem, at Telegrafdirektör Rasmussen igaar var hos mig, og erklærede, at Norge ikke gör nogensomhelst Opposition« . . . . .

Nr. 4.

B r é f k a f l i

frá ráðherra Íslands til Udenrigsministeriet, dags. 30. Marts 1904.

... ...

Da man med Hensyn til Sagens nuværende Standpunkt har bragt i Erfaring at der er en Mulighed for dens Lösning ved Bistand af Store Nordiske Telegraf-Selskab, idet dette Selskab uden Tilskud fra nogen fremmed Stat paatager sig Anlæg og Drift af et Telegraf-Kabel til Island paa Betingelse af at Selskabet opnaar den af samme attraaede Forlængelse af

dets Koncession paa dets Englands-Kabler, skal Islands Ministerium ikke undlade herved at udtale et indtrængende Önske om, at Telegrafsagen paa denne Maade maa kunne realiseres, og at særlig Udenrigsministeriet vil yde sin værdifulde Medvirkning til, at den engelske Regering inddrömmer Telegrafsselskabet den ommeldte Koncessionsforlængelse paa Betingelse af, at Selskabet paatager sig Anlæg og Drift af Telegraffen til Island . . . . . .

... ...

Nr. 5.

Ministeriet for offentlige Arbejder.
Kjöbenhavn 22. September 1904.

Ved at fremsende vedlagte Udkast til Koncession for det »Store Nordiske Telegrafselskab« paa Kablet Shetlandsöerne — Færöerne — Island tillader jeg mig at udbede mig en Udtalelse fra Deres Excellence om, hvorvidt De maatte have noget i mod de i Udkastet indeholdte Bestemmelser at erindre, idet jeg skal tilföje, at jeg vilde sætte Pris paa en Konference med Dem om Sagen förstkommende Lördag den 24. ds.

C. Hage.

Hans Excellence
Ministeren for Island.

Nr. 6.

Áteiknun
á ritsímasamnings-uppkastið.

Undertegnede Ministre ere enige om at söge udvirket en allerhöjeste Koncession i Overensstemmelse med foranstaaende Udkast, dog under Forbehold af Folketingets Finansudvalgs Tilslutning til de Punkter, paa hvilke Udkastet afviger fra de i sin Tid med Finansudvalget trufne Aftaler.

Kjöbenhavn 26. September 1904.

C. Hage. H. Hafstein.

Medundertegnede tiltræder Udkastet paa »Store Nordiske Telegraf-Selskabs« Vegne.
Kjöbenhavn 26. Sept. 1904.
Suenson.

Nr. 7.

Bréf hr. Árna umboðsmanns Arnasonar á Höfðahólum.

Ég hefi meðtekið bréf yðar, herra alþingismaður, dags. í dag, um það, fyrir hvað ég mundi telja mér óhætt að taka að mér flutning á staurum undir hinn væntanlega landsíma frá Reykjavík til Seyðisfjarðar, eptir þeirri línu, sem þér hafið skirt mér frá, og þeirri þyngd, sem þér takið til, ca. 200 pd.

Þessari fyrirspurn er þann veg að svara af minni hálfu, að ég mundi ekki þora að ráðast í að gera þetta fyrir minna en 10 — tíu — krónur fyrir staur hvern á allri línunni, þó ég gæti og vildi; en aptur á móti mundi ég þora að taka að mér flutning á staurum þessum fyrir miklu minna verð á ýmsum köflum þessa vegar, þar sem bezt liggur við, svo sem frá Blönduós eða Dalvík vestur að Víðidalsá og austur á mitt Kolugafjall; á þeim kafla treysti ég mér til að flytja alla staura til síns samastaðar fyrir 5 — fimm — krónur hvern

p. t. Reykjavík 24. Júlí 1905.
Árni Árnason,
bóndi á Höfðahólum.

Herra
alþm. Björn kaupm. Kristjánsson,
Reykjavík.

Nr. 8.

Akureyri 27. Mai 1905
Den islandske Regjering
Reykjavik.

... ...

Og der kan paa flere Strækninger være lidet om Sten til Stolpernes Fastsættelse, saa den maa transporteres forholdsvis lang Vej. Endvidere kan den Ting, at Jordbunden om Foraaret under Tælelösningen — især over Heider — i indtil 3 Fods Dybde er oplöst til en grödagtig Masse, som næppe bærer en Mands Tyngde, nödvendiggjöre særlige Foranstaltninger, som mere Stenpukning om Stolpen end vanligt og deraf följende större Arbejdsudgifter.

... ...

Ærbödigst
O. Forberg.

Nr. 9.

Útdráttur úr þingræðu.

Alþt. 1901, B. 1379:

H. Hafstein: »..... En alt þetta er bundið við það, að sæsíminn sé lagður þannig, að vissa sé fyrir, að sá staður, þar sem skilyrðin eru fyrir því, að myndazt geti verzlunarcentrum, hafi hans vís og stöðug not, og í því tilliti er ekki um annan stað að gera en Reykjavík, höfuðstað landsins. — En eg álít ekki að þessu máli sé borgið, svo framarlega sem samband Reykjavíkur við útlönd er komið undir landþræði á staurum; því fyrir utan það, að það mundi hafa í för með sér ókljúfandi kostnað fyrir landið að viðhalda stöðugu sambandi gegnum landþráð milli Reykjavíkur og Austurlands veturinn yfir, þá er það stopult og næsta óáreiðanlegt.

Mér er kunnugt um, að telefónþráður hefir á einum stormdegi slitnað á 20 stöð-

um á $^1/_2$ mílu vegar, og hversu mikil spjöll mundi ekki einn slíkur stormdagur geta unnið á þræði, sem lægi alla leið af Seyðisfirði til Reykjavíkur? .....

Vér vitum, að auk þess, sem geingur til að bæta þær skemdir, sem á símanum verða, þá þarf að stofna telegrafstöð í hverri sveit og setja launaða telegrafista á hverri stöð, og allur sá sægur af fólki, sem til þessa þyrfti frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, mundi því verða þungur baggi fyrir landssjóðinn«.

Nr. 10.

Útdráttur úr þingræðu.

Alþt. 1901, B. 1435—1436.

H. Hafstein: »En aðalástæðan til að leggja þráðinn ekki yfir land er sú, að með því móti mundi hann ekki koma að tilætluðum notum vegna þess, að slys mundu verða mjög tíð, og þráðurinn slitna vegna snjóþyngsla og óveðra. — H. framsögum. (V. G.) ætlast til, að aðalstöðvar yrðu á Seyðisfirði og Akureyri, en telefónstöðvar í hverri sveit. — En eg ímynda mér, að þessar telefónstöðvar hefðu ekki lítinn kostnað í för með sér, því þar verður að hafa fastan mann nótt og dag, hvort sem stöðin heitir telefónstöð eða telegrafstöð. En kostnaðurinn er ekki aðalatriðið, heldur hitt, að þráðurinn kæmi ekki að fullkomnu gagni. — Alt Suðurland og Vesturland yrði eptir sem áður án sambands við sjóþráðinn, og þyrfti því alveg eins að leggja sjóþráð kringum landið fyrir því, þó þessir landþræðir yrðu lagðir«.

Nr. 11.

Útdráttur úr þingræðu.

Alþt. 1901, B. 1425—1426:

Hannes Þorsteinsson: »..... En vér viljum að síminn liggi á landi einhversstaðar nærri Reykjavík, því annars verður hann ekki að þeim notum, sem hann á að verða. Hér sunnanlands er mest bygðin og Reykjavík er höfuðstaður landsins, og er það því augljóst, að síminn á að liggja á land hér í nánd við Reykjavík (t. d. í Þorlákshöfn) og hvergi annarsstaðar ..... eg fæ ekki séð, hvernig landið eða réttara sagt landssjóður ætti að geta risið undir þeim gífurlega kostnaði, er rekstur og viðhald landsímans hefði í för með sér. Sá kostnaðnr samsvaraði ekki á neinn hátt arðinum af þessu fyrirtæki. Þvert á móti mundi landsími þessi verða einhver sú versta og þyngsta byrði, er oss hefir nokkru sinni verið á herðar lögð. ..... Hvernig sem á mál þetta er litið, getur skilyrði það, er nú stendur í fjárlögunum um sæsímalagningu til Austfjarða og landsímalagningar þaðan yfir land, aldrei orðið oss til blessunar, heldur einmitt til mikils ófarnaðar og ófagnaðar«.

Nr. 12.

Bilun á sæsímum og viðgerðartími.

(Eftir „The Electrician", 21. Oct. 1904 til 14. Apr. 1905).

Viðgerðartíminn vika eða minna.				Viðgerðartíminn 1—2 vikur.			
	Bilun	Viðgerð lokið	Viðgerðartími.		Bilun	Viðgerð lokið	Viðgerðartími.
Salonika — Lemnos	6/11'04	13/11'04	7 daga	Marseilles—Barcelona	11/11'04	20/11'04	9 daga
St. Kitts — St. Thomas	23/11'04	28/11'04	6 d.	St. Vincent—San Thiago	27/12'04	4/1'05	8 d.
Falmouth — Bilbao	14/12'04	21/12'04	7 d.	Martinique—Paramaribo	14/2'05	24/2'05	10 d.
Bathurst — Sierra Leona	27/12'04	30/12'04	3 d.	Fort de Franze — Paramaribo	2/4'05	ógert enn	12 d.
Cap Haitien-Puerto Plata	27/12'04	29/12'04	2 d.	Pernambuco—Para	6/4'05	ógert enn	8 d.
Gibraltar — Tangier	28/12'04	13/1'05	6 d.	Maranham Caera	6/4'05	ógert enn	8 d.
England-Channel Islands	28/2'05	7/3'05	7 d.				
Suakim — Jeddah	3/3'05	9/3'05	6 d				
Medan — Olehleh	8/4'05	ógert enn	6 d.				
Viðgerðartími 2—4 vikur.				**Viðgerðartími yfir 4 vikur.**			
Rhodes — Sitia	1/11'04	22/11'04	3 vikur	Cayenne—Paramaribo	18/1'04	28/3'05	36 v. 1 d.
Santa Cruz (Teneriffe) — Tejita (Teneriffe)	11/11'04	2/12'04	3 v.	Cap Haitien — Mole St. Nicholas	20/8'04	8/11'04	11 v. 3 d.
Mosambique — Mapinga	15/11'04	2/12'04	2 v. 3 d.	Bundaberg — Gomen (New Caledonia)	30/8'04	21/10'04	7 v. 3 d.
Assab — Perim	26/12'04	14/1'05	2 v. 5 d.	Cap Haitien — Puerto Plata	26/9'04	30/10'04	4 v. 6 d.
Gibraltar — Tangier	20/2'05	7/3'05	2 v. 1 d.	Trinidad — Demerara	11/10'04	21/11'04	5 v. 6 d.
Oran — Tangiers	24/2'05	13/3'05	2 v. 3 d.	Bolama—Bissao	18/10'04	15/11'04	4 v. 5 d.
				Jupites Inlets — Nassau (Bahamas)	20/10'04	10/12'04	7 v. 2 d.
				Sitka — Valdey (Alaska)	11/11'04	28/1'05	11 v. 1 d.
				Trinidad — Demerara	20/12'04	19/1'05	4 v. 2 d.
				Marmaritza — Rhodes	30/1'05	1/3'05	4 v. 2 d.
				Jamaica — Colon	10/1'05	ógert enn	13 v. 2. d

Nr. 13.

Kafli úr bréfi

frá C. E. Krarup, 12. Oktbr. 1904.

... ...

»Efter Köbet har ingeniör Hanson i Brev udtalt, at Pælene inden Kreosoteringen bör törres i 12 Maaneder. Som det fremgaar af det vedlagte Brev herom fra Collerup kan dette kun gælde meget svære Pæle, medens Collerup garanterer, at de ualmindelig korte og vel tynde Pæle, der her er Tale om, i god Tid (ca. Juli 1905) kan være fuldstændig törre«.

Nr. 14.

Hotel Island
Reykjavik
July 28th 1905.

To the Chairman of the Telegraph Committee,
House of Althing,
Reykjavik.
Sir.

Some Honorable Members of your Committee have asked me whether we would be prepared to connect the Faroes whith Norway instead of Scotland.

In a letter to His Excellency, the Minister for Iceland, dated July 6th 1905, I said.

[1]) I am instructed to say that we will be prepared to connect Iceland with Denmark or any point in Europe and North America.

[2]) We will give the usual guaranties.

The same Honorable Members have also asked me whether we would leave the installation in a workable order at the end of the period of 20 years. This is of cours a matter of necessity.

I have the honour to be, Sir,
Your obedient Servant,
Marconi's Wireless Telegraph Company Limited.
Ch. Capito.
Representative in Iceland.

Ad nr. 14.

(Þýðing).

Til formanns nefndarinnar í hraðskeytamálinu,
Alþingi,
Reykjavík.

Háttvirti herra!

Nokkrir háttv. meðlimir úr nefnd yðar hafa spurt mig, hvort vér værum við því búnir að teingja Færeyjar við Noreg í stað Skotlands.

Í bréfi til hans Excell. Ráðherrans fyrir Ísland dags. 6. Júlí 1905 hefi eg komizt þannig að orði:

1) Eg hefi umboð til að lýsa því yfir, að vér erum reiðubúnir til að teingja Ísland við Danmörku eða hvern stað annan, sem vera skal, í Evrópu, eða Norður-Ameríku.

2) Vér tökumst hina venjulegu ábyrgð á hendur.

Sömu háttv. nefndarmenn hafa einnig spurt mig, hvort vér mundum að þessum 20 árum liðnum skilja við stöðvarnar eða útbúnaðinn í færu standi. Þetta hlýtur að leiða af sjálfu sér.

Virðingarfylst
Marconi's Wireless Telegraph Campany Limitd.
Ch. Capito
Fulltrúi félagsins á Íslandi.

Nr. 15.

Telegrafstyrelsen.
Direktören.

Kristiania, 25de November 1904.

Hr. dr. Valtyr Gudmundsson,
Köbenhavn.

... ...

Som jeg oftere ved tidligere lejligheder har fremholdt for Dem, har jeg interesseret mig meget for at faa istand en telegrafforbindelse til Island, men baade af materielle og nationale grunde har jeg fundet det heldigst, at en saadan kabel förtes fra Island over Færöerne til Norge. Betjeningen af kabelen kunde da være overtaget af de respektive lande, hvorved de af selskabet i sin tid opförte rundelige udgifter hertil havde kunnet bortfalde, ligesom man ved at undgaa transit over England vilde have faaet billigere telegramtaxter for den islandske trafik baade til Norge og til Danmark. Ogsaa af andre grunde vilde en saadan ordning efter min formening have været i Islands interesse. Under forudsætning af at Kabelen föres til norsk kyst fandt jeg det rimeligt og vilde have foreslaaet, at der ydedes et större aarligt statsbidrag fra norsk Side.

Ved at det store nordiske telegrafselskab har faaet fornyet koncession först paa den dansk-engelske kabel og senere paa de svensk-engelske kabler, har selskabet efter min formening erholdt meget gunstigere betingelser end de tidligere foreslaaede kontante aarlige bidrag fra forskellige stater. ... ...

... ...

Med udmærket höjagtelse
Ærbödigst
Rasmussen.

Nr. 16.

Hotel Island
Reykjavik, July 28th. 1905.

To the Chairman of the Telegraph Committee.

Sir.

Some Honourable Members of your Committee have requested me to give them a price for a scheme similar to Scheme I, but excluding the following stations viz., Langanaes, Raudanupr, Giogur Taae and Akureyri.

I have no power at present to deal with such a scheme, but on my own authority only, I should think that it could be done for the annual sum of Kr. 109,000 for 20 years, and on the same conditions as Scheme I.

I have the honour to be, Sir,
Your obedient servant,
Ch. Capito, M. I. E. E, M. I. M. E.

Að nr. 16.
(Þýðing).

Hotel Ísland,
Reykjavík, 28. Júlí 1905.

Til formanns nefndarinnar í hraðskeytamálinu.

Háttvirti herra!

Nokkrir háttvirtir meðlimir úr nefnd yðar hafa beðið mig að gefa sér upp verð á hraðskeyta-áætlun líkri áætlun I, en að sleptum þessum stöðvum: Langanesi, Rauðagnúp, Gjögurtá og Akureyri.

Eg hefi að svo stöddu ekkert umboð til að semja um slíka áætlun, en ætti eg að láta í ljósi álit mitt persónulega, þá hygg eg að slíkt samband mundi fást fyrir 109,000 kr. árlegt gjald í 20 ár, og með sömu kjörum og áætlun I.

Virðingarfylst.
Ch. Capito, M. I. E. E., M. I. M. E.

Nd. **341. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
Frá ráðherra.

Á eptir 15. gr. 1. f. komi svo látandi liðir:

	1906	1907
g. til sandgræðslu.		
1. Styrkur til tveggja manna til þess að nema sandgræðslu	600	
2. Til þess að girða tvö tilraunasvæði	2500	
3. Ýmislegur kostnaður	500	
4. Til tilrauna (síðara árið).....		2000

Nd. **342. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906—1907,
Frá fjárlaganefndinni.

Við 11. gr. 6. a. fyrir »5,065 — 5,065« komi: 5365 — 5365.

Nd. **343. Frumvarp**
til laga um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða upp á handhafa.

Flutningsmenn: Jón Jónsson, Guðl. Guðmundsson, G. Björnsson, Stefán Stefánsson þm. Skf.

1. gr.

Með þeim skilyrðum, sem sett eru í eptirfarandi greinum laga þessara,

skal Íslands banka heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða uppá handhafa, en þó má nafnskrá í bókum bankans.

2. gr.

Samanlögð upphæð allra bankavaxtabréfa þeirra, er bankinn gefur út, má ekki nema meira en tvöfaldri upphæð alls hlutafjár bankans og varasjóðs hans samanlagðri.

Upphæð hvers bankavaxtabréfs má ekki vera minni en 100 kr. og skulu þau innleysast eptir hlutkesti á eigi leingri tíma en 45 árum; skal það fram tekið í bréfunum sjálfum, hver ákvæði gilda um innlausn þeirra.

3. gr.

Bankavaxtabréf þau, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum, skulu vera í 2 flokkum (serium). Helmingur bréfanna skal bera $4^1/_2$% vexti og kallast 1. flokkur, en hinn helmingurinn 4% vexti og kallast 2. flokkur.

4. gr.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þeim, sem í veltu eru, skal bankinn hafa í vörzlum sínum að minsta kosti jafnmikla upphæð í veðskuldabréfum eða í skuldabréfum kaupstaða eða sýslufélaga, er út hafa verið gefin með samþykki stjórnarráðs Íslands. Á bréf þessi skal rita yfirlýsingu um, að þau séu sett til tryggingar þeim bankavaxtabréfum, er bankinn hefir sett í veltu. Veðskuldabréfin skulu útgefin fyrir lánum gegn 1. veðrétti í fasteign, og má ekki lána meira út á veðið en sem svarar helmingi af virðingarverði þess. Skuldabréf kaupstaða og sýslufélaga, er notuð verða í þessu skyni, skulu endurborgast að fullu á eigi skemri tíma en 40 árum frá því þau voru gefin út, en að því er fasteignarveðskuldabréfin snertir, má afborgunargjaldið eigi vera minna en svo, að láninu sé lokið á 40 árum, sé veðið jarðeign, á 35 árum sé veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sé veðið timburhús, og á 15 árum sé veðið torfhús. Af öllum skuldabréfum þeim, sem sett eru til tryggingar bankavaxtabréfunum, skal greiða að minsta kosti $4^1/_2$%.

Hlutafé bankans er einnig til tryggingar bankavaxtabréfunum.

5. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum bankans, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur almennar auglýsingar og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef eiginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð, sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eptir almennum lögum.

6. gr.

Sérstakan reikning skal halda fyrir bankavaxtabréf þessi. Fyrir hönd stjórnarráðsins hefir endurskoðandi sá, er stjórnarráðið skipar samkvæmt bankalögunum, eptirlit með, að ákvæðum, sem um bankavaxtabréf þessi gilda, sé fylgt. Nánari ákvæði um útgáfu bankavaxtabréfanna, bókfærslu og reikn-

ingshald skulu sett í sérstakri reglugerð, er skal staðfest af stjórnaráði Íslands.

Nd. **344. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumv. til fjárlaga 1906—1907.

Frá Herm. Jónassyni.

Við 14. gr.

Á eftir tölul. 27. bætist inn: Til kennslukonu Hólmfríðar Árnadóttur til þess að ljúka fullkomnu kennslukonunámi erlendis kr. 500. —

Nd. **345. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum 7. Júní 1902 um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi.

(Eptir 2. umr. í Nd.).

Í stað 1. liðs 4. gr. nefndra laga, 5. gr. c. og 6. gr. komi eptirfarandi ákvæði:

1. gr. (4. gr. 1. liður).

hafi í vörzlum sínum málmforða, er ekki nemi minna verði en $^3/_8$ af seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skipti;

2. gr. (5. gr. c.).

innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er hjá Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, Noregsbanka, Englandsbanka eða Skotlands, svo og hjá öðrum bankastofnunum, sem að minsta kosti $^5/_7$ hlutar fulltrúaráðs bankans álíta fulltryggar og taldar eru til fyrsta flokks.

3. gr. (6. gr.).

Af málmforða bankans skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum og útibúum hans hér á landi svo mikið, að það svari að minsta kosti til $^3/_{10}$ hluta seðlafúlgu þeirrar, sem úti er í hvert skipti, enda sé það gjaldgeing mynt og $^5/_6$ hlutar þess gullmynt. Þó má til þessa hluta málmforðans telja gull það, sem sannað er um, að sé á leiðinni hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 200,000 kr. í einu. Óslegið gull, sem Íslandsbanki kynni að hafa afhent hinni konunglegu peningasmiðju í Kaupmannahöfn til myntunar, má og telja til myntforða bankans.

4. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga nr. 11. frá 7. Júní 1902 um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi, og getur konungur þá gefið nefnd lög þannig breytt út sem lög um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi.

Ed. **346. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 13. Apríl 1894 um vegi og á lögum um breyting á þessum lögum 23. Október 1903.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Verzlunarstaðir, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu lausir við að greiða gjald til sýsluvega samkvæmt 11. gr. laga 13. Apríl 1894 um vegi, að því tilskyldu, að árlega sé varið til vegagerða í verzlunarstaðnum jafnmiklu fé úr sveitarsjóði, — auk hreppsvegagjaldsins, — sem nemur sýsluvegagjaldinu samkvæmt nefndri lagagrein og lögum 23. Október 1903 um breyting á nefndum lögum.

2. gr.

Hreppsvegagjald í verzlunarstöðum með sérstakri sveitarstjórn er 2 kr. 50 aurar fyrir hvern verkfæran karlmann í verzlunarstaðnum 20—60 ára.

3. gr.

Hreppsnefnd í verzlunarstað, sem er hreppur útaf fyrir sig, ræður, hvar vegir skuli liggja um verzlunarstaðinn, og hvernig þeir skuli vera að breidd og ásigkomulagi.

Ed. **347. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög 23. Október 1903.

(Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrsta grein laga 23. Október 1903 nr. 30 skal hljóða þannig:

Fyrir kaupstaði, verzlunarstaði, sem eru hreppar út af fyrir sig, og önnur hreppsfélög má gera heibrigðissamþyktir.

Fyrir kaupstaðina semur bæjarstjórn, og fyrir verzlunarstaði, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, hreppsnefnd með ráði héraðslæknis frumvarp til samþyktar, og sendir það stjórnarráðinu, er ber það undir landlækni og staðfestir það síðan eða synjar því staðfestingar.

Að því er önnur sveitarfélög snertir gerir hreppsnefnd tillögu um samþyktina, hvort sem hún á að gilda fyrir allan hreppinn eða nokkurn hluta hans, og beinir henni til sýslunefndar; semur sýslunefnd síðan frumvarp til samþyktar með ráði héraðslæknis. Frumvarpið skal sent stjórnarráðinu, er ber það undir landlækni, og staðfestir það síðan eða synjar því staðfestingar.

Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur þá stjórnarráðið málið af nýju fyrir þá sveitarstjórn, er frumvarpið samdi, með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gera til þess, að frumvarpið geti öðlazt staðfesting.

2. gr.

Um leið og lög þessi eru staðfest, getur konungur gefið út texta laganna 23. Oktbr. 1903 um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög með þeim breytingum, sem þessi lög innihalda, sem lög um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög.

Nd. **348. Breytingartillaga**
við fjáraukalög 1904—1905.
Frá Ólafi Thorlacius.

Við 5. gr. 2.
Aptan við liðinn komi nýr liður:
Til greiðslu á kostnaði við fjárkláðaskoðanir í Suður-Múlasýslu í December 1903 og Janúar 1904, eptir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar alt að kr. 429,50.

Ed. **349. Frumvarp**
til laga um skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrétt og önnur réttindi yfir Glerá og landi meðfram henni.
Flutningsmenn: Björn M. Ólsen og Jón Ólafsson.

1. gr.
Sérhver sá, er hefir eignarétt eða önnur réttindi yfir Glerá eða landinu meðfram henni, skal vera skyldugur til þess, að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gegn fullu endurgjaldi svo mikið af réttindum þessum eða eign, sem nauðsynlegt er til þess, að framkvæma megi veiting árinnar inn að eða inn í kaupstaðinn, samkvæmt því, er ákveðið verður af bæjarstjórninni.
Endurgjaldið greiðist úr bæjarsjóði Akureyrarkaupstaðar.

2. gr.
Nú geta málsaðilar eigi orðið á eitt sáttir um það, hverjar eignir eða réttindi taka þurfi eignarnámi eða og um upphæð endurgjaldsins, og skal þá leggja ágreininginn undir úrskurð 5 manna; af þeim nefna málsaðilar til sína 2 menn hvor, en stjórnarráð Íslands tilnefnir oddamanninn.
Nú vill málsaðili eigi nefna til menn og skulu þá dómkvaddir menn í þeirra stað.
Eingan má nefna til né dómkveðja, er sæti á í bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar.

Ed. **350. Breytingartillögur**
við frumv. til laga um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest.
Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. 1. málslið; á eptir orðinu »tollgreiðslu« komi orðin: alt að einu ári.
2. — —— 2. málslið, aptan við málsliðinn bætist orðin: eða vörurnar farist á annan hátt.

Ed. **351. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um ritlöfundarétt.

Frumvarp þetta er lítið annað en þýðing á lögum Dana um sama efni,

sumstaðar miður vönduð. En með því að þau lög eru góð og að miklu leyti er samræmi milli þeirra og laga hinna ríkjanna á Norðurlöndum um sama efni, höfum vér fáar einar efnisbreytingar farið fram á, og verður grein gerð fyrir þeim við framsögu málsins. Flestallar breytingatillögur vorar miða því til að leiðrétta misþýðingar eða bæta málið á frv., og hefði þó helzt þurft meiri aðgerða í því efni, ef tími hefði til verið.

Vér ráðum þingdeildinni því til að samþykkja frumvarpið með breytingartillögum vorum.

Efri deild Alþingis, 8. Ágúst 1905.

Björn M. Ólsen	Jón Ólafsson	Valtýr Guðmundsson.
formaður.	skrifari og framsögum.	

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til laga um ritliöfundarétt.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Á eptir: „lesa þau upp“ (í 4. línu) komi: í almanna áheyrn.
2. — 1. gr. Fyrir: „hafi rithöfundur eigi á titilblaði ritsins“ komi: hafi höfundur eigi á titilblaði þess.
3. — 2. gr. komman (,) á eptir „opinberlega“ falli úr.
4. — 3. gr. Í stað: „Sé eigi öðru vísi um samið hafa höfundar hinna einstöku ritsmíða að öðru leyti eignarrétt á þeim“ komi: Sé eigi öðru vísi um samið, hafa höfundar einstakra ritgerða eða kafla í slíkum ritum að öðru leyti eignarrétt að þeim.
5. — 4. gr. 3. lið. Fyrir: „útkomu hins síðasta heptis“ komi: útkomu síðasta heptis.
6. — 4. gr. 3. lið. Fyrir: „hin einstöku bindi“ komi: einstök bindi.
7. — 5. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo: „Þýðing á riti, sem gerð er með fullri heimild, og þýðing á riti, því er eigi nýtur verndar þessara laga, hefur sama rétt sem frumrit væri.
8. — 6. gr. 1. lið. Fyrir: „og þarf þá samþykki“ og til enda liðsins komi: „og hafi þeir ekki fyrir fram, áður en ritið var samið, veitt beint eða þegjandi samþykki sitt til birtingar, þá þarf samþykki allra höfundanna til þess, að ritið verði birt“.
9. — 6. gr. 3. lið: Í stað: „skal þá sá þeirra, sem höfundur“ komi: „skal þá hver sá, sem höfundur“.
10. — 6. gr. 4. og 5. liður greinarinnar orðist svo: „Nú hefir rit verið löglega út gefið áður, og getur þá hver sameigandi krafizt þess, að ritið megi gefa út á ný óbreytt, enda sé eigi öðruvísi um samið áður, eða annað ákveðið í arfleiðsluskrá, að því er til erfingja kemur.

Nú hafa fleiri en einn öðlazt útgáfurétt með afsali eða lögsókn, og getur þá hver þeirra krafizt þess, að ritið megi gefa út“.
11. — 9. gr. 4. liður gr. orðist svo: „Nú selur höfundur (eða sá er í hans stað gengur) útgáfurétt á riti, og nær þá réttur útgefanda til einnar prentunar að eins, nema öðruvísi sé um samið, og má slík prentun eigi fara fram úr 1000 eintökum, nema ritið eigi að birtast á þann

hátt. er um er rætt í 1. málsgr. 3. greinar. Höfundur má eigi gefa út nýja prentun af ritinu meðan upplag útgefanda er eigi upp selt. enda sé ritið þá jafnan fáanlegt í bókaverzlunum við verði, er eigi sé hærra, en upphaflega var á það sett".

12. Við 10. gr. 3. lið: Fyrir: „fimm ár" komi: 3 ár.
13. — 11. gr. 1. lið: Fyrir: „(sbr. þó 2. hluta 6. greinar") komi: (sbr. þó 6. grein).
14. Aptan við 1. lið bætist inn nýr málsliður: „Nú arfleiðir höfundur einhvern að eignarrétti samins máls eða gefur hann sem danargjöf, og skal þá rétturinn eigi til verðs metinn gagnvart öðrum eptirlátnum eigum hans, nema hann hafi sjálfur svo til skilið".
15. — 11. gr. 3. lið. Síðasta málsgrein orðist svo: þó skal óskerður réttur sá er 12. gr. veitir þeim, er skuld eiga að hinum látna manni.
16. — 12. gr. Fyrsti liður greinarinnar orðist svo: Nú hefir rit eigi verið birt almenningi á prenti né á annan hátt, og geta þá þeir, er skuld eiga að höfundi eða erfingjum hans, eigi öðlast með lögsókn rétt til þess að birta ritið né heldur umráð yfir handriti höfundar.
17. — 12. gr. 1., 2. og 3. málsgr. 2. liðar greinarinnar orðist svo: Nú hefir rit verið birt, og geta skuldheimtumenn þó ekki heldur öðlast með lögsókn rétt til að gefa það út að nýju eða birta það án leyfis höfundar eða erfingja hans. En rétt er að skuldheimtumenn leiti fullnustu í fjárarði af eignarrétti rits, sem út hefir verið gefið eða síðar kann að verða út gefið eða birt á annan hátt; þó því að eins í arði af væntanlegum útgáfum eða birtingum rits, sem eigi hefir áður birt verið, að höfundur þess sé dáinn.
18. — 13. gr. Á eptir „leikrit" komi: komma (,).
19. — 13. gr. Fyrir eigi eru, komi: eru eigi.
20. — 14. gr. „i. f." (í enda gr.) falli burt.
21. — 15. gr. orðist svo: Heimilt er að taka upp í blöð eða tímarit einstakar greinar úr öðrum blöðum eða tímaritum, nema þess sé getið við greinarnar, að eptirprentun sé bönnuð. Eigi nær heimild þessi til sérstakra fylgirita.

Tilgreina skal fullum stöfum blað það eða tímarit, sem greinarnar eru teknar úr, og nafn eða merki höfundar eða þýðanda, ef nokkurt er.

22. — 16. gr. 1. lið. Fyrir „ritað" komi: „eptirritað.
23. — 16. gr. 2. lið. Á eptir: „gegn lögum þessum" bætist inn í: svo sem mót, plötur og þessháttar.
24. — — — 4. lið. Fyrir: „muni þá sem upptækir eru gerðir" komi: áhöld þau, sem upptæk eru gerð.
25. — — — 5. lið. Fyrir: „afrit" komi: „eptirrit".
26. — — — 6. lið Fyrir orðin: „Sé brot . . . . krafist" komi: Sé brot á lögum þessum svo til komið, að fremjandi hafi eptir beztu vitund haft ástæðu til að ætla, að sér væri verkið heimilt, verður þess eigi krafizt.
27. — 17. gr. Á undan: „útbýtir" komi: víss vitandi.
28. — 17. gr. Fyrir: „frá 1—20" komi: alt að 50.
29. — 17. gr. Fyrir: „eigi áður hefir" komi: hefir eigi áður.
30. — 18. gr. Fyrir: „í heimildarleysi að sýna gervileiki eða söngleiki" komi: að sýna í heimildarleysi sjónleika eða söngleika.

31. — 18. gr. Komman (,) milli „söng“ og „ljóð“ falli burt.
32. — 18. gr. Fyrir: „leikunum“ komi: sýningunni.
33. — 19. gr. orðist svo: „Nú aðhefst einhver eitthvað það, er um er rætt í 17 og 18. gr., og hefir hann eptir beztu vitund haft ástæðu til að ætla að sér væri verknaðurinn heimill, og sætir hann þá eigi ábyrgð sam kvæmt þessum lagagreinum, en skila skal hann rétthafa gróða sín um, eptir því sem hann verður metinn“.
34. Við 20. gr. Fyrir: „1—20“ komi: alt að 50.
35. — 21. gr. Fyrir „lífstíð“ komi: alla ævi.
36. — 21. gr. Eptir: „hafi rit verið birt“ bætist við (,).
37. — 21. gr. Fyrir: „þeirra höfunda“ komi: þá til þeirra höfunda.
38. — 22. gr. Fyrir „án nafns höfundar“ komi: nafnlaust.
39. — 22. gr. Í stað: „félög“ komi: útgefendur.
40. — 22. gr. Fyrir: „eignarrétt á“ komi: eignarrétt að.
41. — 24. gr. Fyrir: „Nú kemur út rit án nafns höfundar“ komi: Nú kemur rit u nafnlaust.
42. — 25. gr. Fyrir: „sæta ábyrgð“ komi: að skila gróða sínum.
43. — 25. gr. Fyrir: „meðan heldst höfundarréttur, er brotinn hefir verið“ kom meðan höfundarréttur heldst.
44. — 25. gr. Fyrir: „ætluð eru á boðstóla“ komi: ætluð eru til að hafa á boðstólun
45. — 26. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo: „Lög þessi taka til ritsmíða allra Í lendinga hér á landi, og til ritsmíða annara danskra þegna að sv miklu leyti og svo leingi sem Íslendingar njóta sama réttar í Da mörku, og einnig til ritsmíða útanríkismanna, er prentaðar eru eð forlagðar hér í landi, í fullri heimild.
46. — 26. gr. Orðin: „Sé forlag félagseign ..... fast heimili á Íslandi“ falli bur
47. — 26. gr. í niðurl. „fjárskuldbinding nokkur“ breytist í: nokkra fjárkvöð.

Nd.

352. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um þingsköp handa Alþingi.

Flutningsm. Hannes Þorsteinsson.

1. Við 5. gr. Í stað: »Ef tveir þingmenn ..... ræður hlutkesti« komi: »E tveir þingmenn eða fleiri fá jafn mörg atkvæði skal kjósa u þá bundnum kosningum, en hafi þeir á ný við þá kosning jafn mörg atkvæði ræður hlutkesti.
2. Við 17. gr. »á fundi« falli burt.
3. Við 21. gr. Í stað: »Hver þingmaður ..... með breytingartillögu« kom Hver þingmaður í deildinni og ráðherra getur komið fram me breytingartillögu.
4. Við 22. gr. Í stað: »Breytingartillögur ...« til enda greinarinnar kom Um breytingartillögur gildir hið sama og við aðra umræð (21. gr.).
5. Á eptir 37. gr. komi ný grein:
   Eigi má halda ræðu á þann hátt, að skrifað mál sé lesið up Þó má með leyfi forseta lesa upp skjöl eða kafla úr skjölun

er snerta mál það, sem er til umræðu. Leyfi forseta þarf og til þess að lesa upp prentað mál.

6. Við 39. gr. Orðin: »Getur forseti . . . . . því umræðulaust. Sömuleiðis« falli burt.

7. Við 40. gr. Í stað »3 og 6« homi: 4 og 7.

8. Við 43. gr. Í staðinn fyrir: »Atkvæðagreiðsla fer fram . . . . . en verið óglögg« komi: Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt, að hver þingmaður stendur upp úr sæti sínu, hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifararnir telja atkvæðin, en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar, eptir að atkvæða hefir verið leitað bæði með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig, að málið sé hvorki samþykkt né felt, lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað, eða ef atkvæðagreiðsla hefir áður fram farið, en verið óglögg.

9. Við 48. gr. Greinin orðist svo: Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau skulu prentaðar í Alþingistíðindunum.

Ed.

353. Nefndarálit

um frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903.

Við frumvarpið er eiginlega ekkert að athuga. Þó eru þar tvö atriði, er oss þykir rétt að minnast á.

Fyrst er í 5. gr. farið fram á að veita til viðbótar við veitinguna í 13. gr. fjárlaganna, B I b 4, til bókakaupa prestaskólans 182 kr. 70 au.

Svo stendur á þessari fjáraukaveiting, eptir því sem vér höfum nú feingið vitneskju um, að á fjárhagstímabilinu 1900—1901, hefir prestaskólinn ekki hagnýtt, af þeim 300 kr., sem honum voru veittar til bókakaupa nema 117 kr. 40 au. og runnu því 182 kr. 60 au. aptur ónotað í landssjóð. Forstöðumaður skólans skýrir svo frá, að bækur fyrir þessa upphæð hafi pantaðar verið á árinu 1901, en eigi komið reikningar fyrir þeim fyrri en laungu eptir að ársreikningur var saminn.

Þannig er í raun réttri eigi meira fé notað úr landssjóði alls á *tveim* fjárhagstímabilum, en veitt var fyrir þau bæði til samans. Og hefði verið um tvö ár sama fjárhagstímabils að ræða, þá hefði ekki verið ástæða til að minnast frekara á þetta.

En nefndin verður að leggja áherzlu á, að það er óheimilt, að hagnýta fé, sem veitt er til eins fjárhagstímabils og ekki notað, aptur á næsta fjárhagstímabili, og getur það dregið óþægilegan dilk á eptir sér, er um miklar upphæðir er að ræða.

Annað atriðið, sem nefndin vill minnast á, er sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði í 7. gr.

Nefndinni þykir ástæða til að brýna fyrir stjórninni, er hún reisir sóttvarnarhús næst, að hafa það ekki úr pappa. Hús þetta var nefnilega úr pappa, nema hvað grindarstaurar voru úr tré, svo í stormi blés allur pappinn burt í smátætlum út í loptið, og grindarrimlarnir urðu einir eptir. Þetta er því hraparlegra, sem betra hús úr vandaðra efni hefði mátt reisa ódýrra.

Með þessum ummælum leggur nefndin svo til, að þingdeildin samþykki frumvarpið óbreytt.

Efri deild Alþingis, 9. Ágúst 1905.

Jón Jakobsson, formaður. Jón Ólafsson, skrifari og framsögum. Guttormur Vigfússon.

Sigurður Stefánsson. Valtýr Guðmundsson.

Nd. **354. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906—1907.

Fra fjárlaganefndinni.

1. Við 13. gr. A. b. 2. fyrir: „5000 — 5000“ komi 6000 — 5200.
— 14. gr. 21. fyrir: „600 — 600“ komi: 1000 — 1000.
— 15. gr. 1. C. Athugasemdin falli burt.
— 15. gr. 1. e. fyrir „7000 — 6000“ komi: 8000 — 8000.
— 15. gr. 8. Á undan þessum lið kom nýr liður þannig: Utanfarastyrkur til manna, er vilja kynna sér kaupfélagsskap og samvinnufélagsskap erlendis og læra bókfærslu er þar að lýtur, gegn helmings tillagi að minsta kosti frá kaupfélögum eða öðrum samvinnufélögum hérlendum alt að 1000—1000 kr.

Nd. **355. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum frá 13. Okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl. (þingskj. 173).

Nefnd sú, sem kosin var af hinni háttv. Nd. til þess að íhuga frv. til laga um breytingar á læknaskipunarlögunum frá 13. Okt. 1899, hefir ekki getað orðið á eitt mál sátt um frumv. þetta.

Við, meiri hluti nefndarinnar, könnumst við, að aðalbreyting sú, sem farið er fram á í frumvarpinu, sé mjög æskileg; það sé sanngjörn krafa frá íbúum læknishéraðsins vestan Eyjafjarðar, sérstaklega í Svarfaðardal, að læknissetrið sé flutt; í þeirri sveit er um 1000 manns, sveitin víðáttumikil og erfið yfirferðar sökum snjóþyngsla á vetrum; auk þessa eru lendingarstaðir í Svarfaðardal mjög slæmir í öllum norðan og norðaustan stormum og hafkviku, svo allopt verður að leita flutninga til læknis yfir fjörðinn inn á Árskógarströnd, en það geingur misjafnlega og veldur miklum töfum.

Enn fremur er það kunnugt, að í Svarfaðardal hefir holdsveiki um langa tíð legið í landi, og ekki sjáanlegt, að hún verði þar upprætt, nema ef vera kynni með því, að læknir kæmi til og gæti haft nákvæmar gætur á veikinni.

Að þessu athuguðu verðum við að fallast á nauðsynina fyrir flutningi læknissetursins yfir um Eyjafjörð, en teljum þó ekki gerlegt, að læknirinn sitji í Svarfaðardal vegna austurhluta héraðsins, heldur sem næst Litla-Árskógarsandi.

Aðrar breytingar á umdæmaskipuninni eru afleiðing af flutningnum og verðum við að álíta þær nauðsynlegar.

Hvað kostnað snertir, sem af breytingunni leiðir, þá er hann mjög smávægilegur, þegar litið er til þess, hve mikla sanngirniskröfu héraðið vestan Eyjafjarðar — 1537 manns — hefir til þess að fá greiðan aðgang að læknishjálp. Við álítum mjög óeðlilegt að flytja embættisbústað án þess að embættismanni þeim, er í hlut á sé bættur sá skaði, er hann bíður af flutningnum. Ef þessi embættisbústaður væri fluttur, og eingar skaðabætur greiddar, mundi það fæla aðra lækna frá því, að hýsa embættisbústaði sína, því það gera þeir jafnan í þeirri von og vissu, að eptirmaður kaupi af þeim, er frá fer. Oss er og kunnugt um að sýslunefnd Þingeyjarsýslu hefir ábyrgð á láni, sem tekið var til að reisa íbúðarhús læknisins í Grenivík, og mundi sýslunefndin alls ekki hafa tekizt á hendur þessa ábyrgð, ef hún hefði búist við, að læknissetrið kynni að verða flutt.

Loks má geta þess, að sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir rætt þetta mál og talið þessar skaðabætur sjálfsagðar; þess vegna leyfum vér oss að leggja til að ný grein sé sett inn í frv., er verður 2. gr., þannig orðuð:

Bæta skal fráfarandi lækni það eignatjón, er hann kann að verða fyrir á íbúðarhúsi sínu, við flutning læknissetursins frá Grenivík, eptir mati dómkvaddra manna, og greiðir landssjóður 1000 kr. til skaðabótanna, er að öðru leyti skulu greiddar af hlutaðeigandi héruðum vestan Eyjafjarðar og Eyjafjarðarsýslu, eptir nánara ákvæði stjórnarráðsins. Lög þessi koma til framkvæmda þá er héruðin hafa samþykt greiðslu hinna hérumræddu skaðabóta að sínum hluta.

2. gr. frv. verður 3. gr.

Með þessum viðauka ráðum við hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumv.

Neðri deild Alþingis 10. Ág. 1905.

G. Björnsson, formaður.	Stefán Stefánsson, þm. Eyf. skrifari og framsögumaður.

Ég get ekki ráðið hinni háttvirtu deild til að fallast á þetta frv. — Frv. gerir ráð fyrir meiri og minni breytingu á skipun 4 læknishéraða, og einstakir hlutar verða að mestu útilokaðir frá allri læknishjálp, ef frv. verður að lögum. — Mér sýnist, að þingið verði að heimta alt annan og meiri undirbúning en hér er orðinn, áður en það lögbindur svona lagaða breytingu, sem eptir eðli sínu hlýtur að verða mjög tilfinnanleg ýmsum, er hlut eiga að. — Hér eru fram komnar óskir frá að eins hluta, að vísu stórum hluta, af einu af fjórum læknishéruðunum, er breytingin snertir.

Hin fjárhagslega hlið málsins er einnig töluvert athugaverð. — Á læknissetrinu er nýtt, vandað hús, sem eingar líkur eru til að seljist nema með allmiklum skaða. — Læknirinn fékk ábyrgð sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu fyrir allstóru láni, er hann tók til að byggja húsið, og má ætla að af þessu muni geta stafað talsverð óþægindi. — Meiri hlutinn ætlast til að landssjóður borgi 1000 kr. upp í hallann og að öðru leyti hlutaðeigendur í Eyjafjarðarsýslu. — Þótt þetta sé úrlausn, sem líklega nægir til þess að læknirinn, er húsið bygði, verði skaðlítill, þá er það annarsvegar í eðli sínu þannig, að ég álít, að fjárveitingarvaldið eigi að hugsa sig vel um, áður en það fellst á það. — Afleiðingarnar geta orðið töluvert alvarlegar, þar sem þegar er raun á því orðin, að víða vilja menn breyta skipun læknishéraðanna og aðsetursstöðum læknanna.

Jón Jónsson.

Ed. **356. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um atvinnu við siglingar.

Nefnd sú, er hin háttv. efri deild hefir kosið til að athuga frumvarp þetta, álítur það nauðsynlega réttarbót á hinum eldri lögum um atvinnu við siglingar, að því leyti sem það setur ýms önnur skilyrði fyrir réttindum til skipstjórnar og stýrimensku en þau lög gera, að því er snertir stærð skipa, og er þannig með lögum þessum óbeinlínis tekið tillit til staðhátta hér á landi, sem útgerðarmönnum mun mjög kærkomið. Nefndin leggur því til, að frumvarp þetta verði samþykt með þeim breytingum, er hún álítur nauðsynlegar og hér fara á eptir.

Helzta breytingin, er nefndin leggur til, að verði gerð á frumvarpinu, er sú að fella burtu 3. gr.

Nefndin álítur, að þar sem lög þessi stefna að því, að herða á kröfunum til skipstjórnar og stýrimensku í innanlands siglingum, sem nú eru í lögum, þá sé varhugavert og ósamrýmanlegt, að draga mikið úr þeim núgildandi kröfum, er gerðar eru til skipstjórnarmanna á utanlandssiglingum með beinum lagaákvæðum um óákveðinn tíma.

Nefndin játar að vísu, að eins og ástatt er hér á landi nú meðal sjómannastéttarinnar, þá sé nauðsynlegt, að ýmsum mönnum sé leyft að fara til útlanda með skip sín, með því, að eins og á stendur er eigi völ á nægilega mörgum skipstjórum, er fullnægja skilyrðum þeim, er nú eru gerð til skipstjóra á utanlandssiglingum, og leggur því til, að hér megi gera undanþágu. — Vill nefndin, að þetta undanþáguleyfi sé í höndum stjórnarinnar, um næstu 10 ár, en álítur ekki þörf á, að það standi leingur.

Það sem einkum hefir verið þess valdandi, að ekla er á mönnum, er réttindi hafa til skipstjórnar í utanlandssiglingum, er ákvæði það, er stendur í lögum um stofnun stýrimannaskóla $^{22}/_{5}$ 1890, 6. gr. Þar er svo ákveðið, að til þess, að geta feingið leyfi til að ganga undir hið meira stýrimannapróf útheimtist, að viðkomandi hafi verið 15 mánuði í siglingum og af þeim tíma minst 5 mánuði í förum erlendis. Þetta ákvæði hefir haft þær afleiðingar, að menn, sem hugsað hafa til að taka hið meira próf, hafa fyrst orðið að fara til útlanda og vera þar í förum áður en þeir gátu tekið prófið hér. Menn þessir hafa flestir farið ungir og óþroskaðir af landi burt, enda hafa þeir fæstir komið aptur. — Þeir hafa sem sé gleymt fósturjörðunni, og haldið áfram að stunda atvinnu sína meðal erlendra þjóða. Þeir hafa þar átt kost á að taka sjómannafræðispróf með jafn-góðum kjörum og hér á landi, og svo íleingzt erlendis sem sjómenn.

Ákvæði það í 6. gr. laga um stofnun stýrimannaskóla, er hér er um að ræða, og inniheldur óeðlilega straung skilyrði til

leyfis hins meira prófs, finst ekki í samskonar lögum á Norðurlöndum, enda eru ekki neinar ástæður til að halda slíku skilyrði, eptir að lög um atvinnu við siglingar hafa sett ákveðin sjómenskuskilyrði fyrir því, að verða skipstjórar og stýrimenn.

Með því nú, að það er samhuga álit nefndarinnar, að brýn þörf sé til þess í sambandi við breytingar á lögum um atvinnu við siglingar, að gera breyting á 6. gr. fyrr áminstra laga um stofnun stýrimannaskóla, á þann hátt, að setja sömu skilyrði fyrir leyfi um hið minna og hið meira stýrimannapróf, þá hefir nefndin leyft sér að koma fram með frumvarp til laga um breyting á 6. gr. í lögum um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi $^{22}/_{5}$ '90 á þingskjali 323.

Eins og áður er tekið fram er nefndin þess fullviss, að breyting þessi hafi það í för með sér, að brátt bætist úr hinum tilfinnanlega skorti, er nú á sér stað, á skipstjórum, er hafa rétt til utanlandssiglinga, og álítur því tímabil það, er landsstjórninni er gefið — 10 ár — til undanþágu heimildar, með breytingartillögu nr. 7 við 14. gr., vera nægilega langt.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Alstaðar í frumvarpinu þar sem kemur fyrir: »á innanlandssiglingum« eða »á utanlandssiglingum« komi í þess stað: í innanlandssiglingum eða í utanlandssiglingum.
2. 3. gr. frumvarpsins falli burt og breytist samkvæmt því tölusetning greinanna, þannig, að 4. gr. verður 3. gr., 5. gr. verður 4. gr. o. s. frv.
3. 4. gr. (sem verður 3. gr.). Setningin: »sem er meira en 100 smálestir« falli burt.
4. 6. gr. (sem verður 5. gr.). Orðin: í síðustu línu þessarar greinar »í förum sem« falli burt. Í sömu línu komi: innanlands, í stað »innlands«.
5. 9. gr. (sem verður 8. gr.). Í stað orðsins »góð« í síðustu línu þessarar greinar komi: fullkomin.
6. 11. gr. (sem verður 10. gr.). Í stað orðsins: »góð« í síðustu línu komi: fullkomin.
7. 14. gr. (sem verður 13. gr.). Aptan við greinina bætist: Sömuleiðis getur stjórnarráðið um næstu 10 ár, veitt þeim manni, er feingið hefir skírteini sem skipstjóri í innanlandssiglingum, rétt til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslenzku seglskipi, sem er minna en

100 smálestir, hafi hann verið skipstjóri í innanlandssiglingum í 18 mánuði.

Alþingi 10. Ágúst 1905.

Eiríkur Briem, formaður. Ág. Flygenring, skrifari og framsögum.

Sigurður Jensson.

Nd. **357. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vátrygging sveitabæja og tómthúsa í sveitum utan kauptúna.

Vér höfum yfirfarið frumvarp þetta, sem komið er frá háttv. Ed., og látum uppi álit vort um það.

Vér erum í fylsta máta samdóma áliti nefndar í háttv. Ed. um hina miklu nytsemi þessa máls, og höfum eingu við það að bæta, sem þar er tekið fram.

Í annan stað verðum vér að telja mál þetta undirbúið eptir faungum, og líkur til, að allmargar sveitir vilji sæta þeim kostum, sem frumvarpið býður, og sé því rétt, að það verði að lögum nú á þessu þingi.

Breytingartillögur vorar við frumvarpið eru fremur smávægilegar og eingar verulegar efnisbreytingar. Vér leggjum til, að nokkuð af efni 5. gr. verði tekið upp í 4. gr., og víkjum við orðalagi 5. og 6. gr. Með því viljum vér fá enn skýrari ákvæði um það, en oss virðast nú vera í frumvarpinu, að þar sem kemur til skylduábyrgðar, þá sé aldrei um aðra ábyrgð að ræða hvorki hærri né lægri en á $^2/_3$ hlutum virðingarverðs, og drepum vér á þetta af því, að í ástæðum milliþinganefndarinnar fyrir 4.—6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að menn geti feingið 4000 kr. ábyrgð á húseignum, sem virtar eru yfir 6000 kr., ef þeir vilja sætta sig við það, að ábyrgðin nemi ekki $^2/_3$ virðingarverðs.

Nokkur vafi kom fram í nefndinni um það nýmæli háttv. Ed. í 7. gr., að húsráðendur, sem jafnframt eru eigendur að minst 500 kr. húseign, er þeir sjálfir nota, hafi 2 atkvæði við stofnun brunabótasjóðs, en þar sem nefndin í Ed. virðist leggja nokkra áherzlu á þetta, höfum vér eigi viljað leggja til, að því yrði breytt.

Um efnisbreytingu er helzt að ræða við 11. gr. Ed. hefir aukið því ákvæði við stjórnarfrumvarpið, að endurvirðing fari fram á bæjum og húsum á hverjum 10 ára fresti, og aðhyllumst vér það, en hitt teljum vér varhugavert að leggja áfram á sveit-

arsjóðina skoðunarkostnað við hinar almennu virðingargerðir og teljum réttara, að ætla brunabótasjóðum hreppanna þann kostnað að undanteknum kostnaði við fyrstu skoðun, er brunabótasjóður er stofnaður. Þá óttumst vér og, að það ákvæði frumvarpsins, að 2 kr. greiðist úr sveitarsjóði hverjum skoðunarmanni fyrir skoðun á býli, kunni að spilla fyrir stofnun brunabótasjóða, og teljum fært að færa það gjald niður í 1 kr., því að vilji sveitarfélag á annað borð færa sér lögin í nyt, þá munu fást hæfir menn til að vinna fyrir svo litla þóknun í þágu sveitarinnar.

Aptur teljum vér rétt, að þóknun fyrir endurvirðingar verði reglugerðarákvæði.

Þá viljum vér taka af öll tvímæli um það, að prentunarkostnaður eyðublaða greiðist af hinum sameiginlega brunabótasjóði, en eigi úr landssjóði, og sektir þær, sem um ræðir í 25. gr. gangi í landssjóð.

Við framsöguna verður nánari grein gerð fyrir þessum og öðrum breytingartillögum vorum, sem hér fara á eptir:

1. Við 1. gr. Fyrri málsgreinin orðist svo: Sveitarfélögum á Íslandi er heimilt að stofna með skylduábyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum utan kauptúna.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna: »þess skaða — — — hlýzt« komi: brunaskaða á húsum, vátrygðum í sjóðnum, úr hverju efni sem þau eru bygð.
3. Við 4. gr. Fyrir orðin: »án tillits til — — áföst« komi: úr hverju efni sem þau eru bygð, og geymsluhúsum, sem þeim eru áföst, þó svo að virðingarverð húsa eða húsaþyrpinga, sem í sameiginlegri brunahættu eru, fari eigi fram úr 6000 krónum.
4. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Tekist getur brunabótasjóður á hendur ábyrgð að $^2/_3$ í húsi eða húsaþyrping í sameiginlegri brunahættu, þó hærra verði nemi, en 6000 kr., ef sveitarstjórn og stjórnarráð samþykkja.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Hvergi má vátryggja annarsstaðar þann þriðja hluta húsa, sem ekki er vátrygður samkvæmt lögum þessum.
6. við 7. gr. Fyrri málsgreinin orðist þannig:
   Húsráðendur þeir, er atkvæðisrétt eiga í sveitarmálum geta á lögmætum fundi stofnað brunabótasjóð, samkvæmt lögum þessum. Meiri hluti atkvæða allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppnum ræður úrslitum, en þá skal hver húsráðandi sem jafnframt er eigandi að húseign, sem hann sjálfur notar og er 500 kr. virði eða meira, hafa 2 atkvæði. Fundur er lögmætur þá er hreppsnefnd boðar hann öllum húsráðendum, með skriflegu fundarboði, með tveggja vikna fyrirvara að minsta kosti,

enda sé þar til tekið, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

7. við 11. gr. fyrir orðin: »4 menn, óvilhalla fyrir rétti« komi: fyrir rétti 4 menn óvilhalla.
8. Við sömu gr. fyrir orðin: »Hverja almenna . . . reglugerð ákveður« komi: Fyrir skoðun þá, er fer fram við stofnun brunabótasjóða, greiða sveitarsjóðir 1 kr. á býli hvorum skoðunarmanni. Fyrir skoðunarkostnað við endurvirðingar og önnur störf skoðunarmanna skal launa sem reglugerð ákveður.
9. við 17. gr. Fyrir orðið »endurbygging« komi: endurtrygging.
10. við 19. gr. Tilvitnunin »(sbr. 2. gr.)« færist aptur fyrir orðið »brunabæturnar«.
11. við sömu gr. Fyrir »helming« komi: að helmingi.
12. við 24. gr. Fyrir orðið »vátryggingarsjóði« komi: brunabótasjóði.
13. Aptan við sömu grein komi:
Prentunarkostnaður samkvæmt þessari grein greiðist úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.
14. við 25. gr. Fyrir »vátryggingarsjóði« komi: brunabótasjóði.
15. Aptan við sömu grein bætist: alt að 50 kr., er renni í landssjóð.
16. Í yfirskriptinni komi: í stað »tómthúsa«, annara húsa.

Neðri deild Alþingis 10. ágúst. 905

Þórh. Bjarnarson. formaður. Pétur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Hannes Þorsteinsson. Ólafur Briem. Jón Magnússon.

Nd. **358. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906—1907.
Frá fjárlaganefndinni.

Við 13. gr. B. X. fyrir „skemtandi“ komi: vekjandi.

Ed. **359. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör.

Eins og frumvarpið ber með sér, er ætlast til að þessi lög gildi að eins fyrir næsta fjárhagstímabil. Ástæðan til þess, mun einkum vera sú, að örðugt er að ætla á það fyrirfram, hve mikill smjörútflutningurinn muni verða síðar meir, en þó mun þetta jafn-

framt eiga að vera bending um, að það er tilætlunin, að með tímanum eigi þessi fjárveiting úr landssjóði að fara minkandi og áður en langt líður að hverfa með öllu. Það er líka vor skoðun að svo eigi að fara; þegar smjörútflutningurinn er kominn á góðan rekspöl, þá er takmarkinu náð, er þingið ætlaði sér að ná, og þá er ekki framar neitt réttlæti í því gagnvart öðrum atvinnuvegum að halda áfram að styrkja útflutninginn með fjárframlögum úr landssjóði.

En það er álit vort, að það geti ekki að svo stöddu komið til mála að hverfa frá þeirri stefnu, sem að undanförnu hefir fylgt verið, að hvetja með styrk úr landssjóði til að vanda smjörgerð í landinu, svo að smjörið verði útgeingileg vara á erlendum markaði. Þessi styrkur hefir þegar haft svo góðan árangur, að allir hljóta að viðurkenna, að honum hefir verið vel varið, Stofnun samvinnusmjörbúanna mega teljast með mestu og beztu framförum hjá þjóðinni á síðari árum, og því föllumst vér fyllilega á það, að fjárveitingin veitist þeim eingaungu. Vér viljum einnig taka það fram, að jafnvel þó vér álítum, að þessi styrkur eigi að eins að vera bráðabyrgðarstyrkur, þá álítum vér þó að öll sanngirni mæli með því, að þessum styrk verði haldið svo leingi, að einnig þau samvinnusmjörbú, sem eru alveg ný stofnuð, njóti nokkur ár styrks við, og helzt, eins og nefndin í neðri deild segir, að öll búin nytu styrks sem næst um jafnlangan tíma.

Jafnvel þó nefndin þannig geti fallizt á aðalstefnu frumvarpsins, finnur hún þó ástæðu til að stinga upp á nokkrum breytingum á því.

Vér leggjum það til, að fjárveitingin til samvinnusmjörbúanna verði ákveðin upphæð fyrir hvort af þessum tveimur árum, og að tillagið úr landssjóði verði nefnt styrkur. Það er alveg ómögulegt að segja það fyrirfram, hvað smjörútflutningurinn kann að aukast á næstu árum, og sýnist oss því réttara, þegar litið er á málið frá fjárhagslegri hlið, að tiltaka vissa upphæð og hafa hana ríflega, heldur en að eiga alt í óvissu. Sumum kann að þykja 18000 kr. of há upphæð, en vér höfum ekki viljað ákveða hana lægri einkum vegna þeirra samvinnusmjörbúa, sem nýlega eru stofnuð í trausti til þess að verða aðnjótandi styrks líkt og eldri búin.

Þá viljum vér breyta 2. gr. frumvarpsins. Vér leggjum áherzlu á það, að í styrkveitingunni liggi sem sterkust uppörvun til að vanda smjörgerðina. Að vísu vitum vér það, að smjörverðið er ekki eingaungu komið undir gæðum smjörsins og vöndun. Það koma til greina önnur atriði, er hafa áhrif á söluverðið. En eðlilega skiptir það þó optast mestu um verð smjörsins á útlendum markaði, að það sé gott og vandað. Og það er eindregið

álit vort, að þingið megi ekki með neinu móti haga fjárveitingu sinni til smjörbúanna svo, að það gefi tilefni til að ætla, að það leggi meiri áherzlu á, að sem mest sé útflutt af smjöri, heldur en hitt, að smjörið verðið vandað sem allra bezt. Vér leggjum því til að meiri munur verði gerður á styrknum eptir því sem smjörið selzt betur erlendis. Vér höfum þó viljað víkja sem minst frá frumvarpi neðri deildar. Þannig höfum vér ekki viljað leggja til, að smjör það, er selzt á 65—70 aura hvert pund, gefi eingan rétt til styrks, jafnvel þó vér álítum vafasamt, hvort hvetja eigi til útflutnings á smjöri, sem ekki selzt hærra.

Vér ætlumst til, að þegar styrknum er úthlutað, þá verði farið eptir pundatölu og smjörinu skipt í 3 flokka eptir því verði, sem það hefir selst fyrir erlendis.

Í fyrsta flokki er smjör, sem selst á 80 aura og meira hvert pund, í öðrum flokki smjör, sem selst á 70—80 aura, og í þriðja flokki smjör, sem selst á 65—70 aura.

Styrknum skal svo skipt þannig, að fyrir smjör í 2. flokki reiknast styrkurinn 50% hærri en fyrir smjör í 3. flokki, og fyrir smjör í 1. flokki tvöfalt hærri en fyrir smjör í 3. flokki.

Vér gerum ráð fyrir, að öllum sé það ljóst, að það er eingum sérlegum erfiðleikum bundið, að skipta styrknum á þann hátt, en getum þess að eins til útskýringar, að ef t. d. styrkurinn yrði 4 aurar fyrir hvert pund í 3. flokki, þá verður hann 6 aurar fyrir pundið í 2. flokki og 8 aurar í 3. flokki.

Aðrar breytingar, sem vér stingum upp á, eru ekki verulegar og eru að eins afleiðingar af þessum tveimur aðalbreytingum.

Samkvæmt þessu ráðum vér hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi breytingum:

1. við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Árin 1906 og 1907 veitist íslenzkum samvinnusmjörbúum 18000 kr. styrkur úr landssjóði hvort árið.
2. við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Stjórnarráðið úthlutar styrknum til samvinnusmjörbúanna í Marzmánuði 1907 og 1908 og skal við úthlutunina farið eptir því, hve mikið smjör hvert bú hefir selt erlendis á liðnu ári og eptir því verði, sem smjörið hefir selst fyrir. Smjör, sem selst lakar en á 65 aura hvert danskt pund, skal ekki talið með, þegar styrknum er jafnað niður. Styrknum skal svo skipt eptir pundatölu þess smjörs, er selst á 65 aura og fyrir hærra verð, og skal talið í 1. flokki smjör, er selst á 80 aura eða meira hvert danskt pund, í 2. flokki smjör, er selst á 70—80 aura, og í 3. flokki smjör, er selst á 65—70 aura. Fyrir smjör, er selst í 2. flokki, skal styrkurinn vera 50%

hærri en fyrir smjör, er selst í 3. flokki, og fyrir smjör í 1. flokki tvöfalt hærri en fyrir smjör í 3. flokki.

3. Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
Samvinnusmjörbú, er vilja hljóta styrk, skulu senda umsókn sína fyrir liðið ár til stjórnarráðsins, eigi síðar en fyrir lok Febrúar 1907 og 1908; umsókn, er síðar kemur til stjórnarráðsins, verður eigi tekin til greina. Umsókninni skal fylgja farmskrá frá skipstjóra o. s. frv.
4. Við 3. gr. Síðari málsgrein falli burt.
5. Við 4. gr. Síðustu orð greinarinnar »og úthlutar verðlaunum« falli burt.

Alþingi 10. ágúst 1905.

Þórarinn Jónsson, formaður. Sigurður Jensson, skrifari og framsögumaður.
Guðjón Guðlaugsson.

Nd. **360. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga 1906—1907
Frá Guðl. Guðmundssyni.

Við 14. gr.
Á eptir 24. tölulið bætist:
25 til Valgerðar Lárusdóttur til að nema saung erlendis — 600— 600

Nd. **361. Tillaga**
til þingsályktunar um verndun fornmenja í landinu.
Flutningsm. Hannes Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um verndun fornmenja í landinu, og reisa nú þegar alvarlegar skorður gegn því, að forngripum úr kirkjum eða frá öðrum opinberum stofnunum verði fargað út úr landinu frekar en orðið er.

Ed. **362. Frumvarp**
til laga um forkaupsrétt leiguliða o. fl.
(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þegar jarðeign, sem er í bygging, geingur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafnmikið verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann öðrum fremur hafa rétt

til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sé honum eigi gerð erfiðari borgunarkjör eða aðrir skilmálar en í raun og veru standa til boða frá öðrum.

Nú hefir ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega bygt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrétti það sem eptir er af ábúðartíð hans, meðan jörð er óbygð; en frá þeim tíma á sá forkaupsréttinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár, og hefir feingið bygging fyrir henni.

Nú eru leiguliðar að jarðeign þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sérhverjum þeirra til kaups; vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðunni, en annars ræður eigandi hverjum þeirra hann selur.

2. gr.

Nú eru afréttarlönd eða óbygð lönd, er nota má til afrétta, seld út af fyrir sig, og á þá sveitarfélag það, eða sveitarfélög þau, sem land það liggur í, forkaupsréttinn.

3. gr.

Nú eru ítök, skógar, fossar eða önnur jarðgögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, önnur en laxveiði og silungsveiði, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrétt til kaups eða leigu, er land á undir.

4. gr.

Nú afsalar sá sér forkaupsrétti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfélag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsréttinn.

5. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsréttar samkvæmt lögum þessum, skal segja til þess innan hálfs mánaðar frá því, er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja; sama er og um leigurétt samkvæmt 3. gr.

Rétt er að bjóða sveitarfélagi kaup eða leigu, að frágeingnum þeim, er forgangsréttinn á, þótt hann sé enn eigi búinn að afsala sér forgangsréttinum.

Yfirlýsing þess, er forgangsrétt á samkvæmt 1., 2. og 3. grein, um að hann afsali sér forgangsréttinum, gildir eigi leingur en 6 mánuði.

6. gr.

Sé eigi gætt fyrirmælanna í 1.—4. gr., getur sá, er forgangsréttur hans er fyrir borð borinn, krafizt þess, að gjörningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sé lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fékk vitneskju um misfelluna, og málinu framhaldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rétthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numið konungsbréf 22. Dec. 1797 um forkaupsrétt leiguliða og tilsk. 18. Júní 1723, að því, er Ísland snertir.

Nd.

363. Framhaldsnefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907. Frá meiri hluta fjárlaganefndarinnar.

Eins og gert var ráð fyrir í nefndaráliti voru, sem útbýtt hefir verið fyrir nokkrum dögum, hefir nefndin nú tekið til yfirvegunar 12. gr. D, eptir að út hefir verið býtt nefndaráliti ritsímanefndarinnar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt mál sátt og hefir hún klofnað. Það sem hér fer á eptir er álit meiri hluta nefndarinnar.

Vér höfum kynt oss svo vel, sem tími hefir leyft, álit beggja hluta ritsímanefndarinnar. — Höfum vér athugað allrækilega áætlanir og niðurstöður hvorratveggja, og höfum vér notið aðstoðar Forbergs verkfræðings við rannsókn kostnaðaráætlana þeirra, er gerðar eru um kostnað við landsímalagning og símareksturinn. Hefir Forberg gefið oss margar mikilsverðar skýringar um símakostnað og rekstur í Noregi, einmitt á þeim stöðum, þar sem líkt hagar til og hér á Íslandi, bæði að því er snertir landslag, fjarlægðir og veðráttufar. Teljum vér þær upplýsingar ábyggilegar.

Vér erum komnir að þeirri niðurstöðu, að tillögur meiri hluta risímanefndarinnar og áætlanir séu svo úr garði gerðar, að rétt sé að fallast á þær, og ráðum vér hinni háttv. deild til að gera það. En til frekari skýringar málinu viljum vér fara nokkrum orðum um ýms sérstök atriði í kostnaðaráætlununum. Og til þess, að sem auðveldast verði að átta sig á því, er vér gerum að umtalsefni, setjum vér hér fyrst áætlun um allan kostnaðinn, eins og sú áætlun mundi líta út, ef samþyktar væru breytingartillögur þær, er meiri hluti ritsímanefndarinnar ber fram, og gerum síðan skýrandi athugasemdir við nokkra liði, þá er mestur ágreiningur er um á milli meiri og minni hluta ritsímanefndarinnar.

Til landsímalagningar og málþráðasambands frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur.

a.	Efni til landlínunnar:		
	1. 13680 símastólpar á 5 kr.	68400 kr.	
	2. 28000 isolatorar á 0,30	8400 —	
	3. 13500 hettur á 0,20	2700 —	
	4. 27000 krókar á 0,25	6750 —	
	5. Bronzeþráður 3 m. m., 2 × 620 km. = 79,120 kg. á 1,50 hvert kg.	117180 —	
	6. Ýmislegt annað efni	8000 —	
	7. Sæþráður yfir Hvalfjörð 3000 metrar á 3,00	9000 —	220430 kr.
b.	Eptirlit með tilbúningi efnis og flutningsgjöld á sjó og landi:		
	1. Eptirlit með gagndreyping stólpanna m. fl.	3000 kr.	
	2. Flutningsgjald á sæþræði	250 —	
	3. Flutningsgjald fyrir stólpana til Íslands	22000 —	
	4. Landflutningur á stólpunum	47250 —	
	5. Landflutningur á öðru efni	7000 —	
	6. Annar flutningur til landsins	5000 —	84500 —
c.	Kostnaður við verkstjórn og vinnu að símalagningunni og útbúnaði stöðvanna:		
	1. Yfirmaður í 150 daga á 25 kr.	3750 kr.	

		Fluttar	3750 kr	
2.	5 verkfræðingar í 120 daga á 15 kr.	9000	—	
3.	1 verkfræðingur í 120 daga á 10 kr.	1200	—	
4.	14 flokksstjórar í 110 daga á 8 kr....	12320	—	
5.	70 verkamenn vanir í 110 daga á 3,50	26950	—	
6.	170 verkamenn í 100 daga á 3,00	51000	—	
7.	2 montörar 130 daga á 7 kr.	1820	—	
8.	Ferðakostnaður yfirmanns og verkafólks	10400	—	
9.	Hestabrúkun	5000	—	
10.	Tjöld, verkfæri o. fl.	8000	—	
11.	Til verðlauna og þóknana...	4000	—	133440 kr.
d.	Verkfæri, símagögn, rafmagnstæki, prentun á ýmsu:			
1.	Taltæki m. m. handa 16 málsímastöðvum á 200 kr.	3200 kr.		
2.	Ritsímaáhöld í Reykjavík, Akureyri og ísl. deildinni í landtökustöðinni	3000	—	
3.	Skiptiborð og boxtelefóntæki í Reykjavík, Akureyri og landtökustöðinni	2500	—	
4.	Varaáhöld og batterí	500	—	
5.	Útbúnaður, handbækur, reikningsbækur o. s. frv. handa forstjóra og aðalstöðvum...	3500 kr.		
6.	Prentun á símgjaldskrám, reglum o. fl.	300	—	13000 kr.
e.	Óviss útgjöld	...	...	10000 —
		Samtals		461370 kr.
	Hér frá dregst framlag Mikla norræna ritsímafélagsins			292000 —
				169370 kr.

		1906—1907	
6.	Til starfsreksturs landsímasambandsins		
a.	Helmingurinn af kostnaðinum við símastöðina á landtökustaðnum	3150 kr.	8200 kr.
b.	Laun	3500 —	14000 —
c.	Til 16 talsímastöðva	250 —	960 —
d.	Húsaleiga í Reykjavík og Akureyri, svo og eldiviður og ljós	650 —	1600 —
e.	Til viðhalds landsímans		11875 —
f.	Eyðublöð, prentkostnaður, burðareyrir o. s. frv.	200 —	600 —
g.	Önnur útgjöld	500 —	1000 —
			38235 kr.

Við a. 1.

Samkvæmt mælingu Forbergs er símaleingdin frá Seyðisfirði til Reykjavíkur 613 kílómetrar, en til vara gerð 620; á láglendi eru ætlaðir alt í alt 21 staur á kílómeter, á hálendi 23, að meðaltali rúmlega 22, eða samtals 13680. — Í þessari áætlun eru meðtaldir þeir staurar, sem þarf til stuðnings (ca. 100), og nokkrir staurar, sem skildir verða eptir á ýmsum stöðum á leiðinni, til aðgerðar síðar.— Stuðning þarf mjög óvíða hér, af því að nálega alstaðar má fara nokkurnveginn beint, en stuðning þarf einkum þar sem myndast krappir krókar á línunni. — Vér höfum feingið glöggar upplýsingar um þetta frá Forberg, og segir hann, að sú áætlun, að styðja þurfi annanhvern staur, sé fjarstæða, sem ekki taki nokkru tali.

Við a. b.

Samkvæmt skýrslu Forbergs er hér átt við: 1. 905 kilo af málmþræði,

sem hafa á til að festa bronseþræðina við ísólatórana, 2. 29000 koparræmur til að vefja um bronseþræðina, þar sem þeir hvíla á ísólatórunum, 3. 305 kíló af kveikiþræði, og 228 kíló af kveikitini, hvorttveggja til að kveikja saman bronseþráðstúfana.

Við a. 7.

Forberg áætlar 9000 kr. til þess að kaupa og koma fyrir sæþræði yfir Hvalfjörð. Hver meter af vönduðum sæþræði, með tveim leiðslum innan í (fyrir símtal) kostar kr. 2,50, 3000 metrar því 7500 kr., og eru þá 1500 kr. ætlaðar til að *leggja* þennan sæþráð. Nú hefir Forberg skýrt oss frá því, að í Hvalfjörð fari ekki fullir 3000 metrar, heldur verði afgangs c. 300 metrar. Þann stúf ætlar hann í Héraðsvötnin, ef þar skyldi þurfa þráð, sem ekki er víst. — Hvergi annarsstaðar á landinu kemur til mála að *þráð þurfi í ár*. — Vegna ókunnugleika hefir Krarup búist við, að þess þyrfti víða, og því áætlað til þess 5000 metra af þræði fyrir 12500 kr. Í áætlun hans er ritvilla, 500 metrar í staðinn fyrir 5000 metrar, og hefir minni hluti ritsímanefndarinnar tekið upp þessa villu með öllu tilheyrandi.

Við b. 3.

Krarup telur að flutningur *allra* 16000 stauranna kosti 22000 kr., en segir jafnframt, að fást muni talsverð niðurfærsla á þeirri upphæð. Fullnaðarsamningur hans um farmgjaldið er auðvitað enn ókunnur. — Þar sem nú áætlað er hér 22000 kr. fyrir flutning á 13680 staurum, þá teljum vér fullvíst, að þessi upphæð nægi fyrir farmgjaldi, ábyrgð og uppskipun. Ábyrgð gerum vér ca. 500 kr. og uppskipun til jafnaðar 10 au. á stólpa = 1368 kr. Þetta er samtals 1868 kr. og eru þá eptir rúmar 20000 kr. fyrir farmgjaldinu, og er það vafalaust of hátt sett eptir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja. Að því er uppskipunina snertir er oss kunnugt um, að á svo slæmum stað sem Húsavík er nákvæm reynsla fyrir því, að uppskipun kostar ekki meira en 2% af verði timburs og 2% af 68400 kr. er 1368 kr. — Staurarnir mega auðvitað geymast úti og þarf eigi að ætla fé til kostnaðar við húsaleigu fyrir þá. — Vér viljum þó eptir atvikum eigi leggja til að þessi liður sé lækkaður. —

Við b. 4.

Oss er kunnugt um, að áður en þingi lýkur verða komin fram áreiðanleg tilboð um flutning á mestum hluta stauranna, tilboð, sem ekki fara fram úr áætlun Forbergs. Pétur alþingism. Jónsson hefir boðizt til að sjá um flutning stauranna frá Dimmafjallgarði til Akureyrar, einn erfiðasta hluta leiðarinnar, fyrir ekki hærra en Forberg áætlar. Það er meira en 1/4 alls landflutningskostnaðarins. — Það er því *einginn vafi* á, að áætlun Forbergs er fullhá, og alt tal og skrif um 10 kr. flutningskostnað eru öfgar einar, eins og flest annað í kostnaðaráætlunum minni hluta ritsímanefndarinnar. —

Við b. 5.

Samkvæmt áætlun Krarups nemur þetta 200 tonnum eða 2000 hestburðum. Forberg, sem hefir sundurliðaða áætlun um þetta, hefir skýrt oss frá, að það verði talsvert minna en 200 tonn. Hjá honum höfum vér og feingið að vita, að bronseþræðinum er skipt niður í hankir, sem hver er hægur baggi, 90—100 pd. og annað efni haft í kössum, sem eru álika þungir. Nú gerum vér að meðal

flutningsvegaleingd sé um 3 mílur, og ætlum 1 kr. (en það kostar víða alt að helmingi minna) fyrir að flytja hestburðinn mílu vegar, sem er í allra hæsta lagi; nemur þessi kostnaður því í hæsta lagi 6000 kr. Er því hér eins og annarstaðar gert ráð fyrir mjög ríflegri upphæð. —

Við b. 6.

Þessi áætlun er svo rífleg, að þar er efalaust nóg fé fyrir hendi til að borga flutningsgjald, ábyrgð, uppskipun og húsaleigu, ef með þarf; mest alt þetta efni má að ósekju geyma undir beru lopti, enda ekki víst, að það komi til landsins fyrr en með vorinu.—

Við c. 8.

Minni hluti ritsímanefndarinnar segir, að áætlun Forbergs um ferðakostnað útlendra verkamanna og verkstjóra nái eingri átt. Vér höfum því leitað oss upplýsinga hjá Forberg, og hefir hann skýrt oss frá, hvernig þessi áætlun hans er til komin. Kaupm. Fr. Wathne á Seyðisfirði hefir lofað að flytja hina 70 verkamenn á 2. farrými fyrir 35 kr. hvern fram og aptur, og skuli verkfræðingar og verkstjórar fá farið á fyrsta farrými fyrir sama verð; verður þá farið fyrir þessa 70 verkamenn 2450 kr. Verkamönnum eru ætlaðar 2 kr. í dagpeninga, og borgi þeir sjálfir fæði sitt. — Frá Álasundi til Seyðisfjarðar tekur ferðin um 4 daga; til Akureyrar um 7 daga. Forberg gerir þó, að ferðin fram og aptur muni taka sem svarar $17^1/_2$ degi á mann, og verða þá dagpeningar verkamannanna samtals 2450 kr., en allur ferðakostnaður verkamannanna 4900 kr. eins og stendur í áætlun Forbergs. Hann segir, að í Noregi sé svo auðvelt að fá vana verkamenn, að einginn efi sé á, að þeir muni ganga að þessum kostum, þar sem laung og velborguð sumarvinna er í boði. — Dagpeninga yfirmannanna, þar í talinn fæðiskostnaður á ferðinni, áætlar hann alls 2900 kr., en fargjald þeirra, samkvæmt því, er áður er sagt, 735 kr., og telur jafn víst, að þetta muni nægja. Ferðakostnaður 2 »montöra« fram og aptur frá Kaupmannahöfn er settur 365 kr. — og koma þá út eptir áætlun Forbergs 8900 kr. — Þegar þar við bætast 1500 kr., sem áætlaðar eru til ferðakostnaðar innlendra verkamanna, þá er öll upphæðin 10400 kr., eins og meiri hluti ritsímanefndarinnar áætlar, og sjáum vér ekki neitt athugavert við þá áætlun. — Vér þykjumst sjá, að meiri hlutinn hafi leitað upplýsinga hjá Forberg um þessa áætlun, og furðar oss að minni hlutinn skuli fara svo hörðum orðum um áætlunina, án þess að hafa leitað skýringa og upplýsinga.

Við c. 9.

Verkamönnum eru ætlaðir alls 52 hestar til smáflutninga á íarangri og efni, og er þar tekið tillit til þess að sumstaðar þurfi að flytja grjót að nokkurn veg. Það er gert ráð fyrir að kaupa hestana að vorinu og selja þá aptur að haustinu, og er gert ráð fyrir að 70 kr. kostnaður, þar með talin verðlækkun, falli á hvern hest, alls 3640 kr. Yfirmönnum eru ætlaðir 11 reiðhestar, og er gert ráð fyrir 100 kr. kostnaði á hverjum þeirra = 1100 kr.; 260 kr. eru ætlaðar til leigu fyrir hesta handa montörunum. Þetta er alls 5000 kr. Höfum vér talað nánar um alt þetta við Forberg, og sýnist oss áætlun hans mjög sennileg.

Við 6. b.

Í þessari upphæð er meðal annars ætlazt til, að sé fólgin laun um tveggja

mánaða tíma handa þeim manni, er á að verða símastjóri, til þess að hann geti kynt sér landsímann meðan á lagning hans stendur sumarið 1906.

Við 6. c.

Á hverri talsímastöð er ætlazt til að sé maður, talsímavörður, sem hringi til einhverrar af aðalstöðvunum (Rv. Ak. Söf.), ef eitthvað fer í ólag, til að fá vitneskju um, hvað gera skuli. Fyrir þetta gæzlustarf er ætluð 60 kr. þóknun á ári. Að öðru leyti er ætlazt til að talsímaverðir fái kaup sitt á þann hátt, að þeim beri 5 aurar af hverri þeirri borgun fyrir símtal, sem þeir taka við; þannig er þessu fyrirkomið í Noregi; þó er þar víða ekkert borgað fyrir gæzlustarfið. Um húsaleigu fyrir talsímaáhöldin getur ekki verið að ræða; þau eru mjög lítil fyrirferðar og munu verða höfð í stofum; er hægt að búa svo um, að sérstök bjalla sé í öðru herbergi, þar sem fólk er jafnan fyrir, t. d. í baðstofu. Í Noregi er reynsla fyrir því, að sveitaheimili keppast um talsímastöðvarnar með þessum kjörum, og erum vér þess fullvissir, að svo muni einnig verða hér. Til þess að vera talsímavörður þarf alls einga undirbúningsmentun, þess er t. d. alls ekki krafizt á sveitarstöðvum í Noregi. Það eitt er nóg, að menn kunni að lesa og skrifa, leggja saman og draga frá. Í kauptúnum hér á landi verður auðvitað auðvelt að fá talsímaverði, sem meiri mentun hafa, og það er fullreynt annarsstaðar, að landsímavörðum veitir auðvelt að taka móti orðsendingum á útlendum málum (þær eru stafaðar) og skrifa þær rétt upp. Það nær eingri átt að vera að tala um 500 kr. laun á ári og kunnáttu í 4 tungumálum fyrir utan íslenzku.

Við 6. e.

Hér hefir Forberg áætlað 6915 kr.; tjáir hann oss, að hann geri fyrir viðhaldi $1^1/_2$% af stofnkostnaði, en hann er samkv. hans áætlun 460,970 kr. Í Noregi hafi árl. viðhaldskostnaður verið til jafnaðar 2% í 50 ár, en þar sé þess að gæta, að leingi framan af hafi ekki verið nema 1 járnþráður (ritsími) á staurunum, mesti viðhaldskostnaðurinn því lagzt á staurana, en þeir endist margfalt skemur en þræðirnir; því meiri sem þráðakostnaðurinn sé í hlutfalli við allan stofnkostnað, þeim mun minni verði viðhaldsprócentan; nú sé þráðarkostnaðurinn hér (2 bronceþræðir) tiltölulega mikill, og þess vegna muni viðhaldsprócentan verða lág, og það því fremur sem staurarnir vafalaust muni yfirleitt endast miklu leingur hér á landi en í öðrum nálægum löndum. Hyggur hann að þeir muni endast mikið yfir 25 ár. — Enda þótt þessi röksemdafærsla Forbergs sé ljós og greinileg, höfum vér eigi viljað færa niður áætlun meiri hluta ritsímanefndarinnar, einkum þar sem búast má við, að einmitt 1. árið verði viðhaldskostnaðurinn í mesta lagi, þar sem þá munu koma í ljós allir smíðagallar, þeir er aldrei verður hjá komizt. — Öll áætlun minni hluta ritsímanefndarinnar um viðhaldskostnaðinn, er, eins og mart annað í því nefndarálíti, því líkust, sem hún sé ekki ætluð mönnum, er sé færir um að greina rétt frá raungu í þessu efni.

Eitt kostnaðaratriði, sem minni hluti ritsímannefndar telur, lítur út fyrir að meiri hlutanum hafi sézt yfir. Það er rentur af því sem ritsímafélagið borgar fyrirfram af tillaginu. Minni hluti ritsíman. telur, að þessi renta muni nema um 8000 kr. Auðvitað verður það ekki svo mikil upphæð. En þar sem meiri hlutinn gerir ráð fyrir, að stofnkostnaður landsímans verði 475,000 kr. en hin sundurliðaða áætlun er talsvert lægri, þá gerir þetta ekki neina verulega skekkju.

Meiri hluti ritsímanefndarinnar getur einnig tekið þetta til nýrrar yfirvegunar fyrir 3. umr. fjárl.

Vér leggjum það til, að þær 4000 kr., sem m. hl. ritsímanefndarinnar ætlar til kostnaðar við kenslu 4 íslenskra telegrafista, verði taldar með reksturskostnaði árið 1906, og komum með breytingartillögu, sem fer fram á það.

Vér viljum loks vekja athygli á því, að minni hluti ritsímanefndarinnar byggir ályktanir sínar og útreikninga á tveim raungum upphæðum, er hann skapar sér, og byggir síðan á. — Önnur er sú, að hann hækkar kostnaðaráætlun til ritsímalagningarinnar mjög (c. 150000 kr.), og er sú hækkun að sumu leyti gerð af handahófi, og að nær öllu leyti ástæðulaus og raung, eins og sýnt hefir verið að framan. Hin er sú, að hann dregur frá árlegum kostnaði við loftskeytasamband 54000 kr., er hann ætlazt til að vér fáum frá Dönum til þess. Það er víst nóg, að benda að eins á þetta, því þeir munu vera teljandi, hugsandi manna, að undanteknum háttv. minni hl. ritsímanefndarinnar, sem vilja byggja á því. — Vér teljum *alls eingar* líkur til að þetta feingist. Það er á *þennan* hátt, að þær verða til, þessar fjarstæðu tölur og ályktanir, sem minni hl. ritsímanefndarinnar kemst að.

Vér höfum tekið til sérstakrar athugunar þá hlið þessa máls, sem um það snýst, hvort ráðherrann hafi haft rétt og heimild til að gera samninginn. Með skírskotun til álits meiri hluta ritsímanefndarinnar, sem vér að mestu föllumst á, látum vér hér með í ljós það eindregið álit vort, að ráðherrann hafi ekki einungis haft þingræðislegan *rétt* til að semja um málið, heldur hafi það og verið bein *skylda* hans.

Neðri deild Alþingis 10. Ág. 1905.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. — Pétur Jónsson skrifari og framsögumaður.

Lárus H. Bjarnason, Jón Jónsson, Þórh. Bjarnason.

Nefndarálit

frá minni hluta fjárlaganefndarinnar í neðri deild Alþingis.

Við undirritaðir höfum eigi getað orðið sammála meðnefndarmönnum okkar, að því er snertir 12. gr. D. í fjárlagafrumvarpinu, þar sem við föllumst á tillögur minni hluta nefndarinnar í hraðskeytamálinu, og ráðum hinni háttvirtu deild til að samþykkja tillögur hans.

Þetta nefndarálit okkar mun verða ýtarlega rökstutt við framsögu málsins, og leyfum við okkur að öðru leyti að skírskota til nefndarálits minni hluta nefndarinnar í hraðskeytamálinu.

Alþingi, 10. Ágúst 1905.

Skúli Thoroddsen, framsögumaður minni hlutans. — Stefán Stefánsson, þm. Skf.

Nd. **364. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907,
frá meiri hluta fjárlaganefndarinnar.

1. Við D. 4. Töluliðurinn falli burtu.
2. — — 6. Á undan staflið a, komi nýr stafliður:
   a. Námsstyrkur til 4 hérlendra manna til að nema fiðritun 4000 (f. árið).
   Stafliðirnir breytist samkvæmt þessu.

Ed. **365. Nefndarálit**
í frumvarpi til laga um sölutoll á bitterum og patentlyfjum í glösum, flöskum eða öskjum.

Nefnd sú, er hin háttvirta efri deild fól að athuga frumvarp þetta, álítur að æskilegt væri, að það næði fram að ganga með breytingum þeim, er hér fara á eptir. Breytingartillagan við 1. gr., er geingur út á það, að nema í burtu úr frumvarpinu »patentlyf í glösum, flöskum, öskjum eða því um líku« er að því leyti breyting á aðalefni frumvarpsins, sem þessar vörutegundir eru ekki taldar með og ná því lögin að eins til bittera. Nefndin treysti sér ekki til, að halda þessu ákvæði um patentlyfin, bæði sökum þess að torvelt mundi reynast að finna hlutfallslega réttláta tolla, er hér ættu við, eins og einnig hitt að geta með réttu greint í sundur, hvað teljast ætti til slíkra lyfja, auk þess sem nokkur þessara svokölluðu patentlyfja kunna að teljast nauðsynleg læknismeðul, jafnvel þó þau ekki standi á lyfjaskrám lyfsalanna.

Hinar aðrar breytingartillögur eru ekki þess eðlis, eða svo mikilsvarðandi, að nefndinni þyki ástæða til að taka fram ástæður fyrir þeim hér, en mun gera skýra grein fyrir þeim við framsögu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein þessarar greinar orðist svo: Af öllum bitterum skal greiða sölutoll jafnháan aðflutningsgjaldinu, samkvæmt tollögum þeim, er í hvert sinn kunna að gilda.
2. — 1. — Í stað orðsins »ílátið« í síðari málsgrein þessarar greinar komi: ílát það er bitterinn er seldur í.
3. 2. gr. frumvarpsins falli burt.
4. — 3. — (sem verður 2. gr.) í annari línu komi orðið: sem á eptir orðinu: »hvort«.
5. — 3. — falli í burtu: »3 ×«.

6. — 3. — Í stað setningarinnar: »ekki minna en 3. mánaða« komi: alt að 18 mánuðum.
7. — 5. — (sem verður 3. gr) í stað töluorðsins: »3« komi: 2.
8. Ný grein bætist við sem verður 4. gr. er hljóði svo: »Eptirmyndun eða fölsun tollfrímerkja varðar sömu refsing sem ákveðin er með almennum hegningarlögum frá 25. Júní 1869, 266. gr., fyrir eptirmyndun eða fölsun á dönskum peningum eða seðlum þjóðbankans. Glæpurinn er fullnaður þegar búið er að eptirmynda eða falsa tollfrímerkið, þótt ekki sé búið að láta það úti«.
9. Við 4. gr. (sem verður 5. gr.) orðið: »téðum« og orðin: »eða lyfjum« í 3. línu fyrri málsgreinar falli burt.
10. — 4. — Í stað orðsins: »þau« í síðustu línu fyrri málsgreinar komi: þeim.
11. — 4. — Í stað orðanna: »þessum vörum« í fyrri línu síðari málsgreinar komi: þessari vöru.
12. Í stað 6. gr., sem falli burt, komi ný grein er hljóði svo: Um tilbúning og sölu tollfrímerkja og reikningsskil fyrir sölutollinum gerir stjórnarráðið nauðsynlegar ráðstafanir.
13. Við fyrirsögn frumvarpsins. Úr fyrirsögn frumv. falli burt: »og patentlyfjum í glösum, flöskum eða öskjum«.

Alþingi 10. Ágúst 1905.

Jón Ólafsson, formaður. Ágúst Flygenring, skrifari og framsögum.
Jóh. Jóhannesson.

Ed.

366. Frumvarp

til laga um vindlatoll.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson, Ág. Flygenring, Þórarinn Jónsson, Jóh. Jóhannesson, Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Aðflutningsgjald af vindlum skal vera 1 kr. 50 au. af hundraði hverju, ef hundraðið vegur ekki yfir 75 kvint. Af þyngri vindlum hækkar tollurinn um 50 au. á hundraði fyrir hver 25 kvint, eða minna, er hundraðið vegur umfram.

2. gr.

Af vindlum, sem hér á landi eru tilbúnir, skal greiða sölutoll jafnháan aðflutningstollinum.

3. gr.

Bæði aðflutningstoll og sölutoll skal greiða með tollfrímerkjum, sem líma skal á kassann, eða ílátið, sem vindlarnir eru seldir í, þannig, að ílátið verði ekki opnað á venjulegan hátt án þess að rífa frímerkið.

4. gr.

Upp frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, má ekki selja tóbaksvindla heildsölu (en gros) hér á landi nema í kössum, eða öðrum þeim ílátum, sem auðvelt er að tollfrímerkja, og skal hvert ílát innihalda 25, 50, 100 eða 500 vindla og ekki aðra tölu.

5. gr.

Það er glæpur, að losa frímerkið af ílátinu órifið, svo að það verði notað á ný, hvort sem það er notað svo eða ekki, og varðar fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga, eða betrunarhússvinnu, ef talsverð tollsvik hafa svo framin verið, alt að 18 mánuðum. Sama varðar að opna tollfrímerkt ílát án þess að rífa frímerki.

6. gr.

Það eru tollsvik og varðar sömu refsing sem í 5. gr. er ákveðin, að selja ofannefndan varning heildsölu öðruvísi en í tollfrímerktum ílátum.

7. gr.

Að eptirmynda tollfrímerki, eða falsa þau, varðar sömu hegningu sem ákveðin er í almennum hegningarlögum 25. Júní 1869, 266. gr. fyrir eptirmyndun og fölsun á dönskum peningum eða seðlum þjóðbankans. Glæpurinn er fullnaður, þá er búið er að eptirmynda eða falsa tollfrímerkið, þótt ekki hafi það verið notað.

8. gr.

Fyrsta virkan dag í Janúarmánuði næsta, eða fyrstu daga þar á eptir svo fljótt sem því verður við komið, skal tollheimtumaður setja ókeypis tollfrímerki á öll ílát með vindlum, sem kaupmenn hér á landi hafa þá í vörzlum sínum, ef þeir hafa áður greitt aðflutningstoll af vindlunum. Um sama leyti skal setja tollfrímerki á öll ílát með vindlum, sem hér í landi eru tilbúnir og þá eru í vörzlum tóbaksverksmiðjanna, eða kaupmanna hér á landi, og greiði þeir andvirði frímerkjanna.

9. gr.

Þá er hérlendir vindlaverksmiðjueigendur greiða sölutoll af vindlum, er þeir hafa, búið til hér á landi, skal tollheimtumaður veita þeim 25% afslátt á andvirði frímerkjanna, í þeim notum, að þeir hafi áður aðflutningstoll greitt af hinu ónunna tóbaki, sem vindlarnir eru úr gerðir, en líma skal fulla upphæð frímerkja á ílátin eingu að síður.

10. gr.

Um tilbúning og sölu tollfrímerkja svo og um reikningsskil fyrir tollinum gerir stjórnarráðið nauðsynlegar ráðstafanir.

11. gr.

Með þessum lögum eru úr lögum numin ákvæði tolllaga fyrir Ísland 8. Nóv. 1901 um aðflutningsgjald af vindlum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Nd. **367. Frumvarp**
til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
(Eptir 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Á árunum 1906 og 1907 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,799,610 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,503,300 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a. á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b. á lausafé	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	10,000	10,000	20,000
3. tekjuskattur	16,000	16,000	32,000
4. aukatekjur	38,000	38,000	76,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	10,000	10,000	20,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf	3,800	3,800	7,600
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2 % í innheimtulaun	65,000	65,000	130,000
9. aðflutningsgjald af áfeingum drykkjum, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	120,000	120,000	240,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	110,000	110,000	220,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	250,000	250,000	500,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulade og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	8,000	8,000	16,000
13. leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfeingra drykkja	18,000	18,000	36,000
14. tekjur af póstferðum	40,000	40,000	80,000
15. tekjur af símum landsins	2,500	20,000	22,500
16. arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	600	600	1,200
17. óvissar tekjur	5,000	5,000	10,000
Samtals	742,900	760,400	1,503,300

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 54,110 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls ... ... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Styrkurinn til húsabóta sé bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minsta lagi 1/3 kostnaðarins. Þar sem því verður við komið, skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eptir ráði verkfræðings, er það er sérstaklega falið.			
2. tekjur af kirkjum	65	65	130
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
4. Tekjur af brennisteinsnámum	900	1,080	1,980
5. Tekjur af Eldey	1,000	1,000	2,000
Samtals ...	26,965	27,145	54,110

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 113,000 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	40,000	39,000	79,000
Upp í lán verður borgað: á árinu 1906 45,654 kr. 21 a. - — 1907 43,381 — 91 - = 89,036 kr. 12 a.			
Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eptirgjöf á 200 kr. hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. 19/2 1898.			
Flutt ...	40,000	39,000	79,000

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	40,000	39,000	79,000
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans ..	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufé í bönkum og af banka-vaxtabréfum	9,500	9,500	19,000
Samtals ...	57,000	56,000	113,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1906.	1997.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. Febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna ..	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.	2,000	2,000	4,000
Samtals ...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði er 120,000 kr., sem sé 60,000 kr. hvort árið.

2. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Á árunum 1906 og 1907 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar eru skýrt frá í 8.—18. gr. 2,209,849 kr. 64 a.

8. gr.

Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins veitast 96,000 kr.:

		1906.	1907.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherrans:				
a. laun	8,000 kr.			
b. til risnu...	2,000 —			
c. uppbót fyrir embættisbústað .	2.000 —			
		12,000	12,000	24,000
Flyt...		12,000	12,000	24,000

	1906.	1907.	Alls.
Flutt...	12,000	12,000	24,000
2. Til utanferða ráðherrans	2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra	10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar... ...	14,500	14,500	29,000
6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum	2,500	2,500	5,000
7. Til viðhalds á stjórnarráðshúsinu	500	500	1,000
Samtals ...	48,000	48,000	96,000

9. gr.

Til kostnaðar við Alþingi veitast 40,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 41,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 203,680 kr.

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn:					
1. laun:					
a. til dómara og sýslumanna			68,800	68,800	
b. til hreppstjóra			8,000	8,000	
2. ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...			1,400	1,400	
3. til hegningarhússins í Reykjavík:					
a. laun umsjónarmannsins	1,000 kr.	1,000 kr.			
b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns ...	200 —	200 —			
c. 3 skamtar af miðdegism. handa fangaverði 21 e...	230 —	230 —			
d. viðurværi handa faungum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —			
e. til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
f. þvottur...	30 —	30 —			
g. til þess að útvega verkefni	500 —	500 —			
h. útgjöld við húsið sjálft og áhöld ...	400 —	400 —			
Flyt...	4,105 kr.	4,105 kr.	78,200	78,200	

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	4,130 kr.	4,130 kr.	78,200	78,200	
i. þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
j. þóknun handa lækni	60 —	60 —			
k. ýmisleg útgjöld ...	150 —	150 —			
			4,415	4,415	
4. Kostnaður við viðhald fangelsanna			300	300	
5. Til byggingar ráðhúss og fangelsis á Akureyri			4,000	»	
Stjórninni veitist heimild til að selja eign landssjóðs í ráðhúsinu á Akureyri fyrir að minsta kosti 2000 kr., og dregst söluverðið frá hinni veittu fjárupphæð. Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að lagðar verði til byggingarinnar annarsstaðar frá að minsta kosti 8000 kr. og bókasafni Norðuramtsins ætlað hæfilegt rúm í húsinu.					
6. Önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn		1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirréttinn		50 —			
c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum...		50 —			
d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl.		50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál...		300 —			
g. útgjöld við sáttamál		50 —			
h. til að útvega eldtraustan járnskáp handa bæjarfógetaembættinu á Ísafiði og sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu alt að (fyrra árið)		300 —			
			5,400	5,100	
			92,315	88,015	
					180,330
		Flyt ...	.....	.....	180,330

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	.....	.....	180,330
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út Stjórnartíðindi og Landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar Stjórnartíðindanna (50 arkir), alt að 32 kr. örkin ... ... 1,600 –			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við Landshagsskýrslur ... ... 2,400 —			
d. til kostnaðar við sending með póstum ... ... 450 —			
e. til þess að gefa út registur við Stjórnartíðindin, 30 fyrstu árgangana (fyrra árið) ... ... 1,550 —			
	6,450	4,900	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. bruna-ábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. til embættiseptirlitsferða...	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. til útgjalda við eptirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	1,000	1,000	
7. útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
	12,450	10,900	
			23,350
Samtals ...	.....	.....	203,680

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 234,856 kr. 64 a.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	71,850	71,850	143,700
2. Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri	800	800	1,600
Flyt ...	72,650	72,650	145,300

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	72,650	72,650	145,300
3. styrkur til Guðm. héraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sé búsettur í Hafnarfirði	800	800	1,600
4. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga	150	150	300
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar í öllum hreppum hlutaðeigandi læknishéraðs.			
5. a. styrkur til augnalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði....	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi hvort árið allt að 300 kr.	300	300	600
6. styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
7. útgjöld við holdsveikraspítalann:			
	1906. kr. a.	1907. kr. a.	
a. laun til starfsmanna	5,365	5,365	
b. viðurværi: kr. a.			
1. handa 60 sjúklingum, 38½ a. á dag 8,431,50			
2. handa 18 starfsmönnum, 239 kr. 35 a. á ári. 4,308,30			
	12,739,80	12,739,80	
c. klæðnaður sjúklinga	800	800	
d. meðul og sáraumbúnaður	1,400	1,400	
Flyt ...	20,304,80	20,304,80	76,900	76,900	153,800

	1906. kr. a.	1907. kr. a.	1906. kr. a.	1907. kr. a.	Alls. kr. a.
Fluttar ...	20,304,80	20,304,80	76,900	76,900	153,800
e. eldsneyti	2,915	2,915			
f. ljósmeti	650	650			
Læknir spítalans hefir ókeypis ljós og eldivið í bústað sínum á spítalanum.					
g. viðhald á húsum ...	2,600	1,200			
h. húsbúnaður og áhöld	800	800			
i. þvottur og ræsting .	800	800			
k. greptrunarkostnaður .	275	275			
l. flutningskostnaður .	30	30			
m. til að skemta sjúklingum	200	200			
n. hesta- og hænsnafóður	125	125			
o. skattar og brunaábyrgðargjald	728,52	728,52			
p. ýmisleg útgjöld	700	700	30,128,32	28,728,32	58,856,64
8. útgjöld við bólusetningar			500	500	1,000
9. önnur útgjöld:					
a. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri		400 kr.			
b. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði		400 —			
c. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði		400 —			
d. styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði		200 —			
e. Til sjúkraskýlis á Sauðárkrók f. á.		2000 —			
f. Til sjúkraskýlis á Vopnafirði. f. á. Styrkir þessir veitast með því skilyrði, að sjúkraskýlin hafi rúm fyrir að minsta kosti 8 sjúklinga hið fyrnefnda og 3 sjúklinga hið síðarnefnda, og að hlutaðeigandi sýslufélög taki sjúkraskýlin að sér til eignar og reksturs.		600 —			
g. til náms yfirsetukvenna		2,000 —			
h. til verkfæra handa yfirsetukonum		400 —			
i. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. Janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		2,000 —			
Flyt ...		8,400 kr.	107,528,32	106,128,32	213,656,64

		1906.	1907.	Alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar	8,400 kr.	107,528,32	106,128,32	213,656,64
k. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. Nóvember 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000 —			
l. til þess að fullgera sóttvarnarhúsið í Reykjavík (fyrra árið).	5,000 —	14,400	6,800	21,600
Samtals ...		121,928,32	112,928,32	234,856,64

12. gr.

Til samgaungumála veitast 802,037 kr.

		1906.	1907.	Alls.
A.		kr.	kr.	kr.
Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur... ...	11,000 —			
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík ... ... þar af 500 kr.. sem launaviðbót handa núverandi fyrsta póstafgreiðslumanni.	4,200 —			
c. handa brjefhirðingamönnum...	6,500 —	24,700	24,700	
2. póstflutningur		48,000	48,000	
Þar af alt að 8000 kr. hvort árið til hlutafélagsins Thore og hlutafélagsins »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja alls konar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip félaganna sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sje fyrir fram.				
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. Júní til 1. Okt. frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að		600	600	
Ráðherrann samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.				
Flyt ...		73,300	73,300	

		1906.	1907.	Alls.
		kr.	kr,	kr.
	Fluttar ...	73,300	73,300	
4. önnur útgjöld:				
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistara	2,000 kr.			
b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um	200 —			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans	200 —			
d. fyrir prentun á ýmsu	1,000 —			
e. til áhalda	1,500 —			
f. til bréfaburðar í Reykjavík ...	800 —			
g. til bréfaburðar í öðrum kaupstöðum	400 —			
h. óviss útgjöld	200 —			
i. til viðhalds húsi og áhöldum	100 —			
		6,400	6,400	
		79,700	79,700	159,400
B.				
Til vegabóta:				
1. til verkfræðings landsins:	kr.			
a. laun	3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar á ferðum með strandbátum	500			
		3,500	3,500	
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við samgöngubætur, alt að		1,500	1,500	
3. til flutningabrauta:				
þar af:	1906. 1907.			
til flutningabrautar á Fagradal	10,000 20,000			
til flutningabrautar upp Borgarfjörð	8,000			
til viðhalds flutningabrauta	12,000 12,000			
		22,000	40,000	
4. til þjóðvega				
þar af:				
í Suður-amtinu	6,000 6,000			
- Vestur-amtinu	4,000 8,000			
- Norður-amtinu	8,000 12,000			
- Austur-amtinu	3,000 14,000			
		21,000	40,000	
Þar af til vegagerðar í Austur-Skaptafellssýslu 4000 kr. síðara árið.				
Af þjóðvegafé til Suðuramtsins má verja 4000 kr. til þjóðvegarins upp Mosfellssveit gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að.				
	Flyt...	48,000	85,000	159,400

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	48,000	85,000	159,400
5. til fjallvega	2,000	6,000	
6. til áhalda	2,000	2,000	
7. til sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa Tillag þetta er því skilyrði bundið, að samtímis sé jafnmiklu fé varið til nefnds vegar annarsstaðar frá, og það fé sé eigi tekið af lögákveðnu sýsluvegagjaldi eða hreppavegagjaldi, og verkfróður maður standi fyrir verkinu.	2,800	2,800	
8. Til vegar í Vestmannaeyjum	1,000		
9. Til vegagerðar á Breiðdalsheiði, frá Seljalandsósi í Skutulsfirði, að Neðri-Breiðadal í Önundarfirði, ... Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi sýslufélög leggi til vegarins að minsta kosti 1000 krónur.	5,000		
10. Til brúargerðar á Hólmsá og Skaptár-eldvatni í Vestur-Skaptafellssýslu ... ... Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að sýslufélagið leggi til þessa verks að minsta kosti 2000 kr.	.....	12,000	
11. til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði	300	300	
12. Til akbrautar frá Flatholti fyrir ofan Bitru upp Skeiðin að Stóru Laxá ... ... Gegn því að 13,000 kr. verði lagðar fram annarsstaðar frá.	6,000	6,000	
13. Styrkur til brúargerðar á Jökulsá í Jökuldal, þó eigi yfir helming brúarkostnaðar, eða alt að	3,000		
	69,300	114,100	183,400
C.			
1. Til gufuskipaferða: Til hins sameinaða gufuskipafélags, að því tilskildu, að ferðirnar til Íslands verði 30, að viðkomur í Færeyjum sé eins og í gildandi ferðaáætlun félagsins, að fargjöld og farmgjöld verði eigi hærri en nú eru, að Íslendingar, sem ferðast á fyrsta farrými, megi bæði á milli landa og með ströndum fram kaupa fæði sitt á 2. farrými, og sé eigi skyldir til að kaupa fæði á ferðum			
Flyt ...	.....	.....	342,800

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	.....	.....	342,800
með landi fram; að alt að 25 stúdententum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslenzku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og enn fremur að því tilskildu, að fjelagið flytji innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem það hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi milli Íslands og Skotlands	30,000	30,000	
2. Til gufubátaferða alt að ... ... Fénu má verja þannig hvort árið: Til bátaferða á Faxaflóa alt að 12000 kr. — —— - Breiðafirði alt að 8000 — — —— - Ísafirði alt að 5000 kr. — —— - Eyjafirði alt að 3000 kr. Stjórnarráðið semur við útgerðarmenn bátanna um skilyrði, er þeir verða að hlíta, og árstillög til þeirra, það samþykkir fargjöld og farmgjöld svo og ferðaáætlanir bátanna að feingnum tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarsjórna. Styrkveitingarnar greiðist með því skilyrði, að bátarnir flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum viðkomustaðanna án sérstaks endurgjalds.	28,000	28,000	
3. Styrkur til gufu- og mótorbátsferða á milli Vestmanneyja og Rangársands ... ... Sýslunefnd Rangárvallasýslu semur um ferðirnar og tekur á móti styrknum.	300	300	
4. Til mótorbáts á Lagarfljóti	500		
	58,800	58,300	117,100
D. Til ritsíma og málþráða.			
1. Fyrsta og önnur afborgun af 20 ára ársgreiðslu til stóra norræna ritsímafélagsins fyrir að koma á og halda uppi sæsímasambandi milli Hjaltlands og Íslands yfir Færeyjar, og fyrir 300,000 kr. framlag félagsins til landsímalagningar frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur	35,000	35,000	
Flyt ...	35,000	35,000	460,300

			1906.	1907.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar ...		35,000	35,000	460,300
2.	Til landsímalagningar og málþráðasambands frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur:				
		kr. kr.			
	a. efni til landlínunnar ...	220,430			
	b. eptirlit með tilbúningi efnis og flutningsgjöld á sjó og landi	84,500			
	c. kostnaður við verkstjórn og vinnu að símalagningunni og útbúnaði stöðvanna ...	133,440			
	d. verkfæri, símagögn, rafmagnstæki, prentun á ýmsu	13,000			
	e. Óviss útgjöld og borgun til hins tekniska ráðunauts stjórnarinnar ...	10,000			
		461,370			
	Hér frá dregst framlag stóra norræna ritsímafjelagsins	292,000			
		169,370			
3.	Til þess að kaupa og flytja hingað til lands 2500 auka-staura og annað verkefni	14,000			
			183,370		
4.	Til þess að mæla upp landsímalínuna og setja kílometramerki		.....	3,000	
5.	til starfsreksturs landsímasambandsins:				
		1906 1907 kr. kr.			
	a. Námsstyrkur til 4 hérlendra manna til þess að nema firðritun	4,000			
	b. helmingur af kostnaðinum við símastöðina á landtökustaðnum	3,150 8,200			
	c. laun	3,500 14,000			
	d. til 16 talsímastöðva	250 960			
	Flyt ...	10,900 23,160	218,370	38,000	460,300

	1906. kr.	1907. kr.	1906. kr. a.	1907. kr. a.	Alls. kr. a.
Fluttar ...	10,900	23,160	218,370	38,000	460,300
e. húsaleiga í Reykjavík og Akureyri, svo og eldiviður og ljós...	650	1,600			
f. til viðhalds landsímans ...	»	11,875			
g. eyðublöð, prentkostnaður burðareyrir o. s. frv. ...	200	600			
h. önnur útgjöld	500	1,000			
			12,250	38,235	
			230,620	76,235	306,855
E.					
Til vita:					
til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa			300	300	
til eptirlitsferða			100	100	
til vitans á Reykjanesi:		kr.			
1. til launa vitavarðar		1,200			
2. fyrir olíu		250			
3. — steinkol		160			
4. flutningskostnaður		300			
5. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		500			
6. eptirgjald eptir lóðina		30			
			2,440	2,440	
til vitans á Skagatá:					
1. til vitavarðar		400			
2. fyrir olíu		175			
3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		300			
4. steinkol		100			
5. flutningskostnaður		100			
6. eptirgjald fyrir lóðina		16			
7. til að byggja varðklefa við vitann f. á.		350			
			1,441	1,091	
til vitans við Gróttu:					
1. til vitavarðar		400			
2. fyrir olíu		150			
3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		200			
4. steinkol		60			
5. flutningskostnaður		40			
			850	850	
Flyt ...			5,131	4,781	767,155

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	5,131	4,781	767,155
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð	600	600	
Þar af 400 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.			
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:			
kr.			
1. til vitavarðar 400			
2. fyrir olíu 125			
3. til viðhalds á húsum, áhöldum o. fl. 150			
4. flutningskostnaður 25			
	700	700	
h. til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:			
1. til vitavarðar 400			
2. til lóðargjalds 10			
3. fyrir olíu 200			
4. — viðhalds húsum. áhöldum o.fl. 200			
5. fyrir steinkol 100			
6. flutningskostnaður 50			
	960	960	
i. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	100	100	
k. til vita á Skipaskaga	300	300	
l. til vita á Elliðaey á Breiðafirði	400	400	
m. til að byggja vita á Vestmannaeyjum:			
a. til að byggja vita (fyrra árið)	15,000		
b. kostnaður við vitahaldið	....	850	
n. Til rannsóknar vitastæða og áætlana alt að	3,000		
	26,191	8,691	
			34,882
Samtals ...	.....	.....	802,037

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 320,956 kr.:

			1906.	1907.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
	A.				
	Í þarfir andlegu stjettarinnar:				
a.	1. laun biskupsins	7,000			
	2. skrifstofukostnaður...	1,000			
b.	önnur útgjöld:		8,000	8,000	
	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. Febr. 1880, 1. gr.		9,500	9,500	
	2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum ... ... Ráðherrann úthlutar styrknum eptir tillögum biskups.		6,000	5,200	
	3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti		600	600	
	4. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum		3,500	3,500	
			27,600	26,800	
					54,400
	B.				
	Til kenslumála.				
	I. Til prestaskólans:				
a.	laun		9,200	9,200	
b.	önnur útgjöld:	1906 kr. / 1907 kr.			
	1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum	960 / 960			
	2. námsstyrkur . ... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,000 / 1,000			
	3. til tímakenslu	100 / 100			
	4. til bókakaupa	300 / 300			
	5. til eldiviðar og ljósa... ...	150 / 150			
	6. til umsjónar	100 / 100			
	7. ýmisleg útgjöld	250 / 250			
	Flyt ...	2,860 / 2,860	9,200	9,200	54,400

	1906. kr.	1907. kr.	1906. kr. a.	1907. kr. a.	Alls. kr. a.
Fluttar ...	2,860	2,860	9,200	9,200	54,400
8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að	250	250	3,110	3,110	
			12,310	12,310	24,620
II. Til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:					
1. námsstyrkur	1,200 kr.				
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.					
2. eldiviður ljós og ræsting	300 —				
3. til bókakaupa, verkfæra og kennsluáhalda	500 —				
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —				
5. húsaleigustyrkur handa 10 nemendum...	800 —				
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 80 kr.					
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði	200 —				
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að	200 —				
8. ýmisleg útgjöld	200 —				
			3,700	3,700	
c. til þess að leigja hús handa læknaskólanum			1,000	1,000	
			7,900	7,900	15,800
III. Til hins almenna menntaskóla					
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfé:					
handa saungkennaranum	600 kr.				
— fimleikakennaranum	700 —				
— dyraverði	1,100 —				
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans	200 —				
			2,600	2,600	
		Flyt ...	21,800	21,800	94,820

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	21,800	21,800	94,820

c. önnur útgjöld:

	1906 kr.	1907 kr.			
1. til bókasafns skólans	300	300			
2. til eldiviðar og ljósa	1,400	1,400			
3. til skólahússins utan og innan	1,400	1,400			
4. til tímakenslu og prófdómenda	2,800	2,800			
5. námsstyrkur . ... Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	2,000	2,000			
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720	720			
7. þóknun handa lækni	100	100			
8. ýmisleg útgjöld	1,000	1,000			
9. fyrir prestsverk	48	48			
10. til vísindalegra áhalda við kenslu	450	450			
11. til þess að gefa út kenslubækur handa hinum alm. mentaskóla, 30 kr. fyrir örkina	600	600			
12. til áhalda við fimleikakenslu	100	100			
13. Til verðlaunabóka	300	300			
14. Til að útbúa stofu til handavinnu	2,500				
15. Til að kaupa smíðatól ...	800				
			14,518	11,218	
			36,318	33,018	
					69,336
Flyt ...			.....	.....	164,156

	1906	1907	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	.....	.....	164,156
IV. Til gagnfræðaskóla á Akureyri:			
a. laun	7,400	7,400	
b. önnur útgjöld:			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna	1000	600	
2. til eldiviðar og ljósa ...	500	500	
3. til tímakenslu	1200	1200	
4. til styrkveitingar námspiltum	400	400	
5. ýmisleg útgjöld...	800	800	
	3,900	3,500	
	11,300	10,900	22,200
V. Til stýrimannaskólans:			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:			
1. til tímakenslu	1,400	1,400	
2. til áhaldakaupa o. fl. ...	400	400	
3. til eldiviðar og ljósa ...	500	500	
4. ýmisleg útgjöld	500	500	
	2,800	2,800	
	6,000	6,000	12,000
VI. Til annarar kenslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík . ... Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.	2,500	2,500	
2. til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum	500	500	
3. til kvennaskólans á Blönduósi...	1,500	1,500	
4. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að...	1,600	1,600	
Flyt ...	6,100	6,100	 198,356

	1906. kr.	1907. kr.	1906 kr.	1897 kr.	Alls kr.
Fluttar ...	6,100	6,100	.....	.....	198,356
5. til kvennaskólans á Akureyri til þess að halda áfram kenslunni til vordaga 1906 (f. árið)	1,500	»			
			7,600	6,100	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum			10,000	10,000	
Styrkur þessi veitist einkum eptir leingd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.					
2. til sveitakennara, alt að 100 kr. til hvers			10,000	10,000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis, að minsta kosti helming á móts við landssjóðsstyrk.					
3. til unglingaskóla, þó eigi yfir 500 kr. til hvers, alt að...			2,000	3,000	
Styrkur þessi veitist gegn því skilyrði, að til kenslunnar sé varið úr sveitarsjóði eða annarstaðar að eigi minna en styrknum nemur. Nánari skilyrði fyrir styrkveitingum þessum semur stjórnarráðið eptir tillögum umsjónarmannsins yfir barnaskólum og alþýðufræðslu.					
4. styrkur til þess að koma upp heimavistarbarnaskólum til sveita, með því fyrirkomulagi, er stjórnarráðið ákveður, og að því tilskildu, að skólahéraðið leggi fram að minsta kosti jafnmikið fé til byggingarinnar				10,000	
5. þóknun til umsjónarmanns yfir barnaskólum og alþýðufræðslu			2,500	2,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu			3,200	3,200	
Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.					
e. námsstyrkur handa kennaraefnum, alt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
f. til skólaiðnaðar-kenslu			500	500	
g. til Stúdentafélagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum			500	500	
Flyt ...			39,400	48,900	198,356

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	39,400	48,900	198,356
h. til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
i. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
j. styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur ... ... Þar af heimilast stjórninni alt að 500 kr. hvort árið, til þess að láta semja lestrarbók handa alþýðuskólum.	800	800	
k. til kenslu heyrnar- og málleysingja	5,000	5,000	
l. til kenslu blinds dreings Erlends Páls Jónssonar í Danmörku	300	300	
m. Styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur hans á vitfirringastofnuninni Karensminde	150	150	
n. til lýðháskólans í Bakkakoti í Borgarfirði . ... 1,000 kr. til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, allt að . 600 —	1,600	1,600	
	47,750	57,250	105,000
VII. Til sundkennslu.			
a. í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b. til sundkenslu annarsstaðar ... ... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,300	1,300	2,600
Flyt ...	.....	.....	305,956

		1906.	1907.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	.....	.....	305,956
VIII.	Styrkur til Stefáns Eirikssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	
IX.	Styrkur til lögfræðings til þess að búa sig undir að verða kennari við lagaskólann	2,500	2,500	
X.	Til sýslunefnda, til þess að halda uppi fræðandi og vekjandi fyrirlestrasamkomum til sveita á vetrum	3,000	5,000	
		6,500	8,500	15,000
	Samtals ...	.....	.....	320,956

14. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast 94,420 kr.:

		1906.	1907.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	til Landsbókasafnsins:			
		kr.		
	a. laun bókavarðar	1,800		
	b. til aðstoðarmanns við Landsbókasafnið	900		
	c. til að kaupa bækur og handrit ...	5,000		
	d. til bókbands	1,000		
	e. til samningar spjaldskrár (eptir reikningi)	1,200		
	f. fyrir afskriptir (eptir reikningi) ...	800		
	g. til að prenta ritaukaskrár	200		
	h. til eldiviðar og áhalda m. m. ...	500		
	i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið ...	360		
			11,760	11,760
2.	a. til amtsbókasafns Norðuramtsins	500 kr.		
	b. til —— Austuramtsins	400 —		
	c. til —— Vesturamtsins	400 —		
			1,300	1,300
	Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
	Flyt ...		13,060	13,060

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	13,060	13,060	
3. til sýslubókasafna og lestrarsala í kaupstöðum alt að 150 kr. til hvers, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, alt að	1,500	1,500	
Landsstjórninni sé sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.			
4. til Landsskjalasafnsins:	1906. kr.	1907. kr.	
a. laun skjalavarðar	1,400	1,400	
b. til að binda inn og búa um skjöl o. fl.	900	900	
c. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu ...	600	600	
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið	250	250	
	3,150	3,150	
5. til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmenntafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.			
6. til Þjóðvinafélagsins	750	750	
7. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda	kr. 1,000		
b. til umsjónar	600		
c. til húsnæðis og hita	2,000		
	3,600	3,600	
8. til Fornleifafélagsins	400	400	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.			
9. til Náttúrutræðisfélagsins.	800	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til			
Flyt ...	25,260	25,260	

	1906.	1906.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	25,260	25,260	
sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.			
10. styrkur til mag. Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
11. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sérhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eptir að það er komið út	800	800	
12. til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslenzk-danskri orðabók	300	300	
13. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna...	300	300	
14. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
15. til Þorsteins Erlingssonar skálds...	800	800	
16. til séra Valdimars Briems	800	800	
17. til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi	300	300	
18. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	1,600	1,600	
19. styrkur til Biblíufélagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	1,000	1,000	
20. til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
21. til Leikfélags Reykjavíkur, alt að	1,000	1,000	
Flyt ...	33,610	33,610	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	33,610	33,610	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.			
22. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000	1,000	
23. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands og halda sögufræðilega fyrirlestra	1,200	1,200	
Af þessari upphæð greiðist 400 kr. á ári sem ritlaun fyrir sagnfræðilegar ritgerðir, 50 kr. fyrír hverja örk.			
24. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
25. Til landmælinga á Íslandi	5,000	5,000	
26. Til þess að gefa út lýsing af ísl. fjallvegum	1,000		
27. Til Ásgríms Jónssonar málara, til þess að fullkomna sig í málaralist	600	600	
28. Til Benedikts Jónassonar til þess að stunda nám á verkfræðingaskóla í Þrándheimi ...	500	500	
29. Til Helga Péturssonar til jarðfræðisrannsókna...	3,000	3,000	
30. Til Helga Jónssonar til mýra og grasafræðisrannsókna	1,200	1,200	
	47,710	46,710	
Samtals ...	.....	.....	94,420

15. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 297,600.

	1906. kr.	1907. kr.	1906. kr.	1907. kr.	Alls kr.
1. til eflingar búnaði:					
a. til búnaðarskóla:					
1. til skólans á Hólum...	1200	1200			
2. til skólans á Eiðum...	1200	1200			
3. til skólans á Hvanneyri	1200	1200			
4. til þessara skóla eptir nemendafjölda, þó eigi meira en 100 kr. fyrir hvern nemanda, alt að	6,000	8,000			
5. til búnaðarskólahalds í Ólafsdal	2,500	»			
			12,100	11,600	
b. til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal til verklegrar búnaðarkenslu			»	1,500	
c. til búnaðarfélaga			24,000	24,000	
d. til Búnaðarfélags Íslands...			41,000	44,000	
e. til sama félags til kenslu í mjólkurmeðferð			4,000	3,000	
f. til skógræktartilrauna eptir fyrirsögn kapteins Ryder's og próf. C. V. Prytz ...			7,000	6,000	
g. framhaldsstyrkur til þriggja manna til að stunda skóggræðslu			900	300	
h. til sandgræðslu:					
1. styrkur til tveggja manna til þess að nema sandgræðslu			600	»	
2. til þess að girða tvö tilraunasvæði ...			2,500	»	
3. ýmislegur kostnaður			500	»	
4. til tilrauna			»	2,000	
i. til verðlauna fyrir útflutt smjör			15,000	15,000	
2. til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum:	kr.				
a) laun	3,000				
b) ferðakostnaður eptir reikningi ...	500				
			3,500	3,500	
3. a. laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík...			400	400	
4. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300	300	
Flyt ...			114,200	114,000	

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...			
5. styrkur til manns til að nema dýralækningar	114,200 600	114,000 600	
6. til útrýmingar fjárkláðanum...	5,000		
7. til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til eflingar iðnaði ... ... til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík, fyrra árið alt að 4000 kr. og síðara árið alt að ... ... 5000 kr. til þess að styrkja unga og efnilega iðnaðarmenn til að fullkomna sig í iðn sinni erlendis (á ári) ... 1,200 —	5,200	6,200	
8. a, Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla á Akureyri	1,000	1,000	
b. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	1,000	1,000	
9. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík ...	1,500	1,500	
10. Utanfarastyrkur til manna, er vilja kynna sér kaupfélagsskap og samvinnufélagsskap erlendis og læra bókfærslu, er þar að lýtur, gegn helmings tillagi að minsta kosti frá kaupfélögum eða öðrum samvinnufélögum hérlendum alt að	1,000	1,000	
11. styrkur til byggingarfróðs manns, til þess, að leiðbeina við húsabyggingar...	800	800	
12. laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík og hinum á Ísafirði	1,600	1,600	
13. Þóknun til vörumerkjaskráritara	300	300	
14. Til efnarannsóknastofu í Reykjavík.			
a. Stofnunarkostnaður alt að	5,500		
b. til árlegs kostnaðar.			
1. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
2. til aðstoðar og annarar vinnu	300	300	
3. til húsaleigu	300	500	
4. — ljósa og eldneytis	300	300	
Flyt ...	140,600	129,100	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	
Fluttar ...	140,900	129,100	
15. Styrkur til skipakvíar í Oddeyrarbót til vetrarlegu fyrir þilskip ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að eigi minni en tvöfalt meiri upphæð til fyrirtækisins sé lögð fram annarsstaðar frá, og að fyrirtækið sé unnið í samráði við verkfræðing landsins.	15,600		
16. Styrkur til stórskipabryggju í Stykkishólmi að fjórðungi kostnaðar, þó eigi yfir	.....	5,000	
17. Styrkur til Ábyrgðarfélags Seyðisfjarðar fyrir mótorbáta ... ... Styrkurinn útborgast þá er stjórnarráðið hefir feingið fullnægjandi skýrslu um stofnun félagsins og samþykt lög þess.	3,000		
18. Styrkur til Ábyrgðarfélags Eyjafjarðar fyrir mótorbáta...	3,000		
19. Til skipstjórafélagsins »Öldunnar«	2,500		
20. Til Ísaks Jónssonar íshússtjóra, styrkur til þess að koma upp íshúsi í Þorgeirsfirði ...	1,000		
	165,100	134,100	
Samtals ...	.....	.....	299,200

16. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

17. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 108,900 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a,; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til séra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til frú Elinborgar Friðriksdóttur 300 kr.; til frú Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

18. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

19. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði 410,236 kr. 64 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

20. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1905 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eptir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Sjávarbændum og hlutafélögum, er sjómenn eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 50,000 kr. til þess að byggja þilskip og kaupa skip til fiskiveiða frá útlöndum. Eigi má lána meira en 15,000 kr. til hvers gufuskips og 5,000 kr. til hvers þilskips og aðeins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í vátryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með 4% árlega, séu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufélaga, eptir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$%, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Til byggingar skipakviar í Oddeyrarbót, til vetrarlegu fyrir þilskip, má veita lán úr viðlagasjóði alt að 40,000 kr. gegn ábyrgð Akureyrarkaupstaðar. — Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Thorvaldsens félaginu í Reykjavík má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði 13,000 kr. gegn veði í húseign þess nr. 3 í Veltusundi. — Lánið ávaxtist og afborgist með 6% á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 7000 kr. til lánveitingar handa trésmíðaverkstæðinu »Fjalar« á Húsavík. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslufélags Suður-Þingeyjarsýslu, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 3 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á 14 árum.

Úr viðlagasjóði má verja 10,000 kr. til lánveitingar handa skipstjóra Ole Nessö frá Tromsö í Noregi til þess að stunda veiðar í íshöfum og við austurströnd Grænlands, með þeim skilyrðum, að nefndur Ole Nessö

1. setji þá tryggingu gegn láninu, sem stjórnarráðið tekur gilda,
2. að hann búsetji sig á Íslandi og reki þaðan veiðar í norðurhöfum og á austurströnd Grænlands,
3. að hann flytji lifandi moskussauði (= uxa) til uppeldis í landinu, og selji þó eigi meira en 1000 kr. hvern.

Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrsta árið og endurborgist síðan á 10 árum.

Jóhannesi J. Reykdal í Hafnarfirði má veita á fjárhagstímabilinu lán úr viðlagasjóði 8000 kr. til að koma upp nýrri rafmagnsstöð í Hafnarfirði, gegn 1. veðrétti í rafmagnsstöðinni sjálfri, og 1. veðrétti í rafmagnsstöð þeirri, er hann hefir nú fullgerða. Lán þetta ávaxtist með 4% vöxtum og afborgist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Ed. **368. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um fræðslu barna.

Frá nefndinni.

Við fyrirsögn I. kafla:

Fyrirsögnin orðist svo:

Um fræðslukröfur.

Ed. **369. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör.

Frá nefndinni.

Fyrirsögnin orðist þannig: Frumvarp til laga um styrk úr landssjóði til samvinnusmjörbúa.

Nd. **370. Frumvarp**

til laga um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest.

(Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Rétt er að kaupmaður, sem flytur inn tollskyldan varning, fái frest á tollgreiðslu alt að einu ári, ef hann leggur til hús eða herbergi, það er tollheimtumanni þykir fulltryggilega útbúið, og flytur þar inn tollskyldan varning sinn og biður toll heimtumann að innsigla dyr hússins eða herbergisins, svo og glugga, ef þess gerist þörf.

Tollheimtumaður skal rannsaka, hve miklar tollvörur eru látnar í

geymslu, og ber eiganda að greiða toll af þeim öllum, jafnvel þótt svo reynist, að rýrnun hafi síðar átt sér stað, eða vörurnar farist á annan hátt.

2. gr.

Það er á ábyrgð kaupmanns, að innsiglum sé eigi raskað né í húsið eða herbergið farið á neinn hátt án þess tollheimtumaður sé við eða umboðsmaður hans, eða hans leyfi komi til.

Nú er tollinnsiglun raskað eða í húsið farið eða herbergið án leyfis tollheimtumanns, og er það kaupmanni sjálfrátt eða vangeymslu hans um að kenna, þá fellur þegar í gjalddaga tollur af hinum geymdu vörum og greiði kaupmaður tvöfalt tollgjald við það, er ella hefði verið.

En sé tollinnsiglun raskað eður í húsið eður herbergið farið án vitundar kaupmanns og vilja, svo sem með innbroti eða á annan þann hátt, er kaupmanni verður ekki sök á gefin, enda tilkynni hann þetta tafarlaust tollheimtumanni, þá fellur þegar í gjalddaga tollur á þeim vörum öllum, er þar voru geymdar inni, en kaupmaður sé vítalaus að öðru leyti.

3. gr.

Nú vill kaupmaður fá tollheimtumann til að rjúfa innsigli, svo að út verði teknar tollskyldar vörur, og innsigla húsið eða herbergið á ný, og skal kaupmaður þá greiða tollheimtumanni borgun fyrir ómak hans og eins ferðakostnað, ef hann á sér stað. Þyki kaupmanni sá reikningur of hár, verður hann þó að greiða hann eingu að síður, en skjóta má honum til úrskurðar stjórnarráðs Íslands, og er það fullnaðar-úrskurður.

Nú vill kaupmaður taka út allar þær vörur, er hann á í tollgeymslu, og er þá rétt að tollheimtumaður leyfi honum að rjúfa sjálfur innsiglunina, ef kaupmaður greiðir fyrirfram allan tollinn af þeim vörum öllum, er þá eru í geymslu þar, og ber þá tollheimtumanni eingin borgun fyrir leyfið.

4. gr.

Tollheimtumaður getur, ef hann vill, látið löggiltan umboðsmann sinn framkvæma þau störf, er honum eru falin með lögum þessum.

5. gr.

Lög þessi koma í stað laga um tollgreiðslu 22. Maí 1890, sem hérmeð eru úr lögum numin.

Ed. **371. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum 7. Júní 1902 um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

Í stað 1. liðs 4. gr. nefndra laga, 5. gr. c. og 6. gr. komi eptirfarandi ákvæði:

1. gr. (4. gr. 1. liður).

hafi í vörzlum sínum málmforða, er ekki nemi minna verði en $^{3}/_{8}$ af seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skipti;

2. gr. (5. gr. c.).

innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er hjá Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, Noregsbanka, Englandsbanka eða Skotlands, svo og hjá öðrum bankastofnunum, sem að minsta kosti $^5/_7$ hlutar fulltrúaráðs bankans álíta fulltryggar og taldar eru til fyrsta flokks.

3. gr. (6. gr.).

Af málmforða bankans skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum og útibúum hans hér á landi svo mikið, að það svari að minsta kosti til $^3/_{10}$ hluta seðlafúlgu þeirrar, sem úti er í hvert skipti, enda sé það gjaldgeing mynt og $^5/_6$ hlutar þess gullmynt. Þó má til þessa hluta málmforðans telja gull það, sem sannað er um, að sé á leiðinni hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 200,000 kr. í einu. Óslegið gull, sem Íslandsbanki kynni að hafa afhent hinni konunglegu peningasmiðju í Kaupmannahöfn til myntunar, má og telja til myntforða bankans.

4. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga nr. 11. frá 7. Júní 1902 um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi, og getur konungur þá gefið nefnd lög þannig breytt út sem lög um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi.

Ed. **372. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um forkaupsrétt leiguliða.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir orðið »leiguliðar að« í upphafi þriðja málsliðar komi: ábúendur á.
2. Við 2. gr. Í staðinn fyrir »land það liggur í« komi: land það liggur undir.

Nd. **373. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1906—1907.

Flutningsmenn; Lárus H. Bjarnason, Tryggvi Gunnarsson, Jón Magnússon, Guðl. Guðmundsson, Pétur Jónsson, Stefán Stefánsson Eyf.

Aptan við 20. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Til byggingar stórskipabryggju í Stykkishólmi má veita lán úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr., gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar í Stykkishólmshreppi og »Framfarasjóðs Stykkishólms«. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og afborgist svo með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Nd. **374. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um bændaskóla.

Samkvæmt frumvarpi þessu á að stofna 2 bændaskóla hér á landi, annan á Suðurlandi og hinn á Norðurlandi. Skólarnir eiga að vera vetrar-

skólar og veita aðallega bóklega kenslu í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins.

Nefndin er að mestu samdóma um þessa aðalstefnu frumvarpsins; þó kom fram nokkur efi í nefndinni um það, hvort heppilegt væri, að sleppa með öllu eða að mestu leyti verklegu búnaðarkenslunni.

Búnaðarskólar vorir hafa til skams tima veitt bæði bóklega og verklega kenslu; var þetta fyrirkomulag í fyrstu nauðsynlegt, þar sem alla verklega og bóklega þekkingu í landbúnaði vantaði að mestu hér á landi. En á hinn bóginn hefir þetta kenslufyrirkomulag að áliti mjög margra manna, er um það hafa ritað og rætt, aldrei fullnægt jafnvel hinum vægustu kröfum er gera verður til verklegrar og bóklegrar búnaðarkenslu. Vel má vera, að þessir vanhagir hafi að nokkru leyti stafað af því, að fjárframlög til skólanna hafa verið af fremur skornum skamti. Til þess að bæta úr þessum vandkvæðum hefir af allmörgum, er um mál þetta hafa ritað, verið vakin sú spurning, hvort ekki mætti, búnaðarmentun þjóðarinnar að skaðlausu, fækka búnaðarskólunum, hafa þá að eins 2 í stað 4 og styrkja þá þess ríflegar af landsfé. Þessi skoðun hefir ár frá ári unnið fleiri og fleiri fylgjendur, og milliþinganefndin í landbúnaðarmálinu, sem frumvarp þetta er í fyrstu komið frá, hefir riðið á vaðið með að vilja lögleiða þessa fækkun.

Hvað afnám verklegu kenslunnar snertir, þá er þess að gæta, að búnaðarhögum vorum er nú svo komið, að með tímanum mun ekki verða tilfinnanlegur hörgull á verklegri tilsögn í landbúnaði, þótt henni sé að mestu slept í þessum fyrirhuguðu bændaskólum; má því til stuðnings nefna hinar árlegu verklegu framkvæmdir Landbúnaðarfélagsins, hina verklegu plægingakenslu, er nú má fá á nokkrum stöðum og fleira þess háttar. Hins vegar geta þessir bændaskólar búið nemendur sína betur undir bændastöðuna, að því er kemur til bóklegu mentunarinnar, en búnaðarskólar vorir hafa haft tök á, og þar sem gert er ráð fyrir eins miklum nemendafjölda á skólanum eins og frumv. gerir, er verkleg kensla á þeim lítt möguleg, svo að nokkru verulegu gagni komi.

Þetta fyrirkomulag, sem hér er farið fram á, hefir og nokkuð verið reynt hér á landi að því er búnaðarskólann á Hólum snertir. Sá skóli var fyrir nokkrum árum að því kominn að leggjast niður sökum nemendaleysis; þá var það tekið til bragðs, að breyta fyrirkomulagi hans í þessa átt, og síðan hefir hann hvað aðsókn snertir blómgast ár frá ári. Aptur á móti hefir aðsóknin að hinum búnaðarskólunum farið síþverrandi hin síðari ár, og ekki útlit fyrir annað en að þeir innan skamms standi auðir. Þegar á þetta er litið virðist mikið mæla með því, að taka upp þessa aðferð, að hafa bændaskólana sem mest bóklega vetrarskóla.

Með þeirri breytingu, sem nú er að verða á héraðastjórn vorri, getur vart annað komið til mála en að landssjóður taki bændaskólana upp á sína arma og landstjórnin hafi yfirumsjón þeirra, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, um hitt er nefndin aptur í nokkrum vafa, hvort heppilegt sé að skólabúin séu rekin á kostnað landssjóðs. Þetta er verulega athugavert atriði og þótt nefndin ekki geri neina breyt.till. við frumv. í þá átt, að losa landssjóðinn við þennan búskap, þá vill hún leiða athygli stjórnarinnar að því, að hún telur betur farið, ef stjórnin gæti í framkvæmdinni, eins og frumvarpið líka bendir á í 1. gr., komist hjá þessum opinbera búskap skólunum að bagalausu.

Samkvæmt athugasemdum milliþinganefndarinnar er svo til ætlað, að Norðurlandsskólinn flytjist frá Hólum í Hjaltadal, þar sem hann nú er, í Eyjafjörð, í nánd við Akureyri. Um þetta atriði varð ágreiningur í neðri deild. Eitt og annað kann að mæla með þessum flutningi, en nefndin getur samt ekki gert mjög mikið úr því, og mun hún gera nánari grein fyrir þeirri skoðun sinni í framsögu málsins. Aptur á móti eru all-miklar ástæður fyrir því, að hreifa ekkert við skólanum á Hólum, að minsta kosti fyrst um sinn. Á Hólum er allstórt skólahús og aðrar byggingar, sem reistar hafa verið þar með ærnum kostnaði. Að öllum líkindum nægja þessar byggingar fyrst um sinn fyrir hinn fyrirhugaða bændaskóla. Ný skólabygging kostar mikið fé, auk þess sem búast má við, að byggingarnar á Hólum verði lítils virði fyrir landssjóðinn, sé skólinn fluttur þaðan. Það er því afarmikill fjársparnaður fyrir landið, að láta skólann vera kyrrann á Hólum, og er það þýðingarmikið atriði eins og fjárhag landsins nú er háttað.

En hér er og á fleira að líta. Þótt aðsóknin að Hólaskóla hafi verið allmikil þessi fáu ár, síðan fyrirkomulagi hans var breytt, þá er það alls ekki víst, að hún vaxi mikið úr þessu; hún getur líka minkað; slíkt er undir ýmsatvikum komið, er ekki verða séð fyrir, og um Hvanneyrarskólann er engin reynsla feingin í þessu efni. Þegar á þetta er litið, ásamt fjárhag vorn nú, þá vill nefndin fara mjög varlega í nýjan byggingakostnað á skólasetrunum. Verði aðsóknin meiri en svo, að byggingar þær, sem nú eru á þessum stöðum, dugi, þá er hægurinn hjá, að stækka þær síðar meir.

Nefndin leggur því til að nemendatala frumvarpsins sé lækkuð úr 60 niður í 40. Fyrir þá nemendatölu mun vera nægilegt húsrúm bæði á Hólum og Hvanneyri.

Í sambandi við þessa breyting stendur og sú breyting nefndarinnar að fækka kennurunuum við báða skólana um einn.

Nefndin er milliþinganefndinni samdóma um, að þessi breyting á búnaðarskólum vorum eigi með tímanum að hafa það í för með sér, að ekki verði nema þessir tveir búnaðarskólar kostaðir af landssjóði. Ólafsdalsskólann má telja úr sögunni, er hins núverandi eiganda hans missir við, en sjálfsagt teljum vér að styrkja hann, til að halda uppi verklegri kenslu meðan þess er kostur. Hvað Eiðaskólann snertir, sem nú er sárlítið sóttur, þá telur nefndin rétt, að hann njóti sama styrks á fjárhagstímabilinu og Ólafsdalsskólanum og eiganda hans er ætlaður, samkvæmt tillögum fjárlaganefndarinnar í neðri deild, og munum vér á sínum tíma koma með breytingartillögu í þá átt við fjárlagafrumvarpið. Annars telur nefndin víst, að skóla þessum verði á fjárhagstímabilinu breytt í verklega kenslustofnun við hæfi, og eptir sérstökum þörfum Austfirðinga.

Breytingartillögur þær við frumvarpið, er nefndin ræður hinni háttvirtu efri deild til að samþykkja, eru sem hér segir:

1. við 2. gr. Á eptir »Norðurlandi« komi: á Hólum í Hjaltadal.
2. við - — Á eptir »Suðurlandi« komi: á Hvanneyri í Borgarfirði.
3. við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Við hvorn skólann skulu vera tveir kennarar og er annar þeirra skólastjóri; hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. Hann hefir að launum 1500 kr. á ári, auk þess 300 kr., ef hann stjórnar skólabúinu og heldur reikninga þess. Hinn kennar-

inn hefir að launum 1200 kr. á ári. Báðir hafa kennararnir leigulausan bústað á skólanum.

4. við 3. gr. Á eptir »leikfimi« í enda greinarinnar komi: og glímur.
5. við 5. gr. Fyrir »60« komi: 40.
6. við 8. gr. Orðið »nú« falli burtu.
7. Á eptir »skyldum« í niðurlagi greinarinnar komi: eignum þeirra.

Alþingi 12. ágúst 1905.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Guðjón Guðlaugsson, skrifari. Sigurður Stefánsson, framsögumaður.

Þórarinn Jónsson, Guttormur Vigfússon.

Ed. **375. Viðaukatillaga**
við breytingartillögur í þingskjali nr. 365.
Frá nefndinni.

Við 12. breytingartillögu. Aptan við greinina bætist orðin: Innheimtulaun skulu söm vera af sölutolli sem af aðflutningsgjaldi.

Ed. **376. Viðaukatillaga**
við frv. til laga um vindlatoll.
Flutningsmenn: Jón Ólafsson, Ág. Flygenring, Þórarinn Jónsson, Jóh. Jóhannesson, Sigurður Stefánsson.

Aptan við 10. gr. bætist orðin: Innheimtulaun skulu söm vera af sölutolli sem af aðflutningsgjaldi.

Nd. **377. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um ritsíma og talsíma.
Frá meiri hluta nefndarinnar.

Meiri hluti hraðskeytanefndarinnar, felst á ástæður stjórnarinnar fyrir frumvarpi þessu, álítur nauðsynlegt að landsstjórnin hafi þau yfirráð yfir öllum hraðskeytasamböndum innanlands, að trygging sé fyrir sem mestu samræmi í starfrækslu þeirra og skeytagjöldum.

Vér leggjum því til að frumvarpið verði samþykt, en leyfum oss að gera nokkrar breytingartillögur, og munum vér færa ástæður fyrir þeim, þá er málið kemur til umræðu.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. við 2. gr. Í stað »fyrir 5 ár í bili að minsta kosti« komi: fyrir alt að því 5 ár í bili.

2. við 11. gr. Í stað »leggja leiðsluþræði« komi: leggja talsíma, ritsíma eða leiðsluþræði.
3. við 14. gr. Í stað »9,, 10., 12., 13., gr. komi: 9., 10., 11. gr. 1. stafl. og 12. gr.

Neðri deild Alþingis 12. Ág. 1905.

Guðl. Guðmundsson, formaður — G. Björnsson, skrifari — Árni Jónsson, framsögum.
Björn Bjarnarson, — Jón Jónsson.

Nd. **378. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
(Eptir 2. umræðu).

Flutningsmenn: Árni Jónsson. Ólafur Briem. Magnús Andrésson. M. J, Kristjánsson. Björn Bjarnason. Jóhannes Ólafsson.

Við 12. gr. B. 3. Á eptir til flutningabrauta upp Borgarfjörð bætist inn í (fyrir síðara árið innanstyks):
til flutningabrautar frá Húsavík inn Reykjadal 6000
til flutningabrautar frá Sauðárkrók inn Skagafjörð ... 6000

Nd. **379. Breytingartillögur**
við frv. til laga um breyting á lögum frá 13. Okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.
Frá Jóhannesi Ólafssyni.

1. Fyrsta málsgrein 1. greinar orðist þannig:
2., 3., 13., 23., 28. og 29. töluliður í 1. gr. laga um skipun læknishéraða frá 13. Okt. 1899 orðist svo:
2. Eptir 1. málsgrein komi ný málsgrein:
2. Ísafjarðarhérað: Ísafjarðarkaupstaður, ásamt Suðureyrar, Eyrar, Hóls, Súðavíkur hreppum og Vigur í Ögurhreppi.
3. Eptir 3. málsgrein, sem verður 4. málsgrein, komi ný málsgrein.
23. Þingeyrarhérað: Auðkúlu, Þingeyrar, Mýra og Mosvalla hreppar.

Nd. **380. Frumvarp**
til fjáraukalaga fyrir árin 1904 og 1905.
(Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1904 og 1905, veitast kr. 25666,39 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—5. gr. hér á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitast:

Við tölulið 7, útgjöld við holdsveikraspítalann.
Við g. viðhald á húsum ... ... kr. 1000,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

1. Við B. 4. Til þjóðvega í Vesturamtinu... ... ... kr. 2000,00
2. Við D. Ritsími. Til rannsóknaferðar og annars undirbúnings við símalagningu vorið 1905 ... ... — 8000,00
3. Við E. Til vita, e. til Gróttuvita ... ... — 1500,00
   a. til að kaupa 1/2 Gróttu ... ... kr. 1000,00
   b. til að gera við varnargarð ... ... — 500,00

kr. 11500,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála, veitast:

1. Við B. IV. c. a. Ýmisleg útgjöld til gagnfræðaskólans á Akureyri: til aukakenslu 100,00
   b. til leikfimishúss og áhalda við sama skóla 6500,00 kr. 6600,00
2. Við B. V. b. 4. ýmisleg útgjöld til stýrimannaskólans ... ... — 100,00
3. Til séra Gísla Skúlasonar, styrkur til utanfarar til þess að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum .. .. — 1000,00

kr. 7,700,00

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna, til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja, veitast:

1. Við A. Styrkur til myndasmiðs Einars Jónssonar ... ... kr. 350,00
2. Við B. Styrkur til sérfróðs manns, til að rannsaka hvernig hepta megi sandfok á Rangárvöllum 1000,00
3. Til hinna tveggja yfirmatsmanna á gæðum fiskfarma: upp í kostnað við ferð þeirra til Spánar á síðastliðnu hausti og vetri, 200 kr. til hvors ... ... — 400.00
4. Til greiðslu á kostnaði við fjárkláðaskoðanir í Norðurmúlasýslu í December og Janúar veturinn 1903—1904 .. .. kr. 417.50
5. Til greiðslu á kostnaði við fjárkláðaskoðanir í Austur-Skaptafellssýslu í December 1903 og Janúar 1904, eptir reikningi er stjórnarráðið úrskurðar, alt að ... ... kr. 241.050
6. Til greiðslu á kostnaði við fjárkláðaskoðanir í Suður-Múlasýslu í December 1903 og Janúar 1904, eptir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar, alt að ... ... kr. 429.50
7. við B. 1. g. Til að kaupa hús á skógræktarjörðinni Hallormstað kr. 2627.89

kr. 5466,39

Nd. **381. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga 1906—1907.

Frá: Stef. Stefánss. Eyf., M. J. Kristjánssyni, Guðl. Guðmundssyni, Ólafi Briem, Birni Bjarnarsyni, Ólafi Ólafssyni.

Við 13. gr. B. VI.

Á eftir tölul. bætist inn:

a. Til kvennaskóla Eyfirðinga ..... 1500—1500
b. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að ..... 1600—1600

Nd. **382. Frumvarp**
til laga um forkaupsrétt leiguliða o. fl.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þegar jarðeign, sem er í bygging, geingur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafnmikið verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann öðrum fremur hafa rétt til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sé honum eigi gerð erfiðari borgunarkjör eða aðrir skilmálar en í raun og veru standa til boða frá öðrum.

Nú hefir ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega bygt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrétti það sem eptir er af ábúðartíð hans, meðan jörð er óbygð; en frá þeim tíma á sá forkaupsréttinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár, og hefir feingið bygging fyrir henni.

Nú eru ábúendur á jarðeign þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sérhverjum þeirra til kaups; vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðunni, en annars ræður eigandi hverjum þeirra hann selur.

2. gr.

Nú eru afréttarlönd eða óbygð lönd, er nota má til afrétta, seld út af fyrir sig, og á þá sveitarfélag það, eða sveitarfélög þau, sem land það liggur undir, forkaupsréttinn.

3. gr.

Nú eru ítök, skógar, fossar eða önnur jarðgögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, önnur en laxveiði og silungsveiði, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrétt til kaups eða leigu, er land á undir.

4. gr.

Nú afsalar sá sér forkaupsrétti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfélag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsréttinn.

5. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsréttar samkvæmt lögum þessum, skal segja il þess innan hálfs mánaðar frá því, er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja; sama er og um leigurétt samkvæmt 3. gr.

Rétt er að bjóða sveitarfélagi kaup eða leigu, að frágeingnum þeim, er forgangsréttinn á, þótt hann sé enn eigi búinn að afsala sér forgangsréttinum.

Yfirlýsing þess, er forgangsrétt á samkvæmt 1., 2. og 3. grein, um að hann afsali sér forgangsréttinum, gildir eigi leingur en 6 mánuði.

6. gr.

Sé eigi gætt fyrirmælanna í 1.—4. gr., getur sá, er forgangsréttur hans er fyrir borð borinn, krafizt þess, að gjörningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sé lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fékk vitneskju um misfelluna, og málinu framhaldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rétthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numið konungsbréf 22. Dec. 1797 um forkaupsrétt leiguliða og tilsk. 18. Júní 1723, að því, er Ísland snertir.

Nd. **383. Frumvarp**
til laga um brúargerð á Fnjóská í Þingeyjarsýslu.
(Eptir 2. umr. í Nd.).

Stjórninni veitist heimild til, að láta gera brú á Fnjóská í Þingeyjarsýslu, og má verja til þess alt að 30000 krónum úr landssjóði.

Ed. **384. Frumvarp**
til laga um laun hreppstjóra.
(Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Til hreppstjóra í hverjum hreppi skal ár hvert greiða úr landssjóði þóknun, er nemi 1 kr. fyrir hvern innanhreppsmann, sem býr á jörðu eða jarðarparti, er metinn sé til dýrleika eigi minna en 5 hndr. eptir gildandi jarðamati, og enn fremur 1 kr. fyrir hvern mann í hreppnum, er á haustþingi telur til tíundar eigi minna en ½ lausafjárhundrað. Þóknun til hreppstjóra má þó aldrei vera minni en 50 kr.

2. gr.

Haldi hreppstjóri í umboði sýslumanns uppboð, falla uppboðslaunin til hans óskipt, séu þau ekki hærri en 16 kr., og rennur það, sem umfram er í landssjóð, enda haldi sýslumaður sjálfur, nema forföll banni, þau uppboð, sem ætla má, að hlaupi meira en 400 kr.

3. gr.

Hina árlegu þóknun eptir 1. gr. laga þessara skal greiða á fyrsta manntalsþingi eptir að lög þessi öðlast gildi, og er þá 1. gr. og 5. gr. laga nr. 33 frá 31. Dec. 1895 jafnframt úr gildi geingin.

Nd. **385. Framhaldsnefndarálit**
frá minni hluta nefndarinnar í hraðskeytamálinu.

Þar sem háttvirt neðri deildar Alþingis hefir eigi viljað aðhyllast tillögur þær, er við bárum fram við 2. umræðu fjárlaganna, svo sem við höfðum gert ráð fyrir í nefndaráliti okkar, leyfum við okkur að birta stutt framhaldsnefndarálit til þess að gera okkar ýtrasta til þess, að Alþingi bindi þjóðinni eigi þá bagga, sem ritímasamningurinn fer fram á.

Við höfum í nefndaráliti okkar fært skýr rök að því, hve dýrt, ótrygt og óhagkvæmt það hraðskeytasamband er, sem ritsímasamningurinn gerir ráð fyrir, hvaða einokunarbönd hann leggur á þjóðfélagið, og hve særandi það hlýtur að vera fyrir þjóðernis- og sjálfstæðistilfinningu þjóðarinnar, að hraðskeytasambandið milli landa sé á valdi dansks gróðafélags, og danskra valdhafa, og finnum við því ekki ástæðu til þess, að rökstyðja þetta frekar.

Á hinn bóginn viljum við benda á, að til eru fleiri leiðir en bent var á í nefndaráliti okkar, til þess að fá tryggara og ódýrara hraðskeytasamband en ritsímasamningurinn gerir ráð fyrir.

Eitt af tilboðum Marconifélagsins (Scheme II, bls. 39 í nefndarálitinu) fer fram á, að koma á loftskeytasambandi milli Skotlands, Færeyja og Reykjaness, með ritsíma til Reykjavíkur, sjá að öllu leyti um rekstur og viðhald, landssjóði að kostnaðarlausu, í 20 ár, gegn árgjaldi, er sé £ 4089 á kr. 18,20 = 74,419 kr. 80 aurar, og skila landinu að 20 árum liðnum öllum loftskeytastöðvunum og ritsímanum í góðu og gildu standi, sem þess eign, og njóta Íslendingar allra tekna af hraðskeytasambandinu, ráða hraðskeytataxtanum o. s. frv.

Við teljum nú alls eingan vafa á því, að Danastjórn sé eingu óljúfara að leggja fram $^3/_5$ þessa kostnaðar í 20 ár, þótt um loptskeytasamband sé að ræða, en að leggja fram 54 þús. árlega til sæsíma, þar sem Færeyjum er á þennan hátt einnig komið í hraðskeytasamband við útlönd, og þar sem Danastjórn hefir tvívegis áður (1902 og 1903) farið fram á, að verja megi fjárveitingunni frá Íslandi til slíks hraðskeytasambands, í sambandi við fjárveitingu Dana, og ekki sízt, þar sem fjárframlag Dana yrði að eins 45 þús, kr. á ári, í stað 54 þús. kr.. og mundu þá tekjurnar af millilanda-hraðskeytasambandinu fyllilega borga þær tæpar 30 þús. kr. á ári, sem eptir eru, *svo að millilandasambandið sjálft kostaði þá Ísland ekki einn eyri*, en mundi þvert á móti, er tímar líða, gefa landinu sívaxandi arð.

Nú er á það að líta, að sé þessi leið valin, missast auðvitað þær 300 þús. kr., er ritsímafélagið hefir heitið að leggja fram til landsímalagningar milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur; en það samband hefir meiri hluti nefndarinnar, og að því er virðist meiri hluti háttvirtrar neðri deildar, lagt aðal-áherzluna á, og einmitt viljað sætta sig við ritsímasamninginn, þrátt fyrir alla stórgallana, til þess að ná í þessa 300 þús. króna fjárupphæð, en þá er þess að gæta, að taki landið nefndar 300 þús. króna að láni, til að verja þeim til ritsímalagningar frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, þá þarf ekki nema 22500 kr. á ári í 20 ár til vaxta og endurborgunar téðu láni, og er það 12500 kr. minni upphæð, en þær 35 þús. kr., sem ritsímasamningurinn áskilur, að Ísland borgi norræna ritsímafélaginu árlega í 20 ár.

Við höfum því hér að framan sýnt fram á, að það verður landinu

12500 kr. ódýrara á ári hverju í 20 ár, að aðhyllast nefnt loptskeytasamband milli Skotlands, Færeyja og höfuðstaðarins, ásamt landsíma frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, en að samþykkja ritsímasamninginn, og hér við bætist svo það, sem í augum hvers Íslendings hlýtur að vera aðalatriði þessa máls, að Íslendingar ráða þá sjálfir yfir hraðskeytasambandinu að öllu leyti, taka allar tekjur af því o. s. frv.

Feingist auk þessa nokkurt fjárframlag frá Noregi, sem má telja vafalítið, ef loptskeytaendastöðin er reist í Noregi, sem við áður höfum sýnt fram á, að er að ýmsu leyti hagkvæmast, verður landinu þetta auðvitað að því skapi ódýrara.

Við skulum að lokum taka það fram, að við fáum eigi skilið, að nokkur Íslendingur geti sætt sig við það, að verja árlega minst 12500 kr., til þess að kaupa á þjóðina þær ófrelsisviðjar, sem ritsímasamningurinn leggur henni á herðar, því að sannarlega væri miklu stærri upphæð til þess gefandi, að losna við þau böndin.

Alþingi 12. Ágúst 1905.

Björn Kristjánsson. Skúli Thoroddsen,
framsögumaður minni hluta nefndarinnar.

Nd. **386. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Frá minni hluta nefndarinnar í hraðskeytamálinu, og frá minni hluta fjárlaganefndarinnar.

1. Við 12. gr. D. Aðal-tillaga: Liðurinn falli burt.
2. Við 12. gr. Vara-tillaga:

Fyrirsögn liðsins orðist svo:

Til hraðskeytasambands.

Liðurinn D. 1. orðist svo:

a, 1. og 2. afborgun af 20 ára ársgreiðslu, til að koma á fót, reka og viðhalda loptskeytasambandi milli útlanda (Noregs eða Skotlands) og Reykjaness, með ritsíma þaðan til Reykjavíkur, og með loptskeytastöð í Færeyjum, gegn 45 þús. króna árgjaldi annarsstaðar frá, og að því tilskildu, að öllum stöðvum loptskeytasambandsins, og ritsímanum, sé að 20 árum liðnum, skilað landinu til eignar og umráða í góðu og gildu standi, og ennfremur að því tilskildu, að vinnutíminn á stöðvunum sé 16 klukkutímar á sólarhring, og að landið fái allar tekjur af sambandinu, og ákveði hraðskeytataxtann, alt að 30,000 30,000

b, Í stað 300 þús. króna framlags frá stóra norræna ritsímafélaginu til landsíma frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, veitist stjórninni heimild til að taka 300 þús. króna lán, samkvæmt áður veittri lánsheimild í lögum 19. Dec. 1903.

Sem fyrsta og önnur afborgun og vaxtagreiðsla af téðu láni, sem greiðist á 20 árum, veitast alt að 22,500 22,500

52,500 52,500

Hér frá dragast:
Tekjur af hraðskeytasambandinu milli
Reykjavíkur og útlanda 30,000 30,000 22,500 22,500

3. Við 12. gr. D. 2.
Í stað orðanna: »Hér frá dregst framlag stóra norræna ritsímafélagsins 292,000« komi: Hér frá dregst 300 þús. króna lán, sem tekið er til landsímalagningarinnar, að frádregnum 8 þús. króna til Hanssons verkfræðings 292.000

Nd. **387. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga 1906—1907.

Frá Guðl. Guðmundssyni, Árna Jónssyni, Birni Bjarnarsyni, Hermanni Jónassyni, Stef. Stefánssyni Eyf., Ólafi Ólafssyni.

Við 14. gr.
Á eptir síðasta tölul. bætist:
Til Valgerðar Lárusdóttur til að nema söng erlendis — 600 — 600

Nd. **388. Nefndarálit**
um frumv. til laga um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða upp á handhafa (þsk. 343).

Frumvarp þetta stefnir að því markmiði, að bæta úr hinum mikla, sívaxandi peningaskorti hér á landi.

Margir munu hafa búist við því, að full bót væri ráðin á þessum skorti með stofnun Íslandsbanka.

En reynslan hefir þegar sýnt að þar vantar mikið á.

Þó er svo að sjá sem miklum þorra manna sé ekki enn fullljóst, hversu peningaþörfin er geipimiklu meiri, en svo, að þær peningastofnanir, sem vér nú höfum, geti fullnægt henni.

Vér leyfum oss því að benda á tvö einstök atriði í þessu máli.

Verzlunarviðskipti Íslands við önnur lönd fara óðum vaxandi; árið 1903 nam verzlunarmagnið 23.360.000 kr. (að- og útfluttar vörur), en árin 1891—95 ekki nema 12.568.000 kr. að meðaltali; á 10 árum hefir verzlunarmagnið tvöfaldast og mun þessi vöxtur efalaust halda áfram.

Það er því augljóst að alt veltufé bankanna er ekki nándanærri nóg til að fullnægja þessari þörf e i n n i.

Vér komum nú að því atriði, sem í vorum augum er aðalástæðan fyrir þessu frumvarpi, en það er hin mikla þörf almennings á greiðum aðgangi að lánum út á fasteignir, lánum, er veitt séu til langs tíma með vægum vöxtum.

Öll kauptún og sjávarþorp hafa stórum stækkað á undanförnum árum og munu óefað fara stækkandi eins hér eptir sem hingað til; þar er brýn þörf á því, að menn geti feingið lán til langs tíma út á húseignir, en þær eru alt í alt orðnar afarmikils virði; árið 1901 var virðingarverð þeirra (o: húseigna, sem ekki eru notaðar við ábúð á jörðum) 8.099.000; er svo talið í landshagsskýrslunum að þá hafi kaupstaðirnir á Íslandi (hús og

lóðir) allir verið c. 10 miljón króna virði; en síðan hefir verðmæti þeirra aukist að miklum mun; í Reykjavík einni hefir virðingarverð húseigna aukist um c. 2 miljónir síðan 1901; þá voru það 3.512.000 kr., í marzmánuði 1904 var það orðið 5.362.000 og mun nú óefað vera komið upp í 5½ miljón. Það mun því óhætt að fullyrða að kaupstaðirnir allir (hús og lóðir) sé nú eða verði innan skams 15 miljóna króna virði.

Og það er brýn þörf fyrir alla kaupstaðabúa að geta feingið laung, óuppsegjanleg lán út á hús sín.

Ef nú hins vegar litið er á jarðeignir, þá er miklu erfiðara að dæma um, hversu mikils virði þær eru; tala fasteignahundraða á öllu landinu er rúm 86000; sé jarðarhundrað metið á 100 kr. til uppjafnaðar, þá ættu jarðeignirnar allar að vera 8.600.000 kr. virði; en þetta getur ekki náð neinni átt; tala býla árið 1903 var 6639 — þeim hefir farið stöðugt fækkandi — og sé hvert býli, hver bújörð, metin til uppjafnaðar á 2000 kr., þá ættu þær allar að vera 13.278.000 kr. virði. En vér getum ekki felt oss við þá skoðun, að allar bújarðir á Íslandi, landið alt, sé minna virði en kaupstaðirnir einir (hús og lóðir þar); gerum vér því, að jarðeignirnar séu að minsta kosti 15 miljón kr. virði.

Flestar jarðeignir eru nú í leiguábúð; aukin sjálfsábúð er talin höfuðskilyrði fyrir framförum í landbúnaði; til þess að búandmenn geti alment farið að kaupa ábýlisjarðir sínar, verður að veita þeim greiðan aðgang að laungum lánum út á jarðirnar

Þessi þörf á hagkvæmum, laungum lánum gegn veðrétti í fasteignum er jafnbrýn í sveitahéruðum og kaupstöðum. Hún er svo mikil, að til þess að fullnægja henni mundi ekki veita af alt að því 15 miljónum.

Hvaðan á að fá þetta fé?

Bankarnir hafa það ekki til, þeim veitir ekki af veltufé sínu í aðrar þarfir eins og áður var vikið að.

Innlendir auðmenn, er sett geti á fót peningaverzlanir, lánsstofnanir í þessu skyni — þeir eru eingir til.

Féð verður því að koma frá útlöndum· vér verðum að laða inn í landið litið eitt af þeim geysiauðæfum, sem jafnan eru í veltu á peningamarkaði annara þjóða.

Beinasti og bezti vegurinn til þess—oss liggur við að segja einasti vegurinn—hann er sá, að heimila að út séu gefin bankavaxtabréf með tryggingu í íslenzkum veðskuldabréfum og þessum íslenzku bankavaxtabréfum því næst komið á útlendan markað; ef þau seljast vel í útlöndum, þá er það jafngildi þess, að vér feingjum þar stór, óuppsegjanleg lán með góðum kjörum; þá er baunkum hér gert fært að útvega með góðum kjörum ógrynni fjár til þess að lána út til langs tíma gegn veði í jarðeignum, húseignum eða annari jafngóðri tryggingu.

Veðdeild Landsbankans er ekki annað en örlitið spor í þessa átt; að vísu er nú fyrirhugað að auka hana um helming, en sú aukning mundi í raun og veru ekki koma að tilætluðum notum, því að verði lánskjörin nú vægari, munu allir fá sér bráðabyrgðarlán í nokkra daga til að borga skuld sína við eldri hluta veðdeildarinnar, og svo strax taka lán aptur í nýja hlutanum; bankinn mun því á stuttum tíma neyðast til að leysa inn öll eldri vaxtabréf sín og sitja eptir með þau nýju ein fyrir sig — komast í sömu sporin og hann nú stendur í.

Menn kunna nú að segja, að þá þurfi ekki annað en heimila Landsbankanum að gefa út miklu meira af vaxtabréfum, t. d. 4—6 miljónir. En það gæti því að eins komið að liði að mikil von væri til þess, að bréfin seldust í útlöndum — hér eru eingir auðmenn til að kaupa þau. En sú von er ekki mikil: það er fullkunnugt, að Landsbankanum hefir ekki geingið sem allra bezt að koma út þeim fáu vaxtabréfum, sem hann nú hefir.

Hins vegar hefir Íslandsbanki miklu öflugri umboðsmenn í öðrum löndum, þar sem eru hinir útlendu hluthafar hans, og eru því allar líkur til að honum mundi ganga öllu greiðara að koma íslenzkum vaxtabréfum á útlendan markað.

Vér mundum því telja það hið mesta óráð, að meina þessum banka að gera sitt til að bæta úr peningaþörf landsmanna með því að gefa út bankavaxtabréf á þann hátt, sem frumvarpið fer fram á.

Það er eingum efa bundið. að bankarnir *báðir* hljóta að fá meira áorkað í þessa átt en hvor þeirra út af fyrir sig.

Hitt má vel vera, að sala íslenzkra vaxtabréfa tækist bezt, ef bankarnir ynnu saman; það þykir oss sennilegt, enda er oss kunnugt um að Íslandsbanki hefir verið mjög fús til slíkrar samvinnu.

Að því nú er snertir einstakar greinar frumvarpsins, þá er það að segja um 2. gr. að oss finst ekki hentugt að heimta að báðir flokkar vaxtabréfanna skuli vera jafn stórir. Reynslan getur orðið sú, að annarhvor flokkurinn seljast miklu betur en hinn, og bankinn ætti þá að meiga gefa út þeim mun meira af þeim flokknum, en þeim mun minna af hinum, sem ver seldist.

Í 4. gr. er talað um skuldabréf kaupstaða og sýslufélaga, en þar sem bersýnilega er átt við vaxtabréf (handhafa-skuldabréf) teljum vér rétt að breyta orðalaginu; í sömu grein er prentvilla: »skemri tíma en 40 árum« á að vera: leingri tíma o. s. frv. Loks teljum vér réttast að fella burtu torfbæi.

Annars munum vér, þá er málið kemur til umræðu, gera nánari grein fyrir skoðun vorri á ýmsum einstökum atriðum í frumvarpinu.

Breytingartillögur:

1. Við 3. gr. Í stað »Helmingur . . . 2. flokkur« komi: Annan flokkinn skal kalla 1. flokk og skal hann bera 4½% vexti; hinn flokkinn skal kalla 2. flokk og skal hann bera 4% vexti.
2. Við 4. gr. Í stað »skuldabréf kaupstaða« komi, vaxtabréf kaupstaða.
3. Við 4. gr. Í stað »skemri tíma en 40 árum« komi: leingri tíma en 40 árum.
4. Við 4. gr. Orðin »og á 15 árum sé veðið torfhús« falli burt.

Neðri deild Alþingis 14. Ágúst 1905.

Stefán Stefánsson, þm. Skagf., formaður.	G. Björnsson, skrifari.	Jón Jónsson, framsögumaður.

Nd. **389. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga 1906—1907.

Flutningsmenn: Ólafur Ólafsson, Guðl. Guðmundsson, Magnús Andsésson, Hannes Þorsteinsson, Björn Bjarnarson, Skúli Thoroddsen.

Aptan við 15. gr. komi nýr liður (21) svo hljóðandi:

Til að hlaða sjógarð til varnar sandfoki fyrir Óseyrarneslandi 6000 kr.

Nd. **390. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga 1906—1907.

Flutningsmenn: Jóh. Ólafsson, Herm. Jónasson, Hannes Þorsteinsson. Árni Jónsson, Ólafur Briem, Ólafur Ólafsson.

Við 12. gr. C 2. Fyrir: Til bátaferða á Ísafirði allt að 5000 kr. komi: Til bátaferða á Ísafirði og í Ísafjarðarsýslu allt að 6000 kr.

Við 13. gr. B VI b 1. Fyrir 10000—10000 komi: 12000—12000.
— — — — — b 2. Fyrir 10000—10000 komi: 8000—8000.
— 15. — 4. Fyrir: 300—300 komi: 400—400.

Nd. **391. Viðaukatillaga**
við frumv. til fjárlaga 1906 og 1907.
Flutningmenn: Hannes Þorsteinsson, Björn Kristjánsson, Eggert Pálsson, Ól. Thorlacius, Hermann Jónasson, Ólafur Briem.

Við 14. gr. Á eptir staflið 27 komi nýr liður.
Til Sigfúsar Einarssonar saungfræðings til að kenna saung í Reykjavík og vinna að tónsmíði ... ... 800 — 800

Ed. **392. Frumvarp**
til laga um fasteignarréttindi erlendra manna á Íslandi.
Flutningsmenn: Ág. Flygenring, Jóh. Jóhannesson og Jón Ólafsson.

1. gr.
Erlendir menn, sem eignast eða eignazt hafa réttindi yfir fasteign á Íslandi, hvort heldur er eignarréttur eða takmörkuð réttindi, skulu hafa fyrirgert þeim, hvernig svo sem ákvæði er í samningnum, séu þau látin ónotuð af þeim hér í landi samfleytt í 20 ár frá þeim degi, er þeir öðluðust réttindin (sbr. 3. gr.); þó skulu réttindi yfir fasteign, sem ónotuð hafa verið um þennan tíma af útlendingum, þá er lög þessi öðlast gildi, ekki tapast fyrr en eptir 2 ár frá þeim degi, er lögin öðlast staðfestingu.

2. gr.
Séu réttindin samkvæmt þessum lögum fallin undan erlendum eigendum, skulu þau hverfa aptur til fasteignar eiganda þess, sem þá er, eða til þess er feingið hefir áður framselt sér hin væntanlegu réttindi, að því er snertir takmarkaðan rétt yfir fasteign, notkunar eða ítaksrétt. Sé um eignarrétt eða erfðafestu að ræða, fellur rétturinn til landssjóðs.

3. gr.
Með lögum þessum er eingin breyting gerð á gildandi rétti um fyrning skulda, sem trygðar eru með veði í fasteign, né um veðrétt af neinu tagi yfir fasteign eða fasteignarréttindum, sem erlendir menn öðlast eða hafa öðlazt á Íslandi.

Nd. **393. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Ólafur Ólafsson, Ólafur Briem, Stefán Stefánsson þm. Skf., Magnús Andrésson, Björn Bjarnarson.

Við 13. gr. B. III. c. 5. Í stað »2000—2000« komi: 3000—3000.

Við 13. gr. B. IX. Liðurinn falli burt.
— 13. gr. B. X. Í stað 3000—5000 komi: 2500—2500.
Aptan við liðinn (13. gr. B. X.) bætist svolátandi málsgrein:

Styrkurinn til hvers sýslufélags má eigi fara fram úr 200 kr., og veitist að eins gegn að minsta kosti jafnmiklu framlagi annarstaðar frá.

Við 14. gr. 6: Liðurinn falli aurt.
Á eptir 15. gr. 18. komi nýr liður svo hljóðandi:
Til bátaábyrgðarfélags Ísfirðinga, til að tryggja mótorbáta 3000 kr. f. á.
Við 15. gr. 11. Liðurinn falli burt.
Á eptir 15. gr. 8. komi nýr liður svo látandi:
Styrkur til iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds 800 kr. — 800 kr.

Nd. **394. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
(Eptir 2. umr).

Frá: Herm. Jónassyni, Jóh. Ólafssyni, Ólafi Briem, Lárusi Bjarnarsyni, Hannesi Þorsteinssyni, Árna Jónssyni.

Við 13. gr. B. VI.
4. tölul. orðist þannig:
Til sama skóla 50 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að ... ... 2000 — 2000

Nd. **395. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906—1907.
(Eptir 2. umr.)

Frá Hermanni Jónassyni, Birni Bjarnarsyni, Árna Jónssyni, Hannesi Þorsteinssyni, L. H. Bjarnasyni, Stefáni Stefánssyni þm. Skf.

Við 12. gr. B.
Á eptir 7. tölul. komi nýr liður er verður 8. töluliður:
Til vegalagningar sunnan undir Vatnsnesfjalli í Húnavatnssýslu. er liggi út frá sýsluveginum hjá Litla-Ósi í Miðfirði á þjóðveginn austanvert við Miðfjarðarvatn, síðara árið ..... kr. 3500.
Athugasemdin aptan við 7. tölul. breytist þannig:
fyrir „nefnds vegar“ komi: nefndra vega.

Nd. **396 Viðaukatillaga**
við frumv. til fjárlaga 1906 og 1907.
Flutningsmenn: Jóhannes Ólafsson, Guðl. Guðmundsson, Hannes Þorseinsson, M. J. Kristjánsson, Ólafur Ólafsson, Jón Magnússon.

Við 14. gr. Á eptir tölul. 9 komi nýr liður:
Til sögufélagsins í Reykjavík 600 — 600.

Nd. **397. Breytingartillögur**
við fjárlagafrumvarp fyrir árin 1906 og 1907.
Flutningsmenn: Björn Bjarnarson, Guðl. Guðmundsson, Árni Jónsson, Herm. Jónasson, Einar Þórðarson, Skúli Thoroddsen.

Við 12. gr. B. 9.
Aptan við greinina bætist orðin: alt að
Athugasemdin orðist svo:
Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi sýslufélög leggi til vegagerðarinnar $^1/_3$ af kostnaðinum við hana.

Við 15. gr.
Aptan við greiniua bætist nýr liður sem verður 17. og orðist þannig:
Til uppmælingar á nauðsynlegustu leiðum á innanverðum Breiðafirði alt að 6000 kr. (síðara árið).
Upphæðin veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslur, Austur-Barðastrandarsýsla og Dalasýsla, greiði $^1/_4$ af kostnaðinum við uppmælinguna.

Nd. **398. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga fyrir árið 1906—1907.
Frá ráðherra,

Við 12. gr. B. 1. b. Orðin »á ferðum með strandbátum« falli burt.
Við 12. gr. E. m. Liðurinn a. merkist 1 og í stað liðsins b. komi:

2. Til vitavarðar	700 kr.	
3. Fyrir olíu og kol . . .	300 —	
4. Til áhalda, lampakveikja o. fl.	150 —	
		1150 — 1150

Við 12. gr. A. bætist nýr liður:
til kostnaðar við milliþinganefnd í kirkjumálum veitast á fjárlagatímabilinu alt að .... 3000 kr.

Nd. **399. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1906 og 1907.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 15. gr. 17. og 18. liður falli burtu, en í stað þeirra komi einn liður, er orðist svo:

Styrkur til ábyrgðarfélaga, er vátryggja mótorbóta alt að 10,000 kr. f. á.

Styrkurinn veitist með því skilyrði, að vátrygging hvers félags á mótorbátum nemi að minsta kosti 40,000 kr., enda sé lög félagsins staðfest af stjórnarráðinu. Og veitist þá hverju félagi alt að 6% af vátryggingarupphæðinni, þó aldrei meira en 3000 kr.

Nd. **400. Breytingartillögur**
við frv. til laga um innköllun seðla landssjóðs og útgáfu nýrra seðla, (Þingskj. 328.)

Frá ráðherra.

1. 1. gr. orðist svo:

Kostnað við gjörð og endurnýjun seðla þeirra, sem landsstjórninni er heimilt að gefa út fyrir landssjóð samkvæmt lögum 18. Sept. 1885 og lögum 12. Jan. 1900, skal eptirleiðis greiða af tekjum bankans. Stjórnarráðinu skal heimilt að innkalla þá seðla, sem út hafa verið gefnir samkvæmt nefndum lögum og konungsúrsk. 20. Maí 1886, með ársfyrirvara, þannig, að þeir verði ógildir þegar sá innköllunarfrestur er liðinn. Auglýsing um innköllunina skal birt í Stjórnartíðindunum og í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, svo og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn, og auk þess lesin upp á kirkjufundum í sveitum á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilsk. 8. Okt. 1824, 2. gr.

2. 2. gr. falli burt, og í stað hennar komi svo látandi

2. gr.

Jafnóðum og þeir landssjóðsseðlar, sem nú eru í gildi, koma inn til landsbankans, eptir að út er komin auglýsing um, að nýjar seðlategundir hafi verið út gefnar, skal landsbankinn skila þeim til landsstjórnarinnar, og fær í staðinn jafna upphæð í nýjum seðlum, og heldur bæði stjórnarráðið og landsbankinn skrár, er sýni seðlaskiptin. Þegar liðið er 1 ár frá því er innköllunarfrestur var á enda, skal líta svo á, sem þeir af hinum gömlu seðlum, sem ekki eru til innlausnar komnir, séu glataðir, og afhendir landsstjórnin þá landsbankanum í nýjum seðlum upphæð þá, sem vantar á að 750,000 kr. hafi verið innleystar í gömlum seðlum. Upphæð þessa skal færa til ágóða í reikningum bankans.

3. 3. gr. falli burt.

Ed. **401. Frumvarp**
til laga um fræðslu barna o. fl.
(Eptir 2. umr. í Ed.)

I. kafli.

Um fræðslukröfur.

1. gr.

Hvert barn 10 ára að aldri skal vera orðið nokkurn veginn læst og skrifandi, ef það er til þess hæft. Komist fræðslunefnd að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi uppfræðslu í þessu tilliti, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni með aðstoð sóknarprests og fyrir tilstyrk viðkomandi sveitarstjórnar að gera ráðstöfun til, að börnunum verði komið fyrir annarstaðar, þar sem þau fái nauðsynlega tilsögn. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en borga má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnað þennan má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á að hafa lært:

1. að lesa móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því er það les; það skal og geta gert skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurn veginn ritvillulaust og mállýtalaust; það skal vita nokkuð um merkustu menn vora, einkum þá, er lifað hafa á síðustu öldum, og kunna utanbókar nokkur íslenzk kvæði, helzt ættjarðarljóð og söguleg kvæði, og geta skýrt rétt frá efni þeirra í óbundnu máli.
2. að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.
3. í kristnum fræðum það, sem heimtað er eða heimtað kann að verða, að börnin kunni í þeirri grein til fermingar;
4. fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum (einnig tugabrotum) og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einföldustu líkama; það skal og vera leikið í því að reikna með lágum tölum í huganum.
5. að nota landabréf; það skal og hafa nokkra þekking á náttúru Íslands og atvinnuvegum þjóðar vorrar, þekkja legu helztu landa í Norðurálfunni og vita hvernig álfur liggja á hnettinum.
6. nokkur einföld sönglög, einkum við íslenzk ættjarðarljóð.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem 2. gr. ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta skóla, öðlast þá fræðslu í landafræði, sögu Íslands, náttúrufræði og öðrum greinum, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugerðum skólanna.

II. kafli.

Um fræðslusamþyktir.

4. gr.

Fræðslunefnd er heimilt að gera fræðslusamþyktir fyrir það fræðsluérað, er hún er skipuð fyrir, eða fyrir nokkurn hluta þess, á þann hátt, er egir í 5.—9. gr. þessara laga.

5. gr.

Þegar fræðslunefnd álítur hagfelt að gera fræðslusamþykt fyrir fræðsluéraðið eða nokkurn hluta þess, skal hún kveðja til fundar í því héraði eða því svæði, sem ætlazt er til, að samþyktin nái yfir, alla þá menn, er þar búa g atkvæðisrétt hafa í sveitamálum.

Fræðslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirara, og skal formaður fræðslunefndar vera fundarstjóri, eða sá annar af ræðslunefndarmönnum, er fræðslunefnd kýs til þess. Þá er fundur lögmætur r $^2/_3$ allra atkvæðisbærra manna á því svæði, sem samþyktin skal ná til, ru á fundi.

6. gr.

Fræðslunefnd leggur fyrir fundinn frumvarp til samþyktar þeirrar, er ún vill koma á, og ber það undir álit og atkvæði fundarins. Til þess að rumvarpið verði samþykt þarf $^2/_3$ atkvæða þeirra, er á fundi eru. Breytingrtillögur við frumvarp fræsðlunefndar geta því að eins komið til atkvæða, ð meiri hluti fræðslunefndar sámþykki þær. Til þess að breytingartillögur erði samþyktar þarf $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið. Þegar frumarpið er þannig samþykt, sendir fræðslunefnd það yfirstjórn fræðslumála til taðfestingar.

7. gr.

Nú virðist yfirstjórn fræðslumála, að fyrirmæli fræðslusamþyktar gangi f nærri frelsi manna, eða komi á einhvern hátt í bága við lög eða grundallarreglur laga, og synjar hún þá um staðfesting, en skýra skal hún um leið ræðslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir yfirstjórnn fræðslusamþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hve nær hún ðlast gildi, og er samþyktin upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa nnan takmarka þess svæðis, er samþyktin nær yfir.

8. gr.

Í fræðslusamþykt má ákveða um stofnun heimangunguskóla, heimavistaóla, farskólahald, eptirlit með heimafræðslu, sunnudagaskólahald, ráðning ennara, laun þeirra, kenslutíma, nauðsynlegar kenslubækur og kensluáhöld, enslueyri og yfir höfuð alt, sem að fræðslunni lýtur.

Í fræðslusamþykt skal ávalt greinilega tiltekið, hvernig greiða skuli ostnað þann, er af samþyktinni leiðir. Heimilt er að ákveða, að kostnaðurnn greiðist úr sveitarsjóði, en rétt hefir hreppsnefndin til að fá hann endurgoldinn með kenslueyri, að svo miklu leyti sem þörf er á. Kenslueyri má aka lögtaki. Sé kenslueyrir ófáanlegur sakir fátæktar, greiðist hann úr hreppsjóði.

Í fræðslusamþykt má og setja ákvæði um, að almenn skólaskylda skuli nnleidd fyrir börn á aldrinum 10—14 ára. Þó skulu börn vera undanþegin

skólaskyldu, ef heimilisfeður þeirra færa sönnur á, að þau njóti fullnægjandi heimafræðslu. Um undanþágu frá skólaskyldu úrskurðar fræðslunefnd, en skjóta má úrskurði hennar til yfirstjórnar fræðslumála.

9. gr.

Brot móti löggiltri fræðslusamþykt varðar sektum frá 1—25 kr. eptir úrskurði lögreglustjóra í bréfi til fræðslunefndar. Sektirnar renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

III. kafli.

Um próf.

10. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hverju fræðsluhéraði. Við próf skal ávalt vera einn prófdómandi. Í kaupstöðum skipar fræðslunefnd prófdómanda og skulu honum greidd hæfileg laun úr bæjarsjóði. Utan kaupstaða skipar sýslunefnd prófdómanda og fær hann 4 kr. í dagpeninga, er greiðist úr landssjóði. Eptir prófið skal prófdómandinn senda þeirri nefnd, er hefir kosið hann, skriflegt álit sitt um hag barnafræðslunnar í því skólahéraði, þar sem prófið er haldið, en nefndin sendir álitið til yfirstjórnar fræðslumála.

Próf skal fara fram á vorin og ákveður fræðslunefnd stað og tíma og gerir þeim prófdómanda, sem skipaður er, viðvart með nægum fyrirvara.

Til prófs skulu koma öll börn, sem eru 10 ára að aldri og alt að fullra 14 ára.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs, án gildra forfalla, og sætir þá sá, er barnið hefir til framfærslu, sektum frá 2 til 20 kr. eptir úrskurði lögreglustjóra í bréfi til fræðslunefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð.

11. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur séu til, að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu, áður en það er 14 ára fullra, ber fræðslunefnd að gera ráðstafanir til, að lögð sé við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sérstaka kenslu á kostnað þess, er barnið hefir til framfærslu, samkvæmt því sem segir í 1. gr.

12. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefir eigi feingið hina lögskipuðu kunnáttu, ber fræðslunefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 10. gr., og er því skylt að koma árlega til prófs, unz það stenzt prófið eða er fullra 16 ára. Undanskilin fyrirmælum þessarar greinar og fyrirmælum næstu greinar á undan eru þau börn, er fræðslunefndin dæmir óhæf til hins lögboðna náms sakir gáfnaskorts eða vanheilsu.

13. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

IV. kafli.

Um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnafræðslu.

14. gr.

Styrkur úr landssjóði til barnafræðslu utan kaupstaða veitist eptir þeim reglum, sem segir í eptirfarandi greinum.

15. gr.

Ekkert hérað fær styrk úr landssjóði til eptirlits með heimafræðslu, nema:

1. til eptirlitsins sé ráðinn með skriflegum samningi til ákveðins tíma kennari, einn eða fleiri, er starfi að minsta kosti 6 mánuði á ári og hafi auk fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann starfar að eptirlitinu,
2. eptirlitinu sé hagað eptir reglugerð, er sé löguð eptir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samið og sett.

Upphæð landssjóðsstyrks til eptirlits með heimafræðslu fer eptir því, hve mörg þau heimili eru, sem kennari hefir haft eptirlit með og hve opt hann hefir húsvitjað á hverju þeirra.

16. gr.

Ekkert fræðsluhérað fær styrk úr landssjóði til farskóla, nema:

1. kennari sé ráðinn til farskólans, einn eða fleiri, með skriflegum samningi til ákveðins tíma og hafi eigi minni laun en eptirlitskennari (sbr. 15. gr.).
2. kenslunni sé hagað eptir reglugerð, er sé löguð eptir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samið og sett,
3. hvert barn, sem í farskólann geingur, njóti þar kenslu eigi skemur en 2 mánuði á ári hverju.

Upphæð landssjóðsstyrks til farskóla fer eptir tölu þeirra barna, 10—14 ára að aldri, er í skólann hafa geingið síðasta fræðsluár, og leingd námstímans.

17. gr.

Ekkert fræðsluhérað fær styrk úr landssjóði handa föstum skóla, nema:

1. að hver kennari skólans sé ráðinn af fræðslunefnd, — með hæfilegum uppsagnarfresti af beggja hálfu,— með skriflegum samningi, og hafi aðalkennarinn að minsta kosti 18 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, og aðstoðarkennari eigi minna en 12 kr. um vikuna, er þeir kenna 5—6 stundir á dag.
2. kenslu skólans sé hagað eptir reglugerð, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samþykt;
3. að fullnægt sé reglum þeim, er yfirstjórnin setur um hollustuhætti slíkra skóla og kröfum hennar um kensluáhöld.

Nú fullnægir fræðsluhérað þessum kröfum, og fær það þá úr landssjóði styrk að tiltölu við barnafjölda skólans og leingd námstímans.

18. gr.

Ekkert fræðsluhérað fær styrk úr landssjóði til sunnudagaskóla, nema:

1. Sunnudagaskólinn hafi verið haldinn að minsta kosti 26 sinnum á síðasta almanaksári.

2. Skólahaldinu sé hagað eptir reglugerð, er lögð sé eptir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samið og sett.

Upphæð landssjóðsstyrks til sunnudagaskóla fer eptir því, hve opt hann hefir verið haldinn síðasta almanaksár og eptir tölu þeirra barna, sem hafa sótt skólann.

19. gr.

Hverri beiðni um styrk til barnafræðslu, samkvæmt því, er nú hefir sagt verið, skulu fylgja skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála fyrirskipar.

V. kafli.

Um fræðslunefndir.

20. gr.

Hver hreppur eða kaupstaður er sérstakt fræðsluhérað, nema öðruvísi sé ákveðið. Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðslunefnd og sitja í henni 3 eða 5 menn, er hreppsnefndin (bæjarstjórnin) kýs.

Þegar hreppar ganga saman í eitt fræðsluhérað, skulu hreppsnefndirnar halda fund með sér og kjósa fræðslunefnd fyrir héraðið.

21. gr.

Kosning nefndarmanna gildir um 3 ár, og má endurkjósa þá að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við kosningu fyrr en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni. Kosning til fræðslunefndar skal jafnan fram fara, er hreppsnefndarmenn hafa setið í hreppsnefnd þrjú ár eða sex. Þeir, sem kosnir verða í hinar fyrstu fræðslunefndir hreppsins, skulu kosnir að eins til þeirra tímamóta. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara orsaka vegna, áður en þrjú ár eru liðin, frá því er hann var kosinn, skal sá, er kosinn er í hans stað, að eins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eptir.

22. gr.

Nefndin kýs úr sínum hóp til eins árs formann og skrifara. Skyldir eru embættismenn nefndarinnar að taka við endurkosningu tvö ár í röð.

Enginn nefndarmanna hefir atkvæðisrétt um þau mál, er snerta hann sjálfan sérstaklega.

23. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo opt, sem þörf krefur. Nefndin getur einga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gerðabók.

24. gr.

Fræðslunefnd skal hafa eptirtit með fræðslu barna í því fræðsluhéraði, sem hún er skipuð fyrir. Hún sér um framkvæmd á löggiltum kenslusamþyktum og átelur ef þær eru brotnar. Þar sem skólar eru, hvort sem eru farskólar eða fastir skólar, skal hún annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kenslunnar, séu svo, að heilsu barnanna sé eigi hætta búin. Hún ræður

kennara fyrir skólahéraðið og hefir umsjón með prófum þeim, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum. Hún semur og undirritar beiðni um styrk úr landssjóði til barnafræðslunnar og sendir árlega yfirstjórn fræðslumála skýrslu um barnafræðsluna í skólahéraðinu og önnur skírteini þar að lútandi.

Yfirstjórn fræðslumála setur nánari ákæði um skyldur og störf fræðslunefnda.

VI. kafli.

Um yfirstjórn fræðslumála og umsjón.

25. gr.

Yfirstjórn fræðslumála og umsjón hefir stjórnarráð Íslands á hendi og er því heimilt að taka sér til aðstoðar mann, sem framkvæmi umsjón þess með fræðslumálum landsins og undirbúi ráðstafanir þær og reglugerðir, sem stjórnarráðið setur um þau. Kostnaðurinn við aðstoðina greiðist úr landssjóði og skal ákveðinn á fjárlögum.

VII. kafli.

Um það, hver lagaákvæði séu úr gildi numin með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

26. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: Konungsbréf 2. Júlí 1790 um uppfræðing barna, og lög 9. Janúar 1880 um uppfræðing barna í skript og reikningi.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Október 1906. Þó skulu ákvæðin um lágmark launa sem skilyrði fyrir landssjóðsstyrk (sbr. 15., 16. og 17. gr.) eigi ná gildi fyrr en kennaraskóli er kominn á stofn og hefir starfað í 4 ár.

Nd. **402. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906—1907.

Flutningsmenn: G. Björnsson, Stefán Stefánsson, þm. Skf., Lárus Bjarnason, Björn Bjarnarson, Jón Magnússon, Björn Kristjánsson.

1. Við 15. gr. 9: Í stað »1500 kr. — 1500 kr.« komi: 4000 kr. — 4000 kr.
2. Við 15. gr. 9: Aptan við stafliðinn bætist þessi athugasemd:

Styrkurinn veitist með þeim skilyrðum, að skólinn standi frá 1. Okt. til 14. Maí eða $7^1/_2$ mánuð, að daglegar kenslustundir séu ekki færri en 5, stundatafla og reglugerð skólans samþykt af stjórnarráðinu og skólinn undir yfirstjórn þess.

Nd. **403. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskj. 386.

Frá minni hluta nefndarinnar í hraðskeytamálinu og frá minni hluta fjárlaganefndarinnar.

Aptan við 2. a. komi svohljóðandi athugasemd:

Sjái Ísland sér eigi fært, að 20 árum liðnum, að halda nefndu loptskeytasambandi áfram, án styrks annarsstaðar frá, verða loptskeytastöðvarnar sameign Íslands og þess eða þeirra landa, er tekið hafa þátt í 20 ára ársframlagi til loptskeytasambandsins, eftir því hlutfalli, er hvert landið hefir lagt fram.

Ed. **404. Frumvarp**
til fjáraukalaga fyrir árin 1904 og 1905.
(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1904 og 1905, veitast kr. 25666,39 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—5. gr. hér á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitast:

Við tölulið 7, útgjöld við holdsveikraspítalann.

Við g. viðhald á húsum ... ... kr. 1000,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

1.	Við B. 4. Til þjóðvega í Vesturamtinu...	kr.	2000,00
2.	Við D. Ritsími. Til rannsóknaferðar og annars undirbúnings við símalagningu vorið 1905	—	8000,00
3.	Við E. Til vita, e. til Gróttuvita	—	1500,00
	a. til að kaupa ½ Gróttu ... ... kr. 1000,00		
	b. til að gera við varnargarð ... ... — 500,00		
		kr.	11500,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála, veitast:

1.	Við B. IV. c. a. Ýmisleg útgjöld til gagnfræðaskólans á Akureyri: til aukakenslu 100,00		
	b. til leikfimishúss og áhalda við sama skóla 6500,00	kr.	6600,00
2.	Við B. V. b. 4. ýmisleg útgjöld til stýrimannaskólans	—	100,00
3.	Til séra Gísla Skúlasonar, styrkur til utanfarar til þess að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum	—	1000,00
		kr.	7,700,00

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna, til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja, veitast:

1. Við A. Styrkur til myndasmiðs Einars Jónssonar ... ... kr. 350,00
2. Við B. Styrkur til sérfróðs manns, til að rannsaka hvernig hepta megi sandfok á Rangárvöllum 1000,00
3. Til hinna tveggja yfirmatsmanna á gæðum fiskfarma: upp í kostnað við ferð þeirra til Spánar á síðastliðnu hausti og vetri, 200 kr. til hvors ... ... — 400.00
4. Til greiðslu á kostnaði við fjárkláðaskoðanir í Norðurmúlasýslu í December og Janúar veturinn 1903—1904 .. .. kr. 417.50
5. Til greiðslu á kostnaði við fjárkláðaskoðanir í Austur-Skaptafellssýslu í December 1903 og Janúar 1904, eptir reikningi er stjórnarráðið úrskurðar, alt að ... ... kr. 241.050
6. Til greiðslu á kostnaði við fjárkláðaskoðanir í Suður-Múlasýslu í December 1903 og Janúar 1904, eptir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar, alt að ... ... kr. 429.50
7. við B. 1. g. Til að kaupa hús á skógræktarjörðinni Hallormstað kr. 2627.89

kr. 5466,39

Nd. **405. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906—1907.

Frá fjárlaganefndinni.

1. 2. gr. 9. Fyrir »120.000 — 120.000« komi: 143.000 — 143.000.
2. — — 10. —— »110.000 — 110.000« komi: 143.000 — 143.000.
3. — — 11. —— »250.000 — 250.000« komi: 312.000 — 312.000.
4. — — 12. —— »8000 — 8000« komi: 10.400 — 10.400.

Samlagning í aptasta dálki á ofannefndum liðum breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

5. 12. gr. B. 7. og 8. liður. Athugasemdin aptan við 7. lið færist aptur fyrir 8. lið og orðist þannig:

Tillag til veganna undir 7. og 8. lið er því skilyrði — — — o. s. frv.

6. 12. gr. D. Aftan við 6. lið g. bætist nýr liður þannig hljóðandi: til þess að rannsaka og undirbúa símasamband til Ísafjarðar og frá Reykjavík austur að Ægisíðu alt að 4000 kr.
7. 13. gr. B. VI. b. 4. fyrir orðin »til sveita« komi: utan kaupstaða.
8. 14. gr. 29. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd: þar af til ferðakostnaðar 1000 kr. hvort árið.
9. 15. gr. l. f. fyrir »7000—6000« komi: 7500—7500.
10. 15. gr. 7. fyrir 4200 komi: 6200. fyrir »3000 kr.« í athugasemdinni komi: 5000 kr.
11. 15. gr. 15. fyrir orðið »tvöfalt« (í athugas.) komi: þrefalt.
12. 15. gr. 19. Á eftir »Öldunnar« komi: styrkur til utanfarar fiskimanna, er afla vilja sér þekkingar á fiskiveiðum og fiskiverkun.
13. Við 20. Aftan við 20. gr. bætist:

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar hand verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo, að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni og má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyr-

arkaupstaður ábyrgist það, er umfram er. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

14. Aptan við 20. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Til byggingar stórskipabryggju í Stykkishólmi má veita lán úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr., gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar í Stykkishólmshreppi og »Framfarasjóðs Stykkishólms«. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og afborgist svo með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Nd. **406. Breytingartillaga**

við frv. til laga um brúargerð á Héraðsvötn.

Frá nefndinni.

Í staðinn fyrir: »úr landssjóði« komi: úr landssjóði, þegar fé er veitt til þess á fjárlögunum.

Nd. **407. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 11. gr. 9. f. Athugasemdin orðist svo:
   Styrkirnir undir staflið e. og. f. veitast o. s. frv.
2. — 12. gr. E. m. b. Liðurinn orðist svo:
   kostnaður við vitahaldið 500 — 1000 kr.
3. — 13. gr. B. X. Aptan við liðinn bætist þessi athugasemd:
   Styrkurinn til hvers sýslufélags má eigi fara fram úr 300 kr. og veitist að eins gegn helmings framlagi, á móts við styrkinn, annarsstaðar frá.
4. — 18. gr. Aptan við greinina bætist ný málsgrein þannig hljóðandi:
   Upphæð, er svarar $^2/_3$ hlutum sekta fyrir ólöglegar fiskiveiðar útlendra skipa, er eptirlitsskipið handsamar og dregur fyrir dóm á Íslands, svo og $^2/_3$ andvirðis upptæks afla og veiðarfæra af þessum skipum greiðist í ríkissjóð, sem tillag af Íslands hálfu til kostnaðar við eptirlitsskipið.

Nd. **408. Frumvarp**

til laga um skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrétt og önnur réttindi yfir Glerá og landi meðfram henni.

(Eptir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Sérhver sá, er hefir eignarétt eða önnur réttindi yfir Glerá eða landinu meðfram henni, skal vera skyldugur til þess, að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar gegn fullu endurgjaldi svo mikið af réttindum

þessum eða eign, sem nauðsynlegt er til þess, að framkvæma megi veiting árinnar inn að eða inn í kaupstaðinn, samkvæmt því, er ákveðið verður af bæjarstjórninni.

Endurgjaldið greiðist úr bæjarsjóði Akureyrarkaupstaðar.

2. gr.

Nú geta málsaðilar eigi orðið á eitt sáttir um það, hverjar eignir eða réttindi taka þurfi eignarnámi eða og um upphæð endurgjaldsins, og skal þá leggja ágreininginn undir úrskurð 5 manna; af þeim nefna málsaðilar til sína 2 menn hvor, en stjórnarráð Íslands tilnefnir oddamanninn.

Nú vill málsaðili eigi nefna til menn og skulu þá dómkvaddir menn í þeirra stað.

Eingan má nefna til né dómkveðja, er sæti á í bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar.

Nd. **409. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskj. 405.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 8. lið: Á eptir orðinu »ferðakostnaðar« komi: eptir reikningi

Nd. **410. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um þingsköp handa Alþingi.

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Orðin í upphafi greinarinnar; »Þeir, er eigi hafa áður á þingi setið« falli burt.
2. — 3. gr. Í stað orðanna: »sameinað Alþingi« komi: þingið.
3. — 4. gr. Fjórði málsliður, orðin: »Tekið getur ... mundi hlotið hafa« falli burt.
4. — 10. gr. Orðin í enda greinarinnar: »Við þingsetning« falli burt.
5. — 13. gr. Í stað orðanna: »þingmenu skulu ... fundar á undan« komi: Upplestrinum má sleppa, ef einginn hlutaðeigandi þingmanna æskir hans. Bókin skal vera til sýnis þingmönnum á lestrarsalnum að minsta kosti 2 tíma áður en næsti fundur byrjar.
6. — 15. gr. Orðin: »sbr. 22. gr. stjórnarskrárinnar« falli burt.
7. — 16. gr. Í stað orðanna í næst seinustu línu greinarinnar: »er kosið um 4« komi: er kosið um 3.
8. — 21. gr. Í stað orðanna: »Hver þingmaður .... breytingartillögu« komi: Ráðherra og hver þingmaður í deildinni getur komið fram með breytingartillögu (sbr. 30. gr.).
9. — 21. gr. Í stað orðanna: »Breytingartillögur má hver þingmaður í deildinni gera« komi: Breytingartillögu má ráðherra og hver þingmaður í deildinni gera (sbr. 30. gr.).

10. Við 24. gr. Á eptir orðunum seinast í fyrri málsgrein: »og má« bætist inn í: ráðherra og.
11. — 25. gr. Á eptir orðunum í 4. línu greinarinnar: »Breytingartillögu má« komi: ráðherra og.
12. — 25. gr. Í 2. línu 2. málsgreinar í stað: »um í mál« komi: um mál.
13. — 29. gr. Á eptir orðunum: »Breytingartillögu má« komi: ráðherra og.
14. Á eptir 37. gr. komi ný grein þannig hljóðandi:
Eigi má nema með leyfi forseta lesa upp skrifað eða prentað mál.
Greinatalan á eptir breytist samkvæmt þessu.
15. Á eptir 52. gr. komi ný 54. gr. þannig hljóðandi:
Lög þessi ásamt stjórnarskipunarlögum Íslands 5. Jan. 1874 með áorðnum breytingum skal gefa út á kostnað landssjóðs í sérstökum bæklingi og skal prenta aptan við þau reglur, er stjórnarráðið semur um hlutfallskosning þá, er getur um í 45. gr. hér á undan.
53. gr. verði 55. gr.

Ed. **411. Frumvarp**
til laga um atvinnu við siglingar.
(Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr.

Réttur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi í innanlandssiglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 12 smálestir, en ekki yfir 30 smálestir, að hlutaðeigandi sanni með prófvottorði þriggja valinkunnra skipstjóra, sem bæjarfógeti tilnefnir, að hann

a) kunni að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hafi þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
b) kunni að nota áttavita;
c) kunni að nota skipshraðamæli;
d) þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingar;
e) hafi stundað siglinga-atvinnu minst 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 smálestir.

Stjórnarráðið semur reglur um prófið, sem að eins fer fram í kaupstað, og fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

Réttur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi í innanlands-siglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 30 smálestir, að hlutaðeigandi hafi feingið skirteini sem skipstjóri í innanlands-siglingum.

3. gr.

Réttur til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslenzku skipi, skal

bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem skipstjóri í utanlandssiglingum. Sé um gufuskip að ræða, er rétturinn enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini það, sem getur um í 14. gr.

4. gr.

Réttur til að vera stýrimaður í innanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er meira en 70 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem stýrimaður í innanlands-siglingum.

5. gr.

Réttur til að vera stýrimaður í utanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er minna en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem stýrimaður í innanlands-siglingum og hafi auk þess verið stýrimaður innanlands 12 mánuði.

6. gr.

Réttur til að vera stýrimaður í utanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini sem stýrimaður í utanlands-siglingum.

Ef um gufuskip er að ræða, er rétturinn enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið viðauka-skírteini það, er getur um í 14. gr.

Viðauka-skírteini það, sem ræðir um í grein þessari og 4. gr., er þó óþarft, ef maður hefir staðizt hið almenna danska stýrimannspróf eða annað próf, er jafngildir því eptir dönskum lögum.

7. gr.

Ekkert íslenzkt skip má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða milli Íslands og annara landa, nema því að eins, að á því sé til starfa að minsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra, og sé um gufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálestir, þá 2 stýrimenn.

Ekkert íslenzkt skip, sem meira er en 70 smálestir, má afgreiða eða láta fara í innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sé til starfa einn stýrimaður auk skipstjóra.

Þá má eigi heldur afgreiða nokkurt íslenzkt gufuskip, eða það fara á neinar siglingar frá neinum stað á Íslandi, nema því að eins, að skilyrðum þeim sé fullnægt, sem sett eru í reglugjörð þeirri um gæzlu á gufuvél skipsins, er því hefir verið feingin samkvæmt 15. gr., og sem til tekur um tölu og kunnáttu þeirra manna, er til gæzlu skulu settir við vélina.

8. gr.

Til að öðlast skírteini sem skipstjóri í innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b) að hann hafi verið stýrimaður í 12 mánuði;
c) að hann hafi rétt innborinna manna eða sé heimilisfastur í Danaveldi;
d) að hann sé fullveðja;
e) að hann hafi ekki orðið sekur að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;

f) að hann sanni, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir skipstjóra.

9. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem skipstjóri í utanlands-siglingum útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 8. gr. liðunum c—f:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík eða hið almenna danska stýrimannspróf eða annað það próf, sem hefir sama gildi eptir dönskum lögum;
b) að hann hafi verið stýrimaður í 12 mánuði, og á þeim tíma farið tvisvar milli landa, eða hann hafi siglt sem skipstjóri tvisvar milli landa.

10. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem stýrimaður í innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík.
b) að hann hafi verið fullgildur háseti á þilskipi í 12 mánuði;
c) að hann hafi eigi verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
d) að hann sanni, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

11. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem stýrimaður í utanlandssiglingum útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 10. gr. liðunum c og d.:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eða hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er hefir sama gildi eptir dönskum lögum;
b) að hann hafi verið í förum sem fullgildur háseti í utanlands-siglingum í 12 mánuði, eða farið tvær ferðir landa á milli sem stýrimaður.

12. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru hér að framan, eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem talin eru í 8.—10. gr. Skírteini þessi skal rita eptir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur til búa, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, þar sem hlutaðeigandi er búsettur, eða sé hann hvergi búsettur í landinu, þá á þeim stað, þar sem hann eða umboðsmaður hans er staddur, þegar beiðnin kemur fram.

Fyrir skipstjóra-skírteini skal greiða 4 kr., er renna í landssjóð. Fyrir stýrimannsskírteini skal greiða 2. kr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, að því er snertir útgáfu skírteinis, og skal hann þá senda kæru sína stjórnarráði Íslands, sem þá gjörir út um málið; en við það skerðist eigi réttur hans til þess að leita dómsákvæðis í þessu máli.

13. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá prófkröfum þeim og skilyrðum að því er sjómensku snertir, sem nefnd eru í 7. til 11. gr.

Sömuleiðis getur stjórnarráðið um næstu 10 ár, veitt þeim manni, er

feingið hefir skírteini sem skipstjóri í innanlandssiglingum, rétt til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslenzku seglskipi, sem er minna en 100 smálestir, hafi hann verið skipstjóri í innanlandssiglingum í 18 mánuði.

14. gr.

Sá, er öðlast hefir skírteini sem skipstjóri eða stýrimaður í utanlandssiglingum, og sem því næst færir sönnur á það annaðhvort með vottorði um, að hann hafi staðizt próf í gufuvélafræði í Danmörku, eða á annan hátt, að hann hafi þá þekkingu á gufuvélum, sem nauðsynleg er til þess að vera skipstjóri eða stýrimaður á gufuskipi, á kost á að fá viðauka-skírteini þessu til sönnunar hjá stjórnarráði Íslands.

15. gr.

Á hverju íslenzku gufuskipi, skal vera reglugerð um gæzlu á gufuvélinni, er ráðherra Íslands gefur út; skal í henni gera ákvæði um það eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um hestafl vélarinnar, hverjum skilyrðum vélaliðið skuli fullnægja að því, er snertir tölu og kunnáttu gæzlumanna.

Nú verður sú breyting gerð síðar á vél skipsins eða kötlum þess, að hestaaflið eykst að mun, og skal úrgerðarmaður þess þá skyldur til að útvega nýja reglugerð.

16. gr.

Nú verður maður að lagadómi sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu sem skipstjóri.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu sem stýrimaður.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 200 krónum; sé brotið ítrekað, geta sektirnar stigið alt að 400 krónum. Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Skilyrði fyrir því að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi í innanlandssiglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa atvinnu þessa áður en lög þessi öðlast gildi.

19. gr.

Lög nr. 29., 26. Okt. 1893 um atvinnu við siglingar eru úr gildi numin.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Ed. **412. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á og viðauka við lög, um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. Marz 1900.

Vér undirritaðir, sem vorum valdir til þess af háttv. efri deild, að íhuga og láta uppi álit vort um frumvarp til laga um forkaupsrétt leiguliða o. fl., og sem

síðar feingum frumvarp þetta til meðferðar, skulum nú láta uppi álit vort um það.

Vér höfum ekkert við frumvarp þetta að athuga, annað en það, sem tekið er fram í áliti voru um frumvarp til laga um sölu þjóðjarða, viðvíkjandi andvirði þjóðjarða, sem seldar verða eptir næstu árslok, og látum vér oss því nægja að vitna til þess nefndarálits, að því er snertir breytingu þá, sem vér leggjum til að gerð sé á frumvarpinu.

Vér leggjum því til, að háttv efri deild Alþingis samþykki frumvarp þetta með eptirfylgjandi breytingu:

Við þriðja málslið 1. greinar.

Málsliðurinn orðist svo:

Ræktunarsjóðurinn greiðir árlega til landssjóðs 4 af hundraði af andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar verða eptir 1. Janúar 1906, jafnóðum og vextir og afborganir renna í hann. Af vöxtum sjóðsins að öðru leyti, má verja alt að $^{5}/_{12}$ hlutum, til að styrkja menn til lífsábyrgðarkaupa til viðbótartryggingar lánveitingum til ábýliskaupa, og alt að $^{4}/_{12}$ til verðlauna fyrir atorku, hagsýni og eptirbreytnisverðar nýungar í landbúnaði. Að öðru leyti skal leggja vextina við höfuðstólinn.

Alþingi 14. Ág. 1905.

Eiríkur Briem, formaður. Guðjón Guðlaugsson, skrifari og framsögumaður.

Þorgr. Þórðarson. Þórarinn Jónsson. Ág. Flygenring.

Ed. **413. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um sölu þjóðjarða.

Vér, sem kosnir vorum af háttv. efri deild til þess að athuga frumvarp til laga um forkaupsrétt leiguliða o. fl., og sem vísað var til á sama fundi frumvarpi því, er hér um ræðir, skulum nú láta uppi álit vort um málið.

Það er ekki hægt að segja, að hér sé um neitt nýmæli að ræða, þar sem er sala þjóðjarða, því það mál hefir verið til umræðu fyrir þinginu í einhverri mynd nálega í hvert skipti, sem það hefir komið saman um undanfarin 20 ár og ávalt verið veitt eptirtekt, því aldrei munu allir hafa verið á eitt sáttir í því efni. Að vísu hafa ekki verið borin upp frumvörp um almenna þjóðjarðasölu, nema á þingunum 1887, 1889 og 1891, heldur hafa í öll önnur skipti verið frumvörp um sölu nokkurra þjóðjarða fleiri eður færri, en allra ákveðinna og með ákveðnu verði, en það sýnist nú ekki skipta svo miklu, hvort þingið gefur stjórninni heimild til þjóðjarðasölu í eitt skipti fyrir öll eða í hvert skipti, sem það kemur saman, á öllum þeim jörðum, sem þess er óskað.

Hitt er aðalatriðið, hvort það í raun og veru er til heilla fyrir þjóðfélagið, að þjóðjarðirnar séu seldar eða það miðar til hins gagnstæða, um það hefir ágreiningurinn jafnan verið, og sá skoðanamunur er að öllum líkindum ekki horfinn enn, enda benda umræðurnar í háttv. neðri deild um málið á það, að svo sé ekki.

Því hefir jafnan verið haldið fram og það með nægum rökum, að lands-

sjóður sé vanalega bezti landsdrottinn, sem leiguliðar eiga kost á, og að það sé því minni ástæða fyrir landseta hans að óska eptir kaupum á ábýlum sínum en fyrir nokkra aðra leiguliða; sömuleiðis, að ekki sé ætíð sönnun fyrir, að við söluna komi varanleg sjálfsábúð í stað leiguábúðar, þar sem erfðalög vor gera ekkert til þess að jarðirnar haldist óskiptar í ættunum frá manni til manns, og þar sem ekki sé víst,' að sá, sem kaupir af landssjóði, selji eigi öðrum jörðina, sem ekki notar hana til sjálfsábúðar, eða ef til vill sé frá upphafi »leppur« annars manns í kaupunum.

En þegar þess er gætt, að vaknaður er almennur áhugi meðal allra þeirra leiguliða, sem nokkur veruleg mannræna er í, eða sem nokkuð hugsa um framtíð sína sem landbændur, til þess að verða eigendur ábýla sinna, en að sama skapi virðist þeim fara sífækkandi, sem hugsa nokkuð um það, að eiga jarðir til þess að leigja öðrum, þá er auðsætt, að þessi hverfulleiki sjálfsábúðarinnar er nálega á förum, en það getur eingum manni blandazt hugur um, að þótt um leiguliðaábúð á þjóðjörðum sé að ræða, og þótt hún sé að mun betri en á eignum privatmanna, þá er hún þó miklu lakari en sjálfsábúð svo leingi sem hún helzt, lakari fyrir ábúandann og lakari fyrir þjóðfélagið í heild.

Það að laungun manna fer vaxandi til þess að eignast ábýli sín, en að sama skapi minkandi í því að kaupa jarðir til þess að leigja öðrum, er heldur eingin blind tilviljun. Að menn hafa nú almenna laungun til sjálfsábúðar er afleiðing almenns áhuga á því að endurbæta jarðirnar, en það, að endurbæta sína eigin eignarjörð, hvort heldur er að húsum eða öðru, er svo afar ólíkt því sem er að leggja fé til umbóta á annara eignum, að slíku verður ekki saman jafnað. Þó að umbæturnar séu að vísu þeim til gagns, sem gerir þær, meðan hann býr sjálfur að þeim, þá eru þær undir flestum kringumstæðum sáralítils virði, þegar menn verða að fara frá þeim og skilja þær eptir á annars manns eign, er umbætarinn hefir eingin ráð yfir, hver nýtur, þótt hann fari frá lifandi og heill heilsu, því síður ef hann deyr og ekkja hans eða ómyndug börn eiga að taka við leifunum.

Af þessu leiðir, að eins og það er áreiðanlegt, að einginn, sem ekki vill kosta neinu til endurbóta á ábúðar- og eignarjörð sinni, mundi því síður gera það á annara eign, eins er það fullkomlega víst, að allur fjöldinn af þeim, sem eru leiguliðar og ekki gera neinar verulegar umbætur á ábýlum sínum, mundu hiklaust leggja fram krapta sína til þess, ef þeir væru sjálfseignarbændur, eða þó ekki væri nema það, að þeir í raun og veru ættu umbæturnar sjálfir.

Af þessu leiðir, að þegar löggjafarvaldið styður að sjálfsábúð í landinu, þá styður það um leið að því, að landið sé bæði bætt og byggt, og þar sem að þjóðjarðirnar eru nú þær jarðirnar, er þingið hefir mest umráðin yfir, þá getur það naumast geingið, að löggjafarvaldið spyrni á móti þessum umbótum að því er þær snertir, með því að gera þær ekki falar.

Ástæðan fyrir því, að hugir manna hallast meira og meira frá því að kaupa jarðir til þess að leigja öðrum, er aðallega sú, að undir flestum kringumstæðum er það nú orðið langóheppilegasti vegurinn til þess að ávaxta fé sitt. Það gefur sjaldan meiri tekjur, en optast miklu meiri umsvif og fyrirhafnir, og getur valdið eigandanum óbærilegs tjóns, af því það féð getur verið fast í jörð, sem hann vill ekki nota eða getur ekki notað, þegar honum opnast vegur til þess að ávaxta fé sitt miklu betur á annan hátt. Í þessu sem öðru breytast kringumstæð-

urnar meira og meira, og eru þegar orðnar stórkostlega breyttar frá því, sem áður var.

Þá er önnur hlið á þjóðjarðasölunni, sem verður að athugast, og sem jafnan hefir verið athuguð, þegar hún hefir verið til umræðu á þinginu, en það er hin fjárhagslega hlið landssjóðsins eða þjóðfélagsins í heild sinni. Eins og það hefir jafnan þótt mjög slæmur búskapur, þegar einstakir menn hafa selt fasteignir sínar, til þess að hafa þær fyrir eyðslueyri í búinu, eins hefir þessi aðferð þótt mjög varhugaverð fyrir þjóðarbúið, að því er sölu þjóðjarðanna snertir.

Fram að árinu 1900 rann andvirði þjóðjarða í viðlagasjóðinn, en hann er, eins og menn vita, ekkert annað en samansafn af hinum árlegu eptirstöðvum landssjóðsins meðan svo stóð, að tekjur hans gerðu betur en hrökkva fyrir útgjöldunum, en þessu eptirstöðvasafni mátti, án þess að koma í bága við nokkur lög, eyða nær sem svo bæri undir, jafnvel á einu einasta ári, og þá væri hið fasta og dýrmæta kapital, verð þjóðjarðanna, komið sömu óhappaleiðina, sem að eins mestu búskussar þjóðarinnar hafa fetað, þann, að eta upp arðberandi fasteignir með öllum sínum gögnum og gæðum, og er alls ekki að undra, þó ráðdeildarsömum löggjöfum hafi óað við slíku ástandi, ef það kynni að geta komið fyrir.

Á þetta kom nú mikil breyting með lögum Ræktunarsjóðsins 2. Marz 1900; þá var svo ákveðið, að andvirði allra þjóðjarða skyldi renna í hann, og að höfuðstól hans mætti ekki skerða. Þá var komið í veg fyrir það, að þjóðjarðaverðið yrði nokkurn tíma gert að eyðslueyri, og þá hvarf um leið sú mótbáran gegn þjóðjarðasölunni, en þá myndaðist líka önnur ný um leið. — Ræktunarsjóðurinn var stofnaður í fastákveðnu augnamiði eða með föstu, einskorðuðu verksviði, og hann var alls ekki lagður undir umráð þingsins nema að því leyti, sem hér voru einföld lög, er þingið hafði heimild til að breyta. Hér var ekki einungis tekinn fastur stofn, sem þingið hafði áður öll ráð yfir, og sett í hendur annara valdhafa, heldur var landssjóður sviptur föstum árstekjum, og þingið svipt öllum yfirráðum yfir þeim.

Eins og það ávalt hefir þótt merki lélegs búskapar hjá einstökum mönnum að selja fasteignir til þess, að standast árleg útgjöld búsins, eins hefir það jafnan verið talið sjálfsagt og í alla staði eðlilegt, að hinum árlegu tekjum af fasteignunum væri varið sem öðrum tekjum í búsins þarfir eða til hvers, sem eiganda bezt líkaði, eða væri hagfeldast, og því hefir eingum komið það til hugar, að svipta hvorki sjálfa sig né aðra fjárforræðinu að því er afgjöldin snerti, en það gerði þingið, það svipti sjálft sig fjárforræði með stofnun Ræktunarsjóðsins, og hið sama gerir það í ár með stofnun Fiskiveiðasjóðsins, að því leyti, sem þeim upphæðum nemur; en þetta getur verið og er mjög afsakanlegt, að stofnaðir eru tveir sjóðir, sem klipnir eru út úr landssjóðnum til þess að efla tvo aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. Fiskiveiðasjóðurinn á að efla hinar þýðingarmiklu fiskiveiðar landsmanna, og Ræktunarsjóðurinn er til þess að efla ræktun landsins, til þess að bæta og byggja landið, eins og þjóðjarðasalan á að stefna að yfirleitt; en af því að þessi aðferð, að klípa þannig stóra hluta út úr landssjóðnum og kasta þeim í annarlegt vald, er mjög varhugaverð, af því að það er skerðing á fjárforræði þingsins, þá verður að fara varlega í þessar sakir, enda þótt fyrir góða sé að gera, þar sem eru landbúskapur og sjávarútvegur.

Fiskiveiðasjóðurinn er stofnaður af álitlegri og ákveðinni upphæð úr viðlagasjóði og honum er ætlað nokkurt árlegt gjald úr landssjóði, sem haldizt get-

ur nokkur ár meðan þess er þörf, en Ræktunarsjóðurinn er nú þegar orðin svo álitleg upphæð, undir 160,000 kr., að vel mætti við það una, þótt nú yrði hætt við að auka stofnfé hans, nema að því leyti, sem því af vöxtum hans, er ekki er haft fyrir eyðslueyri, yrði bætt við höfuðstólinn.

Þó ber þess að gæta, að úr því þjóðjarðirnar eru seldar, og verð þeirra á að leggjast í fastan sjóð, sem ekki má skerða, þá er enginn sjóður betur lagaður til þess að geyma í þetta kapital landsins, andvirði þjóðjarðanna, heldur en einmitt Ræktunarsjóðurinn, og því leggjum vér það til, að það ákvæði standi óhaggað í lögum hans frá 2. Marz 1900, en leggjum þar á móti til, að ákvæði verði bætt inn í frumvarpið það, er nefndinni var einnig falið til íhugunar, um breyting á lögum Ræktunarsjóðsins, að Ræktunarsjóðurinn borgi árlega til landssjóðs 4 % af öllu andvirði seldra þjóðjarða frá byrjun næsta árs (þ. e. seldum eptir það); þá tapar landssjóður eingum árlega tekjum við þjóðjarðasöluna úr þessu og þingið sleppir heldur ekki sínum eðlilegu umráðum yfir arðinum af þessari eign þjóðarinnar, þótt jarðirnar séu seldar. Þá verður að eins breyting á eign þjóðarbúsins úr jörðum í peninga, en eingin skerðing á tekjum þess né umráðunum yfir þeim hjá Alþingi. Og það er meira að segja efasamt, hvort hér er rétt að tala um breyting á eign, því það verður að líta svo á, sem landssjóðurinn sé eigandi Ræktunarsjóðsins, og þar sem hann er ætlaður mestmegnis til útlána í sambandi við jarðakaup, þá má búast við, að hann fái hlutdeild í miklu fleiri jörðum, en landssjóður á nú, vitanlega ekki sem eigandi, heldur sem veðhafi. Þá verður Ræktunarsjóðurinn aðalhyrningarsteinninn undir sjálfsábúð landsmanna, hann verður sá, sem gefur fátækum leiguliðum hvötina til þess að manna sig upp og reyna að eignast ábýli sín fyrst í orði og síðan á borði, og hann, sem gerir þeim það mögulegt, hvað fátækir sem þeir eru, ef þeir að eins hafa einlægan hug á því og eru að öðru leyti sjálfbjarga, þá verður að öllum líkindum áhuginn svo almennur og einlægur hjá bændum á því, að eiga sjálfir blettinn, sem þeir yrkja og rækta og húsin, sem þeir búa í, að jarðeignir án sjálfsábúðar geta ekki haldist við nema sem millibilsástand við sérstök tilfelli. Fæstir munu vilja taka jörð til ábúðar og því síður festa sig á henni, nema þeir hafi von um að eignast hana, svo að leiguliðaábúðin verður að eins sem undantekning en sjálfsábúðin sem aðalregla þjóðfélaginu til mikilla heilla.

Þá má geta þess, að stöku mönnum, sem þó eru ekki á móti því, að þjóðjarðir séu seldar, getur fundizt það varhugavert að gefa lausan tauminn svona á öllum þjóðjörðum í einu og með óákveðnu verði á hverri einstakri jörð, en vér verðum að álíta, að það sé mjög lítil trygging í því fyrir hæfilegu verði hverrar einstakrar jarðar, að um það sé rætt á þinginu. Sem optast eru flestir þingmenn, og stundum allir, ókunnugir gæðum einstakra jarða, og ef einhverir eru kunnugir, þá getur komið fyrir, að þeir á einhvern hátt séu svo settir, að þeir hiki sér við að gefa nákvæma skýrslu. Aðalatriðið er því það, að matsgerð hverrar jarðar sé svo samvizkusamlega af hendi leyst heiman úr héruðunum, að ekki þurfi umbóta við, og til þess virðist nefndinni, að alt sé gert, sem gert verður, í frumvarpi þessu, og verði nokkur veruleg brögð að því, að jarðir séu seldar fyrir alt of lágt verð, þá liggja öll skjöl fyrir þinginu til athugunar eptir að salan fer fram, og má þá herða á eptirlitinu framvegis, ef jarðir hafa verið seldar of lágu verði. Þá liggja allar aðgerðir bæði stjórnarinnar og annara, sem um söluna hafa fjallað, undir dómi þings og þjóðar að hæfilega rannsökuðum málavöxtum. En að þingið sé að ákveða verð hverrar einstakrar jarðar, getur aldrei orð-

ið nema meira eða minna handahóf; það getur fært sumar jarðir svo upp, að einginn vilji þær fyrir það verð, en aptur látið virðinguna eina ráða á sumum, sem miklu lægra eru virtar í hlutfalli við jarðargæði. Svona hefir það geingið til og eru litlar líkur til, að breyting verði á þessu framvegis. Það má líka athuga það, að það er ekki útlátalaust fyrir landssjóðinn, að verið sé að þrefa um nokkrar jarðir á hverju þingi, og ef til vill til þess eins að tefja fyrir sölu sumra þeirra og fá þær svo til umræðu aptur á þinginu eptir nokkur ár.

Breytingar þær, er vér leggjum til að gerðar séu við frumvarp þetta, eru svo lítilfjörlegar og einfaldar, að ekki virðist þörf á að gera grein fyrir þeim nema í framsögunni.

Af framangreindum ástæðum og með sérstöku tillit til breytingartillögu vorrar við 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum Ræktunarsjóðsins, ráðum vér hinni háttv. efri deild Alþingis til þess að samþykkja frumvarp þetta með eptirfylgjandi viðauka og breytingum:

1. Við 3. gr. Aptan við greinina bætist: en ábúanda bera fullar bætur eptir óvilhallra manna mati fyrir átroðning og jarðarusla, er af því leiðir, að þeir eru notaðir.
2. — 7. gr. Aptan við fyrra málslið bætist svo hljóðandi málsiður:
   Jarðabótakvöð þá sem hér er nefnd, skulu matsmenn reikna til dagsverka eins og tíðkazt hefir við styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga, og telst hvert dagsverk jafngilda 1 kr. 25 aurum í öðru eptirgjaldi.
3. — 8. gr. Í staðinn fyrir orðin »til greina sérstaklega — söluverði jarðarinnar« komi: meta jörðina eins og eingar slíkar jarðabætur eður húsabætur hefðu verið gerðar.

Alþingi 14. Ág. 1905.

Eiríkur Briem, formaður. Guðjón Guðlaugsson, skrifari og framsögumaður.

Þórarinn Jónsson. Þorgr. Þórðarson. Ág. Flygenring.

Ed.

414. Frumvarp

til laga um rithöfundarétt.

(Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Höfundur hver hefir eignarrétt á því, er hann hefir samið. — Hann hefir því, innan þeirra takmarka, sem lög þessi setja, einkarétt á að birta og gefa út rit sín skrifuð, prentuð eða margfölduð á annan þvílíkan hátt, svo og til þess að sýna þau á leiksviði og lesa þau upp. Heimilt er þó að lesa upp rit, sem út hefir verið gefið, hafi höfundur eigi á titilblaði þess lagt bann við því, og þrátt fyrir slíkt bann er upplestur leyfilegur, þegar liðin eru 5 ár frá því, að ritið kom út í fyrsta sinn. Höfundur hefir og einkarétt á að gefa út ræður og fyrirlestra, er hann hefir haldið (sbr. þó 2. málsgr. 8. greinar og niðurlag 13. greinar).

2. gr.

Tónskáld hafa sama rétt á tónsmíðum sínum sem höfundar á ritum. Heimilt er þó að syngja eða leika á hljóðfæri opinberlega danslög og saunglög, er áður hafa verið birt, svo og einstaka kafla úr öðrum útgefnum lagsmíðum.

Sama rétt hefir og höfundur á stærðfræðisuppdráttum, landsuppdráttum og öðrum þesskonar uppdráttum.

3. gr.

Útgefendur blaða, tímarita eða ritsafna hafa einkarétt á að gefa út rit þessi í einni heild sem höfundar væru. — Sé eigi öðruvísi um samið hafa höfundar einstakra ritgerða eða kafla í slíkum ritum að öðru leyti eignarrétt að þeim eptir sem áður.

4. gr.

Eingum er heimilt án leyfis þess, er eignarrétt hefir á riti, að gefa út þýðing á því fyrr en 10 ár eru liðin frá því að ritið var gefið út í fyrsta sinn.

Nú hefir rit verið gefið út með fullri heimild á ýmsum tungumálum áður en téður 10 ára frestur er liðinn, og er þá eigi heimilt að gefa út þýðing á því á neinu þeirra tungumála, nema sá, er eignarréttinn hefir, leggi á samþykki sitt.

Nú er rit gefið út í heptum, og ber þá að telja ofangreint 10 ára tímabil frá útkomu síðasta heptis. Sé um rit að ræða, sem út eru gefin í bindum, er koma út á nokkrum fresti, eða skýrslur, sem vísindafélög gefa út, þá skulu einstök bindi eða skýrslur teljast sérstök rit að því er umgetinn frest snertir.

5. gr.

Þýðing á riti, sem gerð er með fullri heimild, og þýðing á riti því, er eigi nýtur verndar þessara laga, hefir sama rétt sem frumrit væri. En heimilt er að gefa út nýja, sjálfstæða þýðing á riti, sem annars er heimilt hverjum manni að þýða, þótt hið sama rit hafi áður þýtt verið.

6. gr.

Nú er rit samið af fleirum en einum höfundi án þess að ritsmíð hvers einstaks sé sérstök heild og hafi þeir ekki fyrir fram, áður en ritið var samið, veitt beint eða þegjandi samþykki sitt til birtingar, þá þarf samþykki allra höfundanna til þess að ritið verði birt.

Ákvæði þetta á einnig við, þegar um það er að ræða, að ritið sé birt á annan hátt en áður hefir verið gert, t. d. sýnt á leiksviði, er það áður að eins hefir verið gefið út á prenti.

Nú fá margir eignarrétt á riti að arfi og skal hver sá, sem höfundur með arfleiðsluskrá hefir til þess kjörið, skera úr því, hvort birta skuli ritið eða birta það á annan hátt en áður hefir verið gert. Hafi höfundur eigi gert slíka ákvörðun, skal það hjóna, sem eptir lifir, ef skilnaður að borði og sæng eða alger hjónaskilnaður hefir eigi átt sér stað, hafa úrskurðarvald að þessu leyti. Sé hvorugt hjóna á lífi, þarf samþykki allra erfingja.

Nú hefir rit verið löglega út gefið áður, og getur þá hver sameigandi krafizt þess, að ritið megi gefa út á ný óbreytt, enda sé eigi öðruvísi um samið áður, eða annað ákveðið í arfleiðsluskrá, að því er til erfingja kemur.

Nú hafa fleiri en einn öðlazt útgáfurétt með afsali eða lögsókn, og getur þá hver þeirra krafizt þess, að ritið megi gefa út.

Nú eru hlutaðeigendur eigi á eitt sáttir um það, hvernig útgáfu skuli hagað, eða með hvaða skilyrðum ritið skuli gefið út, eða eigi verður feingin yfirlýsing sumra þeirra um þessi atriði, og getur þá hver einstakur þeirra krafizt þess, að stjórnarráð Íslands tilnefni 3 menn í nefnd, sem skeri úr ágreiningsatriðunum. Ef nefndarmenn verða eigi á eitt sáttir, ræður afl atkvæða. Þeir, sem stjórnarráðið skipar í nefnd þessa, eru, að viðlögðum dagsektum, sem stjórnarráðið á-

kveður ef til kemur, skyldir til þess að takast starfa þennan á hendur. Borgun til dómsmanna ákveður stjórnarráðið, og greiðist hún af sameigendum, er skulu setja tryggingu fyrir henni fyrirfram, ef stjórnarráðið krefst þess.

Tekjur af útgáfum skiptast meðal sameigenda eptir réttri tilltölu við eignarrétt hvers eins.

Nú eru margir höfundar að sama riti, og skulu þeir þá hafa jafna hlutdeild í eignarréttinum, nema öðruvísi sé um samið.

7. gr.

Nú eru gefin út saunglög með texta, og gilda þá ákvæði 6. greinar að því er snertir útgáfu saunglaganna og textans í einni heild.

Höfundar laganna og textans eiga rétt á að gefa út hvort fyrir sig sérstaklega.

8. gr.

Lög, tilskipanir, auglýsingar frá stjórnarvöldum, dóma og opinber skjöl yfirhöfuð, má hver gefa út sem vill. Sama er um umræður á Alþingi og hverskonar opinberum fulltrúasamkomum, snertandi sveitarstjórn eða kirkjuleg mál eða önnur opinber erindi, enn fremur ræður manna á opinberum landsmálafundum, lýðmentasamkomum eða þesskonar fundum, og hvers kyns öðrum opinberum samkomum.

9. gr.

Höfundur á rétt á að fá öðrum í hendur, að nokkru eða öllu leyti, rétt að riti sínu.

Nú hefir höfundur veitt öðrum rétt til þess að birta rit á ákveðinn hátt (t. d. á prenti eða á leiksviði), og er þá rétthafa eigi heimilt að birta ritið á annan hátt en ákveðið var, né láta þýða.

Rétthafi má eigi án leyfis höfundar gera breytingar á riti og birta það þannig.

Nú selur höfundur (eða sá er í hans stað geingur) útgáfurétt á riti, og nær þá réttur útgefanda til einnar prentunar að eins, nema öðru vísi sé um samið, og má slík prentun eigi fara fram úr 1000 eintökum, nema ritið eigi að birtast á þann hátt, er um er rætt í 1. málsgrein 3. greinar. Höfundur má eigi gefa út nýja prentun af ritinu meðan upplag útgefanda er eigi upp selt, enda sé ritið þá jafnan fáanlegt í bókaverzlunum við verði, er eigi sé hærra en upphaflega var á það sett.

Nú gefur höfundur eða útgefandi út ritið að nýju í heimildarleysi, eða útgefandi hefir upplagið stærra en rétt er, og skal þá beitt ákvæðum 16., 17. og 19. gr. laga þessara.

10. gr.

Nú selur höfundur öðrum í hendur leikrétt á leikriti, og er þá rétthafa heimilt, sé eigi öðruvísi um samið, að sýna það hvar sem er og eins opt og hann vill, en eigi getur hann feingið rétt sinn öðrum í hendur.

Ef eigi er öðruvísi um samið, er höfundi heimilt að fá einnig öðrum leikrétt á ritinu eða láta leika það sjálfur.

Nú hefir einhver öðlazt einkarétt á að sýna rit á leiksviði, en lætur eigi leika það opinberlega í þrjú ár samfleytt, og er þá höfundi eða erfingjum hans,

en eigi öðrum, er kynnu að hafa náð eignarrétti á ritinu, heimilt að fá öðrum í hendur leikréttinn eða láta leika ritið sjálfir.

11. gr.

Nú deyr höfundur, og skal þá farið eptir ákvæðum erfðalaganna að því, er snertir eignarrétt hans á sömdu máli (sbr. þó 6. gr.)

Nú hefir rit eigi verið gefið út meðan höfundur var á lífi, og getur hann þá ákveðið í arfleiðsluskrá, að eigi megi birta það fyrr en eptir tiltekinn árafjölda — þó eigi meira en 50 ár — eptir dauða hans, og heimilt er honum að ákveða jafnframt, hver skuli eiga rétt á að gæta þess, að fyrirmæli hans um þetta séu haldin.

Nú er rit samið af fleirum en einum höfundi án þess þó að ritsmíð hvers einstaks sé sérstök heild, og fellur þá réttur eins höfundarins til samhöfunda hans, eða þeirra, sem komnir eru í þeirra stað, ef hann deyr án þess að láta eptir sig erfingja og hefir eigi heldur feingið öðrum í hendur rétt sinn. Þó skal óskerður réttur sá, er 12. gr. veitir þeim, er skuld eiga að hinum látna manni.

Hafi einginn að höfundi látnum eignarrétt að riti hans, þá er hverjum, sem vill, heimilt að gefa ritið út eða birta það á annan hátt, ef erfðaskrárákvæði eru því eigi til fyrirstöðu.

12. gr.

Nú hefir rit eigi verið birt almenningi á prenti né á annan hátt, og geta þá þeir, er skuld eiga að höfundi eða erfingjum hans, eigi öðlazt með lögsókn rétt til þess að birta ritið né heldur umráð yfir handriti höfundar.

Nú hefir rit verið birt, og geta skuldheimtumenn þó ekki heldur öðlazt með lögsókn rétt til að gefa það út að nýju eða birta það án leyfis höfundar eða erfingja hans. En rétt er að skuldheimtumenn leiti fullnustu í fjárarði af eignarrétti rits, sem út hefir verið gefið eða síðar kann að verða út gefið eða birt á annan hátt; þó því að eins í arði af væntanlegum útgáfum eða birtingum rits, sem eigi hefir áður birt verið, að höfundur þess sé dáinn.

Hafi fjárnám verið gert í útgáfum rits eptirleiðis, má höfundur eigi né erfingjar hans, án samþykkis fjárnámshafa, veita móttöku og eyða andvirði fyrir slíkar útgáfur að viðlagðri hegningu samkvæmt 255. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Rétt þann, sem hér er veittur fjárnámshafa, hafa og allir skuldheimtumenn í þrotabúum, svo og í dánarbúum, þar sem erfingjar taka eigi að sér ábyrgð á skuldum.

13. gr.

Það er brot gegn lögum þessum að birta eða gefa út rit, er annar hefir eignarrétt á, þótt úr því sé felt, við það bætt eða á því gerðar breytingar, hvort heldur að efni, orðfæri eða framsetning (t. d. er sögu er snúið í leikrit), ef úrfellingarnar, viðaukarnir eða breytingarnar eru eigi svo verulegar, að heita megi, að nýtt og sjálfstætt rit sé til orðið. Heimilt er þó að segja frá efni útgefinna rita, svo og að skýra stuttlega frá ræðum manna og fyrirlestrum.

14. gr.

Eigi er það saknæm eptirprentun:

a. að taka einstaka kafla úr útgefnum ritum annara upp í önnur rit, sem samkvæmt aðalefni sínu eru fullkomlega sjálfstæð;
b. að prenta í lesbókum og skólabókum einstaka kafla úr ritum, þegar full tvö ár eru liðin frá því að ritin voru gefin út í fyrsta sinn;
c. að prenta áður útgefin kvæði sem teksta, þegar saunglög eru gefin út, svo og á saungskrám.

Heimildir skulu jafnan skilmerkilega tilgreindar, (sbr. 15, gr.).

15. gr.

Heimilt er að taka upp í blöð eða tímarit einstakar greinar úr öðrum blöðum eða tímaritum, nema þess sé getið við greinarnar, að eptirprentun sé bönnuð. Eigi nær heimild þessi til sérstakra fylgirita.

Tilgreina skal fullum stöfum blað það eða tímarit, sem greinarnar eru teknar úr, og nafn eða merki höfundar eða þýðanda, ef nokkurt er.

16. gr.

Nú er rit prentað eða eptirritað innan lands eða utan, gegn ákvæðum laga þessara og skulu þá öll þau eintök, sem til eru hér á landi, og ætluð eru til þess að hafa þau á boðstólum, gerð upptæk og ónýtt.

Nú er að eins nokkur hluti rits ólöglegur samkvæmt lögum þessum, og skal þá, ef unt er, einungis gera þann hluta ritsins upptækan og ónýta hann.

Áhöld öll, sem að eins verða notuð til þess að drýgja brot gegn lögum þessum, svo sem mót, plötur og þesshættar, skulu gerð upptæk og ónýtt, eða farið með þau þannig, að þau eigi framar verði notuð.

Rétt er, að sá eða þeir, sem misboðið er, fái keypt áhöld þau, sem upptæk eru gerð, gegn því að greiða verð þeirra eptir dómkvaddra manna mati. Verðið skal aldrei ákveðið hærra en svari því, sem sannað verður að tilbúningur munanna hafi kostað, og getur sá, sem misboðið er, krafizt þess að matið fari fram áður en hann lætur uppi, hvort hann kaupi hina upptæku muni.

Ákvæði greinar þessarar eiga einnig við eptirrit, sem ætluð eru til afnota við óheimila opinbera sýning rita á leiksviði.

Sé brot á lögum þessum svo til komið, að fremjandi hafi eptir beztu vitund haft ástæðu til að ætla, að sér væri verkið heimilt, verður þess eigi krafizt, að hin ólöglegu eintök eða áhöld þau, er notuð hafa verið, verði af hendi látin eða ónýtt, ef eigandi þeirra sér um, að þau verði geymd undir umsjón yfirvalda, þangað til eignarréttur að ritinu er úr gildi geginn.

17. gr.

Sá, sem gegn ákvæðum laga þessara af ásettu ráði eða af gáleysi gefur út rit, eða flytur hingað til lands rit, sem gefið hefir verið út erlendis, án heimildar samkvæmt lögum þessum, í þeim tilgangi að hafa ritið á boðstólum hér á landi, svo og sá, sem víss vitandi útbýtir, selur öðrum á leigu eða hefir útsölu á riti, sem gefið hafir verið út hér á landi eða hingað flutt gegn ákvæðum laga þessara, skal sæta 10—1000 kr. sektum, enda hafi hann eigi með atferli sínu unnið til þyngri refsingar. Brot gegn 1. málsgr. 15. greinar varða þó aðeins sektum frá 1—20 krónum.

Bæta skal hinn seki þeim, sem misboðið er, fullum bótum alt tjón það, er af broti gegn lögum þessum leiðir; hafi rit áður verið gefið út skal meta bæt-

urnar eptir bóksöluverði því, er var á hinni síðustu útgáfu og tölu þeirra eintaka, er sannað verður eða líklegt má ætla, að úti hafi verið látin, en verði eigi beinlínis farið eptir þessu, svo og þegar ritið hefir eigi áður verið gefið út, skal, svo mjög sem unt er, meta bæturnar eptir álíka mælikvarða.

Þá er brot gegn lögum þessum fullkomnað, þegar eitt eintak er fullprentað eða við það lokið á annan hátt.

18. gr.

Sá, sem af ásettu ráði eða af gáleysi brýtur lög þessi með því að sýna í heimildarleysi sjónleika eða saungleika á leiksviði, lesa upp ritsmíðar annara eða syngja eða leika á hljóðfæri opinberlega saunglög eða aðra tónsmíð eða þá nota við saung, ljóð eða annan texta heimildarlaust, sæti 5—500 kr. sektum og bæti auk þess að fullu halla þann, sem rétthafi hefir af beðið. Bæturnar skulu eigi vera minni en gróði sá, sem orðið hefir af sýningunni, upplestrinum, saungnum eða hljóðfæraslættinum, og hafi verk það, sem ranglega var notað, eigi verið notað eingaungu, er brot var framið, skal metið hversu mikinn þátt það á í gróðanum.

19. gr.

Nú aðhefst einhver eitthvað það, er um er rætt í 17. og 18. gr., og hefir hann eptir beztu vitund haft ástæðu til að ætla, að sér væri verknaðurinn heimill, og sætir hann þá eigi ábyrgð samkvæmt þessum lagagreinum, en skila skal hann rétthafa gróða sínum, eptir því sem hann verður metinn.

20. gr.

Sá, sem af ásettu ráði eða af gáleysi lætur hjá líða að tilgreina heimild eins og boðið er í 14. og 15. gr., sæti 1—20 króna sektum. Brot þessi hafa hvorki skaðabætur né upptöku í för með sér.

21. gr.

Eignarréttur að sömdu máli helzt alla ævi höfundar og 50 ár eptir hann látinn.

Nú eru fleiri en einn höfundur að riti án þess að ritsmíð hvers einstaks sé sérstök heild, og skal þá telja greint 50 ára tímabil frá dauða þess þeirra, er leingst lifir. Hafi rit verið birt, ber þó einungis að taka tillit þá til þeirra höfunda, sem birt hafa nöfn sín á ritinu sjálfu eða, sé um leikrit að ræða, sem leikið hefir verið, en eigi birt á annan hátt, þeirra höfunda, sem hafa nafngreint sig þegar ritið var leikið.

22. gr.

Rit, sem koma út nafnlaust eða með dularnafni, svo og rit, er útgefendur hafa öðlazt eignarrétt að samkvæmt 3. gr., njóta verndar í 50 ár frá lokum þess árs, er þau komu út í fyrsta sinn.

Nú birtir höfundur sjálfur nafn sitt, áður en téð 50 ára tímabil er liðið, eða einhver, er til þess hefir heimild, nafngreinir hann, annaðhvort á nýrri útgáfu ritsins eða með yfirlýsing, sem birt er á sama hátt og fyrirskipað er um opinberar auglýsingar, og öðlast ritið þá fylstu vernd samkvæmt 21. gr.

Heimild til þess að nafngreina höfund að honum látnum hefir einungis sá,

sem höfundur, samkvæmt því, er segir í 6. gr., hefir feingið í hendur úrskurðarvald um það, hvort ritið skuli birt, en sé einginn maður á lífi, er slíkt vald hefir feingið hjá höfundi, þarf samþykki allra erfingja höfundarins til þess að hann verði nafngreindur.

23. gr.

Nú eru rit þau, sem ræðir um í 1. málsgrein 22. greinar, gefin út í fleiri deildum, en eru þó í slíku sambandi, að þau mynda eina heild, og skal þá hið umrædda 50 ára tímabil teljast frá þeim tíma, þegar síðasta deildin kom út í fyrsta sinn, nema meira en 3 ár hafi eitthvert sinn liðið milli útgáfu einhverra deildanna, en þó telst tímabilið, að því er snertir þær deildir, er áður komu út, frá þeim tíma þegar hin síðasta þeirra var út gefin.

24. gr.

Ut af brotum gegn lögum þessum getur einginn höfðað málssókn, nema sá, sem misboðið er.

Nú kemur út rit nafnlaust eða með dularnafni, og skal þá líta svo á, þangað til sönnur eru færðar á annað, að sá maður, sem tilgreindur er á ritinu sem útgefandi þess eða forlagsmaður, hafi umboð til að gæta réttar höfundar.

25. gr.

Málssókn samkvæmt 17., 18., 19. og 20. gr. skal hafin innan 1 árs frá því að rétthafi fékk vitneskju um brotið. Nú er mál eigi höfðað innan tveggja ára eptir að brotið var framið, og verður hinn seki þá eigi dæmdur til hegningar, og sé málssókn eigi hafin áður en 3 ár eru liðin frá því, að brot var framið, verður hann eigi heldur dæmdur til að greiða skaðabætur né skila gróða sínum samkvæmt 19. gr.

Meðan höfundaréttur helzt má höfða málssókn til þess, að upptæk séu gerð, ónýtt eða af hendi látin þau eintök af riti, sem ólöglega eru til orðin og ætluð eru til að hafa á boðstólum, svo og áhöld, sem eingaungu verða notuð til þess að framkvæma brot á lögum þessum.

26. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra ritsmíða danskra þegna, og einnig til ritsmíða utanríkismanna, er forlagsmaður þeirra er íslenzkur. Sé forlag félagseign telst það íslenzkt, ef allir þeir meðlimir firmans, sem ótakmarkaða ábyrgð hafa, eða ef um félag með takmarkaðri ábyrgð eða hlutafélag er að ræða, allir stjórnendur þess, eiga fast heimili á Íslandi. Með konunglegri tilskipun má veita ákvörðunum laga þessara gildi, að öllu eða nokkru, að því er snertir ritsmíðar þegna annars ríkis, þótt eigi séu þær útgefnar af íslenzku forlagi, svo framarlega sem sama vernd kemur á móti fyrir ritsmíðar Íslendinga í því ríki. Þó verður eigi gerður samningur um gagnkvæmi í þessu efni, nema Alþingi samþykki, ef af samningnum leiðir nokkra fjárkvöð fyrir Ísland.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Jan. 1906, en eptir ákvæðum þeirra skal fara einnig að því er snertir ritsmíðar, sem eldri eru eður áður útgefnar.

Nú hefir einhver gefið út rit löglega, áður en lög þessi eru birt, og skal hann þá eiga rétt á að selja þau eintök eða hepti, sem þá voru fullprentuð þó útgáfan hefði eigi verið heimil samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi snerta eigi samningsréttindi manna, sem löglega eru stofnuð áður þau öðlast gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lagaákvæði um eignarrétt að ritsmíðum.

Nd. **415. Nefndarálit**

um frumv. til laga um ritsíma, talsíma o. fl.

Frá minni hluta nefndarinar í málinu.

Við undirritaðir höfum eigi getað orðið sammála samnefndarmönnum okkar, að því er snertir ofangreint frumvarp, þar sem við sjáum einga nauðsyn á því, að landinu sé veittur einkaréttur, en teljum nægja, að það fái heimild til þess, að koma á fót rafmagnssamböndum innan lands, er þörf þykir, og geti bannað samkeppni, þar sem það hefir notað þenna rétt sinn.

Samkvæmt þessu förum við fram á ýmsar breytingar á frumvarpinu, og verður að öðru leyti gerð gleggri grein fyrir þeim við framsögu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumv. til laga um ritsíma, talsíma og fl.

1. Við 1. gr. frumvarpsins. Greinin orðist svo:
   Landinu er heimilt, að stofna og starfrækja ritsíma- og talsímasamband, svo og hvers kyns önnur rafmagnssambönd til skeytasendinga á Íslandi eða í landhelgi við Ísland.
   Þar sem landið hefir notað þenna rétt sinn, er einstökum mönnum eða félögum óheimilt að setja á stofn samskonar rafmagnssambönd, nema heimilað sé í sérstökum lögum.
2. 2. gr. frumvarpsins falli burt.
3. 3. gr. frumvarpsins falli burt.
4. 4. gr. frumvarpsins falli burt.
5. 5. gr. frumvarpsins, er verður 2. gr., orðist svo:
   Nú eru síma- eða önnur rafmagnssambönd sett upp án heimildar, og skulu tækin þá öll gerð upptæk, og andvirði þeirra renna í landssjóð. Auk þess má dæma eiganda, eða eigendur, í alt að 400 kr. sekt, er rennur í landssjóð.
   Mál, sem af þessu rísa, skulu rekin sem almenn lögreglumál.
6. 6. gr. frv. falli burt.
7. 7. gr. frv. falli burt.
8. 14. gr. frv. falli burt.
9. 16. gr. frv. falli burt.
10. 17. gr. frv. falli burt.

Greinatalan í frumvarpinu breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Alþingi 14. Ág. 1905.

Björn Kristjánsson. Skúli Thoroddsen.

Ed. **416. Frumvarp**
til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
(Eptir 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Á árunum 1906 og 1907 telst svo til, að tekjur Íslands verði 2,030,410 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,744,100 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a. á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b. á lausafé	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	10,000	10,000	20,000
3. tekjuskattur	16,000	16,000	32,000
4. aukatekjur	38,000	38,000	76,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	10,000	10,000	20,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf ... ... Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála hjóna greiðist ekkert gjald.	3,800	3,800	7,600
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2 % í innheimtulaun...	65,000	65,000	130,000
9. aðflutningsgjald af áfeingum drykkjum, að frádregnum 2 % í innheimtulaun...	143,000	143,000	286,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	143,000	143,000	286,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	312,000	312,000	624,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulade og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	10,400	10,400	20,800
13. leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfeingra drykkja	18,000	18,000	36,000
14. tekjur af póstferðum	40,000	40,000	80,000
15. tekjur af símum landsins	2,500	20,000	22,500
16. arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	600	600	1,200
17. óvissar tekjur	5,000	5,000	10,000
Samtals ...	863,300	880,800	1,744,100

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 54,110 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls ... ... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Styrkurinn til húsabóta sé bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minsta lagi 1/3 kostnaðarins. Þar sem því verður við komið, skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eptir ráði verkfræðings, er það er sérstaklega falið.			
2. tekjur af kirkjum	65	65	130
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
4. Tekjur af brennisteinsnámum	900	1,080	1,980
5. Tekjur af Eldey	1,000	1,000	2,000
Samtals ...	26,965	27,145	54,110

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 113,000 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	40,000	39,000	79,000
Upp í lán verður borgað: á árinu 1906 45,654 kr. 21 a. - — 1907 43,381 — 91 - 89,036 kr. 12 a.			
Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eptirgjöf á 200 kr. hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. 19/2 1898.			
Flutt ...	40,000	39,000	79,000

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	40,000	39,000	79,000
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans ..	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufé í baunkum og af banka-vaxtabréfum	9,500	9,500	19,000
Samtals ...	57,000	56,000	113,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1906.	1997.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. Febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna ..	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.	2,000	2,000	4,000
Samtals ...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði er 120,000 kr., sem sé 60,000 kr. hvort árið.

2. kafli.

Útgjöld:

7. gr.

Á árunum 1906 og 1907 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—18. gr. 2,225,899 kr. 64 a.

8. gr.

Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins veitast 96,000 kr.:

		1906.	1907.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherrans:				
a. laun	8,000 kr.			
b. til risnu...	2,000 —			
c. uppbót fyrir embættisbústað .	2,000 —			
		12,000	12,000	24,000
Flyt...		12,000	12,000	24,000

	1906.	1907.	Alls.
Flutt...	12,000	12,000	24,000
2. Til utanferða ráðherrans	2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra	10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar... ...	14,500	14,500	29,000
6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum	2,500	2,500	5,000
7. Til viðhalds á stjórnarráðshúsinu	500	500	1,000
Samtals ...	48,000	48,000	96,000

9. gr.

Til kostnaðar við Alþingi veitast 40,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 41,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 203,680 kr.

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	68,800	68,800	
b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2. ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins í Reykjavík:			

	1906.	1907.
a. laun umsjónarmannsins	1,000 kr.	1,000 kr.
b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns ...	200 —	200 —
c. 3 skamtar af miðdegism. handa fangaverði 21 e...	230 —	230 —
d. viðurværi handa faungum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —
e. til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —
f. þvottur...	30 —	30 —
g. til þess að útvega verkefni	500 —	500 —
h. útgjöld við húsið sjálft og áhöld ...	400 —	400 —
Flyt...	4,105 kr.	4,105 kr.

	78,200	78,200	

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	4,105 kr.	4,105 kr.	78,200	78,200	
i. þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
j. þóknun handa lækni	60 —	60 —			
k. ýmisleg útgjöld ...	150 —	150 —			
			4,415	4,415	
4. Kostnaður við viðhald fangelsanna			300	300	
5. Til byggingar ráðhúss og fangelsis á Akureyri			4,000	»	
Stjórninni veitist heimild til að selja eign landssjóðs í ráðhúsinu á Akureyri fyrir að minsta kosti 2000 kr., og dregst söluverðið frá hinni veittu fjárupphæð. Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að lagðar verði til byggingarinnar annarsstaðar frá að minsta kosti 8000 kr. og bókasafni Norðuramtsins ætlað hæfilegt rúm í húsinu.					
6. Önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn		1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirréttinn		50 —			
c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum...		50 —			
d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl.		50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál...		300 —			
g. útgjöld við sáttamál		50 —			
h. til að útvega eldtraustan járnskáp handa bæjarfógetaembættinu á Ísafiði og sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu alt að (fyrra árið)		300 —			
			5,400	5,100	
			92,315	88,015	
					180,330
		Flyt ...	.....	.....	180,330

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	.....	.....	180,330
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út Stjórnartíðindi og Landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar Stjórnartíðindanna (50 arkir), alt að 32 kr. örkin ... ... 1,600 —			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við Landshagsskýrslur ... ... 2,400 —			
d. til kostnaðar við sending með póstum ... ... 450 —			
e. til þess að gefa út registur við Stjórnartíðindin, 30 fyrstu árgangana (fyrra árið) ... ... 1,550 —			
	6,450	4,900	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. bruna-ábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. til embættiseptirlitsferða...	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. til útgjalda við eptirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	1,000	1,000	
7. útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
	12,450	10,900	
			23,350
Samtals ...	.....	.....	203,680

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 234,856 kr. 64 a.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	71,850	71,850	143,700
2. Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri	800	800	1,600
Flyt ...	72,650	72,650	145,300

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	72,650	72,650	145,300
3. styrkur til Guðm. héraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sé búsettur í Hafnarfirði	800	800	1,600
4. Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga	150	150	300
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að ferðir þessar séu auglýstar í öllum hreppum hlutaðeigandi læknishéraðs.			
5. a. styrkur til augnalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði....	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, eptir reikningi hvort árið allt að 300 kr.	300	300	600
6. styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
7. útgjöld við holdsveikraspítalann:			

	1906. kr. a.	1907. kr. a.
a. laun til starfsmanna	5,365	5,365
b. viðurværi: kr. a.		
1. handa 60 sjúklingum, 38½ a. á dag 8,431,50		
2. handa 18 starfsmönnum, 239 kr. 35 a. á ári. 4,308,30		
	12,739,80	12,739,80
c. klæðnaður sjúklinga	800	800
d. meðul og sáraumbúnaður	1,400	1,400
Flyt ...	20,304,80	20,304,80

	76,900	76,900	153,800

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	20,304,80	20,304,80	76,900	76,900	153,800
e. eldsneyti	2,915	2,915			
f. ljósmeti	650	650			
Læknir spítalans hefir ókeypis ljós og eldivið í bústað sínum á spítalanum.					
g. viðhald á húsum ...	2,600	1,200			
h. húsbúnaður og áhöld	800	800			
i. þvottur og ræsting .	800	800			
k. greptrunarkostnaður .	275	275			
l. flutningskostnaður .	30	30			
m. til að skemta sjúklingum	200	200			
n. hesta- og hænsnafóður	125	125			
o. skattar og brunaábyrgðargjald	728,52	728,52			
p. ýmisleg útgjöld	700	700	30,128,32	28,728,32	58,856,64
8. útgjöld við bólusetningar			500	500	1,000
9. önnur útgjöld:					
a. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri		400 kr.			
b. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði		400 —			
c. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði		400 —			
d. styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði		200 —			
e. Til sjúkraskýlis á Sauðárkrók f. á.		2000 —			
f. Til sjúkraskýlis á Vopnafirði. f. á. Styrkirnir undir staflið e. og f. veitast með því skilyrði, að sjúkraskýlin hafi rúm fyrir að minsta kosti 8 sjúklinga hið fyrnefnda og 3 sjúklinga hið síðarnefnda, og að hlutaðeigandi sýslufélög taki sjúkraskýlin að sér til eignar og reksturs.		600 —			
g. til náms yfirsetukvenna		2,000 —			
h. til verkfæra handa yfirsetukonum		400 —			
i. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. Janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		2,000 —			
Flyt ...		8,400 kr.	107,528,32	106,128,32	213,656,64

		1906.	1907.	Alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar	8,400 kr.	107,528,32	106,128,32	213,656,64
k. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. Nóvember 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000 —			
l. til þess að fullgera sóttvarnarhúsið í Reykjavík (fyrra árið).	5,000 —	14,400	6,800	21,200
Samtals ...		121,928,32	112,928,32	234,856,64

12. gr.

Til samgaungumála veitast 807,087 kr.

		1906.	1907.	Alls.
A. Til útgjalda við póststjórnina:		kr.	kr.	kr.
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur... ...	11,000 —			
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík	4,200 —			
þar af 500 kr., sem launaviðbót handa núverandi fyrsta póstafgreiðslumanni.				
c. handa brjefhirðingamönnum...	6,500 —	24,700	24,700	
2. póstflutningur		48,000	48,000	
Þar af alt að 8000 kr. hvort árið til hlutafélagsins »Thore« og hlutafélagsins »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja alls konar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip félaganna sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sje fyrir fram.				
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. Júní til 1. Okt. frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að		600	600	
Ráðherrann samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.				
Flyt ...		73,300	73,300	

		1906.	1907.	Alls.
		kr.	kr,	kr.
	Fluttar ...	73,300	73,300	
4.	önnur útgjöld:			
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistara ... ... 2,000 kr.			
	b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um ... ... 200 —			
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans ... ... 200 —			
	d. fyrir prentun á ýmsu ... ... 1,000 —			
	e. til áhalda ... ... 1,500 —			
	f. til bréfaburðar í Reykjavík ... 800 —			
	g. til bréfaburðar í öðrum kaupstöðum ... ... 400 —			
	h. óviss útgjöld ... ... 200 —			
	i. til viðhalds húsi og áhöldum 100 —	6,400	6,400	
		79,700	79,700	159,400
	B.			
	Til vegabóta:			
1.	til verkfræðings landsins: kr.			
	a. laun 3,000			
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar 500	3,500	3,500	
2.	til verkfróðra aðstoðarmanna við samgaungubætur, alt að	1,500	1,500	
3.	til flutningabrauta:			
	þar af: 1906. 1907.			
	til flutningabrautar á Fagradal 10,000 20,000			
	til flutningabrautar upp Borgarfjörð 8,000			
	til viðhalds flutningabrauta 12,000 12,000	22,000	40,000	
4.	til þjóðvega			
	þar af:			
	í Suður-amtinu 6,000 6,000			
	- Vestur-amtinu 4,000 8,000			
	- Norður-amtinu 8,000 12,000			
	- Austur-amtinu 3,000 14,000	21,000	40,000	
	Þar af til vegagerðar í Austur-Skaptafellssýslu 4000 kr. síðara árið.			
	Af þjóðvegafé til Suðuramtsins má verja 4000 kr. til þjóðvegarins upp Mosfellssveit gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að.			
	Flyt...	48,000	85,000	159,400

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	48,000	85,000	159,400
5. til fjallvega	2,000	6,000	
6. til áhalda	2,000	2,000	
7. til sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa	2,800	2,800	
8. Til vegar í Vestmannaeyjum .. .. Tillag til veganna 7. og 8. er því skilyrði bundið, að samtímis sé jafnmiklu fé varið til nefnds vegar annarsstaðar frá, og það fé sé eigi tekið af lögákveðnu sýsluvegagjaldi eða hreppavegagjaldi, og verkfróður maður standi fyrir verkinu.	1,000		
9. Til vegagerðar á Breiðdalsheiði, frá Seljalandsósi í Skutulsfirði, að Neðri-Breiðadal í Önundarfirði, alt að ... ... Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi sýslufélög leggi til vegagerðarinnar 1/3 af kostnaði við hana.	5,000		
10. Til brúargerðar á Hólmsá og Skaptár-eldvatni í Vestur-Skaptafellssýslu ... ... Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að sýslufélagið leggi til þessa verks að minsta kosti 2000 kr.	.....	12,000	
11. til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði	300	300	
12. Til akbrautar frá Flatholti fyrir ofan Bitru upp Skeiðin að Stóru Laxá ... ... Gegn því að 13,000 kr. verði lagðar fram annarsstaðar frá.	6,000	6,000	
13. Styrkur til brúargerðar á Jökulsá í Jökuldal, þó eigi yfir helming brúarkostnaðar, eða alt að	3,000		
C.	70,100	114,100	184,200
1. Til gufuskipaferða: Til hins sameinaða gufuskipafélags, að því tilskildu, að ferðirnar til Íslands verði 30, að viðkomur í Færeyjum sé eins og í gildandi ferðaáætlun félagsins, að fargjöld og farmgjöld verði eigi hærri en nú eru, að Íslendingar, sem ferðast á fyrsta farrými, megi bæði á milli landa og með ströndum fram kaupa fæði sitt á 2. farrými, og sé eigi skyldir til að kaupa fæði á ferðum			
Flyt ...	.....	.....	343,600

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	.....	.....	343,600
með landi fram; að alt að 25 stúdententum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslenzku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og enn fremur að því tilskildu, að fjelagið flytji innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem það hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi milli Íslands og Skotlands	30,000	30,000	
2. Til gufubátaferða alt að ... ... Fénu má verja þannig hvort árið: Til báta ferða á Faxaflóa alt að 12000 kr. — —— - Breiðafirði alt að 8000 — — —— - Ísafirði og í Ísafjarðarsýslu alt að... ... ... 5000 kr. — —— - Eyjafirði alt að 3000 kr. Stjórnarráðið semur við útgerðarmenn bátanna um skilyrði, er þeir verða að hlíta, og árstillög til þeirra, það samþykkir fargjöld og farmgjöld svo og ferðaáætlanir bátanna að feingnum tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarsjórna. Styrkveitingarnar greiðist með því skilyrði, að bátarnir flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum viðkomustaðanna án sérstaks endurgjalds.	28,000	28,000	
3. Styrkur til gufu- og mótorbátsferða á milli Vestmanneyja og Rangársands ... ... Sýslunefnd Rangárvallasýslu semur um ferðirnar og tekur á móti styrknum.	300	300	
4. Til mótorbáts á Lagarfljóti	500		
	58,800	58,300	117,100
D. Til ritsíma og málþráða.			
1. Fyrsta og önnur afborgun af 20 ára ársgreiðslu til stóra norræna ritsímafélagsins fyrir að koma á og halda uppi sæsímasambandi milli Hjaltlands og Íslands yfir Færeyjar, og fyrir 300,000 kr. framlag félagsins til landsímalagningar frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur	35,000	35,000	
Flyt ...	35,000	35,000	460,700

			1906.	1907.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar ...		35,000	35,000	460,700
2.	Til landsímalagningar og málþráðasambands frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur:				
		kr. kr.			
	a. efni til landlínunnar ...	220,430			
	b. eptirlit með tilbúningi efnis og flutningsgjöld á sjó og landi	84,500			
	c. kostnaður við verkstjórn og vinnu að símalagningunni og útbúnaði stöðvanna ...	133,440			
	d. verkfæri, símagögn, rafmagnstæki, prentun á ýmsu	13,000			
	e. Óviss útgjöld og borgun til hins tekniska ráðunauts stjórnarinnar ...	10,000			
		461,370			
	Hér frá dregst framlag stóra norræna ritsímafjelagsins	292,000			
			169,370		
3.	Til þess að kaupa og flytja hingað til lands 2500 auka-staura og annað verkefni		14,000	183,370	
4.	Til þess að mæla upp landsímalínuna og setja kílometramerki			.....	3,000
5.	til starfsreksturs landsímasambandsins:				
		1906 kr.	1907 kr.		
	a. Námsstyrkur til 4 hérlendra manna til þess að nema firðritun	4,000	»		
	b. helmingur af kostnaðinum við símastöðina á landtökustaðnum	3,150	8,200		
	c. laun	3,500	14,000		
	d. til 16 talsímastöðva	250	960		
	Flyt ...	10,900	23,160	218,370	38,000	460,700

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	10,900	23,160	218,370	38,000	460,700
e. húsaleiga í Reykjavík og Akureyri, svo og eldiviður og ljós...	650	1,600			
f. til viðhalds landsímans ...	»	11,875			
g. eyðublöð, prentkostnaður burðareyrir o. s. frv. ...	200	600			
h. önnur útgjöld	500	1,000			
i. til þess að rannsaka og undirbúa símasamband til Ísafjarðar og frá Reykjavík austur að Ægissíðu alt að	»	4,000			
			12,250	42,235	
			230,620	80,235	310,855
E.					
Til vita:					
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa			300	300	
b. til eptirlitsferða			100	100	
c. til vitans á Reykjanesi:		kr.			
1. til launa vitavarðar		1,200			
2. fyrir olíu		250			
3. — steinkol		160			
4. flutningskostnaður		300			
5. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		500			
6. eptirgjald eptir lóðina		30			
			2,440	2,440	
d. til vitans á Skagatá:					
1. til vitavarðar		400			
2. fyrir olíu		175			
3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		300			
4. steinkol		100			
5. flutningskostnaður		100			
6. eptirgjald fyrir lóðina		16			
7. til að byggja varðklefa við vitann f. á.		350			
			1,441	1,091	
e. til vitans við Gróttu:					
1. til vitavarðar		400			
2. fyrir olíu		150			
3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		200			
4. steinkol		60			
5. flutningskostnaður		40			
			850	850	
Flyt ...			5,131	4,781	771,555

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	5,131	4,781	771,555
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð	600	600	
Þar af 400 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.			
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:			
kr.			
1. til vitavarðar 400			
2. fyrir olíu 125			
3. til viðhalds á húsum, áhöldum o. fl. 150			
4. flutningskostnaður 25			
	700	700	
h. til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:			
1. til vitavarðar 400			
2. til lóðargjalds 10			
3. fyrir olíu 200			
4. til viðhalds húsum. áhöldum o.fl. 200			
5. fyrir steinkol 100			
6. flutningskostnaður 50			
	960	960	
i. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	100	100	
k. til vita á Skipaskaga	300	300	
l. til vita á Elliðaey á Breiðafirði	400	400	
m. til að byggja vita á Vestmannaeyjum:			
a. til að byggja vita (fyrra árið)	15,000		
b. kostnaður við vitahaldið	500	1000	
n. Til rannsóknar vitastæða og áætlana alt að	3,000		
	26,691	8,841	
			35,532
Samtals ...	.....	.....	807,087

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 320,956 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. 1. laun biskupsins 7,000			
2. skrifstofukostnaður... 1,000			
b. önnur útgjöld:	8,000	8,000	
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. Febr. 1880, 1. gr.	9,500	9,500	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum ... ... Ráðherrann úthlutar styrknum eptir tillögum biskups.	6,000	5,200	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600	600	
4. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,500	3,500	
	27,600	26,800	
			54,400
B.			
Til kenslumála.			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:			
	1906 kr.	1907 kr.	
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum	960	960	
2. námsstyrkur . ... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.	1,000	1,000	
3. til tímakenslu	100	100	
4. til bókakaupa	300	300	
5. til eldiviðar og ljósa... ...	150	150	
6. til umsjónar	100	100	
7. ýmisleg útgjöld	250	250	
Flyt ...	2,860	2,860	9,200	9,200	54,400

	1906. kr.	1907. kr.	1906. kr. a.	1907. kr. a.	Alls. kr. a.
Fluttar ...	2,860	2,860	9,200	9,200	54,400
8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að	250	250	3,110	3,110	
			12,310	12,310	24,620
II. Til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:					
1. námsstyrkur ... ... 1,200 kr. Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.					
2. eldiviður ljós og ræsting . ... 300 —					
3. til bókakaupa, verkfæra og kennsluáhalda ... ... 500 —					
4. ferðastyrkur handa læknaefnum . ... 300 —					
5. húsaleigustyrkur handa 10 nemendum... ... ... 800 — Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 80 kr.					
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði ... ... 200 —					
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að . ... 200 —					
8. ýmisleg útgjöld ... ... 200 —					
			3,700	3,700	
c. til þess að leigja hús handa læknaskólanum			1,000	1,000	
			7,900	7,900	15,800
III. Til hins almenna menntaskóla					
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfé:					
handa saungkennaranum ... ... 600 kr.					
— fimleikakennaranum ... ... 700 —					
— dyraverði ... ... 1,100 —					
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans ... ... 200 —					
			2,600	2,600	
Flyt ...			21,800	21,800	94,820

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	21,800	21,800	94,820
c. önnur útgjöld:			
	1906 kr.	1907 kr.	
1. til bókasafns skólans	300	300	
2. til eldiviðar og ljósa	1,400	1,400	
3. til skólahússins utan og innan	1,400	1,400	
4. til tímakenslu og prófdómenda	2,800	2,800	
5. námsstyrkur	2,000	2,000	
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720	720	
7. þóknun handa lækni	100	100	
8. ýmisleg útgjöld	1,000	1,000	
9. fyrir prestsverk	48	48	
10. til vísindalegra áhalda við kenslu	450	450	
11. til þess að gefa út kenslubækur handa hinum alm. mentaskóla, 30 kr. fyrir örkina	600	600	
12. til áhalda við fimleikakenslu	100	100	
13. Til verðlaunabóka	300	300	
14. Til að útbúa stofu til handavinnu	2,500		
15. Til að kaupa smíðatól ...	800		
		14,518	11,218
		36,318	33,018
			69,336
Flyt ...			164,156

	1906	1907	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	.....	.....	164,156
IV. Til gagnfræðaskóla á Akureyri:			
a. laun	7,400	7,400	
b. önnur útgjöld:			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna	1000	600	
2. til eldiviðar og ljósa ...	500	500	
3. til tímakenslu	1200	1200	
4. til styrkveitingar námspiltum	400	400	
5. ýmisleg útgjöld...	800	800	
	3,900	3,500	
	11,300	10,900	22,200
V. Til stýrimannaskólans:			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:			
1. til tímakenslu	1,400	1,400	
2. til áhaldakaupa o. fl. ...	400	400	
3. til eldiviðar og ljósa ...	500	500	
4. ýmisleg útgjöld	500	500	
	2,800	2,800	
	6,000	6,000	12,000
VI. Til annarar kenslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík . ... Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.	2,500	2,500	
2. til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum	500	500	
3. til kvennaskólans á Blönduósi...	1,500	1,500	
4. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að...	1,600	1,600	
Flyt ...	6,100	6,100	 198,356

	1906. kr.	1907. kr.	1906 kr.	1897 kr.	Alls kr.
Fluttar ...	6,100	6,100	.....	.....	198,356
5. til kvennaskólans á Akureyri til þess að halda áfram kenslunni til vordaga 1906 (f. árið)	1,500	»			
			7,600	6,100	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum			10,000	10,000	
Styrkur þessi veitist einkum eptir leingd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.					
2. til sveitakennara, alt að 100 kr. til hvers			10,000	10,000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis, að minsta kosti helming á móts við landssjóðsstyrk.					
3. til unglingaskóla, þó eigi yfir 500 kr. til hvers, alt að...			2,000	3,000	
Styrkur þessi veitist gegn því skilyrði, að til kenslunnar sé varið úr sveitarsjóði eða annarstaðar að eigi minna en styrknum nemur. Nánari skilyrði fyrir styrkveitingum þessum semur stjórnarráðið eptir tillögum umsjónarmannsins yfir barnaskólum og alþýðufræðslu.					
4. styrkur til þess að koma upp heimavistarbarnaskólum utan kaupstaða, með því fyrirkomulagi, er stjórnarráðið ákveður, og að því tilskildu, að skólahéraðið leggi fram að minsta kosti jafnmikið fé til byggingarinnar				10,000	
5. þóknun til umsjónarmanns yfir barnaskólum og alþýðufræðslu			2,500	2,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu			3,200	3,200	
Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.					
e. námsstyrkur handa kennaraefnum, alt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
f. til skólaiðnaðar-kenslu			500	500	
g. til Stúdentafélagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum			500	500	
Flyt ...			39,400	48,900	198,356

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	39,400	48,900	198,356
h. til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
i. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
j. styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur ... ... Þar af heimilast stjórninni alt að 500 kr. hvort árið, til þess að láta semja lestrarbók handa alþýðuskólum.	800	800	
k. til kenslu heyrnar- og málleysingja	5,000	5,000	
l. til kenslu blinds dreings Erlends Páls Jónssonar í Danmörku	300	300	
m. Styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur hans á vitfirringastofnuninni Karensminde	150	150	
n. til lýðháskólans í Bakkakoti í Borgarfirði . ... 1,000 kr. til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, allt að . 600 —	1,600	1,600	
	47,750	57,250	105,000
VII. Til sundkennslu.			
a. í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b. til sundkenslu annarsstaðar ... ... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,300	1,300	2,600
Flyt ...	.....	.....	305,956

		1906.	1907.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	.....	.....	305,956
VIII.	Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	
IX.	Styrkur til lögfræðings til þess að búa sig undir að verða kennari við lagaskólann	2,500	2,500	
X.	Til sýslunefnda, til þess að halda uppi fræðandi og vekjandi fyrirlestrasamkomum til sveita á vetrum ... ... Styrkurinn til hvers sýslufélags má eigi fara fram úr 300 kr. og veitist að eins gegn helmings framlagi, á móts við styrkinn annarsstaðar frá.	3,000	5,000	
		6,500	8,500	15,000
	Samtals ...	.....	.....	320,956

14. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast 95,620 kr.:

		1906.	1907.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	til Landsbókasafnsins:			
		kr.		
	a. laun bókavarðar	1,800		
	b. til aðstoðarmanns við Landsbókasafnið	900		
	c. til að kaupa bækur og handrit ...	5,000		
	d. til bókbands	1,000		
	e. til samningar spjaldskrár (eptir reikningi)	1,200		
	f. fyrir afskriptir (eptir reikningi) ...	800		
	g. til að prenta ritaukaskrár	200		
	h. til eldiviðar og áhalda m. m. ...	500		
	i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið ...	360		
			11,760	11,760
2.	a. til amtsbókasafns Norðuramtsins	500 kr.		
	b. til —— Austuramtsins	400 —		
	c. til —— Vesturamtsins	400 —		
			1,300	1,300
	Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
	Flyt ...		13,060	13,060

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr a.
Fluttar ...	13,060	13,060	
3. til sýslubókasafna og lestrarsala í kaupstöðum alt að 150 kr. til hvers, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, alt að	1,500	1,500	
Landsstjórninni sé sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.			
4. til Landsskjalasafnsins:	1906. kr.	1907. kr.	
a. laun skjalavarðar	1,400	1,400	
b. til að binda inn og búa um skjöl o. fl.	900	900	
c. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu ...	600	600	
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið	250	250	
	3,150	3,150	
5. til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmenntafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.			
6. til Þjóðvinafélagsins	750	750	
7. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda	kr. 1,000		
b. til umsjónar	600		
c. til húsnæðis og hita	2,000		
	3,600	3,600	
8. til Fornleifafélagsins	400	400	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.			
9. til Náttúrufræðisfélagsins	800	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til			
Flyt ...	25,260	25,260	

	1906.	1906.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	25,260	25,260	
sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.			
10. Til Sögufélagsins í Reykjavík	600	600	
11. styrkur til mag. Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
12. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sérhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eptir að það er komið út	800	800	
13. til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslenzk-danskri orðabók	300	300	
14. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna...	300	300	
15. til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
16. til Þorsteins Erlingssonar skálds...	800	800	
17. til séra Valdimars Briems	800	800	
18. til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi	300	300	
19. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi	1,600	1,600	
20. styrkur til Biblíufélagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	1,000	1,000	
21. til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
22. til Leikfélags Reykjavíkur, alt að	1,000	1,000	
Flyt ...	34,210	34,210	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	34,210	34,210	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.			
23. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000	1,000	
24. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands og halda sögufræðilega fyrirlestra	1,200	1,200	
Af þessari upphæð greiðist 400 kr. á ári sem ritlaun fyrir sagnfræðilegar ritgerðir, 50 kr. fyrir hverja örk.			
25. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
26. Til landmælinga á Íslandi	5,000	5,000	
27. Til þess að gefa út lýsing af ísl. fjallvegum	1,000		
28. Til Ásgríms Jónssonar málara, til þess að fullkomna sig í málaralist	600	600	
29. Til Benedikts Jónassonar til þess að stunda nám á verkfræðingaskóla í Þrándheimi ...	500	500	
30. Til Helga Péturssonar til jarðfræðisrannsókna...	3,000	3,000	
Þar af til ferðakostnaðar eptir reikningi hvort árið 1000 kr.			
31. Til Helga Jónssonar til mýra og grasafræðisrannsókna	1,200	1,200	
	48,310	47,310	
Samtals ...	.....	.....	95,620

15. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 309,000.

	1906. kr.	1907. kr.	1906. kr.	1907. kr.	Alls kr.
1. til eflingar búnaði:					
a. til búnaðarskóla:					
1. til skólans á Hólum...	1200	1200			
2. til skólans á Eiðum...	1200	1200			
3. til skólans á Hvanneyri	1200	1200			
4. til þessara skóla eptir nemendafjölda, þó eigi meira en 100 kr. fyrir hvern nemanda, alt að	6,000	8,000			
5. til búnaðarskólahalds í Ólafsdal	2,500	»			
			12,100	11,600	
b. til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal til verklegrar búnaðarkenslu			»	1,500	
c. til búnaðarfélaga			24,000	24,000	
d. til Búnaðarfélags Íslands...			41,000	44,000	
e. til sama félags til kenslu í mjólkurmeðferð			4,000	3,000	
f. til skógræktartilrauna eptir fyrirsögn kapteins Ryder's og próf. C. V. Prytz ...			7,500	7,500	
g. framhaldsstyrkur til þriggja manna til að stunda skóggræðslu			900	300	
h. til sandgræðslu:					
1. styrkur til tveggja manna til þess að nema sandgræðslu			600	»	
2. til þess að girða tvö tilraunasvæði ...			2,500	»	
3. ýmislegur kostnaður			500	»	
4. til tilrauna			»	2,000	
i. til verðlauna fyrir útflutt smjör			15,000	15,000	
2. til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum:	kr.				
a) laun	3,000				
b) ferðakostnaður eptir reikningi ...	500				
			3,500	3,500	
3. a. laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík...			400	400	
4. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300	300	
Flyt ...			114,700	115,700	

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	114,700	115,700	
5. styrkur til manns til að nema dýralækningar	600	600	
6. til útrýmingar fjárkláðanum...	5,000		
7. til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til eflingar iðnaði ... ... til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík, fyrra árið alt að 4000 kr.og síðara árið alt að 5000 kr. til þess að styrkja unga og efnilega iðnaðarmenn til að fullkomna sig í iðn sinni erlendis (á ári) 1,200 kr.	5,200	6,200	
8. a, Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla á Akureyri... ... ... kr. 1,000			
b. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis kr. 1,000			
	2,000	2,000	
9. Styrkur til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds...	800	800	
10. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík ...	1,500	1,500	
11. Utanfarastyrkur til manna, er vilja kynna sér kaupfélagsskap og samvinnufélagsskap erlendis og læra bókfærslu, er þar að lýtur, gegn helmings tillagi að minsta kosti frá kaupfélögum eða öðrum samvinnufélögum hérlendum alt að	1,000	1,000	
12. styrkur til byggingarfróðs manns, til þess, að leiðbeina við húsabyggingar...	800	800	
13. laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík og hinum á Ísafirði	1,600	1,600	
14. Þóknun til vörumerkjaskráritara	300	300	
15. Til efnarannsóknastofu í Reykjavík.			
a. Stofnunarkostnaður alt að	5,500		
b. til árlegs kostnaðar.			
1. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
2. til aðstoðar og annarar vinnu	300	300	
3. til húsaleigu	300	500	
4. — ljósa og eldneytis	300	300	
Flyt ...	141,900	133,600	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	
Fluttar ...	141,900	133,600	
16. Styrkur til skipakvíar í Oddeyrarbót til vetrarlegu fyrir þilskip ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að eigi minni en þrefalt meiri upphæð til fyrirtækisins sé lögð fram annarsstaðar frá, og að fyrirtækið sé unnið í samráði við verkfræðing landsins.	15,000		
17. Styrkur til stórskipabryggju í Stykkishólmi að fjórðungi kostnaðar, þó eigi yfir	.....	5,000	
18. Styrkur til ábyrgðarfélaga, er vátryggja mótorbáta, alt að ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að vátrygging hvers félags á mótorbátum nemi að minsta kosti 40,000 kr., enda sé lög félagsins staðfest af stjórnarráðinu, og veitist þá hverju félagi alt að 6% af vátryggingarupphæðinni, þó aldrei meira en 3000.	10,000		
19. Til skipstjórafélagsins »Öldunnar« styrkur til utanfarar fiskimönnum, er afla vilja sér þekkingar á fiskiveiðum og fiskiverkun ...	2,500		
20. Til Ísaks Jónssonar íshússtjóra, styrkur til þess að koma upp íshúsi í Þorgeirsfirði ...	1,000		
	170,400	138,600	
Samtals ...	.....	.....	309,000

16. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

17. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 108,900 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a,; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til séra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til frú Elinborgar Friðriksdóttur 300 kr.; til frú Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið,

18. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

Upphæð, er svarar $^2/_3$ hlutum sekta fyrir ólöglegar fiskiveiðar útlendra skipa, er eptirlitsskipið handsamar og dregur fyrir dóm á Íslandi, svo og $^2/_3$ andvirði upptæks afla og veiðarfæra af þessum skipum greiðist í ríkissjóð, sem tillag af Íslands hálfu til kostnaðar við eptirlitsskipið.

19. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði 195,489 kr. 64 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

20. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1905 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eptir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Sjávarbændum og hlutafélögum, er sjómenn eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 50,000 kr. til þess að byggja þilskip og kaupa skip til fiskiveiða frá útlöndum. Eigi má lána meira en 15,000 kr. til hvers gufuskips og 5,000 kr. til hvers þilskips og aðeins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í vátryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með 4% árlega, séu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufélaga, eptir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$%, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Til byggingar skipakvíar í Oddeyrarbót, til vetrarlegu fyrir þilskip, má veita lán úr viðlagasjóði alt að 40,000 kr. gegn ábyrgð Akureyrarkaupstaðar. — Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Thorvaldsens félaginu í Reykjavík má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði 13,000 kr. gegn veði í húseign þess nr. 3 í Veltusundi. — Lánið ávaxtist og afborgist með 6% á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 7000 kr. til lánveitingar handa trésmíðaverkstæðinu »Fjalar« á Húsavík. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslufélags Suður-Þingeyjarsýslu, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 3 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á 14 árum.

Úr viðlagasjóði má verja 10,000 kr. til lánveitingar handa skipstjóra Ole Nessö frá Tromsö í Noregi til þess að stunda veiðar í íshöfum og við austurströnd Grænlands, með þeim skilyrðum, að nefndur Ole Nessö

1. setji þá tryggingu gegn láninu, sem stjórnarráðið tekur gilda,
2. að hann búsetji sig á Íslandi og reki þaðan veiðar í norðurhöfum og á austurströnd Grænlands,
3. að hann flytji lifandi moskussauði (= uxa) til uppeldis í landinu, og selji þó eigi meira en 1000 kr. hvern.

Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrsta árið og endurborgist síðan á 10 árum.

Jóhannesi J. Reykdal í Hafnarfirði má veita á fjárhagstímabilinu lán úr viðlagasjóði 8000 kr. til að koma upp nýrri rafmagnsstöð í Hafnarfirði, gegn 1. veðrétti í rafmagnsstöðinni sjálfri, og 1. veðrétti í rafmagnsstöð þeirri, er hann hefir nú fullgerða. Lán þetta ávaxtist með 4% vöxtum og afborgist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni og má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyrarkaupstaður ábyrgist það, er um fram er. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Til byggingar stórskipabryggju í Stykkishólmi má veita lán úr landssjóði alt að 10,000 kr., gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar í Stykkishólmshreppi og »Framfarasjóðs Stykkishólms«. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og afborgist svo með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Nd. **417. Nefndarálit**

um frumvarp til laga fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Heimild veðdeildarinnar til að gefa út bankavaxtabréf er á þrotum.

Veðdeildin er ómissandi fyrir almenning. Því er full ástæða til að auka heimild hennar til að gefa út bankavaxtabréf.

Það er yfirleitt heppilega skipað fyrir um hina auknu útgáfuheimild í frumvarpinu.

Þó þykir oss áhættulaust að leyfa veðdeildinni að nota að nokkru leyti núgildandi bankavaxtarbréf sín til tryggingar hinum nýja flokki. Vér teljum óhætt að helmingur tryggingarfjárins sé í bankavaxtabréfum.

Þá þykir oss og óþarft að auka laun gæzlustjóranna. Fyrirhöfn þeirra eykst lítið við aukninguna.

Vér leggjum því til:

1. að á undan: »í ríkisskuldabréfum« í 3. gr. komi: að helmingi.
2. að eptir: »í ríkisskuldabréfum« komi: og að helmingi í bankavaxtarbréfum veðdeildarinnar, útgefnum samkvæmt lögum frá 12. Janúar 1900 og 25. Sept. 1902.
3. að 12. gr. falli burt.
4. að 13. gr. verði 12. gr.

Að öðru leyti gerir framsögumaður gleggri grein fyrir skoðunum vorum og tillögum.

Alþingi 15. Ág. 1905.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögumaður.

Ólafur Briem. Jón Jónsson Hannes Þorsteinsson.

Sþ. **418. Skýrsla**

frá verðlaunanefnd »Gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar«.

Undirskrifuð nefnd, sem kosin var á Alþingi 1903, samkvæmt 3. gr. í reglunum um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« 24. Ág. 1881, gaf samkvæmt erindisbréfi sínu út auglýsing, sem birt var í Þjóðólfi, þar sem þeim, sem óskuðu eptir að vinna til verðlauna af téðum sjóði, var boðið að senda til vor fyrir lok Febrúarmánaðar 1905 rit þau, er þeir óskuðu verðlauna fyrir.

Enn oss hafa eingin slík rit borizt, og ekki hefir oss heldur þótt ástæða til að nota heimild þá, sem oss er gefin í erindisbréfi voru, að veita, þegar svo á stendur, nokkuð af verðlaunafénu sem verðlaun fyrir ritgerð, er komið hefir á prent, síðan Alþingi var síðast haldið, þótt höfundurinn hafi ekki ætlazt til verðlauna.

Verðlaunafé geymist því alt til næsta tímabils.

Skýrslu þessa um gerðir vorar njótum vér hérmeð þess heiðurs að leggja fyrir hið heiðraða Alþingi.

Reykjavík 15. Ágúst 1905.

Björn M. Ólsen. Eiríkur Briem. Magnús Stephensen.

Til

Alþingis.

Ed. **419. Frumvarp**

til laga um brúargerð á Ytri-Rangá.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

Stjórninni veitist heimild til að láta gera brú á Ytri-Rangá í Rangárvallasýslu, og verja til þess, alt að 35000 krónum úr landssjóði.

Ed. **420. Frumvarp**
til laga um brúargerð á Héraðsvötn.
(Eptir 3. umr. í Nd.).

Stjórninni veitist heimild til að láta gera brú á Héraðsvötn í Skagafirði hjá Ökrum og verja til þess alt að 27000 kr. úr landssjóði, þegar fé er veitt til þess á fjárlögunum.

Ed. **421. Frumvarp**
til laga um brúargerð á Fnjóská í Þingeyjarsýslu.
(Eptir 3. umr. í Nd.).

Stjórninni veitist heimild til, að láta gera brú á Fnjóská í Þingeyjarsýslu, og má verja til þess alt að 30000 krónum úr landssjóði.

Ed. **422. Breytingartillögur**
við frumv. til laga um barnafræðslu o. fl.
Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Á eptir orðinu »fræðslunefnd« komi: (sbr. 20. gr.).
2. — 4. — Á eptir orðinu »fræðsluhérað« komi; (sbr. 20. gr.).
3. — 6. — Í stað orðanna »greidd hafa verið« komi: á fundi eru.
4. — 6. — Á eptir orðinu »fræðslumála« komi: (sbr. 25. gr,).
5. — 8. — Í stað orðsins »hreppssjóði« komi: sveitarsjóði.
6. — 12. — Í stað »10. gr.« komi: 11. gr.
7. — 16. — Í stað »2 mánuði« (í 3. tölulið) komi: 8 vikur samtals.
8. — 17. — (1. tölul. upphaf): »að« falli burt.
9. — 17. — (3. tölul. upphaf): Í stað »að fullnægt — þeim« komi: reglum þeim sé fullnægt.
10. — 25. — Á eptir orðinu »mann» bætist inn: einn eða fleiri.
11. — 25. — (niðurlag): Í stað »á fjárlögum« komi: »í fjárlögum«.

Ed. **423. Breytingartillögur**
um frumv. til laga um styrk úr landssjóði til samvinnu smjörbúa.
Flutningsmenn: Ág. Flygenring, Valtýr Guðmundsson, Þorgr. Þórðarson, Jón Ólafsson.

1. Við fyrstu gr. fyrir: »18000« komi: 15000
2. 2. gr. orðist svo:
Stjórnarráðið úthlutar styrknum til smjörbúanna í Marzmán. 1907 og 1908, og skal við úthlutunina farið eptir því, hve mikið smjör hvert bú hefir selt erlendis á liðnu ári, og eptir því verði, sem smjörið hefir selst fyrir. Smjör, sem selst lakar en á 70 au. hvert danskt pund, skal ekki talið með, þegar styrknum er jafnað niður. Styrknum skal úthlutað eptir pundatölu

þess smjörs, er selst á 70 au. og hærra verð. Í fyrsta flokki skal talið smjör, er selst á 80 au. hvert danskt pund og í öðrum flokki smjör, er selst á 70 80 au. Fyrir smjör í 1. flokki skal styrkurinn vera 50% hærri en fyrir smjör í 2. flokki.

Ed. **424. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun geðveikrahælis.

Nefnd sú, er háttv. Ed. kaus til að íhuga frv. þetta, er á einu máli um það, að nauðsyn beri til að sjá geðveikum mönnum fyrir hæli, bæði fyrir mannúðarsakir og sakir þeirra vandræða, sem af þeim stafa fyrir sveitafélög og einstaka menn. Aptur á móti hefir nefndin ekki getað orðið sammála um, að jörðin Kleppur sé einn allra staða bezt valinn til að setja á hælið. Tveir nefndarmenn halda því fram, að finna megi betri stað, en einn hneigist helzt að því, að sá staður sé hentugur. Til samkomulags höfum vér orðið allir ásáttir um að gera þá breyting við frumvarpið, að staðurinn sé óákveðinn, en þó í nánd við Reykjavík, þannig að stjórnin hafi frjálsar hendur til að velja staðinn, þar sem henni þykir hentugast, er hún hefir rannsakað málið betur, að því er þetta atriði snertir.

Vér leggjum því til, að háttvirt Ed. samþykki frumvarpið með eptirfarandi breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »á Kleppi« komi: í nánd.
2. — 2. — - — — »á fjárlögunum« komi: í fjárlögum.

Alþingi 15. Ágúst 1905.

Þorgr. Þórðarson, formaður og framsögumaður.

Ág. Flygenring, skrifari.

Björn M. Ólsen.

Nd. **425. Framhaldsbreytingartillögur**

við frumv. til laga um þingsköp handa Alþingi.

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. 1. málslið fyrir: »stjórnarskrárinnar» komi: stjórnarskr.
2. — 4. gr. niðurlag, fyrir: »stjórnarskrárinnar« komi: stjórnarskr.
3. — 7. gr. niðurlag, fyrir: »stjórnarskrárinnar« komi: stjórnarskr.
4. — 8. gr. fyrir: »stjórnarskrárinnar« komi: stjórnarskr.
5. — 23. gr. fyrir (28 gr. stjórnarskrárinnar) komi: (9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903).
6. Við 24. gr. í báðum málsliðum, fyrir (28. gr. stjórnarskr.) komi: (9. gr. stjórnarskipunarl. 3. Okt. 1903).
7. — 25. — fyrir (28. gr. stjórnarskrárinnar) komi (9. gr. stjórnarskipunarl. 3. Okt. 1903).

8. Við 28. — fyrir stjórnarskrárinnar komi: stjórnarskr.
9. — 41. — fyrir (36. gr. stjórnarskr.) komi: (11. gr. stjórnarskipunarl. 3. Okt. 1903).
10. — 46. — fyrir »stjórnarskrárinnar« komi: stjórnarskr.
11. — 50. — fyrir »stjórnarskrárinnar« komi: stjórnarskr.
12. — 51. — fyrir (38. gr. stjórnarskrárinnar) komi: (12. gr. stjórnarskipunarl. 3. Okt. 1903).

Nd.

426. Breytingartillögur

við frumv. til laga um þingsköp handa Alþingi.

Frá ráðherra.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:
   Þegar Alþingi kemur saman við þingsetning kveður ráðherrann einn þingmanna til bráðabyrgðaforseta. Stjórnar hann umræðum, þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn, og stendur fyrir kosningu hans.
2. Við 5. gr. Á eptir orðunum »16. gr. stjórnarskrárinnar« kom í svigum: (og 5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903).
3. Við 21. gr. Orðin: »Hver þingmaður ..... með breytingartillögu« falli burt.
4. Við 22. gr. Síðasta lína falli burt,
5. Við 23. og 24. gr. Í stað orðanna »28. gr. stjórnarskr.« komi í svigum: (9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903).
6. Við sömu gr. Orðin í enda fyrri málsgreinar: »og má hver deildarmaður ..... til enda« falli burt.
7. Við 25. gr. Orðin: »Breytingartillögu má hver þingmaður gera«, falli burt.
8. Við sömu gr. Í stað orðanna »28. gr. stjórnarskrárinnar« komi í svigum: (9. gr. í stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903).
9. Við 29. gr. Orðin: »Breytingartillögu .... um tillöguna« falli burt.
10. Við 30. gr. Aptan við fyrstu málsgrein bætist: Ráðherra, eða umboðsmaður hans, og hver þingdeildarmaður eða í sameinuðu þingi hver þingmaður, má koma fram með breytingartillögu við hverja umræðu sem er.
11. Aptan við 31. gr. bætist: Við þessa umræðu má eigi gera neina ályktun.
12. Við 37. gr. Á eptir orðinu »ráðherra« komi: eða umboðsmanns hans.
13. Aptan við 38. gr. komi:
    Skyldi almenn óregla koma upp, er það skylda forseta að gera hlé á fundinum um stundarsakir, eða ef nauðsyn er til, slíta fundinum alveg.
14. Við 41. gr. Í stað orðanna: »36. gr. stjórnarskrárinnar« komi í svigum: (11. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903).
15. Við 45. gr. Greinin orðist þannig:
    Kosningar fara venjulega fram eptir atkvæðafjölda á þann hátt og fyrir er mælt í 2. og 16. gr.
    Þá er 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi æskja þess skal hlutfallskosningaraðferð við hafa, við nefndarkosningar. Aðferðin skal vera þessi:
    Tölu atkvæðaseðlanna skal deilt með tölu nefndarmanna; töluna, sem

þá kemur út, að broti frátöldu, skal leggja til grundvallar fyrir kosningunni (hlutfallstala).

Seðlunum skal vandlega blandað í hylki, og dregur forseti einn og einn upp í einu, og les upp það nafn, er efst stendur á seðli hverjum, en skrifararnir skrá það. Þá seðla, sem sama nafn stendur efst á, skal leggja saman í bunka, og þegar er sama nafn hefir svo opt upplesið verið, að það nær hlutfallstölunni, skal hlé gera á upplestrinum. Forseti og skrifararnir bera seðlana saman við það, sem ritarar hafa bókað, og gæta þess, að það sé rétt. Lýsir forseti svo þann rétt kjörinn, sem hlutfallstölunni hefir náð. Síðan er haldið áfram upplestri á þeim seðlum, sem eptir eru, en þó svo, að standi nafn þingmanns, sem þegar er kosinn, efst á seðli, skal stryka það út og lesa upp hið næsta nafn á eptir á þeim seðli, og skal að öllu með fara sem áður er sagt, og koll af kolli, unz allir seðlarnir eru upplesnir, eða allir nefndarmenn kosnir.

Nú er nafn eigi svo glögt táknað, að víst sé, eða nafn er með öllu skakt, og fellur það þá úr, en eigi er seðill ógildur að heldur. Eigi er seðill ógildur, þótt fleiri nöfn eða færri, en þörf er á, séu á hann rituð.

Verði nefnd eigi fullkosin eptir þessari aðferð, skal kjósa þá er til vantar, einfaldri meiri hluta kosningu, en til þess að kosningin sé gild, þarf sá, sem kosinn er, að hafa meira en helming atkvæða þeirra, sem greidd eru.

16. Við 51. gr. Í stað orðanna: »39. gr. stjórnarskrárinnar« komi í svigum: (12. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903).

Sþ. um

427. Skýrsla

»Gjöf Jóns Sigurðssonar« á tímabilinu frá 27. Júlí 1903 til 27. Júlí 1905.

Tekjur:

1.	Eign sjóðsins eptir skýrslu, dags. 27. Júlí 1903:		
	a. bankavaxtabréf	kr. 8000,00	
	b. Veðskuldabréf	— 4100,00	
	c. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 1253,22	
	d. ógoldnir vextir til $^{11}/_{6}$ 1903..	— 40,00	kr. 13,393,22
2.	Tekjur á ofannefndu tímabili:		
	a. ársvextir af bankavaxtabréfum til $^{2}/_{1}$ 1901 $^{1}/_{7}$ 1904 og 1905	kr. 720,00	
	b. ársvextir af veðskuldabréfum til $^{11}/_{6}$ 1904 og 1905	— 318,00	
	c. ársvextir af fé í landsbankanum til $^{31}/_{12}$ 1903 og 1904	— 94,44	— 1,142,00
		Samtals	kr. 14,535,66

Útgjöld:

1.	Auglýsing í Þjóðólfi	kr.	12,00
2.	Eign sjóðsins 27. Júlí 1905:		
	a. bankavaxtabréf...	kr. 8000,00	
	b. veðskuldabréf	— 5700,00	
	c. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 823,66	— 14,523,66
		Samtals...	kr. 14,535,65

Stjórnarráð Íslands, Reykjavík 10. Ágúst 1905.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

Ed. **428. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sölutoll á bitterum (433), eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.

Frá nefndinni.

Frumvarpið orðist svo:

1. gr.

Einga bittertegund má selja eða afhenda hér á landi nema á ílátið sé límt tollfrímerki, er jafngildi aðflutningsgjaldinu á bitterum samkvæmt tolllögum, þeim er í hvert sinn kunna að gilda.

Frímerkið skal svo lagað og svo álímt, að ílátið verði ekki opnað á venjulegan hátt án þess að rífa frímerkið.

2. gr.

Þá er innflytjandi greiðir aðflutningsgjald af bitter, fær hann hjá tollheimtumanni jafnvirði þess í tollfrímerkjum, og er það kvittun fyrir gjaldinu.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varðar þreföldu endurgjaldi tolls til landssjóðs, og sektum að auki frá 200 kr. til 2000 kr. — Sama varðar að nota á ný frýmerki, er losað hefir verið ólöglega af tollskyldu íláti, eða að opna tollfrímerkt ílát án þess að rífa frímerki.

Að losa tollfrímerki af íláti órifið, svo að það megi nota á ný, varðar sektum 100—1000 kr., hvort sem frímerkið hefir síðan verið ólöglega notað eða ekki.

4. gr.

Fyrsta virkan dag í Janúarmánuði næsta, eða fyrstu daga þar á eptir, svo fljótt sem því verður við komið, skal tollheimtumaður, eða umboðsmaður hans, sá er hann til þess skipar, setja ókeypis frímerki á þær birgðir af téðum bitterum, sem kaupmenn, lyfsalar eða læknar þá hafa í vörzlum sínum hér á landi, sem aðflutningsgjald hefir þegar verið af greitt.

5. gr.

Eptirmyndun eða fölsun tollfrímerkja varðar sömu refsing sem ákveðin er með almennum hegningarlögum frá 25. Júní 1869, 266. gr., fyrir eptirmyndun eða fölsun á dönskum peningum eða seðlum þjóðbankans. Glæpurinn er fullnaður þegar búið er að eptirmynda eða falsa tollfrímerkið, þótt ekki sé búið að láta það úti.

6. gr.

Um tilbúning og sölu tollfrímerkja og reikningsskil fyrir sölutollinum gerir stjórnarráðið nauðsynlegar ráðstafanir. Innheimtulaun skulu söm vera af sölutolli sem aðflutningstolli.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Jan. 1906.

Nd. **429. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum frá 13. Okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.

(Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

3., 13., 28. og 29. töluliður í 1. gr. laga um skipun læknahéraða frá 13. Okt. 1899 orðist svo:

3. Akureyrarhérað: Akureyrarkaupstaður, Öngulstaða, Saurbæjar, Hrafnagils, Glæsibæjar og Skriðuhreppar og Svalbarðsstrandarhreppur í Þingeyjarsýslu.

13. Húsavíkurhérað: Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, Hálshreppur norðan við Draflastaðasókn, Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað, Aðaldæla og Húsavíkurhreppar.

28. Arnarneshérað: Arnarness- og Svarfaðardalshreppar í Eyjafjarðarsýslu og Grýtubakkahreppur í Þingeyjarsýslu.

29. Reykdælahérað: Hálshreppur út að Brettingsstaðasókn, Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Reykdæla- og Skútustaðahreppar.

2. gr.

Bæta skal fráfarandi lækni það eignatjón, er hann kann að verða fyrir á íbúðarhúsi sinu við flutning læknissetursins frá Grenivík, eptir mati dómkvaddra manna, og greiðir landssjóður 1000 kr. til skaðabótanna, er að öðru leyti skulu greiddar af hlutaðeigandi héruðum vestan Eyjafjarðar og Eyjafjarðarsýslu, eptir nánara ákvæði stjórnarráðsins. Lög þessi koma til framkvæmda þá er héruðin hafa samþykt greiðslu hinna hérumræddu skaðabóta að sínum hluta.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær á læknaskipunarlögunum, sem um ræðir í 1. gr., inn í meginmál þeirra, og getur þá konungur gefið lögin þannig breytt út sem lög um skipun læknishéraða á Íslandi.

Nd. **430. Frumvarp**

til laga um ritsíma, talsíma o. fl.

(Eptir 2. umr. Nd.).

1. kafli.

Um einkaréttindi landsins.

1. gr.

Landinu er áskilinn einkaréttur til þess að stofna og starfrækja ritsímasambönd og málþráða, svo og hvers kyns önnur rafmagnssambönd, til skeytasendinga á Íslandi og í landhelgi við Ísland.

2. gr.

Ráðherra Íslands getur veitt einstökum mönnum eða félögum leyfi til að

stofna og starfrækja sambönd þau, sem um ræðir í 1. gr. Leyfið skal veitt um ákveðið árabil; þó eigi leingra en 20 ára í senn, með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til í hvert skipti. Í leyfisskrám skal þó jafnan tekið fram, að ráðherrann ákveði hámark skeytisgjalda fyrir alt að því 5 ár í bili að minsta kosti, og að leyfishafi sé skyldur til samvinnu bæði við hraðskeytasambönd landsins og einstaka leyfishafa með þeim skilmálum, sem ráðherrann tiltekur, og að tízku skuli fylgt í starfrækslu allri. Enn fremur skal í leyfisskrá tiltekið um umbótaskyldu og aukning á tækjum, og afgjaldsupphæð ákveðin, ef afgjald skal greiða.

Áður leyfi er veitt skal leita álits bæjarstjórna, hreppsnefnda og sýslunefnda á þeim stöðum, þar sem verksvið fyrirtækisins verður.

Þegar leyfistími er á enda, á landið rétt á að fá sér afhent öll tæki þess fyrir það verð, er tilkvödd nefnd ákveður. Miða skal matsupphæðina við þá fjárhæð, er ætla má að slík tæki mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, með hæfilegu tilliti til slits þess, er á þeim er orðið.

Í matsnefnd skulu vera 3 menn; einn þeirra tilnefnir ráðherrann, og er sá formaður nefndarinnar. Annan tilnefnir landsyfirdómurinn. Hinn þriðji skal dómkvaddur af undirréttardómaranum í þeirri dómþinghá, þar er leyfishafi á varnarþing.

3. gr.

Einkaréttur landsins samkvæmt 1. gr. nær eigi til:

a. hraðskeytatækja, sem sveitarstjórnarvöld nota eingaungu í sveitarþjónustu innsveitis eða innanbæjar, svo sem við slökkviliðsþjónustu, vatnsveitu eða því um líkt;
b. hraðskeytatækja, sem notuð eru innan takmarka húseignar eða jarðeignar, eða milli húseigna eða jarðeigna, er lúta sama eiganda eða atvinnurekstri, svo framarlega sem skeytaleið liggur ekki yfir landhelgissvæðið, alt með því skilyrði, að tækin séu eingaungu notuð í þarfir eiganda sjálfs, og eigi gegn þóknun, beinlínis né óbeinlínis;
c. hraðskeytatækja, sem einstakir menn, eigi fleiri en 10, koma sér upp og nota sín á milli, eingaungu til eigin þarfa, án endurgjalds á nokkurn hátt, svo framarlega sem skeytaleið liggur ekki yfir landhelgissvæðið, og fjarlægð er ekki yfir 5 mílur milli endastöðva, alt með því skilyrði, að ekki séu fyrir á þessu svæði, þegar tækin eru upp sett, hraðskeytatæki, sem landið á eða leyfishafar, og hlutaðeigendur gætu notað.

4. gr.

Nú eiga einstakir menn eða félög hraðskeytasambönd, sem á stofn eru komin og starfrækt hafa verið fyrir 1. Júlí 1905, og er þá rétt, að þeim sé haldið áfram eins og að undanförnu, ef eigendur óska. Hafi sérstakir samningar verið gerðir um þau við landsstjórnina, ber að fylgja þeim skilyrðum, er þar hafa sett verið.

Nú vilja eigendur framhalda starfrækslu hraðskeytatækja, og skulu þeir þá innan þriggja mánaða eptir að lög þessi öðlast gildi, skýra ráðherra Íslands frá því, og ákveður hann þá staðatakmörk fyrirtækisins, um leið og hann veitir viðurkenningu fyrir tilverurétti þess. Þessi viðurkenning veitir eigendum eingan frekari rétt en þeir áður höfðu, og er því eigi til fyrirstöðu, að landsstjórnin

stofnsetji eða veiti öðrum leyfisskrá til þess, að stofnsetja hraðskeytasambönd innan starfrækslutakmarka þeirra.

Ef eigendur eldri hraðskeytasambanda óska þess, getur ráðherra veitt þeim leyfisskrá samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. gr.

5. gr.

Nú eru síma- eða önnur hraðskeytafæri sett upp án heimildar samkvæmt 2.—4. gr., og skulu þá þau tæki, sem sett hafa verið upp í heimildarleysi, upptæk og fellur andvirði til landssjóðs; auk þess má dæma eiganda eða eigendur í alt að 400 kr. sekt, er rennur í landssjóð. Mál, sem út af þessu rísa, skulu rekin sem almenn lögreglumál, en því að eins skal mál höfðað, að ráðherra Íslands mæli svo fyrir.

Í leyfisbréfum, sem gefin verða út samkvæmt 2. og 4. gr., má kveða svo á, að framanskráð hegningarákvæði skuli einnig ná til þess, ef einhver án þess heimilt sé samkvæmt 3. og 4. gr. stofnsetur eða starfrækir hraðskeytasambönd, sem um ræðir í 1. gr., á því svæði, þar sem leyfishafi hefir einkarétt til þess. Andvirði hinna upptæku hraðskeytafæra fellur þá til leyfishafa. Með mál, er út af þessu rísa, skal farið sem almenn lögreglumál, en mál má því að eins höfða, að ráðherra Íslands veiti samþykki sitt til þess.

6. gr.

Nú vill landsstjórnin fá landssjóði til handa hraðskeytasambönd, sem einstakir menn eiga, án þess svo sé ástatt, sem segir í 3. hluta 2. gr., og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka þau eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 2. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki, að einungis nokkur hluti þeirra sé tekinn.

Þegar meta skal endurgjaldið, skal eigi að eins taka tillit til verðs þeirra tækja, sem tekin eru, heldur einnig til þess arðs, sem ætla mætti, að fyrirtækið gæfi af sér með hæfilegri starfrækslu og skeytagjöldum, þó svo, að ekki sé gerður meiri arður en fyrirtækið í raun og veru hefir gefið af sér.

7. gr.

Eigendur hraðskeytasambanda, sem eigi eru landsins eign, eru skyldir til, hvenær sem þess er krafizt, að láta landsstjórninni í té skýrslur um fyrirtækið. Séu þær eigi gefnar innan hæfilegs frests, er stjórnarráðið tiltekur, má knýja þær fram með dagsektum, er renna í landssjóð.

8. gr.

Ráðherrann ákveður gjaldskrár fyrir notkun hraðskeytasambanda landsins, og breytir þeim þegar þörf þykir, nema þær séu settar með lögum. Hann setur og reglur um starfrækslu þeirra, viðhald og eptirlit. Leggja má sveitarstjórnarvöldum landsins á herðar störf og skyldur, er að þessu lúta.

2. kafli.
Um lagning síma, vernd hraðskeytatækja o. fl.

9. gr.

Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að ritsímar og talsímar landssjóðs

séu lagðir um land hans, yfir það eða í jörðu, og að efni það, er þarf til lagningar þeirra og viðhalds, svo sem grjót, möl o. s. frv., sé tekið þar sem næst er; svo er og hver eigandi húss eða annars mannvirkis skyldur að leyfa, að símar þessir séu lagðir yfir þau, á eða undir þeim. Verði því viðkomið, skal þó taka tillit til þess, hvar eigendur eða notendur mannvirkja æskja eptir að símarnir séu lagðir, þar sem þeir snerta eign þeirra, og það þótt þetta hefði nokkurn kostnaðarauka við símann í för með sér.

Mönnum, sem í þjónustu landsins eru að starfa að landsjóðssímum eða hafa umsjón með þeim, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þessara starfa. Um hús, sem búið er í, mega þeir þó ekki fara nema á daginn, og einungis þá leið, sem vísað er, og því að eins, að það sé óþægindalaust fyrir ibúana; að íveruherbergjum hafa þeir eigi aðgang.

10. gr.

Þar sem símar landssjóðs eru fyrir, má eingar byggingar gera eða jarðrask eða aðrar ráðstafanir, er af kann að geta hlotizt óregla eða skemdir á símunum, nema það sé tilkynt skriflega eða munnlega forstöðumanni næstu símastöðvar landsins mánuði áður eða, ef svo stendur á, að óvæntur atburður hefir gert það óhjákvæmilegt að framkvæma ráðstafanirnar tafarlaust, þá svo fljótt sem auðið er, í síðasta lagi samtímis og byrjað er á þeim.

Nú krefst landeigandi, að landsími sé fluttur af lóð hans um stundarsakir eða fyrir fult og alt, og skal hann þá fá því framgeingt, ef sannað er, að flutningurinn sé nauðsynlegur til að koma í framkvæmd slíkum ráðstöfunum, sem á undan getur, eða til þess að lóðin geti orðið eiganda að tilætluðum notum. Verði samningnum ekki komið við, skal gert út um það með lögmætri skoðunargerð, hvort nauðsyn sé á að flytja landssjóðssíma um stundarsakir eða fyrir fult og alt.

11. gr.

Nú vilja einstakir menn, bæjarfélög eða sveitarfélög leggja talsíma, ritsíma eða leiðsluþræði fyrir rafmagn til vinnu, lýsingar o. s. frv., á þeim stöðum, þar sem fyrir eru landssjóðssímar, eða önnur hraðskeytafæri hans, er getur um í 1. gr., og skal þá leiðsluþráðum þessum svo fyrir komið, að eigi geti af þeim hlotizt bagi eða óregla á símum eða hraðskeytafærum landssjóðs. Ef samningum verður eigi við komið um þetta, sker ráðherra úr.

Nú detta leiðsluþræðir þessir niður og valda þannig baga eða óskunda við notkun landsímanna eða annara hraðskeytafæra landsins, og skal þá næsta embættismanni eða sýslunarmanni, sem yfir landssímann er settur, heimilt að gera á kostnað eigenda þær ráðstafanir viðvíkjandi leiðsluþráðum þessum, sem með þurfa til þess að koma í veg fyrir baga þann, er af þeim hefir orsakazt.

12. gr.

Ef afla parf lóðar undir ritsíma, eða önnur hraðskeytafæri landssjóðs, er getur um í 1. gr., og samningum verður ekki komið við um kaup á henni, skal hún eptir ráðstöfun ráðherra Íslands tekin eignarnámi, gegn endurgjaldi eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna.

Landssjóður skal og bæta skaða á landi manna, húsum og öðrum mannvirkjum, sem hlýzt af lagningu og viðhaldi ritsíma eða talsíma landssjóðs. Ef samningum verður eigi við komið um skaðabæturnar, skulu þær metnar af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

13. gr.

Brot gegn ákvæðunum í 10. og 11. gr., varða sektum til landssjóðs alt að 200 kr., ef brotið á ekki eptir eðli sínu undir 297. gr. hinna almennu hegningarlaga. Með mál, er út af þessu rísa, skal farið sem almenn lögreglumál, en mál skal því að eins höfða, að ráðherra Íslands mæli svo fyrir.

14. gr.

Í leyfisbréfum, sem gefin verða út samkvæmt 2. gr., má svo ákveða, að fyrirmæli þau um ritsíma, talsíma og önnur hraðskeytafæri landssjóðs, er standa í 9., 10., 11. gr. 1. stafl. og 12. gr. skulu að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum er þurfa þykir, ná til ritsíma þeirra, talsíma eða annara hraðskeytafæra, sem leyfisbréf hljóðar um.

3. kafli.

Um þagnarskyldu starfsmanna o. fl.

15. gr.

Embættismenn og sýslunarmenn við ritsíma, talsíma og önnur hraðskeytafæri landsins, sem um ræðir í 1. gr., eru skyldir, bæði meðan þeir eru í embætti eða sýslan og eptir að þeir hafa látið af þeim, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni hraðskeyta þeirra, sem koma eða fara, að þau hafi komið eða farið, svo og hver hafi feingið þau eða sent. Á sama hátt eru þeir skyldir að þegja yfir talsímasamtölum og nöfnum þeirra, sem talazt hafa við gegnum símann.

Þeim, sem brýtur á móti þessu, skal vikið frá nefndu embætti eða stöðu, og auk þess skal hann, hafi það verið af ásettu ráði, sæta fangelsi og ef miklar sakir eru, betrunarhússvinnu, en sektum eða einföldu fangelsi hafi hann af óvarkárni brotið á móti nefndri launungar- og þagnarskyldu.

Ef embættismaður eða sýslunarmaður við ritsíma landssjóðs af ásettu ráði ónýtir, skýtur undan eða aflagar hraðskeyti, sem afhent er til flutnings með símunum, eða ef hann víss vitandi liðsinnir öðrum í þess konar athæfi, þá skal hann sæta hegning þeirri, sem ákveðin er í 139. gr., sbr. 34. og 145. gr. hinna almennu hegningarlaga.

16. gr.

Í leyfisbréfum, er ráðherra Íslands gefur út samkvæmt 2. og 4. gr., má leggja þá skyldu á starfsmenn við hraðskeytasambönd, sem leyfisbréfið hljóðar um, að þeir gæti hinnar sömu launungar- og þagnarskyldu og heimtuð er samkvæmt næstu grein á undan af starfsmönnum landssjóðssímanna.

Sá starfsmaður, er brýtur á móti þessari launungarskyldu sinni, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi; honum skal vikið úr þjónustu stofnunarinnar, ef ráðherra Íslands krefst þess.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem skýrt er frá staðfesting þeirra í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **431. Frumvarp**
til laga um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.
(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

I. kafli.
Um brunabótasjóði sveitarfélaga.

1. gr.

Sveitarfélögum á Íslandi er heimilt að stofna með skylduabyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum utan kauptúna Lög þessi tiltaka verksvið þeirra, en fyrirkomulagið skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Brunabótasjóður bætir tvo þriðju hluta alls þess brunaskaða á húsum, vátrygðum í sjóðnum, úr hverju efni sem þau eru bygð, nema eigandi, kona hans, eða nánustu erfingjar hafi af ásettu ráði eða stórkostlegu hirðuleysi valdið brunanum, eða bruninn er svo lítill að eigi nemi 20 kr. í 2000 kr. húseignum og meiri, eða 1% á minni húseignum. Til brunaskaða teljast og skemdir á vátrygðum húsum, sem stafa af björgunartilraunum.

3. gr.

Til húsa telst alt múrfast og naglfast, þar á meðal eldstór, ofnar föst rúmstæði, o. s. frv.

4. gr.

Skylduábyrgð hvílir á öllum íbúðarhúsum, sem liggja utan kauptúna, úr hverju efni sem þau eru bygð, og geymsluhúsum, sem þeim eru áföst, þó svo, að virðingarverð húsa eða húsaþyrpinga, sem í sameiginlegri brunahættu eru, fari eigi fram úr 6000 krónum. Heimilt er og að vátryggja í brunabótasjóðum hreppanna peningshús, hlöður og önnur hús til íbúðarnota.

Ennfremur er heimilt, með samþykki meiri hluta atkvæðisbærra húsráðenda, að taka til ábyrgðar í brunabótasjóði hrepps samskonar hús og í hreppnum, þótt þau séu í öðrum hreppi, ef ástæður þar banna, að stofnaður sé brunabótasjóður samkvæmt lögum þessum.

Sá er undanþeginn skylduábyrgð í sjóðnum, er sýnir sveitarstjórn árlega skilríki fyrir því, að hann hafi vátrygt hús sín í áreiðanlegu erlendu brunabótafélagi.

5. gr.

Tekist getur brunabótasjóður á hendur ábyrgð að $^2/_3$ í húsi eða húsaþyrping í sameiginlegri brunahættu, þó hærra verði nemi, en 6000 kr., ef sveitarstjórn og stjórnarráð samþykkja.

6. gr.

Hvergi má vátryggja annarsstaðar þann þriðja hluta húsa, sem ekki er vátrygður samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Húsráðendur þeir, er atkvæðisrétt eiga í sveitamálum, geta á lögmætum fundi stofnað brunabótasjóð, samkvæmt lögum þessum. Meiri hluti at-

kvæða allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppnum ræður úrslitum, en þá skal hver húsráðandi, sem jafnframt er eigandi að húseign, sem hann sjálfur notar, og er 500 kr. virði eða meira, hafa 2 atkvæði. Fundur er lögmætur þá er hreppsnefnd boðar hann öllum húsráðendum, með skriflegu fundarboði, með tveggja vikna fyrirvara að minsta kosti, enda sé þar tiltekið, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Nú er samþykt að stofna brunabótasjóð eptir því, sem fyr var sagt, og skal þá sveitarstjórn tilkynna það tafarlaust stjórnaráði Íslands.

8. gr.

Sveitarsjóður ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er hvíla á brunabótasjóði hreppsins, og greiðir brunabætur, ef brunabótasjóðurinn hrekkur ekki til. En brunabótasjóður endurborgar sveitarsjóði svo fljótt, sem því verður við komið. Skal þá auka iðgjöld til brunabótasjóðs, svo sem sveitarstjórn þykir við þurfa, og eigi minna en svo, að skuldin við sveitarsjóð greiðist á næstu 10 árum af auka-iðgjöldum.

Nú hafa tveir eða fleiri hreppar samþykt að stofna brunabótasjóði, og geta þá sveitarstjórnir þeirra, að feingnu samþykki meiri hluta atkvæða húsráðenda samkvæmt 7. gr. á almennum fundi, komið sér saman um að sameina brunabótasjóði þeirra. Hvíla þá skuldbindingar allar óskiptar á hinum sameiginlega brunabótasjóði þessara hreppa. Tekur hver sveitarsjóður þá tiltölulega þátt í gjöldum til brunabótasjóðsins eptir iðgjöldum þeim, sem greidd eru úr hreppnum. Innheimtu á iðgjöldum, reikningsskil o. fl. annast hver sveitarstjórn í sínum hreppi, eins og ákveðið er í síðasta hlut 9. gr. og 10.—12. gr., en sveitarstjórnin í þeim hreppum, sem hæst iðgjöld greiðir, tekur á móti og ávaxtar iðgjöldin (sbr. 9. gr. 1. málslið) hafi hlutaðeigandi sveitarstjórnir ekki öðruvísi um samið.

9. gr.

Sveitarstjórnin hefir með höndum alla stjórn og umsjón brunabótasjóðs og setur fé hans á vöxtu á hentugum stað með nægri trygging. Hún hefir á hendi innheimtu á iðgjöldum til sjóðsins, og hafa iðgjöldin sama lögtaksrétt sem sveitarútsvör. Hún hefir á hendi reikninga sjóðsins og skýrslugerð, og leggur ársreikning hans fyrir sýslunefnd, til endurskoðunar og úrskurðar, um sama leyti og sveitarsjóðsreikning.

10. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, ef lögmætur sveitarfundur samþykkir árlega, að leggja úr sveitarsjóði fé til stofnunar og styrktar brunabótasjóði hreppsins 10 fyrstu árin, þó eigi meira en jafna upphæð iðgjöldum vátryggjanda.

11. gr.

Nú stofnar hreppur brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður nefna til skoðunarmenn, tvo eða fleiri í hreppi, eptir því sem sveitarstjórn ákveður nánar, til þess að gera lýsing og virðing allra húsa, sem vátryggjast eiga í sjóðnum, og annað það, er reglugerð mælir fyrir. Skulu þeir vinna eið að starfi sínu. Endurvirðing fer fram á hverjum 10 ára fresti. Eigandi eða leigjandi húseignar getur krafizt yfirvirðingar á sinn kostnað, og kveður þá sýslumaður til þess fyrir rétti, 4 menn, óvilhalla. Fyrir skoðun þá,

er fer fram við stofnun brunabótasjóða, greiða sveitarsjóðir 1 kr. á býli hvorum skoðunarmanni. Fyrir skoðunarkostnað við endurvirðingar og önnur störf skoðunarmanna skal launa sem reglugerð ákveður.

12. gr.

Allar virðingargerðir rita skoðunarmenn í sérstaka bók, er sveitarstjórn varðveitir, og sendir hún stjórnarráði Íslands afrit af öllum virðingargerðum, jafnskjótt og þær eru bókaðar. Húsvirðingabók sé gegndregin og staðfest af yfirvaldi. Í hana rita skoðunarmenn eiðstaf sinn, þá er þeir hefja starf sitt.

13. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinni vátrygðu eign, en greiðist af húsráðanda. Sé hann leiguliði, getur hann haldið eptir af eptirgjaldinu eða leigunni, iðgjaldinu af þeim húsum, er hann á ekki.

14. gr.

Nú eru hús veðsett, sem vátrygð eru samkvæmt lögum þessum, og nær sá veðréttur einnig til brunabótafjárins. Fyrirgeri veðsetjandi rétti sínum til brunabóta, hefir veðhafi eigi að síður rétt til brunabótanna, að svo miklu leyti, sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

15. gr.

Brunabætur úr brunabótasjóðum hreppanna skulu að fullu ganga til endurbóta eða endurbyggingar húsum, sem brunnið hafa, nema sveitarstjórn samþykki, að öðru vísi sé með farið. Eigi þarf sveitarstjórn að láta brunabót af hendi, nema trygging sé fyrir endurbyggingu jafngóðri og þeirri, er brann.

16. gr.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki lögmæts sveitarfundar, að gera samþykt, um björgunartilraunir við eldsbruna. Hefir samþykt sú gildi fyrir alla fulltíða menn í hreppnum, ef hún er staðfest af stjórnarráðinu.

II. kafli.

Um sameiginlegan brunabótasjóð.

17. gr.

Nú hafa 10 hreppar tilkynt stjórnarráði Íslands, að þeir hafi stofnað brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal það jafnskjótt stofna sameiginlegan brunabótasjóð fyrir sveitahíbýli á Íslandi. Er hlutverk hans að veita endurtrygging brunabótasjóðum hreppanna. Til stofnunar þessa sjóðs veitast 10,000 kr. úr landssjóði.

18. gr.

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja helming þeirra tveggja þriðjunga virðingarverðs allra híbýla og annara húsa, sem vátrygð eru í brunabótasjóðum hreppanna. Helmingur allra fastra iðgjalda frá vátryggjendum geingur til endurtryggingar. Stjórnarráð Íslands mælir fyrir um gjalddaga og greiðslu endurtryggingar-iðgjalda.

19. gr.

Nú brennur hús, sem vátrygt er samkvæmt lögum þessum, eða

skemmist af bruna, svo að nemi brunabótum, og er þá skylt að greiða úr hinum sameiginlega brunabótasjóði helming brunabótanna til hlutaðeigandi brunabótasjóðs, en hann greiðir eiganda allar brunabæturnar (sbr. 2. gr.). Enn fremur greiðir hinn sameiginlegi brunabótasjóður, að helmingi við brunabótasjóð hreppsins, kostnað við skoðun þá, er leiðir af bruna.

20. gr.

Stjórnarráð Íslands annast stofnun, stjórn og framkvæmd hins sameiginlega brunabótasjóðs, og ávaxtar fé hans á tryggilegan hátt. Stjórnarráðið getur, þegar því sýnist nauðsyn bera til, falið einum eða fleiri mönnum stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, sem það ákveður

21. gr.

Nú verða brunar svo miklir á húsum, sem endurtrygð eru í sjóði þessum, að hann hrekkur eigi til endurtryggingar, og skal þá landssjóður lána vaxtalaust, það er á skortir, og endurborgast það eptir því, sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiri upphæð en 10,000 kr., skal leggja á alla brunabótasjóði hreppanna aukagjald að réttu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins, sem umfram er 10,000 kr., greiðist landssjóði að fullu á eigi leingri tíma en 10 árum.

22. gr.

Nú fær stjórnarráðið líkur fyrir, að of há sé brunabótavirðing á húsum í fleiri eða færri af hreppum þeim, er stofnað hafa brunabótasjóði samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðing. Lækki virðing á þeim húsum til jafnaðar við endurvirðing, greiðist kostnaðurinn við hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps; en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

23. gr.

Stjórnarráð Íslands setur reglur um nánari fyrirkomulag á brunabótasjóðum hreppanna og hinum sameiginlega brunabótasjóði. Skal þar, meðal annars, segja fyrir um flokkun hinna vátrygðu húsa eptir brunahættu og ákveða upphæð iðgjalda. Reglugerð þessa sendir stjórnarráðið síðan öllum sveitastjórnum á Íslandi.

24. gr.

Stjórnarráðið setur reglur um, hversu haga skuli eldstæðum og reykpípum í húsum, vátrygðum samkvæmt lögum þessum, svo og um annað það, er nauðsynlegt er til varúðar gegn eldsvoða. Eru reglur þessar og skilyrði gildandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur stjórnarráðið prenta eyðublöð fyrir ábyrgðar-skírteini handa öllum vátryggjendum, og sé þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, er einkum varðar hvern vátryggj-

anda. Byrjar ábyrgð brunabótasjóðs, þá er vátryggjandi hefir í hendur feingið vátryggingarskírteini eða hin fyrstu greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi. Enn fremur lætur stjórnarráðið prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir brunabótasjóði hreppanna og hinn sameiginlega sjóð. Prentunarkostnaður samkvæmt þessari grein greiðist úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

25. gr.

Húsvirðingabækur og gerðabækur fyrir brunabótasjóði hreppanna lætur stjórnarráðið tilbúa á kostnað landssjóðs, og fá sjóðirnir þær ókeypis. Húsvirðingabækur séu lands eign og sendist Landskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru, og nýjar bækur komnar, eptir því sem stjórnarráðið nánar ákveður. Vanskil á bókunum varða sektum, alt að 50 kr., er renni í landssjóð.

26. gr.

Brot vátryggjanda og vanrækslu á lögum þessum, og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða réttarmissi til brunabóta eptir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Svo má og reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—100 krónur, er renni í sjóð þann, er brotið er við.

27. gr.

Með mál út af brotum mót lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. **432. Frumvarp**

til laga um styrk úr landssjóði til samvinnusmjörbúa.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Árin 1906 og 1907 veitist íslenzkum samvinnusmjörbúum 18000 kr. styrkur úr landssjóði hvort árið.

2. gr.

Stjórnarráðið úthlutar styrknum til samvinnusmjörbúanna í Marzmánuði 1907 og 1908 og skal við úthlutunina farið eptir því, hve mikið smjör hvert bú hefir selt erlendis á liðnu ári, og eptir því verði, sem smjörið hefir selzt fyrir. Smjör, sem selst lakar en á 65 aura hvert danskt pund, skal ekki talið með, þegar styrknum er jafnað niður. Styrknum skal svo skipt eptir pundatölu þess smjörs, er selst á 65 aura og fyrir hærra verð, og skal talið í 1. flokki smjör, er selst á 80 aura eða meira hvert danskt pund, í 2. flokki smjör, er selst á 70—80 aura, og í 3. flokki smjör, er selst á 65—70 aura. Fyrir smjör, er selst í 2. flokki, skal styrkurinn vera 50 % hærri en fyrir smjör, er selst í 3. flokki, og fyrir smjör í 1. flokki tvöfalt hærri en fyrir smjör í 3. flokki.

3. gr.

Samvinnusmjörbú, er vilja hljóta styrk, skulu senda umsókn sína fyrir liðið ár til stjórnarráðsins, eigi síðar en fyrir lok Febrúar 1907 og 1908; um-

sókn, er síðar kemur til stjórnarráðsins, verður eigi tekin til greina. Umsókninni skal fylgja farmskrá frá skipstjóra þeim, er smjörið flutti eða vottorð frá afgreiðslumanni skips þess, er smjörið var sent með, er sýni þyngd þess með umbúðum og tölu íláta. Svo skal og fylgja sölureikningur smjörsins, undirritaður af þeim, er með söluna fór, og sé þar tilgreint söluverð hverrar einstakrar smjörsendingar, eða hluta af henni, sé hún eigi seld í einu lagi.

4. gr.

Stjórnarráðið sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög um verðlaun fyrir útflutt smjör 3. Okt. 1903.

Ed. **433. Frumvarp**
til laga um sölutoll á bitterum
(Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Af öllum bitterum skal greiða sölutoll jafnháan aðflutningsgjaldinu, samkvæmt tollögum þeim, er í hvert sinn kunna að gilda.

Sölutollinn skal greiða á þann hátt, að tollheimtumaður límir á ílátið tollfrímerki fyrir upphæðinni, og skal frímerkið svo lagað og svo á límt, að ílát það, er bitterinn er seldur í, verði ekki opnað á venjulegan hátt án þess að rífa frímerkið.

2. gr.

Það er glæpur að losa frímerkið af ílátinu órifið, svo að það verði notað á ný, hvort sem það er notað svo eða ekki, og varðar fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga, eða betrunarhússvinnu, ef talsverð tollsvik hafa svo framin verið, ekki minna en 18 mánuðum. Sama varðar að opna tollfrímerkt ílát án þess að rífa frímerkið eða frímerkin.

3. gr.

Það eru tollsvik og varðar sömu refsing, sem í 2. gr. er ákveðið, að selja ofannefndan varning öðruvísi en í tollfrímerktum ílátum.

4. gr.

Eptirmyndun eða fölsun tollfrímerkja varðar sömu refsing sem ákveðin er með almennum hegningarlögum frá 25. Júní 1869, 266. gr., fyrir eptirmyndun eða fölsun á dönskum peningum eða seðlum þjóðbankans. Glæpurinn er fullnaður þegar búið er að eptirmynda eða falsa tollfrímerkið, þótt ekk sé búið að láta það úti.

5. gr.

Fyrsta dag virkan í Janúarmánuði næsta, eða fyrstu daga þar á eptir, svo fljótt sem því verður við komið, skal tollheimtumaður setja ókeypis frímerki

á þær birgðir af bitterum sem kaupmenn þá hafa í vörzlum sínum hér á landi, þeim er aðflutningstollur hefir þegar verið af greiddur.

Upp frá því greiðist aðflutningstollur á þessari vöru með tollfrímerkjum, og er það sölutollurinn, ef þau eru aðflutt frá útlöndum.

6. gr.

Um tilbúning og sölu tollfrímerkja og reikningsskil fyrir sölutollinum gerir stjórnarráðið nauðsynlegar ráðstafanir. Innheimtulaun skulu söm vera af sölutolli sem aðflutningstolli.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Jan. 1906.

Nd. **434. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út nýjan flokk (seríu) bankavaxtabréfa.

Flutningsm.: Þórh. Bjarnarson, Ólafur Briem, Magnús Andrésson, Jón Magnússon, Herm. Jónasson, Pétur Jónsson.

Við 1. gr.

Í staðinn fyrir »alt að 2 miljónum króna« komi: alt að 3 miljónum króna.

Nd. **435. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum 12. Júlí 1878 um gjafsóknir.

Nefndin hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sé að breyta, ekki einungis þessum lögum, heldur einnig 10. gr. í tilskipun um takmörkun prentfrelsisins frá 27. September 1799.

Nefndin lítur svo á, að breytingum þessum verði ekki komið fyrir í einni heild svo vel fari, og leyfir sér því að koma fram með 2 frumvörp, sem hún álítur að gætu orðið nokkur réttarbót, ef þingið féllist á þau.

Viðvíkjandi frumv. þessum skal það tekið fram, að óánægja sú, sem nú gildandi lög um þetta efni hafa valdið, virðist hafa við nokkur rök að styðjast, því að skylda embættismanna til að hreinsa sig af ákærum hefir að margra áliti opt og tíðum orðið þess valdandi, að óþarfa málshöfðanir hafa átt sér stað, og hafa þær stundum ekki leitt til annars en að baka landinu óþarfan kostnað.

Kostnaður sá, sem af málsókn leiðir, ætti ekki að vera embættismönnum ofvaxinn fremur en öðrum, nema þegar svo stendur á, að setudómara þarf að skipa í málið, sem sjaldan á sér stað, nema ef það kæmi fyrir, að dómari yrði fyrir ómaklegum árásum, eða að dómari misbeitti valdi sínu svo, að það gæti talist vítavert.

Nefndin telur sjálfsagt, að dómurum sé veitt gjafsókn, þegar þeir verða fyrir ærumeiðandi árásum, og sömuleiðis þeim mönnum, sem þurfa að höfða mál gegn dómara út af áreitni af hendi hans.

Að veita sveitarstjórnum gjafsókn telur nefndin ekki heppilegt, þar sem

reynslan virðist benda á, að slíkt geti orðið til þess að vekja óþarfa málsýfingar, sem með öllu móti ætti að reyna að fyrirbyggja.

Hvað snertir kirkjur, spítala og aðrar stofnanir, þá álítur nefndin einga nauðsyn bera til, að gjafsóknarréttur nái til þeirra, þar sem þau tilfelli munu sjaldan koma fyrir, að slíkar stofnanir lendi í málaferlum, og þótt svo vildi til, mundi sá kostnaður, sem af því leiddi naumast verða þeim ofvaxinn.

Samkvæmt því, sem hér að framan er sagt, leyfir nefndin sér að leggja það til, að þessi 2 frv. komi í stað frv. þess, sem henni var feingið til athugunar, og væntir þess, að þingið muni fallast á þau í aðalatriðunum.

Annars mun verða gerð nánari grein fyrir einstökum atriðum, þegar málið kemur til umræðu.

Alþingi 16. Ágúst 1905.

Hannes Þorsteinsson, formaður.	Herm. Jónasson.	M. J. Kristjánsson. skrifari.
Lárus H. Bjarnason, framsögumaður.	Skúli Thoroddsen, með fyrirvara.	

Ed. **436. Frumvarp**

til laga um innköllun seðla landssjóðs og útgáfu nýrra seðla.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Kostnað við gjörð og endurnýjun seðla þeirra, sem landsstjórninni er heimilt að gefa út fyrir landssjóð samkvæmt lögum 18. Sept. 1885 og lögum 12. Jan. 1900, skal eptirleiðis greiða af tekjum bankans. Stjórnarráðinu skal heimilt að innkalla þá seðla, sem út hafa verið gefnir samkvæmt nefndum lögum og konungsúrskurði 20. Maí 1886, með ársfyrirvara, þannig, að þeir verði ógildir þegar sá innköllunarfrestur er liðinn. Auglýsing um innköllunina skal birt í Stjórnartíðindunum og í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, svo og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn, og auk þess lesin upp á kirkjufundum í sveitum á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun 8. Okt. 1824, 2. gr.

2. gr.

Jafnóðum og þeir landssjóðsseðlar, sem nú eru í gildi, koma inn til landsbankans, eptir að út er komin auglýsing um, að nýjar seðlategundir hafi verið út gefnar, skal landsbankinn skila þeim til landsstjórnarinnar, og fær í staðinn jafna upphæð í nýjum seðlum, og heldur bæði stjórnarráðið og landsbankinn skrár, er sýni seðlaskiptin. Þegar liðið er 1 ár frá því er innköllunarfrestur var á enda, skal líta svo á, sem þeir af hinum gömlu seðlum, sem ekki eru til innlausnar komnir, séu glataðir, og afhendir landsstjórnin þá landsbankanum í nýjum seðlum upphæð þá, sem vantar á að 750,000 kr. hafi verið innleystar í gömlum seðlum. Upphæð þessa skal færa til ágóða í reikningum bankans.

Nd. **437. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða upp á handhafa.

(Eptir 2. umr.í Nd).

1. gr.

Með þeim skilyrðum, sem sett eru í eptirfarandi greinum laga þessara, skal Íslands banka heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða uppá handhafa, en þó má nafnskrá í bókum bankans.

2. gr.

Samanlögð upphæð allra bankavaxtabréfa þeirra, er bankinn gefur út, má ekki nema meira en tvöfaldri upphæð alls hlutafjár bankans og varasjóðs hans samanlagðri.

Upphæð hvers bankavaxtabréfs má ekki vera minni en 100 kr. og skulu þau innleysast eptir hlutkesti á eigi leingri tíma en 45 árum; skal það fram tekið í bréfunum sjálfum, hver ákvæði gilda um innlausn þeirra.

3. gr.

Bankavaxtabréf þau, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum, skulu vera í 2 flokkum (serium). Annan flokkinn skal kalla 1. flokk, og skal hann bera $4^1/_2$% vexti; hinn flokkinn skal kalla 2. flokk og skal hann bera 4% vexti.

4. gr.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þeim, sem í veltu eru, skal bankinn hafa í vörzlum sínum að minsta kosti jafnmikla upphæð í veðskuldàbréfum eða í vaxtabréfum kaupstaða eða sýslufélaga, er út hafa verið gefin með samþykki stjórnarráðs Íslands. Á bréf þessi skal rita yfirlýsingu um, að þau séu sett til tryggingar þeim bankavaxtabréfum, er bankinn hefir sett í veltu. Veðskuldabréfin skulu útgefin fyrir lánum gegn 1. veðrétti í fasteign, og má ekki lána meira út á veðið en sem svarar helmingi af virðingarverði þess. Skuldabréf kaupstaða og sýslufélaga, er notuð verða í þessu skyni, skulu endurborgast að fullu á eigi leingri tíma en 40 árum frá því þau voru gefin út, en að því er fasteignarveðskuldabréfin snertir, má afborgunargjaldið eigi vera minna en svo, að láninu sé lokið á 40 árum, sé veðið jarðeign, á 35 árum sé veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sé veðið timburhús. Af öllum skuldabréfum þeim, sem sett eru til tryggingar bankavaxtabréfunum, skal greiða að minsta kosti $4^1/_2$%.

Hlutafé bankans er einnig til tryggingar bankavaxtabréfunum.

5. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum bankans, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur almennar auglýsingar og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef eiginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð, sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eptir almennum lögum.

6. gr.

Sérstakan reikning skal halda fyrir bankavaxtabréf þessi. Fyrir hönd stjórnarráðsins hefir endurskoðandi sá, er stjórnarráðið skipar samkvæmt bankalögunum, eptirlit með, að ákvæðum, sem um bankavaxtabréf þessi gilda, sé fylgt. Nánari ákvæði um útgáfu bankavaxtabréfanna, bókfærslu og reikningshald skulu sett í sérstakri reglugerð, er skal staðfest af stjórnarráði Íslands.

Nd. **438. Frumvarp**

til laga um gjafsóknir.

Frá nefndinni í gjafsóknamálinu.

1. gr.

Gjafsókn má hér eptir að eins veita:

1. Snauðum mönnum, sem fátækravottorð hafa frá sveitarstjórn sinni og sóknarpresti sínum.
2. Dómurum, sem boðið er að höfða mál út af meiðyrðum um þá.
3. Mönnum, sem þurfa að höfða mál gegn dómara sínum, út af áreitni af hendi dómarans.

2. gr.

Stjórnarráðið veitir gjafsókn, enda kemur málstaður beiðandans ávalt til álita.

3. gr.

Gjafsókn nær eigi að eins til aðalmálsins, heldur og til vitnaleiðslu og annara dómstarfa, sem af því leiðir.

4, gr.

Kostnaður út af gjafsóknamálum, sem eptir fullnaðardómi á að greiðast af almannafé, lúkist úr landssjóði.

5. gr.

Lög 12. Júlí 1878 um gjafsóknir eru úr lögum numin.

Nd. **439. Frumvarp**

til laga um breyting á 10. gr. tilskipunar 27. September 1799 um takmörkun prentfrelsisins.

Frá nefndinni í gjafsóknarmálinu.

Skylda embættismanna til að hreinsa sig með dómi af ærumeiðandi sakargiptum er úr lögum numin. Þó getur landsstjórnin heimtað, að dómarar hreinsi sig af meiðandi áburði út af dómara störfum þeirra.

Nd. **440. Frumvarp**

til laga um breytingu á 6. gr. í lögum um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi 22. Maí 1890.

(Eptir 3. umr. í Ed.)

Sá, sem hefir verið háseti á þiljaskipi í 4 mánuði að minsta kosti, hefir rétt til að ganga undir bæði hið minna og hið meira stýrimannspróf, þegar hann að öðru leyti fullnægir skilyrðunum fyrir því að mega ganga undir próf þessi.

Nd. **441. Frumvarp**

til laga um atvinnu við siglingar.

(Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr.

Réttur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi í innanlandssiglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 12 smálestir, en ekki yfir 30 smálestir, að hlutaðeigandi sanni með prófvottorði þriggja valinkunnra skipstjóra, sem bæjarfógeti tilnefnir, að hann

a) kunni að marka stað skipsins á sjávaruppdrætti og hafi þekkingu á sjávaruppdráttum og notkun þeirra yfir höfuð;
b) kunni að nota áttavita;
c) kunni að nota skipshraðamæli;
d) þekki alþjóðlegar reglur til að forðast ásiglingar;
e) hafi stundað siglinga-atvinnu minst 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 smálestir.

Stjórnarráðið semur reglur um prófið, sem að eins fer fram í kaupstað, og fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

Réttur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi í innanlands-siglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 30 smálestir, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini sem skipstjóri í innanlands-siglingum.

3. gr.

Réttur til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslenzku skipi, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem skipstjóri í utanlands-siglingum. Sé um gufuskip að ræða, er rétturinn enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini það, sem getur um í 14. gr.

4. gr.

Réttur til að vera stýrimaður í innanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er meira en 70 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem stýrimaður í innanlands-siglingum.

5. gr.

Réttur til að vera stýrimaður í utanlands-siglingum á íslenzku skipi,

sem er minna en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að maður hafi feingið skírteini sem stýrimaður í innanlands-siglingum og hafi auk þess verið stýrimaður innanlands 12 mánuði.

6. gr.

Réttur til að vera stýrimaður í utanlands-siglingum á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir, skal bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið skírteini sem stýrimaður í utanlands-siglingum.

Ef um gufuskip er að ræða, er rétturinn enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi feingið viðauka-skírteini það, er getur um í 14. gr.

Viðauka-skírteini það, sem ræðir um í grein þessari og 4. gr., er þó óþarft, ef maður hefir staðizt hið almenna danska stýrimannspróf eða annað próf, er jafngildir því eptir dönskum lögum.

7. gr.

Ekkert íslenzkt skip má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða milli Íslands og annara landa, nema því að eins, að á því sé til starfa að minsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra, og sé um gufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálestir, þá 2 stýrimenn.

Ekkert íslenzkt skip, sem meira er en 70 smálestir, má afgreiða eða láta fara í innanlandssiglingar, nema því að eins, að á því sé til starfa einn stýrimaður auk skipstjóra.

Þá má eigi heldur afgreiða nokkurt íslenzkt gufuskip, eða það fara á neinar siglingar frá neinum stað á Íslandi, nema því að eins, að skilyrðum þeim sé fullnægt, sem sett eru í reglugjörð þeirri um gæzlu á gufuvél skipsins, er því hefir verið feingin samkvæmt 15. gr., og sem til tekur um tölu og kunnáttu þeirra manna, er til gæzlu skulu settir við vélina.

8. gr.

Til að öðlast skírteini sem skipstjóri í innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b) að hann hafi verið stýrimaður í 12 mánuði;
c) að hann hafi rétt innborinna manna eða sé heimilisfastur í Danaveldi;
d) að hann sé fullveðja;
e) að hann hafi ekki orðið sekur að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
f) að hann sanni, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir skipstjóra.

9. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem skipstjóri í utanlands-siglingum útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 8. gr. liðunum c—f:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík eða hið almenna danska stýrimannspróf eða annað það próf, sem hefir sama gildi eptir dönskum lögum;
b) að hann hafi verið stýrimaður í 12 mánuði, og á þeim tíma farið tvisvar milli landa; eða hann hafi siglt sem skipstjóri tvisvar milli landa.

10. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem stýrimaður í innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík.
b) að hann hafi verið fullgildur háseti á þilskipi í 12 mánuði;
c) að hann hafi eigi verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
d) að hann sanni, að sjón hans sé svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

11. gr.

Til þess að öðlast skírteini sem stýrimaður í utanlandssiglingum útheimtist, auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 10. gr. liðunum c og d.:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eða hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er hefir sama gildi eptir dönskum lögum;
b) að hann hafi verið í förum sem fullgildur háseti í utanlands-siglingum í 12 mánuði, eða farið tvær ferðir landa á milli sem stýrimaður.

12. gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru hér að framan, eiga heimtingu á að fá skírteini þau, sem talin eru í 8.—10. gr. Skírteini þessi skal rita eptir fyrirmynd, er ráðherra Íslands lætur til búa, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, þar sem hlutaðeigandi er búsettur, eða sé hann hvergi búsettur í landinu, þá á þeim stað, þar sem hann eða umboðsmaður hans er staddur, þegar beiðnin kemur fram.

Fyrir skipstjóra-skírteini skal greiða 4 kr., er renna í landssjóð. Fyrir stýrimannsskírteini skal greiða 2. kr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra, að því er snertir útgáfu skírteinis, og skal hann þá senda kæru sína stjórnarráði Íslands, sem þá gjörir út um málið; en við það skerðist eigi réttur hans til þess að leita dómsákvæðis í þessu máli.

13. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórnarráðið veitt undanþágu frá prófkröfum þeim og skilyrðum að því er sjómensku snertir, sem nefnd eru í 7. til 11. gr.

Sömuleiðis getur stjórnarráðið um næstu 10 ár, veitt þeim manni, er feingið hefir skírteini sem skipstjóri í innanlandssiglingum, rétt til að vera skipstjóri í utanlandssiglingum á íslenzku seglskipi, sem er minna en 100 smálestir, hafi hann verið skipstjóri í innanlandssiglingum í 18 mánuði.

14. gr.

Sá, er öðlast hefir skírteini sem skipstjóri eða stýrimaður í utanlandssiglingum, og sem því næst færir sönnur á það annaðhvort með vottorði um, að hann hafi staðizt próf í gufuvélafræði í Danmörku, eða á annan hátt, að hann hafi þá þekkingu á gufuvélum, sem nauðsynleg er til þess að vera skipstjóri eða stýrimaður á gufuskipi, á kost á að fá viðauka-skírteini þessu til sönnunar hjá stjórnarráði Íslands.

15. gr.

Á hverju íslenzku gufuskipi, skal vera reglugerð um gæzlu á gufuvélinni, er ráðherra Íslands gefur út; skal í henni gera ákvæði um það eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um hestafl vélarinnar, hverjum skilyrðum vélaliðið skuli fullnægja að því, er snertir tölu og kunnáttu gæzlumanna.

Nú verður sú breyting gerð síðar á vél skipsins eða kötlum þess, að hestaaflið eykst að mun, og skal úrgerðarmaður þess þá skyldur til að útvega nýja reglugerð.

16. gr.

Nú verður maður að lagadómi sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu sem skipstjóri.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu sem stýrimaður.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 200 krónum; sé brotið ítrekað, geta sektirnar stigið alt að 400 krónum. Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Skilyrði fyrir því að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi í innanlandssiglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa atvinnu þessa áður en lög þessi öðlast gildi.

19. gr.

Lög nr. 29., 26. Okt. 1893 um atvinnu við siglingar eru úr gildi numin.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Ed.

442. Frumvarp

til laga um vindlatoll.

(Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aðflutningsgjald af vindlum skal vera 1 kr. 50 au. af hundraði hverju, ef hundraðið vegur ekki yfir 75 kvint. Af þyngri vindlum hækkar tollurinn um 50 au. á hundraði fyrir hver 25 kvint, eða minna, er hundraðið vegur umfram.

2. gr.

Af vindlum, sem hér á landi eru tilbúnir, skal greiða sölutoll jafnháan aðflutningstollinum.

3. gr.

Bæði aðflutningstoll og sölutoll skal greiða með tollfrímerkjum, sem líma skal á kassann, eða ílátið, sem vindlarnir eru seldir í, þannig, að ílátið verði ekki opnað á venjulegan hátt án þess að rífa frímerkið.

4. gr.

Upp frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, má ekki selja tóbaksvindla heildsölu (en gros) hér á landi nema í kössum, eða öðrum þeim ílátum, sem auðvelt er að tollfrímerkja, og skal hvert ílát innihalda 25, 50, 100 eða 500 vindla og ekki aðra tölu.

5. gr.

Það er glæpur, að losa frímerkið af ílátinu órifið, svo að það verði notað á ný, hvort sem það er notað svo eða ekki, og varðar fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga, eða betrunarhússvinnu, ef talsverð tollsvik hafa svo framin verið, alt að 18 mánuðum. Sama varðar að opna tollfrímerkt ílát án þess að rífa frímerki.

6. gr.

Það eru tollsvik og varðar sömu refsing sem í 5. gr. er ákveðin, að selja ofannefndan varning heildsölu öðruvísi en í tollfrímerktum ílátum.

7. gr.

Að eptirmynda tollfrímerki, eða falsa þau, varðar sömu hegningu sem ákveðin er í almennum hegningarlögum 25. Júní 1869, 266. gr. fyrir eptirmyndun og fölsun á dönskum peningum eða seðlum þjóðbankans. Glæpurinn er fullnaður, þá er búið er að eptirmynda eða falsa tollfrímerkið, þótt ekki hafi það verið notað.

8. gr.

Fyrsta virkan dag í Janúarmánuði næsta, eða fyrstu daga þar á eptir svo fljótt sem því verður við komið, skal tollheimtumaður setja ókeypis tollfrímerki á öll ílát með vindlum, sem kaupmenn hér á landi hafa þá í vörzlum sínum, ef þeir hafa áður greitt aðflutningstoll af vindlunum. Um sama leyti skal setja tollfrímerki á öll ílát með vindlum, sem hér í landi eru tilbúnir og þá eru í vörzlum tóbaksverksmiðjanna, eða kaupmanna hér á landi, og greiði þeir andvirði frímerkjanna.

9. gr.

Þá er hérlendir vindlaverksmiðjueigendur greiða sölutoll af vindlum, er þeir hafa, búið til hér á landi, skal tollheimtumaður veita þeim 25% afslátt á andvirði frímerkjanna, í þeim notum, að þeir hafi áður aðflutningstoll greitt af hinu ónunna tóbaki, sem vindlarnir eru úr gerðir, en líma skal fulla upphæð frímerkja á ílátin eingu að síður.

10. gr.

Um tilbúning og sölu tollfrímerkja svo og um reikningsskil fyrir tollinum gerir stjórnarráðið nauðsynlegar ráðstafanir. Innheimtulaun skulu söm vera af sölutolli sem af aðflutningsgjaldi.

11. gr.

Með þessum lögum eru úr lögum numin ákvæði tolllaga fyrir Ísland 3. Nóv. 1901 um aðflutningsgjald af vindlum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Nd. **443. Nefndarálit**
um frumv. til laga um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, sem komið er frá háttv. efri deild, og aðhyllist það í öllum aðalatriðum. En viðvíkjandi ákvæðum 1. gr. um sektir fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi og verð fyrir upptækan afla og veiðarfæri á botnvörpungaskipum, sem í landssjóð renna, er það að athuga, að nú er samþykt athugasemd í 19. gr. fjárlagafrumv. eins og það fór frá háttv. neðri deild, að upphæð, sem svarar $^2/_3$ þessa hvorutveggja, skuli ganga til varðskipsins danska. Ekki er víst að slík greiðsla vari um mörg ár, en á meðan hún varir, virðist nefndinni rétt, að einungis þriðjungurinn af þessum tekjum renni í fiskiveiðasjóðinn.

Til þess þó að bæta sjóðnum þennan missi að nokkru vill nefndin leggja það til, að tillag landssjóðs, samkvæmt 2. gr. hækki um 1000 kr. á ári.

Þegar nú allar tekjur þær, sem að ofan eru nefndar, renna fyrst í landssjóð, samkvæmt gildandi lögum, verður 5. gr. óþörf.

Samkvæmt framanskrifuðu leggur nefndin til, að frumvarpið sé samþykt með þessum breytingum.

1. Við 1. gr. fyrir orðin: »við stofnféð ..... því, er inn kemur« komi: Við stofnféð bætist fyrst um sinn $^1/_3$ sektafjár, er í landssjóð rennur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi, að meðtöldu $^1/_3$ netto-andvirðis þess, er landssjóði greiðist.
2. — 2. — fyrir 5000 kr. komi: 6000 kr.
3. — 5. — greinin falli burtu.

Alþingi 16. Ágúst 1905.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Pétur Jónsson, skrifari og framsögum.
Lárus H. Bjarnason, Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánsson, Jón Jónsson, Þórhallur Bjarnarson.

Nd. **444. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um þingsköp handa Alþingi.
Flutningsmenn: Árni Jónsson. M. J. Kristjánsson.

1. Við 1. gr. Fyrir »stjórnarskrárinnar« komi: stjórnarskr.
2. — 5. — Á eptir orðunum: »er flest fá atkvæði« komi: fá eigi færr en þriðjung greiddra atkvæða.
3. — 15. — Í stað orðanna »og er þá umræðu frestað« komi: Sé það gjört áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað.
4. — 17. gr. Fyrri málsgrein orðist þannig: Sá, er flest fær atkvæði í nefnd við óhlutbundna kosning eða fyrstur er kosinn við hlutfallskosning, kveður nefndina saman í fyrsta sinn, og lætur kjósa formann og skrifara.
5. — 25. — Á eptir orðinu: »afl«, komi: atkvæða.

6. Við 35. gr. Á eptir: »mæla þaðan« komi: og skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forsetans.
7. — 36. — Greinin orðist þannig: Enginn má við neina umræðu taka til máls optar en tvisar í sama máli, nema ráðherra eða umboðsmaður hans, framsögumaður og flutningsmaður. Þó er ávalt heimilt að biðja sér hljóðs um fyrirkomulag á atkvæðagreiðslu, um gæzlu þingskapa og til þess að bera af sér sakir.
8. — 39. — Fyrir: »skulu rituð í gerðabókina og lesin upp« komi: skulu lesin upp og rituð í gerðabókina.
9. — 44. — Fyrir: »Afl« komi: Afl atkvæða.

Nd. **445. Frumvarp**
til laga um fræðslu barna o. fl.
(Eptir 3. umr. í Ed.)

I. kafli.

Um fræðslukröfur.

1. gr.

Hvert barn 10 ára að aldri skal vera orðið nokkurn veginn læst og skrifandi, ef það er til þess hæft. Komist fræðslunefnd (sbr. 20. gr.) að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi uppfræðslu í þessu tilliti, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni með aðstoð sóknarprests og fyrir tilstyrk viðkomandi sveitarstjórnar að gera ráðstöfun til, að börnunum verði komið fyrir annarstaðar, þar sem þau fái nauðsynlega tilsögn. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en borga má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnað þennan má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á að hafa lært:

1. að lesa móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gert skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurn veginn ritvillulaust og mállýtalaust; það skal vita nokkuð um merkustu menn vora, einkum þá, er lifað hafa á síðustu öldum, og kunna utanbókar nokkur íslenzk kvæði, helzt ættjarðarljóð og söguleg kvæði, og geta skýrt rétt frá efni þeirra í óbundnu máli.
2. að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.
3. í kristnum fræðum það, sem heimtað er eða heimtað kann að verða, að börnin kunni í þeirri grein til fermingar;
4. fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum (einnig tugabrotum) og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einföldustu líkama; það skal og vera leikið í því að reikna með lágum tölum í huganum.
5. að nota landabréf; það skal og hafa nokkra þekking á náttúru Íslands

og atvinnuvegum þjóðar vorrar, þekkja legu helztu landa í Norðurálfunni og vita hvernig álfur liggja á hnettinum.
6. nokkur einföld sönglög, einkum við íslenzk ættjarðarljóð.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem 2. gr. ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta skóla, öðlast þá fræðslu í landafræði, sögu Íslands, náttúrufræði og öðrum greinum, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugerðum skólanna.

II. kafli.

Um fræðslusamþyktir.

4. gr.

Fræðslunefnd er heimilt að gera fræðslusamþyktir fyrir það fræðsluhérað (sbr. 20. gr.), er hún er skipuð fyrir, eða fyrir nokkurn hluta þess, á þann hátt, er segir í 5.—9. gr. þessara laga.

5. gr.

Þegar fræðslunefnd álítur hagfelt að gera fræðslusamþykt fyrir fræðsluhéraðið eða nokkurn hluta þess, skal hún kveðja til fundar í því héraði eða á því svæði, sem ætlazt er til, að samþyktin nái yfir, alla þá menn, er þar búa og atkvæðisrétt hafa í sveitamálum.

Fræðslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, og skal formaður fræðslunefndar vera fundarstjóri, eða sá annar af fræðslunefndarmönnum, er fræðslunefnd kýs til þess. Þá er fundur lögmætur er $^2/_3$ allra atkvæðisbærra manna á því svæði, sem samþyktin skal ná til, eru á fundi.

6. gr.

Fræðslunefnd leggur fyrir fundinn frumvarp til samþyktar þeirrar, er hún vill koma á, og ber það undir álit og atkvæði fundarins. Til þess að frumvarpið verði samþykt þarf $^2/_3$ atkvæða þeirra, er á fundi eru. Breytingartillögur við frumvarp fræsðlunefndar geta því að eins komið til atkvæða, að meiri hluti fræðslunefndar samþykki þær. Til þess að breytingartillögur verði samþyktar þarf $^2/_3$ atkvæða þeirra, er á fundi eru. Þegar frumvarpið er þannig samþykt, sendir fræðslunefnd það yfirstjórn fræðslumála (sbr. 25. gr.) til staðfestingar.

7. gr.

Nú virðist yfirstjórn fræðslumála, að fyrirmæli fræðslusamþyktar gangi of nærri frelsi manna, eða komi á einhvern hátt í bága við lög eða grundvallarreglur laga, og synjar hún þá um staðfesting, en skýra skal hún um leið fræðslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir yfirstjórnin fræðslusamþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hve nær hún öðlast gildi, og er samþyktin upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþyktin nær yfir.

8. gr.

Í fræðslusamþykt má ákveða um stofnun heimangunguskóla, heimavistaskóla, farskólahald, eptirlit með heimafræðslu, sunnudagaskólahald, ráðning

kennara, laun þeirra, kenslutíma, nauðsynlegar kenslubækur og kensluáhöld, kenslueyri og yfir höfuð alt, sem að fræðslunni lýtur.

Í fræðslusamþykt skal ávalt greinilega tiltekið, hvernig greiða skuli kostnað þann, er af samþyktinni leiðir. Heimilt er að ákveða, að kostnaðurinn greiðist úr sveitarsjóði, en rétt hefir hreppsnefndin til að fá hann endurgoldinn með kenslueyri, að svo miklu leyti sem þörf er á. Kenslueyri má taka lögtaki. Sé kenslueyrir ófáanlegur sakir fátæktar, greiðist hann úr sveitarsjóði.

Í fræðslusamþykt má og setja ákvæði um, að almenn skólaskylda skuli innleidd fyrir börn á aldrinum 10—14 ára. Þó skulu börn vera undanþegin skólaskyldu, ef heimilisfeður þeirra færa sönnur á, að þau njóti fullnægjandi heimafræðslu. Um undanþágu frá skólaskyldu úrskurðar fræðslunefnd, en skjóta má úrskurði hennar til yfirstjórnar fræðslumála.

9. gr.

Brot móti löggiltri fræðslusamþykt varðar sektum frá 1—25 kr. eptir úrskurði lögreglustjóra í bréfi til fræðslunefndar. Sektirnar renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

III. kafli.

Um próf.

10. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hverju fræðsluhéraði. Við próf skal ávalt vera einn prófdómandi. Í kaupstöðum skipar fræðslunefnd prófdómanda og skulu honum greidd hæfileg laun úr bæjarsjóði. Utan kaupstaða skipar sýslunefnd prófdómanda og fær hann 4 kr. í dagpeninga, er greiðist úr landssjóði. Eptir prófið skal prófdómandinn senda þeirri nefnd, er hefir kosið hann, skriflegt álit sitt um hag barnafræðslunnar í því skólahéraði, þar sem prófið er haldið, en nefndin sendir álitið til yfirstjórnar fræðslumála.

Próf skal fara fram á vorin og ákveður fræðslunefnd stað og tíma og gerir þeim prófdómanda, sem skipaður er, viðvart með nægum fyrirvara.

Til prófs skulu koma öll börn, sem eru 10 ára að aldri og alt að fullra 14 ára.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs, án gildra forfalla, og sætir þá sá, er barnið hefir til framfærslu, sektum frá 2 til 20 kr. eptir úrskurði lögreglustjóra í bréfi til fræðslunefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð.

11. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur séu til, að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu, áður en það er 14 ára fullra, ber fræðslunefnd að gera ráðstafanir til, að lögð sé við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sérstaka kenslu á kostnað þess, er barnið hefir til framfærslu, samkvæmt því sem segir í 1. gr.

12. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefir eigi feingið hina lögskipuðu kunnáttu, ber fræðslunefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 11.

gr., og er því skylt að koma árlega til prófs, unz það stenzt prófið eða er fullra 16 ára. Undanskilin fyrirmælum þessarar greinar og fyrirmælum næstu greinar á undan eru þau börn, er fræðslunefndin dæmir óhæf til hins lögboðna náms sakir gáfnaskorts eða vanheilsu.

13. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

IV. kafli.

Um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnafræðslu.

14. gr.

Styrkur úr landssjóði til barnafræðslu utan kaupstaða veitist eptir þeim reglum, sem segir í eptirfarandi greinum.

15. gr.

Ekkert hérað fær styrk úr landssjóði til eptirlits með heimafræðslu, nema:

1. til eptirlitsins sé ráðinn með skriflegum samningi til ákveðins tíma kennari, einn eða fleiri, er starfi að minsta kosti 6 mánuði á ári og hafi auk fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann starfar að eptirlitinu,
2. eptirlitinu sé hagað eptir reglugerð, er sé löguð eptir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samið og sett.

Upphæð landssjóðsstyrks til eptirlits með heimafræðslu fer eptir því, hve mörg þau heimili eru, sem kennari hefir haft eptirlit með og hve opt hann hefir húsvitjað á hverju þeirra.

16. gr.

Ekkert fræðsluhérað fær styrk úr landssjóði til farskóla, nema:

1. kennari sé ráðinn til farskólans, einn eða fleiri, með skriflegum samningi til ákveðins tíma og hafi eigi minni laun en eptirlitskennari (sbr. 15. gr.).
2. kenslunni sé hagað eptir reglugerð, er sé löguð eptir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samið og sett,
3. hvert barn, sem í farskólann geingur, njóti þar kenslu eigi skemur en 8 vikur samtals á ári hverju.

Upphæð landssjóðsstyrks til farskóla fer eptir tölu þeirra barna, 10—14 ára að aldri, er í skólann hafa geingið síðasta fræðsluár, og leingd námstímans.

17. gr.

Ekkert fræðsluhérað fær styrk úr landssjóði handa föstum skóla, nema:

1. hver kennari skólans sé ráðinn af fræðslunefnd, — með hæfilegum uppsagnarfresti af beggja hálfu,— með skriflegum samningi, og hafi aðalkennarinn að minsta kosti 18 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, og aðstoðarkennari eigi minna en 12 kr. um vikuna, er þeir kenna 5—6 stundir á dag.
2. kenslu skólans sé hagað eptir reglugerð, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samþykt;

3. reglum þeim sé fullnægt, er yfirstjórnin setur um hollustuhætti slíkra skóla og kröfum hennar um kensluáhöld.

Nú fullnægir fræðsluhérað þessum kröfum, og fær það þá úr landssjóði styrk að tiltölu við barnafjölda skólans og leingd námstímans.

18. gr.

Ekkert fræðsluhérað fær styrk úr landssjóði til sunnudagaskóla, nema:

1. Sunnudagaskólinn hafi verið haldinn að minsta kosti 26 sinnum á síðasta almanaksári.
2. Skólahaldinu sé hagað eptir reglugerð, er löguð sé eptir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samið og sett.

Upphæð landssjóðsstyrks til sunnudagaskóla fer eptir því, hve opt hann hefir verið haldinn síðasta almanaksár og eptir tölu þeirra barna, sem hafa sótt skólann.

19. gr.

Hverri beiðni um styrk til barnafræðslu, samkvæmt því, er nú hefir sagt verið, skulu fylgja skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála fyrirskipar.

V. kafli.

Um fræðslunefndir.

20. gr.

Hver hreppur eða kaupstaður er sérstakt fræðsluhérað, nema öðruvísi sé ákveðið. Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðslunefnd og sitja í henni 3 eða 5 menn, er hreppsnefndin (bæjarstjórnin) kýs.

Þegar hreppar ganga saman í eitt fræðsluhérað, skulu hreppsnefndirnar halda fund með sér og kjósa fræðslunefnd fyrir héraðið.

21. gr.

Kosning nefndarmanna gildir um 3 ár, og má endurkjósa þá að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við kosningu fyrr en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni. Kosning til fræðslunefndar skal jafnan fram fara, er hreppsnefndarmenn hafa setið í hreppsnefnd þrjú ár eða sex. Þeir, sem kosnir verða í hinar fyrstu fræðslunefndir hreppsins, skulu kosnir að eins til þeirra tímamóta. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara orsaka vegna, áður en þrjú ár eru liðin, frá því er hann var kosinn, skal sá, er kosinn er í hans stað, að eins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eptir.

22. gr.

Nefndin kýs úr sínum hóp til eins árs formann og skrifara. Skyldir eru embættismenn nefndarinnar að taka við endurkosningu tvö ár í röð.

Einginn nefndarmanna hefir atkvæðisrétt um þau mál, er snerta hann sjálfan sérstaklega.

23. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo opt, sem þörf krefur. Nefndin getur einga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé viðstaddur. At-

kvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gerðabók.

24. gr.

Fræðslunefnd skal hafa eptirtit með fræðslu barna í því fræðsluhéraði, sem hún er skipuð fyrir. Hún sér um framkvæmd á löggiltum kenslusamþyktum og átelur ef þær eru brotnar. Þar sem skólar eru, hvort sem eru farskólar eða fastir skólar, skal hún annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kenslunnar, séu svo, að heilsu barnanna sé eigi hætta búin. Hún ræður kennara fyrir skólahéraðið og hefir umsjón með prófum þeim, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum. Hún semur og undirritar beiðni um styrk úr landssjóði til barnafræðslunnar og sendir árlega yfirstjórn fræðslumála skýrslu um barnafræðsluna í skólahéraðinu og önnur skírteini þar að lútandi.

Yfirstjórn fræðslumála setur nánari ákvæði um skyldur og störf fræðslunefnda.

VI. kafli.

Um yfirstjórn fræðslumála og umsjón.

25. gr.

Yfirstjórn fræðslumála og umsjón hefir stjórnarráð Íslands á hendi og er því heimilt að taka sér til aðstoðar mann, einn eða fleiri, sem framkvæmi umsjón þess með fræðslumálum landsins og undirbúi ráðstafanir þær og reglugerðir, sem stjórnarráðið setur um þau. Kostnaðurinn við aðstoðina greiðist úr landssjóði og skal ákveðinn í fjárlögum.

VII. kafli.

Um það, hver lagaákvæði séu úr gildi numin með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

26. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: Konungsbréf 2. Júlí 1790 um uppfræðing barna, og lög 9. Janúar 1880 um uppfræðing barna í skript og reikningi.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Október 1906. Þó skulu ákvæðin um lágmark launa sem skilyrði fyrir landssjóðsstyrk (sbr. 15., 16. og 17. gr.) eigi ná gildi fyrr en kennaraskóli er kominn á stofn og hefir starfað í 4 ár.

Ed. **446. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um vindlatoll.

Frá flutningsmönnum.

1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Aðflutningstollur af vindlum skal vera 1 kr. 50 au. af hundraði hverju, ef hundraðið vegur ekki yfir 75 kvint. Af þyngri vindlum hækkar tollurinn um 50 au. á hundraði fyrir hver 25 kvint, eða minna, er hundraðið vegur umfram.

2. gr. haldist óbreytt, en aptan við hana bætist:
Innheimtulaun skulu söm vera af sölutolli, sem af aðflutningsgjaldi.

3. gr. orðist svo:
Þá er tollur er greiddur af vindlum fær greiðandi hjá tollheimtumanni jafnvirði tollsins í tollfrímerkjum, og er það kvittun fyrir greiðslunni.

4. gr. orðist svo:
Upp frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, má ekki selja né afhenda tóbaksvindla heildsölu (en gros) hér á landi nema í kössum, eða öðrum þeim ílátum, sem auðvelt er að tollfrímerkja, og skal hvert ílát innihalda 25, 50, 100 eða 500 vindla og ekki aðra tölu. Tollfrímerki skal líma á kassann, eða ílátið, sem vindlarnir eru seldir í, þannig, að ílátið verði ekki opnað á venjulegan hátt án þess að rífa frímerkið.

5. gr. orðist svo:
Brot gegn 1. gr. varðar þreföldu endurgjaldi tolls til landssjóðs, og sektum að auki frá 200 kr. til 2000 kr. — Sama varðar að nota á ný frímerki, er losað hefir verið ólöglega af tollskyldu íláti, eða að opna tollfrímerkt ílát án þess að rífa frímerki.
Að losa tollfrímerki af íláti órifið, svo að það megi nota á ný, varðar sektum 100—1000 kr., hvort sem frímerkið hefir síðan verið ólöglega notað eða ekki.

6. gr. falli burt.

7. gr. óbreytt, verði 6. gr.

8. gr. (er verði 7. gr.) orðist svo:
Fyrsta virkan dag í Janúarmánuði næsta, eða fyrstu daga þar á eptir svo fljótt sem því verður við komið, skal tollheimtumaður eða umboðsmaður hans, er hann til þess skipar, setja ókeypis tollfrímerki á öll ílát með vindlum, sem kaupmenn hér á landi hafa þá í vörzlum sínum, ef þeir hafa áður greitt aðflutningstoll af vindlunum. Um sama leyti skal setja tollfrímerki á öll ílát með vindlum, sem hér í landi eru tilbúnir og þá eru í vörzlum tóbaksverksmiðjanna, eða kaupmanna hér á landi, og greiði þeir andvirði frímerkjanna, að frádregnum 33% í notum þess, að þeir hafi áður toll greitt af því ónunna tóbaki, sem vindlarnir eru úr gerðir.

9. gr. (sem verður 8. gr.) orðist svo:
Nú flytur eigandi hérlendrar vindlaverksmiðju ónunnið tóbak hingað til lands, og er hann þá laus við að greiða af því aðflutningsgjald, samkv. tolllögum 8. Nóv. 1901, ef hann lýsir því yfir skriflega að viðlögðum drengskap sínum, að hann skuli það tóbak að eins nota til vindlagerðar.

10. gr. (sem verður 9. gr.).
Um tilbúning og sölu tollfrímerkja svo og um reikningsskil fyrir tollinum gerir stjórnarráðið nauðsynlegar ráðstafanir.

11. gr. (sem verður 10. gr.) orðist svo:
Með þessum lögum eru úr lögum numin ákvæði tolllaga fyrir Ísland 8.

Nóv. 1901 um aðflutningsgjald af vindlum, og breytt ákvæðum sömu laga um aðflutningsgjald af óunnu tóbaki.

Ný 11. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

12. gr. (óbreytt).

Lög þessi öðlast gildi 1. Jan. 1906.

Ed. **447. Breytingartillögur**

við frumv. um rithöfundarétt.

Frá nefndinni.

1. Á eptir 13. gr. komi ný grein, er verði
   14. gr: Einginn má endurprenta án heimildar fregnskeyti, sem annar hefir feingið og birt á sinn kostnað, né segja frá efni þeirra á prenti, fyrri en 5 dögum eptir að það var birt á prenti.

   Hver sá er sóknaraðili réttar um þetta efni, sem sýnt getur frumrit fregnskeytisins til sín stýlað frá ritsímaskrifstofu eða frá fregnskeytafélagi, sem hann er áskrifandi hjá.

   Sá, er stefnt er fyrir ólöglega eptirprentun fregnskeytis, verður sekur talinn, nema hann sanni, að hann hafi sömu heimild til þess sem sækjandi eða aðra jafngóða (svo sem leyfi einhvers þess, er feingið hefir skeytið með jafngóðri heimild).

   Brot gegn þessu varðar sektum 10—100 kr. hvert sinn og auk þess skaðabótum til stefnanda, tvigildum við símagjald fyrir skeytið.
2. Greinatalan breytist þessu samkvæmt.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Lög um rithöfundarétt og prentrétt.

Ed. **448. Nefndarálit**

um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

Frumvarp þetta, sem er upphaflega samið af milliþinganefndinni í fátækra- og sveitarstjórnarmálum og sem hafði inni að halda litlar breytingar á gildandi lagaákvæðum nema í tveimur atriðum, hefir nú feingið nokkrar breytingar í háttv. neðri deild, þar á meðal þá, að halda framvegis núgildandi lagaákvæði um reikningsár sveitanna, en ekki almanaksárinu, eins og milliþinganefndin stakk upp á. Vér verðum að vera háttv. neðri deild sammála um það, að þessi lagabreyting væri ekki nauðsynleg, og að af henni gæti leitt nokkur óþægindi og ónákvæmni í framkvæmdinni. Önnur aðalbreyting, sem gerð var á frumvarpinu í neðri deild var sú, að fella burtu 81. gr. þess, sem hafði inni að halda ákvæði um, að sýslunefnd yrði að fá samþykki stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita nokkurra mála.

Enda þótt það geti komið fyrir, að sýslunefnd sé ekki ætið svo vel skipuð, að æðra úrskurðarvaldi væri þar ofaukið, þegar um varhugaverðar skuld-

bindingar fyrir sýsluna væri að ræða, og enda þótt vér verðum að álíta, að í framkvæmdinni reyndist þetta sem optast að eins form, er ekki skerti í neinu ályktunarvald sveitarstjórnanna, þá verðum vér þó að aðhyllast þessa lagabreytingu, þar sem vér teljum rétt, að auka vald héraðsstjórna fremur en skerða, og þar sem það, að þurfa að leita samþykkis stjórnarráðsins, gæti opt valdið óþægilegri töf á framkvæmd þýðingarmikilla málefna.

Vér álítum því, að frumvarp þetta hafi feingið þær breytingar í háttv. neðri deild, sem séu heldur því til bóta en ekki, og að málið hafi nú feingið svo rækilegan undirbúning, sem þörf er á, og því eigi það að verða að lögum frá þessu þingi.

Við fyrstu umræðu málsins í efri deild kom fram sú ósk, að lög þessi öðluðust ekki gildi fyr en ári síðar en í frumvarpinu stendur. Vér höfum tekið þessa uppástungu til yfirvegunar, en finnum ekki nægilega ástæðu til þess að mæla með henni. Það sem einkum var talið sem ástæða fyrir þessu var, að amtsráðin feingju nægan tíma til þess að ráðstafa og gera tillögur um eignir og skuldir amtanna, en þar sem þau hafa rúmt $1^1/_2$ ár til þessa, þangað til lögin öðlast gildi, þá verðum vér að álíta það nægan tíma til slíkrar ráðstöfunar.

Enn fremur ber að athuga það, að ekki færri en 4 frumvörp (um lögreglusamþyktir utan kaupstaðanna, um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir við notkun hafna við kauptún í landinu o. fl., um breyting á vegalögunum og um breyting á lögunum um heilbrigðissamþyktir fyrir bæja- og sveitafélög), hafa verið fyrir þinginu, sem öll standa í sambandi við nýmæli það, er 4. gr. frumvarps þessa hefir inni að halda, og sem 2 af eru orðin að lögum, en hin tvö eiga óefað eptir að verða það. Þessi lagafrumvörp, sem öll eru nauðsynleg, hljóta að verða sem annar algerlega dauður bókstafur, meðan þessi lög geta ekki öðlast gildi, en það er mjög óeðlilegt og jafnframt óvanalegt, að mörg lög frá sama þingi séu þannig látin liggja í dái í hálft þriðja ár, enda skaðlegt, svo framarlega að lögin geta gert nokkurt gagn, vegna þess að því fyrri sem gagnið næst, því betra. Þess má líka geta, að eitt frumvarp hefir verið felt í h. neðri deild, vegna þess það þótti óþarft, einmitt af ákvæði 4. gr. í þessu frumv. Gagnvart því kauptúni, sem óskaði eptir þeim lögum, væri það því rangindi, að fresta framkvæmd þessara laga leingur en næsta ár og er óneytanlega fullleingi og getur ef til vill tafið óþægilega fyrir einhverjum umbótum í kauptúninu (Hafnarfirði).

Loks má geta þess, að breytingartillaga þessa efnis var feld með nokkrum atkvæðamun í neðri deild, svo að það væri af þeirri ástæðu einni vonlítið og auk þess miður tilhlýðilegt, að efri deild færi að etja kappi um þetta atriði við háttv. neðri deild.

Þá skulum vér geta þess í sambandi við frumvarp þetta, eða sérstaklega við afnám amtsráðanna, að vér gaungum út frá því sem vísu, að frumvarp til laga um bændaskóla nái fram að ganga á þessu þingi, svo að amtsráðin sunnan og norðan geti losnað við búnaðarskólana á Hvanneyri og Hólum; annars væri alt öðru máli að gegna með frestun þessara laga.

Þá viljum vér minnast lítið eitt á breytingartillögur vorar, sem allar eru fremur smáar.

Í 8. gr. stendur, að hver karlmaður sem á löglega með sig sjálfur, hafi kosningarrétt. Vér hyggjum að með þannig lagaðri orðun geti orðið deildar meiningar um það, hverir hafi kosningarrétt eptir þessu, því hér er að ræða um nýtt

hugtak, sem ekki á sér stað í öðrum lagaákvæðum um kosningar. Eptir þessu væri spursmál um, hvort að verzlunarmenn ættu kosningarrétt. Þeir eru í löglegri stöðu og þeim er ætlað að kjósa, en það er tæpast hægt að segja, að þeir eigi með sig sjálfir; sama er að segja um handverksmenn, lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, sem ráðnir eru við fasta vinnu alt árið hvíldarlaust og hjá sama manni. Vér leggjum því til að þessu verði breytt.

Vér álítum, að það sé of óákveðið í 16. gr., að sagt er, að það skuli auglýsast með »nægum« fyrirvara, hvar og hvenær kjörskrá skal liggja frammi. Vér leggjum því til að þessu sé breytt í 14 daga, sem vér álítum hæfilegan frest og er í samræmi við lík ákvæði annarsstaðar.

Í 26. gr. er svo ákveðið, að hreppsnefnd skuli halda 2 fundi að minsta kosti; annan í Júní en hinn í Október.

Vér álítum þenna fund í Júní á óhentugum tíma, þar sem oss er kunnugt, að aðalvorfundar hreppsnefnda er gerður til þess, að ráðstafa þurfamönnum hreppanna, auk þess að koma sér saman um endurbætur á hreppavegum og fleira, sem bezt er að gera sem fyrst að vorinu, áður en mestu annir byrja. Vér leggjum því til, að þessi vorfundur sé ákveðinn í April eða Maímánuðum, eins og víða mun vera siður að halda þá.

Þá leggjum vér til, að laun hreppsnefndaroddvita verði höfð hærri en ákveðið er í frumvarpinu. Það er öllum kunnugt, hvað störf þeirra eru orðin mikil, og margbrotin og að þau fara alt af vaxandi; eins hvað vinnukraptur er orðinn dýr, svo að menn standa sig nú enn ver við það en áður var að vinna fyrir hið opinbera fyrir einga eða litla borgun. Í ess ber líka að gæta, að víða þar sem oddvitum hefir verið borgað samkvæmt lögum 11. Decbr. 1891 bæði oddvitalaun og innheimtulaun, þá nemur það miklu hærri upphæð en fæst með ákvæðum frumvarpsins, en í frumvarpinu er ætlazt til, þó að öðrum en oddvitanum sé falið að hafa innheimtuna á hendi, þá skuli hann borga hana af launum sínum. En það getur alls ekki verið meining þingsins, að vilja að launin minki eptir því sem störfin aukast, og því vonumst vér eptir, að háttv. deild muni samþykkja hækkun þá, sem vér stingum hér upp á.

Oss er það vel kunnugt, að oddvitar hreppsnefnda gera sjaldan hreppareikninga fyr en í Októbermánuði, að mestu haustannir eru úti, eða rétt áður en niðurjöfnun fer fram, og getum vér ekki séð brýna nauðsyn til þess, að það sé gert fyr, enda búumst við, að þetta mundi verða tiðkað eins fyrir það, þó lögin ákveði, að þetta skuli innast fyr af hendi, en álítum að ávalt sé réttara að heimta ekki það í lögum, sem fyrirfram er vitanlegt, að ekki verður hlýtt, sízt ef það heldur ekki hefir neina praktiska þýðingu. Vér leggjum því til að 15. Október sé settur í stað Júnímánaðar.

Þá teljum vér, að fæðispeningar sýslunefndarmanna séu alt of lágir eins og þeir eru í núgildandi lögum og þá eins og þeir eru ákveðnir í frumvarpinu. Að vísu er mikið bætt úr þessu með því að ákveða þeim ferðakostnað sérstaklega, en vér álítum heppilegra að hafa dagpeningana hærri, en sleppa ferðakostnaðinum, með því að hann mundi í reyndinni verða mjög misjafn hjá sýslunefndarmönnum, þótt vegaleingd og aðrir erfiðleikar væru líkir. Vér leggjum því til, að fæðispeningar séu hækkaðir um helming, en ferðakostnaði slept.

Aðrar breytingar, sem vér leggjum til að gerðar séu við frumvarpið, eru að eins orðabreytingar, er gera má grein fyrir í framsögunni.

Vér leggjum því til, að hin háttvirta efri deild samþykki frumvarp þetta með eptirfylgjandi breytingum:

1. Við 8. gr. Í staðinn fyrir orðin: »er löglega á með sig sjálfur« komi: sem er í löglegri stöðu og ekki öðrum háður sem hjú.
2. — 8. gr. Aptan við fyrstu málsgrein bætist: í löglegri stöðu.
3. — 16. gr. Í staðinn fyrir orðið: »nægum« í annari málsgrein komi: 14 daga.
4. — 24. gr. Í staðinn fyrir orðið: »sérstakleg« í þriðja málslið komi: sérstök.
5. — 26. gr. Í stað orðsins: »Júnímánuði« komi: Aprílmánuði eða Maímánuði.
6. — 48. gr. Í staðinn fyrir: »1 kr. 50 aura« komi: 2 kr.; í stað: »100« komi: 140 og í stað: »25« komi: 40.
7. — 49. gr. Eptir 4. tölulið komi 5. töluliður svo hljóðandi: Kjörbók til að rita í atkvæði við hreppsnefndarkosningar.
8. — 50. gr. Í stað: »lok Júnímánaðar« komi: 15. Októbermánaðar, og í stað: »Nóvbr.« á tveim stöðum komi: Nóvembermánaðar, og í stað »Decbr.« komi: Decembermánaðar.
9. — 52. gr. Í stað orðsins: »snertir« komi: varðar.
10. — 59. gr. Í stað orðsins: »þeirra« komi: hans.
11. — 61. gr. Í stað orðanna: »kosinnar sýslunefndar hverrar og varasýslunefndarmanna« komi: sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna í hverri sýslu.
12. — 69. gr. Í stað: »Decembermán.« komi: Decembermánaðar.
13. — 72. gr. Í stað: »sérstaka sýslu« komi: einhverja sýslu sérstaklega.
14. — 76. gr. Í staðinn fyrir: »2« komi: og ferðakostnað úr sýslusjóði 4, og orðin: »svo og ferðakostnaður...« til enda greinarinnar falli burt.
15. — 79. gr. Í stað orðsins: »útgjöld« komi: gjöld.
16. — 80. gr. Í stað orðsins: »alþýðustyrktarsjóð« komi: alþýðustyrktarsjóði.

Alþingi 17. Ágúst 1905.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Guðjón Guðlaugsson, skrifari og framsögumaður.

Þórarinn Jónsson.

Nd. **449. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um hefð.

Vér höfum athugað frumv. þetta all-rækilega og erum vér samdóma stjórninni og háttv. efri deild um, að nýmæli það, er hér er farið fram á að leiða í lög, horfi til verulegrar réttarbótar. Það er öllum kunnugt, hve fasteignaheimildir víða um landið eru ótryggilegar og óvissar, og eins er það öllum vitanlegt, hve opt menn nú, síðan er veðlán úr baunkum fóru að verða tíðari, hafa orðið fyrir vafningum og tjóni fyrir þessa réttaróvissu, en bæði umsvifamikið og kostnaðarsamt að fá eignardóma eptir vorum gildandi lögum. Úr þessari réttaróvissu bætir þetta lagaboð að miklum mun, með því að lögleiða hefð, sem heimild fyrir

fasteignum og gera aðgang að eignardómum greiðari og kostnaðarminni en nú er. Þetta er aðalkjarni lagaboðsins og hin mesta þýðing þess.

Það er og ákveðið í lögum þessum, að hefð megi vinna á afnotaretti, hvort sem hann birtist í föstum notkunartækjum, er beri vott um réttinn til notanna, t. d. hússtæði á annars lóð (húsið), rekstur eða umferð yfir annars land (vegurinn), eða eingin slík sýnileg og staðföst notkunartæki bera vott um afnotaréttinn (ítök, »ósýnileg ítök«), t. d. réttur til slægna í annars eingi, reka á annars fjöru, beitu í annars landi. Vér teljum það og til bóta, að skýr ákvæði um þessi atriði eru tekin upp í þetta lagaboð.

Við hin settu tímatakmörk höfum vér ekki að athuga.

Enn fremur er með lögum þessum ákveðið, að hefð megi vinna á lausafé, og sjáum vér ekki neitt athugavert við það.

Að öðru leyti eru ákvæði frumvarpsins um skilyrðin fyrir hefð og annað, er að hefðinni lýtur, sniðin eptir lögum nágrannaþjóðanna og byggjast því á þeim reglum, er í þessu efni hafa verið lagðar til grundvallar allsstaðar, þar sem hefð hefir verið leidd í lög, og er því eigi sérstök ástæða til, að rita frekari skýringar hér í hinum einstöku atriðum frumvarpsins, er þessar hliðar málsins snerta.

Það viljum vér taka fram, að málið eða sérstaklega einstök orð og setningar, er fyrir koma í frumvarpinu, er að ýmsu leyti ekki sem viðkunnanlegast, en það leiðir af því, að hér þarf að skilgreina og nafnkenna ýmsar lögfræðilegar hugmyndir, er áður eru eigi til í voru lagamáli. Aðrar þjóðir hafa tekið upp vel-flestar hin rómversku hugmynda-nöfn, en hér hafa þær verið þýddar á íslenzku. Það er talsverður vandi að finna þau íslenzk orð fyrir sumt hvað af því, er í frumvarpinu er nefnt, er gefi ljósari skilgreining en í frumvarpinu er, og vegna hins nauma tíma, höfum vér eigi getað snúið oss að því, að gera slíkar tilraunir.

Vér höfum fundið ástæðu til að koma með breytingartillögur við 4. og 6. gr., er að eins miða að því, að skýra efni þeirra, en eigi fela í sér neina breyting að öðru leyti.

Vér leggjum því til, að frumvarpið fái samþykki háttv. deildar með þessum breytingum:

1. Við 4. gr. 2. málslið.

Málsliðurinn orðist svo:

Nú er réttur hefðanda til eignarhaldsins vefeingdur með löglega birtri kæru til sáttanefndar eða dómsstefnu, áður en hefðartími er fullnaður, og málið þvínæst rekið með hæfilegum hraða, eða vefeingingarkröfu er lýst í bú hefðanda, og skal þá álíta hefðarhaldi slitið þann dag, er sáttakæra eða dómstefna er dagsett, ef dómur geingur sækjanda í vil, en dagsetningardag vefeingingarkröfu, verði hún gild metin af skiptarétti.

2. Við 6. gr. 2. málslið:

Í stað orðanna »Afnotaréttur, sem stofnaður er af öðrum — hefð er fullnuð« komi:

Nú stofnar annar en hefðandi afnotarétt með samningi yfir eign þeirri, er hefðandi hefir í eignarhaldi, og fellur þá afnotaréttur sá úr

gildi um leið og eignarhefð er fullnuð, þótt ekki sé liðinn hefðartími fullur frá stofnan hans, ef eignarhald hefðanda hefir útilokað afnotin.

Neðri deild Alþingis 17. Ágúst 1905.

Lárus H. Bjarnason, formaður. Guðl. Guðmundsson, skrifari og framsögumaður.

Ólafur Thorlacius. Björn Bjarnarson. Eggert Pálsson.

Nd. **450. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða upp á handhafa.

Frá nefndinni.

Fyrri hluti 6. greinar orðist svo:

Sérstakan reikning skal halda fyrir bankavaxtabréf þessi. Endurskoðendur þeir, er skipaðir eru samkvæmt bankalögunum, hafa eptirlit með, að ákvæðum, sem um bankavaxtabréf þessi gilda, sé fylgt. Heimilt er og bankaráðinu að fela einum af fulltrúunum að hafa samskonar eptirlit á hendi. Nánari ákvæði um o. s. frv.

Nd. **451. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út nýjan flokk (seríu) bankavaxtabréfa.

(Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Veðdeild landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf alt að 3 miljónum króna til viðbótar bankavaxtabréfaupphæð þeirri, sem hún nú má gefa út samkvæmt lögum 12. Janúar 1900 um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík og viðaukalögum við þau 25. September 1902.

2. gr.

Um bankavaxtabréf þau, sem gefin verða út samkvæmt þessum lögum og kölluð verða 2. flokkur (sería) vaxtabréfanna, gilda allar hinar sömu reglur og settar eru með áminstum lögum 12. Jan 1900, sbr. tilvitnuð lög 25. Sept. 1902, að svo miklu leyti eigi eru settar aðrar reglur með eptirfarandi greinum þessara laga.

3. gr.

Landsbankinn leggur til tryggingarfé fyrir 2. flokki bankavaxtabréfanna, og skal það aldrei nema minni upphæð en $^1/_6$ af verðhæð útgefinna bankavaxtabréfa þeirra, er óinnleyst eru á hverjum tíma. Tryggingarféð skal vera að helmingi í ríkisskuldabréfum og að helmingi í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, útgefnum samkvæmt lögum frá 12. Janúar 1900 og 25. Sept. 1902, og skal upphæð tryggingarsjárins miðast við gangverð nefndra verðbréfa. — Landsstjórnin varðveitir tryggingarféð, en vextir af því renna í landsbankann.

4. gr.

Ráðherra Íslands og stjórn landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

5. gr.

Þegar veðdeildin tekur jarðir að veði, má virða jarðarhúsin með eigninni, og gerist þess eigi þörf, að þau séu vátrygð ef verð þeirra nemur ekki 1/4 virðingarverðs jarðarinnar. Öll önnur hús skal virða sérstaklega og vátryggja, ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni, sbr. 7. gr. í nefndum lögum 12. Janúar 1900.

6. gr.

Þegar bankastjórnin eptir kröfum lánþega og samkvæmt 9. gr. nefndra laga 12. Jan. 1900 á að annast um að koma bankavaxtabréfum í gjaldgeinga peninga endurgjaldslaust, er henni heimilt að selja þau svo sem þau ganga bezt eða taka þau eptir gangverði.

7. gr.

Þá er bankastjórn heimilt að telja veðdeildarlán eða eptirstöðvar þess komnar í gjalddaga án uppsagnar, ef skuldunautur vanrækir að halda húseignum viðunanlega vátrygðum, sem áskilið er að vátrygðar séu, sbr. 10. gr. og 7. gr. nefndra laga 12. Jan. 1900.

8. gr.

Samkvæmt 11. gr. nýnefndra laga skulu skuldunautar veðdeildarinnar greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs skal vera 1/2 af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, og afborgunargjaldið má eigi vera minna en svo, að láninu sé lokið á 50 árum, sé veðið jarðeign, á 35 árum, sé veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sé veðið timburhús, og á 15 árum, sé veðið torfhús.

9. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef einginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eptir almennum lögum.

10. gr.

Sérstakan reikning skal halda fyrir 2. flokk bankavaxtabréfanna, og skal þeim til tryggingar vera sérstakur varasjóður, er í hann renna tekjur veðdeildarinnar eptir þessum lögum. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars kostnaðar, er af þessu leiðir, má greiða alt að því 2500 kr.

11. gr.

Ákvæði þessara laga snerta að eingu leyti bankavaxtarbréf þau, sem gefin eru út samkvæmt framannefndum lögum 12. Jan. 1900 og 25. Sept. 1902.

12. gr.

Þegar farið er að gefa út hinn nýja flokk bankavaxtabréfa skal borgun sú, er gæzlustjórar landsbankans fá árlega, hækka upp í 1000 kr. til hvors þeirra.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. April 1906.

Nd. **452. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum 13. Okt. 1899 um skipun læknishéraða o. fl. (þingsk. 197).

Meiri hluti nefndarinnar álítur, að brýn þörf sé fyrir lækni á Bíldudal, og leggur því til, að frumvarpið sé samþykt óbreytt; við teljum víst, að þess verði ekki langt að bíða, að einhver læknir sæki um þannig lagað hérað, þar sem fjölment kauptún er í því miðju og til þess ætlað, að læknirinn sitji í kauptúninu.

Nefndin hefir samkvæmt tilmælum þm. Suðurþing. tekið til íhugunar erindi til Alþingis frá hreppsnefnd Sauðanesshrepps í Norður-Þingeyjarsýslu, þar sem farið er fram á að laun læknis í Þistilsfjarðarhéraði sé færð upp í 1500 kr., með því að einginn enn hafi sótt um héraðið; til vara fer hreppsnefndin fram á, að Sauðanesshreppur verði lagður til Vopnafjarðarhéraðs, unz sérstakur læknir fáist.

Meiri hluti nefndarinnar getur ekki mælt með því að launin séu hækkuð; þar sem þetta hérað er mjög fáment og einginn hefir sótt um það alt til þessa, teljum við heppilegast, að það sé lagt niður, þannig að Sauðanesshreppur falli undir Vopnafjarðarhérað, en Svalbarðshreppur undir Öxarfjarðarhérað og laun læknisins í Öxarfjarðarhéraði þá um leið færð upp í 1500 kr. til frekari tryggingar því, að þar yrði ekki læknislaust. Vér viljum þó ekki fara fram á, að þetta sé gert nú þegar, af því að við álítum, að nauðsyn beri til að endurskoða læknaskipunarlögin í heild sinni áður langt um líður og gera ýmsar breytingar á þeim.

Neðri deild Alþingis 16. Ágúst 1905.

G. Björnsson.
skrifari og framsögumaður.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Eg get ekki lagt það til, að þetta frumvarp verði að lögum. Eg tel eigi rétt að fjölga læknahéruðunum meðan ástandið er þannig, að ekki eru nógu margir læknar til, og nokkur héruð því eru læknislaus. Það er auðvitað, að það væri æskilegast að geta bætt úr læknisþörfinni sem víðast og sem bezt; en meðan ekki eru fleiri læknar til, og litlar líkur eru til að þeim fjölgi, nema launakjörin verði bætt mjög, þá tel eg ekki ráð að fjölga héruðunum. Þess ber og að gæta, að þótt þörf fyrir lækni sé óneitanlega mikil á Bíldudal, þá er hún eingu minni sumstaðar á Austfjörðum, og líklega víðar á landinu.

Meiri hlutinn gerir ráð fyrir að læknaskipunarlögin verði öll að endur-

skoða innan skamms. Einnig frá því sjónarmiði sýnist réttast að fresta þeirri breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir.

Jón Jónsson.

Nd. **453. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 17, 13. September 1901 um breytingu á tilskipun 20. Apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og á lögum nr. 30, 23. Október 1903 um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög.

Flutningsmenn G. Björnsson, Jón Magnússon.

1. gr.

Í hafnarnefnd Reykjavíkur skulu sitja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs, og má einn þeirra vera utan bæjarstjórnar. Nefndin kýs sjálf formann sinn.

2. gr.

Í byggingarnefnd Reykjavíkur skulu sitja 5 menn auk slökkviliðsstjórans, og kýs bæjarstjórnin þá; 3 þeirra úr sínum flokki. Nefndin kýs sjálf formann sinn.

3. gr.

Í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skulu sitja 3 menn; kýs bæjarstjórnin 2 menn úr sínum flokki í nefndina, en þriðji maðurinn skal vera héraðslæknir kaupstaðarins. Nefndin kýs sjálf formann sinn.

Nd. **454. Frumvarp**

til námulaga.

Flutningsmenn: Þórh. Bjarnarson. Björn Bjarnarson. Björn Kristjánsson.

I. kafli.

Um málmleit.

1. gr.

Sérhverjum skal heimilt samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eptir, að leita málma og málmblendinga í landareign annara.

2. gr.

Sá, er vill málmleit gera í landi annars manns, skal hafa málmleitarbréf, og sýna það jarðeiganda áður en hann byrjar málmleit, eða þeim, sem landið hefir til nytja. Land telst hér: jarðeign, sem metin er að dýrleika og kaupstaða land. Áður en hann tekur til málmleita, skal hann setja trygging fyrir skaða þeim, er kann að hljótast af málmleitinni, er tiltekin er í bréfinu.

Málmleitarbréf gefur lögreglustjóri og veitir það þeim mönnum einum, sem honum eru persónulega kunnir eða sanna það með vottorði tveggja skilríkra manna, hverir þeir séu. Málmleitarbréf gildir um 2 ár frá dagsetningardegi, og að eins í lögsagnarumdæmi útgefanda. Um bréf til málmleitar á

öðrum landsvæðum en þeim, sem að framan greinir, svo sem afréttum og öræfum, veitir stjórnarráð Íslands, og skal leitarsvæðið þar nánar tiltekið.

Málmleitarbréf skulu veitt ókeypis.

3. gr.

Málmleit má eigi fram fara án leyfis jarðeiganda eða þess, sem jörð hefir til nytja, á túni eða öðru ræktuðu landi, eða á stöðum er liggja nær íbúðarhúsum, útihúsum eða öðrum mannvirkjum, svo sem brúm, en 200 álnir. Á alfaravegum, kirkjugörðum eða grafreitum má málmleit ekki eiga sér stað.

Ef málmleit fer fram í minni fjarlægð en 300 álnir frá íbúðarhúsi annars manns eða alfaravegi, skal málmleitarmaður skyldur til, að viðlagðri 36 kr. sekt, þegar hann ætlar að sprengja grjót, að gera íbúum hússins aðvart og setja verði á veginn til að aðvara vegfarendur. Nú vanrækir hann þetta, og skal hann þá auk sektanna bæta þann skaða, er af vanrækslu þessari kann að hafa hlotizt.

4. gr.

Nú er ger gryfja til að leita að málmi, og skal þá sá, er gerði, hvort sem er í eiginlandi eða annara, halda uppi gripheldri girðing um hana, svo framarlega sem hún er orðin svo djúp, að alidýr geta farið sér þar að voða. Ef hætt er grepti, skal sá, er gerði, annaðhvort fylla gryfjuna eða girða hana með tryggilegum grjótgarði. Vanræki hann þetta, sæti hann 50 kr. sekt og bæti skaða þann, er af kann að hljótast.

5. gr.

Málmleitarmaður er skyldur að bæta allan þann skaða, sem jarðeigandi eða sá, er landið hefir til nytja, biður af málmleit hans.

6. gr.

Sá er hindrar nokkurn í lögmætri málmleit sæti sektum frá 5—50 kr. og bæti þar að auki málmleitarmanni allan þann skaða, er hann sannar, að hann hafi biðið við það.

7. gr.

Nú finnur málmleitarmaður vott þess, að fyrir sé málmur, og skal hann þá, svo framarlega, sem hann vill njóta fundar síns framar öðrum, senda skriflega tilkynning í tveim eintökum um fund sinn til lögreglustjóra eða stjórnarráðsins, eptir því hvar málmur hefir fundizt (sbr. 2. gr. 2. málslið). — Í tilkynningunni skal fundarstaðurinn nákvæmlega tilgreindur, og tilnefndir 2 vottar, sem á hann geti vísað. Móttakandi ritar á tilkynningarnar ár, dag og klukkustund, er þær bárust honum, og hafi annar síðustu 12 mánuði þar á undan sent og auglýst á lögmætan hátt tilkynning um málmfund á sama svæði, ritar móttakandi athugasemd um það á tilkynningarnar. Annað eintakið af tilkynningunni afhendist þegar tilkynnanda, gegn 1 kr. gjaldi til landssjóðs. — Finnandi skal því næst annast um, að landeiganda sé birt, að viðstöddum tveim vottum, að tilkynningin hafi fram farið, svo og að tilkynningin, ásamt áritun, sé innan 8 vikna birt í blaði því, sem löggilt er til að flytja stjórnvalda auglýsingar á Íslandi.

2. kafli.
Um málmgraptarbréf.

8. gr.

Heimill er málmgröptur eptir öllum málmum og málmblendingum, nema rauða.

9. gr.

Nú vill sá, er fundið hefir vott um, að málmur sé fyrir, grafa þar til málms, og skal hann þá innan 18 mánaða frá tilkynningu um fundinn (sbr. 7. gr.) senda skriflega beiðni um graptarleyfi til lögreglustjóra eða stjórnarráðs Íslands (sbr. 2. gr.). Í umsókninni skal tilgreint, eptir hvaða málmi eða málmum umsækjandi ætli að grafa. Frá þeim tíma, er tilkynningin um fundinn fram fór, samkvæmt 7. gr., og til loka þessara 18 mánaða getur síðari málmfundur eigi svipt fyrri finnanda rétti til útmælingar þeirrar, sem 4. kafli laga þessara heimilar honum. Sé aptur á móti vanrækt að senda nefnda umsókn innan hins ákveðna tíma, er hverjum heimilt, að notfæra sér málmfundinn, sem finnandi væri.

Nefnd stjórnarvöld rita þegar á málmgraptarbeiðnina dag og klukkustund, er hún barst þeim, og gefa síðan út málmgraptarbréf, og skal þar tilgreint nafn, heimili og staða málmgraptarmannsins, og hvaða málm eða málma hann ætli að vinna, og í hvers landareign eða hvar málmfundarstaðurinn sé. Eigi má neita neinum um málmgraptarbréf, en fari svo, að fleira en eitt bréf verði veitt fyrir sama málmfundarstað, skal fyrsti finnandi hafa forrétt, hafi hann gætt ákvæða laga þessara.

Málmgraptarbréf skal innfæra orðrétt í málmgraptarbréfabók.

10. gr.

Nú vill einhver taka upp vinnu á málmleitarstöðum eða námugryfjum, sem öllum er orðinn heimill finnandaréttur að, eða gera tilraun til að vinna málm úr uppgrepti eða öðru úrkasti úr og við námur, sem hætt hefir verið við, og skal þá tilkynning um það fram fara á sama hátt og fyrirskipað er um tilkynningar um nýja málmfundi. Innan sex mánaða frá auglýsing tilkynningarinnar skal tilkynnandi, að viðlögðum réttarmissi, sækja um málmgraptarbréf hjá stjórnarráðinu eða lögreglustjóra.

11. gr.

Auglýsing málmgraptarbréfa til sveita skal fara fram innan 4 mánaða frá dagsetningu þeirra við kirkju eptir messu í kirkjusókn þeirri, er málmfundarstaður liggur í. Ef staðurinn liggur í kaupstaðarlandi skulu málmgraptarbréf birt á þann hátt, sem venja er í kaupstaðnum, og ef staðurinn liggur á öðrum landsvæðum en þeim, sem nefnd eru, skulu bréfin auglýst í blaði því, sem löggilt er til að flytja stjórnarvaldaauglýsingar. Ef auglýsing dregst fram yfir nefndan frest, skal svo litið á sem málmgraptarbréfs fyrst hafi verið beiðzt þann dag, er það var auglýst.

12. gr.

Fyrir málmgraptarbréf skal greiða 10 kr. til landssjóðs.

3. kafli.

Um landeigandahlut og réttindi námueiganda og landeiganda hvors gegn öðrum.

13. gr.

Þegar vottur finnst þess að málmar þeir séu fyrir, sem heimilt er að heimta málmgraptarbréf fyrir samkvæmt 8. gr., hefir landeigandi rétt til að taka þátt í rekstrinum með finnanda að einum tíunda hluta. Að svæðum, svo sem afréttum og öræfum, er liggja utan landareigna jarða, sem metnar eru til dýrleika, eða kaupstaðarlands, telst landssjóður að þessu leyti landeigandi. Nefnd ákvæði gilda og um leitargryfjur og námur, er öllum er orðinn heimill finnandaréttur að, svo og um uppgröpt og annað úrkast úr og við námur, sem hætt hefir verið við.

14. gr.

Nú tjáir landeigandi sig vilja neyta réttar þess til eins tíunda hluta í rekstrinum, er 13. gr. heimilar honum, og hefir hann þá rétt til samtímis að krefjast þess, að einn tíundi hluti þess, er úr málmfundarstaðnum hefir unnið verið, skuli vera þar kyrt, þangað til samningar eru komnir á við hann eða þann, sem hann hefir afsalað rétti sínum.

15. gr.

Landeigandi skal, að viðlögðum missi réttar síns til hluttöku í rekstrinum, innan sex mánaða frá því að málmgraptarbréfið var tilkynt honum, segja til, hvort hann að sínum hluta vilji taka þátt í rekstrinum, og skal þá, ef hann kveður sig fúsan til þess, gera skriflegan samning um skilmálana fyrir hluttökunni. Nú vill landeigandi ekki taka þátt í rekstrinum, eða getur eigi innan 3 mánaða orðið á eitt sáttur við málmnema um skilmálana, eða vill ekki ganga að skilmálum þeim, er lögreglustjóri setur þeirra í milli, og hefir eigi heldur orðið ásáttur við málmnema eða aðra um afsal á rétti sínum, og skal honum þá enn veittur 3 mánaða frestur til að selja hlut sinn við opinbert uppboð, og skal þá í uppboðsskilmálunum sett ákvæði um, að kaupandi, svo framarlega sem hann eigi innan eins mánaðar frá hamarshöggi sé orðinn ásáttur við málmnema og hafi gert um það skriflegan samning, skuli skyldur að hlíta skilmálum þeim, er lögreglustjóri setur þeirra á milli. Nú hefir landeigandi eigi ráðstafað hlutdeildarrétti sínum á þann hátt, er sagt var, og fellur réttur hans þá til málmnema.

Fyrir frumvarp til samnings ber lögreglustjóra 8 kr., og sé þess krafizt, að hann takist ferð á hendur til málmfundarstaðarins, greiðast honum dagpeningar og ferðakostnaður samkvæmt aukatekjulögum 2. Febr. 1894, 4. og 6. gr.

16. gr.

Landeigandi eða sá, sem feingið hefir samkvæmt 15. gr. afsal á rétti hans, skal skyldur að taka tiltölulega þátt í kostnaðinum við reksturinn, frá því er hann byrjar, enda á hann hlut í eptirtekjunni frá sama tíma.

17. gr.

Sá, sem feingið hefir málmgraptarbréf fyrir málmfundarstað, hefir rétt til að krefjast þess að landeigandi eða landeigendur láti af hendi við sig gegn

fullu endurgjaldi nægilegt land undir brautir, vegi og stíga, bæði við námuna og til burtflutnings frá henni og undir uppgröpt og byggingar við námuna, svo og til fyrirhleðslu og burtleiðslu vatns, undir námuvélar og þess konar. Enn fremur leyfi landeigandi málmnema vatnsnot til reksturs vélanna, svo framarlega sem það er ekki notað til reksturs annars iðnaðar, eða af því verður séð að skaðlausu fyrir þann iðnrekstur.

18. gr.

Landeigandi fær aptur eignar- og umráðarétt á landi því og vatnsnot, sem hann hefir látið af hendi samkvæmt 17. gr., þegar það er ekki notað leingur við námugröpt. Námueigandi heldur þó rétti sínum eptir 39. gr.

19. gr.

Nú semur landeiganda og námueiganda ekki um endurgjaldið né um stærð lands þess, sem 17. gr. heimilar, eða um vatnsnotin, og skulu þá óvilhallir dómkvaddir menn gera um það. Kostnaðinn við mat þetta greiðir sá, er afhendingar krefst, nema landeigandi hafi krafizt yfirmats og það geingur honum á móti, þá greiðir hann kostnaðinn. Landeigandi getur krafizt þess, að endurgjald verði greitt honum alt í einu eða með árlegu gjaldi. Nú hefir landeigandi eigi jörð sína til eigin nytja, og ber þá leiguliða árgjaldið eða vextir, er nemi 4 % af hundraði af upphæðinni, um leigutíma hans, hafi hún verið goldin í einu lagi.

4. kafli.
Um útmælingu undir námu.

20. gr.

Hver sá, sem feingið hefir málmgraptarbréf fyrir málmfundarstað (9. gr.), á heimting á, að fá útmælt námusvæði. Sá, sem feingið hefir útmælt land samkvæmt ákvæðum þessa kafla, hefir einn rétt til málmnáms á því.

21. gr.

Útmælingar skal krefjast af lögreglustjóra ef svæðið liggur á kaupstaðarlandi eða í landi jarðar, sem metin er til dýrleika, en hjá stjórnarráðinu ef það liggur á öðrum landsvæðum. Lögreglustjóri framkvæmir útmælingar á hinum fyrst nefndu svæðum og færir gerðina í námumælingabók, og afhendir beiðanda útskript úr henni. Stjórnarráðið setur reglur um útmælingar á hinum síðarnefndu svæðum.

22. gr.

Útmælingin skal vera rétthyrndur ferhyrningur alt að 2500 ferhyrningsfaðmar að flatarmáli. Takmörk útmælingarinnar skulu talin lóðrétt í jörð niður.

23. gr.

Málmfundarstaðurinn skal vera innan takmarka útmælingarinnar, en útmæla má í hverja þá stefnu, er sá, er útmælingar beiðist, óskar, svo framarlega sem það kemur ekki í bága við réttindi annara námueigenda eða 3. gr.

24. gr.

Innan eins árs frá því útmælingar hefir krafizt verið, skal hlutaðeigandi stjórnarvald láta hana fram fara.

25. gr.

Stjórnarvald það, er framkvæmir eða lætur framkvæma útmæling, ákveður hvenær hún skuli fara fram, en sá, er hennar hefir krafizt, skal annast um, að þeim, sem umráðarétt hafa yfir landinu eða eiga þar námur eða málmleitarstaði og útmælingin gæti snert, sé stefnt til að vera við útmælinguna með sama fresti og í einkamálum.

26. gr.

Fyrir útmæling greiðist 10 kr. þeim, er hana gerði, og þar að auki dagpeningar og ferðakostnaður samkvæmt aukatekjulögunum 2. febr. 1894, 4. og 6. gr.

5. kafli.
Um fresti.

27. gr.

Nú er vinnu ekki haldið áfram óslitinni á málmleitarstað eða í námu, er málmgraptarbréf er veitt fyrir, og er þá hverjum og einum heimill finnandaréttur á staðnum eða námunni, nema því að eins að um frest hafi verið sótt innan eins mánaðar frá því að vinnu var hætt. Þó þarf ekki frestbréf fyrsta árið eptir að málmleitarbréf hefir verið gefið og eigi heldur þótt vinnu sé hætt um vetrartímann fyrstu 3 árin eptir að rekstur hefir hafizt.

28. gr.

Frestbréf, eða leyfi til þess að láta málmleitar eða málmgraptarstað standa óunninn tiltekinn tíma, skal stjórnarráðið eða lögreglustjóri veita (sbr. 2. gr.). Beiðandi skal færa sönnur á það, að fyrir rekstrinum séu í svipinn verulegar tálmanir, sem beiðanda verða eigi gefnar að sök og stafa annaðhvort af sérstökum og eigi viðvarandi ástæðum að því er sjálfa námuna snertir eða rekstur hennar, eða þá frekari notkun eða vinnslu málmsins eða málmblendingsins eða sölu afurðanna. Bréf þetta gildir 14 mánuði frá dagsetning þess.

29. gr.

Frest má endurnýja svo leingi sem lögmætar ástæður eru fyrir honum.

30. gr.

Úrskurði lögreglustjóra um að veita eða neita um frest getur námaeigandi og hver annar, sem málið varðar, skotið undir endilegan úrskurð stjórnarráðsins.

Meðan á áfrýjun stendur heldur námueigandi rétti sínum. Nú er frestur veittur með úrskurði stjórnarráðsins og telst hann þá frá dagsetningu úrskurðarins.

31. gr.

Þegar frestur, sem veittur hefir verið á rekstri málmleitarstaðar eða námu, er útrunninn, skal rekstur þegar hafinn, en hafi verið sótt um frest og honum neitað, skal rekstur hafinn innan 8 vikna, að öðrum kosti skal öllum heimill finnandaréttur.

32. gr.

Nú skemmist náma, án þess að eiganda hennar verði gefið að sök, af

vatni úr annari námu, sem rekstursfrestur er á, og er eiganda þeirrar námu þá skylt að ausa námu sína, og geri hann það eigi, er öllum heimill finnandaréttur að henni.

33. gr.

Frest má eigi veita á rekstri námu, er vatnsrensli hefir valdið í nágrannanámu, nema eigandi hennar samþykki.

34. gr.

Nú vill námurekandi um sinn hætta að vinna málm úr uppgreptinum, og fer þá um frestleyfi til þess sem að framan er sagt.

35. gr.

Frestbréf skulu innfærð orði til orðs í sérstaka bók, sem til þess er ætluð. Fyrir frestbréf greiðast 5 kr. í landssjóð.

36. gr.

Um auglýsing frestbréfa fer sem um auglýsing málmgraptarbréfa samkvæmt 11. gr.

6. kafli.

Um rekstur náma og eptirlit.

37. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að setja reglugerð um rekstur náma; skal þar meðal annars sett ákvæði, er miða að því að vernda líf og heilsu verkafólks í námunum, að námur séu tryggilega grafnar, að þær séu reknar svo að málmauður þeirra verði að fullum notum; svo skulu og vera ákvæði um eptirlit með þeim af hendi stjórnarvalda. Í reglugerðunum má og setja ákvæði um reikningsfærslu við námureksturinn og um viðskipti námueiganda og vinnumanna við námuna.

Fyrir brot á móti reglugerð má ákveða sektir alt að 1200 kr.

38. gr.

Við hverja námu skal vera bók, og skal í hana rita yfirlit yfir námureksturinn um hverju mánuð. Þar skal og rita skýrslu um það, sem við hefir borið eða tekið hefir verið eptir og snertir námuna eða málmæðarnar, og sérstaklegt þykir eða athugavert. Skal útdráttur úr bók þessari um hvert ár sendur lögreglustjóra áleiðis til stjórnarráðsins eða beint til stjórnaráðsins (sbr. 2. gr.)

Nefndum stjórnarvöldum skal heimilt að krefjast þess, að námueigandi láti gera nákvæman uppdrátt af námu sinni, ef dýpri er en 5 faðmar, og síðar verði bætt við á uppdráttinn, er náman stækkar.

7. kafli.

Um niðurlagning náma.

39. gr.

Þegar náma er lögð niður, skal eiganda hennar heimilt að nota uppgröptinn úr henni þótt annar byrji að reka námuna.

40. gr.

Nú ætlar eigandi að hætta við námu sína, og skal hann þá að viðlagðri 30 kr. sekt tilkynna það lögreglustjóra eða stjórnarráðinu (sbr. 2. gr.) 2 mánuðum áður, og jafnframt senda uppdrátt þann, sem gerður hefir verið af námunni.

41. gr.

Nú er námurekstri hætt eða rétturinn til að halda honum áfram er fallinn burt, og má þá fráfarandi ekki spilla neinu af því eða flytja burt neitt af því, sem gert hefir verið eða sett upp til að halda námunni og gaungum hennar tryggum. Byggingar og áhöld við námuna má fráfarandi því að eins flytja burt, að hann geti eigi orðið ásáttur við vaðtakanda um afnot þeirra eða sölu.

8. kafli.

Almenn ákvæði.

42.

Stjórnarráðið löggildir bækur þær, er lögreglustjórar skrá í málmgraptarbréf, útmælingarbréf og frestbréf.

43. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er getur um 37. gr., skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í landssjóð.

Ed.

455. Frumvarp

til laga um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um brunabótasjóði sveitarfélaga.

1. gr.

Sveitarfélögum á Íslandi er heimilt að stofna með skylduabyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum utan kauptúna. Lög þessi tiltaka verksvið þeirra, en fyrirkomulagið skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Brunabótasjóður bætir tvo þriðju hluta alls þess brunaskaða á húsum, vátrygðum í sjóðnum, úr hverju efni sem þau eru bygð, nema eigandi, kona hans, eða nánustu erfingjar hafi af ásettu ráði eða stórkostlegu hirðuleysi valdið brunanum, eða bruninn er svo lítill að eigi nemi 20 kr. í 2000 kr. húseignum og meiri, eða 1% á minni húseignum. Til brunaskaða teljast og skemdir á vátrygðum húsum, sem stafa af björgunartilraunum.

3. gr.

Til húsa telst alt múrfast og naglfast, þar á meðal eldstór, ofnar föst rúmstæði, o. s. frv.

4. gr.

Skylduábyrgð hvílir á öllum íbúðarhúsum, sem liggja utan kauptúna, úr hverju efni sem þau eru bygð, og geymsluhúsum, sem þeim eru áföst, þó svo, að virðingarverð húsa eða húsaþyrpinga, sem í sameiginlegri brunahættu eru, fari eigi fram úr 6000 krónum. Heimilt er og að vátryggja í brunabótasjóðum hreppanna peningshús, hlöður og önnur hús til ábúðarnota.

Enn fremur er heimilt, með samþykki meiri hluta atkvæðisbærra húsráðenda, að taka til ábyrgðar í brunabótasjóði hrepps samskonar hús og í hreppnum, þótt þau séu í öðrum hreppi, ef ástæður þar banna, að stofnaður sé brunabótasjóður samkvæmt lögum þessum.

Sá er undanþeginn skylduábyrgð í sjóðnum, er sýnir sveitarstjórn árlega skilríki fyrir því, að hann hafi vátrygt hús sín í áreiðanlegu erlendu brunabótafélagi.

5. gr.

Tekist getur brunabótasjóður á hendur ábyrgð að $^2/_3$ í húsi eða húsaþyrping í sameiginlegri brunahættu, þó hærra verði nemi, en 6000 kr., ef sveitarstjórn og stjórnarráð samþykkja.

6. gr.

Hvergi má vátryggja annarsstaðar þann þriðja hluta húsa, sem ekki er vátrygður samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Húsráðendur þeir, er atkvæðisrétt eiga í sveitamálum, geta á lögmætum fundi stofnað brunabótasjóð, samkvæmt lögum þessum. Meiri hluti atkvæða allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppnum ræður úrslitum, en þá skal hver húsráðandi, sem jafnframt er eigandi að húseign, sem hann sjálfur notar, og er 500 kr. virði eða meira, hafa 2 atkvæði. Fundur er lögmætur þá er hreppsnefnd boðar hann öllum húsráðendum, með skriflegu fundarboði, með tveggja vikna fyrirvara að minsta kosti, enda sé þar tiltekið, um hver mál atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

Nú er samþykt að stofna brunabótasjóð eptir því, sem fyr var sagt, og skal þá sveitarstjórn tilkynna það tafarlaust stjórnaráði Íslands.

8. gr.

Sveitarsjóður ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er hvíla á brunabótasjóði hreppsins, og greiðir brunabætur, ef brunabótasjóðurinn hrekkur ekki til. En brunabótasjóður endurborgar sveitarsjóði svo fljótt, sem því verður við komið. Skal þá auka iðgjöld til brunabótasjóðs, svo sem sveitarstjórn þykir við þurfa, og eigi minna en svo, að skuldin við sveitarsjóð greiðist á næstu 10 árum af auka-iðgjöldum.

Nú hafa tveir eða fleiri hreppar samþykt að stofna brunabótasjóði, og geta þá sveitarstjórnir þeirra, að feingnu samþykki meiri hluta atkvæða húsráðenda samkvæmt 7. gr. á almennum fundi, komið sér saman um að sameina brunabótasjóði þeirra. Hvíla þá skuldbindingar allar óskiptar á hinum sameiginlega brunabótasjóði þessara hreppa. Tekur hver sveitarsjóður þá tiltölu-

lega þátt í gjöldum til brunabótasjóðsins eptir iðgjöldum þeim, sem greidd eru úr hreppnum. Innheimtu á iðgjöldum, reikningsskil o. fl. annast hver sveitarstjórn í sínum hreppi, eins og ákveðið er í síðasta hlut 9. gr. og 10.—12. gr., en sveitarstjórnin í þeim hreppum, sem hæst iðgjöld greiðir, tekur á móti og ávaxtar iðgjöldin (sbr. 9. gr. 1. málslið) hafi hlutaðeigandi sveitarstjórnir ekki öðruvísi um samið.

9. gr.

Sveitarstjórnin hefir með höndum alla stjórn og umsjón brunabótasjóðs og setur fé hans á vöxtu á hentugum stað með nægri trygging. Hún hefir á hendi innheimtu á iðgjöldum til sjóðsins, og hafa iðgjöldin sama lögtaksrétt sem sveitarútsvör. Hún hefir á hendi reikninga sjóðsins og skýrslugerð, og leggur ársreikning hans fyrir sýslunefnd, til endurskoðunar og úrskurðar, um sama leyti og sveitarsjóðsreikning.

10. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, ef lögmætur sveitarfundur samþykkir árlega, að leggja úr sveitarsjóði fé til stofnunar og styrktar brunabótasjóði hreppsins 10 fyrstu árin, þó eigi meira en jafna upphæð iðgjöldum vátryggjanda.

11. gr.

Nú stofnar hreppur brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður nefna til skoðunarmenn, tvo eða fleiri í hreppi, eptir því sem sveitarstjórn ákveður nánar, til þess að gera lýsing og virðing allra húsa, sem vátryggjast eiga í sjóðnum, og annað það, er reglugerð mælir fyrir. Skulu þeir vinna eið að starfi sínu. Endurvirðing fer fram á hverjum 10 ára fresti. Eigandi eða leigjandi húseignar getur krafizt yfirvirðingar á sinn kostnað, og kveður þá sýslumaður til þess fyrir rétti, 4 menn, óvilhalla. Fyrir skoðun þá, er fer fram við stofnun brunabótasjóða, greiða sveitarsjóðir 1 kr. á býli hvorum skoðunarmanni. Fyrir skoðunarkostnað við endurvirðingar og önnur störf skoðunarmanna skal launa sem reglugerð ákveður.

12. gr.

Allar virðingargerðir rita skoðunarmenn í sérstaka bók, er sveitarstjórn varðveitir, og sendir hún stjórnarráði Íslands afrit af öllum virðingargerðum, jafnskjótt og þær eru bókaðar. Húsvirðingabók sé gegndregin og staðfest af yfirvaldi. Í hana rita skoðunarmenn eiðstaf sinn, þá er þeir hefja starf sitt.

13. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinni vátrygðu eign, en greiðist af húsráðanda. Sé hann leiguliði, getur hann haldið eptir af eptirgjaldinu eða leigunni, iðgjaldinu af þeim húsum, er hann á ekki.

14. gr.

Nú eru hús veðsett, sem vátrygð eru samkvæmt lögum þessum, og nær sá veðréttur einnig til brunabótafjárins. Fyrirgeri veðsetjandi rétti sínum til brunabóta, hefir veðhafi eigi að síður rétt til brunabótanna, að svo miklu leyti, sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

15. gr.

Brunabætur úr brunabótasjóðum hreppanna skulu að fullu ganga til endurbóta eða endurbyggingar húsum, sem brunnið hafa, nema sveitarstjórn samþykki, að öðru vísi sé með farið. Eigi þarf sveitarstjórn að láta brunabót af hendi, nema trygging sé fyrir endurbyggingu jafngóðri og þeirri, er brann.

16. gr.

Heimilt er sveitarstjórn með samþykki lögmæts sveitarfundar, að gera samþykt, um björgunartilraunir við eldsbruna. Hefir samþykt sú gildi fyrir alla fulltíða menn í hreppnum, ef hún er staðfest af stjórnarráðinu.

II. kafli.

Um sameiginlegan brunabótasjóð.

17. gr.

Nú hafa 10 hreppar tilkynt stjórnarráði Íslands, að þeir hafi stofnað brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal það jafnskjótt stofna sameiginlegan brunabótasjóð fyrir sveitahíbýli á Íslandi. Er hlutverk hans að veita endurtrygging brunabótasjóðum hreppanna. Til stofnunar þessa sjóðs veitast 10,000 kr. úr landssjóði.

18. gr.

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja helming þeirra tveggja þriðjunga virðingarverðs allra híbýla og annara húsa, sem vátrygð eru í brunabótasjóðum hreppanna. Helmingur allra fastra iðgjalda frá vátryggjendum geingur til endurtryggingar. Stjórnarráð Íslands mælir fyrir um gjalddaga og greiðslu endurtryggingar-iðgjalda.

19. gr.

Nú brennur hús, sem vátrygt er samkvæmt lögum þessum, eða skemmist af bruna, svo að nemi brunabótum, og er þá skylt að greiða úr hinum sameiginlega brunabótasjóði helming brunabótanna til hlutaðeigandi brunabótasjóðs, en hann greiðir eiganda allar brunabæturnar (sbr. 2. gr.). Enn fremur greiðir hinn sameiginlegi brunabótasjóður, að helmingi við brunabótasjóð hreppsins, kostnað við skoðun þá, er leiðir af bruna.

20. gr.

Stjórnarráð Íslands annast stofnun, stjórn og framkvæmd hins sameiginlega brunabótasjóðs, og ávaxtar fé hans á tryggilegan hátt. Stjórnarráðið getur, þegar því sýnist nauðsyn bera til, falið einum eða fleiri mönnum stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, sem það ákveður.

21. gr.

Nú verða brunar svo miklir á húsum, sem endurtrygð eru í sjóði þessum, að hann hrekkur eigi til endurtryggingar, og skal þá landssjóður lána vaxtalaust, það er á skortir, og endurborgast það eptir því, sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo, að lán þetta nemi meiri upphæð en 10,000 kr., skal leggja á alla brunabótasjóði hreppanna aukagjald að réttu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins,

sem umfram er 10,000 kr., greiðist landssjóði að fullu á eigi leingri tíma en 10 árum.

22. gr.

Nú fær stjórnarráðið líkur fyrir, að of há sé brunabótavirðing á húsum í fleiri eða færri af hreppum þeim, er stofnað hafa brunabótasjóði samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðing. Lækki virðing á þeim húsum til jafnaðar við endurvirðing, greiðist kostnaðurinn við hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps; en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

23. gr.

Stjórnarráð Íslands setur reglur um nánari fyrirkomulag á brunabótasjóðum hreppanna og hinum sameiginlega brunabótasjóði. Skal þar, meðal annars, segja fyrir um flokkun hinna vátrygðu húsa eptir brunahættu og ákveða upphæð iðgjalda. Reglugerð þessa sendir stjórnarráðið síðan öllum sveitastjórnum á Íslandi.

24. gr.

Stjórnarráðið setur reglur um, hversu haga skuli eldstæðum og reykpípum í húsum, vátrygðum samkvæmt lögum þessum, svo og um annað það, er nauðsynlegt er til varúðar gegn eldsvoða. Eru reglur þessar og skilyrði gildandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur stjórnarráðið prenta eyðublöð fyrir ábyrgðar-skírteini handa öllum vátryggjendum, og sé þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, er einkum varðar hvern vátryggjanda. Byrjar ábyrgð brunabótasjóðs, þá er vátryggjandi hefir í hendur feingið vátryggingarskírteini eða hin fyrstu greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi. Enn fremur lætur stjórnarráðið prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir brunabótasjóði hreppanna og hinn sameiginlega sjóð. Prentunarkostnaður samkvæmt þessari grein greiðist úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

25. gr.

Húsvirðingabækur og gerðabækur fyrir brunabótasjóði hreppanna lætur stjórnarráðið tilbúa á kostnað landssjóðs, og fá sjóðirnir þær ókeypis. Húsvirðingabækur séu lands eign og sendist Landskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru, og nýjar bækur komnar, eptir því sem stjórnarráðið nánar ákveður. Vanskil á bókunum varða sektum, alt að 50 kr., er renni í landssjóð.

26. gr.

Brot vátryggjanda og vanræksla á lögum þessum, og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða réttarmissi til brunabóta eptir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Svo má og reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—100 krónur, er renni í sjóð þann, er brotið er við.

27. gr.

Með mál út af brotum mót lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed.

456. Frumvarp

til laga um ritsíma, talsíma o. fl.

(Eptir 3. umr. Nd.).

1. kafli.

Um einkaréttindi landsins.

1. gr.

Landinu er áskilinn einkaréttur til þess að stofna og starfrækja ritsímasambönd og málþráða, svo og hvers kyns önnur rafmagnssambönd, til skeytasendinga á Íslandi og í landhelgi við Ísland.

2. gr.

Ráðherra Íslands getur veitt einstökum mönnum eða félögum leyfi til að stofna og starfrækja sambönd þau, sem um ræðir í 1. gr. Leyfið skal veitt um ákveðið árabil; þó eigi leingra en 20 ára í senn, með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til í hvert skipti. Í leyfisskrám skal þó jafnan tekið fram, að ráðherrann ákveði hámark skeytisgjalda fyrir alt að því 5 ár í bili að minsta kosti, og að leyfishafi sé skyldur til samvinnu bæði við hraðskeytasambönd landsins og einstaka leyfishafa með þeim skilmálum, sem ráðherrann tiltekur, og að tízku skuli fylgt í starfrækslu allri. Enn fremur skal í leyfisskrá tiltekið um umbótaskyldu og aukning á tækjum, og afgjaldsupphæð ákveðin, ef afgjald skal greiða.

Áður leyfi er veitt skal leita álits bæjarstjórna, hreppsnefnda og sýslunefnda á þeim stöðum, þar sem verksvið fyrirtækisins verður.

Þegar leyfistími er á enda, á landið rétt á að fá sér afhent öll tæki þess fyrir það verð, er tilkvödd nefnd ákveður. Miða skal matsupphæðina við þá fjárhæð, er ætla má að slík tæki mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, með hæfilegu tilliti til slits þess, er á þeim er orðið.

Í matsnefnd skulu vera 3 menn; einn þeirra tilnefnir ráðherrann, og er sá formaður nefndarinnar. Annan tilnefnir landsyfirdómurinn. Hinn þriðji skal dómkvaddur af undirréttardómaranum í þeirri dómþinghá, þar er leyfishafi á varnarþing.

3. gr.

Einkaréttur landsins samkvæmt 1. gr. nær eigi til:

a. hraðskeytatækja, sem sveitarstjórnarvöld nota eingaungu í sveitarþjónustu innsveitis eða innanbæjar, svo sem við slökkviliðsþjónustu, vatnsveitu eða því um líkt;

b. hraðskeytatækja, sem notuð eru innan takmarka húseignar eða jarðeignar, eða milli húseigna eða jarðeigna, er lúta sama eiganda eða atvinnurekstri, svo framarlega sem skeytaleið liggur ekki yfir landhelgissvæðið, alt með því skilyrði, að tækin séu eingaungu notuð í þarfir eiganda sjálfs, og eigi gegn þóknun, beinlínis né óbeinlínis;

c. hraðskeytatækja, sem einstakir menn, eigi fleiri en 10, koma sér upp og nota sín á milli, eingaungu til eigin þarfa, án endurgjalds á nokkurn hátt, svo framarlega sem skeytaleið liggur ekki yfir landhelgissvæðið, og fjarlægð er ekki yfir 5 mílur milli endastöðva, alt með því skilyrði, að ekki séu fyrir á þessu svæði, þegar tækin eru upp sett, hraðskeytatæki, sem landið á eða leyfishafar, og hlutaðeigendur gætu notað.

4. gr.

Nú eiga einstakir menn eða félög hraðskeytasambönd, sem á stofn eru komin og starfrækt hafa verið fyrir 1. Júlí 1905, og er þá rétt, að þeim sé haldið áfram eins og að undanförnu, ef eigendur óska. Hafi sérstakir samningar verið gerðir um þau við landsstjórnina, ber að fylgja þeim skilyrðum, er þar hafa sett verið.

Nú vilja eigendur framhalda starfrækslu hraðskeytatækja, og skulu þeir þá innan þriggja mánaða eptir að lög þessi öðlast gildi, skýra ráðherra Íslands frá því, og ákveður hann þá staðatakmörk fyrirtækisins, um leið og hann veitir viðurkenningu fyrir tilverurétti þess. Þessi viðurkenning veitir eigendum eingan frekari rétt en þeir áður höfðu, og er því eigi til fyrirstöðu, að landsstjórnin stofnsetji eða veiti öðrum leyfisskrá til þess, að stofnsetja hraðskeytasambönd innan starfrækslutakmarka þeirra.

Ef eigendur eldri hraðskeytasambanda óska þess, getur ráðherra veitt þeim leyfisskrá samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. gr.

5. gr.

Nú eru síma- eða önnur hraðskeytafæri sett upp án heimildar samkvæmt 2.—4. gr., og skulu þá þau tæki, sem sett hafa verið upp í heimildarleysi, upptæk og fellur andvirði til landssjóðs; auk þess má dæma eiganda eða eigendur í alt að 400 kr. sekt, er rennur í landssjóð. Mál, sem út af þessu rísa, skulu rekin sem almenn lögreglumál, en því að eins skal mál höfðað, að ráðherra Íslands mæli svo fyrir.

Í leyfisbréfum, sem gefin verða út samkvæmt 2. og 4. gr., má kveða svo á, að framanskráð hegningarákvæði skuli einnig ná til þess, ef einhver án þess heimilt sé samkvæmt 3. og 4. gr., stofnsetur eða starfrækir hraðskeytasambönd, sem um ræðir í 1. gr., á því svæði, þar sem leyfishafi hefir einkarétt til þess. Andvirði hinna upptæku hraðskeytafæra fellur þá til leyfishafa. Með mál, er út af þessu rísa, skal farið sem almenn lögreglumál, en mál má því að eins höfða, að ráðherra Íslands veiti samþykki sitt til þess.

6. gr.

Nú vill landsstjórnin fá landssjóði til handa hraðskeytasambönd, sem einstakir menn eiga, án þess svo sé ástatt, sem segir í 3. hluta 2. gr., og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka þau eignarnámi gegn endurgjaldi, sem ákveðið skal af matsnefnd, er til skal kvödd samkvæmt 2. gr. Eignarnámið skal ná til allra tækja og útbúnaðar fyrirtækisins, nema eigendur samþykki, að einungis nokkur hluti þeirra sé tekinn.

Þegar meta skal endurgjaldið, skal eigi að eins taka tillit til verðs þeirra tækja, sem tekin eru, heldur einnig til þess arðs, sem ætla mætti, að fyrirtækið gæfi af sér með hæfilegri starfrækslu og skeytagjöldum, þó svo, að ekki sé gerður meiri arður en fyrirtækið í raun og veru hefir gefið af sér.

7. gr.

Eigendur hraðskeytasambanda, sem eigi eru landsins eign, eru skyldir til, hvenær sem þess er krafizt, að láta landsstjórninni í té skýrslur um fyrirtækið. Séu þær eigi gefnar innan hæfilegs frests, er stjórnarráðið tiltekur, má knýja þær fram með dagsektum, er renna í landssjóð.

8. gr.

Ráðherrann ákveður gjaldskrár fyrir notkun hraðskeytasambanda landsins, og breytir þeim þegar þörf þykir, nema þær séu settar með lögum. Hann setur og reglur um starfrækslu þeirra, viðhald og eftirlit. Leggja má sveitarstjórnarvöldum landsins á herðar störf og skyldur, er að þessu lúta.

2. kafli.
Um lagning síma, vernd hraðskeytatækja o. fl.

9. gr.

Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að ritsímar og talsímar landssjóðs séu lagðir um land hans, yfir það eða í jörðu, og að efni það, er þarf til lagningar þeirra og viðhalds, svo sem grjót, möl o. s. frv., sé tekið þar sem næst er; svo er og hver eigandi húss eða annars mannvirkis skyldur að leyfa, að símar þessir séu lagðir yfir þau, á eða undir þeim. Verði því viðkomið, skal þó taka tillit til þess, hvar eigendur eða notendur mannvirkja æskja eptir að símarnir séu lagðir, þar sem þeir snerta eign þeirra, og það þótt þetta hefði nokkurn kostnaðarauka við símann í för með sér.

Mönnum, sem í þjónustu landsins eru að starfa að landsjóðssímum eða hafa umsjón með þeim, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þessara starfa. Um hús, sem búið er í, mega þeir þó ekki fara nema á daginn, og einungis þá leið, sem vísað er, og því að eins, að það sé óþægindalaust fyrir íbúana; að íveruherbergjum hafa þeir eigi aðgang.

10. gr.

Þar sem símar landssjóðs eru fyrir, má eingar byggingar gera eða jarðrask eða aðrar ráðstafanir, er af kann að geta hlotizt óregla eða skemdir á símunum, nema það sé tilkynt skriflega eða munnlega forstöðumanni næstu símastöðvar landsins mánuði áður eða, ef svo stendur á, að óvæntur atburður hefir gert það óhjákvæmilegt að framkvæma ráðstafanirnar tafarlaust, þá svo fljótt sem auðið er, í síðasta lagi samtímis og byrjað er á þeim.

Nú krefst landeigandi, að landsími sé fluttur af lóð hans um stundarsakir eða fyrir fult og alt, og skal hann þá fá því framgeingt, ef sannað er, að flutningurinn sé nauðsynlegur til að koma í framkvæmd slíkum ráðstöfunum, sem á undan getur, eða til þess að lóðin geti orðið eiganda að tilætluðum notum. Verði samningnum ekki komið við, skal gert út um það með lögmætri skoðunargerð, hvort nauðsyn sé á að flytja landssjóðssíma um stundarsakir eða fyrir fult og alt.

11. gr.

Nú vilja einstakir menn, bæjarfélög eða sveitarfélög leggja talsíma, ritsíma eða leiðsluþræði fyrir rafmagn til vinnu, lýsingar o. s. frv., á þeim stöðum, þar

sem fyrir eru landssjóðssímar, eða önnur hraðskeytafæri hans, er getur um í 1. gr., og skal þá leiðsluþráðum þessum svo fyrir komið, að eigi geti af þeim hlotizt bagi eða óregla á símum eða hraðskeytafærum landssjóðs. Ef samningum verður eigi við komið um þetta, sker ráðherra úr.

Nú detta leiðsluþræðir þessir niður og valda þannig baga eða óskunda við notkun landsímanna eða annara hraðskeytafæra landsins, og skal þá næsta embættismanni eða sýslunarmanni, sem yfir landssímann er settur, heimilt að gera á kostnað eigenda þær ráðstafanir viðvíkjandi leiðsluþráðum þessum, sem með þurfa til þess að koma í veg fyrir baga þann, er af þeim hefir orsakazt.

12. gr.

Ef afla þarf lóðar undir ritsíma, eða önnur hraðskeytafæri landssjóðs, er getur um í 1. gr., og samningum verður ekki komið við um kaup á henni, skal hún eptir ráðstöfun ráðherra Íslands tekin eignarnámi, gegn endurgjaldi eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna.

Landssjóður skal og bæta skaða á landi manna, húsum og öðrum mannvirkjum, sem hlýzt af lagningu og viðhaldi ritsíma eða talsíma landssjóðs. Ef samningum verður eigi við komið um skaðabæturnar, skulu þær metnar af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

13. gr.

Brot gegn ákvæðunum í 10. og 11. gr., varða sektum til landssjóðs alt að 200 kr., ef brotið á ekki eptir eðli sínu undir 297. gr. hinna almennu hegningarlaga. Með mál, er út af þessu rísa, skal farið sem almenn lögreglumál, en mál skal því að eins höfða, að ráðherra Íslands mæli svo fyrir.

14. gr.

Í leyfisbréfum, sem gefin verða út samkvæmt 2. gr., má svo ákveða, að fyrirmæli þau um ritsíma, talsíma og önnur hraðskeytafæri landssjóðs, er standa í 9., 10., 11. gr. 1. stafl. og 12. gr., skulu að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum er þurfa þykir, ná til ritsíma þeirra, talsíma eða annara hraðskeytafæra, sem leyfisbréf hljóðar um.

3. kafli.

Um þagnarskyldu starfsmanna o. fl.

15. gr.

Embættismenn og sýslunarmenn við ritsíma, talsíma og önnur hraðskeytafæri landsins, sem um ræðir í 1. gr., eru skyldir, bæði meðan þeir eru í embætti eða sýslan og eptir að þeir hafa látið af þeim, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni hraðskeyta þeirra, sem koma eða fara, að þau hafi komið eða farið, svo og hver hafi feingið þau eða sent. Á sama hátt eru þeir skyldir að þegja yfir talsímasamtölum og nöfnum þeirra, sem talazt hafa við gegnum símann.

Þeim, sem brýtur á móti þessu, skal vikið frá nefndu embætti eða stöðu, og auk þess skal hann, hafi það verið af ásettu ráði, sæta fangelsi og ef miklar sakir eru, betrunarhússvinnu, en sektum eða einföldu fangelsi hafi hann af óvarkárni brotið á móti nefndri launungar- og þagnarskyldu.

Ef embættismaður eða sýslunarmaður við ritsíma landssjóðs af ásettu ráði ónýtir, skýtur undan eða aflagar hraðskeyti, sem afhent er til flutnings með símunum, eða ef hann víss vitandi liðsinnir öðrum í þess konar athæfi, þá skal hann sæta hegning þeirri, sem ákveðin er í 139. gr., sbr. 34. og 145. gr. hinna almennu hegningarlaga.

16. gr.

Í leyfisbréfum, er ráðherra Íslands gefur út samkvæmt 2. og 4. gr., má leggja þá skyldu á starfsmenn við hraðskeytasambönd, sem leyfisbréfið hljóðar um, að þeir gæti hinnar sömu launungar- og þagnarskyldu og heimtuð er samkvæmt næstu grein á undan af starfsmönnum landssjóðssímanna.

Sá starfsmaður, er brýtur á móti þessari launungarskyldu sinni, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi; honum skal vikið úr þjónustu stofnunarinnar, ef ráðherra Íslands krefst þess.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem skýrt er frá staðfesting þeirra í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **457. Frumvarp**

til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. Marz 1900.

(Eptir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðsins er að efla ræktun landsins. Stofnfé má aldrei skerða, en því skal varið til lánveitinga til jarðabóta og hvers kyns atvinnubóta við jarðyrkju.

Enn fremur má lána úr sjóðnum gegn öðrum veðrétti til ábýliskaupa, hvort heldur eru jarðir, eða grasbýli og þurrabúðir utan verzlunarlóða í kaupstöðum og kauptúnum.

Ræktunarsjóðurinn greiðir árlega til landssjóðs 4 af hundraði af andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar verða eptir 1. Janúar 1906, jafnóðum og vextir og afborganir renna í hann. Af vöxtum sjóðsins að öðru leyti má verja alt að $^5/_{12}$ hlutum til að styrkja menn til lífsábyrgðarkaupa til viðbótartryggingar lánveitingum til ábýliskaupa, og alt að $^4/_{12}$ til verðlauna fyrir atorku, hagsýni og eptirbreytnisverðar nýungar í landbúnaði. Að öðru leyti skal leggja vextina við höfuðstólinn.

2. gr.

Reikningar Ræktunarsjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum Alþingis.

3. gr.

Þriðja grein laga 2. Marz 1900 um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands skal úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Nd. **458. Frumvarp**
til laga um rithöfundarétt og prentrétt.
(Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Höfundur hver hefir eignarrétt á því, er hann hefir samið. — Hann hefir því, innan þeirra takmarka, sem lög þessi setja, einkarétt á að birta og gefa út rit sín skrifuð, prentuð eða margfölduð á annan þvílíkan hátt, svo og til þess að sýna þau á leiksviði og lesa þau upp. Heimilt er þó að lesa upp rit, sem út hefir verið gefið, hafi höfundur eigi á titilblaði þess lagt bann við því, og þrátt fyrir slíkt bann er upplestur leyfilegur, þegar liðin eru 5 ár frá því, að ritið kom út í fyrsta sinn. Höfundur hefir og einkarétt á að gefa út ræður og fyrirlestra, er hann hefir haldið (sbr. þó 2. málsgr. 8. greinar og niðurlag 13. greinar).

2. gr.

Tónskáld hafa sama rétt á tónsmíðum sínum sem höfundar á ritum. Heimilt er þó að syngja eða leika á hljóðfæri opinberlega danslög og saunglög, er áður hafa verið birt, svo og einstaka kafla úr öðrum útgefnum lagsmíðum.

Sama rétt hefir og höfundur á stærðfræðisuppdráttum, landsuppdráttum og öðrum þesskonar uppdráttum.

3. gr.

Útgefendur blaða, tímarita eða ritsafna hafa einkarétt á að gefa út rit þessi í einni heild sem höfundar væru. — Sé eigi öðruvísi um samið hafa höfundar einstakra ritgerða eða kafla í slíkum ritum að öðru leyti eignarrétt að þeim eptir sem áður.

4. gr.

Eingum er heimilt án leyfis þess, er eignarrétt hefir á riti, að gefa út þýðing á því fyrr en 10 ár eru liðin frá því að ritið var gefið út í fyrsta sinn.

Nú hefir rit verið gefið út með fullri heimild á ýmsum tungumálum áður en téður 10 ára frestur er liðinn, og er þá eigi heimilt að gefa út þýðing á því á neinu þeirra tungumála, nema sá, er eignarréttinn hefir, leggi á samþykki sitt.

Nú er rit gefið út í heptum, og ber þá að telja ofangreint 10 ára tímabil frá útkomu síðasta heptis. Sé um rit að ræða, sem út eru gefin í bindum, er koma út á nokkrum fresti, eða skýrslur, sem vísindafélög gefa út, þá skulu einstök bindi eða skýrslur teljast sérstök rit að því er umgetinn frest snertir.

5. gr.

Þýðing á riti, sem gerð er með fullri heimild, og þýðing á riti því, er eigi nýtur verndar þessara laga, hefir sama rétt sem frumrit væri. En heimilt er að gefa út nýja, sjálfstæða þýðing á riti, sem annars er heimilt hverjum manni að þýða, þótt hið sama rit hafi áður þýtt verið.

6. gr.

Nú er rit samið af fleirum en einum höfundi án þess að ritsmíð hvers einstaks sé sérstök heild og hafi þeir ekki fyrir fram, áður en ritið var samið, veitt beint eða þegjandi samþykki sitt til birtingar, þá þarf samþykki allra höfundanna til þess að ritið verði birt.

Ákvæði þetta á einnig við, þegar um það er að ræða, að ritið sé birt á annan hátt en áður hefir verið gert, t. d. sýnt á leiksviði, er það áður að eins hefir verið gefið út á prenti.

Nú fá margir eignarrétt á riti að arfi og skal hver sá, sem höfundur með arfleiðsluskrá hefir til þess kjörið, skera úr því, hvort birta skuli ritið eða birta það á annan hátt en áður hefir verið gert. Hafi höfundur eigi gert slíka ákvörðun, skal það hjóna, sem eptir lifir, ef skilnaður að borði og sæng eða alger hjónaskilnaður hefir eigi átt sér stað, hafa úrskurðarvald að þessu leyti. Sé hvorugt hjóna á lífi, þarf samþykki allra erfingja.

Nú hefir rit verið löglega út gefið áður, og getur þá hver sameigandi krafizt þess, að ritið megi gefa út á ný óbreytt, enda sé eigi öðruvísi um samið áður, eða annað ákveðið í arfleiðsluskrá, að því er til erfingja kemur.

Nú hafa fleiri en einn öðlazt útgáfurétt með afsali eða lögsókn, og getur þá hver þeirra krafizt þess, að ritið megi gefa út.

Nú eru hlutaðeigendur eigi á eitt sáttir um það, hvernig útgáfu skuli hagað, eða með hvaða skilyrðum ritið skuli gefið út, eða eigi verður feingin yfirlýsing sumra þeirra um þessi atriði, og getur þá hver einstakur þeirra krafizt þess, að stjórnarráð Íslands tilnefni 3 menn í nefnd, sem skeri úr ágreiningsatriðunum. Ef nefndarmenn verða eigi á eitt sáttir, ræður afl atkvæða. Þeir, sem stjórnarráðið skipar í nefnd þessa, eru, að viðlögðum dagsektum, sem stjórnarráðið ákveður ef til kemur, skyldir til þess að takast starfa þennan á hendur. Borgun til dómsmanna ákveður stjórnarráðið, og greiðist hún af sameigendum, er skulu setja tryggingu fyrir henni fyrirfram, ef stjórnarráðið krefst þess.

Tekjur af útgáfum skiptast meðal sameigenda eptir réttri tilltölu við eignarrétt hvers eins.

Nú eru margir höfundar að sama riti, og skulu þeir þá hafa jafna hlutdeild í eignarréttinum, nema öðruvísi sé um samið.

7. gr.

Nú eru gefin út saunglög með texta, og gilda þá ákvæði 6. greinar að því er snertir útgáfu saunglaganna og textans í einni heild.

Höfundar laganna og textans eiga rétt á að gefa út hvort fyrir sig sérstaklega.

8. gr.

Lög, tilskipanir, auglýsingar frá stjórnarvöldum, dóma og opinber skjöl yfirhöfuð, má hver gefa út sem vill. Sama er um umræður á Alþingi og hverskonar opinberum fulltrúasamkomum, snertandi sveitarstjórn eða kirkjuleg mál eða önnur opinber erindi, enn fremur ræður manna á opinberum landsmálafundum, lýðmentasamkomum eða þesskonar fundum, og hvers kyns öðrum opinberum samkomum.

9. gr.

Höfundur á rétt á að fá öðrum í hendur, að nokkru eða öllu leyti, rétt að riti sínu.

Nú hefir höfundur veitt öðrum rétt til þess að birta rit á ákveðinn hátt (t. d. á prenti eða á leiksviði), og er þá rétthafa eigi heimilt að birta ritið á annan hátt en ákveðið var, né láta þýða.

Rétthafi má eigi án leyfis höfundar gera breytingar á riti og birta það þannig.

Nú selur höfundur (eða sá er í hans stað geingur) útgáfurétt á riti, og nær þá réttur útgefanda til einnar prentunar að eins, nema öðru vísi sé um samið, og má slík prentun eigi fara fram úr 1000 eintökum, nema ritið eigi að birtast á þann hátt, er um er rætt í 1. málsgrein 3. greinar. Höfundur má eigi gefa út nýja prentun af ritinu meðan upplag útgefanda er eigi upp selt, enda sé ritið þá jafnan fáanlegt í bókaverzlunum við verði, er eigi sé hærra en upphaflega var á það sett.

Nú gefur höfundur eða útgefandi út ritið að nýju í heimildarleysi, eða útgefandi hefir upplagið stærra en rétt er, og skal þá beitt ákvæðum 16., 17. og 19. gr. laga þessara.

10. gr.

Nú selur höfundur öðrum í hendur leikrétt á leikriti, og er þá rétthafa heimilt, sé eigi öðruvísi um samið, að sýna það hvar sem er og eins opt og hann vill, en eigi getur hann feingið rétt sinn öðrum í hendur.

Ef eigi er öðruvísi um samið, er höfundi heimilt að fá einnig öðrum leikrétt á ritinu eða láta leika það sjálfur.

Nú hefir einhver öðlazt einkarétt á að sýna rit á leiksviði, en lætur eigi leika það opinberlega í þrjú ár samfleytt, og er þá höfundi eða erfingjum hans, en eigi öðrum, er kynnu að hafa náð eignarrétti á ritinu, heimilt að fá öðrum í hendur leikréttinn eða láta leika ritið sjálfir.

11. gr.

Nú deyr höfundur, og skal þá farið eptir ákvæðum erfðalaganna að því er snertir eignarrétt hans á sömdu máli (sbr. þó 6. gr.)

Nú hefir rit eigi verið gefið út meðan höfundur var á lífi, og getur hann þá ákveðið í arfleiðsluskrá, að eigi megi birta það fyrr en eptir tiltekinn árafjölda — þó eigi meira en 50 ár — eptir dauða hans, og heimilt er honum að ákveða jafnframt, hver skuli eiga rétt á að gæta þess, að fyrirmæli hans um þetta séu haldin.

Nú er rit samið af fleirum en einum höfundi án þess þó að ritsmíð hvers einstaks sé sérstök heild, og fellur þá réttur eins höfundarins til samhöfunda hans, eða þeirra, sem komnir eru í þeirra stað, ef hann deyr án þess að láta eptir sig erfingja og hefir eigi heldur feingið öðrum í hendur rétt sinn. Þó skal óskerður réttur sá, er 12. gr. veitir þeim, er skuld eiga að hinum látna manni.

Hafi einginn að höfundi látnum eignarrétt að riti hans, þá er hverjum, sem vill, heimilt að gefa ritið út eða birta það á annan hátt, ef erfðaskrárákvæði eru því eigi til fyrirstöðu.

12. gr.

Nú hefir rit eigi verið birt almenningi á prenti né á annan hátt, og geta þá þeir, er skuld eiga að höfundi eða erfingjum hans, eigi öðlazt með lögsókn rétt til þess að birta ritið né heldur umráð yfir handriti höfundar.

Nú hefir rit verið birt, og geta skuldheimtumenn þó ekki heldur öðlazt með lögsókn rétt til að gefa það út að nýju eða birta það án leyfis höfundar eða erfingja hans. En rétt er að skuldheimtumenn leiti fullnustu í fjárarði af eignarrétti rits, sem út hefir verið gefið eða síðar kann að verða út gefið eða birt

á annan hátt; þó því að eins í arði af væntanlegum útgáfum eða birtingum rits, sem eigi hefir áður birt verið, að höfundur þess sé dáinn.

Hafi fjárnám verið gert í útgáfum rits eptirleiðis, má höfundur eigi né erfingjar hans, án samþykkis fjárnámshafa, veita móttöku og eyða andvirði fyrir slíkar útgáfur að viðlagðri hegningu samkvæmt 255. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Rétt þann, sem hér er veittur fjárnámshafa, hafa og allir skuldheimtumenn í þrotabúum, svo og í dánarbúum, þar sem erfingjar taka eigi að sér ábyrgð á skuldum.

13. gr.

Það er brot gegn lögum þessum að birta eða gefa út rit, er annar hefir eignarrétt á, þótt úr því sé felt, við það bætt eða á því gerðar breytingar, hvort heldur að efni, orðfæri eða framsetning (t. d. er sögu er snúið í leikrit), ef úrfellingarnar, viðaukarnir eða breytingarnar eru eigi svo verulegar, að heita megi, að nýtt og sjálfstætt rit sé til orðið. Heimilt er þó að segja frá efni útgefinna rita, svo og að skýra stuttlega frá ræðum manna og fyrirlestrum.

14. gr.

Einginn má endurprenta án heimildar fregnskeyti, sem annar hefir feingið og birt á sinn kostnað, né segja frá efni þeirra á prenti, fyrri en 5 dögum eptir að það var birt á prenti.

Hver sá er sóknaraðili réttur um þetta efni, sem sýnt getur frumrit fregnskeytisins til sín stílað frá ritsímaskrifstofu eða frá fregnskeytafélagi, sem hann er áskrifandi hjá.

Sá, er stefnt er fyrir ólöglega eptirprentun fregnskeytis, verður sekur talinn, nema hann sanni, að hann hafi sömu heimild til þess sem sækjandi eða aðra jafngóða (svo sem leyfi einhvers þess, er feingið hefir skeytið með jafngóðri heimild),

Brot gegn þessu varðar sektum 10—1000 kr. hvert sinn og auk þess skaðabótum til stefnanda, tvígildum við símagjald fyrir skeytið.

15. gr.

Eigi er það saknæm eptirprentun:

a. að taka einstaka kafla úr útgefnum ritum annara upp í önnur rit, sem samkvæmt aðalefni sínu eru fullkomlega sjálfstæð;
b. að prenta í lesbókum og skólabókum einstaka kafla úr ritum, þegar full tvö ár eru liðin frá því að ritin voru gefin út í fyrsta sinn;
c. að prenta áður útgefin kvæði sem teksta, þegar saunglög eru gefin út, svo og á saungskrám.

Heimildir skulu jafnan skilmerkilega tilgreindar, (sbr. 15, gr.).

16. gr.

Heimilt er að taka upp í blöð eða tímarit einstakar greinar úr öðrum blöðum eða tímaritum, nema þess sé getið við greinarnar, að eptirprentun sé bönnuð. Eigi nær heimild þessi til sérstakra fylgirita.

Tilgreina skal fullum stöfum blað það eða tímarit, sem greinarnar eru teknar úr, og nafn eða merki höfundar eða þýðanda, ef nokkurt er.

17. gr.

Nú er rit prentað eða eptirritað innan lands eða utan, gegn ákvæðum laga þessara og skulu þá öll þau eintök, sem til eru hér á landi, og ætluð eru til þess að hafa þau á boðstólum, gerð upptæk og ónýtt.

Nú er að eins nokkur hluti rits ólöglegur samkvæmt lögum þessum, og skal þá, ef unt er, einungis gera þann hluta ritsins upptækan og ónýta hann.

Áhöld öll, sem að eins verða notuð til þess að drýgja brot gegn lögum þessum, svo sem mót, plötur og þesshättar, skulu gerð upptæk og ónýtt, eða farið með þau þannig, að þau eigi framar verði notuð.

Rétt er, að sá eða þeir, sem misboðið er, fái keypt áhöld þau, sem upptæk eru gerð, gegn því að greiða verð þeirra eptir dómkvaddra manna mati. Verðið skal aldrei ákveðið hærra en svari því, sem sannað verður að tilbúningur munanna hafi kostað, og getur sá, sem misboðið er, krafizt þess að matið fari fram áður en hann lætur uppi, hvort hann kaupi hina upptæku muni.

Ákvæði greinar þessarar eiga einnig við eptirrit, sem ætluð eru til afnota við óheimila opinbera sýning rita á leiksviði.

Sé brot á lögum þessum svo til komið, að fremjandi hafi eptir beztu vitund haft ástæðu til að ætla, að sér væri verkið heimilt, verður þess eigi krafizt, að hin ólöglegu eintök eða áhöld þau, er notuð hafa verið, verði af hendi látin eða ónýtt, ef eigandi þeirra sér um, að þau verði geymd undir umsjón yfirvalda, þangað til eignarréttur að ritinu er úr gildi geginn.

18. gr.

Sá, sem gegn ákvæðum laga þessara af ásettu ráði eða af gáleysi gefur út rit, eða flytur hingað til lands rit, sem gefið hefir verið út erlendis, án heimildar samkvæmt lögum þessum, í þeim tilgangi að hafa ritið á boðstólum hér á landi, svo og sá, sem víss vitandi útbýtir, selur öðrum á leigu eða hefir útsölu á riti, sem gefið hafir verið út hér á landi eða hingað flutt gegn ákvæðum laga þessara, skal sæta 10—1000 kr. sektum, enda hafi hann eigi með atferli sínu unnið til þyngri refsingar. Brot gegn 1. málsgr. 15. greinar varða þó aðeins sektum frá 1—20 krónum.

Bæta skal hinn seki þeim, sem misboðið er, fullum bótum alt tjón það, er af broti gegn lögum þessum leiðir; hafi rit áður verið gefið út skal meta bæturnar eptir bóksöluverði því, er var á hinni síðustu útgáfu og tölu þeirra eintaka, er sannað verður eða líklegt má ætla, að úti hafi verið látin, en verði eigi beinlínis farið eptir þessu, svo og þegar ritið hefir eigi áður verið gefið út, skal, svo mjög sem unt er, meta bæturnar eptir álíka mælikvarða.

Þá er brot gegn lögum þessum fullkomnað, þegar eitt eintak er fullprentað eða við það lokið á annan hátt.

19. gr.

Sá, sem af ásettu ráði eða af gáleysi brýtur lög þessi með því að sýna í heimildarleysi sjónleika eða saungleika á leiksviði, lesa upp ritsmíðar annara eða syngja eða leika á hljóðfæri opinberlega saunglög eða aðra tónsmíð eða þá nota við saung, ljóð eða annan texta heimildarlaust, sæti 5—500 kr. sektum og bæti auk þess að fullu halla þann, sem rétthafi hefir af beðið. Bæturnar skulu eigi vera minni en gróði sá, sem orðið hefir af sýningunni, upplestrinum, saungnum eða hljóðfæraslættinum, og hafi verk það, sem ranglega var notað, eigi verið

notað eingaungu, er brot var framið, skal metið hversu mikinn þátt það á í gróðanum.

20. gr.

Nú aðhefst einhver eitthvað það, er um er rætt í 17. og 18. gr., og hefir hann eptir beztu vitund haft ástæðu til að ætla, að sér væri verknaðurinn heimill, og sætir hann þá eigi ábyrgð samkvæmt þessum lagagreinum, en skila skal hann rétthafa gróða sínum, eptir því sem hann verður metinn.

21. gr.

Sá, sem af ásettu ráði eða af gáleysi lætur hjá líða að tilgreina heimild eins og boðið er í 14. og 15. gr., sæti 1—20 króna sektum. Brot þessi hafa hvorki skaðabætur né upptöku í för með sér.

22. gr.

Eignarréttur að sömdu máli helzt alla ævi höfundar og 50 ár eptir hann látinn.

Nú eru fleiri en einn höfundur að riti án þess að ritsmíð hvers einstaks sé sérstök heild, og skal þá telja greint 50 ára tímabil frá dauða þess þeirra, er leingst lifir. Hafi rit verið birt, ber þó einungis að taka tillit þá til þeirra höfunda, sem birt hafa nöfn sín á ritinu sjálfu eða, sé um leikrit að ræða, sem leikið hefir verið, en eigi birt á annan hátt, þeirra höfunda, sem hafa nafngreint sig þegar ritið var leikið.

23. gr.

Rit, sem koma út nafnlaust eða með dularnafni, svo og rit, er útgefendur hafa öðlazt eignarrétt að samkvæmt 3. gr., njóta verndar í 50 ár frá lokum þess árs, er þau komu út í fyrsta sinn.

Nú birtir höfundur sjálfur nafn sitt, áður en téð 50 ára tímabil er liðið, eða einhver, er til þess hefir heimild, nafngreinir hann, annaðhvort á nýrri útgáfu ritsins eða með yfirlýsing, sem birt er á sama hátt og fyrirskipað er um opinberar auglýsingar, og öðlast ritið þá fylstu vernd samkvæmt 21. gr.

Heimild til þess að nafngreina höfund að honum látnum hefir einungis sá, sem höfundur, samkvæmt því, er segir í 6. gr., hefir feingið í hendur úrskurðarvald um það, hvort ritið skuli birt, en sé einginn maður á lífi, er slíkt vald hefir feingið hjá höfundi, þarf samþykki allra erfingja höfundarins til þess að hann verði nafngreindur.

24. gr.

Nú eru rit þau, sem ræðir um í 1. málsgrein 22. greinar, gefin út í fleiri deildum, en eru þó í slíku sambandi, að þau mynda eina heild, og skal þá hið umrædda 50 ára tímabil teljast frá þeim tíma, þegar síðasta deildin kom út í fyrsta sinn, nema meira en 3 ár hafi eitthvert sinn liðið milli útgáfu einhverra deildanna, en þó telst tímabilið, að því er snertir þær deildir, er áður komu út, frá þeim tíma þegar hin síðasta þeirra var út gefin.

25. gr.

Út af brotum gegn lögum þessum getur einginn höfðað málssókn, nema sá, sem misboðið er.

Nú kemur út rit nafnlaust, eða með dularnafni, og skal þá líta svo á, þangað til sönnur eru færðar á annað, að sá maður, sem tilgreindur er á ritinu sem útgefandi þess eða forlagsmaður, hafi umboð til að gæta réttar höfundar.

26. gr.

Málssókn samkvæmt 17., 18., 19. og 20. gr. skal hafin innan 1 árs frá því að rétthafi fékk vitneskju um brotið. Nú er mál eigi höfðað innan tveggja ára eptir að brotið var framið, og verður hinn seki þá eigi dæmdur til hegningar, og sé málssókn eigi hafin áður en 3 ár eru liðin frá því, að brot var framið, verður hann eigi heldur dæmdur til að greiða skaðabætur né skila gróða sínum samkvæmt 19. gr.

Meðan höfundaréttur helzt má höfða málssókn til þess, að upptæk séu gerð, ónýtt eða af hendi látin, þau eintök af riti, sem ólöglega eru til orðin og ætluð eru til að hafa á boðstólum, svo og áhöld, sem eingaungu verða notuð til þess að framkvæma brot á lögum þessum.

27. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra ritsmíða danskra þegna, og einnig til ritsmíða utanríkismanna, er forlagsmaður þeirra er íslenzkur. Sé forlag félagseign telst það íslenzkt, ef allir þeir meðlimir firmans, sem ótakmarkaða ábyrgð hafa, eða ef um félag með takmarkaðri ábyrgð eða hlutafélag er að ræða, allir stjórnendur þess, eiga fast heimili á Íslandi. Með konunglegri tilskipun má veita ákvörðunum laga þessara gildi, að öllu eða nokkru, að því er snertir ritsmíðar þegna annars ríkis, þótt eigi séu þær útgefnar af íslenzku forlagi, svo framarlega sem sama vernd kemur á móti fyrir ritsmíðar Íslendinga í því ríki. Þó verður eigi gerður samningur um gagnkvæmi í þessu efni, nema Alþingi samþykki, ef af samningnum leiðir nokkra fjárkvöð fyrir Ísland.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Jan. 1906, en eptir ákvæðum þeirra skal fara einnig að því er snertir ritsmíðar, sem eldri eru eður áður útgefnar.

Nú hefir einhver gefið út rit löglega, áður en lög þessi eru birt, og skal hann þá eiga rétt á að selja þau eintök eða hepti, sem þá voru fullprentuð, þó útgáfan hefði eigi verið heimil samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi snerta eigi samningsréttindi manna, sem löglega eru stofnuð áður þau öðlast gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lagaákvæði um eignarrétt að ritsmíðum.

Nd. **459. Frumvarp**

til laga um styrk úr landssjóði til samvinnusmjörbúa.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Árin 1906 og 1907 veitist íslenzkum samvinnusmjörbúum 18000 kr. styrkur úr landssjóði hvort árið.

2. gr.

Stjórnarráðið úthlutar styrknum til smjörbúanna í Marzmánuði 1907 og 1908 og skal við úthlutunina farið eptir því, hve mikið smjör hvert bú hefir selt erlendis á liðnu ári, og eptir því verði, sem smjörið hefir selzt fyrir. Smjör, sem selst lakar en á 70 aura hvert danskt pund, skal ekki talið með, þegar styrknum er jafnað niður. Styrknum skal úthlutað eptir pundatölu þess smjörs, er selst á 70 aura og hærra verð. Í fyrsta flokki skal talið smjör, er selst á 80 aura hvert danskt pund og í öðrum flokki smjör, er selst á 70—80 aura. Fyrir smjör í 1. flokki skal styrkurinn vera 50 % hærri en fyrir smjör í 2. flokki.

3. gr.

Samvinnusmjörbú, er vilja hljóta styrk, skulu senda umsókn sína fyrir liðið ár til stjórnarráðsins, eigi síðar en fyrir lok Febrúar 1907 og 1908; umsókn, er síðar kemur til stjórnarráðsins, verður eigi tekin til greina. Umsókninni skal fylgja farmskrá frá skipstjóra þeim, er smjörið flutti eða vottorð frá afgreiðslumanni skips þess, er smjörið var sent með, er sýni þyngd þess með umbúðum og tölu íláta. Svo skal og fylgja sölureikningur smjörsins, undirritaður af þeim, er með söluna fór, og sé þar tilgreint söluverð hverrar einstakrar smjörsendingar, eða hluta af henni, sé hún eigi seld í einu lagi.

4. gr.

Stjórnarráðið sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög um verðlaun fyrir útflutt smjör 3. Okt. 1903.

Nd. **460. Frumvarp**

til laga um sölutoll á bitterum.

(Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Einga bittertegund má selja eða afhenda hér á landi nema á ílátið sé límt tollfrímerki, er jafngildi aðflutningsgjaldinu á bitterum samkvæmt tolllögum, þeim er í hvert sinn kunna að gilda.

Frímerkið skal svo lagað og svo álímt, að ílátið verði ekki opnað á venjulegan hátt án þess að rífa frímerkið.

2. gr.

Þá er innflytjandi greiðir aðflutningsgjald af bitter, fær hann hjá tollheimtumanni jafnvirði þess í tollfrímerkjum, og er það kvittun fyrir gjaldinu.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. varðar þreföldu endurgjaldi tolls til landssjóðs, og sektum að auki frá 200 kr. til 2000 kr. — Sama varðar að nota á ný frýmerki, er los-

að hefir verið ólöglega af tollskyldu íláti, eða að opna tollfrímerkt ílát án þess að rífa frímerki.

Að losa tollfrímerki af íláti órifið, svo að það megi nota á ný, varðar sektum 100—1000 kr., hvort sem frímerkið hefir síðan verið ólöglega notað eða ekki.

4. gr.

Fyrsta virkan dag í Janúarmánuði næsta, eða fyrstu daga þar á eptir, svo fljótt sem því verður við komið, skal tollheimtumaður, eða umboðsmaður hans, sá er hann til þess skipar, setja ókeypis frímerki á þær birgðir af téðum bitterum, sem kaupmenn, lyfsalar eða læknar þá hafa í vörzlum sínum hér á landi, sem aðflutningsgjald hefir þegar verið af greitt.

5. gr.

Eptirmyndun eða fölsun tollfrímerkja varðar sömu refsing sem ákveðin er með almennum hegningarlögum frá 25. Júní 1869, 266. gr., fyrir eptirmyndun eða fölsun á dönskum peningum eða seðlum þjóðbankans. Glæpurinn er fullnaður þegar búið er að eptirmynda eða falsa tollfrímerkið, þótt ekki sé búið að láta það úti.

6. gr.

Um tilbúning og sölu tollfrímerkja og reikningsskil fyrir sölutollinum gerir stjórnarráðið nauðsynlegar ráðstafanir. Innheimtulaun skulu söm vera af sölutolli sem aðflutningstolli.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Jan. 1906.

Ed.

461. Viðaukatillaga

við þingskjal 446.

Frá flutningsmönnum.

Á eptir orðunum í 1. línu 5. gr.: »Brot gegn 1. gr.« bætist inn í: 2. gr. og 4. gr.

Nd.

462. Breytingartillaga

við frumv. til laga um stofnun fiskiveiðasjóðs Íslands.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 3. gr. Á eptir orðunum: »..... meðal erlendra þjóða« bætist inn í: Svo og til þess að styrkja tímarit um fiskiveiðar og annað, er að sjávarútvegi lýtur.

Nd. **463. Nefndarálit**

um frv. til laga um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

Háttv. neðri deild hefir falið oss að íhuga frv. þetta. Höfum vér gert það, og getum fallizt á það, með eptirrituðum tveim smávægilegum breytingum, og ráðum háttv. deild til að samþykkja það þannig.

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 2. gr.

1. Í staðinn fyrir orðin: »hafa bæði einkarétt og skyldu« komi: eru skyldir.
2. Niðurlag greinarinnar frá: »ef hann tjáir ..... almannafé« falli burtu.

Neðri deild Alþingis 18. Ágúst 1905.

Skúli Thoroddsen, formaður.
Jón Magnússon, skrifari og framsögum.
M. J. Kristjánsson.

Ed. **464. Breytingartillaga**

við br.till. nefndarinnar á þskj. 446 við frv. til laga um vindlatoll.

(Frá nefndinni).

Milli 1. og 2. málsgr. í 4. gr. bætist inn: »Það er talin heildsala, er vindlar eru seldir í íláti eða kassa«.

Nd. **465. Nefndarálit**

um frv. um afnám réttar hreppsnefnda og bæjarstjórna til að synja mönnum um aðsetursleyfi.

Hv. Nd. hefir vísað þessu frv. til sveitastjórnarlaganefndarinnar. Hefir nefnd þessi íhugað frv. og fellst á aðalstefnu þess, því að hún telur það óeðlilegt hapt á atvinnufrelsi, að banna sjálfstæðum mönnum að setjast að á landinu þar sem þeir óska og hyggjast geta bezt haft ofan af fyrir sér og sínum. Á hinn bóginn hyggur nefndin, að rétt sé að heimta að minsta kosti einhver skilríki fyrir því, að maður sé seztur að í húsmensku eða þurrabúð. Enn telur nefndin það óheppilegt að samþykkja frv., eins og það liggur fyrir. Það er í rauninni ekkert annað en breyting á tilsk. um lausamenn og húsmenn frá 26. Maí 1863 og lögunum um þurrabúðarmenn 12. Janúar 1888.

Þetta frv. fer fram á þriðju breytinguna á tilsk. 26. Maí 1863. Nefndin verður að telja heppilegast að koma í eitt aptur lagaákvæðunum um lausamenn og húsmenn, og hefir því tekið saman í eitt frumvarp tilsk. 26. Maí 1863, lög um þurrabúðarmenn 12. Jan. 1888 og lög 2. Febr. 1894 um breyting á tilsk. 26. Maí 1863, með þeirri breytingu, er af frv. um afnám réttar hreppsn. o. s. frv. leiðir, þó svo, að krafizt er í frv. voru skírteina um, að maður sé seztur að í húsmensku eða þurrabúð.

Fallist hv. Nd. á framangetið frv. vort, verður að fella frv. það, er oss var falið að íhuga.

Neðri deild Alþingis, 18. Ágúst 1905.

Árni Jónsson	Jón Magnússon	Guðl. Guðmundsson
form.	skrifari og framsögumaður.	
Jóhannes Ólafsson		Eggert Pálsson
með fyrirvara.		með fyrirvara.

Nd. **466. Frumvarp**

til laga um lausamenn og þurrabúðarmenn.

Frá sveitarstjórnarlaganefndinni.

I. kafl.

Um lausamenn.

1. gr.

Þeir menn eru eigi skyldir til að vera í vist, er hafa 5 hundruð á landsvísu eða meira í árságóða af fasteignum eða öðru fé

2. gr.

Hverjum þeim manni, sem er 22 ára að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbréf hjá lögreglustjóra.

Fyrir leyfisbréf skal karlmaður gjalda 15 kr., en kvenmaður 5 krónur. Rennur það fé í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hreppi eða bæjarfélagi, er hann var síðast vistfastur í.

Sá, sem er fullra 30 ára að aldri, fær leyfisbréfið ókeypis.

Sá, er leyfisbréfið vill fá, skal taka það í síðasta lagi 1. dag Maímánaðar það ár, er hann geingur úr fastri vist.

3. gr.

Heimilt skal mönnum þeim, er nú skal greina, að taka leyfisbréf, þau er nefnd eru í 2. gr., þótt ekki séu þeir fullra 22 ára: 1) Ekkjumönnum og ekkjum, og konum, sem menn þeirra hafa yfirgefið eða skilið við að lögum, annaðhvort algerlega eða að borði og sæng. 2) Mönnum, sem hafa 1 hundrað á landsvísu í ársarð af fasteignum eða öðru fé. Ef afgjaldið eða leigan er greitt í peningum, skal telja það til álna eptir aðalmeðalverði í verðlagsskrá.

4. gr.

Auk gjalds þess, er ræðir um í 2. gr., skal greiða í landssjóð 2 kr. fyrir útgáfu leyfisbréfs hvers.

5. gr.

Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta á vori hverju, eigi síðar en 20. Júní, hjá hverjum húsráðanda heimili hans er, og sanna það með skirteini frá húsráðandanum, ef hreppstjóri eða bæjarfógeti krefst þess. Verði ella sekur um 4—20 kr., og renni þær sektir í fátækrasjóð.

6. gr.

Rétt er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á réttum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er lausamaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, er lausamaður á, og teknar verði lögtaki til lúkningar gjöldunum.

7. gr.

Láti nokkur, sem feingið hefir leyfisbréf til að komast hjá vist, undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eður skylduverk, eða þurfi fjárnámi að beita 2 ár hvort eptir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefir hann fyrirgert þeim rétti sínum, er leyfisbréfið veitir honum, og má honum eigi veita leyfisbréf að nýju fyrr en eptir 5 ár.

8. gr.

Nú flytur maður sig, er feingið hefir lausamenskuleyfi, í annað lögsagnarumdæmi, og skal hann þá taka nýtt leyfisbréf, er hann fái borgunarlaust; þó skal greiða gjald það, sem ræðir um í 4. gr. Ef einhver, sem feingið hefir leyfisbréf, tilkynnir hlutaðeigandi lögreglustjóra, að hann ætli eigi að nota leyfið ákveðinn tíma, skal honum heimilt að nota það síðar, án þess að greiða nokkra borgun, ef hann gefur lögreglustjóranum það til vitundar.

9. gr.

Nú er maður óvistráðinn mánuði fyrir hjúaskildaga og á sér einga aðra löglega atvinnu vísa, og leitar hann hreppstjóra um að útvega sér vist, og skal þá hreppstjóri vera honum hjálplegur í því efni. Ef maður er enn óvistráðinn um manntalsþing, og leitar sýslumanns um að útvega sér vist, þá skal sýslumaður bjóða hann upp á manntalsþingum sýslunnar.

Nú útvegar hreppstjóri eða sýslumaður manni vist á þann hátt, er nú var sagt, og er hann þá skyldur að fara í þá vist, ef hún er boðleg. Bjóðist fleiri en einn til að taka manninn, má hann sjálfur um kjósa; en sé hann eigi við staddur, skal hreppstjóri eða sýslumaður ráða, í hverja vistina hann skal fara. Nú vill hann ekki þiggja vist þá, er á þennan hátt stendur honum til boða, og skal honum þá hegnt sem fyrir ólöglega lausamensku.

Nú hefir einginn boðizt til að taka hinn vistlausa mann, og varðar honum eigi við lög, þótt hann sé laus til hjúaskildaga næsta ár; en skyldur er hann að ganga að hverri þeirri vinnu, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri vísa honum á, enda sé vinnan honum eigi ofvaxin; ella er hann sekur 2—20 krónur eptir málavöxtum. Sama er og um hjú, er vistlaust verður eptir manntalsþing.

Nú er maður enn vistlaus á hinum næsta hjúaskildaga, og skal þá fara sem fyrr segir.

10. gr.

Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að einginn sá, sem er skyldur að vera í vist, komi sér hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi grenslast eptir, hvort brotið hafi verið á móti lögum þessum.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbréf, hafi fast heimili og séu ekki á flakki; en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 4—40 kr., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir eingan hafa.

11. gr.

Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en hefir eigi gert það, né heldur keypt leyfisbréf það, sem um er rætt í 2. gr., verður um það sekur 10—50 kr., og greiði að auki jafnmikið og lúka á fyrir leyfisbréf eptir 2. gr. Þyngja skal jafnan sektina, ef brotið er ítrekað eða beitt er raungum fyrirburði um vistaráð, eða ef maður gerir sig sekan í flakki.

12. gr.

Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sér undan skyldu sinni að fara í vist, skal eptir málavöxtum sektast um helming eða alt að tveim þriðjungum þeirra sekta, sem ákveðnar eru í næstu grein á undan.

Hver sá húsráðandi, er hýsir slíkan mann 3 nóttum leingur að nauðsynjalausu verður sekur um 2—10 kr.

II. kafli.

Um húsmenn.

13. gr.

Nú vill maður setjast að í húsmensku eða þurrabúð og skal hann þá skýra lögreglustjóra í kaupstöðum og hreppstjóra annarstaðar frá því að minsta kosti 8 vikum áður en hann ætlar að setjast að þannig í kaupstöðum eða sveitinni, og um leið skal hann sanna fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann eigi vísan samastað þar um 1 ár að minsta kosti.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri gefur manni þeim, er húsmaður eða þurrabúðarmaður vill gerast, vottorð um tilkynninguna, og er vottorð þetta að skoða sem bygðarleyfi.

14. gr.

Nú sezt maður að í húsmensku eða þurrabúð án þess að fullnægja áður skilyrðum þeim, er ræðir um í 13. gr., og er hann þá sekur um 10—50 kr.

Sömu sekt sætir húsráðandi, er húsmann þann tekur í þurrabúð, er eigi hefir bygðarleyfi samkvæmt 13. gr.

15. gr.

Ákvæði 13. og 14. gr. ná til þeirra manna, er til afnota hafa jarðarpart, er eigi er stærri en 1 hundrað.

16. gr.

Einginn má byggja þurrabúðir utan kaupstaðar eða verzlunarstaðar, hvort sem henni fylgja sérstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sínum, nema með þessum skilyrðum:

a., að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minsta kosti sé 400 ferh.faðmar að stærð, að meðtöldum matjurtagarði, sem byggja skal og rækta við hverja þurrabúð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni;

b., að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau séu viðunanlega loptgóð og hlý, eptir dómi skilríkra manna;

c., að þurrabúðin sé afhent viðtakanda með löglegri úttekt.

17. gr.

Þurrabúðarmaður sá, er tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal hafa ræktað hana og girt innan 7 ára; vera skal hann undanþeginn eptirgjaldi þessi ár.

18. gr.

Þurrabúð með óræktaðri lóð skal ávalt bygð að minsta kosti 8 ár. — Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbréf, þar sem skýrt er tekið fram um ábúðartíma, réttindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Nú hefir landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbréf, og skal þurrabúðin þá álítast bygð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið.

19. gr,

Þegar ábúendaskipti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, útmælingu lóðar, ræktun, úttekt og bygging; þó má sýslunefnd eptir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar gera undantekningar viðvíkjandi stærð á lóð þurrabúðar.

20. gr.

Nema öðru vísi sé ákveðið í einstökum greinum, varða brot gegn lögum þessum 1—100 kr. sekt.

Sektir eptir lögum þessum renna að helmingi í hlutaðeigandi fátækrasjóð, en hinn helminginn fái hreppstjóri eða hreppstjórar.

21. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. Maí 1863, lög um þurrabúðarmenn 12. Jan. 1888 og lög um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. Maí 1863 og viðauka við hana.

Nd. **467. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um heimild fyrir »Íslands banka« til að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða upp á handhafa.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Pétur Jónsson, Jóhannes Ólafsson, Magnús Andrésson, Þórhallur Bjarnarson, Ólafur Ólafsson.

Við 4. gr.

Á milli 1. og 2. málsgreinar komi ný málsgrein svohljóðandi:

Auk tryggingar þeirrar, sem nefnd er hér á undan, skal bankinn setja sérstakt tryggingarfé fyrir bankavaxtabréfum sínum, er nemi $^1/_6$ af samanlagðri upphæð allra þeirra bréfa, sem í veltu eru á hverjum tíma. Tryggingarfé þetta skal vera að helmingi í dönskum $3^1/_2\%$ ríkisskuldabréfum, en að helmingi í bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbankans af 1. flokki, eða öðrum verðbréfum, er stjórnarráðið álítur jafnörugg nefndum bankavaxtabréfum, og miðast upphæðin við gangverð bréfanna. Stjórnarráðið geymir verðbréfin.

Nd. **468. Framhaldsnefndarálit**
um frumvarp til laga um forkaupsrétt leiguliða o. fl.

(Eptir 3. umr. í Ed.).

Nefndin hefir athugað breytingar þær, er orðið hafa á frumvarpi þessu í háttv. Ed., og telur þær allar til bóta. Nokkrar þeirra eru að eins til skýringa, en þessar eru helztar efnisbreytingar:

1. Aptan við 1. gr. er bætt ákvæði um, að ef fleirbýli er á jörð, er selja skal, sé einum ábúandanum gefinn kostur á að kaupa alla jörðina, svo að hún sé ekki pörtuð í marga hluta.
2. Á 3. gr. er sú breyting ger, að veiði í ám megi selja eða leigja öðrum en landeiganda, með því að veiði hverrar ár komi að beztum notum á þann hátt, að veiðirétturinn sé í höndum eins manns eða félags, er rekur veiðina í sameiningu.
3. Í 5. gr. er tekið upp ákvæði um, að bjóða megi sveitarfélagi kaup að frágeingnum ábúanda, áður en hann hefir afsalað sér forkaupsrétti, svo að báðir forgangsaðilar noti sama frestinn til andsvara.

Vér leggjum því til, að frumvarpið verði samþykt eins og það nú liggur fyrir, þó með þessum orðabreytingum við 5. gr.

1. Orðin í annari málsgrein »eða leigu« falli burt.
2. Fyrir: »forgangsréttinn« komi: forkaupsréttinn.
3. Fyrir: »forgangsréttinum« komi: forkaupsréttinum.

Neðri deild Alþingis 17. Ágúst 1905.

Eggert Pálsson, formaður. Herm. Jónasson, framsögum. og skrifari.
Jóhannes Ólafsson. Ólafur Briem. Stefán Stefánsson, Eyf.

Nd. **469. Nefndarálit**
um frv. til laga um fyrning skulda og annara kröfuréttinda.

Vér höfum athugað frv. þetta og ráðum háttv. neðri deild til þess að samþykkja það óbreytt.

Þótt að vísu nokkur af atriðum frumvarpsins gæti verið skýrar orðuð og vér enda kynnum að telja ýmsum atriðum eins heppilega skipað á annan veg, en gert er í frv., þá snertir þetta að eins nokkur þýðingarminni atriðin. En réttarbót þá, er í frv. felst að öðru leyti, teljum vér svo þýðingarmikla og svo nauðsynlega til þess að hreinsa viðskiptalífið og tryggja það gegn endalausum vafningum, að vér viljum ekki á neinn veg hepta eða tefja fyrir framgangi málsins.

Að öðru leyti verður í framsögu málsins gerð grein fyrir áliti nefndarinnar á hinum einstöku þýðingarmeiri atriðum frumvarpsins.

Neðri deild Alþingis 18. Ág. 1905.

Lárus H. Bjarnason, formaður. Guðl. Guðmundsson, skrifari og framsögumaður.
Eggert Pálsson. Ólafur Thorlacíus. Björn Bjarnarson.

Nd. **470. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Frá nefndinni.

Á eptir 4 gr. komi ný grein svo hljóðandi:

1. Veðdeildinni skal heimilt að veita bæjarfélögum, sýslufélögum og sveitafélögum lán, er samþykt séu af stjórnarráði Íslands, gegn veði í eignum og tekjum bæjar- sýslu- og sveitarfélagsins.
   Við 8. gr.
2. Aptan við greinina bætist:
   »Sé lánið bæjar-, sýslu-, eða sveitarlán skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum«.

Ed. **471. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um fasteignarréttindi erlendra manna á Íslandi.

Flutningsmenn: Ág. Flygenring og Jóh. Jóhannesson.

1. Við 1. gr. Í stað: »erlendir menn« komi: utanríkismenn.
2. — - — Í stað »ákvæði er í samningnum« komi: ákveðið er í samningum.
3. — - — Orðin: »frá þeim degi, er þeir öðluðust réttindin« (sbr. 3. gr.) falli burtu.
4. — - — Í stað: »útlendingum« komi: utanríkismönnum.
5. 2. gr. orðist svo:
   Sé eignarréttur eptir lögum þessum fallinn undan utanríkismönnum, hverfur hann til landssjóðs. Sé hinsvegar um takmarkaðan rétt yfir fasteign að ræða, svo sem notkunar eða ítaksrétt, hverfur hann til þess eiganda fasteignarinnar, sem þá er, nema annar maður hafi áður feingið hin væntanlegu réttindi framseld sér á löglegan hátt.
6. Við 3. gr. Í stað »erlendir menn« komi: utanríkismenn.
7. Við fyrirsögnina. Í stað »fasteignarréttindi erlendra manna« komi: fasteignarréttindi utanríkismanna.

Nd. **472. Breytingaratkvæði**

við breytingartillögu á þingskjali 444.

Flutningsm.: Árni Jónsson.

Við 7. lið, við 36. gr. Á eptir orðinu flutningsmaður bætist inn: frumvarps.

Ed. **473. Tillaga**

til þingsályktunar um undirskript undir skipunarbréf Íslandsráðherrans

Flutningsmenn: Jóh. Jóhannesson, Sigurður Jensson, Sigurður Stefánsson, Valtýr Guðmundsson, Þorgrímur Þórðarson.

Efri deild Alþingis ályktar að lýsa yfir því, að hún álítur það eitt rétt,

og í samræmi við stjórnarskipun vora, að Íslandsráðherrann sé skipaður með undirskript sjálfs hans, eða fráfarandi Íslandsráðherra, en ekki með undirskript forsætisráðherra Dana, og skorar á ráðherrann, að gera sitt til, að svo verði eptirleiðis.

Nd.

474. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um þingsköp handa Alþingi.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein orðist svo: þegar Alþingi kemur saman við þingsetning, skal elzti þingmaðurinn stjórna umræðunum, þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn, og standa fyrir kosningu hans.
2. Við 2., 4., 7., 8., 28., 46. og 50. gr. Í stað: »stjórnarskrárinnar« komi: stjórnarskr.
3. Við 2. gr. Orðin í upphafi greinarinnar: »þeir er eigi hafa áður á þingi setið« falli burt.
4. Við 3. gr. Í stað »sameinað Alþingi« komi: þingið.
5. Við 4. gr. Fjórða málsgrein (Tekið getur o. s. frv.) falli burt.
6. Við 5. gr. Í stað (16. gr. stjórnarskr. o. s. frv. út greinina) komi: 5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903). Þeir eru rétt kjörnir til efri deildar, er flest fá atkvæði. Ef tveir þingmenn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá bundnum kosningum, en hafi þeir að nýju við þá kosning jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.
7. Við 9. gr. 9. gr. orðist svo: »Aldursforseti bæði í sameinuðu þingi (1. gr.) og í þingdeildunum (6. gr.), hafa, meðan þeir skipa forsetasæti allan sama rétt og skyldur sem forseti, en taka þátt í kosningum og atkvæðagreiðslu.
8. Við 13. gr. Í stað orðanna: þingmenn skulu o. s. frv. út málsgreinina, komi: Upplestrinum má sleppa, ef einginn þingmanna þeirra, er hlut eiga að máli, æskir hans. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sér gerðabókina á skrifstofunni, að minsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.
9. Við 15. gr. Í stað orðanna: »og er þá umræðu frestað« komi: Sé það gjört áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað.
10. Við 15. gr. Orðin: (sbr. 22. gr. stjórnarskrárinnar) falli burt.
11. Við 16. gr. Í stað: »um 4« komi: um 3.
12. Við 17. gr. Orðin: »á fundi« falli burt.
13. Við 21. gr. Orðin: »Hver þingmaður . . breytingartillögu« falli burt.
14. Við 22. gr. Síðasta lína falli burt.
15. Við 23. og 24. gr. (í báðum málsliðum). Í stað: »(28. gr. stjórnarskr.)« komi: 9. gr. stjórnarskipunarl. 3. Okt. 1903.
16. Við 24. gr. Orðin í enda fyrri málsgreinar, »Og má hver deildarmaður, o. s. frv. til enda, falli burt.
17. Við 24. gr. Orðin: »Breytingartillögu má hver þingmaður gera« falli burt.

18. Við 25. gr. Í stað: »(28. gr. stjórnarskrárinnar)« komi 9. gr. stjórnarskipunarl. 3. Okt. 1903.

19. Við 29. gr. Orðin: »Breytingartillögu ... um tillöguna« falli burt.

20. Við 30. gr. Aptan við fyrstu málsgrein bætist: Ráðherra eða umboðsmaður hans og hver þingdeildarmaður, eða í sameinuðu þingi hver þingmaður, má koma fram með breytingartillögu við hverja umræðu sem er.

21. Við 37. gr. Á eptir orðinu: »ráðherra« komi: eða umboðsmanns hans.

22. Á eptir 37. gr. komi ný grein, er verður 38. gr. þannig hljóðandi: Eigi má nema með leyfi forseta lesa upp skrifað eða prentað mál.

23. Við 38. gr. Aptan við greinina (er verður 39. gr.) bætist: Skyldi almenn óregla koma upp, er það skylda forseta að gera hlé á fundinum um stundarsakir, eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum alveg.

24. Við 39. gr. Fyrir: »skulu rituð í gerðabókina og lesin upp« komi: skulu lesin upp og rituð í gerðabókina.

25. Við 41. gr. Í stað orðanna: »36. gr. stjórnarskrárinnar« komi: 11. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903.

26. Við 43. gr. Í staðinn fyrir: »Atkvæðagreiðslan fer fram ..... en verið óglögg« komi: Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt, að hver þingmaður stendur upp úr sæti sínu, hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifararnir telja atkvæðin, en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar eptir að atkvæða hefir verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig, að málið sé hvorki samþykt né felt, lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað, eða ef atkvæðagreiðsla hefir áður fram farið, en verið óglögg.

27. Við 45. gr. Aptan við fyrri málsgrein (á eptir: »æskja þess«) komi: Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta þegar til kosningar kemur lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C, o. s. frv. eptir því sem sjálfur hann ákveður, eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig, að hver ritar á kjörmiða að eins stafnafn (A, B o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eptir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifararnir rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv. eptir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annari og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eptir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næst hæsta hlutatölu o. s. frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hvor listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosning í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

28. Við 48. gr. Greinin orðist þannig: Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau skulu prentaðar í Alþingistíðindunum.

29. Við 51. gr. Í stað orðanna: »39. gr. stjórnarskrárinnar« komi: 12. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903.

Ed.

475. Skrá

yfir fjárbeiðslur til Alþingis 1905. (Framhald frá þingskjali 278).

102. Beiðni frá 2. þingmanni Eyfirðinga um 5000 kr. fjárstyrk handa ábyrgðarfélagi Eyfirðinga fyrir mótorbáta.
103. Beiðni frá síra Halldóri Bjarnarsyni í Presthólum um 400 kr. styrk til þess að koma Presthólastað í fullgilt stand.
104. Erindi frá síra Halldóri Bjarnarsyni í Presthólum um lagfæringu á byggingu þjóðjarðarinnar Efrihóla í Núpasveit (með 4 fylgiskjölum).
105. Erindi frá fjölda bænda í Fljótsdalshéraði um að veitt verði þegar á næstu fjárlögum nægilegt fé til Fagradalsbrautarinnar, svo að henni verði lokið á næstu 2 árum.

Álitsskjal frá Jóni verkfræðingi Þorlákssyni fylgir.

106. Beiðni frá frú Sigríði Þorkelsdóttur, ekkju síra Þorkels Bjarnasonar á Reynivöllum, um, að henni verði veittur nokkur hluti af því fé, sem þeim hjónum var áður veitt sem ellistyrkur.
107. Beiðni um eptirlaun frá Hannesi Hanssyni pósti.
108. Prentað erindi frá formanni Búnaðarfélags Íslands til fjárlaganefndarinnar.
109. Erindi frá formanni Búnaðarfélags Íslands um hækkun þá, sem síðasthaldið búnaðarþing gerði á hinni prentuðu áætlun búnaðarfélagsstjórnarinnar.
110. Áætlun um byggingu leikfimishúss við gagnfræðaskólann á Akureyri (uppdráttur fylgir).
111. Erindi frá 1. þingm. Rangæinga um fjárstyrk til fyrirhleðslu í Holtsós undir Eyjafjöllum, ásamt áætlun Sigurðar Sigurðssonar búfræðings um kostnaðinn.
112. Beiðni frá stjórn Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík um 5000 kr. styrk til skólabyggingar.
113. Erindi frá yfirstjórn holdsveikraspítalans.
114. Erindi frá stjórnarráði Íslands um samninga þess viðvíkjandi fullum yfirráðum landsstjórnarinnar yfir Hallormsstaðaskógi (með 2 fylgiskjölum).
115. Umboð kapt. Aasbergs frá Sameinaða gufuskipafélaginu til þess að semja við Alþingi og tilboð hans, 4 skjöl.
116. Tilboð Thore-félagsins um gufuskipa ferðir, 6 skjöl.

117. Erindi frá forsætisráðherra Dana, J. C. Christensen, um hluttöku Íslands í kostnaði við mælingar á landinu, 2 skjöl og 7 uppdrættir.
118. Beiðni frá E. S. Sæmundssen skógræktarnema um 200 kr. aukastyrk til náms, með 2 fylgiskjölum.
119. Erindi frá A. Friis til stjórnaráðsins um innflutning moskusnauta til Íslands, 4 skjöl
120. Erindi frá oddvitum sýslunefndanna í Árness- og Rangárvallasýslum um fjárveiting til talsímasambands milli Reykjavíkur og nefndra héraða.
121. Áskorun frá Stokkseyrarbúum um fjárveitingu til málþráðarsambands frá Reykjavík austur um Árnessýslu.
122. Erindi frá þingmanni Barðstrendinga um 12000 kr. styrk til sýsluvega í Vestur-Barðastrandasýslu.
123. Beiðni frá Margrétu Fr. Bjarnadóttur kenslukonu við heyrnar- og málleysingjaskólann á Stóra-Hrauni, um 500 kr. styrk til að fullkomna sig í grein sinni erlendis.
124. Erindi frá fyrrum alþingismanni Sighvati Árnasyni til fjárlaganefndar efri deildar um að veittar verði 120 kr. árlega til aðstoðarmanns við Forngripasafnið.
125. Erindi um, að laun vörumerkjaskráritarans verði færð úr 300 kr. upp í 400 kr. á ári.
126. Erindi frá þingmanni Borgfirðinga um uppmæling Borgarfjarðar.

Nd. **476. Nefndarálit**
um frumv. til fátækralaga.

Vér höfum tekið frumvarp þetta til vandlegrar íhugunar og getum í allflestum atriðum felt oss við ákvæði þess. — Þar sem lagabálkur þessi snertir mjög víðtækt og margbrotið efni er það eigi nema eðlilegt, þótt ágreiningur sé og verði ætíð nokkur um ýms atriði og eins má ganga að því vísu, að með slíkri lagasetning er aldrei auðið að girða fyrir allar vafasemdir.

En vér álítum hinsvegar, að það hafi mikla þýðing að færa öll ákvæði um fátækramál saman í einn bálk. Þá eru þau aðgeingilegri fyrir alla. — Þau nýmæli, er tekin eru upp í frumvarpið, höfum vér sérstaklega athugað. Nokkur þeirra eru tekin upp eptir stjórnarvenju, er myndazt hefir undir hinni eldri löggjöf og höfum vér ekkert verulegt við þau að athuga. — Enn fremur eru og í frumvarpinu nokkur nýmæli, t. d. um hjónaframfæri, um endurgjald á sveitarstyrk, um hjúaframfæri, um fátækraflutninga o. fl., er sumpart standa í eðlilegu afleiðinga-sambandi við breyting á löggjöfinni í öðrum greinum og sumpart hafa komið fram áður á Alþingi. Við þessi atriði höfum vér ekki neitt verulegt að athuga.

Vér höfum sérstaklega tekið til rækilegrar íhugunar það atriði þessa frv., er bæði nú og áður hefir valdið mestum ágreiningi: sveitfestistímann, sem í frv. er nú ákveðinn 10 ár. — Þessi tími virðist mjög mörgum oflangur, eins og nú háttar atvinnuhögum og samgaungum hér á landi. Aptur á móti telja aðrir mjög varhugavert, að stytta þennan tíma til 2 ára, eins og milliþinganefndin hafði lagt til, telja það of stórvaxið stökk, er vandséð sé, hvort vel gefist.

Nefndin hefði í heild sinni geingið að því að breyta sveitfestistímanum í 5 ár, til þess að koma nokkurri lagfæring á þá annmarka, er fylgja 10 ára dvölinni og telur eigi þá stytting, frá öðrum hliðum skoðað, varhugaverða, en að þessu sinni hefir þó nefndin eigi komið fram með breytingartillögu í þessa átt, þar sem nefndin ekki á það alveg víst enn þá, að slík breyting, þótt hún feingi samþykki háttv. neðri deildar, ekki gæti orðið frv. til falls eða tafar.

Fyrir hinum einstöku breytingartillögum vorum verður gerð grein við framsögu málsins.

Vér leggjum því til, að frv. verði samþykt með þessum breytingum:

1. Við 11. gr. Í stað »fer« komi »er«.
2. — 14. — »börn laungetin« komi »óskilgetin börn«,
3. — 33. — »síðar eða« falli burt.
4. — 34. — 3. málsl.: »og sveitfestisdvölin telst — inn í sveitina« falli burt.
5. — 47. — Í stað »heim« komi: »á heimili þeirra«.
6. — 53. — 3. málsl. b. orðist svo: b. Greptrunarkostnað þurfamanna, að því leyti er eptirlátnar reitur þeirra eigi hrökkva til.
7. — 55. — Aptan við fyrri málslið bætist: Sveitarstjórn getur beiðst lögtaks á skuldum eptir fyrirmælum laga 16. Dec. 1885 um lögtak og fjárnám án dóms eða sáttar.
8. — 66. — Í stað »mánuður« komi: hálfur mánuður.
9. — — — Í stað »rannsaka svo fljótt — sveitlægur« komi: »útvega svo fljótt, sem við verður komið, viðurkenning fyrir sveitfesti þurfamanns, eða sönnun fyrir, hvar hann sé sveitlægur.
10. — 68. — Í stað »landssjóð« komi: »sýslusjóð« og á eptir: »ákvæði sýslumanns, eða« bætist inn »í landssjóð eptir ákvæði«.
11. — 76. — Í stað »12 vikna« komi: »6 vikna«.

Neðri deild Alþingis 18. Ág. 1905.

Árni Jónsson, formaður. Guðl. Guðmundsson, skrifari og frams.m. Jón Magnússon.

Jóhannes Ólafsson. Stefán Stefánsson, þm. Skf.

Ed.

477. Frumvarp

til laga um sölu þjóðjarða.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á þjóðjörð sitja, ábýli sín, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Heimild þessi nær eigi til þeirra þjóðjarða, sem að áliti sýslunefndar þar, er jörð liggur, eru hentugar til embættisseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almennings nota.

Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á þjóðjörð eða sýslu-

nefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skams, eða sýslunefnd hyggur jörðina sérstaklega fallna til sundurskiptingar á milli margra grasbýla, og má þá eigi selja jörðina án sérstakrar lagaheimildar í hvert skipti.

3. gr.

Þegar þjóðjörð er seld samkæmt lögum þessum, skal ávalt undanskilja náma, sem vera kunna í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rétt til að nota þá, en ábúanda bera fullar bætur eptir óvilhallra manna mati fyrir átroðning og jarðarusla, er af því leiðir, að þeir eru notaðir.

4. gr.

Nú er fleirbýli á þjóðjörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðunni búa, alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja.

5. gr.

Nú er þjóðjörð í eyði, og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur.

6. gr.

Sá, er leita vill kaups á þjóðjörð, semur um það beiðni, stýlaða til stjórnarráðsins, og sendir hana til oddvita sýslunefndarinnar.

Ef beiðandi fullnægir skilyrðunum fyrir því, að geta feingið jörðina keypta eptir lögum þessum, leggur sýslumaður beiðni hans fyrir sýslunefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi, hvort hún telji jörðina til þeirra þjóðjarða, sem getur um í 2. gr. Enn fremur skal sýslunefnd segja álit sitt um, hvort undan sölunni ætti að skilja skóglendi, fossa eða önnur jarðargögn, önnur en náma.

7. gr.

Nú telur sýslunefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr., og skal þá sýslumaður dómkveðja tvo óvilhalla menn til þess, að gera lýsing á jörðunni ásamt öllu því, er henni fylgir og fylgja ber, og meta til peningaverðs. Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4% í vöxtu á ári veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um 10 síðastliðin ár, ef leigumáli að dómi matsmanna hefir verið hæfilegur og honum hefir á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskipti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt eptir leigumála jarða í því bygðarlagi. — Jarðabótakvöð, þá sem hér er nefnd, skulu matsmenn reikna til dagsverka eins og tíðkazt hefir við styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga, og telst hvert dagsverk jafngilda 1 kr. 25 aurum í öðru eptirgjaldi.

Nú hefir sýslunefnd látið í ljósi það álit samkvæmt 6. gr., að undan sölu þjóðjarða ætti að skilja skóglendi, fossa eða annað, og skal þá meta jörðina bæði að gæðum þessum meðtöldum og án þeirra.

8. gr.

Nú hefir ábúandi á næstu 10 árum áður en mat fer fram og án nokkurs styrks úr umboðssjóði gert jarðabætur eða jarðarhúsabætur á þjóðjörð um fram það, er byggingarbréf áskildi, og skulu þá matsmenn þeir, er um getur í 7. gr., meta jörðina eins og eingar slíkar jarðabætur eður húsabætur hefðu verið gerðar. Sú upphæð skal dregin frá söluverði jarðarinnar, þegar ábúandi sá, er þær gerði, ekkja hans eða niðjar eru kaupendur.

9. gr.

Jafnframt því er sýslumaður kveður matsmenn samkvæmt 7. gr., skal hann útvega frá umboðsmanni eða umráðamanni þjóðjarðarinnar skýrslur þær viðvíkjandi jörðunni, sem matsmenn þurfa samkvæmt ákvæðum 7. og 8. gr. við mat sitt og lýsing á jörðunni. Umboðsmanni eða umráðamanni er skylt að láta þessar skýrslur í té innan hæfilegs tíma, er sýslumaður tiltekur.

10. gr.

Lýsingar- og matsgerð sína á jörðu senda matsmenn ásamt öllum tilheyrandi skjölum til sýslumanns, er síðan skal láta matsmennina staðfesta gerðina fyrir rétti að tilkvöddum kaupsbeiðanda og umboðsmanni eða umráðamanni jarðarinnar. Beiðnina um kaupin, lýsingar og matsgerðina ásamt öllum öðrum skjölum málsins sendir sýslumaður að því búnu hlutaðeigandi umboðsmanni, en hann afgreiðir málið til stjórnarráðsins, ásamt áliti sínu um það, svo fljótt sem því verður við komið.

11. gr.

Nú vill eigandi jarðar, sem þjóðjörð á ítak í, leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við ábúanda þjóðjarðarinnar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsá sama hátt og um þjóðjarðir samkvæmt 6.—10. gr.

12. gr.

Þegar málið er komið til stjórnarráðsins, getur það, ef því þykir sérstaklegar ástæður til bera, kvatt sér til ráðaneytis kunnuga menn, er lýsi jörðum þeim og ítökum, sem til kaups er falað, meti til verðs og segi álit sitt um, hvort rétt sé að selja.

13. gr.

Nú kaupir ábúandi jörð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá greiða að minsta kosti tíunda hluta kaupverðsins um leið og kaupin eru gerð. Um eptirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabréf fyrir þeim með fyrsta veðrétti í jörðunni, og greiðir þær síðan ásamt 4% í ársvöxtu, með jöfnum ársgreiðslum á eigi leingri tíma en 28 árum.

Nú geingur jörð, sem seld hefir verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, áður en kaupverðið er að fullu greitt, og falla þá eptirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga.

14. gr.

Nú er þjóðjörð eða ítak selt eptir lögum þessum, og ákveður ráðherrann þá endanlegt söluverð, sem þó aldrei má minna vera en verð það, sem metið hefir verið samkvæmt 7.—12. gr., og gefur út afsalsbréf fyrir hinu selda. Öll skjöl, er snerta söluna, skulu lögð fyrir næsta Alþingi til athugunar.

15. gr.

Kostnað við matsgerð þá, sem ræðir um í 7. gr., greiðir sá, er kaups beiðist á þjóðjörð eða ítaki, og getur sýslumaður krafizt, að hann setji trygging

fyrir skilvísri greiðslu kostnaðarins, um leið og hann afhendir sýslumanni beiðni sína samkvæmt 6. gr.

Borgun til þeirra manna, sem ráðherra kann að kveðja sér til ráðaneytis samkvæmt 12. gr., greiðist úr umboðssjóði, hvort sem úr sölu verður eða eigi.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Nd. **478. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um atvinnu við siglingar.

Háttvirta efri deild hefir gert nokkrar breytingar við frumvarpið, og eru flestar þeirra að eins lítilfjörlegar orðabreytingar, sem vér viðurkennum, að séu heldur til bóta, og getum því fallizt á þær.

Aðalbreytingin, að 3. gr. frumvarpsins er feld burt, er að voru áliti miður heppileg, vegna þess að einmitt ákvæði 3. gr., að þeir menn, sem tekið hafa hið minna stýrimannapróf, hafi rétt til að sigla milli landa sem skipstjórar, er mjög nauðsynlegt eins og nú er ástatt.

Viðaukinn við 14. gr., sem nú er 13. gr., bætir nokkuð úr þessu, þar sem ekki er ástæða til að efa, að stjórnin beiti heimild þessari svo, að hún verði að tilætluðum notum.

Með því að nú er svo áliðið þingtímann, sjáum vér oss eigi fært, að koma fram með breytingartillögur við frumvarpið, því vér álítum málið svo þýðingarmikið, að ekki sé rétt að stofna því í þá hættu, sem af því mundi stafa, ef það ætti enn að ganga milli deildanna.

Þótt vér, eins og áður er tekið fram, séum ekki í alla staði ánægðir með frumvarpið, viljum vér þó ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja það óbreytt.

Neðri deild Alþingis 18. Ágúst 1905.

Jón Magnússon, formaður — M. J. Kristjánsson, skrifari og framsögum.

Stefán Stefánsson Eyf., G. Björnsson, Magnús Andrésson.

Ed. **479. Nefndarálit.**

í málinu: Frumvarp til laga um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

Nefnd sú, er kosin var til að íhuga og segja álit sitt um þetta frumv., hefir athugað málið á nokkrum nefndarfundum og orðið á eitt sátt um að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með nokkrum breytingum, er hér skulu tilgreindar.

Að því er snertir sölu á Örfirisey, þykir nefndinni réttara að einskorða hana hvorki við Reykjavíkurkaupstað né 6000 króna hámark, með því að *hugsanlegt* væri, að annar kaupandi og hærra boð byðist, en hins vegar verður nefndin að telja rétt að Reykjavíkurkaupstaður hafi forgangsrétt að kaupinu að öðru jöfnu.

Söluverð Arnarhólslóðarinnar telur nefndin rétt að hækka úr 3 og 4 krónum upp í 5 krónur, án tillits til, hvort selt er af skákinni fyrir sunnan Hverfisgötu eða fyrir norðan væntanlegt framhald Lindargötu, með því að mjög er tvísýnt, að syðri lóðirnar verði í hærra verði en þær sem norðar eru og nær sjó liggja. Hækkun lágmarksins um 1—2 kr. stafar af því, að nefndin telur svæði það, sem hér er um að ræða, eitthvert hið álitlegasta byggingarsvæði í öllum bænum, og telur sennilegt, að selja megi nú þegar nokkurn hluta þess fyrir jafnvel hærra gjald, en hér er farið fram á.

Þá sér nefndin eigi brýna þörf á, að landsbanki Íslands greiði byggingarsjóði 7500 króna árgjald; þeir eru báðir eign landssjóðs og verður því tillag annars þeirra til hins í raun og veru eigi annað en tillag landssjóðs til sjálfs sín, en hins vegar tvísýnt, hvort ráðlegt er að skerða að svo stöddu varasjóð bankans að nokkrum mun, með því að hann verður að skoðast sem nauðsynleg trygging fyrir því mikla fé, sem bankinn geymir og ávaxtar fyrir skiptavini sína í sparisjóði og á hlaupareikningi.

Að síðustu skal þess getið, að nefndinni þykir réttara að tilgreina sérstaklega, að stjórnarráðinu veitist heimild til að setja miðstöðvarhitun í þinghúsið, með því að hún er allmikill hluti hins áætlaða breytingarkostnaðar.

Vér leyfum oss því að ráða hinni háttv. deild til að samþykkja þessar breytingartillögur við frumvarpið:

1. Við 2. gr. Fyrir: »að selja — 6000 krónur« komi: að selja Örfirisey fyrir að minsta kosti 6000 krónur.
2. — 2. — Í stað: »fyrir það verð, — Hverfisgötu« komi: fyrir eigi minna en 5 kr. fyrir hverja ferhyrningsalin.
3. — 3. gr. Greinin falli burt.
4. — 6. — 2. lið. Í stað: »Alþingi — og má« komi: Alþingi, til útbúnaðar risnuherbergja og að leggja miðstöðvarhitun í húsið, má etc.

Efri deild Alþingis, 18. dag Ágústmánaðar 1905.

Eiríkur Briem, formaður. Jón Jakobsson, skrifari og frmsögum.

Valtýr Guðmundsson, með fyrirvara.

Ed.

480. Nefndarálit.

í málinu; Frumvarp til laga um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna.

Breytingar þær, sem h. neðri deild hefir gjört á frumvarpi þessu eru litlar og engar þess eðlis, að vér ekki getum samþykkt þær; ráðum vér hinni háttvirtu efri deild því til að samþykkja frumvarpið óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi 18. Ágúst 1905.

Eiríkur Briem, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður.

Þórarinn Jónsson. Ag. Flygenring. Guttormur Vigfússon.

Ed. **481. Nefndarálit**

um frv. til laga um innköllun og útgáfu nýrra seðla (þingskj. 436).

Frumvarp þetta hefir tekið nokkurri breytingu í Nd., en hún er ekki svo lögguð að vér finnum neina ástæðu til að ráða til breytingar á því, og leggjum því til, að háttv. Ed. samþykki það óbreytt

Alþingi 19. Ágúst 1905.

Sigurður Jensson, formaður.	Eiríkur Briem, skrifari.	Ág. Flygenring, framsögum.

Ed. **482. Breytingatillögur**

við frumv. til fjárlaga 1906 og 1907 (þskj. 416).

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 2. gr. 9: Orðin »2%« falli burt.
2. — 10.—12.: Orðin »2%« í hverjum þessara liða falli burt.
3. — 1. gr. Upphæðin breytist þessu samkvæmt, að því athuguðu, að hún er vantalin í frumv. um 10,000 kr.
4. — 10. gr. A 5. Í síðari grein athugasemdarinnar, á eptir orðunum: »bókasafni Norðuramtsins«, bætist við: og væntanlegri símastöð á Akureyri.
5. — 11. gr. 5 b. með því skilyrði, að dvöl hans á höfnum verði svo laung, að almenningar hafi hans tilætluð not.
6. — 11. gr. 7 f. Athugasemdin falli burt.
7. — 12. gr. A. 1 a. Aptan við liðinn bætist: Þingið ætlast til, að væntanleg aðalsímastöð landsins geti feingið húsnæði í pósthúsinu.
8. — 12. gr. A 3. Fyrir: 600 — 600« komi: 500 — 500.
9. — 12. gr. B 3. Liðurinn orðist svo:

	1906	1907	Alls
a. til flutningabrautar á Fagradal á fjárhagstímabilinu	»	»	20,000 kr.
b. til flutningabrautar upp Borgarfjörð		8000	
c. til viðhalds flutningabrauta... ...	12000	12000	

10. — 12. gr. B. 7. Liðurinn falli niður.
11. — 12. gr. B. 8. sömuleiðis.
12. — 13. gr. B. 9. sömuleiðis.
13. — 12. gr. B. 12. sömuleiðis.
14. — 12. gr. C. 1. Í 3. línu athugasemdarinnar breytist »eins og« í: ekki fleiri en.
15. — 12. gr. C 1. Aptan við athugasemdina bætist: ennfremur, að fargjald fyrir Íslendinga milli Íslands og Skotlands á hvoru farrými sem er, sé ekki dýrara en $^2/_3$ af fargjaldi milli Íslands og Kaupmannahafnar, og að alþingismenn hafi ókeypis far með skipunum á þeim ferðum, er styrktar eru af landssjóði«.
16. — 12. gr. C. 2. Veitingaliðirnir innan stryka aðgreinist með a), b), c), d) í þeirri röð sem þeir standa.

17. Við 12. gr. C 2. Fyrri málsgrein athugasemdarinnar verði svo orðuð:
Áætlun um ferðirnar undir staflið *a* samþykkir ráðherra eptir að hann hefir feingið tillögur bæjarstjórna og sýslunefnda, er hlut eiga að máli.
Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlanir bátanna á staflið *b*, *c*, og *d*.
18. — 12. gr. C. 4. Stafliðurinn falli burt.
19. — 12. gr. D. 5. d. Við liðinn teingist þessi athugasemd:
»Heimilt er stjórninni, er hún ákveður, hvar talsímastöðvar skuli vera, að gera það að skilyrði, að sveitarfélög leggi árlegan skerf til rekstursins.
20. — 13. gr. B, I, b, 1. Á eptir »lærisveinum« komi: 80 kr. til hvers.
21. — 13. gr. B, I, b, 2. Neðan við athugas. bætist ný málsgrein:
Styrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjar-nemendum.
22. — 13. gr. B, II, b. 5. tölul. verði 1. tölul. og tala hinna breytist eptir því.
23. — 13. gr. B, II, b. Aptan við aths. við 1. lið frvs. (er verði 2.) bætist sama málsgrein, sem við 13. gr. B. I, b, 2.
24. — 13. gr. B, III, c, 6. tölul. verði 5., og 5. tölul. verði 6.
25. — 13. gr. B, III, c. Aptan við aths. við 5. lið (er verði 6. tölul.) bætist sama málsgrein sem við 13. gr. B, I, b, 2.
26. — 13. gr. B, III, c. 14. liður falli burtu.
27. — 13. gr. B, III, c. 15. liður sömul.
28. — 13. gr. B, VI, a, 3. Fyrir: »1500 — 1500« innan stryks komi: 2000 2000.
29. — 13. gr. B, VI, a, 4. Fyrir: »1600 — 1600« komi: 1120 — 1120.
30. — 13. gr. B, VI, a, 5. falli burtu.
31. — 13. gr. B, VI, b, 4. falli burtu.
32. — 13. gr. B, VI. b. 5. falli burtu.
33. — 13. gr. B, VI, g. falli burtu.
34. — 13. gr. B, VI, i. falli burtu.
35. — 13. gr. B, VI, l. falli burt síðara árið.
36. — 13. gr. B, VI, m. sömul.
37. — 13. gr. B, IX. falli burt.
38. — 13. gr. B, X. sömul.
39. — 14. gr. 7. b. (innan stryks) fyrir: »600« komi: 720 og aptan við bætist athugasemd svo hljóðandi: Fyrir að sjá safnið borgi útlendingar hvern dag 50 au. hver; rennur það gjald í landssjóð, að frádregnum aukakostnaði.
40. — 14. gr. 10. Liðurinn falli.
41. — 14. gr. 13.—31. Í stað þeirra liða komi:
13. Til vísinda og bókmenta, hvort árið stjórninni til umráða 20,000 kr.
Af því fé leggur Alþingi til að greiðist:
a. til Sigfúsar Blöndals, til þess að vinna að ísl.-danskri orðabók 300 — 300.
b. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenja-rannsókna: 300—300 kr.
c. til Páls Ólafssonar skálds 500 — 500 kr.

d. til Þorsteins Erlingssonar 800 — 800 kr.
e. til séra Valdemars Briems 800 — 800 kr.
f. til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar hindindi 200 — 200 kr.
g. til stórstúku Good-Templara á Íslandi í sama tilgangi 1200 1200 kr.
Aths. við f. og g.:
Bæði þessi tvö síðastnefndu félög geri stjórninni reikning fyrir, hversu fénu er varið.
h. styrkur til Bibliufélagsins til nýrrar þýðingar *og útgáfu* á ritum gamla testamentisins 1000 — 1000.
i. til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk: 150 — 150.
k. Til Leikfélags Reykjavíkur, alt að 1000 — 1000.
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti fél. að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.
l. Til cand. mag. Boga Melsted, til að semja sögu Íslands 1000-1000.
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að út komi af framhaldi Íslendinga-sögu að minsta kosti 8 arkir á ári.
m. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands og halda sögufræðilega fyrirlestra 1200 — 1200.
Af þessari upphæð greiðist 400 kr. á ári sem ritlaun fyrir sagnfræðilegar ritgerðir, 50 kr. fyrir hverja örk.
n. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna 600 — 600.
o. Til landmælinga á Íslandi . . . . . 5000—5000.
p. Til Ásgríms Jónssonar málara, til þess að fullkomna sig í málaralist 600 — 600.
q. Til Benedikts Jónassonar til þess að stunda nám á verkfræðingaskóla í Þrándheimi 500 — 500.
r. Til Helga Péturssonar til jarðfræðisrannsókna alt að 3000 — 3000.
Þar af til ferðakostnaðar eptir reikningi hvort árið alt að 1000 kr.
s. Til Helga Jónssonar til mýra og grasafræðisrannsókna 1200 — 1200.

42. Við 15. gr. 1, a. 2. Í stað »1200 — 1200« komi: 2500 — 1500, og þessi liður verði 4. liður.
43. — 15. gr. a 3. og 4. liður verði 2. og 3. liður.
44. — 15. gr. a 4. liður frvs. (er verði 3. liður) breytist svo, að innan stryks komi: »4400 — 6000« fyrir: 6000 — 8000.
45. — 15. gr. 2. Liðurinn verði svo:
»til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum, [hvort árið] alt að: 2000 — 2000.
46. — 15. gr. 1 i: Fyrir: »15000 — 15000«
komi: 18000 — 18000.

47. Við 15. gr. 7. liður hljóði svo:
»Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess undir yfirumsjón landssjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík 4000 — 5000.
48. — 15. gr. 8 a. falli burtu.
49. — 15. gr. 8 b. verði 8. liður, og orðist svo:
»Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis 1500 — 1500.
50. — 15. gr. 9. Liðurinn falli burtu.
51. — 15. gr. Inn í bætist 2. töluliðir, er verða 9. og 10. svo látandi:
9. til Jóns Sigurðssonar til að stunda rafmagnsfræði í Khöfn 400 — 400.
10. til Björns Pálssonar til að stunda rafmagnsfræði á Harward háskóla 600 — 250.
52. — 15. gr. 12. (í frv.) Liðurinn falli burt.
53. — 15. gr. 13. Fyrir: »1600 — 1600« komi: 2000 — 2000.
54. — 15. gr. 14. Fyrir: »300 — 300« komi: 360 — 360.
15. gr. 20. falli burtu.
55. — 20. gr. Í 1. málsgr. 4. liðs falli burt orðin: »frá útlöndum«.
56. — 20. gr. Aptan við 1. málsgrein 11. liðs (Jóh. J. Reykdal) bætist:
»Þó má upphæð lánsins eigi fara fram úr $^1/_2$ virðingarverði«.
57. — 7. og 19. gr. Upphæðirnar breytist samkvæmt þeim breytingum, er verða á einstökum greinum frumvarpsins.

Ed. **483. Nefndarálit**
um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Nefndin getur þess, að sakir þess, hve alveg sérstaklega hefir staðið á í þetta sinn, hefir málið komið svo seint til þessarar deildar, að nefndin hér hefir haft óvenjulega stuttan tíma til starfa.

Nefndin viðurkennir sérstaklega mikla viðleitni háttv. Nd. til að spara fé landsins á alla lund, og það hefir verið viðleitni vor að fylgja hinni sömu stefnu.

Nefndin hefir yfirleitt orðið á eitt sátt um álit sitt, þó að einstakir nefndarmenn hafi áskilið sér sérstöðu í atkvæðagreiðslu um fáeinar tillögur. Þó er hér ein undanteknig á, en það er um 12. gr. D. »til ritsíma og málþráða«. Um það mál hefir nefndin klofnað, og munum vér meðundirskrifaðir Sigurður Stefánsson og Valtýr Guðmundsson, koma fram með sérstakar minnihlutatillögur.

Að svo mæltu snúum vér oss að einstökum greinum, og er þess þá fyrst að geta, að því er snertir **1 gr.**, að eins og frumvarpið liggur hér fyrir deildinni frá háttv. Nd., eru tekjurnar skakt taldar saman: 2,030,410 kr., en á að vera: *2,040,410 kr.*, eða 10,000 kr. hærri, en í frumv. stendur.

Hinsvegar er tekjuhallinn í **19. gr.** talinn 195,489 kr. 64 au., og er það hvorki samkvæmt hinum röngu samtölum frumvarpsins á tekjum og gjöldum, né heldur réttri samtölu tekna og gjalda. Hin rétta upphæð tekjuhallans í frumvarpinu, eins og það liggur fyrir hér, á að vera *185,489 kr. 64 au.*

Tekju-hliðin.

Þar er þess að geta um **2. gr.** frv., að í 9., 10., 11. og 12. lið hennar eru 2% í innheimtulaun dregin frá *öllu* aðflutningsgjaldinu, en samkvæmt tollögunum frá 29. f. m. greiðist ekkert innheimtugjald af þeirri 30% tollhækkun, sem með þeim var lögleidd fyrir fjárhagstímabilið. — Samkvæmt þessu leggjum vér til, að orðin »2%« falli burt í hverjum af þessum liðum.

Gjalda-hliðin.

Þar er fyrst að minnast á **10. gr.** A 5, fjárveitinguna til ráðhúss og fangahúss á Akureyri. Vér höfum ekkert að athuga við þá veiting, annað en það, að jafnframt því sem bókasafni Norðlendingafjórðungs er áskilið þar rúm, virðist oss sennilegt, að áskilja þar og nauðsynlegt rúm fyrir símastöðina væntanlegu á Akureyri.

Við **12. gr.** B 7., 8., 9. og 12. lið leggjum vér til, að þeir séu feldir úr frv. — Nefndin er öll einhuga á því, að það sé með öllu röng frumregla, að landssjóður leggi fé fram til sýsluvega og hreppavega, og að það hafi verið hið mesta slys, að Alþingi skuli nokkru sinni hafa tekið slíkt ráð upp; telja því flestir nefndarmenn það, að þingið hefir einu sinni leiðst út á þá braut einga gilda ástæðu til að halda áfram leingra í sömu átt, heldur fulla ástæðu til að hverfa sem fyrst af henni aptur, því fremur nú, sem fjárhagurinn er þraungur, og hins vegar sýnilegt, að verði þessari stefnu, sem vér álítum al-ranga, haldið áfram leingur, þá drægi hún æ þyngri og þyngri dilka eptir sér á hverju þingi. — Í þessu sambandi má geta þess, að nefndinni barst erindi frá h. þm. Barðstr. um fé til sýsluvega í hans kjördæmi, sem er eitt hið yfirferðarversta á landinu og ætti án efa fult svo mikla sanngirniskröfu til styrks sem flest eða öll þau sýslufélög, sem með styrk standa í frv., en vér létum eðlilega eitt yfir alla ganga hér.

Við 12. gr. C 1. fer nefndin fram á, að fargjald milli Ísl. og Skotl. lækki um $^1/_3$ *fyrir Íslendinga.* Það er sanngjörn kvöð, sem leingi hefir vakað fyrir Alþingi. Með því að fél. hefir á öðrum stað geingið að því að gera mun á Íslendingum (sem styrkja félagið) og öðrum þjóðum (sem ekki gera það), getur ekkert verið til fyrirstöðu að gera eins hér.

Kvöðin um alþingismenn er ekki annað en það, sem tíðkast í öðrum löndum við eimskip og járnbrautir, sem þjóðfélagið annað hvort á eða styrkir.

Fyrir nokkrum breytingatillögunum næstu verður grein gerð í framsögunni.

Við **13.** gr. eru tillögur um, að fella burt liðina III, c, 14 og 15, og er sú ástæða til þess, að nefndinni þykir þessir liðir megi vel bíða þess, að reglugerð skólans hin nýja verði lögð fyrir Alþingi, eins og til var ætlazt og áskilið var.

Við sömu gr. VI. a., 3.—4. fer nefndin fram á að hækka tillagið til kvennaskólans sjálfs á Blönduósi um 500 kr. Það virtist oss sannarlega ekki of hátt í samanburði við kvennaskólann í Reykjavík, sem er efnaðri stofnun, en hefir þó 2500+500 kr. styrk úr landssjóði. Ekki eykur þessi tillaga vor þó útgjöld fjárlaganna nema um 20 kr., því að vér leggjum til að færa niður um 480 kr. styrk til námsmeyja. Samt verða eptir 1120 kr. á ári í þessu skyni, eða styrkur til 28 námsmeyja, og eru eingin líkindi til að þær verði fleiri.

Þá vill nefndin fella burtu tillag til kvennaskólans á Akureyri, þar eð laungu er ákveðið að leggja hann niður, og sjáum vér ekki rök til, að verið

sé að setja inn í fjárlög styrk, sem geingur þvert ofan í úttalaðan vilja og ályktun þingsins að undanförnu.

Liðinn 13. gr. IX leggjum vér til að fella; vitum þar einga von þess manns, er líklegur væri til að búa sig undir það starf, og teljum nógan tíma að veita féð, er maður nokkur er til að nota það.

Þá hefir það og orðið niðurstaða nefndarinnar að fella niður liðinn á 13. gr. X. Vænta nefndarmenn flestir lítils árangurs, nema ef vera skyldi til samkoma, er komið yrði upp að nafninu til að hlýða á fyrirlestur, en ef til vill aðallega til skemtana á eptir.

Þá hefir nefndin gert br.till. við 14. gr. 7. b., í þá átt að hækka liðinn (borgun fyrir umsjón við Forngripasafnið) um 120 kr. En með athugasemdinni vonar nefndin að hafa meira en hætt landssjóði það upp. Landsmenn kosta safnið úr landssjóði, og því ætlum vér þeim frían aðgang að því. En útlendingar kosta það ekki, og þar sem 50 au. eru alvanagjald víða erlendis fyrir að sjá slík söfn, mun það eingan fæla.

Við 13.—31. lið 14. gr. gerir nefndin þá aðal-formbreyting, að veita ámóta upphæð, sem þeir allir nema (með breytingum vorum) stjórninni til umráða, en nefna upphæðir þær, er vér viljum að veittar sé, innan stryks. Frumregla þessi þykir oss miklu réttari í þingfrjálsu landi.

Fyrir lækkunum þeim, sem fram á er farið við 2 liði, og burtfelling 1 liðar, verður grein gerð í framsögunni.

Við 15. gr. förum vér fram á, að gera Eiðaskóla líkt undir höfði og verklegu kenslunni í Ólafsdal og breyta eptir því röð skólanna, en þá fær Eiða-skóli ekki þátt í styrknum eptir nemenda-fjölda. Vér förum því fram á að lækka hann nokkuð, ekki þó tiltölulega, og sparast landssjóði við það 1000 kr.

Tillagan við staflið *i* er í samræmi við lög, sem þessi deild hefir samþykt að sínu leyti.

Till. við 15. gr. 2 er bygð á því, að nefndinni er kunnugt, að hér er kostur á aðstoð verkfræðings, þótt nú sé í annari stöðu, og telur nefndin óþarft að setja upp launaða fasta sýslan í þessu skyni.

Nefndin vill veita Iðnaðarfélaginu í Reykjavík fé það, sem þarf til ins tekniska skóla; en sér ekki næga ástæðu til að veita öðrum félögum á öðrum stöðum líkan styrk að sinni, því fremur sem eingin vissa er fyrir að kenslukraptar sé þar til.

1500 kr. kvort árið ætlum vér nægja til utanfarastyrks iðnaðarmönnum alls af landinu, því fremur sem þeir fá far fyrir hálft fargjald til útlanda.

Loks fer nefndin fram á tvær veitingar til efnilegra ungra manna: Jóns Sigurðssonar og Björns Pálssonar; Jón mun vera efnalítill og Björn er efnalaus. Báðir eru efnismenn, vandaðir og vel gefnir; báðir vilja stunda rafmagnsfræði, annar í Höfn, en hinn við Haward-háskóla og hefir sá háskóli fyrirfram heitið þeim nemanda að styrkja hann með hálfum kostnaði fyrsta árið (en námskostnaður er þar um 1870 kr. á ári), annað árið að mest öllu leyti, og alveg úr því, og hefir forstöðumaður háskólans látið í ljós, að sér væri kært að styðja efnilega Íslendinga til að nema það, sem mest væri þörf á hér á landi, en það væri teknisk kunnátta.

12. lið 15. gr. vill meiri hluti nefndarinnar fella og mun væntanlega færa rök fyrir því í umræðunum.

Þá viljum vér hækka laun yfirmatsmannanna (15. gr. 13). Þeim er bannað að hafa *nokkra* atvinnu í þjónustu kaupmanna. Mennirnir eru að kunnugra manna vitni mjög hæfir og skylduræknir, og þótt nýir menn feingist í svip, þá yrðu þeir að fara utan og yrðu án efa ófúsir að halda áfram ári leingur, er þeir reyna stöðuna.

Loks viljum vér bæta 60 kr. við skrásetjara vörumerkja, eins og hann hefir nú. Hvort sem starfið er meira eða minna, þá er honum gert að skyldu að leggja til skrifstofu, sem hann á að halda opinni 1 klukkustund daglega.

Ed. Alþingis, 19. Ágúst 1905.

Jón Jakobsson, formaður
Jón Ólafsson, skrifari, framsm.
Guttormur Vigfússon.
Sigurður Stefánsson,
Valtýr Guðmundsson.

Álit

minni hluta fjármálanefndarinnar um frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Við höfum ekki getað orðið hinum háttv. samnefndarmönnum okkar sammála um sum atriði í fjárlagafrv., eins og það nú liggur fyrir, og hefir aðalágreiningurinn snúist um 12. gr. þess.

Að því er 12. gr. C snertir, þá fáum við ekki séð, að ástæða hafi verið til að taka tilboð hins Sameinaða gufuskipafélags fram yfir tilboð það, sem fyrir lá frá Gufuskipafélaginu »Thore«, þar sem það félag bauð miklu fleiri og betri ferðir fyrir 40,000 kr. minna tillag úr landssjóði á fjárhagstímabilinu, svo framarlega sem feingizt hefði 40,000 kr. árstillag til þeirra ferða úr ríkissjóði Dana, sem við teljum eingan vafa á að feingizt hefðu til hvers þess félags innanríkis, sem Alþingi hefði samið við. En eptir því sem máli þessu er nú komið, álítum við tilgangslaust að koma fram með breytingartillögu við þennan lið og látum oss því nægja að lýsa óánægju vorri yfir að niðurstaðan hefir orðið miklum mun óhagkvæmari fyrir landssjóð en nauðsyn krafði.

Að því er snertir 12. gr. D (til ritsíma og málþráða), þá getum við með eingu móti fallizt á þær fjárveitingar, sem farið er fram á í þessum lið, hvorki að því er snertir tölul. 1 (tillag til sæsíma), né tölul. 2—5 (stofnkostnað, viðhald og rekstur landsíma). Ástæður okkar fyrir þessari afstöðu eru í stuttu máli þessar:

Þar sem ritsímasamningurinn við Mikla norræna ritsímafélagið bæði að okkar áliti og samkvæmt játning ráðherra vors sjálfs (sbr. bréf hans til C. Hage 30. Júní 1904) er gerður í heimildarleysi og fer algerlega í bága við tilætlun fjárveitingarvaldsins, þá væri í rauninni það eitt nægilegt til þess, að Alþingi ætti að neita um allar fjárveitingar til að koma honum í framkvæmd. Fjárveitingarvald þingsins er í hverju landi skoðað sem hið dýrasta hnoss, sem þjóðin eigi í eigu sinni, og það er því álitin hin helgasta skylda þjóðfulltrúanna að vaka yfir því, að þessum rétti þingsins sé í eingu misboðið. Það er því bein skylda Alþingis að mótmæla svo kröptuglega sem því er unt, hvenær sem á nokkrum tilraunum bryddir frá stjórnarinnar hálfu að hrófla við þessum rétti eða að fara á svig við hann. Og því meira knýjandi er nauðsynin á að gæta þessarar skyldu rækilega nú, sem vér einmitt erum að hefja nýtt skeið í stjórnarsögu vorri, svo að framtíðarbraut vor í stjórnmálunum getur orðið að miklu leyti undir því komin, hvernig fyrsti spottinn er lagður.

Önnur ástæða okkar til að vera mótfallnir þessum samningi og þeim fjárveitingum, sem af honum leiðir, er efni hans, þar sem hann er oss í ýmsum greinum mjög óhagstæður og særandi fyrir sjálfstæðistilfinning vora. Einkum verðum við þó í því efni að leggja áherzlu á einkaleyfi það í 20 ár, er hann veitir félaginu, sem það meira að segja getur feingið endurnýjaðan eptir þennan tíma, án þess að vér getum þar með nokkru móti á móti spornað, eptir því sem nú er í garðinn búið. Sú einokun, sem þetta einkaleyfi hefði í för með sér, gæti á komandi tíma orðið þjóðfélagi voru og eðlilegum þrifum þess og þroska til svo mikils hnekkis, að einskis ætti að láta ófreistað til að komast hjá henni.

Þriðja ástæðan okkar til að vera á móti ritsímasamningnum er vilji þjóðarinnar, sem komið hefir svo berlega fram bæði á öllum þorra þingmálafunda þeirra, er haldnir voru síðastliðið vor, og í áskorunum frá miklum fjölda kjósenda, er síðar hafa borizt þinginu og einstökum þingmönnum. Þar sem við viðurkennum þjóðræðið og álítum því, að þjóðin sjálf jafnan eigi að vera hæstiréttur í sínum eigin málum, getum við með eingu móti fallizt á, að einu hinu mesta stórmáli, sem uppi hefir verið hér á landi um langan aldur, sé ráðið til lykta, ekki einungis án samþykkis hennar, heldur þvert ofan í yfirlýstan vilja hennar.

Fjórða ástæða okkar til að vera því hraðskeytasambandi mótfallnir, sem sett er á stofn samkvæmt ritsímasamningnum, er, að við álítum þetta samband næsta ótryggilegt, einkum fyrir höfuðstað landsins, sem þráfaldlega getur orðið sambandslaus sökum bilunar á landsímanum, er stundum mundi reynast erfitt úr að bæta fljótlega, þegar bilunin yrði í óbyggðum í óveðrum að vetrarlagi. Kæmi bilun á sæsímanum fyrir, mundi það og geta valdið alllaungum sambandsslitum, eins og ritsímasamningurinn sjálfur ber bezt vitni um, þar sem hann gerir ráð fyrir að staðið geti á viðgerðinni mánuðum saman, alt að þriðjungi árs eða meira.

Fimta ástæða okkar til að vera mótfallnir þannig löguðu sambandi, sem hér er farið fram á, er sú, að við álítum það ekki eins vel sniðið eptir þörfum lands vors, eins og æskilegt væri. Við hugsum okkur ekki að þetta dýra samband eigi aðallega að vera fólki til skemtunar, til þess að geta spjallað saman á milli bæja og sent afmælisóskir eða þess konar, heldur til þess að efla þá atvinnuvegi vora og framfarir, sem það getur orðið að liði. En þegar litið er á það, á hvern hátt hraðskeytasambandið geti bezt orðið til eflingar velmegun og hagsæld í landinu, þá er auðsætt, að innanlandssambandinu verður að vera svo fyrir komið, að verzlun, siglingar og fiskiveiðar geti notað það sem bezt. Öðrum atvinnuvegum vorum getur það — að minsta kosti fyrst um sinn — ekki orðið nema að tiltölulega litlum notum. Það er því auðsætt, að sambandið þarf einkum og sér í lagi að ná til strandanna umhverfis landið, og þá fremst af öllu til kaupstaðanna allra, þar sem fjölmennið er mest (nálega $^1/_5$ þjóðarinnar) og þessar atvinnugreinir mest stundaðar. En í algerðan bága við þetta fer það, að láta landsímann liggja mestmegnis gegnum sveitir og óbygðir, þar sem hann getur ekki komið þessum atvinnugreinum að liði nema á stöku stað, aðallega endastöðvunum. Þetta verður því fráleitara, sem einmitt sá hluti landsins (allir Vestfirðir), er einna bezt skilyrði hefir fyrir að geta haft mikil not af sambandinu, á, að minsta kosti fyrst um sinn, að fara á mis við það. Hér við bætist, að samband þess staðar við útlönd, höfuðstaðarins, þar sem þörfin er mest, verzlunin mest, þilskipaflotinn stærstur, er bæði óbeint og næsta ótryggilegt.

Sjötta ástæða okkar til þess að vera mótfallnir þessu sambandi er, hve kostnaðurinn við það er mikill bæði beinlínis og óbeinlínis, einkum þegar miðað

er við, hvað í boði er í aðra hönd. Til hins beina kostnaðar teljum við það fé, sem landssjóður verður að greiða bæði í stofnkostnað, rekstur og viðhald, en óbeinan köllum við þann kostnað, sem lendir á landsmönnum sjálfum á þann hátt, að þeir verða að greiða miklu hærra gjald fyrir símskeyti sín til útlanda, en þeir mundu þurfa, ef annað fyrirkomulag væri upp tekið og öðrum tilboðum sætt. Samkvæmt símskeytataxta þeim, sem þegar hefir verið samþyktur, á 10 orða símskeyti milli Seyðisfjarðar og Kaupmannahafnar að kosta kr. 8,40, en frá öðrum stöðum á landinu (t. d. Rvík) sjálfsagt enn meira, því þá bætist hér við gjald fyrir skeytið gegnum landsímann. Þegar þetta er borið saman við gjaldið fyrir 10 orða símskeyti milli Kaupmannahafnar og Grikklands, sem ekki er nema kr. 4,50, þá sést bezt, hversu óhæfilega hátt þetta gjald er, og getur því sú upphæð, sem landsmenn verða að borga að óþörfu á þennan hátt, numið stórfé á 20 árum, En þó getur sá skaði eða hnekkir fyrir framfarir vorar, sem leitt getur af því, að menn skirrast við að nota sambandið sökum þessa óhæfilega háa gjalds, numið miklu meira fyrir landið. En hann verður ekki metinn til peninga.

Ef spurningin hefði verið um það, hvort við ættum að ganga að þannig löguðum kostum eða verða af öllu hraðskeytasambandi, þá mundum við þó sjálfsagt hafa ráðið til þess að taka þeim, heldur en verða með öllu sambandslausir. En þar sem nú liggja fyrir þinginu miklu betri tilboð í öllum greinum, þá álítum við, að ekki geti komið til nokkurra mála að ganga að slíkum nauðungarkostum, heldur eigum við að sitja við þann eldinn, sem bezt brennur.

Það tilboð, sem við eigum við, er tilboð Marconifélagsins, Scheme I. Þetta tilboð hefir alla þá kosti, sem gera ritsímasambandið óaðgeingilegt. Það er

1. í fullu samræmi við það, sem farið var fram á á síðasta þingi í athugasemdinni á núgildandi fjárlögum, að því leyti, að með því verður komið á beinu loftskeytasambandi milli Reykjavíkur og útlanda og sambandi milli allra kaupstaða landsins.
2. Það víður að eingu leyti í bága við sjálfstæði vora eða þjóðernistilfinning, þar sem sambandið verður eign landsins og vér höfum sjálfir öll umráð yfir því.
3. Það er í fullu samræmi við þann þjóðarvilja, sem komið hefir fram á þingmálafundum og í áskorunum til Alþingis.
4. Það er langtum tryggilegra en ritsímasambandið, þar sem bilunarhættan er því nær sem eingin og sambandsslit aldrei geta varað nema örstutta stund.
5. Það kemur einmitt þeim hlutum landsins í samband, sem mest gagn geta haft af því, þeim landshlutum, þar sem verzlun, siglingar og fiskiveiðar eru mest stundaðar.
6. Það verður ódýrara bæði beinlínis og óbeinlínis heldur en ritsímasambandið, bæði fyrir landssjóðinn og fyrir þá einstaklinga, sem þess eiga að hafa not, þar sem ganga má að því vísu, að þing og stjórn setji ekki annað eins okurverð á hraðskeytin milli landa, eins og nú er gert ráð fyrir, að því er símaskeytin snertir.

Að því er snertir hinn beina kostnað fyrir landssjóð, skulum við til samanburðar geta þess, að jafnvel eptir reikningi meiri hluta nefndarinnar í ritsímamálinu í neðri deild mundi allur kostnaður landssjóðs við símasamband milli Íslands og útlanda og allra kaupstaðanna innanlands nema upphæð, er samsvaraði 107,500 kr. árgjaldi í 20 ár. Þó að við að vísu teljum þessa áætlun alt of lága og álítum að áætlun minni hluta nefndarinnar, sem áætlar þennan kostnað svo,

að nema mundi 137,640 kr. árgjaldi, miklu nær réttu lagi, þá viljum við að svo stöddu halda oss við áætlun meiri hlutans, af því að meiri hluti neðri deildar hefir bygt á henni og fjárveiting sú, sem nú stendur í frv., er miðuð við hana.

Sé aptur litið á loptskeytasamband það, sem í boði er, þá nema ársútgjöldin til þess í 20 ár samkvæmt reikningi meiri hluta ritsímanefndarinnar 125,634 kr., ef stofnkostnaðurinn er útborgaður þegar í upphafi og lán tekið til þess. En sé þetta ekki gert, og stofnkostnaðurinn greiddur með jöfnum afborgunum á 20 árum, eins og minni hluti nefndarinnar ætlast til og við álítum landssjóði hentugra, mundi árgjaldið til loptskeytasambandsins nema alls tæplega 129,000 kr. (nákvæmlega 128,819 kr.). En af þessari upphæð má, eins og glögglega hefir verið sýnt fram á við umræðurnar í neðri deild, gera ráð fyrir að Danir mundu greiða árlega 54,000 kr., jafnt og til símasambandsins, eða þá Danir og Norðmenn í sameiningu, ef endastöð sambandsins við útlönd yrði höfð í Noregi. Kæmi þá ekki í hlut landssjóðs nema 74,000 kr. á ári, og yrði þá árgjald hans 32,500 kr. minna til loptskeytasambandsins en til símasambandsins.

En munurinn yrði þó í raun réttri enn meiri, þegar miðað er við tekjur þær, sem vænta má að landssjóður fái af sambandinu. Af ritsímasambandinu feingi hann að eins tekjur af sambandinu innanlands, sem okkur virðist með eingu móti mega áætla hærri enn 20,000 kr. En af loptskeytasambandinu feingi landssjóður allar tekjur óskertar bæði af sambandinu milli landa og innanlands. Þó að hraðskeytataxtinn yrði settur töluvert lægri en nú er gert ráð fyrir, álítum við tekjurnar af millilandasambandinu mundu ekki nema minna að meðaltali á 20 árum en 40,000 kr., heldur jafnvel verða töluvert hærri, eins og nánar mun gerð grein fyrir við umræðurnar um málið. Aptur er sennilegt, að tekjurnar af loptskeytasambandi innanlands yrðu nokkru minni en af símasambandi, og viljum við því ekki áætla þær meira en 10,000 kr., þótt líklegt sé, að þær yrðu nokkru meiri. Niðurstaðan af þessum áætlunum yrði þá sú, að tekjur landssjóðs af loptskeytasambandinu yrðu 30,000 kr. hærri en tekjur hans af símasambandi.

Samkvæmt framanrituðu yrði þá loptskeytasambandið landssjóði 62,500 kr. ódýrara á ári heldur en símasambandið, og mundi það nema álitlegri upphæð á 20 árum, sem verja mætti til þess að bæta og auka sambandið smámsaman, svo að öll héruð landsins feingju með tímanum hlutdeild í því.

Þegar miðað er við kostnaðaráætlun meiri hluta ritsímanefndarinnar við að koma á fót, reka og viðhalda símasambandi, verður samanburðurinn við loptskeytasambandið á þessa leið:

I. Símasamband,

1. Tillag ríkissjóðs	kr. 54,000		
2. Tillag landssjóðs	— 107,500	kr.	161,500
Þar frá dregst:			
1. Tillag ríkissjóðs	kr. 54,000		
2. Tekjur af landsíma	— 20,000	—	74,000
Árskostnaður landssjóðs ...		kr.	87,500

II. Loptskeytasamband:

1. Tillag ríkissjóðs	kr. 54,000		
2. Tillag landssjóðs	— 75,000	kr.	129,000
Þar frá dregst:			
1. Tillag ríkissjóðs	kr. 54,000		
2. Tekjur af millilandasambandi	— 40,000		
3. Tekjur af innanlandssambandi	— 10,000	—	104,000
Árskostnaður landssjóðs		kr.	25,000

Þá er það enn að athuga, að ef hér yrði komið á loptskeytasambandi, eru miklar líkur til að Ísland mundi verða millistöð í loptskeytasambandi milli Evrópu og Ameríku, og mætti þá búast við, að landgjald það, er landinu bæri af því sambandi, mundi nema þeim 25,000 kr., er á vantar eða jafnvel talsvert meira, svo að vér gætum þá feingið hraðskeytasambandið fyrir alls ekkert eða jafnvel haft nokkurn arð af því.

Samkvæmt þessu verðum við að ráða hinni háttv. deild til að samþykkja breytingartillögu við 12. gr. D., sem við munum koma fram með á sérstöku skjali, og sem fer fram á að veita nauðsynlegt fé til að koma á loptskeytasambandi í stað símasambands, og í sambandi við hana aðra breytingartillögu við 2. gr. 15. En skyldi hin háttv. deild ekki geta fallizt á þessar tillögur okkar, leyfum við okkur að leggja til, að framkvæmd þessa máls sé frestað, og komum því fram með varatillögu í þá átt, að allar fjárveitingar til hraðskeytasambands í frumv. sé burtu feldar.

Alþingi 19. Ágúst 1905.

Valtýr Guðmundsson, framsögumaður minni hlutans.

Sigurður Stefánsson.

Nd. **484. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um kennaraskóla í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði.

Álit meiri hlutans.

Vér, sem hin háttvirta neðri deild Alþingis fól að íhuga frumvarp til laga um kennaraskóla í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði, höfum ekki getað fallizt á, að samband það milli hins fyrirhugaða kennaraskóla og gagnfræðaskólans í Hafnarfirði, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, sé hagkvæmt. Miklu fremur verðum vér að líta svo á, að samband þetta verði kennaraskólanum til hnekkis, en landinu að eingu ódýrara. Skulum vér færa að þessu nokkur rök.

Í frumvarpi stjórnarinnar er ætlazt til, að námstími kennaraskólans sé 3 ár, og verðum vér að telja þann tíma hinn styzta, er nægja mundi til þess, að veita kennaraefnum nauðsynlegan undirbúning undir lífsstarf sitt. — Á hinn bóginn teljum vér ekki fært að heimta leingri námstíma, þar sem kennarastaðan hér á landi verður fyrst um sinn varla svo glæsileg eða eptirsóknarverð, að efnilegir menn mundu að jafnaði vilja verja meira en 3 árum til þess að búa sig undir hana, jafnvel þó talsvert væri greitt fyrir þeim með landssjóðsstyrk, heimavistum við skólann o. s. frv. — Þar sem nú frumvarpið ætlast til, að námstími kennaraskólans verði tvö ár, en inntöku skilyrði í skólann verði annaðhvort burtfararpróf frá Flensborgarskólanum og Akureyrarskólanum eða inntökupróf við kennaraskólann, sniðið sem mest eptir þeim kröfum, sem gerðar eru við burtfararpróf Flensborgarskólans, þá er auðsætt, að námstími kennaraefnanna verður samtals 4—5 ár, 4 ár (27 kennslumánuðir) fyrir þá, sem geingju í gegnum Flensborgarskólann, en 5 ár, (39 kenslumánuðir) fyrir þá, sem kæmu frá Akureyrarskólanum á kennaraskólann. Þessa misleingd námstímans, er stafar af hinum afarsundurleitu inntökuskilyrðum, teljum vér með öllu fráleita, auk þess sem vér teljum námstíma þann, sem frumvarpið gerir ráð fyrir yfirleitt of langan, eins og þegar er á vikið. Afleiðingin af of laungum námstíma mundi verða minni aðsókn að kennaraskól-

anum, svo hann gæti ekki komið að fullum notum. En þótt vér teljum þetta mikils verða ástæðu gegn hinni ráðgerðu samsteypu skólanna, þá leggjum vér þó meiri áherzlu á hitt, að skólar þessir eru að eðli sínu og ætlunarverki svo ólíkir, að þeir verða ekki samrýmdir.

Gagnfræðaskólanum, sem fremur bæri að kalla alþýðuskóla, er ætlað að veita hálffullorðnum mönnum þann tíma ársins, sem þeir ekki geta unnið fyrir sér, nokkra þekkingu í alm. fræðum, þeim er að gagni megi koma í lífinu, án tillits til nokkurs sérstaks lífsstarfs eða stöðu. Þar eru og kendar námsgreinir, sem ekki á að kenna í kennaraskólanum, t. d. enska, og öðrum námsgreinum slept, sem kenna ber í kennaraskólanum.

Kennaraskólinn ætti aptur á móti þegar frá byrjun í einu og öllu að hafa það fyrir augum, að hann er að búa nemendur sína undir sérstakt lífsstarf — kennarastarfið. Kenslunni í hverri einstakri námsgrein verður að haga með sérstöku tilliti til þessa.

Vér verðum því að líta svo á, að samband það, sem hér er um að ræða, hljóti fremur að verða kennaraskólanum til ógagns, en að það að nokkru leyti greiði fyrir starfsemi hans. Enda vitum vér ekki dæmi til þess í öðrum löndum, að kennaraskólar séu á þennan hátt, sem hér er gert ráð fyrir, settir ofan á aðra skóla, sem hafa allan annan tilgang. En til eru sumstaðar sérstakir undirbúningsskólar við kennaraskólana, en þeir skólar hafa eingaungu það markmið að búa menn undir inngaungu á kennaraskólana.

Hvað kostnaðarhliðina snertir, þá ber þess að gæta, að stofnkostnaðaráætlanir þær, sem hv. efri deild byggir á, eru með öllu óáreiðanlegar, þó ekki væri nema fyrir þá sök eina, að uppdrættir þeir af hinu fyrirhugaða sameiginlega skólahúsi eru svo úr garði gerðir, að eingum, sem nokkra hugmynd hefir um það, hversu skólahús eigi að vera, mundi til hugar koma að byggja eptir þeim. Skólahús, með svo mörgum kenslustofum og skólastjóraíbúð, er nokkurn veginn fullnægir kröfum tímans, hlyti því að verða miklum mun dýrara, en nefndin gerir ráð fyrir.

Af sambandinu milli skólanna leiddi það að sjálfsögðu, að alþýðuskólinn í Flensborg kæmi nálega að öllu leyti á landssjóð. Landssjóði myndi eptirleiðis verða talið skylt að standa straum af þessum sameiginlega skóla, og má það öllum ljóst vera, að hinn árlegi kostnaður við hann hlýtur að verða miklu meiri en ráð er fyrir gert af háttv. efri deild. T. d. má benda á það, að svo framarlega að kennaraskólinn verði fullskipaður (40—50 nemendur) og aðsóknin að alþýðuskólanum verði eins mikil og búizt er við (60—70 nemendur), er óhugsandi, að komizt verði af með færri en 5—6 fasta kennara, auk talsverðrar tímakenslu, vegna þess, að skipta þyrfti bekkjum alþýðuskólans, öðrum eða báðum.

Að öllu þessu yfirveguðu getum vér ekki annað en ráðið hinni háttvirtu deild frá því að fallast á, að kennaraskólinn sé settur í samband við Flensborgarskólann.

En þótt vér séum þeirrar skoðunar, að kennaraskólinn eigi að vera hér í Reykjavík, eins og síðar mun á vikið, þá vildum vér þó ekki gera það út af fyrir sig að kappsmáli, hvar skólinn stæði; hitt þótti okkur meira vert, að hann yrði að öllu leyti svo úr garði gerður að vel mætti við una. Oss var kunnugt um að mörgum, bæði utan þings og innan, var umhugað um, að kennaraskólinn yrði ekki reistur í Reykjavík, og því hugkvæmdist oss að fara fram á það til samkomulags, að Flensborgarskólanum yrði breytt í fullkominn kennaraskóla með líku sniði og stjórnarfrumv. fer fram á, en alþýðuskólinn félli niður. En þetta strandaði sumpart á því, að slík breyting þótti koma í bága við gjafabréfið fyrir Flensborgareigninni, sumpart á því, að

þeir, sem að skólanum stóðu, vildu með eingu móti ganga inn á það, að alþýðuskólinn legðist niður.

Þegar þessi leið reyndist ófær, gátum vér ekki séð, hvað unnið var með því að reisa kennaraskólann í Hafnarfirði fremur en hvar annarstaðar utan Reykjavíkur, og því síður að Hafnarfjörður hefði nokkra þá yfirburði yfir Reykjavík sem skólasetur er réttlætti það að setja skólann þar en ekki hér í Reykjavík.

Helztu mótmælin, sem fram hafa komið gegn því að kennaraskólinn væri hér í höfuðstað landsins, hafa verið þau, „að ungir og óráðsettir menn mundu leiðast út í hvers konar óreglu í solli og glaumi höfuðstaðarlífsins, að bærinn sé óhollur, að skólavistin verði nemendum dýrari en í Hafnarfirði.“ En vér könnumst ekki við, að höfuðstaður landsins sé það spillingarbæli, að ástæða sé til að óttast að hann fyrir þá sök mundi skemma menn og konur 18 ára og eldri, er hingað kæmu í þeim alvarlega tilgangi að búa sig undir kennarastöðuna. Vér ætlum kennaraskólanum, ekki síður en öðrum skólum, að hafa þau áhrif á nemendur sína, að þeir láti sér annara um að gæta skyldu sinnar, en að leggjast í sukk og svall. Teljum vér það ekki vott um spillingu bæjarins, heldur um hitt, að skólastjóri og kennarar séu ekki starfa sínum vaxnir, ef þeir geta ekki haldið nemendum sínum frá óreglu í slíkum bæ sem Rvík er, enda er oss fullkunnugt um, að víða erlendis eru kennaraskólar eingu síður en aðrir skólar í margfalt stærri og að sama skapi spiltari bæjum en Rvík, og fer vel á. Vér sjáum heldur ekki hvers vegna Rvík ætti að vera hættulegri fyrir kennaraefni en fyrir nemendur stýrimannaskólans og námsmeyjar kvennaskólans, en aldrei heyrist talað um ilt siðferði meðal nemenda í þessum skólum, þó í Reykjavík séu. Vér sjáum heldur ekki hvaða ástæða er til að forðast einn smábæinn til þess að fara í hinn; það ætti að vera að fara úr skaðanum í voðann. Sé bæjarlífið svo hættulegt, sem af er látið, væri fremur ástæða til að setja kennaraskólann upp í sveit, sem allra leingst frá öllum bæjum. Að lífsviðurværi þurfi að vera dýrara hér en í Hafnarfirði nær eingri átt. Nemendur ættu að geta haft sameiginlegt mötuneyti hér eins og þar, með sama fyrirkomulagi og tíðkazt hefir á Möðruvöllum og nú við Akureyrarskólann.

Bæði innan þings og utan hafa rök verið færð fyrir því, að Reykjavík er að ýmsu leyti hinn langhentugasti staður hér á landi, svo fyrir kennaraskóla sem aðra skóla, og verður það æ því fremur sem bænum vex fiskur um hrygg, enda er þetta að nokkru leyti viðurkent í nefndaráliti efri deildar. — Hér er greiðari aðgangur að ýmsum mentalindum en alstaðar annarsstaðar á landinu, og svo framarlega sem þjóð vor á nokkra framtíð fyrir höndum, verðum vér að trúa því, að þungamiðja andlegs lífs í landinu verði jafnan í höfuðstað vorum, enda ber oss að stuðla til þess að svo verði. — Þótt ekki sé langt til Hafnarfjarðar, þá eiga þó bæði kennarar skólans og nemendur hægra með að nota hér söfn og önnur mentatæki, ef skólinn er hér. Kennarar skólans stæðu hér betur að vígi við ýms vísindaleg störf, og líklegt að margur nýtur kennari mundi þegar af þeim ástæðum síður vilja sækja um stöðu við skólann, ef hann yrði í Hafnarfirði. — Því fleiri góða skóla sem vér setjum á einn stað, því meiri líkur eru til þess, að fjörugt samlíf og samvinna komist á milli kennaranna og teljum vér það afar-mikilsvert.

Loks viljum vér benda á eitt atriði, sem lítill gaumur hefir verið gefinn. Af 415 körlum og konum, er stunduðu barnakenslu veturinn 1903—1904, voru 39 hér í Reykjavík, eða nálega $^1/_{10}$ hlutinn (sbr. skýrslu Guðm. Finnbogasonar). Eru allar líkur til, að kennarafjöldi Reykjavíkur verði tiltölulega meiri þegar tímar líða. — Búast má við, að mestur hluti kennara hér verði innfæddir Reykvíkingar. Þessum fjölmenna hluta af kennurum landsins er að óþörfu gert erfiðara fyrir að nota kennaraskólann,

ef hann er settur í Hafnarfjörð. Auk þess væri þeim, sem þegar fást hér við kenslu, fyrirmunað að njóta tilsagnar og leiðbeiningar á skólanum, sem þeir annars gætu hæglega, væri skólinn hér.

Vér getum því með eingu móti séð neitt verulegt því til fyrirstöðu, að kennaraskólinn verði reistur hér í Reykjavík, en í vorum augum hefir höfuðstaðurinn marga og mikilvæga yfirburði yfir alla aðra staði á landinu sem skólasetur. Vér verðum því eindregið að ráða hinni háttv. deild til þess að samþykkja þá tillögu vora, að kennaraskólinn verði reistur hér í Rvík í því sniði sem stjórnarfrv. fer fram á, og væntum vér þess, að hv. efri deild fallist og á þetta, heldur en að skólinn komist ekki upp á næsta fjárhagstímabili.

Hæfilegt hús handa kennaraskólanum, með 24 heimavistum og íbúð fyrir skólastjóra, myndi kosta um 34 þúsundir króna, eptir upplýsingum þeim, sem vér höfum aflað oss. Leikfimishús þyrfti ekki að byggja, því kennaraskólinn gæti vel notað leikfimishús mentaskólans og sami kennari gæti haft kensluna á hendi í báðum skólunum gegn einhverri *lítilfjörlegri* launahækkun. Sparaðist við þetta *mikið* fé og þá ekki síður við það, að skólinn feingi ekki að eins ókeypis æfingabekki í barnaskólanum, heldur drjúga borgun, um 800 kr., ef tveir bekkir eru fyrir kensluna samkvæmt tilboði bæjarstjórnarinnar.

Uppdrátt af skólahúsinu og áætlun um byggingarkostnaðinn munum vér leggja fyrir hina háttv. deild.

Hvað alþýðuskólann í Flensborg snertir, þá gerum vér ráð fyrir og erum því meðmæltir, að hann verði styrktur eptirleiðis.

Breytingar þær, sem vér leggjum til að gerðar verði á frv., eru þessar:

1. Fyrirsögnin orðist svo:
   Frumvarp til laga um kennaraskóla í Reykjavík.
2. 1. gr. orðist svo:
   Kennaraskóla skal setja á stofn í Reykjavík og má verja til skólahúsbyggingar *og muna alt* að 38 þús. úr landssjóði.
3. 2. gr. orðist svo:
   Skólinn er jafnt fyrir konur sem karla. 24 heimavistir skulu vera í skólanum fyrir nemendur. Kensla er ókeypis.
4. 3. gr. orðist svo:
   Skólaárið er frá 1. Október til 14. Maí ár hvert. 3 árs deildir eru í skólanum. Inntöku skilyrði skulu ákveðin í reglugerð skólans.
5. 5. gr. orðist svo:
   Við skólann skipar ráðherrann þrjá fasta kennara. Er einn þeirra skólastjóri og hefir í árslaun 2700 kr. auk leigulauss bústaðar í skólahúsinu; annar kennari hefir 2000 kr. í árslaun og hinn þriðji 1200 kr.
6. Við 6. gr. Fyrir: „hins sameinaða skóla“ komi: skólans.
7. — 7. gr. Fyrir: „hins sameinaða skóla“ komi: skólans.
8. — 7. gr. „Þó, að . . . . hrökkva til“, falli burt.

Neðri deild Alþingis 19. Ágúst 1905.

Þórhallur Bjarnarson, formaður. Stefán Stefánsson, þm. Skf. skrifari og framsögum.

G. Björnsson. Jón Jónsson. Jón Magnússon. Magnús Andrésson.

Álit minni hlutans.

Eg hef ekki að öllu leyti getað orðið samferða háttv. meðnefndarmönnum mínum í máli þessu. Eg viðurkenni fyllilega þörf og nauðsyn þjóðarinnar á því, að fá sem allra fyrst góðan kennaraskóla. En á meðan almenn skólaskylda er ekki innleidd -- en það mun ekki sem heppilegast, að svo stöddu, sökum staðhátta og strjálbygðar — og eptir því sem fræðslunni er fyrir komið í frumvarpi því, sem nú liggur fyrir þinginu, þá álít ég, að tveggja ára kennaraskóli, eins og gert er ráð fyrir honum hér í frumv., samsvari bezt því fræðslufyrirkomulagi, sem í ráði er að leiða í lög, og þeim kröfum, sem samkvæmt því muni almennast verða gerðar til barnakennara út um landið.

Ég tel einnig kennaraskólann í þessu sniði bezt settan í Hafnarfirði, og fara vel á því, að kennarafræðsla sú, sem þar hefir verið með góðum árangri um nokkur undanfarin ár, vaxi upp í það, að verða fullkominn kennaraskóli, sem nóg sé að byrja með, eins og nú stendur með fræðslumálin, að sé tveggja ára skóli. En eptir því sem tímar líða fram og jafnhliða því, sem fyrirkomulag barnafræðslu og barnaskóla tekur framförum og fullkomnast, þá geti þessi kennaraskóli einnig þroskast og orðið 3., 4., 5. ára skóli, svo sem þá þykir bezt við eiga og samsvara kröfum tímans og staðháttum hér á landi.

Það er einnig min skoðun, að hvervetna þar, sem fé er að nokkrum mun lagt fram úr landssjóði til barnaskóla eða farkennara, þar ætti einnig að vera eitthvert skilyrði sett fyrir mentun og hæfileikum kennara þess, er launanna nýtur.

Eg álít það því afar-nauðsynlegt, að sem allra fyrst væri hægt að heimta af öllum barnakennurum, sem styrks eiga að njóta úr landssjóði, að þeir hafi geingið undir eitthvert próf frá kennaraskólanum.

Ákvæði í þá átt var í frumv. því um kennaraskóla, er háttv. deild samþykt á síðasta þingi, og álít ég rétt, að taka það upp aptur.

Eg vil því ráða hinni háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þessari breytingu:

Aptan við 3. gr. bætist:

Þó skal farkennurum og barnaskólakennurum heimilt fyrst um sinn að ljúka sér af á einum vetri, eða skemri tíma, alt að 2 mánuðum, samkvæmt þeim reglum, er stjórnarráðið setur.

Árni Jónsson.

Nd. **485. Breytingartillaga**
við breytingartillögu á þingskjali 467.
Flutningsm.: Jón Jónsson.

Orðin: »að helmingi« og »en að helmingi«, falli burt.

Nd. **486. Tillaga til þingsályktunar**
um árspróf í hinum almenna mentaskóla í Reykjavík.
Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ráðherra Íslands að hlutast til um, að utanskóla námssveinum og námsmeyjum verði gefinn kostur á, að ganga undir árspróf þau, sem haldin eru í hinum almenna mentaskóla í Reykjavík.

Nd. **487. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnarþing í skuldamálum.

Háttv. Nd. hefir falið oss að íhuga frv. þetta. Höfum vér rætt það, og komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri neitt athugavert við búning þess, eins og það kom frá Ed. — Að því er snertir efni þess, þá verðum vér að vera nefnd þeirri, er fjallaði um málið í hv. Ed., samdóma um það, að ákvæði þess feli í sér allmikla réttarbót, með því að vér ætlum, að, ef ákvæði þessi verða að lögum, þá muni það verða til þess að efla skilsemi manna hér á landi, — og er þess ekki vanþörf. Innheimta skulda verður hægari og einkum afarmiklum mun kostnaðar minni, og kemur það í hag skuldheimtumönnum ekki að eins, heldur og skuldunautum sjálfum eingu síður opt og einatt. Vegna fyrningarlaga þeirra, sem nú eru á leiðinni, er og allmikil þörf á ákvæðum, er fari í sömu eða líka átt og ákvæði frv.s þessa. — Vér getum þó eigi fellt oss við, að ákvæði frv.s nái til annara skulda en þeirra, er stofnaðar verða eptir að það verður að lögum, og leyfum oss því að koma fram með breytingartillögu í þá átt.

Vér ráðum hv. deild til að samþykkja frv. með eptirritaðri breytingu:

BREYTINGARTILLAGA:

Í stað orðanna: »á árinu 1903« í 1. gr., komi: »lög þessi öðlast gildi«.

Neðri deild Alþingis, 19. Ágúst 1905.

Skúli Thoroddsen, formaður.	Jón Magnússon, skrifari og framsögumaður.	M. J. Kristjánsson,

Ed. **488. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907 (Þingskj. 416).

Frá minni hluta fjármálanefndarinnar.

1. Við 2. gr. 15. Liðurinn falli burt.
2. Við 12. gr. D. Liðurinn orðist þannig:

Til hraðskeytasambands.

1. og 2. afborgun af 20 ára árgjaldi, til þess að koma á fót, reka og viðhalda loftskeytasambandi milli Íslands og útlanda (Noregs eða Skotlands), er nái til allra fjögurra kaupstaðanna í landinu, gegn að minsta kosti 54,000 kr. árgjaldi annarstaðar frá, og að því tilskildu, að öllum stöðvum loftskeytasambandsins sé að 20 árum liðnum skilað landinu til eignar og umráða í góðu og gildu standi, og enn fremur að því tilskildu, að landið fái allar tekjur af sambandinu og ákveði hraðskeytataxtann, alt að 75,000—75,000.

Hér frá dragast:

a. Tekjur af loftskeytasambandi við útlönd	40,000—40,000	
b. Tekjur af loftskeytasambandi innanlands	10,000—10,000	50,000—50,000
		25,000—25,000

3. Til vara (við 12. gr. D). Liðurinn falli burt.

Nd. **489. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 13. Okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi.

Flutningsmaður: Ólafur Thorlacius.

1. gr.

1. Seyðisfjarðarhérað nái yfir Seyðisfjarðarkaupstað ásamt Loðmundarfjarðar- og Seyðisfjarðarhreppum.
2. Norðfjarðarhérað nái yfir Norðfjarðar- og Mjóafjarðahreppa.
3. Reyðarfjarðarhérað nái yfir Reyðarfjarðarhrepp.

2. gr.

Norðfjarðarhérað telst til 4. flokks læknishéraða, sbr. 1. gr. laga 13. Okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.

Nd. **490. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun landsdóms.

Frumvarp þetta er í öllum aðalatriðum bygt á frumvarpi því, er nokkrir þingmenn báru fram í neðri deild Alþingis 1903.

Helztu afbrigðin eru þau, að nú er ætlast til að 6 lögfræðingar séu sjálfkjörnir í dóminn, og að ruðning dómsins er komið fyrir á nokkuð annan hátt. Þannig á efri deild Alþingis nú fyrst að ryðja dóminn í stað amtsráðanna.

Fyrri breytingin er til bóta og við hina verður að una, úr því að leggja á amtsráðin niður.

Nefndin í háttv. efri deild lagði nokkra áherzlu á, að tekið yrði upp í frumvarpið ákvæði neðri deildar frumvarpsins 1903 um, að sóknari skyldi útvega útskript úr gjörðabók ríkisráðsins um tillögur ákærða. En á því virðist ekki vera þörf, og enda ekki ástæða til að heimta það skilyrðislaust. Sóknari á eptir 12. gr. frumv. að leita »allra sannana«, og þá eptir atvikum skýrslna um tillögur ákærða til konungs. Og á hinn bóginn getur broti ákærða mjög opt verið svo háttað, að eingrar upplýsingar sé að vænta um það úr gjörðabók ríkisráðsins.

Frekari athugasemdir finnum vér ekki ástæðu til að gera hér um frumvarpið, enda er tíminn orðinn svo naumur, að frumvarpið mundi ekki komast fram, ef því yrði breytt í deildinni.

Vér leyfum oss því að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis 19. Ágúst 1905.

Guðl. Guðmundsson,	Lárus H. Bjarnason,
formaður.	skrifari og framsögum.
Hermann Jónasson.	Björn Bjarnarson.

Skúli Thoroddsen,
með fyrirvara.

Nd. **491. Breytingartillaga**

við frv. til laga um fræðslu barna.

Frá G. Björnssyni, Jóni Jónssyni.

Við 2. gr. 3. Liðurinn falli burt.

Ed.

492. Frumvarp

til laga um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða upp á handhafa.

(Eptir 3. umr. í Nd).

1. gr.

Með þeim skilyrðum, sem sett eru í eptirfarandi greinum laga þessara, skal Íslands banka heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða uppá handhafa, en þó má nafnskrá í bókum bankans.

2. gr.

Samanlögð upphæð allra bankavaxtabréfa þeirra, er bankinn gefur út, má ekki nema meira en tvöfaldri upphæð alls hlutafjár bankans og varasjóðs hans samanlagðri.

Upphæð hvers bankavaxtabréfs má ekki vera minni en 100 kr. og skulu þau innleysast eptir hlutkesti á eigi leingri tíma en 45 árum; skal það fram tekið í bréfunum sjálfum, hver ákvæði gilda um innlausn þeirra.

3. gr.

Bankavaxtabréf þau, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum, skulu vera í 2 flokkum (serium). Annan flokkinn skal kalla 1. flokk, og skal hann bera $4^1/_2$% vexti; hinn flokkinn skal kalla 2. flokk og skal hann bera 4% vexti.

4. gr.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þeim, sem í veltu eru, skal bankinn hafa í vörzlum sínum að minsta kosti jafnmikla upphæð í veðskuldabréfum eða í vaxtabréfum kaupstaða eða sýslufélaga, er út hafa verið gefin með samþykki stjórnarráðs Íslands. Á bréf þessi skal rita yfirlýsingu um, að þau séu sett til tryggingar þeim bankavaxtabréfum, er bankinn hefir sett í veltu. Veðskuldabréfin skulu útgefin fyrir lánum gegn 1. veðrétti í fasteign, og má ekki lána meira út á veðið en sem svarar helmingi af virðingarverði þess. Skuldabréf kaupstaða og sýslufélaga, er notuð verða í þessu skyni, skulu endurborgast að fullu á eigi leingri tíma en 40 árum frá því þau voru gefin út, en að því er fasteignarveðskuldabréfin snertir, má afborgunargjaldið eigi vera minna en svo, að láninu sé lokið á 40 árum, sé veðið jarðeign, á 35 árum sé veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sé veðið timburhús. Af öllum skuldabréfum þeim, sem sett eru til tryggingar bankavaxtabréfunum, skal greiða að minsta kosti $4^1/_2$%.

Auk tryggingar þeirrar, sem nefnd er hér á undan, skal bankinn setja sérstakt tryggingarfé fyrir bankavaxtabréfum sínum, er nemi $^1/_6$ af samanlagðri upphæð allra þeirra bréfa, sem í veltu eru á hverjum tíma. Tryggingarfé þetta skal vera í dönskum $3^1/_2$% ríkisskuldarbréfum, í bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbankans af 1. flokki, eða öðrum verðbréfum, er stjórnarráðið álítur jafnörugg nefndum bankavaktabréfum, og miðast upphæðin við gangverð bréfanna. Stjórnarráðið geymir verðbréfin.

Hlutafé bankans er einnig til tryggingar bankavaxtabréfunum.

5. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum bankans, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur almennar auglýsingar og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef einginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð, sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eptir almennum lögum.

6. gr.

Sérstakan reikning skal halda fyrir bankavaxtabréf þessi. Endurskoðendur þeir, er skipaðir eru samkvæmt bankalögunum, hafa eptirlit með, að ákvæðum, sem um bankavaxtabréf þessi gilda, sé fylgt. Heimilt er bankaráðinu að fela einum af fulltrúunum að hafa samskonar eptirlit á hendi. Nánari ákvæði um útgáfu bankavaxtabréfanna, bókfærslu og reikningshald skulu sett í sérstakri reglugerð, er skal staðfest af stjórnarráði Íslands.

Nd. **493. Frumvarp**

til laga um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofnfé Fiskiveiðasjóðs Íslands er 100,000 kr., er landssjóður leggur fram í skuldabréfum fyrir lánum til þilskipakaupa og í peningum.

Við stofnféð bætist fyrst um sinn 1/3 sektafjár, er í landssjóð rennur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi, að meðtöldu 1/3 netto-andvirðis þess, er landssjóði greiðist fyrir upptækan afla og veiðarfæri botnvörpunga eptir að lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Til sjóðsins leggur landssjóður 6000 kr. tillag á ári hverju, er telst með árstekjum hans.

3. gr.

Tilgangur Fiskiveiðasjóðsins er að efla fiskiveiðar- og sjávarútveg landsmanna.

Stofnféð má aldrei skerða. Skal því og árstekjum sjóðsins varið til lánveitinga til skipakaupa og veiðarfæra og hvers konar atvinnubóta við fiskiveiðar. Tekjunum má og verja til að styrkja efnilega unga menn til að kynna sér veiðiaðferðir, fiskverkun og annað, er lýtur að sjávarútvegi, meðal erlendra þjóða. Svo og til þess að styrkja tímarit um fiskiveiðar og annað, er að sjávarútvegi lýtur. Enn fremur má verja nokkru af tekjunum til verðlauna fyrir framúrskarandi atorku og eptirbreytnisverðar nýjungar í fiskiveiðum og meðferð fiskjar.

4. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins og semur skipulagsskrá fyrir hann og reglugerð um lánveitingar og úthlutun verðlauna.

Skipulagsskráin skal staðfest af konungi.

Verði stofnað alment fiskiveiða- eða útgerðarfélag fyrir land alt, í nokkurri líking við Búnaðarfélag Íslands, skal leita álits slíks félags um lánveitingar, styrkveitingar og verðlaunaveitingar þær, er um ræðir í 3. gr.

Nd. **494. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um fræðslu barna o. fl.

Vér, sem skipaðir vorum í nefnd til þess að íhuga kennaraskólamálið og jafnframt var ætlað að taka frumvarpið um fræðslu barna til athugunar, höfum með athygli fylgt gangi þessa máls á þinginu.

Þótt vér hefðum kosið að ýmislegt væri á annan veg í frumvarpi því frá Ed., sem fyrir oss liggur og vér höfum yfirfarið, þá viljum vér ekki sökum naumleika tímans leggja til, að aðrar breytingar verði gerðar á því en þær, sem vér teljum víst, að háttv. Ed. fallist á, svo málið nái fram að ganga á þessu þingi, en það teljum vér mjög mikilsvert.

Nánari grein verður gerð fyrir breytingartillögum vorum við framsögu málsins, og eru þær þessar:

1. Við 8. gr. Orðið: »sunnudagaskólahald« falli burt.
2. 18. gr. falli burt og eptirfarandi greinatal breytist eptir því.
3. Við 25. gr. Orðin: »einn eða fleiri« falli burt.

Neðri deild Alþingis 19. Ágúst 1905.

Þórh. Bjarnarson, form. Stefán Stefánsson þm. Skf., skrifari og frams.m. Jón Magnússon. Magnús Andrésson.

Með fyrirvara
Árni Jónsson.

Með fyrirvara að því er snertir 2. gr. frumvarpsins 3. tölulið.
Guðm. Björnsson. Jón Jónsson.

Ed. **495. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út nýjan flokk (seríu) bankavaxtabréfa.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Veðdeild landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf alt

að 3 miljónum króna til viðbótar bankavaxtabréfaupphæð þeirri, sem hún nú má gefa út samkvæmt lögum 12. Janúar 1900 um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík og viðaukalögum við þau 25. September 1902.

2. gr.

Um bankavaxtabréf þau, sem gefin verða út samkvæmt þessum lögum og kölluð verða 2. flokkur (seria) vaxtabréfanna, gilda allar hinar sömu reglur og settar eru með áminstum lögum 12. Jan 1900, sbr. tilvitnuð lög 25. Sept. 1902, að svo miklu leyti eigi eru settar aðrar reglur með eptirfarandi greinum þessara laga.

3. gr.

Landsbankinn leggur til tryggingarfé fyrir 2. flokki bankavaxtabréfanna, og skal það aldrei nema minni upphæð en $^1/_6$ af verðhæð útgefinna bankavaxtabréfa þeirra, er óinnleyst eru á hverjum tíma. Tryggingarféð skal vera að helmingi í ríkisskuldabréfum og að helmingi í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, útgefnum samkvæmt lögum frá 12. Janúar 1900 og 25. Sept. 1902, og skal upphæð tryggingarfjárins miðast við gangverð nefndra verðbréfa. — Landsstjórnin varðveitir tryggingarféð, en vextir af því renna í landsbankann.

4. gr.

Ráðherra Íslands og stjórn landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

5. gr.

Veðdeildinni skal heimilt að veita bæjarfélögum, sýslufélögum og sveitarfélögum lán, er samþykt séu af stjórnarráði Íslands, gegn veði í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfélagsins.

6. gr.

Þegar veðdeildin tekur jarðir að veði, má virða jarðarhúsin með eigninni, og gerist þess eigi þörf, að þau séu vátrygð ef verð þeirra nemur ekki $^1/_4$ virðingarverðs jarðarinnar. Öll önnur hús skal virða sérstaklega og vátryggja, ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni, sbr. 7. gr. í nefndum lögum 12. Janúar 1900.

7. gr.

Þegar bankastjórnin eptir kröfum lánþega og samkvæmt 9. gr. nefndra laga 12. Jan. 1900 á að annast um að koma bankavaxtabréfum í gjaldgeinga peninga endurgjaldslaust, er henni heimilt að selja þau svo sem þau ganga bezt eða taka þau eptir gangverði.

8. gr.

Þá er bankastjórn heimilt að telja veðdeildarlán eða eptirstöðvar þess komnar í gjalddaga án uppsagnar, ef skuldunautur vanrækir að halda húseignum viðunanlega vátrygðum, sem áskilið er að vátrygðar séu, sbr. 10. gr. og 7. gr. nefndra laga 12. Jan. 1900.

9. gr.

Samkvæmt 11. gr. nýnefndra laga skulu skuldunautar veðdeildarinnar greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs skal vera $^1/_2$ af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, og afborgunargjaldið má eigi vera minna en svo, að láninu sé lokið á 50 árum, sé veðið jarðeign, á 35 árum, sé veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sé veðið timburhús, og á 15 árum, sé veðið torfhús. Sé lánið bæjar-, sýslu- eða sveitarlán skal því lokið á eigi leingri tíma en 40 árum.

10. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef einginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eptir almennum lögum.

11. gr.

Sérstakan reikning skal halda fyrir 2. flokk bankavaxtabréfanna, og skal þeim til tryggingar vera sérstakur varasjóður, er í hann renna tekjur veðdeildarinnar eptir þessum lögum. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars kostnaðar, er af þessu leiðir, má greiða alt að því 2500 kr.

12. gr.

Ákvæði þessara laga snerta að eingu leyti bankavaxtarbréf þau, sem gefin eru út samkvæmt framannefndum lögum 12. Jan. 1900 og 25. Sept. 1902.

13. gr.

Þegar farið er að gefa út hinn nýja flokk bankavaxtabréfa skal borgun sú, er gæzlustjórar landsbankans fá árlega, hækka upp í 1000 kr. til hvors þeirra.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. April 1906.

Ed.

496. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907 (þingskj. 416).

Frá minni hluta fjármálanefndarinnar.

Við 18. gr. Aptan við síðasta málslið greinarinnar bætist: með því skilyrði, að stjórn Íslands hafi atkvæði um, hvernig strandgæzlunni er hagað.

Nd.

497. Frumvarp

til laga um þingsköp handa Alþingi.

(Eptir 2. umr. í Nd.).

I.

Þingskipun.

Þingsetning. Prófun kjörbréfa og ályktun um þau.

1. gr.

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetning, skal elzti þingmaðurinn stjórna umræðunum þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn, og standa fyrir kosningu hans.

Til þess að prófa kjörbréf og kosning nýkosinna þingmanna, hvort fleiri eru eða færri, og það þótt eigi sé nema einn, ganga þingmenn eptir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinst. Fyrsta deild fær annari deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbréf þess eða þeirra þingmanna, sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbréf þau, er hún tekur við og kosning þeirra þingmanna, er þau eiga, kýs sér framsögumann og gerir tillögu til þingsins um hvort kosning skuli talin gild. Tillögurnar má bera upp munnlega án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi hverrar kosningar og eins um það, hvort fresta skuli að taka kosning gilda (29. gr. stjórnarskr.).

Eiður. Kosning forseta sameinaðs þings og skrifara.

2. gr.

Því næst vinna nýir þingmenn eið að stjórnarskránni (30. gr. stjórnarskr.). Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings og geingst hann fyrir kosningu varaforseta og 2 skrifara.

Rétt kjörinn forseti er sá, er hefir meira en helming atkvæða. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosning, skal kosið af nýju óbundnum kosningum. Fái þá eigi heldur neinn nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo þingmenn, er flest feingu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; en hafi við þá kosning fleiri feingið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti, hvor þeirra verði forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosning varaforseta. En við kosning skrifara ræður atkvæðafjöldi. Hlutbundinni kosningu má beita við kosning skrifara, ef 9 þingmenn krefjast þess (46. gr.).

Kjörbréfanefnd.

3. gr.

Þá skal kjósa nefnd, til þess að prófa kjörbréf, er síðar koma fram en svo, að þau verði prófuð eptir 1. gr., svo og til þess að rannsaka kosningar, er þingið hefir frestað að taka gildar, og kærur yfir kosningum, er þegar eru teknar gildar. Í þessa

nefnd kýs þingið 5 menn eptir reglum um nefndarkosningar (16. og 46. gr.).

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu, eða ef hún leggur til, að kosning skuli teljast ógild, skulu tillögur hennar ræddar eptir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa (21. gr.). Ella fer um tillögur hennar eptir því, sem ákveðið er um tillögur kjörbréfadeildanna í 1. gr.

Hve nær kosningakæra verði til greina tekin og þingið geti ónýtt kosning. Réttindi þingmanns áður en kosning hans er tekin gild.

4. gr.

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosning ógilda, þótt eigi hafi hún kærð verið, og einnig frestað að taka kosning gilda, til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosning þingmanns, er eigi er kominn, eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar, en gerir það því að eins, að kært sé yfir þeim.

Kæra yfir kosningu þingmanns skal því að eins tekin til greina, að hún sé frá kjósendum í kjördæmi þingmannsins og sé komin til þingsins áður en 4 vikur eru liðnar frá fyrstu þingsetningu eptir kosninguna.

Meðan kosning þingmanns er eigi ályktuð ógild, heldur hann óskertum þingmannsrétti, nema hann missi hann af öðrum ástæðum (sbr. 33. gr. stjórnarskr.).

Kosning til efri deildar.

5. gr.

Eptir kosningar þær, sem talað er um í 2. og 3. gr., skal kjósa óbundnum kosningum 8 þjóðkjörna alþingismenn til efri deildar (5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903). Þeir eru rétt kjörnir til efri deildar, er flest fá atkvæði. Ef tveir þingmenn eða fleiri fá jafn mörg atkvæði, skal kjósa um þá bundnum kosningum, en hafi þeir að nýju við þá kosning jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

Forseta-kosning og skrifara í deildunum.

6. gr.

Síðan setjast þingdeildirnar, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elzti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar, en forseti síðan fyrir kosningu varaforseta og 2 skrifara. Um þessar kosningar fer eptir ákvæðum 2. gr. um samskonar kosning í sameinuðu þingi.

Hve leingi kosningar eptir 2.—3. og 5.—6. gr. gildi o.fl.

7. gr.

Kosning forseta, varaforseta og skrifara, bæði í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allan þingtímann það ár. Svo er og um nefndarkosning þá, er talað er um í 3. gr. En kosning til efri deildar er fyrir alt kjörtímabilið (16. gr. stjórnarskr.).

Sæti þjóðkjörins þingmanns í efri deild losnar.

8. gr.

Ef sæti þjóðkjörins þingmanns í efri deild losnar á kjörtímabilinu, skal fara eptir 16. gr. stjórnarskr.

Réttur og skylda aldursforseta.

9. gr.

Aldursforseti bæði í sameinuðu þingi (1. gr.) og í þingdeildunum (6. gr.), hefur meðan hann skipar forsetasæti allan sama rétt og skyldur sem forseti, en tekur þátt í kosningum og atkvæðagreiðslu.

Verksvið forseta.

10. gr.

Forsetar stjórna umræðum og sjá um, að alt fari fram með góðri reglu. Forseti hvorrar deildar tekur við öllum erindum til deildarinnar og annast um afgreiðslu þeirra mála, er frá deildinni eiga að fara. Hann skýrir á fundi frá hverju því, er sent er deildinni, eða útbýtt er í henni. Nú vill forseti, hvort heldur deildar eða sameinaðs þings, taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur, og víki þá á þingmannabekk, en varaforseti tekur forsetasæti á meðan. En eigi má forseti taka þátt í neinni atkvæðagreiðslu né kosningu, og verður hann aptur að hafa geingið til forsetasætis áður en það fer fram. Eigi má varaforseti heldur taka þátt í atkvæðagreiðslu né kosningum, þegar hann gegnir forsetastörfum í fjarveru forseta.

Forsetar beggja deildanna standa í sameiningu fyrir reikningum Alþingis, en þó getur forseti hvorrar deildar ávísað þingmönnum í henni fé því, er þeir eiga að fá í daglaun og endurgjald fyrir ferðakostnað. Þeir ráða ritara og aðra þá menn, sem þörf er á, til þingstarfa og ákveða laun þeirra. Sömuleiðis standa þeir fyrir útgáfu Alþingistíðindanna, ráða útsölumann þeirra og annast geymslu á þeim og um skjalasafn Alþingis og bókasafn, hafa umsjón með Alþingishúsinu, munum þess og þinghúsgarðinum jafnt milli þinga sem um sjálfan þingtímann, og sjá um, að alt sé í lagi í þinghúsinu, þegar þing kemur saman (við þingsetning).

Réttur og skylda varaforseta.

11. gr.

Í forföllum forseta geingur varaforseti að öllu leyti í hans stað.

Milliþingaforseti.

12. gr.

Nú er hvorki forseti né varaforseti deildar búsettur í Reykjavík eða þar í nánd, og skal þá í þinglok kjósa þingmann, sem á heima í Reykjavík eða í nánd við hana, til þess að annast störf forseta milli þinga. Kosning sú fer fram á sama hátt og áður er ákveðið um forsetakosning.

Verksvið skrifara. Gerðabók.

13. gr.

Skrifararnir halda gerðabók undir umsjón forsetans, og geta í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum og úrslita þeirra.

Íbyrjun fundar skal gerðabók frá síðasta fundi lesin upp, samþykt og undirskrifuð af forseta og öðrum skrifaranum. Upplestrinum má sleppa, ef einginn þingmanna þeirra, er hlut eiga að máli, æskir hans. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sér gerðabókina á skrifstofunni, að minsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

Skrifararnir telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Við nafnakall greiða þeir fyrstir atkvæði og skrá síðan hin atkvæðin. Sömuleiðis sjá þeir með forseta um að ályktanir séu skrásettar, og ritar forsetinn og annar skrifarinn undir þær. Störfum skipta skrifarar milli sín eptir samkomulagi við forseta.

14. gr.

Embættismenn sameinaðs þings.

Ákvæði 11. gr. og 13. gr. eiga jafnt við um forseta, varaforseta og skrifara í sameinuðu þingi sem í deildunum.

II.

Nefndir.

Nefndaskipun.

15. gr.

Hvor þingdeild getur skipað bæði fastar nefndir, til þess að fjalla um einhverja ákveðna tegund mála, og lausar nefndir, til þess að íhuga frumvörp eða aðrar tillögur, er koma fyrir deildina frá stjórninni eða þingmönnum. Til nefnda þeirra má síðar vísa skyldum málum. Nefndin getur sjálf bætt við sig tveimur þingmönnum, er hún kýs, ef deildin samþykkir. Nefnd má á hverju stigi máls skipa, eða vísa því til nefndar, er fyrr var skipuð. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað. Tala nefndarmanna skal standa á stöku.

Kosning nefnda.

16. gr.

Rjett kosinn í nefnd við óhlutbundna kosning, — þ. e. við aðra kosning en hlutfallskosning — er sá, er hlotið hefir þriðjung greiddra atkvæða, og telst auður seðill greitt atkvæði. Fáist nefnd eigi full skipuð við ítrekaða kosning á þann hátt, skal kjósa bundnum kosningum um þá, er flest höfðu atkvæði, þannig að vanti einn mann í nefndina, er kosið um 2; vanti 2, er kosið um 3 þá, er flest höfðu atkvæði, o. s. frv. Ræður að öðru leyti hlutkesti (sbr. 46. gr.).

Formaður og skrifari nefndar, og framsögumaður. Nefndarálit.

17. gr.

Sá, er flest fær atkvæði í nefnd við óhlutbundna kosning, kveður nefndina saman í fyrsta sinn, og lætur kjósa formann og skrifara. Fái fleiri jafn mörg atkvæði í nefndina, ræður stafrófsröð. Við hlutfallskosning kveður sá nefndina saman í fyrsta sinn, er fyrst var kosinn.

Nefndin kýs sér framsögumann. Hún lætur uppi álit og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna. Eigi má taka málið að nýju til umræðu fyrr en að minsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

III.

Umræður o. fl.

Hve nær frumvörp megi taka til umræðu o. fl.

18. gr.

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði, og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru að minsta kosti 2 nætur frá því, er því var útbýtt. Þau lagafrumvörp, er borin eru upp af þingmanna hálfu og útbýtt er fjórum vikum eptir þingsetning, verða því að eins tekin til meðferðar í deildinni, að meiri hluti þingmanna í þeirri deild, sem frumvarpið er borið upp í, samþykki það. Þessa samþykkis skal leitað, þá er málið kemur til fyrstu umræðu, og má flutningsmaður einn áður taka til máls og skýra frá þýðingu frumvarpsins. Neiti deildin um samþykkið, er frumvarpið fallið.

Eigi þarf þó að leita þessa samþykkis, þegar um er að ræða frumvarp til laga um breyting á stjórnarskránni, eða um breyting á þingsköpum Alþingis.

Frumvörp skulu rædd þrisvar.

19. gr.

Eigi er lagafrumvarp samþykt til fullnaðar í deild fyrr en búið er að ræða það þrisvar sinnum (27. gr. stjórnarskr.).

I. umræða.

20. gr.

Við *fyrstu* umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið, er leitað atkvæða um, hvort það eigi að ganga til annarar umræðu.

2. umræða. Breytingartillögur.

21. gr.

Önnur umræða fer eigi fram fyrr en tveim nóttum eptir fyrstu umræðu, og skal þá ræða greinar frumvarpsins, hverja fyrir sig, og breytingartillögur við þær. Ræða má frumvarpið í köflum eptir nánari ákvæðum forseta. Þegar búið er að ræða hvern kafla, skulu atkvæði greidd um hverja grein í honum með breytingartillögum, er við eiga. Að síðustu skal greiða atkvæði um það, hvort frumvarpið þannig lagað eigi að ganga til þriðju umræðu.

3. umræða. Breytingartillögur.

22. gr.

Þriðja umræða má eigi fram fara fyrr en tveim nóttum eptir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar, er þær eiga við, svo og frumvarpið alt í heild. Þá er umræðum er lokið, skal leita atkvæða um breytingartillögurnar, og síðan um frumvarpið í heild sinni, eins og það þá er orðið.

Frumvarp sendist hinni deildinni, og síðan ráðherra.

23. gr.

Þá er frumvarp hefir þannig verið samþykt við þrjár umræður í deild, sendir forseti hennar það forseta hinnar deildarinnar með tilmælum um, að hann leggi það fyrir þá deild

(9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903), og sætir það síðan sömu meðferð þar, sem í deild þeirri, er það kom frá.

Ef frumvarpið er samþykt óbreytt í þessari deild, sendir forseti hennar ráðherra það.

Frumvarp endursent deild. Meðferð á því.

24. gr.

Ef deildin breytir aptur á móti frumvarpinu í smáu eða stóru, sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar (28. gr. stjórnarskr.). Hafi nefnd fjallað um það þar, sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það, og skal það prentað og því útbýtt. Þá er liðnar eru að minsta kosti tvær nætur frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt, eða, ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu (22. gr.).

Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt, eins og það kom frá hinni deildinni, sendir forseti ráðherra það. En sé því breytt, sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni (9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903, og skal þar enn fara með það eptir ákvæðum 22. gr. Fallist deildin á frumvarpið óbreytt, sendir forseti ráðherra það. Nú breytir deildin því, og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til, að það verði lagt fyrir sameinað þing.

Frumvarp í sameinuðu þingi.

25. gr.

Frumvarpinu í þeirri mynd, sem það hafði síðast feingið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu, minst 2 nóttum síðar. Við umræðurnar skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í 22. gr., og er þeim lýkur, skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykt í heild sinni, verða aptur á móti að minsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903).

Ef frumvarpið er samþykt, sendir forseti sameinaðs þings það ráðherra. Ella fellur það niður.

Fyrirsögn frumvarpa og fleira um

26. gr.

Lagafrumvarp, er felur í sér tillögu um breyting á *stjórnarskránni* eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt

breyting á stjórnarskránni. frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breyting á stjórnarskránni, eða viðauka við hana, má að eins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Sé hún gerð við annað frumvarp, vísar forseti henni frá.

Feld frumvörp.

27. gr.

Lagafrumvarp, er önnur hvor deildin hefir felt, má eigi bera upp aptur á sama þingi.

Álit yfirskoðunarmanna.

28. gr.

Álit yfirskoðunarmanna (26. gr. stjórnarskr.) skal fyrst lagt fyrir neðri deild, og kýs hún þriggja manna nefnd, til þess að íhuga það.

Tillögur nefndar þeirrar skal ræða tvisvar sinnum eptir reglunum um aðra og þriðju umræðu um lagafrumvörp. Sama er, ef efri deild skipar nefnd, til þess að íhuga álit yfirskoðunarmanna. Ella ræður hún málinu til lykta með einni umræðu.

Þingsályktunartillögur.

29. gr.

Þingsályktunartillögur, þ. e. sérstakar tillögur aðrar en lagafrumvörp, skulu vera í ályktunarformi. Slíka tillögu má ræða einu sinni eða tvisvar. Nú er tillaga til þingsályktunar borin upp í deild eða sameinuðu þingi, og skal þá prenta hana og útbýta. Á fundi að minsta kosti 1 nótt síðar ályktar deildin eða þingið eptir uppástungu forseta, hvort hún skuli rædd í einni eða tveimur umræðum. Umræða má eigi framfara fyr en í fyrsta lagi daginn eptir.

Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eptir fyrirmælunum um 2. umræðu lagafrumvarpa (21. gr.), og sama er um fyrri umræðu, ef tvær eru. En síðari umræðan fer fram eins og þriðja umræða um lagafrumvörp (22. gr.).

Þingsályktunartillögu, er samþykt hefir verið í annari þingdeildinni, má senda hinni deildinni, og láta hana þar sæta sömu meðferð, sem nú er sagt hér á undan í grein þessari. Sé henni breytt þar, má endursenda hana deild þeirri, er hún kom frá og ræða hana þar einu sinni eptir reglum um þriðju umræðu lagafrumvarpa.

Breytingartillögur.

30. gr.

Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt daginn áður en þær koma til umræðu. Ráðherra eða umboðsmaður hans og hver þingdeildarmaður, eða í sameinuðu þingi hver þingmaður, má koma fram með breytingartillögu við hverja umræðu sem er.

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera

upp við byrjun þess fundar, er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti, en aðrir því að eins, að deildin samþykki það.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi, ef tækifæri er til þess eptir þingsköpum. Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefir verið felt í sömu þingdeild, og er þingmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði.

Fyrirspurnir.

31. gr.

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra um alþjóðlegt málefni (37. gr. stjórnarskr.), og gerir hann það með *fyrirspurn*, er afhent sé forseta, og skal prenta hana og útbýta, og forseti skýra frá henni á fundi. Á öðrum fundi leyfir deildin fyrirspurnina eða synjar leyfis.

Leyfi deildin fyrirspurnina, sendir forseti ráðherra hana, og er hún svo borin upp og rædd á fundi síðar. Við þessa umræðu má eigi gera neina ályktun.

Ávarp.

32. gr.

Ávarp má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi og skal fara með það sem þingsályktunartillögu, að því fráskildu, að ávarp verður eigi sent frá einni deild til annarar.

Apturköllun.

33. gr.

Frumvörp, hvort heldur eru frá stjórninni, eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aptur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aptur á sama fundi. Fyrirspurn má og apturkalla.

Frávísun.

34. gr.

Rökstudd dagskrá. Heimilt er þingmanni að krefjast þess, að lagafrumvarpi, þingsályktunartillögu og breytingartillögu eða fyrirspurn sé vísað frá. Kröfu um það skal hann koma fram með áður en nokkur annar en flutningsmaður, eða, ef þeir eru tveir eða fleiri, einn þeirra hefir talað. Þingdeildin sker þá umræðulaust úr því, hvort frá skuli vísa.

Meðan á umræðum stendur, má gera tillögu, er bygð sé á ástæðum, um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni, og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða.

Þingmaður tekur til máls.

35. gr.

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og feingið leyfi til þess, skal standa upp frá sæti sínu og mæla þaðan, og skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forseta. Eigi má hann ávarpa annan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosning.

Hve opt þingmaður má taka til máls við umræðu.

36. gr.

Ráðherra eða umboðsmaður hans, framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala optar en tvisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn, skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður, nema annar sé tilnefndur. Aðrir mega eigi tala optar en tvisvar Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæzlu þingskapa og til þess að bera af sér sakir.

Í hverri röð þingmenn taka til máls.

37. gr.

Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu, það er til ráðherra eða umboðsmanns hans og framsögumanns kemur, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu, eða athugasemd, er snertir sjálfan hann.

38. gr.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp skrifað eða prentað mál.

Þingmenn gæti reglu.

39. gr.

Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp, er það skylda forseta að gera hlé á fundinum um stundarsakir, eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum alveg.

Krafa um, að umræður hætti.

40. gr.

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sé hætt, og sker þingdeildin úr því umræðulaust. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um, hvort umræðum skuli lokið. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eptir ákvæðum þessarar greinar og 36. greinar, að því er sameinað þing snertir, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Dagskrá.

41. gr.

Forseti deildar ákveður fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund hennar. Þó má ákveða hana eptir ályktun deildarinnar, ef 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá.

Ef þá er farið fram á, að mál sé látið ganga út af dagskránni, skal afhenda forseta kröfuna um það samdægurs og dagskráin er ákveðin. En sé farið fram á, að mál sé tekið á dagskrá, skal tilkynna deildinni það í lok þess fundar, er krafan um það kom fram á. Um þessa tillögu skal í byrjun næsta fundar greiða atkvæði umræðulaust. Sé hún feld, er með því samþykt dagskrá forseta.

Þegar dagskrá er eigi ákveðin eptir ályktun deildarinnar, getur forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskrá, og einnig tekið mál út af dagskrá. Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því að eins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki $^3/_4$ þeirra, sem á fundi eru, og leyfi ráðherra, sbr. 53. gr.

Þingdeild ályktunarfær. Skylda þingmanna að greiða atkvæði.

42. gr.

Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt mál, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði atkvæði (11. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903.).

Skylt er þingmanni hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi að vera viðstaddur, er atkvæði eru greidd, nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi (50. gr.).

Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir eigi atkvæði, og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr, hvort þau rök skulu gild talin, en þingmaður getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingins. Ef þau eru ályktuð ógild, telst atkvæði þingmannsins með meiri hlutanum. Svo er og, ef hann færist undan að rökstyðja undanfærslu sína. Heimilt er þingmanni að láta bóka ástæður sínar.

Skipting, röð og innra samband atkvæðagreiðslu.

43. gr.

Forseti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur þingdeild eða sameinað þing, ef 3 í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krefjast þess, breytt ákvörðun forseta. Forseti og einn af flutningsmönnum mega hvor um sig taka einu sinni til máls áður en til atkvæða er geingið um það. Krefjast má þingmaður þess, að atkvæðagreiðslu um breytingartillögu sé skipt, ef hann gerir það áður en umræður hefjast. Nú er stungið upp á, að skipta atkvæðagreiðslu um lagagrein, og telst það breytingartillaga (sbr. 30. gr.).

Atkvæðagreiðsla. Nafnakall.

44. gr.

Þá er forseti hefir ástæðu til að ætla, að allir séu á einu máli, má hann lýsa því yfir, að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu, ef einginn krefst þess að hún fari fram. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður (sbr. 20—25. og 29. gr.).

Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt, að hver þingmaður stendur upp úr sæti sínu, hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifararnir telja atkvæðin, en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar eptir að atkvæða hefir verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig, að málið sé hvorki samþykt né felt, lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað, eða ef atkvæðagreiðsla hefir áður fram farið, en verið óglögg. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í

sameinuðu þingi krafizt nafnakalls við atkvæðagreiðslu um tiltekið atriði. Skrifleg krafa um það skal afhent forseta áður en atkvæðagreiðsla byrjar. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og bókuð.

Afl atkvæða.

45. gr.

Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða, nema öðru vísi sé ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum (sbr. 25. gr.).

Kosning, óhlutbundin og hlutbundin (de Hondt). Kjörmiði ógildur.

46. gr.

Um kosningar fer eptir því, sem fyrir er mælt í 2. og 16. gr., að því viðbættu, að þegar kjósa á um 2 menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi, hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kend er við de Hondt (listakosning) ef 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi æskja þess.

Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta þegar til kosningar kemur lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C, o. s. frv., eptir því, sem sjálfur hann ákveður, eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig, að hver ritar á kjörmiða að eins stafnafn (A, B o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eptir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifararnir rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eptir því, sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annari og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eptir hlutatölunum þannig, að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næst hæsta hluttölu o. s. frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hvor listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosning í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

Kjörmiði við óhlutbundnar kosningar er ógildur, ef á honum standa fleiri eða færri nöfn en samsvarar tölu nefndarmanna, eða nafn er ógreinilegt eða á eigi við.

Fundir í heyranda hljóði.

47. gr.

Fundir bæði þingdeilda og sameinaðs þings skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að öll-

um utanþingsmönnum sé vísað á braut, og sker þá þingið úr því, hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum (40. gr. stjórnarskr.)

Áheyrendur.

48. gr.

Forseti skipar fyrir um, hvernig mönnum skuli gefinn kostur á að vera við fundi þá, er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því, getur forseti látið vísa honum á braut, og ef þörf er á, öllum áheyrendum.

Alþingistíðindi.

49. gr.

Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau skulu prentaðar í Alþingistíðindunum.

Forföll þingmanna.

50. gr.

Nú hefir þingmaður forföll, svo að hann getur eigi mætt á fundi, og skal hann þá skýra forseta þeim, er í hlut á, frá því í tæka tíð. Burtfararleyfi af þingi getur forseti veitt um 2 daga, ef nauðsyn krefur. Ef um leingri tíma er að ræða, þarf til þess samþykki hlutaðeigandi þingdeildar.

Þingdeild tekur eigi við erindi án flutningsmanns.

51. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sér til flutnings (38. gr. stjórnarskr.).

Máli vísað til ráðherra.

52. gr.

Þyki þingdeild eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, getur hún vísað því til ráðherrans (12. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903).

Afbrigði frá þingsköpum.

53. gr.

Eptir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá 3 þingmönnum í efri deild, 6 þingmönnum í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi má bregða út af þingsköpum þessum, ef ráðherra eða umboðsmaður hans leyfir, og $^3/_4$ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja. Þó mega afbrigðin þau ein vera, er eigi koma í bága við stjórnarskrána.

54. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um þingsköp handa Alþingi Íslendinga 7. Apríl 1876 og lög um viðauka og breyting á þingsköpum Alþingis 22. Maí 1890.

Ed. **498. Breytingartillögur**

við frumvarp til sveitastjórnarlaga.

Frá Birni M. Ólsen og Eiríki Briem.

1. Við 9. gr.: Greinin orðist þannig:
Foreldrar og börn þeirra mega ekki sitja saman í senn í hreppsnefnd, eigi heldur móðurforeldar eða föðurforeldar og barnabörn þeirra.
2. — 56. — Í stað: »mann í sýslunefnd« komi: einn mann í sýslunefnd, nema Vestmanneyjahreppur, er kýs þrjá.
3. — 56. — Í stað: sýslumaður, formaður« komi: sýslumaður, sem er formaður.
4. — 58. — Aptan við greinina bætist: Um úrgaungu eða brottvísun sýslunefndarmanna úr sýslunefnd fari að sínu leyti eins og um úrgaungu eða brottvísun hreppsnefndarmanna úr hreppsnefnd, (sjá 22. gr.). Heimilt er þeim, er vikið er úr sýslunefnd, að skjóta úrskurði sýslunefndar um það til stjórnarráðsins.
5. — 61. — Á eptir orðinu »sýslunefndarmann« (í 2. línu greinarinnar) bætist inn: (í Vestmanuaeyjahreppi þrjá).
6. — 85. — Aptan við greinina bætist: Þó leggist amtsráðin eigi niður fyrr en 31. December sama ár.

Ed. **499. Frumvarp**

til laga um bændaskóla.

(Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Tveir skulu vera skólar á landi hér, er veiti bændaefnum nauðsynlega sérþekking til undirbúnings stöðu þeirra, og skal annar skólinn vera á Norðurlandi, á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Suðurlandi, á Hvanneyri í Borgarfirði. Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór bú, er má reka á kostnað landssjóðs, ef öðru verður ekki við komið.

2. gr.

Við hvorn skólann skulu vera tveir kennarar, og er annar þeirra skólastjóri; hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans og áhöldum. Hann hefir að launum 1500 kr. á ári, og auk þess 300 kr., ef hann stjórnar skólabúinu og heldur reikninga þess. Hinn kannarinn hefir að launum 1200 kr. á ári. Báðir hafa kennararnir leigulausan bústað í skólanum.

3. gr.

Skólarnir heita bændaskólar og eru vetrarskólar. Bóklega kenslan skal aðallega fara fram með fyrirlestrum í þeim fræðigreinum landbúnaðarins, sem reglugerð nefnir til og segir nánar fyrir um. Reglugerð kveður og á um það, hverri verklegri kenslu verði komið við á skólabúunum. Útvega skal til skólanna og nota við kensluna sem fullkomnust kennsluáhöld.

Auk búnaðarfræðslunnar skal sérstök alúð lögð við að kenna nem-

endunum að tala og rita móðurmálið vel og skipulega; saga landsins skal sögð og þá einkum búnaðar- og verzlunarsaga, og nemendum kent að færa sér í nyt skýrslur um atvinnuvegi vora og þjóðarhag. Kenna skal og reikning, dráttlist, söng og leikfimi og glímur.

4. gr.

Nemendum er ætlað að vera 2 vetur á skólanum, en auk þess skulu bændur og bændaefni eiga kost á að dvelja á skólanum um viku- til hálfsmánaðartíma, að því er húsrúm og aðrar kringumstæður leyfa, við áður ákveðin og auglýst kensluskeið, til að hlýða á fyrirlestra hjá kennurunum og taka þátt í umræðufundum um landbúnað.

5. gr.

Hvor skólinn um sig á að geta tekið á móti alt að 40 nemendum, og skal skólastjórnin sjá um það, að nemendur eigi þar kost á ódýrri þjónustu, og geti komið á sameiginlegu matarhaldi.

6. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólanna og gefur út reglugerðir fyrir þá, er meðal annars kveða á um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar og vitnisburðarbréf.

7. gr.

Kostnaðurinn við að gera skólana úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr landssjóði. Svo greiðir hann og laun kennaranna og árleg útgjöld skólanna.

8. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er amtsráðin norðan lands og sunnan hafa hvort um sig afhent landsstjórninni sem móttakanda fyrir landsins hönd búnaðarskólana, sem eru á Hólum og Hvanneyri, til fullrar eignar og umráða, með öllum skyldum, eignum þeirra og réttindum.

9. gr.

Tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi 12. Febrúar 1872 skal numin úr gildi.

500. Ferðaáætlun,

sú er styrkurinn til gufuskipaferða er miðaður við. (Frumvarp til fjárlaga 12. gr. C.).

Frá Kaupmannahöfn til Íslandi.

	1.	2.	3.	4.	5.	6,	7.	8.	9.	10.	11.	12.	13.	14.	15.
	Laura	Ceres	Vesta	Laura	Ceres	Skálholt	Hólar	Laura	Vesta	Ceres	Skálholt	Laura	Hólar	Vesta	Ceres
Frá Kaupm.höfn. .	13 Jan.	2 Febr.	2 Marz	3 Marz	13 Marz	28 Marz	6 April	8 April	24 April	1 Mai	. .	27 Mai	4 Júni	10 Júni	16 Júni
— Leith	17 —	6 —	6 —	7 —	17 —	. .	10 —	12 —	28 —	5 —	19 Mai	2 Júni	8 —	14 —	20 —
— Trangisvaag .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	16 —	. .
— Thorshavn . .	19 Jan.	. .	8 —	. .	. .	. .	. .	. .	30 April	7 Mai	. .	. .	. .	16 —	22 Júni
— Klaksvig . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	1 Mai	. .	. .	. .	. .	17 —	. .
— Berufirði . . .	. .	. .	10 —	. .	. .	. .	. .	. .	2 —	. .	. .	. .	. .	18 —	. .
— Faskrúðsfirði	. .	. .	10 —	. .	. .	. .	. .	. .	2 —	. .	. .	. .	. .	18 —	. .
— Eskifirði . . .	. .	10 Febr.	11 —	. .	. .	. .	. .	. .	3 —	. .	. .	. .	. .	19 —	. .
— Norðfirði . . .	. .	10 —	11 —	. .	. .	. .	. .	. .	3 —	. .	. .	. .	. .	19 —	. .
— Seyðisfirði . .	. .	12 —	12 —	. .	. .	. .	. .	. .	4 —	. .	. .	. .	. .	20 —	. .
— Vopnafirði . .	. .	. .	13 —	. .	. .	. .	. .	. .	4 —	. .	. .	. .	. .	20 —	. .
— Húsavik . . .	. .	. .	14 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	21 —	. .
— Akureyri . . .	. .	. .	16 —	. .	. .	. .	. .	. .	7 Mai	. .	. .	. .	. .	23 —	. .
— Siglufirði . . .	. .	. .	16 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	23 —	. .
— Sauðárkrók .	. .	. .	17 —	. .	. .	. .	. .	. .	7 Mai	. .	. .	. .	. .	23 —	. .
— Skagaströnd .	. .	. .	18 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	24 —	. .
— Blönduós . . .	. .	. .	18 —	. .	. .	. .	. .	. .	8 Mai	. .	. .	. .	. .	24 —	. .
— Borðeyri . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Steingr.firði .	. .	. .	19 Marz	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Reykjafirði . .	. .	. .	20 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Ísafirði	. .	. .	20 —	. .	. .	. .	. .	. .	9 Mai	. .	. .	. .	. .	26 Júni	. .
— Önundarfirði.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Dýrafirði . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	26 Júni	. .
— Arnarfirði . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	9 Mai	. .	. .	. .	. .	26 —	. .
— Patreksfirði .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Flatey	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	10 Mai	. .	. .	. .	. .	27 Júni	. .
— Stykkishólmi.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	10 —	. .	. .	. .	. .	27 —	. .
— Ólafsvik	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
Í Reykjavík . . .	24 Jan.	15 Febr.	23 Marz	13 Marz	23 Marz	6 April	15 April	17 April	12 Mai	10 Mai	24 Mai	7 Júni	13 Júni	28 Júni	26 Júni
Til Vesturlands.:															
Frá Reyjavík . . .	27 Jan.	. .	. .	. .	26 Marz			20 April	. .	14 Mai		10 Júni		. .	29 Júni
— Ólafsvik . . .	. .	. .	. .	. .	27 —			. .	. .	. .		. .		. .	. .
— Stykkishólmi	. .	. .	. .	. .	27 —			. .	. .	15 Mai		. .		. .	30 Júni
— Flatey	. .	. .	. .	. .	. .			. .	. .	15 —		. .		. .	. .
— Patreksfirði .	28 Jan.	. .	. .	. .	28 Marz			21 April	. .	16 —		11 Júni		. .	30 Júni
— Arnarfirði . .	. .	. .	. .	. .	. .			. .	. .	. .		. .		. .	. .
— Dýrafirði . . .	. .	. .	. .	. .	28 Marz			. .	. .	16 Mai		. .		. .	. .
— Önundarfirði.	28 Jan.	. .	. .	. .	29 —			21 April	. .	17 —		11 Júni		. .	. .
A *Ísafirði*	30 —	. .	. .	. .	30 —			22 —	. .	18 —		12 Júni		. .	1 Júli

Strandferð. Strandferð. Strandferð. Strandferð.

Frá Kaupmannahöfn til Íslands (framhald).

	16.	17.	18.	19.	20.	21.	22.	23.	24.	25.	26.	27.	28.	29.	30.
	Laura	Skálholt	Hólar	Vesta	Ceres	Laura	Vesta	Skálholt	Hólar	Ceres	Laura	Vesta	Laura	Vesta	
Frá Kaupm.höfn	10 Júlí	16 Júlí	. .	27 Júlí	28 Júlí	14 Ágúst	9 Sept.	14 Sept.	16 Sept.	18 Sept.	28 Sept.	16 Okt.	16 Nóv.	29 Nóv.	. .
— Leith	14 —	20 —	24 Júlí	31 —	1 Ágúst	18 —	13 —	18 —	20 —	22 —	2 Okt.	20 —	20 —	3 Dec.	. .
— Trangisvaag	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Thorshavn	16 Júlí	. .	. .	. .	3 Ágúst	. .	. .	. .	. .	. .	4 Okt.	. .	22 Nóv.	. .	. .
— Klaksvig	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Berufirði	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Fáskrúðsfirði	. .	. .	. .	3 Ágúst	13 Ágúst	. .	16 Sept.	. .	. .	. .	. .	24 Okt.	. .	. .	. .
— Eskifirði	. .	. .	. .	4 —	13 —	. .	16 —	. .	. .	26 Sept.	6 Okt.	24 —	. .	7 Dec.	. .
— Norðfirði	. .	. .	. .	4 —	14 —	. .	17 —	. .	. .	. .	6 —	25 —	. .	. .	. .
— Seyðisfirði	. .	. .	. .	5 —	14 —	. .	18 —	. .	. .	27 Sept.	7 —	26 —	. .	9 Dec.	. .
— Vopnafirði	. .	. .	. .	5 —	15 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	26 —	. .	. .	. .
— Húsavík	. .	. .	. .	. .	15 —	. .	. .	. .	. .	27 Sept.	. .	27 —	. .	. .	. .
— Akureyri	. .	. .	. .	7 Ágúst	17 —	. .	. .	. .	. .	29 —	. .	29 —	. .	. .	. .
— Siglufirði	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	29 —	. .	. .	. .
— Sauðárkrók	. .	. .	. .	7 Ágúst	17 Ágúst	. .	. .	. .	. .	30 Sept.	. .	30 —	. .	. .	. .
— Skagaströnd	. .	. .	. .	. .	18 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	30 —	. .	. .	. .
— Blönduós	. .	. .	. .	8 Ágúst	. .	. .	. .	. .	. .	1 Okt.	. .	31 —	. .	. .	. .
— Borðeyri	. .	. .	. .	. .	18 Ágúst	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Steingrímsf.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Reykjarfirði	. .	. .	. .	8 Ágúst	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	31 Okt.	. .	. .	. .
— Ísafirði	. .	. .	. .	9 —	20 Ágúst	. .	. .	. .	. .	3 Okt.	. .	2 Nóv.	. .	. .	. .
— Önundarfirði	. .	. .	. .	. .	20 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Dýrafirði	. .	. .	. .	9 Ágúst	20 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	2 Nóv.	. .	. .	. .
— Arnarfirði	. .	. .	. .	. .	21 —	. .	. .	. .	. .	3 Okt.	. .	3 —	. .	. .	. .
— Patreksfirði	. .	. .	. .	. .	21 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	3 —	. .	. .	. .
— Flatey	. .	. .	. .	10 Ágúst	22 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Stykkishólmi	. .	. .	. .	10 —	22 —	. .	. .	. .	. .	3 Okt.	. .	5 Nóv.	. .	. .	. .
— Ólafsvík	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	4 —	. .	. .	. .	. .	. .
Í Reykjavík	20 Júlí	25 Júlí	31 Júlí	11 Ágúst	24 Ágúst	23 Ágúst	21 Sept.	24 Sept.	26 Sept.	6 —	11 Okt.	7 Nóv.	27 Nóv.	11 Dec.	. .
Til Vesturlandsins:															
Frá Reykjavik	. .	Strandferð.	Strandferð.	. .	. .	. .	. .	Strandferð.	Strandferð.	. .	15 Okt.	. .	1 Dec.	. .	. .
— Ólafsvik	. .			. .	. .	. .	. .			. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Stykkishólmi	. .			. .	. .	. .	. .			. .	16 Okt.	. .	. .	. .	. .
— Flatey	. .			. .	. .	. .	. .			. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Patreksfirði	. .			. .	. .	. .	. .			. .	16 Okt.	. .	. .	. .	. .
— Arnarfiði	. .			. .	. .	. .	. .			. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Dýrafirði	. .			. .	. .	. .	. .			. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Önundarfirði	. .			. .	. .	. .	. .			. .	16 Okt.	. .	. .	. .	. .
Á Ísafirði	. .			. .	. .	. .	. .			. .	18 —	. .	3 Dec.	. .	. .

Frá Íslandi til Kaupmannahafnar.

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	11.	12.	13.	14.	15.
	Laura	Ceres	Vesta	Laura	Ceres	Skálholt	Hólar	Laura	Vesta	Ceres	Skálholt	Laura	Hólar	Vesta	Ceres
Frá Vesturlandinu															
Frá Ísafirði	1 Febr	. .	. .	. .	31 Marz	Strandferð.	Strandferð.	24 April	. .	19 Maí	Strandferð.	14 Júní	Strandferð.	. .	3 Júlí
— Dýrafirði . . .	1 —	. .	. .	. .	. .			24 —	. .	. .		14 —		. .	3 —
— Arnarfirði . .	2 —	. .	. .	. .	31 Marz			25 —	. .	19 Maí		14 —		. .	3 —
— Patreksfirði .	. .	. .	. .	. .	. .			. .	. .	. .		. .		. .	. .
— Flatey	. .	. .	. .	. .	. .			25 April	. .	. .		15 Júní		. .	4 Júlí
— Stykkishólmi.	4 Febr	. .	. .	. .	. .			26 —	. .	. .		15 —		. .	4 —
— Ólafsvík	. .	. .	. .	. .	. .			. .	. .	. .		15 —		. .	. .
Til Reykjavikur . .	6 Febr	. .	. .	. .	2 April			28 April	. .	20 Maí		17 —		. .	5 Júlí
Frá Reykjavik . .	9 Febr	20 Febr	26 Marz	18 Marz	4 April	11 Maí	14 Maí	30 April	16 Maí	24 Maí	29 Júní	19 Júní	15 Júlí	2 Júlí	9 Júlí
— Ólafsvík	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	—	. .
— Stykkishólmi .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	3 —	. .
— Flatey	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	3 —	. .
— Patreksfirði . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	17 Maí	. .	. .	. .	. .	4 —	. .
— Arnarfirði . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Dýrafirði . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Önundarfirði .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	4 Júlí	. .
— Ísafirði	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	18 Maí	. .	. .	. .	. .	5 —	. .
— Reykjafirði . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Steingrímsfirði	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	5 Júlí	. .
— Borðeyri . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	5 —	. .
— Blönduós . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	5 —	. .
— Skagaströnd .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	18 Maí	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Sauðárkrók . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	19 —	. .	. .	. .	. .	6 Júlí	. .
— Siglufirði . . ,	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	19 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Akureyri . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	21 —	. .	. .	. .	. .	7 Júlí	. .
— Húsavík	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	21 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Vopnafirði . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	7 Júlí	. .
— Seyðisfirði . .	. .	22 Febr	. .	. .	. .	. .	. .	. .	23 Maí	27 Maí	. .	22 Júní	. .	8 —	. .
— Norðfirði . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	27 —	. .	22 —	. .	9 —	. .
— Eskifirði . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	23 Maí	27 —	. .	22 —	. .	9 —	. .
— Fáskrúðsfirði	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	28 —	. .	. .	. .	9 —	. .
— Berufirði . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	28 —	. .	. .	. .	. .	. .
— Klaksvig . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	12 Júlí
— Thorshavn . .	. .	. .	28 Marz	. .	. .	. .	. .	3 Maí	. .	30 Maí	. .	24 Júní	. .	. .	12 —
— Trangisvaag .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Leith	16 Febr	26 Febr	31 Marz	24 April	10 April	16 Maí	20 Maí	6 Maí	27 Maí	2 Júní	4 Júlí	27 Júní	20 Júlí	14 Júlí	15 Júlí
— Christiansand	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
Til Kaupm.hafnar	20 Febr	3 Marz	5 April	29 April	14 April	. .	24 Maí	10 Maí	1 Júní	6 Júní	8 Júlí	1 Juli	. .	18 Júlí	19 Júlí

Frá Íslandi til Kaupmannahafnar. (Framh.).

	16.	17.	18.	19.	20.	21.	22.	23.	24.	25.	26.	27.	28.	29.	30.
	Laura	Skálholt	Hólar	Vesta	Ceres	Laura	Vesta	Skálholt	Hólar	Ceres	Laura	Vesta	Laura	Vesta	
Frá Vesturlandinu:															
Frá Ísafirði	. .	Strandferð	Strandferð	. .	. .	. .	. .	Strandferð	Strandferð	. .	20 Okt.	. .	4 Dec.	. .	. .
— Dýrafirði . . .	. .			. .	. .	. .	. .			. .	20 —	. .	4 —	. .	. .
— Arnarfirði . .	. .			. .	. .	. .	. .			. .	21 —	. .	5 —	. .	. .
— Patreksfirði .	. .			. .	. .	. .	. .			. .	. .	. .	5 —	. .	. .
— Flatey	. .			. .	. .	. .	. .			. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Stykkishólmi	. .			. .	. .	. .	. .			. .	22 Okt.	. .	6 Dec.	. .	. .
— Ólafsvik . . .	. .			. .	. .	. .	. .			. .	. .	. .	. .	. .	. .
til Reykjavíkur . .	. .			. .	. .	. .	. .			. .	24 Okt.	. .	8 Dec.	. .	. .
Frá Reykjavík . .	25 Júlí	30 Ág.	1 Sept.	14 Ág.	29 Ág.	28 Ág.	25 Sept.	3 Nóv.	1 Nóv.	11 Okt.	27 Okt.	10 Nóv.	11 Nóv.	17 Dec.	. .
— Ólafsvik . . .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Stykkishólmi.	. .	. .	. .	15 —	. .	29 Ág.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Flatey	. .	. .	. .	. .	. .	29 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Patreksfirði .	. .	. .	. .	16 Ág.	. .	30 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Arnarfirði . .	. .	. .	. .	16 —	. .	30 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Dýrafirði . . .	. .	. .	. .	. .	. .	31 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Önundarfirði	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Ísafirði	. .	. .	. .	17 Ág.	. .	2 Sept.	. .	. .	. .	13 Okt.	. .	. .	. .	. .	. .
— Reykjafirði .	. .	. .	. .	17 —	. .	. .	. .	. .	. .	13 —	. .	. .	. .	. .	. .
— Steingrímsf. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Borðeyri . . .	. .	. .	. .	18 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Blönduós . . .	. .	. .	. .	18 —	. .	. .	. .	. .	. .	15 Okt.	. .	. .	. .	. .	. .
— Skagaströnd .	. .	. .	. .	19 —	. .	2 Sept.	. .	. .	. .	16 —	. .	. .	. .	. .	. .
— Sauðárkrók .	. .	. .	. .	19 —	. .	3 —	. .	. .	. .	18 —	. .	. .	. .	. .	. .
— Siglufirði . . .	. .	. .	. .	19 —	. .	. .	. .	. .	. .	19 —	. .	. .	. .	. .	. .
— Akureyri . . .	. .	. .	. .	20 —	. .	5 Sept.	. .	. .	. .	22 —	. .	. .	. .	. .	. .
— Húsavík . . .	. .	. .	. .	20 —	. .	. .	. .	. .	. .	22 —	. .	. .	. .	. .	. .
— Vopnafirði . .	. .	. .	. .	21 —	. .	6 Sept.	. .	. .	. .	23 —	. .	. .	. .	. .	. .
— Seyðisfirði . .	. .	. .	. .	22 —	. .	7 —	. .	. .	. .	25 —	. .	. .	. .	20 Dec.	. .
— Norðfirði . . .	. .	. .	. .	22 —	. .	7 —	. .	. .	. .	25 —	. .	. .	. .	. .	. .
— Eskifirði . . .	. .	. .	. .	22 —	. .	7 —	. .	. .	. .	26 —	. .	. .	. .	. .	. .
— Fáskrúðsfirði	. .	. .	. .	23 —	. .	8 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Berufirði . . .	. .	. .	. .	23 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Klaksvig . . .	. .	. .	. .	. .	. .	9 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Thorshavn .	. .	. .	. .	. .	. .	10 —	28 Sept.	. .	. .	27 Okt.	. .	. .	. .	22 Dec.	. .
— Trangisvaag .	. .	. .	. .	. .	. .	11 —	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .
— Leith	31 Júlí	4 Sept.	6 Sept.	27 Ág.	3 Sept.	14 —	1 Okt.	. .	. .	30 Okt.	2 Nóv.	16 Nóv.	17 Nóv.	25 Dec.	. .
— Christianssand	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	10 Nóv.	7 Nóv.	2 Nóv.	. .	19 —	. .	. .	. .
til Kaupmannah. .	4 Ág.	8 Sept.	10 Sept.	31 Ág.	7. Sept.	18. Sept.	5 —	13 —	10 —	4 —	5 Nóv.	21 —	23 Nóv.	30 Dec.	. .

Aths.: 80. millilandaferðin er ókveðin enn.

Strandferðir (Fylgiskjal

Skálholt.

	6.	11.	17.	23.		6.	11.	17.	23.
Frá Kaupmhöfn.	28 Mrz	.....	16 Júli	14 Sept	Frá Akureyri . .	27 Apr	14 Júni	14 Ág.	13 Okt
— Leith	.....	19 Mai	20 —	18 —	— Hjalteyri . .	27 —	14 —	14 —	13 —
í Reykjavík . .	6 Apr	24 —	25 —	24 —	— Hrísey . . .	.....	14 —	.....	13 —
Frá Reykjavík. .	10 —	28 —	28 —	28 —	— Dalvík . . .	27 Apr	14 —	14 —	13 —
— Akranesi . .	.....	28 —	28 —	.....	— Ólafsfirði . .	.....	14 —	14 —	.....
— Hafnarfirði .	.....	.....	28 —	.....	— Siglufirði . .	27 Apr	15 —	15 —	14 Okt
— Búðum . . .	10 Apr	28 Mai	28 —	.....	— Haganesvík .	28 —	15 —	15 —	14 —
— Sandi	10 —	28 Mai	28 —	28 Sept	— Hofsós . . .	28 —	15 —	15 —	14 —
— Ólafsvík . .	11 —	29 —	29 —	28 —	— Kolkuós . .	28 —	15 —	15 —	14 —
— Grundarfirði	.....	29 —	29 —	.....	— Sauðárkrók .	28 —	15 —	15 —	15 —
— Stykkishólmi	11 Apr	29 —	29 —	29 Sept	— Kálfshamarsv.	.....	15 —	16 —	.....
— Hvamsfirði .	.....	30 —	30 —	.....	— Skagaströnd	28 Apr	16 —	16 —	15 Okt
— Skarðstöð .	.....	30 —	30 —	.....	— Blönduósi. .	29 —	16 —	16 —	17 —
— Flatey . . .	11 Apr	31 —	30 —	29 Sept	— Hvamstanga	29 —	17 —	17 —	18 —
— Breiðuvík. .	.....	31 —	31 —	.....	— Borðeyri . .	1 Mai	18 —	18 —	22 —
— Patreksfirði.	12 Apr	31 —	31 —	29 Sept	— Bitrufirði . .	1 —	18 —	18 —	23 —
— Tálknafirði .	12 —	.....	31 —	.....	— Steingrímsf. .	1 —	18 —	18 —	24 —
— Bíldudal . .	13 —	31 Mai	1 Ág.	30 —	— Reykjarfirði.	1 —	.....	18 —	.....
— Dýrafirði . .	13 —	1 Júni	1 —	30 —	— Norðurfirði .	1 —	18 Júni	.....	24 Okt
— Haukadal . .	.....	.....	.....	.....	— Höfn	.....	19 —	19 Ág.	.....
— Önundarfirði	13 —	1 —	1 —	1 Okt	— Aðalvík . . .	.....	19 —	19 —	.....
— Súgandafirði	.....	1 —	1 —	.....	— Ísafirði . . .	3 Mai	20 —	20 —	26 —
— Bolungarvík	13 Apr	1 —	1 —	.....	— Bolungarvík	.....	20 —	20 —	26 —
— Ísafirði . . .	15 —	3 —	3 —	2 Okt	— Súgandafirði	.....	20 —	20 —	.....
— Álptafirði . .	.....	.....	.....	.....	— Önundarfirði	3 Mai	20 —	20 —	26 Okt
— Aðalvík . . .	.....	3 —	3 —	.....	— Haukadal . .	.....	.....	.....	.....
— Höfn	.....	3 —	3 —	.....	— Dýrafirði . .	3 Mai	20 —	20 —	27 Okt
— Norðurfirði .	15 Apr	3 —	.....	2 Okt	— Bíldudal . .	4 —	21 —	21 —	27 —
— Reykjarfirði	15 —	.....	3 Ág.	.....	— Tálknafirði .	.....	21 —	21 —	.....
— Steingrímsf..	16 —	4 Júni	4 —	3 Okt	— Patreksfirði .	4 Mai	21 —	21 —	28 Okt
— Bitrufirði . .	16 —	.....	4 —	.....	— Breiðuvík . .	.....	21 —	21 —	.....
— Borðeyri . .	18 —	5 Júni	5 —	5 Okt	— Flatey	5 Mai	22 —	22 —	28 Okt
— Hvamstanga	18 —	5 —	5 —	5 —	— Skarðstöð. .	5 —	.....	22 —	.....
— Blönduós . .	19 —	5 —	5 —	6 —	— Hvamsfirði .	.....	23 Júni	23 —	.....
— Skagaströnd	19 —	6 —	6 —	6 —	— Stykkishólmi	5 Mai	23 —	23 —	30 Okt
— Kálfshamarsv.	.....	6 —	6 —	.....	— Grundarfirði	.....	23 —	23 —	.....
— Sauðárkrók .	20 Apr	6 —	6 —	7 Okt	— Ólafsvík . .	5 Mai	24 —	24 —	30 Okt
— Kolkuós . . .	20 Apr	6 —	6 —	7 —	— Sandi	6 —	24 —	.....	30 —
— Hofsós . . .	20 Apr	7 —	7 —	7 —	— Búðum . . .	.....	24 —	24 Ág.	.....
— Haganesvík .	20 Apr	7 —	7 —	7 —	— Hafnarfirði .	.....	24 —	.....	.....
— Siglufirði . .	21 —	7 —	7 —	8 —	— Akranesi . .	.....	24 —	24 Ág.	.....
— Ólafsfirði . .	.....	8 —	8 —	.....	í Reykjavík . .	8 Mai	26 —	26 —	1 Nóv
— Dalvík . . .	21 Apr	8 —	8 —	8 Okt	Frá Reykjavík .	11 —	29 —	30 —	3 —
— Hrísey . . .	.....	8 —	8 —	.....	í Leith	II. Mai	4 Júli	4 Sept	.....
— Hjalteyri . .	21 Apr	8 —	8 —	8 Okt	Kristjánssandi	.....	.....	.....	10Nóv
— Akureyri . .	23 —	9. Júni	9 Ág.	9 —	í Kaupmhöfn .	.....	8 Júli	8 Sept	13 —

Hinar sömu athugasemdir og á ferðaáætlun

við ferðaáætlun þgskj. 500).

Hólar.

	7.	13.	18.	24.		7.	13.	18.	24.
Frá Kaupmhöfn.	6 Apr	4 Júní	.....	16 Sept	Frá Akureyri. . .	1 Maí	2 Júlí	19 Ág.	13 Okt
— Leith	10 —	8 —	24 Júlí	20 —	— Svalbarðseyri	1 —	2 —	19 —	13 —
í Reykjavík. .	15 —	13 —	31 —	26 —	— Grenivik . . .	.....	2 —	19 —	.....
Frá Reykjavík .	19 —	16 —	3 Ág.	28 —	— Grimsey . . .	.....	2 —	19 —	.....
— Hafnarfirði .	.....	16 —	3 —	.....	— Flatey	.....	2 —	19 —	.....
— Keflavík . .	19 —	16 —	3 —	.....	— Húsavík . . .	1 Maí	3 —	20 —	14 Okt
— Stokkeyri . .	.....	16 —	3 —	28 Sept	— Fjallahöfn . .	.....	3 —	.....	.....
— Vestmanneyj.	19 Apr	17 —	4 —	29 —	— Kópaskeri . .	2 Maí	3 —	20 Ág.	14 —
— Vik	20 —	17 —	4 —	.....	— Raufarhöfn .	2 —	3 —	20 —	15 —
— Hornafirði. .	21 —	18 —	5 —	30 Sept	— Þórshöfn . . .	2 —	3 —	20 —	15 —
— Djúpavog . .	21 —	18 —	5 —	30 —	— Gunnólfsvík .	.....	3 —	20 —	.....
— Breiðdalsvík	21 —	18 —	6 —	30 —	— Bakkafirði . .	.....	4 —	21 —	16 Okt
— Stöðvarfirði.	.....	18 —	6 —	.....	— Vopnafirði . .	3 Maí	4 —	21 —	16 —
— Fáskrúðsfirði	22 Apr	19 —	6 —	1 Okt	— Unaós	.....	4 —	21 —	.....
— Reyðarfirði .	22 —	19 —	7 —	1 —	— Borgarfirði .	3 Maí	4 —	21 —	17 Okt
— Eskifirði . .	22 —	19 —	7 —	1 —	— Loðmundarf.	.....	5 —	21 —	.....
— Norðfirði . .	23 —	19 —	7 —	1 —	— Seyðisfirði. .	4 Maí	6 —	23 —	19 —
— Mjóafirði . .	23 —	20 —	7 —	2 —	— Mjóafirði. . .	4 —	6 —	23 —	.....
— Seyðisfirði .	25 —	21 —	9 —	3 —	— Norðfirði . .	4 —	6 —	23 —	19 Okt
— Loðmundarf.	.....	21 —	9 —	.....	— Eskifirði . . .	5 —	6 —	23 —	20 —
— Borgarfirði .	25 Apr	21 —	9 —	3 Okt	— Reyðarfirði .	5 —	7 —	24 —	.....
— Unaós . . .	.....	22 —	9 —	.....	— Fáskrúðsfirði	6 —	7 —	24 —	20 Okt
— Vopnafirði .	25 Apr	22 —	10 —	4 Okt	— Stöðvarfirði .	.....	7 —	24 —	.....
— Bakkafirði .	25 —	22 —	10 —	4 —	— Breiðdalsvík.	6 Maí	8 —	24 —	.....
— Gunnólfsvík.	.....	22 —	10 —	.....	— Djúpavog . .	7 —	8 —	25 —	21 Okt
— Þórshöfn . .	26 Apr	23 —	11 —	5 Okt	— Hornafirði . .	7 —	9 —	25 —	.....
— Raufarhöfn .	.....	23 —	11 —	5 —	— Vik	8 —	9 —	26 —	21 Okt
— Kópasker . .	.....	23 —	11 —	5 —	— Vestm.eyjum	8 —	10 —	26 —	22 —
— Fjallahöfn .	.....	23 —	.....	.....	— Stokkseyri . .	.....	10 —	27 —	22 —
— Húsavík . .	27 Apr	24 —	12 Ág.	6 Okt	— Grindavík . .	.....	10 —	27 —	22 —
— Flatey . . .	.....	24 —	12 —	.....	— Keflavík . . .	.....	10 —	27 —	23 —
— Grimsey . .	.....	25 —	12 —	.....	— Hafnarfirði .	.....	10 —	.....	23 —
— Grenivík . .	.....	25 —	12 —	6 Okt	Í Reykjavík . .	10 Maí	12 —	29 Ág.	27 —
— Svalbarðseyri	.....	25 —	12 —	6 —	Frá Reykjavík . .	14 —	15 —	1 Sept	1 Nóv
— Akureyri . .	29 Apr	26 Júní	14 Ág.	8 —	Í Leith	20 —	**20 Júlí**	5 —	.....
					— Kristiansandi	.....	.....	.....	7 Nóv
					Í Kaupm.höfn.	24 Maí	.....	10 Sept	10 —

strandbátanna 1905.

Nd.

501. Frumvarp

til laga um vindlatoll.

(Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Aðflutningstollur af vindlum skal vera 1 kr. 50 au. af hundraði hverju, ef hundraðið vegur ekki yfir 75 kvint. Af þyngri vindlum hækkar tollurinn um 50 au. á hundraði fyrir hver 25 kvint, eða minna, er hundraðið vegur umfram.

2. gr.

Af vindlum sem hér á landi eru tilbúnir, skal greiða sölutoll jafnháan aðflutningstollinum. Innheimtulaun skulu söm vera af sölutolli sem af aðflutningsgjaldi.

3. gr.

Þá er tollur er greiddur af vindlum fær greiðandi hjá tollheimtumanni jafnvirði tollsins í tollfrímerkjum, og er það kvittun fyrir greiðslunni.

4. gr.

Upp frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, má ekki selja né afhenda tóbaksvindla heildsölu (en gros) hér á landi nema í kössum, eða öðrum þeim ílátum, sem auðvelt er að tollfrímerkja, og skal hvert ílát innihalda 25, 50, 100 eða 500 vindla og ekki aðra tölu. Það er talin heildsala, er vindlar eru seldir í íláti eða kassa. Tollfrímerki skal líma á kassann, eða ílátið, sem vindlarnir eru seldir í, þannig að ílátið verði ekki opnað á venjulegan hátt án þess að rífa frímerkið.

5. gr.

Brot gegn 1. gr., 2. gr. og 4. gr. varðar þreföldu endurgjaldi tolls til landssjóðs, og sektum að auki frá 200 kr. til 2000 kr. — Sama varðar að nota á ný frímerki, er losað hefir verið ólöglega af tollskyldu íláti, eða að opna tollfrímerkt ílát án þess að rífa frímerki.

Að losa tollfrímerki af íláti órifið, svo að það megi nota á ný, varðar sektum 100—1000 kr., hvort sem frímerkið hefir síðan verið ólöglega notað eða ekki.

6. gr.

Að eptirmynda tollfrímerki, eða falsa þau, varðar sömu hegningu sem ákveðin er í almennum hegningarlögum 25. Júní 1869, 266. gr. fyrir eptirmyndun og fölsun á dönskum peningum eða seðlum þjóðbankans. Glæpurinn er fullnaður, þá er búið er að eptirmynda aða falsa tollfrímerkið, þótt ekki hafi það verið notað.

7. gr.

Fyrstan virkan dag í Janúarmánuði næsta, eða fyrstu daga þar á eptir

svo fljótt sem því verður við komið, skal tollheimtumaður eða umboðsmaður hans, er hann til þess skipar, setja ókeypis tollfrímerki á öll ílát með vindlum, sem kaupmenn hér á landi hafa þá í vörzlum sínum, ef þeir hafa áður greitt aðflutningstoll af vindlunum. Um sama leyti skal setja tollfrímerki á öll ílát með vindlum, sem hér í landi eru tilbúnir og þá eru í vörzlum tóbaksverksmiðjanna, eða kaupmanna hér á landi, og greiði þeir andvirði frímerkjanna, að frádregnum 33% í notum þess, að þeir hafi áður toll greitt af því ónunna tóbaki, sem vindlarnir eru úr gerðir.

8. gr.

Nú flytur eigandi hérlendrar vindlaverksmiðju ónunnið tóbak hingað til lands, og er hann þá laus við að greiða af því aðflutningsgjald, samkv. tollögum 8. Nóv. 1901, ef hann lýsir því yfir skriflega að viðlögðum drengskap sínum, að hann skuli það tóbak að eins nota til vindlagerðar.

9. gr.

Um tilbúning og sölu tollfrímerkja, svo og um reikningsskil fyrir tollinum gerir stjórnarráðið nauðsynlegar ráðstafanir.

10. gr.

Með þessum lögum eru úr lögum numin ákvæði tollaga fyrir Ísland 8. Nóv. 1901 um aðflutningsgjald af vindlum, og breytt ákvæðum sömu laga um aðflutningsgjald af ónunnu tóbaki.

11. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Jan. 1906.

Ed. **502. Frumvarp**

til laga um fasteignarréttindi utanríkismanna á Íslandi.

(Eptir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Utanríkismenn, sem eignast eða eignazt hafa réttindi yfir fasteign á Íslandi, hvort heldur er eignarréttur eða takmörkuð réttindi, skulu hafa fyrirgert þeim, hvernig svo sem ákveðið er í samningum, séu þau látin ónotuð af þeim hér í landi samfleytt í 20 ár frá; þó skulu réttindi yfir fasteign, sem ónotuð hafa verið um þennan tíma af utanríkismönnum, þá er lög þessi öðlast gildi, ekki tapast fyrr en eptir 2 ár frá þeim degi, er lögin öðlast staðfestingu.

2. gr.

Sé eignarréttur eptir lögum þessum fallinn undan utanríkismönnum, hverfur hann til landssjóðs. Sé hinsvegar um takmarkaðan rétt yfir fasteign að ræða, svo sem notkunar eða ítaksrétt, hverfur hann til þess eiganda fasteignarinnar, sem þá er, nema annar maður hafi áður feingið hin væntanlegu réttindi framseld sér á löglegan hátt.

3. gr.

Með lögum þessum er eingin breyting gerð á gildandi rétti um fyrning skulda, sem trygðar eru með veði í fasteign, né um veðrétt af neinu tagi yfir fasteign eða fasteignarréttindum, sem utanríkismenn öðlast eða hafa öðlazt á Íslandi.

Nd.

503. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. Marz 1900.

(Eptir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðsins er að efla ræktun landsins. Stofnféð má aldrei skerða, en því skal varið til lánveitinga til jarðabóta og hvers kyns atvinnubóta við jarðyrkju.

Enn fremur má lána úr sjóðnum gegn öðrum veðrétti til ábýliskaupa, hvort heldur eru jarðir, eða grasbýli og þurrabúðir utan verzlunarlóða í kaupstöðum og kauptúnum.

Ræktunarsjóðurinn greiðir árlega til landssjóðs 4 af hundraði af andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar verða eptir 1. Janúar 1906, jafnóðum og vextir og afborganir renna í hann. Af vöxtum sjóðsins að öðru leyti má verja alt að $^{5}/_{12}$ hlutum til að styrkja menn til lífsábyrgðarkaupa til viðbótartryggingar lánveitingum til ábýliskaupa, og alt að $^{4}/_{12}$ til verðlauna fyrir atorku, hagsýni og eptirbreytnisverðar nýungar í landbúnaði. Að öðru leyti skal leggja vextina við höfuðstólinn.

2. gr.

Reikningar Ræktunarsjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum Alþingis.

3. gr.

Þriðja grein laga 2. Marz 1900 um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands skal úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Ed. **504. Frumvarp**
til laga um stofnun geðveikrahælis.
(Eptir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Til þess að koma upp geðveikrahæli í nánd við Reykjavík yfir 50 geðveika menn og útbúa það, má verja úr landssjóði alt að 90000 krónum.

2. gr.

Árleg útgjöld til geðveikrahælisins skal veita í fjárlögum.

Upp í þennan kostnað skulu réttir aðstandendur greiða í landssjóð meðgjöf með hverjum geðveikum manni, 50 aura á dag, ef hann er þurfamaður, ella 1 kr. á dag.

3. gr.

Í yfirstjórn geðveikrahælisins eru landlæknir og einhver annar maður, sem stjórnarráðið skipar til þess.

4. gr.

Stjórnarráðið semur eptir tillögum frá yfirstjórn geðveikrahælisins reglur um afnot þess og erindisbréf fyrir starfsmenn þess.

Ed. **505. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
Frá Birni M. Ólsen.

1. Við 13. gr. B. VI. b. 2: Aptan við athugasemdina við þennan lið bætist: Nokkru af þessum styrk má með sama skilyrði verja til sveitakennara, er ráðnir eru til að hafa eptirlit með heimafræðslu. Við styrkveitinguna til þessa eptirlits skal taka sérstakt tillit til þess, hve opt kennari hefir húsvitjað á hverju heimili og til fjölda heimilanna, sem hann hefir haft eptirlit með.

2. 13. — B. VI. b. 2: Á eptir þessum lið komi inn nýr liður, er verður 3. liður, svo hljóðandi:

3. Til sunnudagaskóla, alt að 75 kr. til hvers, 600 kr. síðara árið. Við þessa styrkveiting skal sérstaklega taka tillit til þess, hve opt skólinn hefir verið haldinn undanfarandi almanaksár og til fjölda nemenda.

Liðatala hinna síðari liða breytist samkvæmt þessu.

3. — 13. — B. VI. b. 4: Fyrir »heimavistarbarnaskólum« í fyrirsögn liðarins komi: heimavistaskólum.

Ed. **506. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um sölu þjóðjarða.
Frá Birni M. Olsen, Jóni Ólafssyni, Sigurði Stefánssyni

A eptir 5. grein komi ný grein svo látandi:

Nú geingur jörð, sem seld hefir verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, og skal þá hreppstjóri tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá því og gefa sem fylsta skýrslu um jörðina. Komist jörðin ekki í sjálfsábúð innan sex ára, á landssjóður endurkaupsrétt á henni fyrir sama verð og hann seldi hana að viðbættu eða frádregnu því, er hún kann að hafa batnað eða rýrnað eptir mati úttektarmanna, og er stjórnarráðinu heimilt að leysa hana til landssjóðs fyrir það.

Andvirði þjóðjarða þeirra, sem svo eru leystar aptur til landssjóðs, greiðist úr sjóði þeim, er það rann í upphaflega.

Ed. **507. Breytingaatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906—1907.
Frá Eiríki Briem.

Á eptir 5. gr. 1. bætist inn í svo hljóðandi athugasemd:

Heimilt er prestinum í Staðarstaðar prestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, eptir nánari ákvæðum kirkjustjórnarinnar.

Ed. **508. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907 (þskj. 416).
Flutningsmaður: Sigurður Jensson.

1. Við 11. gr. 9. d. Fyrir »200 kr.« komi: 300 kr.
2. — 12. — B. Á eptir 7. lið komi nýr liður:
   8. Til sýsluvega í Vestur-Barðastrandasýslu fyrra árið 5000 kr.

Tala liðanna breytist samkvæmt því.

Ed. **509. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907
frá ráðherra.

1. Við 13. gr. A. b. bætist nýr liður:
   5. til milliþinganefndar í kirkjumálum 3000
2. Við 13. gr. B. III.
   Í stað 4. liðar komi:
   4. til aukakenara ... ... 1600—1600
   5. til tímakennslu ... ... 1200—1200

3. Við 15. gr. Aptan við greinina bætist nýr liður:
21. Styrkur til 2 íslenzkra stúlkna til handavinnunáms hjá »Kunstflidsforeningens Friundervisning« í Kaupmannahöfn ... ... 300—300.

Ed. **510. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga árin 1906 og 1907.
Frá Guðjóni Guðlaugssyni.

1. Við 13. gr. B. VI. b. 3. Í stað 2000—3000 komi: 1500—2500.
2. — 13. — — — — Á eptir staflið n. komi: nýr liður o. svohljóðandi:
til unglingaskólans á Heydalsá í Strandasýslu 400—400
Styrkur þessi veitist gegn því skilyrði, að skólinn njóti ekki minna opinbers styrks annarstaðar frá en yfirstandandi ár.

Ed. **511. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
Frá Þorgrími þórðarsyni.

Við 11. gr. 4. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til Öræfinga til að vitja læknis 150—150.
Styrkurinn útborgist hreppsnefnd Hofshrepps.

Nd. **512. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um þingsköp handa Alþingi.
Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Jón Jónsson, Ólafur Briem, Stefán Stefánsson þm. Skf., Ólafur Ólafsson, Einar Þórðarson.

1. Við 6. gr. Í stað »varaforseta« komi: tveggja varaforseta, fyrsta og annars.
2. — 7. gr. Í stað orðanna »er fyrir allan þingtímann það ár« komi: gildir að eins fyrir 4 vikur í senn.
3. — 7. gr. Í stað orðanna: »Svo er og um nefndarkosning þá, er talað er um í 3. gr.,« komi: Nefndarkosning sú, er ræðir um í 3. gr., gildir fyrir allan þingtímann það ár.
4. — 53. gr. Orðin: »ráðherra eða umboðsmaður hans leyfir, og« falli burt.

Nd. **513. Breytingartillaga**
við frumv. til laga um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn.
Flutningsmaður: Árni Jónsson.

Við 3. gr. Niðurlag greinarinnar »enda hafi hann eigi afsalað sér rétti til málaflutningskaups samkvæmt 2. gr.« — falli burt.

Ed. **514. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um ritsíma, talsíma o. fl.
Flutningsmaður: Valtýr Guðmundsson.

1. Við 1. gr. frumvarpsins. Greinin orðist svo:

Landinu er heimilt, að stofna og starfrækja ritsíma- og talsímasamband, svo og hvers kyns önnur rafmagnssambönd til skeytasendinga á Íslandi eða í landhelgi við Ísland.

Þar sem landið hefir notað þenna rétt sinn, er einstökum mönnum eða félögum óheimilt að setja á stofn samskonar rafmagnssambönd, nema heimilað sé í sérstökum lögum.

2. 2. gr. frumvarpsins falli burt.
3. 3. gr. frumvarpsins falli burt.
4. 4. gr. frumvarpsins falli burt.
5. 5. gr. frumvarpsins, er verður 2. gr., orðist svo:

Nú er síma- eða önnur rafmagnssambönd sett upp án heimildar, og skulu tækin þá öll gerð upptæk, og andvirði þeirra renna í landssjóð. Auk þess má dæma eiganda, eða eigendur, í ált að 400 kr. sekt, er rennur í landssjóð.

Mál, sem af þessu rísa, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

6. 6. gr. frv. falli burt.
7. 7. gr. frv. falli burt.
8. 14. gr. frv. falli burt.
9. 16. gr. frv. falli burt.
10. 17. gr. frv. falli burt.

Greinatalan í frumvarpinu breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Nd. **515. Framhalds-nefndarálit**

um frv. til laga um styrk úr landssjóði til samvinnusmjörbúa.

Frumvarp um þetta efni fór héðan úr deildinni með verðlauna-yfirskriptinni gömlu, en eptir innihaldinu er frv. réttar kent til styrks en verðlauna, og er þessi breyting á yfirskriptinni gerð eptir bending frá oss.

Í annan stað hefir háttv. Ed. snúið frv. töluvert við; meira er það þó í orði en á borði, og hún ætlar smjörbúunum í heild sinni sem næst sama styrk og neðri deild gerði við síðustu umræðu málsins.

Nýmælið hjá Ed. er helzt það, að setja fasta upphæð til styrkveitinga á fjárhagstímabilinu; því meira sem út flyzt og selst fyrir ofan 70 a. pundið, því minni styrkur kemur á hvert pund. Þar sem styrkurinn er svo ríflegur, sjáum vér ekkert athugavert við það. Hitt hefði verið athugaverðara, ef nokurar líkur hefðu verið til þess, að smjörsalan minkaði að mun, því að þá gæti styrkurinn orðið alt of hár á pundið, en fyrir slíkri apturför viljum vér alls eigi gera ráð.

Nefndin í Ed. er oss sammála um það, að slíkum styrk eða verðlaunum verði haldið svo leingi að nýstofnuðu samvinnubúin njóti þeirra um sama eða svipað áraskeið og eldri búin, og teljum vér, að það verði að vera stefna þingsins í löggjöfinni um þetta efni, eins og nánar er tekið fram í fyrra nefndaráliti voru.

Að öllu athuguðu, ráðum vér háttv. Nd. að samþykkja frv. óbreytt, og geymum framsögunni nánari ástæður og skýringar um þetta efni.

Neðri deild Alþingis 21. Ágúst 1905.

Árni Jónsson, form. Þórh. Bjarnarson, skrif. og framsögum. Hannes Þorsteinsson.

Hermann Jónasson. Einar Þórðarson.

Ed.

516. Frumvarp

til laga um þingsköp handa Alþingi.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

I.

Þingskipun.

Þingsetning. Prófun kjörbréfa og ályktun um þau.

1. gr.

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetning, skal elzti þingmaðurinn stjórna umræðunum þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn, og standa fyrir kosningu hans.

Til þess að prófa kjörbréf og kosning nýkosinna þingmanna, hvort fleiri eru eða færri, og það þótt eigi sé nema einn, ganga þingmenn eptir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinst. Fyrsta deild fær annari deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbréf þess eða þeirra þingmanna, sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbréf þau, er hún tekur við og kosning þeirra þingmanna, er þau eiga, kýs sér framsögumann og gerir tillögu til þingsins um hvort kosning skuli talin gild. Tillögurnar má bera upp munnlega án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi hverrar kosningar og eins um það, hvort fresta skuli að taka kosning gilda (29. gr. stjórnarskr.).

Eiður. Kosning forseta sameinaðs þings og skrifara.

2. gr.

Því næst vinna nýir þingmenn eið að stjórnarskránni (30. gr. stjórnarskr.). Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings og geingst hann fyrir kosningu varaforseta og 2 skrifara.

Rétt kjörinn forseti er sá, er hefir meira en helming atkvæða. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosníng, skal kosið af nýju óbundnum kosningum. Fái þá eigi heldur neinn nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo þingmenn, er flest feingu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; en hafi við þá kosning fleiri feingið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti, hvor þeirra verði forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosning varaforseta. En við kosning skrifara ræður atkvæðafjöldi. Hlutbundinni kosningu má beita við kosning skrifara, ef 9 þingmenn krefjast þess (46. gr.).

Kjörbréfanefnd.

3. gr.

Þá skal kjósa nefnd, til þess að prófa kjörbréf, er síðar koma fram en svo, að þau verði prófuð eptir 1. gr., svo og til þess að rannsaka kosningar, er þingið hefir frestað að taka gildar, og kærur yfir kosningum, er þegar eru teknar gildar. Í þessa

nefnd kýs þingið 5 menn eptir reglum um nefndarkosningar (16. og 46. gr.).

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu, eða ef hún leggur til, að kosning skuli teljast ógild, skulu tillögur hennar ræddar eptir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa (21. gr.). Ella fer um tillögur hennar eptir því, sem ákveðið er um tillögur kjörbréfadeildanna í 1. gr.

Hve nær kosningakæra verði til greina tekin og þingið geti ónýtt kosning. Réttindi þingmanns áður en kosning hans er tekin gild.

4. gr.

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosning ógilda, þótt eigi hafi hún kærð verið, og einnig frestað að taka kosning gilda, til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosning þingmanns, er eigi er kominn, eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar, en gerir það því að eins, að kært sé yfir þeim.

Kæra yfir kosningu þingmanns skal því að eins tekin til greina, að hún sé frá kjósendum í kjördæmi þingmannsins og sé komin til þingsins áður en 4 vikur eru liðnar frá fyrstu þingsetningu eptir kosninguna.

Meðan kosning þingmanns er eigi ályktuð ógild, heldur hann óskertum þingmannsrétti, nema hann missi hann af öðrum ástæðum (sbr. 33. gr. stjórnarskr.).

Kosning til efri deildar.

5. gr.

Eptir kosningar þær, sem talað er um í 2. og 3. gr., skal kjósa óbundnum kosningum 8 þjóðkjörna alþingismenn til efri deildar (5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903). Þeir eru rétt kjörnir til efri deildar, er flest fá atkvæði. Ef tveir þingmenn eða fleiri fá jafn mörg atkvæði, skal kjósa um þá bundnum kosningum, en hafi þeir að nýju við þá kosning jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

Forseta-kosning og skrifara í deildunum.

6. gr.

Síðan setjast þingdeildirnar, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elzti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar, en forseti síðan fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og 2 skrifara. Um þessar kosningar fer eptir ákvæðum 2. gr. um samskonar kosning í sameinuðu þingi.

Hve leingi kosningar eptir 2.—3. og 5.—6. gr. gildi o.fl.

7. gr.

Kosning forseta, varaforseta og skrifara, bæði í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allan þingtímann það ár. Svo er og um nefndarkosning þá, er talað er um í 3. gr. En kosning til efri deildar er fyrir alt kjörtímabilið (16. gr. stjórnarskr.).

Sæti þjóðkjörins þingmanns í efri deild losnar.

8. gr.

Ef sæti þjóðkjörins þingmanns í efri deild losnar á kjörtímabilinu, skal fara eptir 16. gr. stjórnarskr.

Réttur og skylda aldursforseta.

9. gr.

Aldursforseti bæði í sameinuðu þingi (1. gr.) og í þingdeildunum (6. gr.), hefur meðan hann skipar forsetasæti allan sama rétt og skyldur sem forseti, en tekur þátt í kosningum og atkvæðagreiðslu.

Verksvið forseta.

10. gr.

Forsetar stjórna umræðum og sjá um, að alt fari fram með góðri reglu. Forseti hvorrar deildar tekur við öllum erindum til deildarinnar og annast um afgreiðslu þeirra mála, er frá deildinni eiga að fara. Hann skýrir á fundi frá hverju því, er sent er deildinni, eða útbýtt er í henni. Nú vill forseti, hvort heldur deildar eða sameinaðs þings, taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur, og víki þá á þingmannabekk, en varaforseti tekur forsetasæti á meðan. En eigi má forseti taka þátt í neinni atkvæðagreiðslu né kosningu, og verður hann aptur að hafa geingið til forsetasætis áður en það fer fram. Eigi má varaforseti heldur taka þátt í atkvæðagreiðslu né kosningum, þegar hann gegnir forsetastörfum í fjarveru forseta.

Forsetar beggja deildanna standa í sameiningu fyrir reikningum Alþingis, en þó getur forseti hvorrar deildar ávísað þingmönnum í henni fé því, er þeir eiga að fá í daglaun og endurgjald fyrir ferðakostnað. Þeir ráða ritara og aðra þá menn, sem þörf er á, til þingstarfa og ákveða laun þeirra. Sömuleiðis standa þeir fyrir útgáfu Alþingistíðindanna, ráða útsölumann þeirra og annast geymslu á þeim og um skjalasafn Alþingis og bókasafn, hafa umsjón með Alþingishúsinu, munum þess og þinghúsgarðinum jafnt milli þinga sem um sjálfan þingtímann, og sjá um, að alt sé í lagi í þinghúsinu, þegar þing kemur saman (við þingsetning).

Réttur og skylda varaforseta.

11. gr.

Í forföllum forseta geingur varaforseti að öllu leyti í hans stað.

Milliþingaforseti.

12. gr.

Nú er hvorki forseti né varaforseti deildar búsettur í Reykjavík eða þar í nánd, og skal þá í þinglok kjósa þingmann, sem á heima í Reykjavík eða í nánd við hana, til þess að annast störf forseta milli þinga. Kosning sú fer fram á sama hátt og áður er ákveðið um forsetakosning.

Verksvið skrifara. Gerðabók.

13. gr.

Skrifararnir halda gerðabók undir umsjón forsetans, og geta í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum og úrslita beirra.

Í byrjun fundar skal gerðabók frá síðasta fundi lesin upp, samþykt og undirskrifuð af forseta og öðrum skrifaranum. Upplestrinum má sleppa, ef einginn þingmanna þeirra, er hlut eiga að máli, æskir hans. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sér gerðabókina á skrifstofunni, að minsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

Skrifararnir telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Við nafnakall greiða þeir fyrstir atkvæði og skrá síðan hin atkvæðin. Sömuleiðis sjá þeir með forseta um að ályktanir séu skrásettar, og ritar forsetinn og annar skrifarinn undir þær. Störfum skipta skrifarar milli sín eptir samkomulagi við forseta.

14. gr.

Embættismenn sameinaðs þings.

Ákvæði 11. gr. og 13. gr. eiga jafnt við um forseta, varaforseta og skrifara í sameinuðu þingi sem í deildunum.

II.

Nefndir.

Nefndaskipun.

15. gr.

Hvor þingdeild getur skipað bæði fastar nefndir, til þess að fjalla um einhverja ákveðna tegund mála, og lausar nefndir, til þess að íhuga frumvörp eða aðrar tillögur, er koma fyrir deildina frá stjórninni eða þingmönnum. Til nefnda þeirra má síðar vísa skyldum málum. Nefndin getur sjálf bætt við sig tveimur þingmönnum, er hún kýs, ef deildin samþykkir. Nefnd má á hverju stigi máls skipa, eða vísa því til nefndar, er fyrr var skipuð. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað. Tala nefndarmanna skal standa á stöku.

Kosning nefnda.

16. gr.

Rjett kosinn í nefnd við óhlutbundna kosning, — þ. e. við aðra kosning en hlutfallskosning — er sá, er hlotið hefir þriðjung greiddra atkvæða, og telst auður seðill greitt atkvæði. Fáist nefnd eigi full skipuð við ítrekaða kosning á þann hátt, skal kjósa bundnum kosningum um þá, er flest höfðu atkvæði, þannig að vanti einn mann í nefndina, er kosið um 2; vanti 2, er kosið um 3 þá, er flest höfðu atkvæði, o. s. frv. Ræður að öðru leyti hlutkesti (sbr. 46. gr.).

Formaður og skrifari nefndar, og framsögumaður. Nefndarálit.

17. gr.

Sá, er flest fær atkvæði í nefnd við óhlutbundna kosning, kveður nefndina saman í fyrsta sinn, og lætur kjósa formann og skrifara. Fái fleiri jafn mörg atkvæði í nefndina, ræður stafrófsröð. Við hlutfallskosning kveður sá nefndina saman í fyrsta sinn, er fyrst var kosinn.

Nefndin kýs sér framsögumann. Hún lætur uppi álit og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna. Eigi má taka málið að nýju til umræðu fyrr en að minsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

III.

Umræður o. fl.

Hve nær frumvörp megi taka til umræðu o. fl.

18. gr.

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði, og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru að minsta kosti 2 nætur frá því, er því var útbýtt. Þau lagafrumvörp, er borin eru upp af þingmanna hálfu og útbýtt er fjórum vikum eptir þingsetning, verða því að eins tekin til meðferðar í deildinni, að meiri hluti þingmanna í þeirri deild, sem frumvarpið er borið upp í, samþykki það. Þessa samþykkis skal leitað, þá er málið kemur til fyrstu umræðu, og má flutningsmaður einn áður taka til máls og skýra frá þýðingu frumvarpsins. Neiti deildin um samþykkið, er frumvarpið fallið.

Eigi þarf þó að leita þessa samþykkis, þegar um er að ræða frumvarp til laga um breyting á stjórnarskránni, eða um breyting á þingsköpum Alþingis.

Frumvörp skulu rædd þrisvar.

19. gr.

Eigi er lagafrumvarp samþykt til fullnaðar í deild fyrr en búið er að ræða það þrisvar sinnum (27. gr. stjórnarskr.).

1. umræða.

20. gr.

Við *fyrstu* umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið, er leitað atkvæða um, hvort það eigi að ganga til annarar umræðu.

2. umræða. Breytingartillögur.

21. gr.

Önnur umræða fer eigi fram fyrr en tveim nóttum eptir fyrstu umræðu, og skal þá ræða greinar frumvarpsins, hverja fyrir sig, og breytingartillögur við þær. Ræða má frumvarpið í köflum eptir nánari ákvæðum forseta. Þegar búið er að ræða hvern kafla, skulu atkvæði greidd um hverja grein í honum með breytingartillögum, er við eiga. Að síðustu skal greiða atkvæði um það, hvort frumvarpið þannig lagað eigi að ganga til þriðju umræðu.

3. umræða. Breytingartillögur.

22. gr.

Þriðja umræða má eigi fram fara fyrr en tveim nóttum eptir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar, er þær eiga við, svo og frumvarpið alt í heild. Þá er umræðum er lokið, skal leita atkvæða um breytingartillögurnar, og síðan um frumvarpið í heild sinni, eins og það þá er orðið.

Frumvarp sendist hinni deildinni, og síðan ráðherra.

23. gr.

Þá er frumvarp hefir þannig verið samþykt við þrjár umræður í deild, sendir forseti hennar það forseta hinnar deildarinnar með tilmælum um, að hann leggi það fyrir þá deild

(9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903), og sætir það síðan sömu meðferð þar, sem í deild þeirri, er það kom frá.

Ef frumvarpið er samþykt óbreytt í þessari deild, sendir forseti hennar ráðherra það.

Frumvarp endursent deild. Meðferð á því.

24. gr.

Ef deildin breytir aptur á móti frumvarpinu í smáu eða stóru, sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar (28. gr. stjórnarskr.). Hafi nefnd fjallað um það þar, sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það, og skal það prentað og því útbýtt. Þá er liðnar eru að minsta kosti tvær nætur frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt, eða, ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu (22. gr.).

Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt, eins og það kom frá hinni deildinni, sendir forseti ráðherra það. En sé því breytt, sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni (9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903, og skal þar enn fara með það eptir ákvæðum 22. gr. Fallist deildin á frumvarpið óbreytt, sendir forseti ráðherra það. Nú breytir deildin því, og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til, að það verði lagt fyrir sameinað þing.

Frumvarp í sameinuðu þingi.

25. gr.

Frumvarpinu í þeirri mynd, sem það hafði síðast feingið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu, minst 2 nóttum síðar. Við umræðurnar skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í 22. gr., og er þeim lýkur, skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykt í heild sinni, verða aptur á móti að minsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903).

Ef frumvarpið er samþykt, sendir forseti sameinaðs þings það ráðherra. Ella fellur það niður.

Fyrirsögn frumvarpa og fleira um

26. gr.

Lagafrumvarp, er felur í sér tillögu um breyting á *stjórnarskránni* eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt

breyting á stjórnarskránni. frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breyting á stjórnarskránni, eða viðauka við hana, má að eins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Sé hún gerð við annað frumvarp, vísar forseti henni frá.

Feld frumvörp.

27. gr.

Lagafrumvarp, er önnur hvor deildin hefir felt, má eigi bera upp aptur á sama þingi.

Álit yfirskoðunarmanna.

28. gr.

Álit yfirskoðunarmanna (26. gr. stjórnarskr.) skal fyrst lagt fyrir neðri deild, og kýs hún þriggja manna nefnd, til þess að íhuga það.

Tillögur nefndar þeirrar skal ræða tvisvar sinnum eptir reglunum um aðra og þriðju umræðu um lagafrumvörp. Sama er, ef efri deild skipar nefnd, til þess að íhuga álit yfirskoðunarmanna. Ella ræður hún málinu til lykta með einni umræðu.

Þingsályktunartillögur.

29. gr.

Þingsályktunartillögur, þ. e. sérstakar tillögur aðrar en lagafrumvörp, skulu vera í ályktunarformi. Slíka tillögu má ræða einu sinni eða tvisvar. Nú er tillaga til þingsályktunar borin upp í deild eða sameinuðu þingi, og skal þá prenta hana og útbýta. Á fundi að minsta kosti 1 nótt síðar ályktar deildin eða þingið eptir uppástungu forseta, hvort hún skuli rædd í einni eða tveimur umræðum. Umræða má eigi framfara fyr en í fyrsta lagi daginn eptir.

Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eptir fyrirmælunum um 2. umræðu lagafrumvarpa (21. gr.), og sama er um fyrri umræðu, ef tvær eru. En síðari umræðan fer fram eins og þriðja umræða um lagafrumvörp (22. gr.).

Þingsályktunartillögu, er samþykt hefir verið í annari þingdeildinni, má senda hinni deildinni, og láta hana þar sæta sömu meðferð, sem nú er sagt hér á undan í grein þessari. Sé henni breytt þar, má endursenda hana deild þeirri, er hún kom frá og ræða hana þar einu sinni eptir reglum um þriðju umræðu lagafrumvarpa.

Breytingartillögur.

30. gr.

Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt daginn áður en þær koma til umræðu. Ráðherra eða umboðsmaður hans og hver þingdeildarmaður, eða í sameinuðu þingi hver þingmaður, má koma fram með breytingartillögu við hverja umræðu sem er.

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera

upp við byrjun þess fundar, er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti, en aðrir því að eins, að deildin samþykki það.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aptur í sömu deild á sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi, ef tækifæri er til þess eptir þingsköpum. Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefir verið felt í sömu þingdeild, og er þingmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði.

Fyrirspurnir.

31. gr.

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra um alþjóðlegt málefni (37. gr. stjórnarskr.), og gerir hann það með *fyrirspurn*, er afhent sé forseta, og skal prenta hana og útbýta, og forseti skýra frá henni á fundi. Á öðrum fundi leyfir deildin fyrirspurnina eða synjar leyfis.

Leyfi deildin fyrirspurnina, sendir forseti ráðherra hana, og er hún svo borin upp og rædd á fundi síðar. Við þessa umræðu má eigi gera neina ályktun.

Ávarp.

32. gr.

Ávarp má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi og skal fara með það sem þingsályktunartillögu, að því fráskildu, að ávarp verður eigi sent frá einni deild til annarar.

Apturköllun.

33. gr.

Frumvörp, hvort heldur eru frá stjórninni, eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aptur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aptur á sama fundi. Fyrirspurn má og apturkalla.

Frávísun.

34. gr.

Rökstudd dagskrá. Heimilt er þingmanni að krefjast þess, að lagafrumvarpi, þingsályktunartillögu og breytingartillögu eða fyrirspurn sé vísað frá. Kröfu um það skal hann koma fram með áður en nokkur annar en flutningsmaður, eða, ef þeir eru tveir eða fleiri, einn þeirra hefir talað. Þingdeildin sker þá umræðulaust úr því, hvort frá skuli vísa.

Meðan á umræðum stendur, má gera tillögu, er bygð sé á ástæðum, um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni, og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða.

Þingmaður tekur til máls.

35. gr.

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og feingið leyfi til þess, skal standa upp frá sæti sínu og mæla þaðan, og skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forseta. Eigi má hann ávarpa annan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosning.

Hve opt þingmaður má taka til máls við umræðu.

36. gr.

Ráðherra eða umboðsmaður hans, framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala optar en tvisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn, skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður, nema annar sé tilnefndur. Aðrir mega eigi tala optar en tvisvar Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæzlu þingskapa og til þess að bera af sér sakir.

Í hverri röð þingmenn taka til máls.

37. gr.

Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu, það er til ráðherra eða umboðsmanns hans og framsögumanns kemur, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðrétting, eða athugasemd, er snertir sjálfan hann.

38. gr.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp skrifað eða prentað mál.

Þingmenn gæti reglu.

39. gr.

Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp, er það skylda forseta að gera hlé á fundinum um stundarsakir, eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum alveg.

Krafa um, að umræður hætti.

40. gr.

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sé hætt, og sker þingdeildin úr því umræðulaust. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um, hvort umræðum skuli lokið. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eptir ákvæðum þessarar greinar og 36. greinar, að því er sameinað þing snertir, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Dagskrá.

41. gr.

Forseti deildar ákveður fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund hennar. Þó má ákveða hana eptir ályktun deildarinnar, ef 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá.

Ef þá er farið fram á, að mál sé látið ganga út af dagskránni, skal afhenda forseta kröfuna um það samdægurs og dagskráin er ákveðin. En sé farið fram á, að mál sé tekið á dagskrá, skal tilkynna deildinni það í lok þess fundar, er krafan um það kom fram á. Um þessa tillögu skal í byrjun næsta fundar greiða atkvæði umræðulaust. Sé hún feld, er með því samþykt dagskrá forseta.

Þegar dagskrá er eigi ákveðin eptir ályktun deildarinnar, getur forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskrá, og einnig tekið mál út af dagskrá. Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því að eins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki $^3/_4$ þeirra, sem á fundi eru, og leyfi ráðherra, sbr. 53. gr.

Þingdeild ályktunarfær. Skylda þingmanna að greiða atkvæði.

42. gr.

Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt mál, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði atkvæði (11. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903.).

Skylt er þingmanni hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi að vera viðstaddur, er atkvæði eru greidd, nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi (50. gr.).

Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir eigi atkvæði, og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr, hvort þau rök skulu gild talin, en þingmaður getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingins. Ef þau eru ályktuð ógild, telst atkvæði þingmannsins með meiri hlutanum. Svo er og, ef hann færist undan að rökstyðja undanfærslu sína. Heimilt er þingmanni að láta bóka ástæður sínar.

Skipting, röð og innra samband atkvæðagreiðslu.

43. gr.

Forseti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur þingdeild eða sameinað þing, ef 3 í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krefjast þess, breytt ákvörðun forseta. Forseti og einn af flutningsmönnum mega hvor um sig taka einu sinni til máls áður en til atkvæða er geingið um það. Krefjast má þingmaður þess, að atkvæðagreiðslu um breytingartillögu sé skipt, ef hann gerir það áður en umræður hefjast. Nú er stungið upp á, að skipta atkvæðagreiðslu um lagagrein, og telst það breytingartillaga (sbr. 30. gr.).

Atkvæðagreiðsla. Nafnakall.

44. gr.

Þá er forseti hefir ástæðu til að ætla, að allir séu á einu máli, má hann lýsa því yfir, að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu, ef einginn krefst þess að hún fari fram. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður (sbr. 20—25. og 29. gr.).

Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt, að hver þingmaður stendur upp úr sæti sínu, hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifararnir telja atkvæðin, en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar eptir að atkvæða hefir verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig, að málið sé hvorki samþykt né felt, lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað, eða ef atkvæðagreiðsla hefir áður fram farið, en verið óglögg. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í

sameinuðu þingi krafizt nafnakalls við atkvæðagreiðslu um tiltekið atriði. Skrifleg krafa um það skal afhent forseta áður en atkvæðagreiðsla byrjar. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og bókuð.

Afl atkvæða.

45. gr.

Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða, nema öðru vísi sé ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum (sbr. 25. gr.).

Kosning, óhlutbundin og hlutbundin (de Hondt). Kjörmiði ógildur.

46. gr.

Um kosningar fer eptir því, sem fyrir er mælt í 2. og 16. gr., að því viðbættu, að þegar kjósa á um 2 menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi, hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kend er við de Hondt (listakosning) ef 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi æskja þess.

Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta þegar til kosningar kemur lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C, o. s. frv., eptir því, sem sjálfur hann ákveður, eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig, að hver ritar á kjörmiða að eins stafnafn (A, B o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eptir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifararnir rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eptir því, sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annari og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eptir hlutatölunum þannig, að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næst hæsta hluttölu o. s. frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hvor listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosning í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

Kjörmiði við óhlutbundnar kosningar er ógildur, ef á honum standa fleiri eða færri nöfn en samsvarar tölu nefndarmanna, eða nafn er ógreinilegt eða á eigi við.

Fundir í heyranda hljóði.

47. gr.

Fundir bæði þingdeilda og sameinaðs þings skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að öll-

um utanþingsmönnum sé vísað á braut, og sker þá þingið úr því, hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum (40. gr. stjórnarskr.)

Áheyrendur.

48. gr.

Forseti skipar fyrir um, hvernig mönnum skuli gefinn kostur á að vera við fundi þá, er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því, getur forseti látið vísa honum á braut, og ef þörf er á, öllum áheyrendum.

Alþingistíðindi.

49. gr.

Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau skulu prentaðar í Alþingistíðindunum.

Forföll þingmanna.

50. gr.

Nú hefir þingmaður forföll, svo að hann getur eigi mætt á fundi, og skal hann þá skýra forseta þeim, er í hlut á, frá því í tæka tíð. Burtfararleyfi af þingi getur forseti veitt um 2 daga, ef nauðsyn krefur. Ef um leingri tíma er að ræða, þarf til þess samþykki hlutaðeigandi þingdeildar.

Þingdeild tekur eigi við erindi án flutningsmanns.

51. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sér til flutnings (38. gr. stjórnarskr.).

Máli vísað til ráðherra.

52. gr.

Þyki þingdeild eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, getur hún vísað því til ráðherrans (12. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903).

Afbrigði frá þingsköpum.

53. gr.

Eptir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá 3 þingmönnum í efri deild, 6 þingmönnum í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi má bregða út af þingsköpum þessum, ef ráðherra eða umboðsmaður hans leyfir, og $^3/_4$ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja. Þó mega afbrigðin þau ein vera, er eigi koma í bága við stjórnarskrána.

54. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um þingsköp handa Alþingi Íslendinga 7. April 1876 og lög um viðauka og breyting á þingsköpum Alþingis 22. Maí 1890.

Nd.

517. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingar og viðauka við lög um kosningar til Alþingis frá 3. Okt. 1903.

Sem stendur eru 25 kjördæmi á landinu, 16 einmennings og 9 tvímennings.

Kjördæmaskipanin byggist á héraðaskipan landsins og fer því lítt eptir mannfjölda og kjósendatölu. Reykvíkingar voru t. d. eptir síðasta manntali 7978 (1225 kjósendur), og kjósa þó að eins 2 þingmenn, en Vestmanneyingar voru þá 722 (105 kjósendur) og kjósa þeir þó 1 mann til þings.

Nú er sá rétt kjörinn þingmaður í kjördæmi hverju, sem flest fær atkvæði. Maður getur þannig náð kosningu, þótt hann hafi ekki fylgi meiri hluta kjósenda í kjördæminu. Þau geta úrslitin orðið, ef margir bjóða sig fram og allir hafa nokkurt fylgi.

Úr þessu hvorutveggju vill frumvarpið bæta.

Það jafnar hlutfallið milli tölu kjósenda og þingmanna í kjördæmi hverju. Þjóðkjörnu þingmennirnir eru 34. Því vill frumvarpið láta hvern 34. hluta kjósenda, eða því sem næst, kjósa 1 þingmann.

Og það reisir skorður við ofurefli meiri hlutans með hlutfallskosningu. En hlutfallskosning er í því fólgin, að meiri hlutinn kemur að eins fram svo mörgum fulltrúum fram yfir minni hlutann, sem hann er sterkur til. Setjum t. d. að kjördæmi kjósi 3 menn til þings og að kjósendur séu alls 900, þar af 600 A-flokksmenn og 300 B-flokksmenn. Eptir fyrirkomulagi því sem nú er, næði A-flokkurinn öllum 3 sætunum, en eptir hlutfallskosningu næði hann að eins 2 sætum, þriðja sætið tæki B-flokkurinn.

Hlutfallskosningin vill gefa hvorum sitt, meiri hluta og minna hluta, og verður þess vegna því að eins komið við, að kjósa eigi fleiri en 1 fulltrúa í kjördæmi. Fleiri en tveir þurfa fulltrúarnir í sjálfu sér ekki að vera. En hlutfallið milli kjósenda annarsvegar og fulltrúa hins vegar verður því nákvæmara sem kjördæmin eru færri og flulltrúar fleiri fyrir hvert kjördæmi.

Aðalmarkmið frumvarpsins er, að verja minni hlutann gegn ofriki meiri hlutans. Því er hlutfallskosningin aðalnýmælið.

En til þess að ná tilgangi þessum fækkar frumvarpið kjördæmum um 18, gerir þau 7 í stað 25.

Bætur þessar eru í athugasemdunum aptan við frumvarpið taldar því nauðsynlegri sem það geti komið fyrir, að maður verði kosinn til þings án fylgis meiri hluta kjósenda; það sé ófært og hjá því verði ekki komist, nema með því að lögleiða endurkosningu, en endurkosningar séu svo umsvifamiklar, að út í þær verði naumlega lagt.

Nefndin játar, að það sé réttlát hugsun, að kjósendur skapi þingið eptir sinni mynd, játar það rétt, að þingmenn skiftist eptir sömu flokkum og kjósendur þeirra og þá eptir sama hlutfalli, eða því sem næst.

En nefndin getur þó ekki ráðið háttv. deild til að samþykkja frumvarpið að svo stöddu. Og er sú ástæða ein ærin til þess, að tillögur frumvarpsins munu vera öllum þorra þjóðarinnar allsendis ókunnar, enda ætlast stjórnin ekki beinlínis til þess að frumvarpið gangi fram í þetta sinn. Þess er og því síður þörf, sem naumast þarf að gera ráð fyrir, að almennar kosningar fari fram fyr en eptir næsta þing.

Auk þess efast nefndin um, að tími sé kominn til að lögleiða hlutfalls-

kosningar við alþingiskosningar hér yfirleitt, enda eru þær nálega hvergi notaðar við þjóðþingiskosningar í öðrum löndum.

Hlutfallskosning byggir aðallega á því tvennu, að flokkaskipti séu skýr og að kjósendur nái hæglega hver til annars.

Það er nú að vísu kunnugt, að þjóðin hefir um nokkurn tíma skipzt í 2 andstæða pólitíska flokka, en þó leikur nefndinni nokkur vafi á um það, hvort flokkaskiptingin yfirleitt muni vera svo rík hjá almenningi, að því sé treystandi, að kjósendur kjósi þá menn, þótt þeim ókunnir séu, er flokkstjórn þeirra mundi tilnefna. Yrði hlutfallskosning lögleidd og 4—6 fulltrúar gerðir kjördæmi hverju, yrði hver kjósandi, ef vel ætti að fara, að kjósa *alla* þá fulltrúa, er flokkstjórn hans hefði tilnefnt. Ella færi alt á ringulreið.

Á hitt skilyrðið fyrir hlutfallskosningu, hægðina fyrir kjósendur til að ná saman, þarf ekki annað en að benda til þess að hver maður sjái, að það er yfirleitt ekki fyrir hendi. Því er lítið á því byggjandi þó að hlutfallskosningar kunni að hafa gefizt sæmilega við bæjarstjórnarkosningar í kaupstöðunum, enda eru þær þar lítt reyndar.

Og hvað því viðvíkur, að hlutfallskosning og fækkun kjördæma sé nauðsynleg til að girða fyrir að einfaldur meiri hluti atkvæði ráði kosningu þingmanna án endurkosninga, sem taldar eru umsvifamiklar og dýrar, þá virðist nefndinni fullmikið gert úr þeirri hættu. Í fyrsta lagi hafa ekki fleiri boðið sig fram við þær kosningar, sem farið hafa fram eptir nýju kosningarlögunum, en áður, meðan þurfti meiri hluta af greiddum atkvæðum til að ná kosningu. Í annan stað er ekki ólíklegt, að það dragi nokkuð úr vilja kjósenda til að halda fram mörgum fulltrúum, að héraðið á sjálft að bera allan kostnað út af endurkosningum. Og í þriðja lagi mætti herða nokkuð á framboðsskilyrðunum, heimta t. d. mun fleiri meðmælendur með hverju þingmannsefni en nú.

Og hvað snertir rétt hlutfall milli meiri og minni hluta kjósenda og meiri og minni hluta fulltrúa þeirra á Alþingi, þá mætti ef til vill búast við því, að jafna mætti nokkuð ójöfnuð þann, sem á því hlutfalli kynni að vera, með nýrri kjördæmaskipun.

Þá ætti og að sjálfsögðu að mega jafna kjördæmin að miklum mun að kjósendatölu til.

Um það er nefndin aptur á móti stjórninni samdóma, að breyta þurfi sem fyrst núgildandi kjördæmaskipan, sem í kaupstöðunum að eins var ætlað til bráðabirgða.

Og ætti þá, væri hlutfallskosning ekki lögleidd, að fjölga kjördæmum landsins svo, að þau yrðu jafnmörg og þjóðkjörnu þingmennirnir, og mætti þar líklega víðast hvar að mestu leyti fara eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða 1903.

En þó að nefndin þannig ekki geti ráðið háttv. deild til að samþykkja frumvarpið, viðurkennir nefndin, að málið sé einkar skýrt reift af hendi stjórnarinnar, og telur það fyllilega þess vert, að það sé rækilega rætt á þingi og utan þings.

Alþingi 21. Ágúst 1905.

Hannes Þorsteinsson formaður.	Lárus H. Bjarnason skrifari og framsögumaður.	Guðl. Guðmundsson.
Árni Jónsson.	Hermann Jónasson.	Stefán Stefánsson, Eyf.
	Ólafur Thorlacius.	

Nd. til fátækralaga.

518. Frumvarp

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Sveitarstyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má ei án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Sveitarstyrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar og honum haga svo, sem hún telur rétt vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Sveitarstyrk skal endurgjalda eptir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af þurfaling sjálfum eða framfærslumanni (2.—30. gr.).

Sá er sveitarstyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín skilgetin, þangað til þau eru 16 ára. Söm er skylda móður við börn sín óskilgetin.

4. gr.

Nú geingur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, skilgetin eða óskilgetin, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnaðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni (39. og 40. gr.), og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giptist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og konan við skilgetin börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giptist honum, með annari konu.

Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aptur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Ef kona eignast barn óskilgetið, og maður sá, er hún kennir barnið, geingst eigi við faðerninu, á hún rétt á því, að sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er hún er heimilisföst eða stödd, veiti henni aðstoð sína til þess að barnsfaðernismál verði höfðað gegn manni þeim, er hún kennir barnið, á varnarþingi hans. Fara skal með mál það sem einkalögreglumál. Í barnsfaðernismáli skal við undirrétt hvorki greiða réttargjöld né gjald til réttarvotta eða stefnuvotta, en um önnur gjöld fer sem málið væri gjafsóknarmál af hálfu barnsmóður. Sé málinu áfrýjað, fer um slík gjöld við æðri rétti eptir almennum reglum.

Nú hefir maður geingizt við faðerni óskilgetins barns, eða það er löglega ákveðið, að hann skuli álítast faðir þess, og er honum þá jafnt móður þess skylt að framfæra og ala upp barnið samkvæmt því, er segir hér á eptir.

7. gr.

Þröngva má barnsföður með úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta, þar er hann á heima, til að gefa með óskilgetnu barni sínu helming meðgjafar eða meira, þó aldrei meira en meðgjöf þá, er í raun og veru er greidd með barninu.

Í yfirvaldsúrskurði þeim, er gerir barnsföður að skyldu að greiða meðlag með óskilgetnu barni sínu, eða meðlagsskyldan er staðfest með honum, skulu vera upplýsingar þær, er fyrir hendi eru, um aldur barnsföðursins, fæðingarstað og framfærslusveit.

8. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eptir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem skuld, er komin sé í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni skyldi greiða, hvort sem hún er ákveðin með meðlagsúrskurði eða samningi, svo framarlega sem beiðni kemur um það til skiptaráðanda áður en liðinn er skuldlýsingafrestur (proclama) eða 12 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi verið boðaður. Sé barnsfúlga sú, er hinn dáni gjalda skyldi, hvorki ákveðin með samningi né yfirvaldsúrskurði, skal greiða svo mikið, sem meðalmeðgjöf (9. gr.) með barninu nemur frá dánardægri hans þangað til það er 16 ára. Ef ekkja barnsföður er á lífi, þá skal eigi fé út leggja með öðrum óskilgetnum börnum hans en þeim, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband, og skal þess gætt, er ekkja eða skilgetin börn barnsföður eru á lífi, að meðgjöf sú, er greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meira fé en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri.

Nú situr ekkja barnsföður í óskiptu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er á barnsföður hvíldi, að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta þykir hæfa eptir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtéðra fyrirmæla.

Um barnsfúlgu, er greidd er af hendi í einu eptir lát föðursins, skal

fara sem um fé ómyndugra, og skal tiltaka, á hverjum tíma og hverjum greiða skal meðlögin.

Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu fyrir þá sök, að barnið deyr áður en það er orðið 16 ára, þá skal fé það, er óeytt er, koma til skipta meðal erfingja barnsföður. Sparist fúlgan eða verði afgangur af henni af öðrum ástæðum, skal afgangurinn falla til barnsins.

9. gr.

Sé barnsfúlga, sem föður óskilgetins barns er skylt að borga samkvæmt úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta eða sættargerð, staðfestri af nefndu yfirvaldi, eigi greidd á réttum gjalddaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt að krefjast þess, að fúlgan verði greidd sér af sveitarfé í dvalarsveit sinni, þó eigi nema fyrir hið síðasta ár, og eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í; en upphæð meðalmeðgjafar ákveða sýslunefndir og bæjarstjórnir fyrir hvert sveitarfélag fyrir 5 ár í senn, og skal taka tillit til aldurs barnanna. Beiðni barnsmóður hér um skal fylgja meðlagsúrskurður sýslumanns eða bæjarfógeta löglega birtur (af stefnuvottum), eða sættargerð, staðfest af sama yfirvaldi, löglega birt, og lífsvottorð barnsins, og skal beiðandi jafnframt láta þær upplýsingar í té um framfærslusveit barnsföður, sem hún er fær um.

Meðlagið skal talið sveitarstyrkur til handa barnsföður frá dvalarsveit móðurinnar, og fer um endurgjald á honum sem á öðrum sveitarstyrk. Sannist það, að barnsfaðir hafi verið farinn af landi alfarinn eða dáinn, þegar meðlagið var fallið í gjalddaga, þá er framfærsluhreppur hans laus við að endurborga það, og skal styrkurinn talinn sveitarstyrkur, veittur barnsmóðurinni, nema hann sé þegar í stað endurgoldinn.

Nú hefir meðlagið eigi verið innheimt fyrir þá sök, að ekki befir hafzt upp á barnsföður, eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, er ekki hefir feingið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er hann síðar kemur fram, að ganga að honum að lögum, ef ekki er um seinan, að því er meðlagið snertir, og enn fremur láta hann vinna af sér styrkinn á þann hátt, sem segir í 58. gr. þessara laga.

10. gr.

Sama rétt sem móðir að óskilgetnu barni hefir samkvæmt framansögðu, hafa og þeir menn, er annast eiga framfærslu og uppeldi barnsins eptir móðurina látna, burtfarna eða af líkum orsökum, og ennfremur framfærslusveit barnsins, þá er hún hefir orðið að takazt framfærslu þess á hendur.

11. gr.

Þá er móðir óskilgetins barns deyr, eða er alfarin af landi burt, eða hún álizt óhæf, að dómi hlutaðeigandi prests og sýslumanns eða bæjarfógeta, til að ala barnið upp, á faðir þess því að eins rétt á að fá það til sín, til framfærslu og uppeldis, að hann ættleiði það, eða hann fái til þess leyfi sýslumanns eða bæjarfógeta á þeim stað, þar er barnið er.

12. gr.

Þegar faðir óskilgetins barns hefir að lögum verið skyldaður til að greiða meðlag með því, en menn vita eigi, hvar hann er niðurkominn, hefir móðir barnsins rétt til þess, ef þörf gerist, að krefjast fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans. Sama rétt hefir bæði sá maður, er

á að annast framfærslu óskilgetins barns, hvort heldur eptir móður þess látna, eða burtfarna, eða af öðrum orsökum, og eins framfærslusveitin, hafi hún orðið að takazt framfærslu þess á hendur.

13. gr.

Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verði gert að skyldu að greiða að minsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförum leiddi fyrir hana. Upphæð þessarar fjárreiðslu getur barnsmóðirin heimt eptir reglum þeim, er segir í 9. gr.

14. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega eigi foreldrar verða sveitarþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau; þó skulu óskilgetin börn ekki skyld að framfæra föður sinn nema ættleidd séu og hafi alizt upp á vegum hans. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

15. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá, nema sveitarnefndinni í dvalarsveit þeirra þyki það eigi ráðlegt, af því að sérstaklega stendur á. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér, eða ráða verustað þess, sbr. þó 11. gr. hér að framan.

Vilji framfærslumaður eigi una ákvæði sveitarnefndar, er honum rétt að fá um það úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta.

Ef framfærsluþurfi er giptur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín, og hver gjalda meðlag, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

16. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast sf ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

17. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstökum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

18. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs né húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sérstakri hjúkun, en húsbónda þess er skylt að

fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sérstaklegt sjúkrafæði — í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki leingur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kent, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki leingur en út vistráðningartímann og ekki yfir 50 aura um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eptir læknisráði, hvort heldur á sjúkrahús eða annað, enda sé hvorki því né húsbónda þess um leguna að kenna.

19. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið, þegar er hjúið verði sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slíkum skilmála, eður og af því að svo hefir verið um samið eptir að það varð sjúkt, þá losast húsbóndinn eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eptir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu, né framfærslumanni þess eða sveit.

20. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sé á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, né öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

21. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eptir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greptrun þess, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

22. gr.

Hver sá húsráðandi eða landeigandi, sem tekur mann í húsmensku á heimili sitt eða land, þann er eigi hefir húsmenskuleyfi, skal framfæra hann og skyldulið hans, ef hann verður sveitarþurfi, til næstu fardaga, án endurgjalds frá framfærslusveit hans.

23. gr.

Ef lögskráður skipverji sýkist eða slasast við vinnu sína í þarfir skipsins, þannig að hann kemst eigi með skipinu, og er sjálfum eigi um að kenna, þá á hann að fá lækning og hjúkrun á kostnað útgerðarmanns, þó ekki leingur en um 4 vikur.

Nú sýkist skipverji eða slasast, meðan skip er á ferð, og er honum eigi um að kenna, og skal honum þá hjúkrað á skipi, eða hann sendur í land til lækningar og hjúkrunar, ef það er gerandi og þörf á því. Ef hann er eigi orðinn svo ferðafær, er skipið fer þaðan, sem hann var fluttur í land, að hann verði hafður með, þá skal skipstjóri annast um að haldið verði áfram

að veita honum aðhjúkrun í landi og að hann verði, þegar þar að kemur, sendur heim, hvorttveggja á kostnað útgerðarmanns.

24. gr.

Ef einhver skipverja deyr á ferð, þá annast skipstjóri útför hans, en útfararkostnaðinn má borga af kaupi hans meðan hrekkur.

25. gr.

Nú sýkist skipverji og er sjálfur valdur að, og er skipstjóri eingu að síður skyldur til að útvega honum lækning og aðhjúkrun, hvort heldur á skipinu eða í landi erlendis; og sé það erlendis skal skipstjóri fé út leggja fyrir fram í þessu skyni, svo sem þörf er á; en kostnað af þessu má borga af kaupi hans, meðan það hrekkur.

26. gr.

Ef skipverji er sjúkur, án þess sjálfum honum verði um kent, þá er skipið kemur heim, þá á hann að fá lækning og aðhjúkrun í alt að 4 vikur á kostnað útgerðarmanns.

27. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eptir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi leingur en 6 mánuði. Sé sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að, og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eptir að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undan þeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið umsamið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður umsamið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 16., 17. og 20. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 17. gr. og ofangreind fyrirmæli um rétt lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sé eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

28.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með þurfamann sinn eða ómaga, og er þá sveitinni skylt að annast framfærslu þurfamannsins eða ómagans gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin í dvalarsveit hans álítur, að hann sé fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta, en úrskurði þeim má skjóta til stjórnarráðsins.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né heldur um framfærslu þá, er getur um í 16.—21. gr. og 23.—27. gr.

29. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður sýslumaður í þeirri sýslu, eða bæjarfógeti í þeim kaupstað, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (13. gr.)

30. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (29. gr.) löglega birtur, og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. December 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (39. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara, sem segir í lögum þessum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. kafli.

Um framfærslusveit.

31. gr.

Hver hreppur, kaupstaður eða kauptún, er hefir sveitarstjórn sérstaka, er framfærslusveit fyrir sig. Nú er skipt sveit eða sveitarmörkum breytt, og heldur þá sveitfestisdvölin áfram í þeirri sveit, er maður verður í við skiptinguna eða merkjabreytinguna, þannig að maður verður sveitfastur í þeirri sveit á þann hátt, að lögð er við dvöl hans þar eptir skiptinguna dvöl hans í hinu forna sveitarfélagi hans.

32. gr.

Með þeirri undantekningu, sem getur um í 36. gr. laga þessara, vinnur hver sá, er hefir rétt innborinna manna, sér framfærslurétt í þeirri sveit (31. gr.), þar er hann hefir eptir 16 ára aldur dvalið 10 ár samfleytt búandi, vistfastur, eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum.

33. gr.

Nú hefir maður unnið sér sveit víðar en í einu sveitarfélagi, og á hann þá rétt til framfærslu í þeirri sveit einni, þar er hann hefir síðast unnið sér sveit. Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 65 ára gamall, heldur hann síðan.

34. gr.

Sveitfestisdvöl telst frá þeim degi, að honum meðtöldum, er innflytjandi tekur sér fast aðsetur í sveitinni, til þess dags, að þeim degi meðtöldum, er hann víkur þaðan burtu. Nú er hjú ráðið skildaga á milli og kemur í vist hálfum mánuði eptir hjúaskildaga, eða fer úr vist hálfum mánuði fyrir

hjúaskildaga, og skal þó telja árið fult. Sama er og þótt hjúið fari meira en hálfum mánuði fyrir skildaga úr vistinni, ef það er af því, að hjúaskildagi er fyrr í þeirri sveit, er hjúið fer í, en í hinni, er það fer úr, enda fari það vist úr vist; svo er og, að telja skal árið fult, ef maður kemur um fardaga og fer aptur á hjúaskildaga. Eigi slitnar sveitfestisdvöl fyrir það, þótt maður sé í vist að hálfu í annari sveit, ef hann er þar eigi meira en eitt sveitfestisárið að hálfu.

Ef vinnuhjú flytur að vísu ekki í vistina heim til húsbónda síns á vinnuhjúaskildaga, en fer þó þá þegar að vinna honum, t. a. m. í veri, á fiskiskútu o. s. frv., enda flytji í rauninni heim áður en vistarárið er hálfnað, þá telst það svo, sem það hafi byrjað dvöl sína á vinnuhjúaskildaga í sveit þeirri, er húsbóndi þess á heima í.

Lausamaður vinnur sér eigi sveit, þar sem hann hefir ársheimili samkvæmt 3. gr. í lögum 2. Febr. 1894 um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. Maí 1863 og viðauka við hana, nema hann dvelji þar að minsta kosti fjórðung af árinu.

Nú á maður fleiri heimili en eitt, og vinnur hann þá sveit, þar er aðalaðsetur hans er.

35. gr.

Eigi vinnur maður framfærslurétt með dvöl sinni á skóla, sjúkrahúsi, holdsveikrahæli eða þess konar stofnun, eða fangahúsi. Slík dvöl slítur eigi heldur sveitfestisdvöl í þeirri sveit, þar er maður hefir verið næst áður, þannig að eigi maður á meðan sjálfstætt heimili í þeirri sveit, þá telst það aðalaðsetur hans, en hafi hann ekki haldið þar neinu heimili, þá vinnur hann að vísu hvergi sveit, meðan hann dvelur í skóla, sjúkrahúsi, holdsveikrahæli eða þess konar stofnun eða fangahúsi, en heldur að eins áfram sveitfestisdvölinni, ef hann hverfur aptur til hinnar sömu sveitar eptir dvöl sína á nefndum stofnunum.

Eigi vinnur maður sér heldur framfærslurétt með ólöglegri dvöl í húsmensku.

36. gr.

Þeir menn, er fæddir eru í Danmörku eða í Færeyjum og eiga ekki framfærslusveit hér samkvæmt 41. gr. (sbr. 39. og 40. gr.) þessara laga, vinna sér framfærslurétt hér á landi með 10 ára óslitinni dvöl í sömu sveit eptir 16 ára aldur, og að öðru leyti eptir framansögðum ákvæðum (31.—35. gr.).

37. gr.

Utanríkismenn vinna sveit hér á landi, þá er þeir fá rétt innborinna manna, og eiga þá framfærslurétt í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili, er þeir fá rétt innborinna manna, þangað til þeir vinna sér sveit með 10 ára dvöl annarsstaðar.

38. gr.

Kona gipt er jafnan sveitföst þar, er maður hennar á sveit, og heldur ekkja manns sveitfesti þeirri, er maður hennar átti á deyjanda degi, þangað til hún vinnur sér sjálf sveit. Svo heldur og kona, er skilin er að lögum við mann sinn, sveit þeirri, er hann átti, er þau skildu, þangað til hún vinnur sér sjálf sveit.

39. gr.

Börn skilgetin og yngri en 16 ára fylgja framfærslusveit foreldranna þannig: Ef foreldrar eru báðir á lífi og hjónabandi þeirra eigi slitið að lögum,

fylgja börnin sveit föður sins. Ef að eins annað foreldra er á lífi, þá fylgja börnin framfærslusveit þess. Nú eru báðir foreldrar dánir, og fylgja þá börnin framfærslusveit þess þeirra, er síðar andaðist. Ef báðir foreldrarnir eru á lífi, en hjónabandi þeirra slitið að lögum, þá fylgir barn framfærslusveit þess foreldris, er það er hjá, eða síðast var hjá, eða það er á vegum þess.

40. gr.

Óskilgetin börn, yngri en 16 ára, fylgja framfærslusveit móður sinnar.

41. gr.

Maður 16 ára að aldri á framfærslurétt í fæðingarsveit sinni, þangað til hann vinnur sér sveit.

42. gr.

Fæðingarsveit manns er sú sveit, þar er móðir hans átti lögheimili, er hann fæddist, eða átti síðast, áður en barnið fæddist. Nú verður þetta eigi vitað, og er þá sú sveit fæðingarsveit manns, þar er móðir hans var stödd, er hún ól hann.

43. gr.

Maður, sem eptir framansögðu hefir öðlazt framfærslurétt á Íslandi, missir hann:

1. þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra réttinda, er bundin eru við rétt innborinna manna. En fái hann aptur þessi réttindi, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann átti áður en hann varð borgari annars ríkis, þangað til hann vinnur sér sveit af nýju eptir framantöldum ákvæðum.
2. Þá er hann vinnur sér sveit í Danmörku eða Færeyjum, þangað til hann vinnur sér sveit aptur á Íslandi eptir hinum almennu reglum.

44. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi samkvæmt framanskráðum ákvæðum, þurfandi fátækrastyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í þeirri sveit, þar er hann á lögheimili, eða, ef hann ekkert lögheimili á hér á landi, þá í þeirri sveit, þar er hann dvelur, er hann verður styrks þurfandi.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu manns, sem ekki á sveit hér á landi eptir ákvæðum þessara laga, eða sveitfesti hans verður eigi fundin, og stjórnarráðið álítur að ekki verði hjá því komizt að veita manni þeim viðtöku, og er þá rétt, að stjórnarráðið vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er það til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum, skal henni endurgoldinn af landssjóði.

III. kafli.

Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

45. gr.

Sveitarstyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé svo sem verða má hvorstveggja í einu, hagsmuna fátækrafélagsins, og þarfa og velferðar þurfalingsins.

46. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

47. gr.

Þurfamönnum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim á heimili þeirra, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara á sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða vinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og stjórnarráðið hefir sett reglur fyrir.

48. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum, yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum.

Eingu síður skal kosta kapps um að velja slík heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

49. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja af sveit, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og hæfilega fræðslu og venjast algeingri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talinn sveitarstyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

50. gr.

Sóknarprestar skulu líta eptir því, að fyrirmælum í 48. og 49. gr. sé fylgt, og yfir höfuð, að vel sé farið með börn þau, er þar ræðir um, svo og alla aðra niðursetninga í sóknum þeirra, sem og þurfamannabörn, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti þykir einhverstaðar vera misbrestur á þessu, og hann getur eigi með umvöndun komið lögun á það, ber honum að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn, er gjalda til sveitar, hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær.

Rannsókn um slíkar kærur skal framfara á manntalsþingi, þegar því verður við komið, og kostnaðarlaust, nema brýna nauðsyn beri til að hraða rannsókninni, vegna þess að um glæpsamlegt athæfi sé að ræða.

51. gr.

Fátækrastjórn skal gera sér far um að stuðla að því, að börn, sem upp eru alin á sveit, fái sæmilega atvinnu, þá er þau eru af ómagaaldri.

52. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita fátækrastyrks vegna þess að að þeim þreingir um stund, má hreppsnefnd eða bæjarstjórn vísa á atvinnu, ef fæst, eða til opinberrar vinnustofnunar, ef til er.

IV. kafli.

Vald sveitarstjórnar yfir þurfamönnum.

53. gr.

Sá, sem þegið hefir sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld.

Sveitarstyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barni innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gipt og bæði á lífi, en annars því foreldri barnsins, er barnið fylgir að sveitfesti (39. og 40. gr.), ef það foreldri barnsins er á lífi; en sé barnið munaðarlaust, fellur endurgjaldskrafan niður.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefjast endurgjalds á styrk veittum af sveitarfé til að greiða:

a. Kennslukaup fyrir barn í barnaskóla, eða hjá farkennara, eða gjald fyrir nauðsynlegar bækur og önnur kennsluáhöld handa barninu, og
b. Greptrunarkostnað þurfamanns, að því leyti er eptirlátnar reitur þeirra eigi hrökkva til.

Styrkur veittur framfærslumanni í þessu skyni skal eigi talinn honum veittur sem eiginlegur sveitarstyrkur, og eigi koma honum að neinu leyti til baga.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 5 ár eru liðin frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit. Ef þurfamaðurinn hefir þegið af sveit á síðustu 5 árum, þarf samþykki sýslunefndar til að gefa upp styrkinn.

54. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr, og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eptirlifandi meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau voru þá í.

55. gr.

Þegar þeginn sveitarstyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar eða að minsta kosti oddviti hefir skrifað undir innfærsluna, að hún sé rétt tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðst lögtaks á skuldum eptir fyrirmælum laga 16. Dec. 1885 um lögtak og fjárnám án dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram, en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

56. gr.

Sveitarstjórnin getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eptirriti af uppskriptargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á uppskrifuðu munina skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur sveitarþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær þurfamanni í hendur, eru eptir sem áður eign sveitarinnar.

57. gr.

Sannist það fyrir stjórnarráðinu, að sá, er þiggur eða þegið hefi sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eptirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal stjórnarráðið eptir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sé endurgoldinn, skal stjórnarráðið nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

58. gr.

Sá, sem þiggur af sveit, og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist, og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er sker úr því, eptir að hafa feingið umsögn sveitarstjórnarinnar og leitað álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur sveitarstjórn látið föður óskilgetins barns vinna af sér barnsfúlgu þá, er sveitin hefir orðið að borga samkvæmt 9. gr., hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá.

59. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eptir málavöxtum.

Hýsi maður að nauðsynjalausu þurfamann, sem honum er kunnugt um að óhlýðnast skipun hreppsnefndar, eða þiggi verk af honum, skal hann sekur um alt að 100 kr., er renna í sveitarsjóð þar er brotið er framið.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál,

60. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra heimtar, skyldur að setja viðunanlega trygging fyrir því, að vandamenn hans, er eptir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minsta kosti um næstu 3 ár, nema

veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt.

61. gr.

Nú sýnir þurfalingur mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi uppá venjulegt fangaviðurværi í alt að 3 mánuði, þó því að eins að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eptir reglum, er stjórnarráðið þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eptir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

62. gr.

Einginn maður, karl eður kona, má kvongast eða giptast meðan hann stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, nema sveitarstjórnin, þar sem brúðguminn er sveitlægur, gefi samþykki sitt til þess.

V. kafli.

Viðskipti sveitarstjórna.

63. gr.

Nú þarfnast maður sveitarstyrks og skal hann veittur honum af dvalarsveit, jafnt fyrir það, þótt hann sé eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveitin aldrei heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 68. gr., en skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur, að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir veittur verið af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin eigi fékk endurborgaðan, verði að réttri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveitin rétt á að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er um ræðir í 3. málsgrein 53. greinar.

64. gr.

Áður en utansveitarþurfaling sé veittur sveitarstyrkur, skal — nema styrksþörfin sé svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þó svo fljótt sem unt er —, sveitarstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað, aldur þurfamannsins og framfærslusveit hans, þá er hann var 16 ára gamall; sé hann giptur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gipzt.
2. Æfiferil hans eptir 16 ára aldur.
3. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk, og hvort styrkurinn sé endurgoldinn.
4. Heimilisástæður hans og hag yfirleitt og hversvegna hann sé þurfandi orðinn,

Sé skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rétti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er stjórnarráðið semur, gefin undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og þurfamanninum sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrsluna eptir beztu vitund, og sé skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, er hentugast er.

Ef utansveitarbarn yngra en 16 ára þarfnast styrks, og hvorugt foreldra er innansveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helzt mega af vita.

65. gr.

Nú er skýrsla sú, er um getur í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkurinn er veittur, eða svo fljótt og svo fullkomin, sem unt er, og missir þá hlutaðeigandi sveitarfélag réttinn til endurgjalds á styrknum.

66. gr.

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 63. gr., og skal þá fátækrastjórnin, áður en hálfur mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni sínum eða bæjarfógeta áskorun um að útvega svo fljótt, sem við verður komið viðurkenning fyrir sveitfesti þurfamanns, eða sönnun fyrir, hvar hann sé sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sé endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt í 64. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gera það, sem fyrir er mælt í grein þessari, missir sveitarsjóður rétt til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.

67. gr.

Hvar þess er dvalarsveit missir fyrir vanrækslu sveitarstjórnar, lögreglustjóra eða hreppstjóra rétt til endurgjalds á styrk veittum utansveitarmanni, skulu þeir, er sekir eru, bæta sveitinni skaðann.

68. gr.

Þegar gerð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurétt þurfalings í sveit sinni, eða sent erindi um önnur atriði viðvíkjandi sveitfesti þurfalings eða styrk honum veittan, skal hún, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er málaleitun barst henni til handa, senda hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta svar sitt upp á hana; að öðrum kosti skal það varða hana sektum, eptir atvikum dagsektum, sem renna í sýslusjóð eptir ákvæði sýslumanns, eða í landssjóð eptir ákvæði stjórnarráðsins ef bæjarstjórn er sek.

Nú verður dráttur á endurborgun sveitarstyrks til dvalarsveitar af hálfu framfærslusveitar meir en 6 mánuði, frá því hún fékk tilkynning um sveitarstyrkinn, og skal þá síðarnefnd sveit greiða vexti af styrksupphæðinni, 5 af hundraði um árið, frá þeim tíma.

Nú verður eptir úrskurði yfirvalds óþarfur dráttur af hálfu framfærslusveitar á að viðurkenna sveitfesti þurfalings, og skal hún þá endurgreiða dvalarsveit hans allan þann styrk, er dvalarsveitin hefir veitt honum frá þeim tíma, sem framfærslusveit fékk tilkynning um þurfaling.

69 gr.

Nú hefir maður, sem framfærslurétt á annarsstaðar, þegið 100 kr. styrk eða meir í dvalarsveit sinni, og bersýnilegt er, að hann sé kominn á stöðugt sveitarframfæri, og hefir þá dvalarsveit hans og framfærslusveit hvor um sig rétt til að krefjast þess, að hann sé fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína.

70. gr.

Þurfaling má eigi flytja fátækraflutningi úr einum hreppi í annan, nema áður sje ákveðið, hvar hann eigi framfærslurétt, annaðhvort með yfirlýsingu sveitarstjórnar þeirrar, er í hlut á, eða með úrskurði yfirvalds.

71. gr.

Nú á þurfalingur að flytjast á framfærslusveit sína, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti fá honum vegabréf, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar hann skuli fluttur, svo og hve mart fólk er í flutningnum, ef um fleiri er að ræða. Skal tilgreina nöfn þeirra og aldur.

72. gr.

Dvalarsveit og framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sér saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann, en náist ekki samkomulag um það, getur dvalarsveit ein annast flutninginn. Ef framfærslusveitin heimtar, að fátækraflutningur skuli fram fara, án þess að tiltaka, hvernig honum skuli hagað, skal líta svo á, að hún ætlist til, að sveitarnefndin í dvalarsveitinni annist flutninginn, enda skal hin síðarnefnda þá skyld þar til.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í framfærslusveitinni.

73. gr.

Þurfamann skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg eða sjóveg; svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sé eigi í hættu stofnað.

74. gr.

Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveit einn þriðjung en framfærslusveit tvo þriðjunga; skal allur kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess sveitarfélags, er flutninginn annast.

Flutningskostnaðinn skal eigi telja sveitarstyrk veittan þurfaling.

75. gr.

Nú vanrækir sveitarstjórnin í dvalarsveitinni að flytja þurfamann fátækraflutningi, er henni bar að annast, og skal þá framfærslusveitin með öllu laus við að endurgjalda styrk þann, er þurfamaðurinn þiggur í dvalarsveitinni frá þeim tíma, er flutningurinn hefði átt fram að fara, þangað til hann verður framkvæmdur.

76. gr,

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er

það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta má hvor málsparta skjóta til stjórnarráðsins á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila varð kunnugt um úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu stjórnarráðsins, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli ráðherra Íslands og innanríkisráðherrans, og úr deilu milli íslenzkrar sveitar og færeyskrar með samkomulagi milli Íslandsráðherra og dómsmálaráðherrans.

VI. kafli.

Sérstakur styrkur úr landssjóði.

77. gr.

Ef þurfalingur fer eptir læknisráði á sjúkrahús — annað en holdsveikraspítala — þá kostar framfærslusveit hans dvöl hans þar, lyf og læknishjálp, alt að 200 kr. á ári. Það, sem fram yfir er 200 kr., greiðist úr landssjóði, þó aldrei nema fyrir tvo þurfalinga í einu úr sama sveitarfélagi eða bæjarfélagi.

78. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk alt að 200 kr. um árið. Það, sem fram yfir er 200 kr., greiðist úr landssjóði. Sömuleiðis greiðist úr landssjóði allur kostnaður við flutning þess þurfamanns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst eigi á annan hátt endurgoldinn.

Landssjóðsstyrkur samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan er ekki apturkræfur.

VII. kafli.

Um það, hver lagaákvæði séu numin úr gildi með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

79. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Tilsk. 14. Oktbr. 1763 um greiðslu meðlags með óskilgetnum börnum.

Tilsk. 10. Decbr. 1790 um meðlag með óskilgetnum börnum.

Tilsk. 30. Maí 1794 um uppfóstur óskilgetinna barna.

Tilsk. 10. Ágúst 1798 um þvingun við menn, sem skildir eru við konur sínar að borði og sæng.

Kansellíbréf 5. Desember 1820 um greiðslu framfærslueyris með óskilgetnum börnum af launum vinnuhjúa.

Opið bréf 28. Maí 1825 um meðferð mála um meðlag með óskilgetnum börnum.

Reglugerð 8. Janúar 1834 fyrir fátækramálefna lögun og stjórn á Íslandi.

Opið bréf 6. December 1839 um breyting á löggjöfinni um meðlag með óskilgetnum börnum.

Opið bréf 6. Júlí 1848 um breyting á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til að eignast sveit eptir 6. gr. í reglugerðinni 8. Janúar 1834.

Opið bréf 17. April 1868 um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum.

4. gr. í tilsk. 25. Júní 1869 um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum.

Lög 4. Nóvember 1887 um sveitarstyrk og fúlgu.

Lög 7. Febrúar 1890 um breyting á lögum um sveitarstyrk og fúlgu.

Lög 12. Janúar 1900 um meðlag með óskilgetnum börnum o. fl.

Lög 23. Október 1903 um viðauka við lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. frá 12. Janúar 1900.

Loks eru úr gildi feld öll önnur ákvæði gildandi laga, þau er koma í bága við lög þessi.

80. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1907.

Ed. **519. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga f. árin 1904—1905.

Nefndin leggur til að frv. sé samþykt óbreytt.

Alþingi, 21. Ágúst 1905.

Jón Jakobsson formaður.	Jón Ólafsson skrif., frs.	Sigurður Stefánsson.
Valtýr Guðmundsson.		Guttormur Vigfússon.

Ed. **520. Frumvarp**

til laga um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofnfé Fiskiveiðasjóðs Íslands er 100,000 kr., er landssjóður leggur fram í skuldabréfum fyrir lánum til þilskipakaupa og í peningum.

Við stofnféð bætist fyrst um sinn $^1/_3$ sektafjár, er í landssjóð rennur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi, að meðtöldu $^1/_3$ netto-andvirðis þess, er landssjóði greiðist fyrir upptækan afla og veiðarfæri botnvörpunga eptir að lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Til sjóðsins leggur landssjóður 6000 kr. tillag á ári hverju, er telst með árstekjum hans.

3. gr.

Tilgangur Fiskiveiðasjóðsins er að efla fiskiveiðar- og sjávarútveg landsmanna.

Stofnféð má aldrei skerða. Skal því og árstekjum sjóðsins varið til lánveitinga til skipakaupa og veiðarfæra og hvers konar atvinnubóta við fiskiveiðar. Tekjunum má og verja til að styrkja efnilega unga menn til að kynna sér veiðiaðferðir, fiskverkun og annað, er lýtur að sjávarútvegi, meðal erlendra þjóða. Svo og til þess að styrkja tímarit um fiskiveiðar og annað, er að sjávarútvegi lýtur. Enn fremur má verja nokkru af tekjunum til verðlauna fyrir framúrskarandi atorku og eptirbreytnisverðar nýjungar í fiskiveiðum og meðferð fiskjar.

4. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi stjórn sjóðsins og semur skipulagsskrá fyrir hann og reglugerð um lánveitingar og úthlutun verðlauna.

Skipulagsskráin skal staðfest af konungi.

Verði stofnað alment fiskiveiða- eða útgerðarfélag fyrir land alt, í nokkurri líking við Búnaðarfélag Íslands, skal leita álits slíks félags um lánveitingar, styrkveitingar og verðlaunaveitingar þær, er um ræðir í 3. gr.

Nd. **521. Frumvarp**

til laga um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

(Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hverjum þeim, sem leyst hefir af hendi fullkomið lögfræðispróf, er aðgang veitir að embættum þeim hér á landi, sem lögfræðingar skipa, sbr. 4. gr. laga nr. 3 frá 4. Marz 1904, og að öðru leyti fullnægir þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess að geta feingið embætti á Íslandi, getur ráðherra Íslands veitt alment leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn. Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal áður en leyfisbréfið er afhent honum, undirskrifa eiðstaf um, að hann skuli flytja mál þau, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmensku, og í hvívetna rækja störf sín ráðvendnislega og með samvizkusemi. Málaflutningsmaður fyrirgerir þessum rétti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svívirðilegt, eða missir fjárráð sín.

2. gr.

Yfirdómsmálaflutningsmenn þeir, sem nú eru og þeir, sem leyfi hafa feingið samkvæmt 1. gr., eru skyldir til að flytja sakamál og gjafsóknarmál eptir því, sem þeir fá skipun til og eptir sömu reglum og fylgt hefir verið hingað til.

Nú óskar sakborningur eða gjafsóknarhafi, að einhverjum ákveðnum málaflutningsmanni sé falið mál hans fyrir yfirdómi, og skal þá sá skipaður til þess.

3. gr.

Málaflutningsmenn, er skipaðir eru til að flytja gjafsóknarmál, skulu eiga heimting á málaflutningskaupi eins fyrir það, þótt þeir vinni eigi málið, ef flutningur málsins hefir af þeirra hálfu verið óaðfinnanlega af hendi leystur.

4. gr.

Einkaréttur sá, sem hinum settu málaflutningsmönnum við landsyfirdóminn er veittur með konungsúrskurði 19. Marz 1858, skal afnuminn.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Nd. **522. Frumvarp**

til laga um hefð.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hefð má vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign.

2. gr.

Skilyrði fyrir hefð er 20 ára óslitið eignarhald á fasteign en 10 ára óslitið eignarhald á lausafé.

Nú hefir maður umráðum náð með glæp eða óráðvandlegu atferli, og má hann þá ekki hefð vinna. Sama er og ef hefðandi fær vitneskju um, áður en hefðin er fullnuð, að eignarhaldið sé þannig tilkomið.

Nú hefir hefðandi feingið hlutinn að veði, til geymslu, til láns eða á leigu, og geta þá slík umráð ekki heimilað hefð.

3. gr.

Til hefðartíma má telja óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri, ef eignarhaldið hefir löglega geingið frá manni til manns. Eignarhald hvers einstaks hefðanda verður að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr.

4. gr.

Nú missir hefðandi umráð yfir hlutnum, og slitnar þá hefðarhaldið, nema svo sé, að hann hafi umráðin óviljandi mist, og náð þeim aptur innan

6 mánaða eða nái þeim með lögsókn, er hafin sé innan þess frests og rekin með hæfilegum hraða.

Nú er réttur hefðanda til eignarhaldsins vefeingdur með löglega birtri kæru til sáttanefndar eða dómstefnu, áður en hefðartími er fullnaður, og málið því næst rekið með hæfilegum hraða, eða vefeingingarkröfu er lýst í bú hefðanda, og skal þá álíta hefðarhaldi slitið þann dag, er sáttakæra eða dómstefna er dagsett, ef dómur geingur sækjanda í vil, en dagsetningardag vefeingingarkröfu, verði hún gild metin af skiptarétti.

5. gr.

Nú hefir maður arðberandi hlut í eignarhaldi, er til hefðar mátti leiða samkv. 2. gr., og hluturinn verður af honum dæmdur, þá ber honum að eins að standa skil á þeim arði, er hann hefir haft af hlutnum, frá þeim degi, er honum var birt sáttakæra eða dómstefna, eða sagt var til kröfu í búi hans.

6. gr.

Fullnuð hefð skapar eignarrétt yfir hlut þeim, er í eignarhaldi var, og þarf hefðandi ekki að styðjast við aðra eignarheimild.

Afnotaréttur, sem stofnaður er áður en hefðarhaldið byrjaði, fellur úr gildi um leið og hefðin er fullnuð, ef umráð hefðanda yfir eigninni hafa útilokað afnotin. Nú stofnar annar en hefðandi afnotarétt með samningi yfir eign þeirri, er hefðandi hefir í eignarhaldi, og fellur þá afnotaréttur sá úr gildi um leið og eignarhefð er fullnuð, þótt ekki sé liðinn hefðartími fullur frá stofnan hans, ef eignarhald hefðanda hefir útilokað afnotin, þótt ekki sé liðinn hefðartími frá því, er hann var stofnaður, ef umráð hefðanda hafa útilokað afnotin.

Afgjaldsskyldur, er á jörð hvíla, og sjálfsvörzluveðsréttur falla ekki úr gildi við það, að eign sú, er réttindi þessi hvíla á, verður hefðuð.

7. gr.

Notkun með samsvarandi skilyrðum og þeim, er gilda um eignarhefð, skapar afnotarétt.

8. gr.

Hefð á ósýnilegum ítökum, svo sem slægjum, beit, reka o. s. frv. getur að eins unnizt með 40 ára notkun og öðrum skilyrðum sömu sem eignarhefð.

9. gr.

Nú hefir maður haft jörð, er metin er til dýrleika eða útmælda lóð í kaupstöðum eða kauptúnum í eignarhaldi í hefðartíma fullan, án þess að hafa þinglesna eignarheimild, þá getur hann feingið eignardóm fyrir fasteigninni, ef hann uppfyllir eptirfarandi skilyrði,

1. að hann með stefnu, sem birt er á þann hátt, er fyrir er mælt í 10. gr., innkalli með 6 mánaða fyrirvara hvern þann, er tilkall kann að gera til eignarinnar,
2. að einginn mæti samkvæmt stefnunni, er sanni rétt sinn til eignarinnar eða önnur atvik, er útiloki eignarrétt eða hefð stefnanda.

Stefnandinn er enn fremur skyldur til að mæta persónulega við fyrstu

fyrirtekt málsins fyrir réttinum og leggja fram sannanir fyrir því, að stefnan hafi verið birt á lögskipaðan hátt, svo og sannanir fyrir því, að hann hafi haft eignina í heiðarhaldi heiðartíma fullan, og yfir höfuð gefa allar þær skýrslur og skýringar um eignarhaldið, er dómarinn finnur ástæðu til að heimta. Ennfremur ber honum að sanna eða gera sennilegt, að hann hefði ekki getað á annan hátt án mikilla erfiðleika, tímaspillis og kostnaðar feingið löglega eignarheimild fyrir eigninni.

Eignardóminum má svo þinglýsa sem eignarheimild fyrir jörðunni.

Eignardómsmál samkvæmt þessari grein skulu rekin fyrir aukarétti, er halda skal á skrifstofu lögsagnarumdæmis þess, er fasteignin liggur í.

10. gr.

Stefna sú, er getur um í 9. gr., skal birt þrisvar sinnum í blaði því á Íslandi, er flytur stjórnarvalda-auglýsingar, og skal enn fremur samtímis fest upp á þingstaðnum í dómþinghá þeirri, er fasteignin liggur í.

11. gr.

Ákvæði Jónsbókar í 26. kap. Landsleigubálks og ákvæði 16. gr. í erindisbréfi biskupanna 1. Júlí 1746 um hefð eru úr lögum numin.

12. gr.

Til að fylla heiðartíma má telja með eignarhald það, sem heiðandi hefir haft áður en lög þessi ganga í gildi, þó svo, að eingin hefð eptir lögum þessum sé talin fullnuð fyrr en í árslok árið 1910.

Ed. **523. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út nýjan flokk (seríu) bankavaxtabréfa.

Á frumvarpi þessu hafa verið gerðar nokkrar verulegar breytingar í hinni háttvirtu neðri deild, en vér álítum þær til bóta, og viljum því ráða hinni háttvirtu efri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 21. Ágúst 1905.

Sigurður Jensson,	Eiríkur Briem,	Ágúst Flygenring,
formaður.	skrifari.	framsögum.

Ed. **524. Frumvarp**
til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

(Eptir 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Á árunum 1906 og 1907 telst svo til, að tekjur Íslands verði 2,040,410 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,744,100 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a. á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b. á lausafé	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	10,000	10,000	20,000
3. tekjuskattur	16,000	16,000	32,000
4. aukatekjur	38,000	38,000	76,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	10,000	10,000	20,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf	3,800	3,800	7,600
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála hjóna greiðist ekkert gjald.			
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	65,000	65,000	130,000
9. aðflutningsgjald af áfeingum drykkjum, að frádregnum innheimtulaunum	143,000	143,000	286,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum innheimtulaunum	143,000	143,000	286,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum innheimtulaunum	312,000	312,000	624,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulade og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum innheimtulaunum	10,400	10,400	20,800
13. leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfeingra drykkja	18,000	18,000	36,000
14. tekjur af póstferðum	40,000	40,000	80,000
15. tekjur af símum landsins	2,500	20,000	22,500
16. arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	600	600	1,200
17. óvissar tekjur	5,000	5,000	10,000
Samtals ...	863,300	880,800	1,744,100

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 54,110 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr,
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls ... ... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Styrkurinn til húsabóta sé bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minsta lagi 1/3 kostnaðarins. Þar sem því verður við komið, skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eptir ráði verkfræðings, er það er sérstaklega falið.			
2. tekjur af kirkjum	65	65	130
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
4. Tekjur af brennisteinsnámum	900	1,080	1,980
5. Tekjur af Eldey	1,000	1,000	2,000
Samtals ...	26,965	27,145	54,110

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 113,000 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	40,000	39,000	79,000
Upp í lán verður borgað: á árinu 1906 45,654 kr. 21 a. - — 1907 43,381 — 91 - 89,036 kr. 12 a.			
Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eptirgjöf á 200 kr. hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. 19/2 1898.			
Flutt ...	40,000	39,000	79,000

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	40,000	39,000	79,000
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans ..	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufé í baunkum og af banka-vaxtabréfum	9,500	9,500	19,000
Samtals ...	57,000	56,000	113,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1906.	1997.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. Febr. 1880 . ... Heimilt er prestinum í Staðarstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, eptir nánari ákvæðum kirkjustjórnarinnar.	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna ..	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.	2,000	2,000	4,000
Samtals ...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði er 120,000 kr., sem sé 60,000 kr. hvort árið.

2. kafl.

Útgjöld:

7. gr.

Á árunum 1906 og 1907 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—18. gr. 2,160,449 kr. 64 a.

8. gr.

Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins veitast 96,000 kr.:

		1906.	1907.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherrans:				
a. laun	8,000 kr.			
b. til risnu...	2,000 —			
c. uppbót fyrir embættisbústað .	2,000 —			
		12,000	12,000	24,000
Flyt...		12,000	12,000	24,000

	1906.	1907.	Alls.
Flutt...	12,000	12,000	24,000
2. Til utanferða ráðherrans	2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra....	10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar... ...	14,500	14,500	29,000
6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum	2,500	2,500	5,000
7. Til viðhalds á stjórnarráðshúsinu	500	500	1,000
Samtals ...	48,000	48,000	96,000

9. gr.

Til kostnaðar við Alþingi veitast 40,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 41,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 203,680 kr.

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	68,800	68,800	
b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2. ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins í Reykjavík:			
	1906.	1907.	
a. laun umsjónarmannsins	1,000 kr.	1,000 kr.	
b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns ...	200 —	200 —	
c. 3 skamtar af miðdegism. handa fangaverði 21 e...	230 —	230 —	
d. viðurværi handa faungum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —	
e. til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —	
f. þvottur...	30 —	30 —	
g. til þess að útvega verkefni	500 —	500 —	
h. útgjöld við húsið sjálft og áhöld ...	400 —	400 —	
Flyt...	4,105 kr.	4,105 kr.	78,200	78,200	

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	4,105 kr.	4,105 kr.	78,200	78,200	
i. þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
j. þóknun handa lækni	60 —	60 —			
k. ýmisleg útgjöld ...	150 —	150 —			
			4,415	4,415	
4. Kostnaður við viðhald fangelsanna			300	300	
5. Til byggingar ráðhúss og fangelsis á Akureyri			4,000	»	
Stjórninni veitist heimild til að selja eign landssjóðs í ráðhúsinu á Akureyri fyrir að minsta kosti 2000 kr., og dregst söluverðið frá hinni veittu fjárupphæð. Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að lagðar verði til byggingarinnar annarsstaðar frá að minsta kosti 8000 kr. og bókasafni Norðuramtsins og væntanlegri símastöð á Akureyri ætlað hæfilegt rúm í húsinu.					
6. Önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn		1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirréttinn		50 —			
c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum...		50 —			
d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl.		50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál...		300 —			
g. útgjöld við sáttamál		50 —			
h. til að útvega eldtraustan járnskáp handa bæjarfógetaembættinu á Ísafiði og sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu alt að (fyrra árið)		300 —			
			5,400	5,100	
			92,315	88,015	
					180,330
		Flyt ...	.....	.....	180,330

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	.....	.....	180,330
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út Stjórnartíðindi og Landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar Stjórnartíðindanna (50 arkir), alt að 32 kr. örkin ... ... 1,600 –			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við Landshagsskýrslur ... ... 2,400 —			
d. til kostnaðar við sending með póstum ... ... 450 —			
e. til þess að gefa út registur við Stjórnartíðindin, 30 fyrstu árgangana (fyrra árið) ... ... 1,550 —			
	6,450	4,900	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. bruna-ábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. til embættiseptirlitsferða...	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. til útgjalda við eptirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	1,000	1,000	
7. útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
	12,450	10,900	
			23,350
Samtals ...	.....	.....	203,680

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 235,056 kr. 64 a.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	71,850	71,850	143,700
2. Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri	800	800	1,600
Flyt ...	72,650	72,650	145,300

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	72,650	72,650	145,300
3. Styrkur til Guðm. héraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sé búsettur í Hafnarfirði	800	800	1,600
4. Styrkur til Öræfinga til að vitja læknis ... Styrkurinn útborgist hreppsnefnd Hofshrepps.	150	150	300
5. a. styrkur til augnalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði....	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að dvöl hans á höfnum verði svo laung, að almenningur hafi hans tilætluð not, eptir reikningi hvort árið alt að 300 kr.... ...	300	300	600
6. styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
7. útgjöld við holdsveikraspítalann:			
	1906. kr. a.	1907. kr. a.	
a. laun til starfsmanna	5,365	5,365	
b. viðurværi: kr. a.			
1. handa 60 sjúklingum, 38½ a. á dag 8,431,50			
2. handa 18 starfsmönnum, 239 kr. 35 a. á ári. 4,308,30			
	12,739,80	12,739,80	
c. klæðnaður sjúklinga	800	800	
d. meðul og sáraumbúnaður	1,400	1,400	
Flyt ...	20,304,80	20,304,80	76,900	76,900	153,800

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	20,304,80	20,304,80	76,900	76,900	153,800
e. eldsneyti	2,915	2,915			
f. ljósmeti	650	650			
g. viðhald á húsum ...	2,600	1,200			
h. húsbúnaður og áhöld	800	800			
i. þvottur og ræsting .	800	800			
k. greptrunarkostnaður .	275	275			
l. flutningskostnaður .	30	30			
m. til að skemta sjúklingum	200	200			
n. hesta- og hænsnafóður	125	125			
o. skattar og brunaábyrgðargjald	728,52	728,52			
p. ýmisleg útgjöld	700	700			
			30,128,32	28,728,32	58,856,64
8. útgjöld við bólusetningar			500	500	1,000
9. önnur útgjöld:					
a. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri		400 kr.			
b. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði		400 —			
c. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði		400 —			
d. styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði		300 —			
e. Til sjúkraskýlis á Sauðárkrók f. á.		2000 —			
f. Til sjúkraskýlis á Vopnafirði. f. á. Styrkirnir undir staflið e. og f. veitast með því skilyrði, að sjúkraskýlin hafi rúm fyrir að minsta kosti 8 sjúklinga hið fyrnefnda og 3 sjúklinga hið síðarnefnda, og að hlutaðeigandi sýslufélög taki sjúkraskýlin að sér til eignar og reksturs.		600 —			
g. til náms yfirsetukvenna		2,000 —			
h. til verkfæra handa yfirsetukonum		400 —			
i. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. Janúar 1896 • um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		2,000 —			
Flyt ...		8,500 kr.	107,528,32	106,128,32	213,656,64

		1906.	1907.	Alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar	8,500 kr.	107,528,32	106,128,32	213,656,64
k. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. Nóvember 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000 —			
l. til þess að fullgera sóttvarnarhúsið í Reykjavík (fyrra árið).	5,000 —	14,500,00	6,900	21,400
Samtals ...		122,028,32	113,028,32	235,056,64

12. gr.

Til samgaungumála veitast 772,787 kr.

		1906.	1907.	Alls.
A.		kr.	kr.	kr.
Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
Þingið ætlast til, að væntanleg aðalsímastöð landsins geti feingið húsnæði í pósthúsinu.				
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur... ...	11,000 —			
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík	4,200 —			
þar af 500 kr., sem launaviðbót handa núverandi fyrsta póstafgreiðslumanni.				
c. handa brjefhirðingamönnum...	6,500 —	24,700	24,700	
2. póstflutningur		48,000	48,000	
Þar af alt að 8000 kr. hvort árið til hlutafélagsins »Thore« og hlutafélagsins »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja alls konar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) milli Íslands og útlanda og milli hafna á slandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip félaganna sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sje fyrir fram.				
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. Júní til 1. Okt. frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að		500	500	
Ráðherrann samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.				
Flyt ...		73,200	73,200	

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr,	kr.
Fluttar ...	73,200	73,200	
4. önnur útgjöld:			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistara ... ... 2,000 kr.			
b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um ... ... 200 —			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans ... ... 200 —			
d. fyrir prentun á ýmsu ... ... 1,000 —			
e. til áhalda ... ... 1,500 —			
f. til bréfaburðar í Reykjavík ... 800 —			
g. til bréfaburðar í öðrum kaupstöðum ... ... 400 —			
h. óviss útgjöld ... ... 200 —			
i. til viðhalds húsi og áhöldum 100 —	6,400	6,400	
	79,600	79,600	159,200
B.			
Til vegabóta:			
1. til verkfræðings landsins: kr.			
a. laun 3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar 500	3,500	3,500	
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við samgangubætur, alt að	1,500	1,500	
3. til flutningabrauta: alls 52,000 kr,			
þar af: 1906. 1907.			
a. til flutningabrautar á Fagradal á fjárhagstímabilinu alls 20,000			
b. til flutningabrautar upp Borgarfjörð 8,000			
til viðhalds flutningabrauta 12,000 12,000	12,000	40,000	
4. til þjóðvega			
þar af:			
í Suður-amtinu 6,000 6,000			
- Vestur-amtinu 4,000 8,000			
- Norður-amtinu 8,000 12,000			
- Austur-amtinu 3,000 14,000	21,000	40,000	
Þar af til vegagerðar í Austur-Skaptafellssýslu 4000 kr. síðara árið.			
Af þjóðvegafé til Suðuramtsins má verja 4000 kr. til þjóðvegarins upp Mosfellssveit gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að.			
Flyt...	38,000	85,000	159,200

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	38,000	85,000	159,200
5. til fjallvega	2,000	6,000	
6. til áhalda	2,000	2,000	
7. Til brúargerðar á Hólmsá og Skaptár-eldvatni í Vestur-Skaptafellssýslu ... ... Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að sýslufélagið leggi til þessa verks að minsta kosti 2000 kr.	.....	12,000	
8. til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði	300	300	
9. Styrkur til brúargerðar á Jökulsá í Jökuldal, þó eigi yfir helming brúarkostnaðar, eða alt að	3,000		
	45,300	105,300	150,600
C.			
1. Til gufuskipaferða: Til hins sameinaða gufuskipafélags, að því tilskildu, að ferðirnar til Íslands verði 30, að viðkomur í Færeyjum sé ekki fleiri en í gildandi ferðaáætlun félagsins, að fargjöld og farmgjöld verði eigi hærri en nú eru, að Íslendingar, sem ferðast á fyrsta farrými, megi bæði á milli landa og með ströndum fram kaupa fæði sitt á 2. farrými, og sé eigi skyldir til að kaupa fæði á ferðum með landi fram; að alt að 25 stúdententum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslenzku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og enn fremur að því tilskildu, að fjelagið flytji innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem það hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi			
Flyt ...	.....	.....	309,800

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	.....	.....	309,800
milli Íslands og Skotlands, ennfremur, að fargjald fyrir Íslendinga milli Íslands og Skotlands á hvoru farrými sem er, sé ekki dýrara en $^2/_3$ af fargjaldi milli Íslands og Kaupmannahafnar, og að alþingismenn hafi ókeypis far með skipunum á þeim ferðum, er styrktar eru af landssjóði	30,000	30,000	
2. Til gufubátaferða alt að	28,000	28,000	
Fénu má verja þannig hvort árið:			
a, Til bátaferða á Faxaflóa alt að 12000 kr.			
b, — —— - Breiðafirði alt að 8000 —			
c, — —— - Ísafirði og í Ísafjarðarsýslu alt að... ... ... 5000 kr.			
d, — —— - Eyjafirði alt að 3000 kr.			
Áætlun um ferðirnar undir staflið *a* samþykkir ráðherra eptir að hann hefir feingið tillögur bæjarstjórna og sýslunefnda, er hlut eiga að máli.			
Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlanir bátanna á staflið *b*, *c*, og *d*.			
Styrkveitingarnar greiðist með því skilyrði, að bátarnir flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum viðkomustaðanna án sérstaks endurgjalds.			
3. Styrkur til gufu- og mótorbátsferða á milli Vestmanneyja og Rangársands	300	300	
Sýslunefnd Rangárvallasýslu semur um ferðirnar og tekur á móti styrknum.			
	58,300	58,300	116,600
D.			
Til ritsíma og málþráða.			
1. Fyrsta og önnur afborgun af 20 ára ársgreiðslu til stóra norræna ritsímafélagsins fyrir að koma á og halda uppi sæsímasambandi milli Hjaltlands og Íslands yfir Færeyjar, og fyrir 300,000 kr. framlag félagsins til landsímalagningar frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur	35,000	35,000	
Flyt ...	35,000	35,000	426,400

			1906.	1907.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		Fluttar ...	35,000	35,000	426,400
2.	Til landsímalagningar og málþráðasambands frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur:				
		kr.	kr.		
	a. efni til landlínunnar ...	220,430			
	b. eptirlit með tilbúningi efnis og flutningsgjöld á sjó og landi	84,500			
	c. kostnaður við verkstjórn og vinnu að símalagningunni og útbúnaði stöðvanna ...	133,440			
	d. verkfæri, símagögn, rafmagnstæki, prentun á ýmsu	13,000			
	e. Óviss útgjöld og borgun til hins tekniska ráðunauts stjórnarinnar ...	10,000			
		461,370			
	Hér frá dregst framlag stóra norræna ritsímafjelagsins	292,000			
			169,370		
3.	Til þess að kaupa og flytja hingað til lands 2500 auka-staura og annað verkefni		14,000	183,370	
4.	Til þess að mæla upp landsímalínuna og setja kílometramerki			.....	3,000
5.	til starfsreksturs landsímasambandsins:				
		1906 kr.	1907 kr.		
	a. Námsstyrkur til 4 hérlendra manna til þess að nema firðritun	4,000	»		
	b. helmingur af kostnaðinum við símastöðina á landtökustaðnum	3,150	8,200		
	c. laun	3,500	14,000		
	d. til 16 talsímastöðva	250	960		
	Heimilt er stjórninni, er hún ákveður, hvar talsímastöðvar skuli vera, að gera það að skilyrði, að sveitarfélög leggi árlegan skerf til rekstursins.				
	Flyt ...	10,900	23,160	218,370	38,000	426,200

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	10,900	23,160	218,370	38,000	426,400
e. húsaleiga í Reykjavík og Akureyri, svo og eldiviður og ljós...	650	1,600			
f. til viðhalds landsímans ...	»	11,875			
g. eyðublöð, prentkostnaður burðareyrir o. s. frv. ...	200	600			
h. önnur útgjöld	500	1,000			
i. til þess að rannsaka og undirbúa símasamband til Ísafjarðar og frá Reykjavík austur að Ægissíðu alt að	»	4,000			
			12,250	42,235	
			230,620	80,235	310,855
E.					
Til vita:					
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa			300	300	
b. til eptirlitsferða			100	100	
c. til vitans á Reykjanesi:		kr.			
1. til launa vitavarðar		1,200			
2. fyrir olíu		250			
3. — steinkol		160			
4. flutningskostnaður		300			
5. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		500			
6. eptirgjald eptir lóðina		30			
			2,440	2,440	
d. til vitans á Skagatá:					
1. til vitavarðar		400			
2. fyrir olíu		175			
3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		300			
4. steinkol		100			
5. flutningskostnaður		100			
6. eptirgjald fyrir lóðina		16			
7. til að byggja varðklefa við vitann f. á.		350			
		—	1,441	1,091	
e. til vitans við Gróttu:					
1. til vitavarðar		400			
2. fyrir olíu		150			
3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		200			
4. steinkol		60			
5. flutningskostnaður		40			
			850	850	
		Flyt ...	5,131	4,781	737,255

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	5,131	4,781	737,255
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð	600	600	
Þar af 400 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.			
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:			
kr.			
1. til vitavarðar 400			
2. fyrir olíu 125			
3. til viðhalds á húsum, áhöldum o. fl. 150			
4. flutningskostnaður 25			
	700	700	
h. til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:			
1. til vitavarðar 400			
2. til lóðargjalds 10			
3. fyrir olíu 200			
4. til viðhalds húsum. áhöldum o.fl. 200			
5. fyrir steinkol 100			
6. flutningskostnaður 50			
	960	960	
i. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	100	100	
k. til vita á Skipaskaga	300	300	
l. til vita á Elliðaey á Breiðafirði	400	400	
m. til að byggja vita á Vestmannaeyjum:			
a. til að byggja vita (fyrra árið)	15,000		
b. kostnaður við vitahaldið	500	1000	
n. Til rannsóknar vitastæða og áætlana alt að	3,000		
	26,691	8,841	
			35,532
Samtals...	.....	.....	772,787

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 293,296 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
A.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. 1. laun biskupsins 7,000			
2. skrifstofukostnaður... 1,000			
b. önnur útgjöld:	8,000	8,000	
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. Febr. 1880, 1. gr.	9,500	9,500	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum ... ... Ráðherrann úthlutar styrknum eptir tillögum biskups.	6,000	5,200	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600	600	
4. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,500	3,500	
	27,600	26,800	54,400
B.			
Til kenslumála.			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:			
	1906 kr.	1907 kr.	
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum, 80 kr. til hvers	960	960	
2. námsstyrkur . ... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið. Styrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjar-nemendum.	1,000	1,000	
3. til tímakenslu	100	100	
4. til bókakaupa	300	300	
5. til eldiviðar og ljósa... ...	150	150	
6. til umsjónar	100	100	
7. ýmisleg útgjöld	250	250	
Flyt ...	2,860	2,860	9,200	9,200	54,400

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	2,860	2,860	9,200	9,200	54,400
8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að	250	250	3,110	3,110	
			12,310	12,310	24,620
II. Til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:					
1. húsaleigustyrkur handa 10 nemendum...	800 —				
2. námsstyrkur	1,200 kr.				
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið. Styrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.					
3. eldiviður ljós og ræsting	300 —				
4. til bókakaupa, verkfæra og kennsluáhalda	500 —				
5. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —				
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 80 kr.					
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði	200 —				
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að	200 —				
8. ýmisleg útgjöld	200 —				
			3,700	3,700	
c. til þess að leigja hús handa læknaskólanum			1,000	1,000	
			7,900	7,900	15,800
III. Til hins almenna menntaskóla					
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfé:					
handa saungkennaranum	600 kr.				
— fimleikakennaranum	700 —				
— dyraverði	1,100 —				
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans	200 —				
			2,600	2,600	
		Flyt ...	21,800	21,800	94,820

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	21,800	21,800	94,820
c. önnur útgjöld:			
	1906 kr.	1907 kr.	
1. til bókasafns skólans	300	300	
2. til eldiviðar og ljósa	1,400	1,400	
3. til skólahússins utan og innan	1,400	1,400	
4. til timakenslu og prófdómenda	2,800	2,800	
5. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720	720	
6. námsstyrkur	2,000	2,000	
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið. Styrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.			
7. þóknun handa lækni	100	100	
8. ýmisleg útgjöld	1,000	1,000	
9. fyrir prestsverk	48	48	
10. til vísindalegra áhalda við kenslu	450	450	
11. til þess að gefa út kenslubækur handa hinum alm. mentaskóla, 30 kr. fyrir örkina	600	600	
12. til áhalda við fimleikakenslu	100	100	
13. Til verðlaunabóka	300	300	
		11,218	11,218
		33,018	33,018
			66,036
Flyt ...			160,856

	1906	1907	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	.....	.....	160,856
IV. Til gagnfræðaskóla á Akureyri:			
a. laun	7,400	7,400	
b. önnur útgjöld:			
	1906 kr.	1907 kr.	
1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna	1000	600	
2. til eldiviðar og ljósa ...	500	500	
3. til tímakenslu	1200	1200	
4. til styrkveitingar námspiltum	400	400	
5. ýmisleg útgjöld...	800	800	
		3,900	3,500	
		11,300	10,900	22,200
V. Til stýrimannaskólans:			
a. laun		3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:			
	1906 kr.	1907 kr.	
1. til tímakenslu	1,400	1,400	
2. til áhaldakaupa o. fl. ...	400	400	
3. til eldiviðar og ljósa ...	500	500	
4. ýmisleg útgjöld	500	500	
		2,800	2,800	
		6,000	6,000	12,000
VI. Til annarar kenslu:			
a. til kvennaskóla:			
	1906 kr.	1907 kr.	
1. til kvennaskólans í Reykjavík . ... Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.	2,500	2,500	
2. til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum	500	500	
3. til kvennaskólans á Blönduósi...	2,000	2,000	
4. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að...	1,120	1,120	
Flyt ...	6,120	6,120	.....	.....	195,056

	1906. kr.	1907. kr.	1906 kr.	1897 kr.	Alls kr.
Fluttar ...	6,120	6,120	.....	.....	195,056
5. til kvennaskólans á Akureyri til þess að halda áfram kenslunni til vordaga 1906 (f. árið)	1,500	»			
			7,620	6,120	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum			10,000	10,000	
Styrkur þessi veitist einkum eptir leingd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.					
2. til sveitakennara, alt að 100 kr. til hvers			10,000	10,000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis, að minsta kosti helming á móts við landssjóðsstyrk.					
Nokkru af þessum styrk má með sama skilyrði verja til sveitakennara, er ráðnir eru til að hafa eptirlit með heimafræðslu. Við styrkveitinguna til þessa eptirlits skal taka sérstakt tillit til þess, hve opt kennari hefir húsvitjað á hverju heimili og til fjölda heimilanna, sem hann hefi haft eptirlit með.					
3. til unglingaskóla, þó eigi yfir 500 kr. til hvers, alt að...			1,500	2,500	
Styrkur þessi veitist gegn því skilyrði, að til kenslunnar sé varið úr sveitarsjóði eða annarstaðar að eigi minna en styrknum nemur. Nánari skilyrði fyrir styrkveitingum þessum semur stjórnarráðið eptir tillögum umsjónarmannsins yfir barnaskólum og alþýðufræðslu.					
4. þóknun til umsjónarmanns yfir barnaskólum og alþýðufræðslu			2,500	2,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu			3,200	3,200	
Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.					
e. námsstyrkur handa kennaraefnum, alt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
f. til skólaiðnaðar-kenslu			500	500	
Flyt ...			38,420	37,920	195,056

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	38,420	37,920	195,056
g. til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
h. styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur ... ... Þar af heimilast stjórninni alt að 500 kr. hvort árið, til þess að láta semja lestrarbók handa alþýðuskólum.	800	800	
i. til kenslu heyrnar- og málleysingja	5,000	5,000	
j. til kenslu blinds dreings Erlends Páls Jónssonar í Danmörku	300	300	
k. Styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur hans á vitfirringastofnuninni Karensminde	150	150	
l. til lýðháskólans í Bakkakoti í Borgarfirði . ... 1,000 kr. til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, allt að . 600 —	1,600	1,600	
m. til unglingaskóláns á Heydalsá í Strandasýslu ... ... Styrkur þessi veitist gegn því skilyrði, að skólinn njóti ekki minna opinbers styrks annarstaðar frá en yfirstandandi ár.	400	400	
	46,770	46,270	93,040
VII. Til sundkennslu.			
a. í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
	300	300	600
Flyt ...	.....	.....	288,696

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	300	300	288,696
b. til sundkenslu annarsstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	
	2,300	2,300	4,600
Samtals ...	.....	.....	293,296

14. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast 93,960 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. til Landsbókasafnsins:			
kr.			
a. laun bókavarðar 1,800			
b. til aðstoðarmanns við Landsbókasafnið 900			
c. til að kaupa bækur og handrit ... 5,000			
d. til bókbands 1,000			
e. til samningar spjaldskrár (eptir reikningi) 1,200			
f. fyrir afskriptir (eptir reikningi) ... 800			
g. til að prenta ritaukaskrár 200			
h. til eldiviðar og áhalda m. m. ... 500			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið ... 360			
	11,760	11,760	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins 500 kr.			
b. til —— Austuramtsins 400 —			
c. til —— Vesturamtsins 400 —			
	1,300	1,300	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
Flyt ...	13,060	13,060	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr a.
Fluttar ...	13,060	13,060	
3. til sýslubókasafna og lestrarsala í kaupstöðum alt að 150 kr. til hvers, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, alt að	1,500	1,500	
Landsstjórninni sé sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.			
4. til Landsskjalasafnsins:	1906. kr.	1907. kr.	
a. laun skjalavarðar	1,400	1,400	
b. til að binda inn og búa um skjöl o. fl.	900	900	
c. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu ...	600	600	
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið	250	250	
	3,150	3,150	
5. til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmenntafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.			
6. til Þjóðvinafélagsins	750	750	
7. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda	kr. 1,000		
b. til umsjónar	720		
c. til húsnæðis og hita	2,000		
	3,720	3,720	
8. til Fornleifafélagsins	400	400	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.			
9. til Náttúrutræðisfélagsins.	800	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til			
Flyt ...	25,380	25,380	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	25,380	25,380	
sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.			
10. styrkur til mag. Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
11. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sérhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eptir að það er komið út	800	800	53,960
12. Til vísinda og bókmenta, hvort árið stjórninni til umráða... ... ... 20,000 kr.	20,000	20,000	40,000
Af því fé leggur Alþingi til að greiðist:			
a. til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslenzk-danskri orðabók ... ... 300— 300			
b. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna ... ... 300— 300			
c. til Páls Ólafssonar skálds 500— 500			
d. til Þorsteins Erlingssonar skálds... ... ... 800— 800			
e. til séra Valdimars Briems 800— 800			
f. til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi . ... 200— 200			
g. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi ... ... 1,200—1,200			
Bæði þessi tvö síðastnefndu félög geri stjórninni reikning fyrir, hversu fénu er varið.			
h. styrkur til Biblíufélagsins til nýrrar þýðingar og *útgáfu* á ritum gamla testamentisins ... ... 1,000—1,000			
i. til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk ... 150— 150			
k. til Leikfélags Reykjavíkur, alt að ... ... 1,000—1,000			
Flyt ...			93,960

	1906.	1907.		1906.	1907.	Alls.
	1906.	1907.		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar						93,960
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.						
l. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands ...	1,000	1,000				
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að út komi af framhaldi Íslendingasögu að minsta kosti 8 arkir á ári.						
m. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands og halda sögufræðilega fyrirlestra ...	1,200	1,200				
Af þessari upphæð greiðist 400 kr. á ári sem ritlaun fyrir sagnfræðilegar ritgerðir, 50 kr. fyrir hverja örk.						
n. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600				
o. Til landmælinga á Íslandi ...	5,000	5,000				
p. Til Ásgríms Jónssonar málara, til þess að fullkomna sig í málaralist	600	600				
q. Til Benedikts Jónassonar til þess að stunda nám á verkfræðingaskóla í Þrándheimi	500	500				
r. Til Helga Péturssonar til jarðfræðisrannsókna alt að ...	3,000	3,000				
Þar af til ferðakostnaðar eptir reikningi hvort árið alt að 1000 kr.						
s. Til Helga Jónssonar til mýra og grasafræðisrannsókna ...	1,200	1,200				
			Samtals ...	.....	.....	93,960

15. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 306,970.

	1906. kr.	1907. kr.	1906. kr.	1907. kr.	Alls kr.
1. til eflingar búnaði:					
a. til búnaðarskóla:					
1. til skólans á Hólum...	1200	1200			
2. til skólans á Hvanneyri	1200	1200			
3. til þessara skóla eptir nemendafjölda, þó eigi meira en 100 kr. fyrir hvern nemanda, alt að	4,400	6,000			
4. til skólans á Eiðum...	2,500	1,500			
5. til búnaðarskólahalds í Ólafsdal	2,500	»			
			11,800	9,900	
b. til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal til verklegrar búnaðarkenslu			»	1,500	
c. til búnaðarfélaga			24,000	24,000	
d. til Búnaðarfélags Íslands...			41,000	44,000	
e. til sama félags til kenslu í mjólkurmeðferð			4,000	3,000	
f. til skógræktartilrauna eptir fyrirsögn kapteins Ryder's og próf. C. V. Prytz ...			7,500	7,500	
g. framhaldsstyrkur til þriggja manna til að stunda skóggræðslu			900	300	
h. til sandgræðslu:					
1. styrkur til tveggja manna til þess að nema sandgræðslu			600	»	
2. til þess að girða tvö tilraunasvæði ...			2,500	»	
3. ýmislegur kostnaður			500	»	
4. til tilrauna			»	2,000	
i. til verðlauna fyrir útflutt smjör			18,000	18,000	
2. til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum			2,000	2,000	
3. a. laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík...			400	400	
4. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300	300	
Flyt ...			115,900	115,300	

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	115,900	115,300	
5. styrkur til manns til að nema dýralækningar	600	600	
6. til útrýmingar fjárkláðanum...	5,000		
7. til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík ...	4,000	5,000	
8. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	1,500	1,500	
9. Til Jóns Sigurðssonar til að stunda rafmagnsfræði í Khöfn	400	400	
10. Til Björns Pálssonar til að stunda rafmagnsfræði á Harward háskóla	600	250	
11. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík ...	1,500	1,500	
12. Utanfarastyrkur til manna, er vilja kynna sér kaupfélagsskap og samvinnufélagsskap erlendis og læra bókfærslu, er þar að lýtur, gegn helmings tillagi að minsta kosti frá kaupfélögum eða öðrum samvinnufélögum hérlendum alt að	1,000	1,000	
13. styrkur til byggingarfróðs manns, til þess, að leiðbeina við húsabyggingar...	800	800	
14. laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík og hinum á Ísafirði	2,000	2,000	
15. Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
16. Til efnarannsóknastofu í Reykjavík.			
a. Stofnunarkostnaður alt að	5,500		
b. til árlegs kostnaðar.			
1. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
2. til aðstoðar og annarar vinnu	300	300	
3. til húsaleigu	300	500	
4. — ljósa og eldneytis	300	300	
Flyt ...	142,060	131,810	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	
Fluttar ...	142,060	131,810	
17. Styrkur til skipakvíar í Oddeyrarbót til vetrarlegu fyrir þilskip ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að eigi minni en þref alt meiri upphæð til fyrirtækisins sé lögð fram annarsstaðar frá, og aðfyrirtækið sé unnið í samráði við verkfræðing landsins.	15,600		
18. Styrkur til stórskipabryggju í Stykkishólmi að fjórðungi kostnaðar, þó eigi yfir	.....	5,000	
19. Styrkur til ábyrgðarfélaga, er vátryggja mótorbáta, alt að ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að vátrygging hvers félags á mótorbátum nemi að minsta kosti 40,000 kr., enda sé lög félagsins staðfest af stjórnarráðinu, og veitist þá hverju félagi alt að 6% af vátryggingarupphæðinni, þó aldrei meira en 3000.	10,000		
20. Til skipstjórafélagsins »Öldunnar« styrkur til utanfarar fiskimönnum, er afla vilja sér þekkingar á fiskiveiðum og fiskiverkun ...	2,500		
21. Styrkur til 2 íslenzkra stúlkna til handavinnunáms »Kunstflidsforeningens Friundervisning« í Kaupmannahöfn	300	300	
	169,860	137,110	
Samtals ...	.....	.....	306,970

16. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

17. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 108,900 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a,; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til séra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til frú Elinborgar Friðriksdóttur 300 kr.; til frú Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

18. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

Upphæð, er svarar $^2/_3$ hlutum sekta fyrir ólöglegar fiskiveiðar útlendra skipa, er eptirlitsskipið handsamar og dregur fyrir dóm á Íslandi, svo og $^2/_3$ andvirði upptæks afla og veiðarfæra af þessum skipum greiðist í ríkissjóð, sem tillag af Íslands hálfu til kostnaðar við eptirlitsskipið.

19. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði 120,039 kr. 64 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

20. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1905 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eptir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Sjávarbændum og hlutafélögum, er sjómenn eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 50,000 kr. til þess að byggja þilskip og kaupa skip til fiskiveiða. Eigi má lána meira en 15,000 kr. til hvers gufuskips og 5,000 kr. til hvers þilskips og aðeins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í vátryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með 4% árlega, séu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufélaga, eptir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$%, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Til byggingar skipakvíar í Oddeyrarbót, til vetrarlegu fyrir þilskip, má veita lán úr viðlagasjóði alt að 40,000 kr. gegn ábyrgð Akureyrarkaupstaðar. — Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Thorvaldsens félaginu í Reykjavík má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði 13,000 kr. gegn veði í húseign þess nr. 3 í Veltusundi. — Lánið ávaxtist og afborgist með 6% á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 7000 kr. til lánveitingar handa trésmíðaverkstæðinu »Fjalar« á Húsavík. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslufélags Suður-Þingeyjarsýslu, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 3 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á 14 árum.

Úr viðlagasjóði má verja 10,000 kr. til lánveitingar handa skipstjóra Ole Nessö frá Tromsö í Noregi til þess að stunda veiðar í íshöfum og við austurströnd Grænlands, með þeim skilyrðum, að nefndur Ole Nessö

1. setji þá tryggingu gegn láninu, sem stjórnarráðið tekur gilda,
2. að hann búsetji sig á Íslandi og reki þaðan veiðar í norðurhöfum og á austurströnd Grænlands,
3. að hann flytji lifandi moskussauði (= uxa) til uppeldis í landinu, og selji þó eigi meira en 1000 kr. hvern.

Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrsta árið og endurborgist síðan á 10 árum.

Jóhannesi J. Reykdal í Hafnarfirði má veita á fjárhagstímabilinu lán úr viðlagasjóði 8000 kr. til að koma upp nýrri rafmagnsstöð í Hafnarfirði, gegn 1. veðrétti í rafmagnsstöðinni sjálfri, og 1. veðrétti í rafmagnsstöð þeirri, er hann hefir nú fullgerða. Þó má upphæð lánsins eigi fara fram úr $^1/_2$ virðingarverði. Lán þetta ávaxtist með 4% vöxtum og afborgist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni og má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyrarkaupstaður ábyrgist það, er um fram er. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Til byggingar stórskipabryggju í Stykkishólmi má veita lán úr landssjóði alt að 10,000 kr., gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar í Stykkishólmshreppi og »Framfarasjóðs Stykkishólms«. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og afborgist svo með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Nd. **525. Tillaga**

til þingsályktunar um læknahéraðaskipunina.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ráðherra Íslands að hlutast til um, að læknahéraðaskipunin hér á landi verði endurskoðuð, og að fyrir Alþingi 1907 verði lagt frumvarp um breyting á henni, með sérstöku tilliti til óska þeirra, er hornar hafa verið fram á þinginu í sumar um breytingar í þessu efni.

Nd. **526. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Neðri deild 22. Ágúst (sbr. þingskjal 120).

Með skírskotun til þess, að í feinginni reynslu við síðustu ráðaneytisskipti í Danmörku og í kveðju konungs til Alþingis í sumar felst full viðurkenn-

ing um þingræði og um sérstöðu ráðherra Íslands, og með þeirri yfirlýsingu, að ráðherrann ber að sjálfsögðu fulla stjórnskipulega ábyrgð fyrir Alþingi á útnefningu sinni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **527. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Flutningsmenn: Ág. Flygenring, Þorgr. Þórðarson og Valtýr Guðmundsson.

Við 12. gr. B. 6. Á eptir þessum lið komi nýr liður, sem verður liður 7, svo hljóðandi:

til sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa 2500—2500.

Fjárveiting þessi veitist með því skilyrði, að jafnmiklu fé sé að minsta kosti varið til vegarins annarsstaðar frá.

Ed. **528. Frumvarp**

til laga um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

(Eptir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Af andvirði embættisjarðanna Arnarhóls, að meðtöldu verði hinnar svo nefndu Klapparlóðar, sem seld er samkvæmt lögum nr. 38, 6. Nóv. 1902, og Örfiriseyjar, skal stofna sjóð, er nefnist Byggingarsjóður Íslands. Sjóði þessum skal varið til opinberra bygginga eptir því, sem nánar er tiltekið í lögum þessum, og síðar verður ákveðið með lögum.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja Örfirisey fyrir að minsta kosti 6000 krónur. Enn fremur veitist honum heimild til að selja Arnarhólslóðina alla, að undanskildum bletti þeim, sem nú fylgir stjórnarráðshúsinu, og spildu milli Hverfisgötu og væntanlegs framhalds af Lindargötu, sem ætluð er fyrir opinberar byggingar. Arnarhólslóðina má selja þeim, er kaups beiðast, í stærri eða minni pörtum, til byggingarlóða og annara afnota, fyrir eigi minna en 5 kr. fyrir ferhyrningsalin, en þó eigi lægra en 2 dómkvaddir menn meta í hvert skipti, er kaupa er beiðzt.

3. gr.

Til byggingarsjóðs greiðir landsbanki Íslands 7500 krónur á ári, um leið og hann greiðir landssjóði hundraðsgjald það af seðlaskuld sinni, sem ákveðið er í lögum um stofnun landsbankans 18. Sept. 1885 og lögum frá 12. Jan. 1900 um breyting á þeim lögum.

4. gr.

Byggingarsjóðurinn stendur beint undir landstjórninni. Gjaldkeri landssjóðs er galdkeri sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum Alþingis.

5. gr.

Veita má byggingarsjóði lán úr viðlagasjóði til að standast kostnað við

byggingar, sem lagaheimild er fyrir, að byggingarsjóður leggi fram fé til. Lánið skal ávaxtað með 2½ af hundraði á ári, og endurborgist jafnóðum og sjóðnum greiðist andvirði fasteigna þeirra, sem um ræðir í 2. gr.

6. gr.

Stjórnarráðinu veitist heimild til:

1. Að láta reisa bókasafnsbyggingu úr steini eða steinsteypu. Hún skal vera þannig bygð, að auka megi við hana síðar eptir þörfum, en í bráð skal hún rúma landsbókasafnið og landsskjalasafnið eins og þau nú eru ásamt viðauka þeim, er ætla má, að þau fái næstu 50—60 ár. Skal haga svo til, að fyrst um sinn geti orðið geymd þar einnig hin önnur söfn landsins, eptir því sem rúm leyfir. Til byggingar þessarar má verja alt að 160 þúsund krónum.
2. Að breyta húsrými því, er losnar við brottfærslu safnanna úr þinghúsinu, til afnota fyrir Alþingi, til útbúnaðar risnuherbergja og að leggja miðstöðvarhitun í húsið, má verja til þess alt að 50000 kr.

Stjórnarráðið samþykkir uppdrætti, er fylgja skal við byggingar þessar, og gerir alla samninga, er að byggingunni lúta. Samningar skulu lagðir fyrir næsta Alþingi til athugunar.

Ed. **529. Nefndarálit**

um frumv. til laga um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands.

Nefndin leggur til að hin háttv. deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi 22. Ágúst 1905.

Ágúst Flygenring, formaður.	Valtýr Guðmundsson, skrifari og framsögum.	Jón Ólafsson.

Nd. **530. Breytingartillaga**

við frumv. til fátækralaga.

Flutningsm.: Ólafur Ólafsson. Skúli Thoroddsen. Björn Bjarnarson. Jón Jónsson. Eggert Pálsson. Hannes Þorsteinsson.

1. Við 32. gr. Í stað »10 ára« komi: 5 ára.
2. Á eptir 44. gr. bætist ný 45. gr. svo hljóðandi:

Þeir, sem hafa unnið sér sveit hér á landi áður en lög þessi koma í gildi, halda þeirri sveit, þangað til þeir hafa unnið sér sveit eptir þessum lögum. Að öðru leyti fer um sveitfesti manna svo sem segir í lögum þessum frá þeim degi er þau öðlast gildi. — Þó skulu þeir, er dvalið hafa síðustu 5 árin eða fleiri áður en lögin koma í gildi í hinni sömu sveit löglegri sveitfestisdvöl, vinna þar sveit ef dvölinni er framhaldið um næstu 2 ár, eða til þess 10 ára dvöl er fullnuð, ef það verður á þessum 2 ára tíma. Hafi dvölin verið skemri en 5 ár áður en lögin náðu gildi, þarf 3 ára framhaldsdvöl í hinni sömu sveit eptir það er lögin náðu gildi, þó þannig að hin samanlagða dvöl sé að minsta kosti 5 ár.

Ed.
til sveitastjórnarlaga.

531. Frumvarp

(Eptir 2. umr. í Ed.)

I. kafli.

Umdæmi.

1. gr.

Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru; sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.

2. gr.

Sýslum má eigi fækka né fjölga, né heldur breyta takmörkum þeirra, nema með sérstökum lögum.

3. gr.

Stjórnarráðið hefir heimild til að skipta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum. Eigi má neina slíka breyting gera, nema eptir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefndar, nema þegar svo stendur á sem segir í 4. gr.

4. gr.

Nú hefir kauptún eða þorp 300 íbúa eða fleiri, og hefir það þá rétt til að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur út af fyrir sig með þeim ummerkjum, er stjórnarráðið ákveður eptir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Stjórnarráðið kveður á sama hátt á um fjárskipti og skulda með hinu nýja hreppsfélagi og hinum hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiptingu þessa farið eptir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefir verið skipt 5 árin næstu á undan, nema að samkomulag fáist.

II. kafli.

Stjórn.

5. gr.

Stjórn sveitamálefna í hreppi hverjum skal á hendi hafa hreppsnefnd og í sýslu hverri sýslunefnd.

A. Hreppsnefndir.

a. Skipun hreppsnefnda.

6. gr.

Tala hreppsnefndarmanna í hverjum hreppi skal vera söm og verið hefir. En tölu þeirri má sýslunefnd breyta, ef hreppsnefnd fer þess á leit. Þó skal tala nefndarmanna jafnan standa á stöku.

7. gr.

Nú er hreppi skipt í 2 hreppa, og ákveður þá stjórnarráðið eptir tillögum sýlsunefndar, hve margir menn skuli vera í hreppsnefnd hvors hinna nýju hreppa.

8. gr.

Kosningarrétt og kjörgeingi til hreppsnefndar á hver karlmaður í hreppnum, sem er í löglegri stöðu og ekki öðrum háður sem hjú, svo og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er standa fyrir búi eða á annan hátt eiga með sig sjálfar í löglegri stöðu. Einginn hefir þó þennan rétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, sé fullra 25 ára að aldri, hafifult ár á undan kosningunni átt lögheimili í hreppnum, og goldið til hans þarfa,sé fjár síns ráðandi og standi eigi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

9. gr.

Foreldrar og börn þeirra mega ekki sitja saman í senn í hreppsnefnd, eigi heldur móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra.

10. gr.

Kjörtímabil hreppsnefndarmanns er 6 ár, þó með þeim nánari takmörkunum, er segir í 11.—13. gr.

11. gr.

Í Júnímánuði, hinum næsta eptir að lög þessi fá gildi, skal kjósa hreppsnefnd í öllum hreppum á landinu, fulla tölu hreppsnefndarmanna í hverjum hreppi eptir 6. gr. Gömlu hreppsnefndinar fara jafnframt frá, en endurkjósa má þá menn, er í þeim sátu, sbr. 14. gr. Úr hreppsnefnd þeirri, er þá verður kosin í hreppi hverjum, geingur eptir hlutkesti meiri hluti hennar (2 af 3, 3 af 5) eptir 3 ár, í Júnímánuði; en minni hlutinn (1 af 3, 2 af 5) eptir 6 ár, í Júnímánuði. Í stað þeirra nefndarmanna, er úr nefndinni ganga í hvort skipti, skal þegar kjósa jafnmarga menn í hana til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan meiri og minni hluti hverrar hreppsnefndar frá á víxl með 3 ára millibili.

12. gr.

Ef hreppi er skipt í tvo hreppa, þá skal þegar kjósa í hvorum þeirra nýja hreppsnefnd, og má sú kosning framfara á öðrum tíma en í Júnímánuði. En meiri eða minni hluti þeirra nefnda skal úr ganga í fyrsta skipti samtímis því, sem meiri eða minni hluti annara hreppsnefnda geingur úr samkvæmt 11. gr. En síðan fer um úrgöngu hreppsnefndarmanna í hinum nýju hreppum og kosning í þeirra stað svo sem segir í 11. gr.

13. gr.

Ef hreppsnefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal kjósa þegar mann í nefndina í stað hans til þess tíma að eins, er eptir var af kjörtíma hans. Slík aukakosning getur farið fram, hve nær sem nauðsyn krefur.

14. gr.

Mann, sem geingur úr hreppsnefnd má endurkjósa svo opt sem vill. Þó er einginn, sem hefur verið 6 ár eða lengur í hreppsnefnd, skyldur til að taka móti kosningu af nýju í sömu nefnd fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann hefur verið í henni samfleytt síðast.

Sextugur maður er eigi skyldur til að taka móti kosningu í hreppsnefnd; eigi heldur kona, þótt yngri sé.

Nú er kosinn í hreppsnefnd maður, sem reyndar er eigi orðinn sext-

ugur, en verður það þó innan 6 ára frá kjördegi, og er honum þá heimilt að segja sig úr nefndinni, er hann er orðinn fullra 60 ára.

15. gr.

Í hreppi hverjum stendur *kjörstjórn* fyrir hreppsnefndarkosningu. Í kjörstjórninni er oddviti hreppsnefndarinnar og með honum tveir aðrir nefndarmenn, er hreppsnefndin kýs, þar sem nefndarmenn eru fleiri en 3. En þar sem þeir eru að eins 3, eru þeir allir í kjörstjórninni. Oddviti er formaður kjörstjórnar.

Nú er nýr hreppur myndaður, og tilnefnir þá sýslumaður formann fyrstu kjörstjórnar þar og 2 menn með honum. Síðan fer um kjörstjórn þar eptir því, sem áður segir í grein þessari.

16. gr.

Kjörstjórnin býr til fyrir 15. April ár hvert kjörskrá yfir þá menn í hreppnum, er kosningarrétt hafa, og skulu nöfn þeirra rituð eptir stafrófsröð, ásamt heimili, stétt og aldri í sérstökum dálkum. Skráin á að liggja hreppsbúum til sýnis í 3 vikur á hentugum stað, og skal auglýsa áður með 14 daga fyrirvara, hvar og hve nær hún verði lögð fram. Aðfinningar við hana verða að koma til kjörstjórnar fyrir kjörfundinn og leggur hún úrskurð á þær áður en til kosninga er geingið.

17. gr.

Dag og stund, þá er kosning skuli fram fara, á kjörstjórnin að auglýsa með þingboði um hreppinn svo snemma, að það verði kunnugt á hverju heimili í honum að minsta kosti 3 nóttum fyrir kjörfund.

18. gr.

Kosningar fara fram eptir kjörskránni í heyranda hljóði. Hver sem vill neyta kosningarréttar síns, verður sjálfur að koma á kjörfund og skýra munnlega frá, hvern hann kjósi eða hverja. Kjörstjórnin ritar atkvæðin jafnóðum í kjörbók. Þá er allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á að greiða atkvæði sín og atkvæði öll eru bókuð, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyrr en að minsta kosti klukkustund er liðin frá því, er hún hófst. Formaður kjörstjórnar les þá greinilega upp öll atkvæði, sem greidd eru, en hinir í kjörstjórninni rita þau upp og telja saman. Þeir, sem flest atkvæði hafa feingið, eru rétt kjörnir hreppsnefndarmenn. Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

19. gr.

Skorist einhver sá, er kosning hefir hlotið, undan því að taka móti henni, sker kjörstjórnin úr, hvort undanfærsla hans verði tekin til greina. Ef hún er tekin gild, er kosinn annar maður í stað hans. Að öðrum kosti má sá, er kosinn er, bera undanfærslu sína undir sýslunefndina, sem getur felt úrskurð kjörstjórnar úr gildi og þá látið kjósa hreppsnefndarmann í stað hins.

20. gr.

Kjörstjórn skal jafnan skýra sýslumanni frá, hvernig kosning hafi farið.

21. gr.

Ef einhver vill kæra yfir kosningargerð eða úrskurði kjörstjórnar, skal hann senda formanni kjörstjórnarinnar kæru sína skriflega innan 8 daga

frá því, er úrskurðurinn var uppkveðinn, eða kosningargerð lokið. Komi kæran síðar fram, skal eigi sinna henni. Þyki kjörstjórninni kæra, sem komið hefur í tæka tíð, vera á rökum byggð, getur hún breytt úrskurði sínum, og, ef ástæða er til, efnt þegar til nýrra kosninga. Að öðrum kosti sendir kjörstjórnin sýslunefndinni þegar kæruna með áliti sínu og leggur sýslunefndin úrskurð á málið.

22. gr.

Ef hreppsnefndarmaður missir kosningarrétt og kjörgeingi, víkur hann úr nefndinni. Missi hann réttindi þessi að eins um hríð, má víkja honum um stundar sakir frá nefndarstörfum. Hinir hreppsnefndarmennirnir skera úr ágreiningi, er rís af slíkum atvikum, og einnig af því, er hreppsnefndarmaður brýtur svo mjög móti skyldum sínum, að nauðsynlegt þykir að víkja honum úr nefndinni. Heimilt er honum að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslunefndar.

23. gr.

Nú vill hreppsnefndarmaður fá lausn úr nefndinni áður en liðinn er tími sá, er hann var kosinn fyrir, og má þá hreppsnefndin veita honum hana. Ef hreppsnefndin synjar honum, getur hann snúið sér til sýslunefndarinnar, og má hún veita honum lausn, ef ástæða er til.

24. gr.

Þegar hreppsnefnd er kosin, hvort heldur öll, eða meiri eða minni hluti (deild) hennar, skal elzti nefndarmaðurinn kveðja alla nefndarmennina á fund, til að kjósa *oddvita*. Kjörtími oddvita er jafnan til næstu almennra hreppsnefndarkosninga (deilda kosninga). Ef oddviti deyr, eða geingur úr nefndinni áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa oddvita í stað hans fyrir það, sem eptir er af oddvitakjörtímanum.

Elzti nefndarmaður stjórnar jafnan oddvitakosningu.

Hver nefndarmaður er skyldur til að taka á móti kosningu til að verða oddviti, eða til að framkvæma önnur sérstök störf, er nefndin felur honum á hendur. Þó getur sá, sem verið hefir oddviti í 3 ár eða leingur, eða haft önnur sérstök störf á hendi fyrir nefndina, skorast undan kosningu til þess starfs um jafnlangan tíma og hann hefir verið oddviti þeirrar nefndar, eða haft starfið á hendi.

Hreppsnefnd hver skal kjósa *varaoddvita*, til að gegna störfum oddvita í forföllum hans. Kjörtími varaoddvita er sami og kjörtími oddvita. Enginn nefndarmaður getur skorast undan þeirri kosningu. Oddviti stjórnar kosningu varaoddvita.

Sá er rétt kosinn oddviti eða varaoddviti, er feingið hefir meira en helming þeirra atkvæða, er viðstaddir hreppsnefndarmenn hafa greitt. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa af nýju. Fái þá eigi heldur neinn yfir helming atkvæða, skal fara fram bundin kosning milli þeirra tveggja, er við kosninguna á undan feingu flest atkvæði. Ef atkvæði eru jöfn við síðari óbundnu kosninguna, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli velja, er bundna kosningin fer fram. Sömuleiðis ræður hlutkesti, ef atkvæði eru jöfn við hana.

Hinn nýkosni oddviti tilkynnir þegar sýslumanni kosning oddvita og varaoddvita.

25. gr.

Oddviti kveður nefndarmenn til fundar, stjórnar umræðum og sér um

að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar séu rétt og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sér um að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir, og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Hreppsnefndin getur þó falið hverjum nefndarmanni, sem hún vill, á hendur einhver ákveðin störf (sbr. 24. gr.), t. d. að sjá um gjaldheimtu, fjallskil, annast bréfagerð um einstök mál, eða einhverjar greinir mála og annað, er að þeim lýtur o. s. frv. Að öðru leyti annast oddviti um alt slíkt.

Í forföllum oddvita á varaoddviti að annast hlutverk hans að öllu leyti (24. gr.).

26. gr.

Hreppsnefndin skal halda að minsta kosti 2 nefndarfundi ár hvert, í Aprílmánuði eða Maímánuði og Októbermánuði, og auk þess svo opt sem oddvita þykir þörf á, eða þegar að minsta kosti helmingur nefndarmanna krefst þess.

Fundarstað ákveður nefndin, ef hún vill. Að öðrum kosti ræður oddviti honum, og hann ákveður fundardag og stund.

27. gr.

Hreppsnefnd getur einga ályktun gert, nema meira en helmingur hennar sé viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita. Sé um einhverja kosning að ræða, og 2 nefndarmenn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti. Þó fer um kosning oddvita og varaoddvita eptir 24. gr.

Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, getur heimtað, að ágreiningsálit hans verði ritað með fám orðum í gerðabókina. Allir nefndarmenn, sem eru viðstaddir, rita nöfn sín undir hana.

b. Verksvið hreppsnefnda og laun.

28. gr.

Hreppsnefnd stjórnar fátækramálum í hreppi sínum samkvæmt fátækralögum undir yfirstjórn sýslunefndar.

Fela má hreppsnefnd einum manni eða tveimur úr sínum flokki að hafa sérstaka umsjón með framfærslu þurfalinga hreppsins og að annast störf, er að því lúta (24. og 25. gr.)

29. gr.

Hreppsnefnd hefir umsjón yfir þinghúsi hreppsins og öllum fasteignum, sem hann á eða hefir not af (t. d. Kristfjárjörðum), og á hún að sjá um, að þetta sé haft í góðu lagi. Hún annast um að landamerki afréttar hreppsins og jarða hans séu ákveðin og jafnan glögg.

30. gr.

Hreppsnefnd á að sjá um notkun afrétta hreppsins og um fjallskil og réttir, smalanir afrétta og heimalanda á haustum til fjárskila, og á vorum til rúningar og fráfærna og gera ráðstafanir til að eyða refum, alt eptir því sem reglugerðir um fjallskil, refaveiðar o. s. frv. nánara ákveða.

31. gr.

Hreppsnefnd á að hvetja hreppsbúa til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fénaði sínum, þeim er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sér með því að láta fénað sinn verða horaðan eða horfalla. Hún ákveður ár hvert, hvenær almenn skoðun á búfénaði og fóðurbirgðum skuli framfara.

32. gr.

Hreppsnefnd er skylt að leitast við að koma í veg fyrir flakk og húsgang, og hún á eptir mætti að stuðla að því, að góð regla haldist í sveitinni.

33. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til án milligaungu sýslumanns að halda undirboðsþing á vegastörfum og viðhaldi á þinghúsi og enn fremur á því að fá til verk og varning í þarfir sveitarinnar.

34. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sérstaka sveit, til lykta ráðið, fyrr en álits hreppsnefndar þar hefir verið leitað um það. Hreppsnefnd má einnig að fyrra bragði senda stjórnarráðinu tillögur um hvað eina, er verða má sveitinni til gagns, eða miðar til að afstýra tjóni eða hallæri.

35. gr.

Reikningsár hrepps er fardagaárið.

36. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju í Októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti sem fátækratíundin og aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldunum, jafna niður eptir efnum og ástæðum sem *aukaútsvari* því, sem vantar, á alla þá, er eiga lögheimili í hreppnum, eða hafa fast aðsetur í honum. Þeir skulu greiða þar fult gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarstaðar; sé svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í hreppnum. Fast aðsetur í hreppnum skemri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina. Sömuleiðis má leggja útsvar á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er séu rekin að minsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra hafi eigi haft þar fast aðsetur.

Á hvalveiði og síldarveiði með nót svo og á laxveiðiafnot utanhreppsmanna má leggja aukaútsvar, þótt fyrirtæki þessi eða atvinna sé rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu. Sömuleiðis má leggja aukaútsvar á ábúð á jörð eða jarðarhluta og leiguliðaafnot af jörðu, þótt engin ábúð fylgi, og þótt rekin séu skemur en 4 mánuði gjaldársins og þótt leiguliði eða notandi eigi heimili annarstaðar.

Einnig má leggja aukaútsvar á kaupfélög og pöntunarfélög, ef þau hafa leyst borgarabréf, hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði í söludeild félagsins. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástæðum svo sem hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sé haft til annara tekna eða eigna þess, er í hlut á.

37. gr.

Nú stundar aðkomumaður bátfiski á firði eða flóa, á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama hrepps eða sömu hreppa samtals 4 vikur eða leingur sömu missiri, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna á hann hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn. Útsvarinu skal formaður lokið hafa fyrir skip sitt áður en hann fer á brott. Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum sveitarfélögum við þann fjörð eða flóa, sem útræðið er við, ef útsvar er á þá lagt í sveitarfélagi sjálfra þeirra.

Sá, sem útsvar er á lagt eptir þessari grein, getur kært það skriflega fyrir hreppsnefnd, er tekur kæruna til meðferðar og úrskurðar hana, sé hún komin til nefndarinnar innan frests, sem hún telur hæfilegan eptir því sem á stendur í hvert skipti. Nú er gjaldþegn ekki ánægður með úrskurð hreppsnefndar, og má hann þá skjóta kærumáli sínu undir úrskurð sýslunefndar, og skal sýslunefndin leggja á það fullnaðarúrskurð, ef hún telur áfrýjun á úrskurði hreppsnefndar fram koma á hæfilegum fresti; að öðrum kosti skal kærunni ekki sint.

38. gr.

Aukaútsvörum, öðrum en þeim, er talað er um í 37. og 41 gr. jafnar hreppsnefnd niður í Októbermánuði ár hvert fyrir reikningsár það, er þá stendur yfir. Hún gerir nákvæma skrá yfir niðurjöfnunina. Niðurjöfnunarskráin skal liggja hreppsbúum til sýnis 4 vikur frá því, er niðurjöfnun er lokið, á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað. Framlagning hennar skal áður auglýst um hreppinn.

39. gr.

Heimilt er hverjum þeim, er aukaútsvari er jafnað á samkvæmt 38. gr., að bera upp aðfinningar um það, hvernig útsvörunum er jafnað á aðra eða sjálfan hann, eða að einhverjum hafi ranglega verið slept. Sá, er koma vill fram með slíkar aðfinningar, skal gera það bréflega við oddvita áður en liðinn er tími sá, er niðurjöfnunarskráin á að liggja til sýnis. Komi kæran seinna en svo til oddvita, skal hreppsnefnd eigi skylt að taka hana til greina. Nú kemur útsvarskæra til oddvita í tæka tíð, og skal hann þá, að kærufrestinum liðnum, svo fljótt sem auðið er kveðja hreppsnefndina á fund og boða á fundinn bæði kæranda, og þann eða þá gjaldendur, er kært er yfir, og gefa þeim kost á að láta uppi álit sitt og skýringar um málið. Án þess að þeir eigi kost á þessu má hreppsnefnd eigi úrskurða um neina útsvarskæru. En láta mega þeir skriflega uppi álit sitt og þurfa ekki að mæta á fundinum, nema þeir vilji. Hreppsnefndin leggur svo úrskurð sinn á kæruna þá þegar á fundinum, nema henni þyki nauðsynlegt að fresta því, til að fá upplýsingar málinu til skýringar, en þá svo fljótt sem verða má. Eptirrit af úrskurði sínum sendir hún kæranda.

40. gr.

Úrskurði hreppsnefndar um útsvarskæruna getur kærandi eða sá, er útsvar er hækkað á eptir kæru annars, skotið til sýslunefndar, og skal hann þá gera það skriflega innan 8 vikna frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Komi málskot hans seinna en svo til oddvita sýslunefndarinnar, skal það ekki tekið til greina.

Þá er oddvita sýslunefndarinnar hefir verið send útsvarskæra, skal hann leggja hana fyrir næsta sýslunefndarfund og kveður nefndin upp úrskurð

sinn um hana á þeim sama fundi, nema nauðsynlegt þyki að fresta því til þess að útvega nákæmari skýrslur um málið, en þá svo fljótt sem auðið er.

41. gr.

Nú atvikast svo, að maður verður eitthvert ár útsvarsskyldur í hreppi samkvæmt 36. gr., en eigi fyrr en eptir hina almennu útsvaraniðurjöfnun, og er þá hreppsnefnd heimilt að leggja útsvar á þann mann, þótt seinna sé á árinu, en tilkynna skal nefndin honum það innan 8 daga frá því, er útsvar var á hann lagt.

Heimilt er hverjum þeim, er lagt er á útsvar eptir þessari grein, að kæra útsvar sitt, og skal þá útsvarskæran komin til oddvita hreppsnefndar innan 3 vikna frá því, er útsvarinu var jafnað niður. Að öðru leyti fer um úrskurðun útsvarskæru þessarar og áfrýjun svo sem segir fyrir um í 39. og 40. gr.

42. gr.

Eindagi á aukaútsvörum, sem jafnað er niður eptir 38. gr., er 31. December næst á eptir niðurjöfnuninni. Eindagi á útsvörum, sem jafnað er á eptir 41. gr., er sá, er hreppsnefnd ákveður. Um eindaga á þeim útsvörum, er lögð eru á eptir 37. gr., fer eptir því, sem fyrir er mælt í þeirri grein.

Enginn sá, er sveitarútsvar er lagt á, getur komizt hjá að greiða það á eindaga, þótt hann hafi kært yfir útsvarsupphæðinni og lagt það mál undir úrskurð sýslunefndarinnar. Ef sýslunefndin lækkar útsvarið, skal endurgjalda gjaldþegni af sveitarsjóði það, er hann hafði greitt fram yfir upphæð þá, er sýslunefndin gerði honum að greiða.

43. gr.

Sveitarútsvör má taka lögtaki.

44. gr.

Hreppsnefnd getur heimtað, að gjaldandi hver greiði aukaútsvar sitt í peningum.

45. gr.

Tekjur sveitarsjóðs eru:

1. Tíundir af fasteign og lausafé.
2. Aukaútsvör.
3. Afgjöld af fasteignum hrepps og upprekstrargjald.
4. Vextir af innstæðufé og leigufé.
5. Hundaskattur.
6. Endurgjald á veittum sveitarstyrk frá þurfalingi sjálfum eða ættingjum hans.
7. Frá öðrum hreppum:
   a. endurgjald á veittum þurfamannastyrk;
   b. endurgjald fyrir önnur viðskipti.
8. Fimmtungur af alskonar fiski, sem veiddur er á opnum bátum á helgum dögum.
9. Óskilafjárverð.
10. Sektir eptir sættum eða dómum.
11. Gjald af síldarveiði og upsa með nót.
12. Gjafir eða aðrar óvæntar tekjur.

46. gr.

Hreppsnefndin skal halda saman Stjórnartíðindum þeim, er henni eru send, ganga eptir, ef í þau vantar, láta binda þau inn og geyma þau vel. Kostnaður við það greiðist úr sveitarsjóði.

47. gr.

Útgjöld til skriffæra, bréfasendinga og sendiferða í þarfir hreppsins skal endurgjalda oddvita eptir reikningi.

Alt það, sem oddviti á að fá úr hreppssjóði, skulu hinir hreppsnefndarmennirnir ávísa honum skriflega.

48. gr.

Oddviti skal hafa að launum um árið 2 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Þó mega laun hans eigi nema meira en 140 kr. og ekki minna en 40 kr. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

49. gr.

Hreppsnefnd hver heldur þessar bækur:

1. *Sveitarbók.* Í hana skal rita:
   a. skýrslu um það, er gerist á nefndarfundum, mál þau, er nefndin tekur fyrir, og ályktanir um þau.
   b. ársreikninga hreppsins með athugasemdum endurskoðanda, svörum reikningshaldara og úrskurðum sýslunefndar; enn fremur aðra reikninga hreppsins, svo og niðurjöfnunarskrár, og um ráðstöfun ómaga og meðlag með þeim, þurfamannastyrk, og annað, er að þessu lýtur, og allar skýrslur.
2. *Bréfabók,* sem rita skal í orðrétt þau bréf, er nefndin (oddvitinn) ritar öðrum.
3. *Kassabók,* sem rita skal í allar peningaupphæðir, sem sveitarsjóður fær eða geldur út.
4. *Dagbók* yfir innkomin bréf eptir fyrirmynd, er sýslunefnd býr til.
5. *Kjörbók* til að rita í atkvæði til hreppsnefndarkosningar.

Bækur þessar skulu vera löggiltar af sýslumanni, og rannsakar hann þær árlega. Andvirði þeirra greiðist úr sveitarsjóði.

50. gr.

Fyrir 15. Októbermánaðar ár hvert skal reikningshaldari gera reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins næstliðið fardagaár, og skal hann gerður eptir fyrirmynd er stjórnarráðið býr til.

Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn. En auk þess kýs hún í hvert skipti einhvern innsveitarmann annaðhvort úr hreppsnefndinni eða utan hennar, til að yfirskoða hann. Undan þeirri kosningu getur enginn skorazt, sá er hefir kosningarrétt og kjörgeingi til hreppsnefndar.

Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir lok Októbermánaðar, og skal yfirskoðun hans lokið fyrir 10. Nóvembermánaðar. Síðan skal reikningurinn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara, og svörum reikningshaldara liggja hreppsbúum til sýnis á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað frá 14. Nóvembermánaðar, að þeim degi meðtöldum, mánuðinn út. Framlagningin skal auglýst áður um hreppinn. Fyrir 7. Decembermánaðar næst á eptir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með fylgiskjölum, athuga-

semdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 69. gr.

Öll hreppsnefndin hefir ábyrgð á því, að reikningurinn sé réttur. Hún ábyrgist einnig innstæðufé, skuldabréf og aðrar eigur hreppsins.

51. gr.

Án samþykkis nefndarinnar má eigi borga nein útgjöld af sveitarsjóði, nema þau, sem ákveðin eru í lögum, eða sýslunefndin hefir samþykt.

52. gr.

Að því er snertir ungmennafræðslu, heilbrigðismál, vegi, alþýðustyrktarsjóð, skattamál, verðlagsskrár, húsmenskuleyfi, þurrabúðarleyfi, áfeingissöluleyfi, nýbýlisleyfi, alþingiskosningar, fjárkláðaútrýming og annað, er hreppinn varðar, og eigi er sérstaklega talið í lögum þessum, hefir hreppsnefnd það hlutverk, er lög á kveða.

53. gr.

Samþykki sýslunefndarinnar útheimtist til þess að ályktun hreppsnefndarinnar sé gild í þessum greinum:

1. til þess að hækka á ári því, sem yfir stendur, upphæðir þær, sem eru á niðurjöfnunarskránni.
2. til þess að sveitin takist á hendur nokkra skuldbinding til langframa, er eigi hvílir beinlínis á henni samkvæmt lögum.
3. til þess að nokkuð verði borgað úr sveitarsjóðnum fyrir aðstoð við sveitarstjórnarstörf, sem einhverjum ber að leysa af hendi, af því að hann er kjörinn til þess, að launum oddvita undanteknum (48. gr.)
4. til þess að á nokkru ári verði að samtöldu lögð á hreppsbúa meiri útgjöld en svo, að nemi þriðjungi fram yfir útgjaldaupphæð sama hrepps að meðaltölu um næstu þrjú ár á undan. Upphæð sú, sem eitthvert ár kann að verða lögð á með samþykki sýslunefndarinnar, má eigi teljast með, þegar síðar meir á að finna áðurgreinda meðaltalsupphæð.
5. til þess að selja megi eða veðsetja fasteignir sveitarinnar, eða til að kaupa nýjar fasteignir handa henni.
6. til þess að eyða innstæðufé sveitarinnar.
7. til þess að taka lán handa sveitinni, sem nema meira eða sé fyrir leingri tíma en að það verði borgað aptur fyrir lok næsta reikningsárs, eða endurnýja slíkt lán, eða leingja þann tíma, er á að borga það aptur.

Nú synjar sýslunefnd um samþykki sitt til einhverrar þeirrar ráðstöfunar, sem getur um í þessari grein, og er þá hreppsnefnd rétt að bera málið á lögmætum sveitarfundi undir atkvæði allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, og fallist þá $^3/_4$ gjaldenda á ráðstöfunina, skal hún gild án samþykkis sýslunefndar. Það er lögmætur sveitarfundur, er hreppsnefnd kveður til með skriflegu fundarboði og að minsta kosti 8 daga fyrirvara, enda sé þar tiltekið hver aðalmál komi til umræðu og atkvæða á fundinum.

54. gr.

Ef sýslumaður kemst að því, að einhver ályktun hreppsnefndarinnar fer fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða er að öðru leyti lögum gagnstæð, eða miðar til að gera einhverja ráðstöfun, sem sveitin getur haft tjón af, eða skorast undan að gegna þeirri skyldu, er á sveitinni hvílir, getur hann

með bréfi til oddvita hreppsnefndarinnar ónýtt ályktunina fyrst um sinn, ef eigi er enn búið að framkvæma hana. Síðan leggur hann málið fyrir næsta sýslunefndarfund, sem kveður upp fullnaðarúrskurð um það.

B. Sýslunefndir.

a. Skipun sýslunefnda.

55. gr.

Í sýslunefnd hverri skal vera einn kjörinn maður úr hverjum hreppi sýslufélagsins auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar.

Í Vestmanneyjasýslu er sýslumaðurinn, sóknarpresturinn og þrír kjörnir menn í nefndinni.

56. gr.

Hver hreppur er kjördæmi út af fyrir sig og kýs einn mann í sýslunefnd, nema Vestmannaeyjahreppur, er kýs þrjá. Kosningin fer fram á manntalsþingi með óbundinni atkvæðagreiðslu, er kjörstjórnin skipar fyrir um. Í kjörstjórninni er sýslumaður, sem er formaður, og 2 menn aðrir, er sýslunefnd kýs.

57. gr.

Um kosningarrétt og kjörgeingi til sýslunefndar og um það, hvernig haga skuli kosningunni, gildir að öðru leyti hið sama, sem fyrir er mælt í þessu efni að framan um hreppsnefndirnar. Sömuleiðis skal farið eptir hreppsnefndarkjörskránum, þegar kjósa á í sýslunefndirnar (sbr. 8., 16. og 18.—19.gr.).

58. gr.

Sýslunefndin sker úr mótmælum gegn lögmæti kosningar. En til þess að þeim verði gaumur gefinn, skal bera þau upp bréflega fyrir oddvita nefndarinnar innan 14 daga frá því er kosningargerðinni er lokið. Sýslunefndin sker einnig úr málum, er rísa af því, að einhver beiðist þess að mega ganga úr nefndinni, og eins þá er spurning er um að víkja einhverjum úr henni. Um úrgaungu eða brottvísun sýslunefndarmanna úr sýslunefnd fari að sínu leyti eins og um úrgaungu eða brottvísun hreppsnefndarmanna úr hreppsnefnd, (sjá 22. gr.). Heimilt er þeim, er vikið er úr sýslunefnd, að skjóta úrskurði sýslunefndar um það til stjórnarráðsins.

59. gr.

Í hreppi hverjum skal kjósa varasýslunefndarmann og gilda sömu reglur við kosning hans, sem við kosning sýslunefndarmanns.

Nú er sýslunefndarmaður forfallaður frá að mæta á sýslufundi, og skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt sýslufund.

Varasýslunefndarmaður hefir sömu réttindi og skyldur sem sýslunefndarmaður.

60. gr.

Sýslunefndarmenn skal kjósa fyrir 6 ár, þó með þeim nánari takmörkunum, er segir í 61.—62. og 64. gr.

61. gr.

Á manntalsþingum hinum næstu eptir að lög þessi fá gildi skal í öll-

um hreppum á landinu kjósa sýslunefndarmann (í Vestmannaeyjahreppi þrjá) og varasýslunefndarmann. Gömlu sýslunefndarmennirnir og varsýslunefndarmennirnir fara jafnframt frá, en þá má endurkjósa. Af sýslunefndarmönnum og varasýslunefndarmönnum þeim, er þá verða kosnir í hverja sýslunefnd, geingur eptir hlutkesti milli hreppa meiri hlutinn, ef tala hreppa í sýslu stendur á stöku (3 af 5, 4 af 7, 5 af 9 o. s. frv.), en ella helmingur, úr sýslunefndinni sama ár, sem meiri hluti hreppsnefnda á eptir 11. gr. að ganga úr hreppsnefndum og minni hluti sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna í hverri sýslu eða annar helmingur geingur svo úr 3 árum seinna. Í stað þeirra sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna, er úr nefndinni ganga í hvort skipti, skal á manntalsþingum sama ár kjósa jafnmarga menn til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan meiri og minni hluti eða helmingur hverrar kosinnar sýslunefndar frá á víxl með 3 ára millibili.

62. gr.

Ef sýslunefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal á næsta manntalsþingi kjósa mann í nefndina í stað hans, að eins til þess tíma, er eptir var af kjörtíma hans. Sama er um varasýslunefndarmann.

63. gr.

Um endurkosning og um rétt manns til að skorast undan að taka við kosningu í sýslunefnd skal fara eptir fyrirmælum 14. gr., og á það jafnt við um varasýslunefndarmann sem sýslunefndarmann.

64. gr.

Nú er hreppi skipt í tvo hreppa, og geingur þá sýslunefndarmaður hans þegar úr nefndinni og sömuleiðis varasýslunefndarmaður. Á næstu manntalsþingum á eptir skal í hvorum þessara hreppa kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann, og ganga þeir úr nefndinni eptir nánari ákvörðun sýslunefndarinnar þannig, að fylgt sé reglunum í 61. gr.

65. gr.

Sýslunefndin skal eiga að minsta kosti einn fund á ári eptir því sem oddviti ákveður nákvæmar. Auk þess má hann kveðja til aukafundar, þegar honum þykir þess þörf, og hann er skyldur til þess, ef helmingur nefndarmanna heimtar það. Nefndin ræður fundarstað, þegar hún vill, ella oddviti.

66. gr.

Sýslunefnd getur einga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sé viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita.

Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, á heimting á, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við voru staddir, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið.

67. gr.

Oddviti stjórnar umræðum og sér um að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar séu rétt og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann

geymir bækur nefndarinnar og annað, er henni við kemur. Hann geymir innstæðufé sýslunnar, skuldabréf og aðrar eignir sýslufélagsins.

Sýslunefndin getur falið hverjum nefndarmanni, er hún vill, ákveðin störf, er hún á að annast, eða kosið nokkra af nefndarmönnum í undirnefnd, til að leysa þau af hendi, eða að starfa að einhverju málefni til undirbúnings milli funda. Fyrir þess konar störf má hún veita hæfilega þóknun úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á þeim störfum.

b. Verksvið sýslunefnda og laun.

68. gr.

Sýslunefnd hefir yfirstjórn sveitarmálefna í öllum hreppum sýslunnar, og leggur fullnaðarúrskurð á mál þau, er samkvæmt 19., 21.—23., 30., 40.—41., 50. og 53. gr. laga þessara liggja undir hana, svo og á þær ályktanir hreppsnefnda, er skotið er undir úrskurð hennar samkvæmt löggiltum reglugerðum sýslunefndar. Hún hefir yfir höfuð umsjón með því, að hreppsnefndirnar hegði sér í sveitarstjórnarathöfnum sínum eptir lögum og löglegum fyrirskipunum.

Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmæt gjöld eða neitað að borga það, sem hún á að greiða, eða leitt hjá sér að framkvæma einhverja aðra ráðstöfun, sem hún er skyld til, eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefir vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sé kippt í lag, og, ef nauðsyn ber til, getur hún falið oddvita sínum að beita þvingunarsektum, til þess að boðum hennar verði framfylgt, og auk þess komið fram ábyrgð á hendur einstökum hreppsnefndarmönnum við dómstólana.

69. gr.

Sýslunefnd kýs á ári hverju mann eða menn úr sínum flokki til að yfirskoða ársreikninga allra hreppa í sýslunni. Endurskoðari skal, ef honum þykir ástæða til, senda fyrir lok Decembermánaðar hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar og ber oddvita að svara þeim fyrir miðjan Janúar næst á eptir. Síðan skal úrskurða reikningana á aðalfundi nefndarinnar; semur sýslumaður síðan eptir þeim yfirlit yfir efnahag hreppanna, og sendir stjórnarráðinu.

Yfirskoðara þessara reikninga má veita þóknun úr sýslusjóði, eptir því sem nefndin ákveður.

70. gr.

Sýslunefnd stjórnar öllum sveitarmálum, er varða sýsluna í heild sinni. Eptir tillögum hreppsnefnda gerir hún, þegar svo ber undir, ráðstöfun til að afstýra hallæri í sýslunni, enda skýri hún stjórnarráðinu ýtarlega frá gerðum sínum í því efni. Hún ræður, hvar lögferjur skuli vera og annast um, að þær séu jafnan í góðu lagi, og að lögferjumenn gæti skyldu sinnar. Þá er skipa skal hreppstjóra, stingur hún upp á 3 mönnum til þess, og af þeim skipar sýslumaður einn. Einnig gerir hún tillögu um, hvort hreppstjóri skuli vera einn

í hreppi eða tveir. Hún annast um að prentaðar séu eigi sjaldnar en 10. hvert ár nákvæmar skrár yfir fjármörk og, ef ástæður eru til, einnig yfir hestamörk, í allri sýslunni.

71. gr.

Sýslunefnd semur reglugerð um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjárskila, og sömuleiðis á vorum til rúningar og fráfærna, og ráðstafanir til að eyða refum, svo og aðrar reglugerðir þær, er hún hefir heimild til að semja samkvæmt lögum. Þá er nefndin hefir á fundi með meiri hluta atkvæða samþykt einhverja slíka reglugerð, skal senda hana stjórnarráðinu, sem getur veitt henni lagagildi.

72. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sýslu sérstaklega, til lykta ráðið fyrr en álits sýslunefndar þar hefir verið leitað um það. Sýslunefnd má og að fyrra bragði senda stjórnarráðinu tillögur um hvað eina, er verða má sýslunni til gagns, eða til að afstýra hallæri.

73. gr.

Reikningsár sýslusjóðs er almanaksárið.

74. gr.

Sýslunefndin skal á aðalfundi semja áætlun fyrir næstkomandi reikningsár yfir tekjur og útgjöld sýslunnar. Að því leyti sem eigi er heimild fyrir greiðslu einstakra gjalda með niðurjöfnun á annan hátt, skal jafna því, sem með þarf, niður á hreppsfélög sýslunnar eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða, að tveim þriðjungum, og eptir tölu verkfærra karlmanna, að einum þriðjungi í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjaldi því, er þannig kemur á hvert hreppsfélag, skal hreppsnefndin jafna niður á hreppsbúa, samkvæmt fyrirmælunum í 36. gr., og skal hreppsnefndaroddvitinn greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

75. gr.

Oddvita sýslunefndarinnar skal endurgjalda eptir reikningi hans, það sem hann hefir borgað fyrir ritföng, sendiferðir o. fl., og skal öll nefndin ávísa honum féð.

76. gr.

Hver sýslunefndarmaður fær í fæðispeninga og ferðakostnað úr sýslusjóði 4 krónur hvern dag frá því er hann fer að heiman á sýslufund, til þess er hann kemur heim aptur.

77. gr.

Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði, nema heimild sé fyrir því í lögum, eða það sé ákveðið af sýslunefndinni.

78. gr.

Sýslunefndin kýs árlega á aðalfundi mann úr sínum flokki til þess að yfirskoða næsta reikning sýslusjóðsins.

79. gr.

Í Janúarmánuði ár hvert skal oddviti sýslunefndarinnar gera reikning

yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins næstliðið ár og senda yfirskoðara hann fyrir lok sama mánaðar. Yfirskoðari skal fyrir lok næsta Febrúarmánaðar senda oddvita aptur reikninginn með athugasemdum sínum. Á næsta aðalfundi þar á eptir rannsakar sýslunefndin reikninginn, í sambandi við athugasemdirnar og svör reikningshaldara upp á þær, og úrskurðar síðan reikninginn.

Reikninginn á að semja eptir áætlun þeirri, sem nefnd er í 74. gr., og skal honum fylgja skrá yfir eignir sýslunnar og yfirlitsreikningur yfir eigur og skuldir hennar. Þetta ásamt reikningnum sjálfum sendir oddviti stjórnarráðinu til yfirlits með næsta pósti, eptir að reikningurinn var úrskurðaður.

Fyrir lok Júnímánaðar skal senda hverri hreppsnefnd í sýslunni ágrip af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, prentað eða á annan hátt margfaldað, svo mörg eintök, er hæfa þykir. Nú eru eigi tök til þessa að áliti sýslunefndar, og skal þá fyrir sama tíma senda í hvern hrepp til oddvita eitt skrifað eptirrit af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, og skal oddviti sjá um, að hreppsbúar fái að lesa það. Fyrir eptirrit þessi fær sýslumaður 50 aura fyrir hverja örk, og skal það, og allur kostnaður við prentun og útsending goldið úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á að reikningurinn sé réttur. Hún ábyrgist einnig innstæðufé, skuldabréf og aðrar eigur sýslufélagsins.

80. gr.

Að því er snertir mentamál, heilbrigðismál, ljósmæður, vegi, alþýðustyrktarsjóði, skattamál, alþingiskosningar, verzlunarleyfi og áfeingissöluleyfi, nýbýli, laxveiði og ýmsar aðrar greinir atvinnumála o. fl. hefir sýslunefnd hlutverk eptir því sem lög ákveða.

81. gr.

Þyki oddvita einhver ályktun nefndarinnar fara fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða sé að öðru leyti lögum gagnstæð, eða hún miði til að gera einhverja ráðstöfun, sem sýslufélagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt að fella ályktunina úr gildi, og ber honum þá að senda stjórnarráðinu tafarlaust skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eptirrit af skýrslunni. Stjórnarráðið sker úr ágreiningnum.

82. gr.

Með næsta pósti eptir sýslunefndarfund skal oddviti senda stjórnarráðinu endurrit af gerðabókinni til athugunar.

III. kafli.

Um það hver lög séu numin úr gildi með lögum þessum, og hvenær lög þessi komi í gildi m. m.

83. gr.

Með lögum þessum eru þessi lög og lagaákvæði úr gildi numin:

Tilskipun 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

Lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi. 4. Maí 1872.

Lög 16. Dec. 1885 um breyting á 46. gr. í tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.

Lög 9. Ágúst 1889 um viðauka við lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.
Lög 11. Júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilskipun 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl.
Lög 11. Decbr. 1891 um þóknun handa hreppsnefndarmönnum.
Lög 15. Febr. 1895 um breyting á 1. gr. laga 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.
Lög 6. Marz 1896 um viðauka við lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.
Lög 6. Nóv. 1897 um breyting á 6. gr. tilsk. 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og viðauka við lög nr. 1, 9. Jan. 1880.
Lög 4. Júní 1898 um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða 3. og 4. gr.
Lög 9. Sept. 1899 um breyting á 48. gr. í tilsk. 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.
Lög 13. Nóv. 1903 um viðauka við lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilsk. 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. Ágúst 1889 um viðauka við nefnd lög.

Þau ákvæði í lögum 12. maí 1882 um kosningarrétt kvenna og í lögum 6. Nóvbr. 1902 um kjörgeingi kvenna, er snerta kosningarrétt og kjörgeingi kvenna til hreppsnefnda og sýslunefnda, skulu úr gildi numin, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

84. gr.

Að því leyti sem störf þau, er amtsráðin hafa haft á hendi, eru eigi með þessum lögum lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndirnar (sbr. 70. og 71. gr.), eða þau falla í burtu af sjálfu sér, skal þeim ráðstafað með konunglegri tilskipun.

85. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1907. Þó leggist amtsráðin ekki niður fyrr en 31. December sama ár.

Nd. **532. Frumvarp**
til laga um fasteignarréttindi utanríkismanna á Íslandi.

(Eptir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Utanríkismenn, sem eignast eða eignazt hafa réttindi yfir fasteign á Íslandi, hvort heldur er eignarréttur eða takmörkuð réttindi, skulu hafa fyrirgert þeim, hvernig svo sem ákveðið er í samningum, séu þau látin ónotuð af þeim hér í landi samfleytt í 20 ár frá; þó skulu réttindi yfir fasteign, sem ónotuð hafa verið um þennan tíma af utanríkismönnum, þá er lög þessi öðlast gildi, ekki tapast fyrr en eptir 2 ár frá þeim degi, er lögin öðlast staðfestingu.

2. gr.

Sé eignarréttur eptir lögum þessum fallinn undan utanríkismönnum, hverfur hann til landssjóðs. Sé hinsvegar um takmarkaðan rétt yfir fasteign að ræða, svo sem notkunar eða itaksrétt, hverfur hann til þess eiganda fasteignarinnar, sem þá er, nema annar maður hafi áður feingið hin væntanlegu réttindi framseld sér á löglegan hátt.

3. gr.

Með lögum þessum er eingin breyting gerð á gildandi rétti um fyrning skulda, sem tryggðar eru með veði í fasteign, né um veðrétt af neinu tagi yfir fasteign eða fasteignarréttindum, sem utanríkismenn öðlast eða hafa öðlazt á Íslandi.

Nd. **533. Frumvarp**

til laga um sölu þjóðjarða.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á þjóðjörð sitja, ábýli sín, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Heimild þessi nær eigi til þeirra þjóðjarða, sem að áliti sýslunefndar þar, er jörð liggur, eru hentugar til embættisseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almennings nota.

Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á þjóðjörð eða sýslunefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skams, eða sýslunefnd hyggur jörðina sérstaklega fallna til sundurskiptingar á milli margra grasbýla, og má þá eigi selja jörðina án sérstakrar lagaheimildar í hvert skipti.

3. gr.

Þegar þjóðjörð er seld samkæmt lögum þessum, skal ávalt undanskilja náma, sem vera kunna í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rétt til að nota þá, en ábúanda bera fullar bætur eptir óvilhallra manna mati fyrir átroðning og jarðarusla, er af því leiðir, að þeir eru notaðir.

4. gr.

Nú er fleirbýli á þjóðjörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðunni búa, alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja.

5. gr.

Nú er þjóðjörð í eyði, og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur.

6. gr.

Sá, er leita vill kaups á þjóðjörð, semur um það beiðni, stýlaða til stjórnarráðsins, og sendir hana til oddvita sýslunefndarinnar.

Ef beiðandi fullnægir skilyrðunum fyrir því, að geta feingið jörðina keypta

eptir lögum þessum, leggur sýslumaður beiðni hans fyrir sýslunefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi, hvort hún telji jörðina til þeirra þjóðjarða, sem getur um í 2. gr. Enn fremur skal sýslunefnd segja álit sitt um, hvort undan sölunni ætti að skilja skóglendi, fossa eða önnur jarðargögn, önnur en náma.

7. gr.

Nú telur sýslunefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr., og skal þá sýslumaður dómkveðja tvo óvilhalla menn til þess, að gera lýsing á jörðunni ásamt öllu því, er henni fylgir og fylgja ber, og meta til peningaverðs. Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4% í vöxtu á ári veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um 10 síðastliðin ár, ef leigumáli að dómi matsmanna hefir verið hæfilegur og honum hefir á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskipti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt eptir leigumála jarða í því bygðarlagi. — Jarðabótakvöð, þá sem hér er nefnd, skulu matsmenn reikna til dagsverka eins og tíðkazt hefir við styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga, og telst hvert dagsverk jafngilda 1 kr. 25 aurum í öðru eptirgjaldi.

Nú hefir sýslunefnd látið í ljósi það álit samkvæmt 6. gr., að undan sölu þjóðjarða ætti að skilja skóglendi, fossa eða annað, og skal þá meta jörðina bæði að gæðum þessum meðtöldum og án þeirra.

8. gr.

Nú hefir ábúandi á næstu 10 árum áður en mat fer fram og án nokkurs styrks úr umboðssjóði gert jarðabætur eða jarðarhúsabætur á þjóðjörð um fram það, er byggingarbréf áskildi, og skulu þá matsmenn þeir, er um getur í 7. gr., meta jörðina eins og eingar slíkar jarðabætur eður húsabætur hefðu verið gerðar, þegar ábúandi sá, er þær gerði, ekkja hans eða niðjar eru kaupendur.

9. gr.

Jafnframt því er sýslumaður kveður matsmenn samkvæmt 7. gr., skal hann útvega frá umboðsmanni eða umráðamanni þjóðjarðarinnar skýrslur þær viðvíkjandi jörðunni, sem matsmenn þurfa samkvæmt ákvæðum 7. og 8. gr. við mat sitt og lýsing á jörðunni. Umboðsmanni eða umráðamanni er skylt að láta þessar skýrslur í té innan hæfilegs tíma, er sýslumaður tiltekur.

10. gr.

Lýsingar- og matsgerð sína á jörðu senda matsmenn ásamt öllum tilheyrandi skjölum til sýslumanns, er síðan skal láta matsmennina staðfesta gerðina fyrir rétti að tilkvöddum kaupsbeiðanda og umboðsmanni eða umráðamanni jarðarinnar. Beiðnina um kaupin, lýsingar og matsgerðina ásamt öllum öðrum skjölum málsins sendir sýslumaður að því búnu hlutaðeigandi umboðsmanni, en hann afgreiðir málið til stjórnarráðsins, ásamt áliti sínu um það, svo fljótt sem því verður við komið.

11. gr.

Nú vill eigandi jarðar, sem þjóðjörð á ítak í, leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við ábúanda þjóðjarðarinnar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsá sama hátt og um þjóðjarðir samkvæmt 6.—10. gr.

12. gr.

Þegar málið er komið til stjórnarráðsins, getur það, ef því þykir sérstaklegar ástæður til bera, kvatt sér til ráðaneytis kunnuga menn, er lýsi jörðum þeim og ítökum, sem til kaups er falað, meti til verðs og segi álit sitt um, hvort rétt sé að selja.

13. gr.

Nú kaupir ábúandi jörð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá greiða að minsta kosti tíunda hluta kaupverðsins um leið og kaupin eru gerð. Um eptirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabréf fyrir þeim með fyrsta veðrétti í jörðunni, og greiðir þær síðan ásamt 4% í ársvöxtu, með jöfnum ársgreiðslum á eigi leingri tíma en 28 árum.

Nú geingur jörð, sem seld hefir verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, áður en kaupverðið er að fullu greitt, og falla þá eptirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga.

14. gr.

Nú er þjóðjörð eða ítak selt eptir lögum þessum, og ákveður ráðherrann þá endanlegt söluverð, sem þó aldrei má minna vera en verð það, sem metið hefir verið samkvæmt 7.—12. gr., og gefur út afsalsbréf fyrir hinu selda. Öll skjöl, er snerta söluna, skulu lögð fyrir næsta Alþingi til athugunar.

15. gr.

Kostnað við matsgerð þá, sem ræðir um í 7. gr., greiðir sá, er kaups beiðist á þjóðjörð eða ítaki, og getur sýslumaður krafizt, að hann setji trygging fyrir skilvísri greiðslu kostnaðarins, um leið og hann afhendir sýslumanni beiðni sína samkvæmt 6. gr.

Borgun til þeirra manna, sem ráðherra kann að kveðja sér til ráðaneytis samkvæmt 12. gr., greiðist úr umboðssjóði, hvort sem úr sölu verður eða eigi.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Nd.

534. Frumvarp

til laga um bændaskóla.

(Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Tveir skulu vera skólar á landi hér, er veiti bændaefnum nauðsynlega sérþekking til undirbúnings stöðu þeirra, og skal annar skólinn vera á Norðurlandi, á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Suðurlandi, á Hvanneyri í Borgarfirði. Á skólajörðunum skulu vera hæfilega stór bú, er má reka á kostnað landssjóðs, ef öðru verður ekki við komið.

2. gr.

Við hvorn skólann skulu vera tveir kennarar, og er annar þeirra skólastjóri; hefir hann á hendi aðalumsjón með nemendum skólans, húsum hans

og áhöldum. Hann hefir að launum 1500 kr. á ári, og auk þess 300 kr., ef hann stjórnar skólabúinu og heldur reikninga þess. Hinn kennarinn hefir að launum 1200 kr. á ári. Báðir hafa kennararnir leigulausan bústað í skólanum.

3. gr.

Skólarnir heita bændaskólar og eru vetrarskólar. Bóklega kenslan skal aðallega fara fram með fyrirlestrum í þeim fræðigreinum landbúnaðarins, sem reglugerð nefnir til og segir nánar fyrir um. Reglugerð kveður og á um það, hverri verklegri kenslu verði komið við á skólabúunum. Útvega skal til skólanna og nota við kensluna sem fullkomnust kennsluáhöld.

Auk búnaðarfræðslunnar skal sérstök alúð lögð við að kenna nemendunum að tala og rita móðurmálið vel og skipulega; saga landsins skal sögð og þá einkum búnaðar- og verzlunarsaga, og nemendum kent að færa sér í nyt skýrslur um atvinnuvegi vora og þjóðarhag. Kenna skal og reikning, dráttlist, söng og leikfimi og glímur.

4. gr.

Nemendum er ætlað að vera 2 vetur á skólanum, en auk þess skulu bændur og bændaefni eiga kost á að dvelja á skólanum um viku- til hálfsmánaðartíma, að því er húsrúm og aðrar kringumstæður leyfa, við áður ákveðin og auglýst kensluskeið, til að hlýða á fyrirlestra hjá kennurunum og taka þátt í umræðufundum um landbúnað.

5. gr.

Hvor skólinn um sig á að geta tekið á móti alt að 40 nemendum, og skal skólastjórnin sjá um það, að nemendur eigi þar kost á ódýrri þjónustu, og geti komið á sameiginlegu matarhaldi.

6. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólanna og gefur út reglugerðir fyrir þá, er meðal annars kveða á um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar og vitnisburðarbréf.

7. gr.

Kostnaðurinn við að gera skólana úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr landssjóði. Svo greiðir hann og laun kennaranna og árleg útgjöld skólanna.

8. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er amtsráðin norðan lands og sunnan hafa hvort um sig afhent landsstjórninni sem móttakanda fyrir landsins hönd búnaðarskólana, sem eru á Hólum og Hvanneyri, til fullrar eignar og umráða, með öllum skyldum, eignum þeirra og réttindum.

9. gr.

Tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi 12. Febrúar 1872 skal numin úr gildi.

Nd. **535. Frumvarp**
til laga um stofnun geðveikrahælis.
(Eptir 3. umr. í Ed.)

1. gr.
Til þess að koma upp geðveikrahæli í nánd við Reykjavík yfir 50 geðveika menn og útbúa það, má verja úr landssjóði alt að 90000 krónum.

2. gr.
Árleg útgjöld til geðveikrahælisins skal veita í fjárlögum.
Upp í þennan kostnað skulu réttir aðstandendur greiða í landssjóð meðgjöf með hverjum geðveikum manni, 50 aura á dag, ef hann er þurfamaður, ella 1 kr. á dag.

3. gr.
Í yfirstjórn geðveikrahælisins eru landlæknir og einhver annar maður, sem stjórnarráðið skipar til þess.

4. gr.
Stjórnarráðið semur eptir tillögum frá yfirstjórn geðveikrahælisins reglur um afnot þess og erindisbréf fyrir starfsmenn þess.

Ed. **536. Tillaga**
til þingsályktunar um verndun fornmenja í landinu.
(Eptir eina umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um verndun fornmenja í landinu, og reisa nú þegar alvarlegar skorður gegn því, að forngripum úr kirkjum eða frá öðrum opinberum stofnunum verði fargað út úr landinu frekar en orðið er.

Ed. **537. Frumvarp**
til laga um breyting á lögum nr. 17, 13. September 1901 um breytingu á tilskipun 20. Apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og á lögum nr. 30, 23. Október 1903 um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfélög.
(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.
Í hafnarnefnd Reykjavíkur skulu sitja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs, og má einn þeirra vera utan bæjarstjórnar. Nefndin kýs sjálf formann sinn.

2. gr.
Í byggingarnefnd Reykjavíkur skulu sitja 5 menn auk slökkviliðsstjórans, og kýs bæjarstjórnin þá; 3 þeirra úr sínum flokki. Nefndin kýs sjálf formann sinn.

3. gr.

Í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skulu sitja 3 menn; kýs bæjarstjórnin 2 menn úr sínum flokki í nefndina, en þriðji maðurinn skal vera héraðslæknir kaupstaðarins. Nefndin kýs sjálf formann sinn.

Nd. **538. Frumvarp**

til laga um kennaraskóla í Reykjavík.

(Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Kennaraskóla skal setja á stofn í Reykjavík og má verja til skólahússbyggingar og muna alt að 38 þús. kr. úr landssjóði.

2. gr.

Skólinn er jafnt fyrir konur sem karla. 24 heimavistir skulu vera í skólanum fyrir nemendur. Kensla er ókeypis.

3. gr.

Skólaárið er frá 1. Október til 14. Maí ár hvert. 3 árs deildir eru í skólanum. Inntöku skilyrði skulu ákveðin í reglugerð skólans. Þó skal farkennurum og barnaskólakennurum heimilt fyrst um sinn að ljúka sér af á einum vetri, eða skemri tíma, alt að 2 mánuðum, samkvæmt þeim reglum, er stjórnarráðið setur.

4. gr.

Kenslugreinar kennaraskólans eru þessar: Íslenzka, danska; saga, landafræði og náttúrufræði, einkum að því, er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skript, teikning, handavinna, leikfimi, saungur, kristin fræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar. Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr.

Við skólann skipar ráðherrann þrjá fasta kennara. Er einn þeirra skólastjóri og hefir í árslaun 2700 kr. auk leigulauss bústaðar í skólahúsinu; annar kennari hefir 2000 kr. í árslaun og hinn þriðji 1200 kr.

6. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugerð fyrir hann.

7. gr.

Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

Ed. **539. Breytingartillögur**

við frumv. til sveitarstjórnarlaga.

Flutningsmenn: Sigurður Jensson, Sigurður Stefánsson og Valtýr Guðmundsson.

Við 11. gr. Aptan við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er sýslunefnd að leyfa, að kosningar í hreppsnefnd fari fram að

haustinu í þeim hreppum, þar sem svo sérstaklega hagar til, að það sé nauðsynlegt kjósenda vegna.

Við 26. gr. Í staðinn fyrir »Aprílmánuði eða Maímánuði« komi: »Aprímánuði, Maímánuði eða Júnímánuði«.

Ed, **540. Breytingartillaga**
við frumv. til fjáraukalaga fyrir 1904 og 1905.
Frá nefndinni.

Við 4. gr. 3. — »1000« breytist í 600.

Nd, **541. Breytingartillaga**
við frumv. til laga um landsdóm.
Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánsson þm. Skf.
Björn Kristjánsson, Magnús Andrésson, Einar Þórðarson,
Ólafur Ólafsson, Ólafur Briem.

Við 16. gr. Í stað $^4/_5$ komi $^2/_3$.

Ed. **542. Breytingartillaga**
við frumv. til laga um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða upp á handhafa.
Frá Birni M. Ólsen, Jóni Jakobssyni, Ágúst Flygenring, Eiríki Briem.

Við 4. gr. 2. lið: Orðin (í 5.—6. línu liðarins) »af 1. flokki — nefndum bankavaxtabréfum« falli burt.

Ed. **543. Breytingartillögur**
við frv. til laga um þingsköp handa Alþingi.
Flutningsmaður: Valtýr Guðmundsson.

1. Við 4. gr. Í stað 2.—4. málsgreinar í 4. gr. komi:
Unz prófun kjörbréfa samkvæmt 1. gr. hefir fram farið, heldur sérhver þingmaður óskertum þingmannsrétti, nema hann missi hann af öðrum ástæðum (sbr. 33. gr. stjórnarskr.). En hafi þingið frestað að taka kosningu þingmanns gilda, þá tekur hann eingan þátt í störfum þingsins, unz það mál er útkljáð og kosning hans viðurkend gild.
2. Við 18. gr. Í stað »meiri hluti þingmanna« komi: $^2/_3$ þingmanna.
3. Við 29. gr. Aptan við greinina bætist:
Verði ályktunin enn fyrir breytingum í þeirri deild, skal á ný senda hana til hinnar deildarinnar til einnar umræðu samkvæmt reglum um þriðju umræðu um lagafrumvörp.

4. Við 31. gr. Fyrir »alþjóðlegt« komi: opinbert.
5. Við 42. gr. 3. málsgrein þessarar greinar falli burt.

Ed. **544. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga 1906 og 1907.
Frá: Guttormi Vigfússyni, Jóni Ólafssyni og Jóh. Jóhannessyni.

Við 12. gr. C. Við bætist 4. liður.
Til mótorbáts á Lagarfljóti, eitt skipti fyrir öll ... ... 500 »

Ed. **545. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 — 1907.

Flutningsmenn: Jóh. Jóhannesson, Guttormur Vigfússon, Sigurður Jensson, Ág. Flygenring, Þorgr. Þórðarson.

Við 13. gr. B. VI b. milli töluliðanna 3 og 4 komi nýr töluliður svo hljóðandi:
Styrkur til þess að koma upp heimavista- og heimangaunguskóla á Vopnafirði, er fullnægi kröfum tímans, helmingur kostnaðar, alt að kr. 5000 (fyrra árið).

Ed. **546. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Þorgr. Þórðarson, Sigurður Jensson, Jóh. Jóhannesson og Valtýr Guðmundsson.

Við 12. gr. D. Þessi liður falli burt, en í stað hans komi:
Til hraðskeytasambands.
Til þess að fá Marconi-félagið til að framhalda loptskeytasambandi því, sem nú er á komið milli Reykjavíkur og útlanda og til þess að undirbúa hraðskeytamálið til næsta þings alt að 25,000 kr.

Ed. **547. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
Jón Ólafsson, Þorgr. Þórðarson, Jóh. Jóhannesson.

Við 14. gr. 12. Á eptir liðnum »s« bætist inn nýr liður:
»t. Til Sögufélagsins ... ... 600—600«

Ed. **548. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson, Ág. Flygenring, Sigurður Jensson.

Við 15. gr. 11. Fyrir: .....»1500 — 1500«
utanstryks komi: 1500 — 1500
Auk þess alt að 1000 — 1000
2500 — 2500

gegn jafnháum styrk annarstaðar frá.

Ed. **549. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Flutningsm.: Sigurður Jensson. Jóh. Jóhannesson. Guðjón Guðlaugsson.

Við 12. gr. B. 6. Á eptir þessum lið komi nýr liður (7. liður) svo hljóðandi:
Til sýsluvega í Vestur-Barðastrandarsýslu, gegn því, að jafnmikilli upphæð verði varið til veganna annarsstaðar frá, síðara árið 3000 kr.

Ed, **550. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Frá Birni M. Ólsen, Guðjóni Guðlaugssyni og Eiríki Briem.

Við 14. gr. 12. l.: (til Boga Melsteðs 1000 kr.).
Athugasemdin orðist á þessa leið:
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að höf. sanni að hann hafi til framhald af Íslendingasögu í handriti fullbúnu undir prentun, er samsvari minst 8 örkum prentuðum á ári.

Ed. **551. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1906 og 1907.

Flutningsmenn: Ág. Flygenring, Jóh. Jóhannesson, Sigurður Jensson.

Við 14. gr. 12. Á eptir staflið p. komi nýr liður:
Til Sigfúsar Einarssonar söngfræðings til að kenn söng í Reykjavík og vinna að tónsmíði .. .. 800 — 800

Ed. **552. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1906 og 1907.

Flutningsmenn: Ág. Flygenring, Jóh. Jóhannesson, Jón Ólafsson.

Við 14. gr. Á eptir 11. tölulið komi nýr töluliðnr er hljóði svo:

Til þess að þýða á íslenzka tungu bókina »Den ísl. Lods« veitist alt að ..... 400 kr.

Fjárveiting þessi er bundin því skilyrði, að bókin verði gefin út á íslenzku landssjóði að kostnaðarlausu, með þeim sömu myndum, sem eru í hinni dönsku útgáfu.

Nd. **553. Framhaldsnefndarálit**
í málinu frv. til laga um stofnun geðveikrahælis.

Háttv. efri deild hefir gert þá eina breytingu á frv. þessu, að staður sá, sem geðraveikrahælið verði reist á, sé látinn óákveðinn í lögunum. Nefndin hefir ekkert við þetta að athuga og leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það kom frá efri deild.

Alþingi 24. Ágúst 1905.

G. Björnsson, form. Ólafur Thorlacius, skrifari og framsögum.
Ólafur Ólafsson.

Nd. **554. Framhaldsnefndarálit**
um frumvarp til laga um bændaskóla.

Háttvirt Ed. hefir aðhylst aðalstefnu þessa frumvarps, að stofna 2 bændaskóla, er verði landstofnanir, og komi í stað búnaðarskólanna, er verið hafa í fjórðungunum, og verði þeir vetrarskólar og veiti aðallega bóklega kenslu í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins.

Efri deild hefir þó gert allverulegar breytingar á frumv. Hún hefir ekki séð sér fært, að hafa skólana eins stóra og farið var fram á og Nd. samþykti, fækkað nemendatölu úr 60 í 40 og þá jafnframt fækkað kennurunum við hvorn skólann um einn.

Þetta stendur í nánu sambandi við þá breytingu á frumv., að skólasetrin séu ákveðin í lögunum, Hvanneyri á Suðurlandi og Hólar á Norðurlandi. Hér í deildinni var flutningur norðlenzka skólans í Eyjafjörð sérstaklega ágreiningsefnið. Nefndin í Ed. telur allmiklar ástæður fyrir því, að ekki sé hreift við Hólaskóla, að minsta kosti fyrst um sinn. Eins og nú er geingið frá frumv. er því treyst að húsin á þessum stöðum muni duga í bili, og könnumst vér við þær ástæður hjá háttv. Ed., að fult svo varlegt sé að leggja ekki í kostnað til húsabygginga á skólasetrunum, meðan hið nýja fyrirkomulag er ekki reynt meir en nú.

Þó að vér séum sömu skoðunar og áður, að skólarnir ættu að geta tekið 60 nemendur hvor, og skólasetur verður til frambúðar heppilegra í Eyjafirði, teljum vér eigi gerlegt að stofna frumvarpinu í hættu með því, að fara fram á breytingar í þá átt. Vér teljum svo mikið feingið við það, að fá frumvarpið samþykt nú, þar sem aðalstefnunni er þó haldið, að vér getum eptir atvikum fallist á það í þessari breyttu mynd.

Hvað Eiðaskóla snertir, þá leggur nefndin í Ed. til að honum verði breytt í verklega stofnun við hæfi og eptir sérstökum þörfum Austfirðinga. Því erum vér samþykkir, og eru ákvæði þar að lútandi þegar tekin upp í fjárlögin.

Tillögur vorar eru því, að háttv. Nd. samþykki frumv. óbreytt.

Neðri deild Alþingis 23. Ágúst 1905.

Árni Jónsson, formaður — Þórh. Bjarnarson, skrifari og framsögumaður — Einar Þórðarson.

Hannes Þorsteinsson. — Hermann Jónasson.

Ed. **555. Breytingartillögur**

við fjárlög fyrir árin 1906 og 1907.

(Frá nefndinni).

1. við 10. gr. A. 5. Aptan við athugasemdina bætist: »hinn síðarnefnda ókeypis«.
2. — 13. — B. I, b. 2. | — 13. — » II, » 2. | — 13. — » III, c. 6. | Í athugasemdinni breytist orðin: »Styrk má að eins veita« í »Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita« o. s. frv.
3. — 14. — 7. b. Á eptir liðnum komi inn þessi athugasemd:

Safnið er opið frá 15. Júni til 15. Sept. 4 daga í viku. Annanhvern sýningardag þennan tíma er aðgangur að safninu seldur á 50 aura hverjum manni hvert sinn, og fellur það gjald í landssjóð að frádregnum aukakostnaði.

4. — 14. — Eptir 9. tölul. komi nýr töluliður:

»10. Til viðbótar við samskot til minnisvarða Jónasar Hallgrímssonar, alt að ... ... (síðara árið) 2000 kr.

Nd. **556. Breytingartillaga**

við frv. til laga um fræðslu barna o. fl.

Flutningsmenn: G. Björnsson. Jón Jónsson. Pétur Jónsson, Björn Bjarnarson. Sk. Thoroddsen. Lárus H. Bjarnason. Björn Kristjánsson.

Við 2. gr. Aptan við 3. lið bætist:

Þó er foreldrum og forráðamönnum barna heimilt, að undanþiggja þau þessari lærdómskvöð.

Ed. **557. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Flutningsmenn: Valtýr Guðmundsson, Sigurður Stefánsson, Þorgr. Þórðarson.

Við 12. gr. B. 9. Liðurinn falli burt.

Nd. **558. Frumvarp**
til laga um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.
(Eptir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Af andvirði embættisjarðanna Arnarhóls, að meðtöldu verði hinnar svo nefndu Klapparlóðar, sem seld er samkvæmt lögum nr. 38, 6. Nóv. 1902, og Örfiriseyjar, skal stofna sjóð, er nefnist Byggingarsjóður Íslands. Sjóði þessum skal varið til opinberra bygginga eptir því, sem nánar er tiltekið í lögum þessum, og síðar verður ákveðið með lögum.

2. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja Örfirisey fyrir að minsta kosti 6000 krónur. Enn fremur veitist honum heimild til að selja Arnarhólslóðina alla, að undanskildum bletti þeim, sem nú fylgir stjórnarráðshúsinu, og spildu milli Hverfisgötu og væntanlegs framhalds af Lindargötu, sem ætluð er fyrir opinberar byggingar. Arnarhólslóðina má selja þeim, er kaups beiðast, í stærri eða minni pörtum, til byggingarlóða og annara afnota, fyrir eigi minna en 5 kr. fyrir ferhyrningsalin, en þó eigi lægra en 2 dómkvaddir menn meta í hvert skipti, er kaupa er beiðzt.

3. gr.

Til byggingarsjóðs greiðir landsbanki Íslands 7500 krónur á ári, um leið og hann greiðir landssjóði hundraðsgjald það af seðlaskuld sinni, sem ákveðið er í lögum um stofnun landsbankans 18. Sept. 1885 og lögum frá 12. Jan. 1900 um breyting á þeim lögum.

4. gr.

Byggingarsjóðurinn stendur beint undir landstjórninni. Gjaldkeri landssjóðs er galdkeri sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum Alþingis.

5. gr.

Veita má byggingarsjóði lán úr viðlagasjóði til að standast kostnað við byggingar, sem lagaheimild er fyrir, að byggingarsjóður leggi fram fé til. Lánið skal ávaxtað með $2^1/_2$ af hundraði á ári, og endurborgist jafnóðum og sjóðnum greiðist andvirði fasteigna þeirra, sem um ræðir í 2. gr.

6. gr.

Stjórnarráðinu veitist heimild til:

1. Að láta reisa bókasafnsbyggingu úr steini eða steinsteypu. Hún skal vera þannig bygð, að auka megi við hana síðar eptir þörfum, en í bráð skal hún rúma landsbókasafnið og landsskjalasafnið eins og þau nú eru ásamt viðauka þeim, er ætla má, að þau fái næstu 50—60 ár. Skal haga svo til, að fyrst um sinn geti orðið geymd þar einnig hin önnur söfn landsins, eptir því sem rúm leyfir. Til byggingar þessarar má verja alt að 160 þúsund krónum.
2. Að breyta húsrými því, er losnar við brottfærslu safnanna úr þinghúsinu, til afnota fyrir Alþingi, til útbúnaðar risnuherbergja og að leggja miðstöðvarhitun í húsið, má verja til þess alt að 50000 kr.

Stjórnarráðið samþykkir uppdrætti, er fylgja skal við byggingar þessar,

og gerir alla samninga, er að byggingunni lúta. Samningar skulu lagðir fyrir næsta Alþingi til athugunar.

Nd. **559. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1904 og 1905.

(Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1904 og 1905, veitast kr. 25266,39 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—5. gr. hér á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitast:

Við tölulið 7, útgjöld við holdsveikraspítalann.

Við g. viðhald á húsum ... ... kr. 1000,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

1. Við B. 4. Til þjóðvega í Vesturamtinu... ... ... kr. 2000,00
2. Við D. Ritsími. Til rannsóknaferðar og annars undirbúnings við símalagningu vorið 1905 ... ... — 8000,00
3. Við E. Til vita, e. til Gróttuvita ... ... — 1500,00
   a. til að kaupa ½ Gróttu ... ... kr. 1000,00
   b. til að gera við varnargarð ... ... — 500,00

kr. 11500,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála, veitast:

1. Við B. IV. c. a. Ýmisleg útgjöld til gagnfræðaskólans á Akureyri: til aukakenslu 100,00
   b. til leikfimishúss og áhalda við sama skóla 6500,00 kr. 6600,00
2. Við B. V. b. 4. ýmisleg útgjöld til stýrimannaskólans ... ... — 100,00
3. Til séra Gísla Skúlasonar, styrkur til utanfarar til þess að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum .. .. — 600,00

kr. 7300,00

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna, til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja, veitast:

1. Við A. Styrkur til myndasmiðs Einars Jónssonar ... ... kr. 350,00
2. Við B. Styrkur til sérfróðs manns, til að rannsaka hvernig hepta megi sandfok á Rangárvöllum 1000,00
3. Til hinna tveggja yfirmatsmanna á gæðum fiskfarma: upp í kostnað við ferð þeirra til Spánar á síðastliðnu hausti og vetri, 200 kr. til hvors ... ... — 400,00
4. Til greiðslu á kostnaði við fjárkláðaskoðanir í Norðurmúlasýslu í December og Janúar veturinn 1903—1904 .. .. kr. 417.50
5. Til greiðslu á kostnaði við fjárkláðaskoðanir í Austur-Skaptafellssýslu

í December 1903 og Janúar 1904, eptir reikningi er stjórnarráðið úrskurðar, alt að ... ... kr. 241.050

6. Til greiðslu á kostnaði við fjárkláðaskoðanir í Suður-Múlasýslu í December 1903 og Janúar 1904, eptir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar, alt að ... ... kr. 429.50

7. við B. 1. g. Til að kaupa hús á skógræktarjörðinni Hallormstað kr. 2627.89

kr. 5466,39

Ed. **560. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1006 og 1907.

Frá Guðjóni Guðlaugssyn, Sigurði Stefánssyni, Ág. Flygenring.

Við 12. gr. staflið D. Á eptir tölulið 5 komi nýr liður er verði 6. töluliður svo hljóðandi.

Til málþráðarsambands og ritsímalagningar milli Staðar í Hrútafirði og Ísafjarðarkaupstaðar síðara árið kr. 125,000.

Ed. **561. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Flutningsm.: Guðjón Guðlaugsson. Þórarinn Jónsson. Ág. Flygenring.

Við 12. gr. B. Á eptir 6. lið komi nýr liður er verði 7. liður svo hljóðandi:

Til varnar sjávarágangi á vegi í Vestmannaeyjum og endurbóta á honum 1000 kr. fyrra árið. Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi sýslufélag leggi til vegagerðarinnar að minsta kosti jafnmikið fé án þess að taka það af lögákveðnu sýsluvegagjaldi eða hreppavegagjaldi.

Ed. **562. Breytingartillögur**

við frumv. til sveitastjórnalaga.

Flutningsmenn: Þorgr. Þórðarson, Ág. Flygenring, Sigurður Stefánsson.

1. Við 36. gr. Á eptir: »Yfirstandandi fardagaár« í upphafi greinarinnar komi í stað orðauna: »Og að því leyti — fyrir útgjöldum«: Áætlun þessi skal lögð fram hreppsbúum til sýnis að minsta kosti í 10 daga á hentugum stað. Að því leyti, sem fátækratíund og aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldunum, skal hreppsnefndin —.

2. Við 48. gr. Auk þess ber oddvita 2% fyrir innheimtu og ábyrgð á tekjum sveitasjóða.

Ed. **563. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga árin 1906—1907.

Flutningsmenn: Þórarinn Jónsson, Guðjón Guðlaugsson og Þorgr. Þórðarson.

Á eptir 15. gr. komi nýr töluliður, sem verður 22. tölul. svo hljóðandi:

Til Hólmfríðar Árnadóttur til þess að stunda kennaranám í Kaupmannahöfn 500 kr. fyrra árið.

Ed. **564. Frumvarp**
til laga um hefð.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hefð má vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign.

2. gr.

Skilyrði fyrir hefð er 20 ára óslitið eignarhald á fasteign en 10 ára óslitið eignarhald á lausafé.

Nú hefir maður umráðum náð með glæp eða óráðvandlegu atferli, og má hann þá ekki hefð vinna. Sama er og ef hefðandi fær vitneskju um, áður en hefðin er fullnuð, að eignarhaldið sé þannig tilkomið.

Nú hefir hefðandi feingið hlutinn að veði, til geymslu, til láns eða á leigu, og geta þá slík umráð ekki heimilað hefð.

3. gr.

Til hefðartíma má telja óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri, ef eignarhaldið hefir löglega geingið frá manni til manns. Eignarhald hvers einstaks hefðanda verður að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr.

4. gr.

Nú missir hefðandi umráð yfir hlutnum, og slitnar þá hefðarhaldið, nema svo sé, að hann hafi umráðin óviljandi mist, og náð þeim aptur innan 6 mánaða eða nái þeim með lögsókn, er hafin sé innan þess frests og rekin með hæfilegum hraða.

Nú er réttur hefðanda til eignarhaldsins vefeingdur með löglega birtri kæru til sáttanefndar eða dómstefnu, áður en hefðartími er fullnaður, og málið því næst rekið með hæfilegum hraða, eða vefeingingarkröfu er lýst í bú hefðanda, og skal þá álíta hefðarhaldi slitið þann dag, er sáttakæra eða dómstefna er dagsett, ef dómur geingur sækjanda í vil, en dagsetningardag vefeingingarkröfu, verði hún gild metin af skiptarétti.

5. gr.

Nú hefir maður arðberandi hlut í eignarhaldi, er til hefðar mátti leiða samkv. 2. gr., og hluturinn verður af honum dæmdur, þá ber honum að eins að standa skil á þeim arði, er hann hefir haft af hlutnum, frá þeim degi, er honum var birt sáttakæra eða dómstefna, eða sagt var til kröfu í búi hans.

6. gr.

Fullnuð hefð skapar eignarrétt yfir hlut þeim, er í eignarhaldi var, og þarf hefðandi ekki að styðjast við aðra eignarheimild.

Afnotaréttur, sem stofnaður er áður en hefðarhaldið byrjaði, fellur úr gildi um leið og hefðin er fullnuð, ef umráð hefðanda yfir eigninni hafa úti-

lokað afnotin. Nú stofnar annar en hefðandi afnotarétt með samningi yfir eign þeirri, er hefðandi hefir í eignarhaldi, og fellur þá afnotaréttur sá úr gildi um leið og eignarhefð er fullnuð, þótt ekki sé liðinn hefðartími fullur frá stofnan hans, ef eignarhald hefðanda hefir útilokað afnotin.

Afgjaldsskyldur, er á jörð hvíla, og sjálfsvörzluveðsréttur falla ekki úr gildi við það, að eign sú, er réttindi þessi hvíla á, verður hefðuð.

7. gr.

Notkun með samsvarandi skilyrðum og þeim, er gilda um eignarhefð, skapar afnotarétt.

8. gr.

Hefð á ósýnilegum ítökum, svo sem slægjum, beit, reka o. s. frv. getur að eins unnizt með 40 ára notkun og öðrum skilyrðum sömu sem eignarhefð.

9. gr.

Nú hefir maður haft jörð, er metin er til dýrleika eða útmælda lóð í kaupstöðum eða kauptúnum í eignarhaldi í hefðartíma fullan, án þess að hafa þinglesna eignarheimild, þá getur hann feingið eignardóm fyrir fasteigninni, ef hann uppfyllir eptirfarandi skilyrði,

1. að hann með stefnu, sem birt er á þann hátt, er fyrir er mælt í 10. gr., innkalli með 6 mánaða fyrirvara hvern þann, er tilkall kann að gera til eignarinnar,
2. að einginn mæti samkvæmt stefnunni, er sanni rétt sinn til eignarinnar eða önnur atvik, er útiloki eignarrétt eða hefð stefnanda.

Stefnandi er enn fremur skyldur til að mæta persónulega við fyrstu fyrirtekt málsins fyrir réttinum og leggja fram sannanir fyrir því, að stefnan hafi verið birt á lögskipaðan hátt, svo og sannanir fyrir því, að hann hafi haft eignina í hefðarhaldi hefðartíma fullan, og yfir höfuð gefa allar þær skýrslur og skýringar um eignarhaldið, er dómarinn finnur ástæðu til að heimta. Ennfremur ber honum að sanna eða gera sennilegt, að hann hefði ekki getað á annan hátt án mikilla erfiðleika, tímaspillis og kostnaðar feingið löglega eignarheimild fyrir eigninni.

Eignardóminum má svo þinglýsa sem eignarheimild fyrir jörðunni.

Eignardómsmál samkvæmt þessari grein skulu rekin fyrir aukarétti, er halda skal á skrifstofu lögsagnarumdæmis þess, er fasteignin liggur í.

10. gr.

Stefna sú, er getur um í 9. gr., skal birt þrisvar sinnum í blaði því á Íslandi, er flytur stjórnarvalda-auglýsingar, og skal enn fremur samtímis fest upp á þingstaðnum í dómþinghá þeirri, er fasteignin liggur í.

11. gr.

Ákvæði Jónsbókar í 26. kap. Landsleigubálks og ákvæði 16. gr. í erindisbréfi biskupanna 1. Júlí 1746 um hefð eru úr lögum numin.

12. gr.

Til að fylla hefðartíma má telja með eignarhald það, sem hefðandi

hefir haft áður en lög þessi ganga í gildi, þó svo, að eingin hefð eptir lögum þessum sé talin fullnuð fyrr en í árslok árið 1910.

Ed. til fátækralaga.

565. Frumvarp

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Sveitarstyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má ei án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Sveitarstyrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar og honum haga svo, sem hún telur rétt vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Sveitarstyrk skal endurgjalda eptir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af þurfaling sjálfum eða framfærslumanni (2.—30. gr.).

Sá er sveitarstyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín skilgetin, þangað til þau eru 16 ára. Söm er skylda móður við börn sín óskilgetin.

4. gr.

Nú geingur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, skilgetin eða óskilgetin, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnaðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni (39. og 40. gr.), og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giptist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og konan við skilgetin börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giptist honum, með annari konu.

Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aptur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Ef kona eignast barn óskilgetið, og maður sá, er hún kennir barnið, geingst eigi við faðerninu, á hún rétt á því, að sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er hún er heimilisföst eða stödd, veiti henni aðstoð sína til þess að barnsfaðernismál verði höfðað gegn manni þeim, er hún kennir barnið, á varnarþingi hans. Fara skal með mál það sem einkalögreglumál. Í barnsfaðernismáli skal við undirrétt hvorki greiða réttargjöld né gjald til réttarvotta eða stefnuvotta, en um önnur gjöld fer sem málið væri gjafsóknarmál af hálfu barnsmóður. Sé málinu áfrýjað, fer um slík gjöld við æðri rétti eptir almennum reglum.

Nú hefir maður geingizt við faðerni óskilgetins barns, eða það er löglega ákveðið, að hann skuli álítast faðir þess, og er honum þá jafnt móður þess skylt að framfæra og ala upp barnið samkvæmt því, er segir hér á eptir.

7. gr.

Þröngva má barnsföður með úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta, þar er hann á heima, til að gefa með óskilgetnu barni sínu helming meðgjafar eða meira, þó aldrei meira en meðgjöf þá, er í raun og veru er greidd með barninu.

Í yfirvaldsúrskurði þeim, er gerir barnsföður að skyldu að greiða meðlag með óskilgetnu barni sínu, eða meðlagsskyldan er staðfest með honum, skulu vera upplýsingar þær, er fyrir hendi eru, um aldur barnsföðursins, fæðingarstað og framfærslusveit.

8. gr.

Nú deyr karlmaður og lætur eptir sig barn óskilgetið yngra en 16 ára, og skal þá greiða af fjármunum dánarbúsins sem skuld, er komin sé í gjalddaga, barnsfúlgu þá, er hinn dáni skyldi greiða, hvort sem hún er ákveðin með meðlagsúrskurði eða samningi, svo framarlega sem beiðni kemur um það til skiptaráðanda áður en liðinn er skuldlýsingafrestur (proclama) eða 12 mánuðir frá láti hans, hafi skuldlýsingarfrestur eigi verið boðaður. Sé barnsfúlga sú, er hinn dáni gjalda skyldi, hvorki ákveðin með samningi né yfirvaldsúrskurði, skal greiða svo mikið, sem meðalmeðgjöf (9. gr.) með barninu nemur frá dánardægri hans þangað til það er 16 ára. Ef ekkja barnsföður er á lífi, þá skal eigi fé út leggja með öðrum óskilgetnum börnum hans en þeim, er fædd voru fyrir hið síðasta hjónaband, og skal þess gætt, er ekkja eða skilgetin börn barnsföður eru á lífi, að meðgjöf sú, er greidd er óskilgetnu barni til framfærslu, nemi eigi meira fé en því, er barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri.

Nú situr ekkja barnsföður í óskiptu búi, og heldur hún þá áfram að greiða meðgjöf þá, er á barnsföður hvíldi, að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta þykir hæfa eptir efnum hennar og með hliðsjón til fyrtéðra fyrirmæla.

Um barnsfúlgu, er greidd er af hendi í einu eptir lát föðursins, skal

fara sem um fé ómyndugra, og skal tiltaka, á hverjum tíma og hverjum greiða skal meðlögin.

Falli barnsfúlga niður að nokkru eða öllu fyrir þá sök, að barnið deyr áður en það er orðið 16 ára, þá skal fé það, er óeytt er, koma til skipta meðal erfingja barnsföður. Sparist fúlgan eða verði afgangur af henni af öðrum ástæðum, skal afgangurinn falla til barnsins.

9. gr.

Sé barnsfúlga, sem föður óskilgetins barns er skylt að borga samkvæmt úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta eða sættargerð, staðfestri af nefndu yfirvaldi, eigi greidd á réttum gjalddaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt að krefjast þess, að fúlgan verði greidd sér af sveitarfé í dvalarsveit sinni, þó eigi nema fyrir hið síðasta ár, og eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í; en upphæð meðalmeðgjafar ákveða sýslunefndir og bæjarstjórnir fyrir hvert sveitarfélag fyrir 5 ár í senn, og skal taka tillit til aldurs barnanna. Beiðni barnsmóður hér um skal fylgja meðlagsúrskurður sýslumanns eða bæjarfógeta löglega birtur (af stefnuvottum), eða sættargerð, staðfest af sama yfirvaldi, löglega birt, og lífsvottorð barnsins, og skal beiðandi jafnframt láta þær upplýsingar í té um framfærslusveit barnsföður, sem hún er fær um.

Meðlagið skal talið sveitarstyrkur til handa barnsföður frá dvalarsveit móðurinnar, og fer um endurgjald á honum sem á öðrum sveitarstyrk. Sannist það, að barnsfaðir hafi verið farinn af landi alfarinn eða dáinn, þegar meðlagið var fallið í gjalddaga, þá er framfærsluhreppur hans laus við að endurborga það, og skal styrkurinn talinn sveitarstyrkur, veittur barnsmóðurinni, nema hann sé þegar í stað endurgoldinn.

Nú hefir meðlagið eigi verið innheimt fyrir þá sök, að ekki hefir hafzt upp á barnsföður, eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, er ekki hefir feingið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er hann síðar kemur fram, að ganga að honum að lögum, ef ekki er um seinan, að því er meðlagið snertir, og enn fremur láta hann vinna af sér styrkinn á þann hátt, sem segir í 58. gr. þessara laga.

10. gr.

Sama rétt sem móðir að óskilgetnu barni hefir samkvæmt framansögðu, hafa og þeir menn, er annast eiga framfærslu og uppeldi barnsins eptir móðurina látna, burtfarna eða af líkum orsökum, og enn fremur framfærslusveit barnsins, þá er hún hefir orðið að takazt framfærslu þess á hendur.

11. gr.

Þá er móðir óskilgetins barns deyr, eða er alfarin af landi burt, eða hún álizt óhæf, að dómi hlutaðeigandi prests og sýslumanns eða bæjarfógeta, til að ala barnið upp, á faðir þess því að eins rétt á að fá það til sín, til framfærslu og uppeldis, að hann ættleiði það, eða hann fái til þess leyfi sýslumanns eða bæjarfógeta á þeim stað, þar er barnið er.

12. gr.

Þegar faðir óskilgetins barns hefir að lögum verið skyldaður til að greiða meðlag með því, en menn vita eigi, hvar hann er niðurkominn, hefir móðir barnsins rétt til þess, ef þörf gerist, að krefjast fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað hans. Sama rétt hefir bæði sá maður, er

á að annast framfærslu óskilgetins barns, hvort heldur eptir móður þess látna, eða burtfarna, eða af öðrum orsökum, og eins framfærslusveitin, hafi hún orðið að takazt framfærslu þess á hendur.

13. gr.

Heimilt er móður óskilgetins barns að krefjast þess, að föður þess verði gert að skyldu að greiða að minsta kosti helming þess kostnaðar, er af barnsförum leiddi fyrir hana. Upphæð þessarar fjárreiðslu getur barnsmóðirin heimt eptir reglum þeim, er segir í 9. gr.

14. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega eigi foreldrar verða sveitarþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau; þó skulu óskilgetin börn ekki skyld að framfæra föður sinn nema ættleidd séu og hafi alizt upp á vegum hans. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

15. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá, nema sveitarnefndinni í dvalarsveit þeirra þyki það eigi ráðlegt, af því að sérstaklega stendur á. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér, eða ráða verustað þess, sbr. þó 11. gr. hér að framan.

Vilji framfærslumaður eigi una ákvæði sveitarnefndar, er honum rétt að fá um það úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta.

Ef framfærsluþurfi er giptur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín, og hver gjalda meðlag, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

16. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast af ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

17. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstökum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

18. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs né húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sérstakri hjúkun, en húsbónda þess er skylt að

fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sérstaklegt sjúkrafæði — í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki leingur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kent, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í alt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki leingur en út vistráðningartímann og ekki yfir 50 aura um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eptir læknisráði, hvort heldur á sjúkrahús eða annað, enda sé hvorki því né húsbónda þess um leguna að kenna.

19. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið, þegar er hjúið verði sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slíkum skilmála, eður og af því að svo hefir verið um samið eptir að það varð sjúkt, þá losast húsbóndinn eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eptir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu, né framfærslumanni þess eða sveit.

20. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sé á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, né öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

21. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eptir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greptrun þess, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

22. gr.

Hver sá húsráðandi eða landeigandi, sem tekur mann í húsmensku á heimili sitt eða land, þann er eigi hefir húsmenskuleyfi, skal framfæra hann og skyldulið hans, ef hann verður sveitarþurfi, til næstu fardaga, án endurgjalds frá framfærslusveit hans.

23. gr.

Ef lögskráður skipverji sýkist eða slasast við vinnu sína í þarfir skipsins, þannig að hann kemst eigi með skipinu, og er sjálfum eigi um að kenna, þá á hann að fá lækning og hjúkrun á kostnað útgerðarmanns, þó ekki leingur en um 4 vikur.

Nú sýkist skipverji eða slasast, meðan skip er á ferð, og er honum eigi um að kenna, og skal honum þá hjúkrað á skipi, eða hann sendur í land til lækningar og hjúkrunar, ef það er gerandi og þörf á því. Ef hann er eigi orðinn svo ferðafær, er skipið fer þaðan, sem hann var fluttur í land, að hann verði hafður með, þá skal skipstjóri annast um að haldið verði áfram

að veita honum aðhjúkrun í landi og að hann verði, þegar þar að kemur, sendur heim, hvorttveggja á kostnað útgerðarmanns.

24. gr.

Ef einhver skipverja deyr á ferð, þá annast skipstjóri útför hans, en útfararkostnaðinn má borga af kaupi hans meðan hrekkur.

25. gr.

Nú sýkist skipverji og er sjálfur valdur að, og er skipstjóri eingu að síður skyldur til að útvega honum lækning og aðhjúkrun, hvort heldur á skipinu eða í landi erlendis; og sé það erlendis skal skipstjóri fé út leggja fyrir fram í þessu skyni, svo sem þörf er á; en kostnað af þessu má borga af kaupi hans, meðan það hrekkur.

26. gr.

Ef skipverji er sjúkur, án þess sjálfum honum verði um kent, þá er skipið kemur heim, þá á hann að fá lækning og aðhjúkrun í alt að 4 vikur á kostnað útgerðarmanns.

27. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eptir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi leingur en 6 mánuði. Sé sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að, og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eptir að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undan þeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður umsamið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 16., 17. og 20. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 17. gr. og ofangreind fyrirmæli um rétt lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sé eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

28.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með þurfamann sinn eða ómaga, og er þá sveitinni skylt að annast framfærslu þurfamannsins eða ómagans gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin í dvalarsveit hans álítur, að hann sé fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta, en úrskurði þeim má skjóta til stjórnarráðsins.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né heldur um framfærslu þá, er getur um í 16.—21. gr. og 23.—27. gr.

29. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður sýslumaður í þeirri sýslu, eða bæjarfógeti í þeim kaupstað, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (13. gr.)

30. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (29. gr.) löglega birtur, og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. December 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (39. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara, sem segir í lögum þessum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. kafli.

Um framfærslusveit.

31. gr.

Hver hreppur, kaupstaður eða kauptún, er hefir sveitarstjórn sérstaka, er framfærslusveit fyrir sig. Nú er skipt sveit eða sveitarmörkum breytt, og heldur þá sveitfestisdvölin áfram í þeirri sveit, er maður verður í við skiptinguna eða merkjabreytinguna, þannig að maður verður sveitfastur í þeirri sveit á þann hátt, að lögð er við dvöl hans þar eptir skiptinguna dvöl hans í hinu forna sveitarfélagi hans.

32. gr.

Með þeirri undantekningu, sem getur um í 36. gr. laga þessara, vinnur hver sá, er hefir rétt innborinna manna, sér framfærslurétt í þeirri sveit (31. gr.), þar er hann hefir eptir 16 ára aldur dvalið 10 ár samfleytt búandi, vistfastur, eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum.

33. gr.

Nú hefir maður unnið sér sveit víðar en í einu sveitarfélagi, og á hann þá rétt til framfærslu í þeirri sveit einni, þar er hann hefir síðast unnið sér sveit. Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 65 ára gamall, heldur hann síðan.

34. gr.

Sveitfestisdvöl telst frá þeim degi, að honum meðtöldum, er innflytjandi tekur sér fast aðsetur í sveitinni, til þess dags, að þeim degi meðtöldum, er hann víkur þaðan burtu. Nú er hjú ráðið skildaga á milli og kemur í vist hálfum mánuði eptir hjúaskildaga, eða fer úr vist hálfum mánuði fyrir

hjúaskildaga, og skal þó telja árið fult. Sama er og þótt hjúið fari meira en hálfum mánuði fyrir skildaga úr vistinni, ef það er af því, að hjúaskildagi er fyrr í þeirri sveit, er hjúið fer í, en í hinni, er það fer úr, enda fari það vist úr vist; svo er og, að telja skal árið fult, ef maður kemur um fardaga og fer aptur á hjúaskildaga. Eigi slitnar sveitfestisdvöl fyrir það, þótt maður sé í vist að hálfu í annari sveit, ef hann er þar eigi meira en eitt sveitfestisárið að hálfu.

Ef vinnuhjú flytur að vísu ekki í vistina heim til húsbónda síns á vinnuhjúaskildaga, en fer þó þá þegar að vinna honum, t. a. m. í veri, á fiskiskútu o. s. frv., enda flytji í rauninni heim áður en vistarárið er hálfnað, þá telst það svo, sem það hafi byrjað dvöl sína á vinnuhjúaskildaga í sveit þeirri, er húsbóndi þess á heima í.

Lausamaður vinnur sér eigi sveit, þar sem hann hefir ársheimili samkvæmt 3. gr. í lögum 2. Febr. 1894 um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. Maí 1863 og viðauka við hana, nema hann dvelji þar að minsta kosti fjórðung af árinu.

Nú á maður fleiri heimili en eitt, og vinnur hann þá sveit, þar er aðalaðsetur hans er.

35. gr.

Eigi vinnur maður framfærslurétt með dvöl sinni á skóla, sjúkrahúsi, holdsveikrahæli eða þess konar stofnun, eða fangahúsi. Slík dvöl slítur eigi heldur sveitfestisdvöl í þeirri sveit, þar er maður hefir verið næst áður, þannig að eigi maður á meðan sjálfstætt heimili í þeirri sveit, þá telst það aðalaðsetur hans, en hafi hann ekki haldið þar neinu heimili, þá vinnur hann að vísu hvergi sveit, meðan hann dvelur í skóla, sjúkrahúsi, holdsveikrahæli eða þess konar stofnun eða fangahúsi, en heldur að eins áfram sveitfestisdvölinni, ef hann hverfur aptur til hinnar sömu sveitar eptir dvöl sína á nefndum stofnunum.

Eigi vinnur maður sér heldur framfærslurétt með ólöglegri dvöl í húsmensku.

36. gr.

Þeir menn, er fæddir eru í Danmörku eða í Færeyjum og eiga ekki framfærslusveit hér samkvæmt 41. gr. (sbr. 39. og 40. gr.) þessara laga, vinna sér framfærslurétt hér á landi með 10 ára óslitinni dvöl í sömu sveit eptir 16 ára aldur, og að öðru leyti eptir framansögðum ákvæðum (31.—35. gr.).

37. gr.

Utanríkismenn vinna sveit hér á landi, þá er þeir fá rétt innborinna manna, og eiga þá framfærslurétt í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili, er þeir fá rétt innborinna manna, þangað til þeir vinna sér sveit með 10 ára dvöl annarsstaðar.

38. gr.

Kona gipt er jafnan sveitföst þar, er maður hennar á sveit, og heldur ekkja manns sveitfesti þeirri, er maður hennar átti á deyjanda degi, þangað til hún vinnur sér sjálf sveit. Svo heldur og kona, er skilin er að lögum við mann sinn, sveit þeirri, er hann átti, er þau skildu, þangað til hún vinnur sér sjálf sveit.

39. gr.

Börn skilgetin og yngri en 16 ára fylgja framfærslusveit foreldranna þannig: Ef foreldrar eru báðir á lífi og hjónabandi þeirra eigi slitið að lögum,

fylgja börnin sveit föður sins. Ef að eins annað foreldra er á lífi, þá fylgja börnin framfærslusveit þess. Nú eru báðir foreldrar dánir, og fylgja þá börnin framfærslusveit þess þeirra, er síðar andaðist. Ef báðir foreldrarnir eru á lífi, en hjónabandi þeirra slitið að lögum, þá fylgir barn framfærslusveit þess foreldris, er það er hjá, eða síðast var hjá, eða það er á vegum þess.

40. gr.

Óskilgetin börn, yngri en 16 ára, fylgja framfærslusveit móður sinnar.

41. gr.

Maður 16 ára að aldri á framfærslurétt í fæðingarsveit sinni, þangað til hann vinnur sér sveit.

42. gr.

Fæðingarsveit manns er sú sveit, þar er móðir hans átti lögheimili, er hann fæddist, eða átti síðast, áður en barnið fæddist. Nú verður þetta eigi vitað, og er þá sú sveit fæðingarsveit manns, þar er móðir hans var stödd, er hún ól hann.

43. gr.

Maður, sem eptir framansögðu hefir öðlazt framfærslurétt á Íslandi, missir hann:

1. þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra réttinda, er bundin eru við rétt innborinna manna. En fái hann aptur þessi réttindi, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann átti áður en hann varð borgari annars ríkis, þangað til hann vinnur sér sveit af nýju eptir framantöldum ákvæðum.
2. Þá er hann vinnur sér sveit í Danmörku eða Færeyjum, þangað til hann vinnur sér sveit aptur á Íslandi eptir hinum almennu reglum.

44. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi samkvæmt framanskráðum ákvæðum, þurfandi fátækrastyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í þeirri sveit, þar er hann á lögheimili, eða, ef hann ekkert lögheimili á hér á landi, þá í þeirri sveit, þar er hann dvelur, er hann verður styrks þurfandi.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu manns, sem ekki á sveit hér á landi eptir ákvæðum þessara laga, eða sveitfesti hans verður eigi fundin, og stjórnarráðið álítur að ekki verði hjá því komizt að veita manni þeim viðtöku, og er þá rétt, að stjórnarráðið vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er það til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum, skal henni endurgoldinn af landssjóði.

III. kafli.

Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

45. gr.

Sveitarstyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé svo sem verða má hvorstveggja í einu, hagsmuna fátækrafélagsins, og þarfa og velferðar þurfalingsins.

46. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

47. gr.

Þurfamönnum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim á heimili þeirra, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara á sjúkrahús, ef læknir álitur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða vinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og stjórnarráðið hefir sett reglur fyrir.

48. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum, yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum.

Eingu síður skal kosta kapps um að velja slík heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

49. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja af sveit, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og hæfilega fræðslu og venjast algeingri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talinn sveitarstyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

50. gr.

Sóknarprestar skulu líta eptir því, að fyrirmælum í 48. og 49. gr. sé fylgt, og yfir höfuð, að vel sé farið með börn þau, er þar ræðir um, svo og alla aðra niðursetninga í sóknum þeirra, sem og þurfamannabörn, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti þykir einhverstaðar vera misbrestur á þessu, og hann getur eigi með umvöndun komið lögun á það, ber honum að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn, er gjalda til sveitar, hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær.

Rannsókn um slíkar kærur skal framfara á manntalsþingi, þegar því verður við komið, og kostnaðarlaust, nema brýna nauðsyn beri til að hraða rannsókninni, vegna þess að um glæpsamlegt athæfi sé að ræða.

51. gr.

Fátækrastjórn skal gera sér far um að stuðla að því, að börn, sem upp eru alin á sveit, fái sæmilega atvinnu, þá er þau eru af ómagaaldri.

52. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita fátækrastyrks vegna þess að að þeim þreingir um stund, má hreppsnefnd eða bæjarstjórn vísa á atvinnu, ef fæst, eða til opinberrar vinnustofnunar, ef til er.

IV. kafli.

Vald sveitarstjórnar yfir þurfamönnum.

53. gr.

Sá, sem þegið hefir sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld.

Sveitarstyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barni innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en annars því foreldri barnsins, er barnið fylgir að sveitfesti (39. og 40. gr.), ef það foreldri barnsins er á lífi; en sé barnið munaðarlaust, fellur endurgjaldskrafan niður.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefjast endurgjalds á styrk veittum af sveitarfé til að greiða:

a. Kennslukaup fyrir barn í barnaskóla, eða hjá farkennara, eða gjald fyrir nauðsynlegar bækur og önnur kennsluáhöld handa barninu, og
b. Greptrunarkostnað þurfamanns, að því leyti er eptirlátnar reitur þeirra eigi hrökkva til.

Styrkur veittur framfærslumanni í þessu skyni skal eigi talinn honum veittur sem eiginlegur sveitarstyrkur, og eigi koma honum að neinu leyti til baga.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 5 ár eru liðin frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit. Ef þurfamaðurinn hefir þegið af sveit á síðustu 5 árum, þarf samþykki sýslunefndar til að gefa upp styrkinn.

54. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr, og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eptirlifandi meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau voru þá í.

55. gr.

Þegar þeginn sveitarstyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar eða að minsta kosti oddviti hefir skrifað undir innfærsluna, að hún sé rétt tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðst lögtaks á skuldum eptir fyrirmælum laga 16. Dec. 1885 um lögtak og fjárnám án dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram, en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

56. gr.

Sveitarstjórnin getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eptirriti af uppskriptargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á uppskrifuðu munina skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur sveitarþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær þurfamanni í hendur, eru eptir sem áður eign sveitarinnar.

57. gr.

Sannist það fyrir stjórnarráðinu, að sá, er þiggur eða þegið hefi sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eptirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal stjórnarráðið eptir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sé endurgoldinn, skal stjórnarráðið nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

58. gr.

Sá, sem þiggur af sveit, og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist, og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er sker úr því, eptir að hafa feingið umsögn sveitarstjórnarinnar og leitað álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur sveitarstjórn látið föður óskilgetins barns vinna af sér barnsfúlgu þá, er sveitin hefir orðið að borga samkvæmt 9. gr., hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá.

59. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eptir málavöxtum.

Hýsi maður að nauðsynjalausu þurfamann, sem honum er kunnugt um að óhlýðnast skipun hreppsnefndar, eða þiggi verk af honum, skal hann sekur um alt að 100 kr., er renna í sveitarsjóð þar er brotið er framið.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál,

60. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra heimtar, skyldur að setja viðunanlega trygging fyrir því, að vandamenn hans, er eptir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minsta kosti um næstu 3 ár, nema

veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt.

61. gr.

Nú sýnir þurfalingur mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi uppá venjulegt fangaviðurværi í alt að 3 mánuði, þó því að eins að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eptir reglum, er stjórnarráðið þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eptir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

62. gr.

Einginn maður, karl eður kona, má kvongast eða giptast meðan hann stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, nema sveitarstjórnin, þar sem brúðguminn er sveitlægur, gefi samþykki sitt til þess.

V. kafli.

Viðskipti sveitarstjórna.

63. gr.

Nú þarfnast maður sveitarstyrks og skal hann veittur honum af dvalarsveit, jafnt fyrir það, þótt hann sé eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveitin aldrei heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 68. gr., en skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur, að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir veittur verið af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin eigi fékk endurborgaðan, verði að réttri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveitin rétt á að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er um ræðir í 3. málsgrein 53. greinar.

64. gr.

Áður en utansveitarþurfaling sé veittur sveitarstyrkur, skal — nema styrksþörfin sé svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þó svo fljótt sem unt er —, sveitarstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað, aldur þurfamannsins og framfærslusveit hans, þá er hann var 16 ára gamall; sé hann giptur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gipzt.
2. Æfiferil hans eptir 16 ára aldur.
3. Hvort og hvenær hann hafi þegið sveitarstyrk, og hvort styrkurinn sé endurgoldinn.
4. Heimilisástæður hans og hag yfirleitt og hversvegna hann sé þurfandi orðinn.

Sé skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rétti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er stjórnarráðið semur, gefin undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og þurfamanninum sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrsluna eptir beztu vitund, og sé skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, er hentugast er.

Ef utansveitarbarn yngra en 16 ára þarfnast styrks, og hvorugt foreldra er innansveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helzt mega af vita.

65. gr.

Nú er skýrsla sú, er um getur í næstu grein á undan, eigi tekin á löglegan hátt, áður en styrkurinn er veittur, eða svo fljótt og svo fullkomin, sem unt er, og missir þá hlutaðeigandi sveitarfélag réttinn til endurgjalds á styrknum.

66. gr.

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 63. gr., og skal þá fátækrastjórnin, áður en hálfur mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda sýslumanni sínum eða bæjarfógeta áskorun um að útvega svo fljótt, sem við verður komið, viðurkenning fyrir sveitfesti þurfamanns, eða sönnun fyrir, hvar hann sé sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvíst. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sé endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt í 64. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gera það, sem fyrir er mælt í grein þessari, missir sveitarsjóður rétt til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.

67. gr.

Hvar þess er dvalarsveit missir fyrir vanrækslu sveitarstjórnar, lögreglustjóra eða hreppstjóra rétt til endurgjalds á styrk veittum utansveitarmanni, skulu þeir, er sekir eru, bæta sveitinni skaðann.

68. gr.

Þegar gerð er fyrirspurn til sveitarstjórnar um það, hvort hún kannist við framfærslurétt þurfalings í sveit sinni, eða sent erindi um önnur atriði viðvíkjandi sveitfesti þurfalings eða styrk honum veittan, skal hún, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er málaleitun barst henni til handa, senda hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta svar sitt upp á hana; að öðrum kosti skal það varða hana sektum, eptir atvikum dagsektum, sem renna í sýslusjóð eptir ákvæði sýslumanns, eða í landssjóð eptir ákvæði stjórnarráðsins ef bæjarstjórn er sek.

Nú verður dráttur á endurborgun sveitarstyrks til dvalarsveitar af hálfu framfærslusveitar meir en 6 mánuði, frá því hún fékk tilkynning um sveitarstyrkinn, og skal þá síðarnefnd sveit greiða vexti af styrksupphæðinni, 5 af hundraði um árið, frá þeim tíma.

Nú verður eptir úrskurði yfirvalds óþarfur dráttur af hálfu framfærslusveitar á að viðurkenna sveitfesti þurfalings, og skal hún þá endurgreiða dvalarsveit hans allan þann styrk, er dvalarsveitin hefir veitt honum frá þeim tíma, sem framfærslusveit fékk tilkynning um þurfaling.

69 gr.

Nú hefir maður, sem framfærslurétt á annarsstaðar, þegið 100 kr. styrk eða meir í dvalarsveit sinni, og bersýnilegt er, að hann sé kominn á stöðugt sveitarframfæri, og hefir þá dvalarsveit hans og framfærslusveit hvor um sig rétt til að krefjast þess, að hann sé fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína.

70. gr.

Þurfaling má eigi flytja fátækraflutningi úr einum hreppi í annan, nema áður sje ákveðið, hvar hann eigi framfærslurétt, annaðhvort með yfirlýsingu sveitarstjórnar þeirrar, er í hlut á, eða með úrskurði yfirvalds.

71. gr.

Nú á þurfalingur að flytjast á framfærslusveit sína, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti fá honum vegabréf, er sýni, frá hverri sveit og til hverrar sveitar hann skuli fluttur, svo og hve mart fólk er í flutningnum, ef um fleiri er að ræða. Skal tilgreina nöfn þeirra og aldur.

72. gr.

Dvalarsveit og framfærslusveit þurfalings annast flutning hans; koma þær sér saman um, hvor þeirra skuli framkvæma hann, en náist ekki samkomulag um það, getur dvalarsveit ein annast flutninginn. Ef framfærslusveitin heimtar, að fátækraflutningur skuli fram fara, án þess að tiltaka, hvernig honum skuli hagað, skal líta svo á, að hún ætlist til, að sveitarnefndin í dvalarsveitinni annist flutninginn, enda skal hin síðarnefnda þá skyld þar til.

Flutningurinn byrjar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í dvalarsveitinni, og endar hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í framfærslusveitinni.

73. gr.

Þurfamann skal flytja svo beina leið, sem verður, hvort sem flutningurinn fer fram landveg eða sjóveg; svo skal haga flutningi þurfalings, að lífi hans og heilsu sé eigi í hættu stofnað.

74. gr.

Af kostnaði við flutning þurfamanns ber dvalarsveit einn þriðjung en framfærslusveit tvo þriðjunga; skal allur kostnaðurinn greiddur til bráðabirgða úr sjóði þess sveitarfélags, er flutninginn annast.

Flutningskostnaðinn skal eigi telja sveitarstyrk veittan þurfaling.

75. gr.

Nú vanrækir sveitarstjórnin í dvalarsveitinni að flytja þurfamann fátækraflutningi, er henni bar að annast, og skal þá framfærslusveitin með öllu laus við að endurgjalda styrk þann, er þurfamaðurinn þiggur í dvalarsveitinni frá þeim tíma, er flutningurinn hefði átt fram að fara, þangað til hann verður framkvæmdur.

76. gr,

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja sýslumaður eða bæjarfógeti, þar er

það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði sýslumanns eða bæjarfógeta má hvor málsparta skjóta til stjórnarráðsins á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila varð kunnugt um úrskurð sýslumanns eða bæjarfógeta, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu stjórnarráðsins, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli ráðherra Íslands og innanríkisráðherrans, og úr deilu milli íslenzkrar sveitar og færeyskrar með samkomulagi milli Íslandsráðherra og dómsmálaráðherrans.

VI. kafli.

Sérstakur styrkur úr landssjóði.

77. gr.

Ef þurfalingur fer eptir læknisráði á sjúkrahús – annað en holdsveikraspítala — þá kostar framfærslusveit hans dvöl hans þar, lyf og læknishjálp, alt að 200 kr. á ári. Það, sem fram yfir er 200 kr., greiðist úr landssjóði, þó aldrei nema fyrir tvo þurfalinga í einu úr sama sveitarfélagi eða bæjarfélagi.

78. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur sveitarstyrkur erlendis, og er þá framfærslusveit hans skylt að endurgjalda þann styrk alt að 200 kr. um árið. Það, sem fram yfir er 200 kr., greiðist úr landssjóði. Sömuleiðis greiðist úr landssjóði allur kostnaður við flutning þess þurfamanns og skylduliðs hans frá útlöndum alla leið til framfærsluhreppsins, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst eigi á annan hátt endurgoldinn.

Landssjóðsstyrkur samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan er ekki apturkræfur.

VII. kafli.

Um það, hver lagaákvæði séu numin úr gildi með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

79. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Tilsk. 14. Oktbr. 1763 um greiðslu meðlags með óskilgetnum börnum.

Tilsk. 10. Decbr. 1790 um meðlag með óskilgetnum börnum.

Tilsk. 30. Maí 1794 um uppfóstur óskilgetinna barna.

Tilsk. 10. Ágúst 1798 um þvingun við menn, sem skildir eru við konur sínar að borði og sæng.

Kansellíbréf 5. Desember 1820 um greiðslu framfærslueyris með óskilgetnum börnum af launum vinnuhjúa.

Opið bréf 28. Maí 1825 um meðferð mála um meðlag með óskilgetnum börnum.

Reglugerð 8. Janúar 1834 fyrir fátækramálefna lögun og stjórn á Íslandi.

Opið bréf 6. December 1839 um breyting á löggjöfinni um meðlag með óskilgetnum börnum.

Opið bréf 6. Júlí 1848 um breyting á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til að eignast sveit eptir 6. gr. í reglugerðinni 8. Janúar 1834.

Opið bréf 17. April 1868 um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum.

4. gr. í tilsk. 25. Júní 1869 um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum.

Lög 4. Nóvember 1887 um sveitarstyrk og fúlgu.

Lög 7. Febrúar 1890 um breyting á lögum um sveitarstyrk og fúlgu.

Lög 12. Janúar 1900 um meðlag með óskilgetnum börnum o. fl.

Lög 23. Október 1903 um viðauka við lög um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. frá 12. Janúar 1900.

Loks eru úr gildi feld öll önnur ákvæði gildandi laga, þau er koma í bága við lög þessi.

80. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1907.

Ed.

566. Frumvarp

til laga um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hverjum þeim, sem leyst hefir af hendi fullkomið lögfræðispróf, er aðgang veitir að embættum þeim hér á landi, sem lögfræðingar skipa, sbr. 4. gr. laga nr. 3 frá 4. Marz 1904, og að öðru leyti fullnægir þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess að geta feingið embætti á Íslandi, getur ráðherra Íslands veitt alment leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn. Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal áður en leyfisbréfið er afhent honum, undirskrifa eiðstaf um, að hann skuli flytja mál þau, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmensku, og í hvívetna rækja störf sín ráðvendnislega og með samvizkusemi. Málaflutningsmaður fyrirgerir þessum rétti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svívirðilegt, eða missir fjárráð sín.

2. gr.

Yfirdómsmálaflutningsmenn þeir, sem nú eru og þeir, sem leyfi hafa feingið samkvæmt 1. gr., eru skyldir til að flytja sakamál og gjafsóknarmál eptir því, sem þeir fá skipun til og eptir sömu reglum og fylgt hefir verið hingað til.

Nú óskar sakborningur eða gjafsóknarhafi, að einhverjum ákveðnum málaflutningsmanni sé falið mál hans fyrir yfirdómi, og skal þá sá skipaður til þess.

3. gr.

Málaflutningsmenn, er skipaðir eru til að flytja gjafsóknarmál, skulu eiga heimting á málaflutningskaupi eins fyrir það, þótt þeir vinni eigi málið, ef flutningur málsins hefir af þeirra hálfu verið óaðfinnanlega af hendi leystur.

4. gr.

Einkaréttur sá, sem hinum settu málaflutningsmönnum við landsyfirdóminn er veittur með konungsúrskurði 19. Marz 1858, skal afnuminn.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Ed. **567. Frumvarp**

til laga um forkaupsrétt leiguliða o. fl.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þegar jarðeign, sem er í bygging, geingur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafnmikið verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann öðrum fremur hafa rétt til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sé honum eigi gerð erfiðari borgunarkjör eða aðrir skilmálar en í raun og veru standa til boða frá öðrum.

Nú hefir ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega bygt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrétti það sem eptir er af ábúðartíð hans, meðan jörð er óbygð; en frá þeim tíma á sá forkaupsréttinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár, og hefir feingið bygging fyrir henni.

Nú eru ábúendur á jarðeign þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sérhverjum þeirra til kaups; vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðunni, en annars ræður eigandi hverjum þeirra hann selur.

2. gr.

Nú eru afréttarlönd eða óbygð lönd, er nota má til afrétta, seld út af fyrir sig, og á þá sveitarfélag það, eða sveitarfélög þau, sem land það liggur undir, forkaupsréttinn.

3. gr.

Nú eru ítök, skógar, fossar eða önnur jarðgögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, önnur en laxveiði og silungsveiði, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrétt til kaups eða leigu, er land á undir.

4. gr.

Nú afsalar sá sér forkaupsrétti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfélag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsréttinn.

5. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsréttar samkvæmt lögum þessum, skal segja til þess innan hálfs mánaðar frá því, er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja; sama er og um leigurétt samkvæmt 3. gr.

Rétt er að bjóða sveitarfélagi kaup, að frágeingnum þeim, er forkaupsréttinn á, þótt hann sé enn eigi búinn að afsala sér forkaupsréttinum.

Yfirlýsing þess, er forgangsrétt á samkvæmt 1., 2. og 3. grein, um að hann afsali sér forgangsréttinum, gildir eigi leingur en 6 mánuði.

6. gr.

Sé eigi gætt fyrirmælanna í 1.—4. gr., getur sá, er forgangsréttur hans er fyrir borð borinn, krafizt þess, að gjörningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sé ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rétt á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sé lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fékk vitneskju um misfelluna, og málinu framhaldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rétthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numið konungsbréf 22. Dec. 1797 um forkaupsrétt leiguliða og tilsk. 18. Júní 1723, að því, er Ísland snertir.

Nd. **568. Frumvarp**

til laga um varnarþing í skuldamálum.

(Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ef skuld er stofnuð við fasta verzlun eða aðra heimilisfasta atvinnustofnun hér á landi, á skuldheimtumaður rétt á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunaut í þinghá þeirri, er skuldin er stofnuð í, eins og væri þar varnarþing hans, enda sé skuldin eigi stofnuð fyrr en lög þessi öðlast gildi. Eigi raskar þetta þó ákvæðum þeim, er nú gilda um varnarþing, er bundið er við fasteign.

Lög þessi ná til þeirra einna skuldaskipta, er skuldheimtumaður er kaupmaður, eða hefir á annan hátt atvinnu sína af viðskiptum, svo sem lyfsalar, bóksalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita og aðrir, sem líkt stendur á með.

Því að eins gilda fyrirmæli þessarar greinar, að fyrirtökudagur málsins falli á missirinu milli 1. Maí og 1. Nóvember.

2. gr.

Mál þau, er um er rætt í þessum lögum, skulu rekin fyrir gestarétti, en birta skal stefnuna á lögheimili skuldunauts með þriggja vikna fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis sem fyrirtökustaðurinn, með 6 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmisins, en þó í sama landsfjórðungi, en með níu vikna fresti, ef það er í öðrum landsfjórðungi.

Með »landsfjórðungi« er hér átt við svæði það, er amtsráðin nú taka yfir.

Nd. **569. Frumvarp**
til laga um fræðslu barna o. fl.
(Eptir 2. umr. í Nd.)

I. kafli.

Um fræðslukröfur.

1. gr.

Hvert barn 10 ára að aldri skal vera orðið nokkurn veginn læst og skrifandi, ef það er til þess hæft. Komist fræðslunefnd (sbr. 20. gr.) að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi uppfræðslu í þessu tilliti, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni með aðstoð sóknarprests og fyrir tilstyrk viðkomandi sveitarstjórnar að gera ráðstöfun til, að börnunum verði komið fyrir annarstaðar, þar sem þau fái nauðsynlega tilsögn. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en borga má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnað þennan má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á að hafa lært:

1. að lesa móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gert skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurn veginn ritvillulaust og mállýtalaust; það skal vita nokkuð um merkustu menn vora, einkum þá, er lifað hafa á síðustu öldum, og kunna utanbókar nokkur íslenzk kvæði, helzt ættjarðarljóð og söguleg kvæði, og geta skýrt rétt frá efni þeirra í óbundnu máli.
2. að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.
3. í kristnum fræðum það, sem heimtað er eða heimtað kann að verða, að börnin kunni í þeirri grein til fermingar;
4. fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum (einnig tugabrotum) og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einföldustu líkama; það skal og vera leikið í því að reikna með lágum tölum í huganum.
5. að nota landabréf; það skal og hafa nokkra þekking á náttúru Íslands og atvinnuvegum þjóðar vorrar, þekkja legu helztu landa í Norðurálfunni og vita hvernig álfur liggja á hnettinum.
6. nokkur einföld saunglög, einkum við íslenzk ættjarðarljóð.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem 2. gr. ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta skóla, öðlast þá fræðslu í landafræði, sögu Íslands, náttúrufræði og öðrum greinum, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugerðum skólanna.

II. kafli.

Um fræðslusamþyktir.

4. gr.

Fræðslunefnd er heimilt að gera fræðslusamþyktir fyrir það fræðsluhérað (sbr. 20. gr.), er hún er skipuð fyrir, eða fyrir nokkurn hluta þess, á þann hátt, er segir í 5.—9. gr. þessara laga.

5. gr.

Þegar fræðslunefnd álítur hagfelt að gera fræðslusamþykt fyrir fræðsluhéraðið eða nokkurn hluta þess, skal hún kveðja til fundar í því héraði eða á því svæði, sem ætlazt er til, að samþyktin nái yfir, alla þá menn, er þar búa og atkvæðisrétt hafa í sveitamálum.

Fræðslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, og skal formaður fræðslunefndar vera fundarstjóri, eða sá annar af fræðslunefndarmönnum, er fræðslunefnd kýs til þess. Þá er fundur lögmætur er $^2/_3$ allra atkvæðisbærra manna á því svæði, sem samþyktin skal ná til, eru á fundi.

6. gr.

Fræðslunefnd leggur fyrir fundinn frumvarp til samþyktar þeirrar, er hún vill koma á, og ber það undir álit og atkvæði fundarins. Til þess að frumvarpið verði samþykt þarf $^2/_3$ atkvæða þeirra, er á fundi eru. Breytingartillögur við frumvarp fræsðlunefndar geta því að eins komið til atkvæða, að meiri hluti fræðslunefndar samþykki þær. Til þess að breytingartillögur verði samþyktar þarf $^2/_3$ atkvæða þeirra, er á fundi eru. Þegar frumvarpið er þannig samþykt, sendir fræðslunefnd það yfirstjórn fræðslumála (sbr. 25. gr.) til staðfestingar.

7. gr.

Nú virðist yfirstjórn fræðslumála, að fyrirmæli fræðslusamþyktar gangi of nærri frelsi manna, eða komi á einhvern hátt í bága við lög eða grundvallarreglur laga, og synjar hún þá um staðfesting, en skýra skal hún um leið fræðslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir yfirstjórnin fræðslusamþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hve nær hún öðlist gildi, og er samþyktin upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþyktin nær yfir.

8. gr.

Í fræðslusamþykt má ákveða um stofnun heimangaunguskóla, heimavistaskóla, farskólahald, eptirlit með heimafræðslu, ráðning kennara, laun þeirra, kenslutíma, nauðsynlegar kenslubækur og kensluáhöld, kenslueyri og yfir höfuð alt, sem að fræðslunni lýtur.

Í fræðslusamþykt skal ávalt greinilega tiltekið, hvernig greiða skul kostnað þann, er af samþyktinni leiðir. Heimilt er að ákveða, að kostnaðurinn greiðist úr sveitarsjóði, en rétt hefir hreppsnefndin til að fá hann endurgoldinn með kenslueyri, að svo miklu leyti sem þörf er á. Kenslueyri má taka lögtaki. Sé kenslueyrir ófáanlegur sakir fátæktar, greiðist hann úr sveitarsjóði.

Í fræðslusamþykt má og setja ákvæði um, að almenn skólaskylda skuli innleidd fyrir börn á aldrinum 10—14 ára. Þó skulu börn vera undanþegin

skólaskyldu, ef heimilisfeður þeirra færa sönnur á, að þau njóti fullnægjandi heimafræðslu. Um undanþágu frá skólaskyldu úrskurðar fræðslunefnd, en skjóta má úrskurði hennar til yfirstjórnar fræðslumála.

9. gr.

Brot móti löggiltri fræðslusamþykt varðar sektum frá 1—25 kr. eptir úrskurði lögreglustjóra í bréfi til fræðslunefndar. Sektirnar renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

III. kafli.

Um próf.

10. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hverju fræðsluhéraði. Við próf skal ávalt vera einn prófdómandi. Í kaupstöðum skipar fræðslunefnd prófdómanda og skulu honum greidd hæfileg laun úr bæjarsjóði. Utan kaupstaða skipar sýslunefnd prófdómanda og fær hann 4 kr. í dagpeninga, er greiðist úr landssjóði. Eptir prófið skal prófdómandinn senda þeirri nefnd, er hefir kosið hann, skriflegt álit sitt um hag barnafræðslunnar í því skólahéraði, þar sem prófið er haldið, en nefndin sendir álitið til yfirstjórnar fræðslumála.

Próf skal fara fram á vorin og ákveður fræðslunefnd stað og tíma og gerir þeim prófdómanda, sem skipaður er, viðvart með nægum fyrirvara.

Til prófs skulu koma öll börn, sem eru 10 ára að aldri og alt að fullra 14 ára.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs, án gildra forfalla, og sætir þá sá, er barnið hefir til framfærslu, sektum frá 2 til 20 kr. eptir úrskurði lögreglustjóra í bréfi til fræðslunefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð.

11. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur séu til, að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu, áður en það er 14 ára fullra, ber fræðslunefnd að gera ráðstafanir til, að lögð sé við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sérstaka kenslu á kostnað þess, er barnið hefir til framfærslu, samkvæmt því sem segir í 1. gr.

12. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefir eigi feingið hina lögskipuðu kunnáttu ber, fræðslunefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 11. gr., og er því skylt að koma árlega til prófs, unz það stenzt prófið eða er fullra 16 ára. Undanskilin fyrirmælum þessarar greinar og fyrirmælum næstu greinar á undan eru þau börn, er fræðslunefndin dæmir óhæf til hins lögboðna náms sakir gáfnaskorts eða vanheilsu.

13. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

IV. kafli.

Um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnafræðslu.

14. gr.

Styrkur úr landssjóði til barnafræðslu utan kaupstaða veitist eptir þeim reglum, sem segir í eptirfarandi greinum.

15. gr.

Ekkert hérað fær styrk úr landssjóði til eptirlits með heimafræðslu, nema:

1. til eptirlitsins sé ráðinn með skriflegum samningi til ákveðins tíma kennari, einn eða fleiri, er starfi að minsta kosti 6 mánuði á ári og hafi auk fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann starfar að eptirlitinu,
2. eptirlitinu sé hagað eptir reglugerð, er sé löguð eptir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samið og sett.

Upphæð landssjóðsstyrks til eptirlits með heimafræðslu fer eptir því, hve mörg þau heimili eru, sem kennari hefir haft eptirlit með og hve opt hann hefir húsvitjað á hverju þeirra.

16. gr.

Ekkert fræðsluhérað fær styrk úr landssjóði til farskóla, nema:

1. kennari sé ráðinn til farskólans, einn eða fleiri, með skriflegum samningi til ákveðins tíma og hafi eigi minni laun en eptirlitskennari (sbr. 15. gr.).
2. kenslunni sé hagað eptir reglugerð, er sé löguð eptir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samið og sett,
3. hvert barn, sem í farskólann geingur, njóti þar kenslu eigi skemur en 8 vikur samtals á ári hverju.

Upphæð landssjóðsstyrks til farskóla fer eptir tölu þeirra barna, 10—14 ára að aldri, er í skólann hafa geingið síðasta fræðsluár, og leingd námstímans.

17. gr.

Ekkert fræðsluhérað fær styrk úr landssjóði handa föstum skóla, nema:

1. hver kennari skólans sé ráðinn af fræðslunefnd, — með hæfilegum uppsagnarfresti af beggja hálfu,— með skriflegum samningi, og hafi aðalkennarinn að minsta kosti 18 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, og aðstoðarkennari eigi minna en 12 kr. um vikuna, er þeir kenna 5—6 stundir á dag.
2. kenslu skólans sé hagað eptir reglugerð, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samþykt;
3. reglum þeim sé fullnægt, er yfirstjórnin setur um hollustuhætti slíkra skóla og kröfum hennar um kensluáhöld.

Nú fullnægir fræðsluhérað þessum kröfum, og fær það þá úr landssjóði styrk að tiltölu við barnafjölda skólans og leingd námstímans.

18. gr.

Hverri beiðni um styrk til barnafræðslu, samkvæmt því, er nú hefir sagt verið, skulu fylgja skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála fyrirskipar.

V. kafli.

Um fræðslunefndir.

19. gr.

Hver hreppur eða kaupstaður er sérstakt fræðsluhérað, nema öðruvísi sé ákveðið. Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðslunefnd og sitja í henni 3 eða 5 menn, er hreppsnefndin (bæjarstjórnin) kýs.

Þegar hreppar ganga saman í eitt fræðsluhérað, skulu hreppsnefndirnar halda fund með sér og kjósa fræðslunefnd fyrir héraðið.

20. gr.

Kosning nefndarmanna gildir um 3 ár, og má endurkjósa þá að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við kosningu fyrr en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni. Kosning til fræðslunefndar skal jafnan fram fara, er hreppsnefndarmenn hafa setið í hreppsnefnd þrjú ár eða sex. Þeir, sem kosnir verða í hinar fyrstu fræðslunefndir hreppsins, skulu kosnir að eins til þeirra tímamóta. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara orsaka vegna, áður en þrjú ár eru liðin, frá því er hann var kosinn, skal sá, er kosinn er í hans stað, að eins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eptir.

21. gr.

Nefndin kýs úr sínum hóp til eins árs formann og skrifara. Skyldir eru embættismenn nefndarinnar að taka við endurkosningu tvö ár í röð.

Enginn nefndarmanna hefir atkvæðisrétt um þau mál, er snerta hann sjálfan sérstaklega.

22. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo opt, sem þörf krefur. Nefndin getur einga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gerðabók.

23. gr.

Fræðslunefnd skal hafa eptirtit með fræðslu barna í því fræðsluhéraði sem hún er skipuð fyrir. Hún sér um framkvæmd á löggiltum kenslusamþyktum og átelur ef þær eru brotnar. Þar sem skólar eru, hvort sem eru farskólar eða fastir skólar, skal hún annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kenslunnar, séu svo, að heilsu barnanna sé eigi hætta búin. Hún ræður kennara fyrir skólahéraðið og hefir umsjón með prófum þeim, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum. Hún semur og undirritar beiðni um styrk úr landssjóði til barnafræðslunnar og sendir árlega yfirstjórn fræðslumála skýrslu um barnafræðsluna í skólahéraðinu og önnur skirteini þar að lútandi.

Yfirstjórn fræðslumála setur nánari ákvæði um skyldur og störf fræðslunefnda.

VI. kafli.

Um yfirstjórn fræðslumála og umsjón.

24. gr.

Yfirstjórn fræðslumála og umsjón hefir stjórnarráð Íslands á hendi og

er því heimilt að taka sér til aðstoðar mann, sem framkvæmi umsjón þess með fræðslumálum landsins og undirbúi ráðstafanir þær og reglugerðir, sem stjórnarráðið setur um þau. Kostnaðurinn við aðstoðina greiðist úr landssjóði og skal ákveðinn í fjárlögum.

VII. kafli.

Um það, hver lagaákvæði séu úr gildi numin með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi o. fl.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: Konungsbréf 2. Júlí 1790 um uppfræðing barna, og lög 9. Janúar 1880 um uppfræðing barna í skript og reikningi.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Október 1906. Þó skulu ákvæðin um lágmark launa sem skilyrði fyrir landssjóðsstyrk (sbr. 15., 16. og 17. gr.) eigi ná gildi fyrr en kennaraskóli er kominn á stofn og hefir starfað í 4 ár.

Ed.

570. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Frá ráðherra.

1. Við 11. gr. 5. b.
Í stað orðanna: »að dvöl hans verði svo laung, að almenningur hafi hans tilætluð not« komi: að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustaða, eptir samráði við stjórnarráðið.
2. Við 11. gr. 9. Aptan við l. bætist nýr liður
m. Til þess að koma upp sóttvarnarhúsi á Seyðisfirði (fyrra árið) ... ... 5000 kr.
3. Við 12. gr. A. 1. a.
Athugasemdin við þennan lið nemist burt af þessum stað og færist aptur fyrir 4. lið *i* í sama aðalstaflið.
4. Við 12. gr. C 1. Orðin í niðurlagi athugasemdarinnar: »enn fremur að fargjald — styrktar eru af landssjóði« falli burt.
5. Við 12. gr. C. 2. Í fyrstu málsgrein athugasemdarinnar bætist fyrir aptan orðin »staflið *a*«: »og *b*«: svo og samninga við útgjörðarmenn Í annari málsgrein athugasemdarinnar falli burt satafurinn *b*.
6. Við 13. gr. B. I. b. 1. Á undan »12 lærisveinum« komi: »alt að«. Orðin »Styrk má að eins veita« o. s. frv. til enda athugasemdarinnar komi í sérstakri málsgrein, er eigi við báða liðina 1 og 2.
7. Við 13. gr. B. II. a. Á undan »10 nemendur« komi: alt að. Orðin »Styrk má að eins veita« o. s. frv. til enda greinarinnar komi í sérstaka málsgrein, er eigi við báða liðina 1 og 2.
8. Við 13. gr. B. VI. b. 4. Í stað orðanna:
»Þóknun til umsjónarmanns yfir barnaskólum og alþýðufræðslu« komi:

Til kostnaðar við umsjón með fræðslumálum landsins og undirbúnings ráðstefnu og reglugerða, er stjórnarráðið setur þar um, alt að

9. Við 15. gr. 2. Í stað »2000—2000« komi: 3500—3500.

Ed. **571. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þingsköp handa alþingi.

Frá ráðherra.

Í þriðju málsgrein 30. greinar komi á eptir orðunum: »ef tækifæri er til þess eptir þingsköpum« svo látandi setning:

Þegar laga-frumvörp koma í sameinað þing má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu.

Ed. **572. Breytingurtillaga**

við frumv. til laga um málaflutningsmenn við landsyfirréttinn í Reykjavík.

Frá ráðherra.

2. gr. orðist svo:

Hinir settu málaflutningsmenn við yfirdóminn, er þóknun fá úr landssjóði, eru skyldir til að flytja sakamál og gjafsóknarmál eptir því, sem þeir fá skipun til og eptir sömu reglum, og fylgt hefir verið hingað til.

Nú óskar sakborningur eða gjafsóknarhafi, að einhverjum öðrum málfærslumanni, er leyfi hefir feingið samkvæmt 1. gr. sé falið mál hans fyrir yfirdómi, og er þá rétt að sá sé til þess skipaður, ef hann vill takast það á hendur.

Nd. **573. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu þjóðjarða.

Nefndin hefir athugað breytingar þær, er gerðar hafa verið á frumvarpi þessu í háttv. Ed. og telur þær til bóta. Leggur hún því til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi 23. Ágúst 1905.

Eggert Pálsson,	Hermann Jónasson,	Ólafur Briem,
formaður.	skrifari.	framsögum.

Stefán Stefánsson, Eyf. Jóhannes Ólafsson.

Nd. **574. Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá nefndinni um aðflutningsbann gegn áfeingi.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnarráðið, að láta fara fram

atkvæðagreiðslu allra kosningabærra manna á landinu um það, hvort lögleiða skuli bann gegn aðflutningi áfeingra drykkja. Atkvæðagreiðsla þessi fari fram fyrir Alþing 1907 og sé leynileg.

Nd. **575. Nefndarálit**
um frumv. til laga um aðflutningsbann á áfeingi.

Nefnd sú, er skipuð var til að íhuga þetta frumvarp, er á einu máli um það, að áfeingisnautn sé þjóðfélaginu til einskis gagns, en baki því hins vegar mjög mikið ógagn, þar sem hún hefir í för með sér bæði fjársóun, vinnutjón, heilsuspjöll og siðferðisspjöll, svo að mikið kveður að, þegar á alt þjóðfélagið er litið.

Aðrar þjóðir eru og hver af annari að vakna til meðvitundar um þetta böl, svo að læknar og hagfræðingar álíta nú alment, að það sé eitt hið þyngsta mein hverrar þjóðar.

Þess vegna er víða í heimi farið að vinna að útrýmingu áfeingisnautnarinnar. Allstaðar er það upphaf baráttunnar, að fræða alþýðu manna um áhrif áfeingisins á sál og líkama og útrýma þeirri gömlu og rótföstu en skökku skoðun, að hófleg nautn áfeingis sé yfirleitt meinlaus og enda gagnleg.

En þó að þessi fræðsla sé sjálfsögð byrjun og þó að hún ávalt beri þann ávöxt, að margir skynsamir og ráðsettir menn og margir, sem áður hafa verið drykkjumenn, láti af allri áfeingisnautn, gangi í bindindi, þá er það eingu að síður fullreynt að með þessu einu verður aldrei komist að því takmarki, að útrýma áfeingisnautninni. Áfeingi hefir, eins og mörg önnur heilsuspillandi efni (t. d. opium) í sér fólginn laðandi krapt, sem veldur því, að þess verður allstaðar neytt meðan það er allstaðar á boðstólum. Reynslan hefir því þegar leitt í ljós, að einasta óbrigðula ráðið til þess að hepta áfeingisnautnina að nokkrum mun — það er að fækka sem mest þeim stöðum þar sem það er selt. Og einasta ráðið til þess, að útrýma með öllu áfeingisnautninni — það er að banna tilbúning og aðflutning og þar með alla sölu áfeingra drykkja.

Vér Íslendingar erum því vanastir, að feta í framfarafótspor annara þjóða, vera á eptir. En í þessu máli erum vér þó leingra á leið komnir, en flestar aðrar þjóðir. Þessi framfarabarátta, bindindisbaráttan, hófst aðallega hér á landi fyrir 20 árum. Síðan hefir stöðugt verið unnið að því, að fræða alþýðu manna um skaðsemi áfeingisnautnarinnar; Alþingi hefir stutt þessa viðleitni með fjárframlögum og jafnframt sett ýms lagaboð, sem miða að því, að takmarka áfeingissöluna.

Ef ekkert hefði verið gert í þessa átt, þá er einginn efi á því, að áfeingisnautnin mundi stórum hafa færst í vöxt, því að verzlunarstöðum hefir óðum fjölgað og samgaungur aukist að miklum mun. Árið 1891 voru hér á landi 39 fastir verzlunarstaðir og í þeim 139 verzlanir, en 1903 voru verzlunarstaðirnir orðnir 62 og verzlanirnar 282. Ef allar þessar verzlanir seldu áfeinga drykki, mundi áfeingisnautnin vera margfalt meiri, en nú gerist; hún hefir fremur minkað en vaxið undanfarna áratugi. Lögin frá 10. Febr. 1888, um veiting og sölu áfeingra drykkja, komu þegar að miklu liði; þau takmörkuðu á margan hátt sölu kaupmanna og heptu fjölgun veitingahúsa.

Með lögum 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingar áfeingra drykkja var því næst stórt spor stigið áfram í þá átt að fækka áfeingissölustöðunum, enda hafa þeir stöðugt verið að týna tölunni síðan þessi lög komu í gildi. Árið 1899 var áfeingi selt í 54 verzlunarstöðum hér á landi, en nú, 1905, er svo komið, að því er vér frekast vitum, að áfeingir drykkir eru ekki seldir nema í 12 verzlunarstöðum; þeir eru þessir: Reykjavík, Vík í Mýrdal, Stykkishólmur, Þingeyri, Hesteyri, Ísafjarðarkaupstaður, Borðeyri, Blönduós, Sauðárkrókur, Akureyri, Eskifjörður og Norðfjörður; í þessum 12 stöðum eru samtals 30 verzlanir, sem selja áfeinga drykki. Jafnframt viljum vér láta þess getið, að ekki eru eptir fleiri en 5 eða 6 gestgjafar á öllu landinu, þeir er hafa veitingaleyfi. Þá er og nú girt fyrir allan tilbúning áfeingra drykkja hér á landi með lögum 12. jan. 1900 um bann gegn tilbúningi áfeingra drykkja.

Þjóð vor er þannig komin leingra á leið í þessu efni en flestar aðrar þjóðir, enda eru erfiðleikarnir margfalt minni hér en víðast annarsstaðar. — Í útlöndum hefir fjöldi manns atvinnu af því, að brugga og selja áfeingi; þar stendur stórfé fast í þessari atvinnu, og þeir sem hana reka, berjast af alefli móti allri takmörkun á áfeingissölunni og má sú mótspyrna sín mikils. — Hér eru eingir þess konar erfiðleikar.

Hér á landi er ekkert því til fyrirstöðu, að því er atvinnu manna snertir, að öll áfeingissala sé bönnuð; hér rekur einginn þá atvinnu, að búa til áfeinga drykki og einginn þá atvinnu eina út af fyrir sig, að selja áfeinga drykki. Hér er því auðgefið að færa sér í nyt einasta örugga ráðið til þess, að útrýma áfeingisbölinu, en það er að bæta við tilbúningsbannið öðru banni, aðflutningsbanni á áfeingi.

Oss er fullkunnugt um, að mörgum mótbárum hefir verið hreyft gegn þesskonar lagaboði, aðflutningsbanni á áfeingi, og vér munum því fara nokkrum orðum um þær mótbárurnar, sem tíðastar eru og mest hefir borið á.

Það er sagt, að aðflutningsbann sé ekki nauðsynlegt; núgildandi lög muni með tímanum útrýma áfeingisnautninni að mestu leyti, enda meigi, ef það bregst, banna alla *sölu* áfeingra drykkja. Vér fáum ekki betur séð, en að núgildandi lög séu í raun og veru sölubannslög, og þó að þau auðvitað komi að mjög miklum notum og algert vínsölubann sjálfsagt að enn meiri notum, þá er oss þó ljóst, að á þann hátt verður áfeingisnautninni aldrei fyrir fult og alt útrýmt úr landinu. Ef unt er að útrýma til fulls einhverju þjóðarmeini, þá getum vér ekki fallist á, að rétt sé, að skilja eptir af því.

Það er gömul mótbára, að landssjóður þoli ekki þennan tekjumissi, sem aðflutningsbann mundi baka honum. En hvað er landssjóður annað en sameignarsjóður þjóðfélagsins og hvernig getur það talist hagur eða hyggindi fyrir þjóðina að eyða miklu fé sér til meins, þó að eyðslunni fylgi eitthvert gjald í landssjóðinn? Árið 1901 voru fluttir til landsins áfeingir drykkir fyrir 514 þúsund kr.; ef bætt væri við þessa fjáreyðslu og metið til peningaverðs alt hið óbeina tjón, sem af áfeingisnautninni hlýzt, þá er óhætt að fullyrða, að áfeingisnautnin kosti þjóðfélagið að minsta kosti 1 miljón kr. á ári — það er þá tapið, en í þess notun fær landssjóður rúmar 100 þús. kr. á ári. Það er því auðsær og margfaldur gróði fyrir þjóðina að losa sig við áfeingisnautnina, enda þótt hún í stað áfeingistollsins yrði að greiða sem því svarar hærri toll af öðrum vörum; auk þess má ganga að því vísu, að kaup á öðrum tollskyldum vörum mundu aukast að stórum mun, ef hætt væri að flytja inn áfeingi;

er því næsta líklegt að ekki yrði þörf á mikilli toll*hækkun* á öðrum tollskyldum vörum til þess að bæta landssjóði missinn.

Vér víkjum nú loks að þeirri mótbáru, sem mest er haldið á lopti, en hún er sú, að aðflutningsbann á áfeingi sé brot á persónulegu frelsi manna, enda muni þess konar lög verða illa haldin og ekki koma að tilætluðum notum.

Vér getum ekki fallizt á þessa skoðun. Öll þjóðfélagsskipan hvílir á einum grundvelli, sameiginlegum hagsmunum; þar af leiðir ýmiskonar takmörkun á sjálfræði manna; án þesskonar takmarkana getur ekkert félagslíf átt sér stað. Með þjóðfélagsvernd hljóta jafnan að fylgja þjóðfélagsskyldur. Ef þjóðfélagið telur þörf á, að setja lög í því skyni að draga úr eða útrýma einhverju þjóðarböli, hvort heldur ræða er um næmar sóttir, áfeingisnautn eða annað, þá teljum vér það skyldu hvers einstaks manns að sætta sig við nauðsynleg ákvæði, þó straung kunni að þykja. Þegar um allsherjargagn er að ræða verður hver einstakur maður að lúta. Flest sóttvarnarlög — til dæmis að taka — fela í sér ákvæði, sem ganga miklu nær persónulegu sjálfræði, en bann gegn áfeingisnautn, og hegnt er hungruðum manni, ef hann stelur sér brauðbita. Að vísu vitum vér vel, að til eru þau persónuleg réttindi, sem jafnan eiga að vera friðhelg, svo sem skoðanafrelsi manna og málfrelsi, en vér neitum því, að frelsi manna til að neyta áfeingra drykkja sé svo dýrmætt, að *það* megi ekki skerða. Eins og öll opiumsala er bönnuð, öðru vísi en eptir læknisráði og ekki leyft að flytja það inn í landið til annars en lækninga, enda þótt sumar stórþjóðir heimsins hafi það alment um hönd, eins álítum vér að banna beri aðflutning og sölu áfeingis, þeim mun fremur, sem skaðsöm nautn opiums er hér óþekt, en skaðsöm nautn áfeingis afar algeing. Núgildandi lög um tilbúning, verzlun og veitingar áfeingra drykkja takmarka að stórum mun sjálfræði manna að því er áfeingisnautn snertir. Ef þessi takmörkun er réttmæt, þá hlýtur útrýmingin líka að vera réttmæt.

Eingu að síður teljum vér rétt og hyggilegt, að áfeingisnautnin sé þá fyrst afnumin til fulls með aðflutningsbanni, þegar sú ráðstöfun er orðin vilji mikils meiri hluta t. d. að minsta kosti $^2/_3$ hluta þjóðarinnar; vér teljum það rétt af því, að þá fyrst ætlum vér, að þesskonar lög mundu koma að tilætluðum notum.

Nú er það kunnugt að þjóðarviljinn hér á landi er stöðugt að færast í aðflutningsbannsáttina, og er það margra manna skoðun, sem vel þekkja til, að nú þegar sé mikill meiri hluti þjóðarinnar snúinn til fylgis við þetta bann.

Þess vegna teljum vér rétt að rannsakað sé, hvort þessi lagasetning mun vera orðin tímabær; vér álítum bezt henta að þjóðinni, öllum kosningabærum mönnum, sé veittur kostur á að greiða atkvæði um málið, og gangist landsstjórnin fyrir þeirri atkvæðagreiðslu. Munum vér bera fram tillögu til þingsályktunar, sem fer í þá átt.

Vér höfum verið í nokkrum vafa um, hvenær bezt ætti við að þessi atkvæðagreiðsla færi fram, og höfum vér því ráðfært oss við stjórn þess félags, Goodtemplar-félagsins, sem undanfarin 20 ár hefir unnið að því með frábærum dugnaði að fræða alþýðu manna um áhrif og afleiðingar áfeingisnautnarinnar, enda notið styrks til þessarar starfsemi sinnar úr landssjóði; stjórn þessa félags er mjög kunnug skoðunum almennings á málinu, og hefir hún tjáð oss, að hún telji æskilegt og tímabært, að þessi atkvæðagreiðsla um málið fari fram vorið

1907, skömmu fyrir þing. Gerum vér það að tillögu vorri. Vér teljum hentast að atkvæðagreiðslan sé leynileg (skrifleg) og fari fram á hreppaskilaþingum vorið 1907, en í kaupstöðum á borgarafundum, alt eptir nánari fyrirmælum landstjórnarinnar.

Af þessum ástæðum álítum vér rétt að frumvarpið sé eigi tekið til frekari meðferðar að þessu sinni.

Neðri deild Alþingis 24. Ágúst 1905.

Guðl. Guðmundsson. form.	G. Björnsson, skrifari og framsögum.	Árni Jónsson.
Magnús Andrésson.	Tryggvi Gunnarsson.	

Fylgiskjal.

Samkvæmt umtali við háttvirta nefnd neðri deildar Alþingis í aðflutningsbannsmálinu, hefir framkvæmdanefnd »Stórstúku Íslands« haft fund með sér, og áleit hún heppilegast, að hin fyrirhugaða atkvæðagreiðsla fari fram árið 1907 fyrir Alþing.

Jafnframt leggur hún mjög mikla áherzlu á, að atkvæðagreiðslan fari fram leynilega.

Reykjavík 23. Ágúst 1905.

Virðingarfylst.

Þórður J. Thoroddsen, stórtemplar.	Halldór Jónsson, stórkanzlari.	Anna Thoroddsen, st. varatemplar.
Pétur Zóphóníasson, stórgæzlum. kosn.	Jón Árnason, S. G. U. T.	Borgþór Jósefsson, st. rit.
	Davíð Østlund, stórkap.	

Nd. **576. Tillaga**
til þingsályktunar.

Frá nefndinni í byggingarsjóðsmálinu.

Neðri deild alþingis ályktar að skipuð sé 3 manna nefnd af þingmönnum til að vera landsstjórninni til leiðbeiningar og aðstoðar við væntanlega bókasafnsbygging og breyting á alþingishúsinu.

Nd. **577. Framhalds-nefndarálit**
um frv. til laga um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

Eina verulega breytingin, sem háttv. Ed. hefir gert á frv., er sú að hækka verðið á feralin hverri í Arnarhólslóð í 5 kr. Vér teljum efasamt að í

bráð seljist lóðir þar, svo miklu nemi, fyrir það verð, en viljum þó eptir atvikum láta við það standa, og leggjum til að háttv. Nd. samþykki frv. óbreytt.

Neðri deild Alþingis 24. Ágúst 1905.

Tryggvi Gunnarsson formaður	Þórh. Bjarnarson. skrifari og framsögum.	G. Björnsson.
Einar Þórðarson.	Jón Magnússon.	

Ed. **578. Viðaukatillaga**

við viðaukatillögu á þingskjali nr. 551.

Flutningsmenn: Aug. Flygenring. Jóh. Jóhannesson. Sigurður Jensson.

Aptan við tillöguna bætist:

12. liður hækki um 800 kr. hvort árið.

Nd. **579. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. Marz 1900.

Háttv. Ed. hefir gert þá breytingu á frumvarpi þessu, að Ræktunarsjóðurinn greiði árlega til landssjóðs 4 af hundraði af andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar verða eptir 1. Janúar 1906, jafnóðum og vextir og afborganir renna í hann.

Þetta ákvæði ríður mjög í bága við aukið ætlunarverk Ræktunarsjóðsins samkvæmt frumvarpinu, og er alls ekki í fullu samræmi við lög þau, er afgreidd hafa verið frá þessu þingi um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, þar sem svo er ákveðið, að sá sjóður eigi jafnvel að fá árlegt tillag úr landssjóði.

Oss hefði því verið næst skapi, að fella þetta ákvæði alveg úr frumvarpinu, en til samkomulags viljum vér fara þann miðlunarveg, að vextir þeir, sem Ræktunarsjóðnum er ætlað að greiða, séu færðir niður um helming, og leggjum því til, að frumvarpið verði samþykt með þeirri breytingu við 1. gr:

Fyrir »4 af hundraði« komi: 2 af hundraði.

Alþingi 24. Ágúst 1905.

Eggert Pálsson fomaður.	Hermann Jónasson skrifari og framsögum.	Ólafur Briem.
Stefán Stefánsson, Eyf.	Jóhannes Ólafsson.	

Ed. **580. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 13. gr. VI. Á eptir liðnum VI. i, komi nýr liður:

Utanfararstyrkur til Margrétar Fr. Bjarnadóttur til fullkomn-

unar í námi við heyrnar- og málleysingjastofnunina í Kaupmannahöfn fyrra árið ... ... 400 kr.

Ed. **581. Breytingartillaga**
við frv. til laga um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða upp á handhafa.

Frá Birni M. Ólsen, Jóni Jakobssyni, Ág. Flygenring og Eiríki Briem.

Við 4. gr. 2. lið: Á eptir orðunum »3½% ríkisskuldabréfum« bætist inn: eða

Nd. **582. Breytingartillaga**
við breytingartillögu á þingskj. 579.

Flutningsmaður: Guðm. Björnsson.

Í stað »2 af hundraði« komi: 3 af hundraði.

Nd. **583. Framhaldsnefndarálit**
um frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1904 og 1905.

Frá fjárlaganefndinni.

Nefndin er samþykk frumvarpinu óbreyttu.

Alþingi 24. Ágúst 1905.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Pétur Jónsson, skrifari og framsögum. Þórh. Bjarnarson,
Jón Jónsson, Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánssou þm. Skf.
Lárus Bjarnason.

Ed. **584. Frumvarp**
til laga um kennaraskóla í Reykjavík.
(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Kennaraskóla skal setja á stofn í Reykjavík og má verja til skólahússbyggingar og muna alt að 38 þús. kr. úr landssjóði.

2. gr.

Skólinn er jafnt fyrir konur sem karla. 24 heimavistir skulu vera í skólanum fyrir nemendur. Kensla er ókeypis.

3. gr.

Skólaárið er frá 1. Október til 14. Maí ár hvert. 3 árs deildir eru í skólanum. Inntöku skilyrði skulu ákveðin í reglugerð skólans. Þó skal farkennurum og barnaskólakennurum heimilt fyrst um sinn að ljúka sér af á einum vetri, eða skemri tíma, alt að 2 mánuðum, samkvæmt þeim reglum, er stjórnarráðið setur.

4. gr.

Kenslugreinar kennaraskólans eru þessar: Íslenzka, danska; saga, landafræði og náttúrufræði, einkum að því, er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skript, teikning, handavinna, leikfimi, saungur, kristin fræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar. Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr.

Við skólann skipar ráðherrann þrjá fasta kennara. Er einn þeirra skólastjóri og hefir í árslaun 2700 kr. auk leigulauss bústaðar í skólahúsinu; annar kennari hefir 2000 kr. í árslaun og hinn þriðji 1200 kr.

6. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugerð fyrir hann.

7. gr.

Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

Nd. **585. Tillaga**

til þingsályktunar um biskupsembættið.

Flutningsmaður: Lárus H. Bjarnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landstjórnina, að veita ekki biskupsembættið, þó að það kunni að losna, fyrr en Alþingi hefur gefizt kostur á að ræða væntanlegar tillögur milliþinganefndarinnar í kirkjumálum um það efni.

Ed. **586. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um veitingar áfeingra drykkja á skipum.

Nefnd sú, sem háttv. efri deild hefir kosið í þetta mál, hefir ekki getað orðið sammála um það.

Meiri hluti nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að það sé ósamræmi í

löggjöfinni, að eingin lagaákvæði eru sett um veitingar áfeingra drykkja á skipum á höfnum inni. Fara áfeingisveitingar þar því fram í stórum stýl sumstaðar, því svo er litið á, sem brytum sé heimilt að veita skipverjum og farþegum, þótt eigi hafi þeir vínveitingaleyfi. Er því allmikill straumur af fólki úr landi út í slík skip, sérstaklega þar sem eingin áfeingissala eða áfeingisveitingar eru í landi; verður því eigi mikið fyrir að fá einhverja af farþegum eða skipverjum til þess að kaupa handa sér áfeingi, eða kaupir jafnvel sjálft farseðla á næstu hafnir til þess að ná í áfeingið, og veldur það opt talsverðri óreglu í kauptúnum þar sem annars eingin óregla á sér stað.

Eins og kunnugt er, fer áfeingissölustöðum og áfeingisveitingastöðum á landinu stöðugt fækkandi, svo að áfeingi t. a. m. nú fæst eigi keypt á svæðinu frá Norðfirði í Suður-Múlasýslu til Akureyrar, nema í lyfjabúðinni á Seyðisfirði. Vekja því áfeingisveitingar brytanna á skipunum enn meiri athygli nú en áður, og þá eðlilega gremju, bæði yfir því, að þeim — útlendum mönnum — skuli liðast að reka ókeypis þá atvinnu, sem landsmönnum sjálfum er bönnuð gegn endurgjaldi, og svo hinu, að hinir miklu kostir, sem óneitanlega eru afleiðingar af takmörkun áfeingissölunnar, verða fyrir verulegum hnekki af þessum fljótandi veitingastöðum.

Fyrir þetta vill meiri hluti nefndarinnar reyna að girða og lítur svo á, að ef frumvarp það, sem hér liggur fyrir, verður að lögum, muni þau verða að góðu liði í þessa átt.

Hins vegar þykir meiri hluta nefndarinnar frumv. ganga of langt, þar sem hann skilur ákvæðin í 1. málslið 1. gr. þess á þann veg, að einginn megi veita ókeypis áfeingi á strandferðaskipum á höfnum inni nema útgerðarmaður eða skipstjóri einn. Þannig lagað ákvæði mundi verða í fullu ósamræmi við lagaákvæði þau, sem sett eru um áfeingisveitingar á landi, en til þess að hafa slík ákvæði miklu strangari á skipum virðist ekki næg ástæða.

Ákvæðið í 2. málslið 2. gr. virðist einnig strangara en þörf gerist og eðlilegt er, þar sem bryti á að bera ábyrgð á veitingum þjóna sinna, enda þótt það sannist, að hann hafi bannað þær og reynt að afstýra þeim. Þar sem hegningarákvæðin, en þó sérstaklega það ákvæði, að allir áfeingir drykkir, er finnast hjá þeim, er brýtur í annað sinn, virðast sæmilega straung, virðist eingin ástæða til þess að halda jafn straungu ákvæði um sakhæfi óbreyttu.

Loks virðist meiri hluta nefndarinnar réttara, að sektir eptir lögum þessum og andvirði áfeingra drykkja, sem upptækir eru gerðir, renni í sjóð sveitar þeirrar eða kaupstaðar, er brotið er framið í, en í landssjóð, enda er það í samræmi við samsvarandi ákvæði í lögunum um verzlun og veitingar áfeingra drykkja á Íslandi 11. Nóvember 1899.

Við leyfum okkur því að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frv. með breytingum þeim, er við munum koma fram með í þá átt, er að framan greinir.

Efri deild Alþingis 24. Ágúst 1905.

Jóh. Jóhannesson, skrifari.	Ág. Flygenring, framsögum.

Eg hef eigi getað orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum samdóma um nytsemi þessa frumvarps, og ræð h. háttv. deild til að fella það. Nánari grein fyrir skoðun minni á málinu mun ég gera við 2. umr. þess.

Jón Jakobsson,
formaður.

BREYTINGARTILLÖGUR
við frumvarp til laga um veitingar áfeingra drykkja á skipum.
Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Við málslið 1. gr. Í stað orðanna: »má ekki veita . . . . . gestum sínum« komi: mega veitingar áfeingra drykkja fyrir borgun ekki eiga sér stað meðan skipið liggur í höfn.
2. Aptan við 2. málslið 2. gr. bætist orðin: nema það sannist, að hann hafi bannað þær eða á annan hátt reynt að afstýra þeim.
3. Í stað orðsins: »landssjóð« í 3. málslið 2. gr. komi orðin: sjóð sveitar þeirrar eða kaupstaðar, er brotið er framið í.
4. Aptan við fyrirsögnina bætist orðin: á Íslandi.

Nd. **587. Tillaga**
til þingsályktunar.

Flutningsmenn: Þórh. Bjarnarson, Stefán Stefánsson þm. Skf. Guðmundur Björnsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að leita samninga við yfirstj órn Kaupmannahafnar-háskóla um það, að nokkur hluti af námsstyrk þeim, sem íslenzkum stúdentum er þar ætlaður, verði eptirleiðis feinginn landsstjórninni til umráða til styrktar íslenzkum stúdentum og kandidötum við æðri mentastofnanir innanlands og erlendis.

Ed. **588. Breytingartillaga**
við frv. til fjárl. 1906 — 1907.

Við 14. gr. 12. Fyrir: »20,000 — 20,000«
komi: 21,000 — 21,000.

Jón Ólafsson. Þorgr. Þórðarson. Jóh. Jóhannesson.

Nd. **589. Frumvarp**
til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
(Eptir 3. umr. í Ed.).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Á árunum 1906 og 1907 telst svo til, að tekjur Íslands verði 2,040,410 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,744,100 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a. á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b. á lausafé	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	10,000	10,000	20,000
3. tekjuskattur	16,000	16,000	32,000
4. aukatekjur	38,000	38,000	76,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	10,000	10,000	20,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf ... ... Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála hjóna greiðist ekkert gjald.	3,800	3,800	7,600
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	65,000	65,000	130,000
9. aðflutningsgjald af áfeingum drykkjum, að frádregnum innheimtulaunum	143,000	143,000	286,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum innheimtulaunum	143,000	143,000	286,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum innheimtulaunum	312,000	312,000	624,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulade og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum innheimtulaunum	10,400	10,400	20,800
13. leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfeingra drykkja	18,000	18,000	36,000
14. tekjur af póstferðum	40,000	40,000	80,000
15. tekjur af símum landsins	2,500	20,000	22,500
16. arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	600	600	1,200
17. óvissar tekjur	5,000	5,000	10,000
Samtals ...	863,300	880,800	1,744,100

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 54,110 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr,
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls ... ... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Styrkurinn til húsabóta sé bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minsta lagi 1/3 kostnaðarins. Þar sem því verður við komið, skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eptir ráði verkfræðings, er það er sérstaklega falið.			
2. tekjur af kirkjum	65	65	130
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
4. Tekjur af brennisteinsnámum	900	1,080	1,980
5. Tekjur af Eldey	1,000	1,000	2,000
Samtals ...	26,965	27,145	54,110

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 113,000 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	40,000	39,000	79,000
Upp í lán verður borgað: á árinu 1906 45,654 kr. 21 a. - — 1907 43,381 — 91 - 89,036 kr. 12 a.			
Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eptirgjöf á 200 kr. hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. 19/2 1898.			
Flutt ...	40,000	39,000	79,000

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	40,000	39,000	79,000
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans ..	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufé í baunkum og af banka-vaxtabréfum	9,500	9,500	19,000
Samtals ...	57,000	56,000	113,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1906.	1997.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. Febr. 1880 . ... Heimilt er prestinum í Staðarstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, eptir nánari ákvæðum kirkjustjórnarinnar.	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna ..	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.	2,000	2,000	4,000
Samtals ...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði er 120,000 kr., sem sé 60,000 kr. hvort árið.

2. kafl.

Útgjöld:

7. gr.

Á árunum 1906 og 1907 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—18. gr. 2,299,849 kr. 64 a.

8. gr.

Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins veitast 96,000 kr.:

		1906.	1907.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherrans:				
a. laun	8,000 kr.			
b. til risnu...	2,000 —			
c. uppbót fyrir embættisbústað .	2,000 —			
		12,000	12,000	24,000
Flyt...		12,000	12,000	24,000

	1906.	1907.	Alls.
Flutt...	12,000	12,000	24,000
2. Til utanferða ráðherrans	2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra	10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar... ...	14,500	14,500	29,000
6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum	2,500	2,500	5,000
7. Til viðhalds á stjórnarráðshúsinu	500	500	1,000
Samtals ...	48,000	48,000	96,000

9. gr.

Til kostnaðar við Alþingi veitast 40,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 41,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 203,680 kr.

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	68,800	68,800	
b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2. ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins í Reykjavík:			

	1906.	1907.
a. laun umsjónarmannsins	1,000 kr.	1,000 kr.
b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns ...	200 —	200 —
c. 3 skamtar af miðdegism. handa fangaverði 21 e...	230 —	230 —
d. viðurværi handa faungum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —
e. til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —
f. þvottur...	30 —	30 —
g. til þess að útvega verkefni	500 —	500 —
h. útgjöld við húsið sjálft og áhöld ...	400 —	400 —
Flyt...	4,105 kr.	4,105 kr.

	78,200	78,200	

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	4,105 kr.	4,105 kr.	78,200	78,200	
i. þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
j. þóknun handa lækni	60 —	60 —			
k. ýmisleg útgjöld ...	150 —	150 —			
			4,415	4,415	
4. Kostnaður við viðhald fangelsanna			300	300	
5. Til byggingar ráðhúss og fangelsis á Akureyri			4,000	»	
Stjórninni veitist heimild til að selja eign landssjóðs í ráðhúsinu á Akureyri fyrir að minsta kosti 2000 kr., og dregst söluverðið frá hinni veittu fjárupphæð.					
Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að lagðar verði til byggingarinnar annarsstaðar frá að minsta kosti 8000 kr. og bókasafni Norðuramtsins og væntanlegri símastöð á Akureyri ætlað hæfilegt rúm í húsinu, hinu síðarnefnda ókeypis.					
6. Önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn		1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirréttinn		50 —			
c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum...		50 —			
d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl.		50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál...		300 —			
g. útgjöld við sáttamál		50 —			
h. til að útvega eldtraustan járnskáp handa bæjarfógetaembættinu á Ísafiði og sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu alt að (fyrra árið)		300 —			
			5,400	5,100	
			92,315	88,015	
					180,330
		Flyt ...	.....	.....	180,330

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	.....	.....	180,330
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út Stjórnartíðindi og Landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar Stjórnartíðindanna (50 arkir), alt að 32 kr. örkin ... ... 1,600 –			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við Landshagsskýrslur ... ... 2,400 —			
d. til kostnaðar við sending með póstum ... ... 450 —			
e. til þess að gefa út registur við Stjórnartíðindin, 30 fyrstu árgangana (fyrra árið) ... ... 1,550 —			
	6,450	4,900	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. bruna-ábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. til embættiseptirlitsferða...	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. til útgjalda við eptirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	1,000	1,000	
7. útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
	12,450	10,900	
			23,350
Samtals ...	.....	.....	203,680

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 240,056 kr. 64 a.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	71,850	71,850	143,700
2. Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri	800	800	1,600
Flyt ...	72,650	72,650	145,300

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	72,650	72,650	145,300
3. Styrkur til Guðm. héraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sé búsettur í Hafnarfirði	800	800	1,600
4. Styrkur til Öræfinga til að vitja læknis ... Styrkurinn útborgist hreppsnefnd Hofshrepps.	150	150	300
5. a. styrkur til augnalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði....	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað, eptir samráði við stjórnarráðið, reikningi hvort árið alt að 300 kr.... ...	300	300	600
6. styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
7. útgjöld við holdsveikraspítalann:			
	1906. kr. a.	1907. kr. a.	
a. laun til starfsmanna	5,365	5,365	
b. viðurværi: kr. a.			
1. handa 60 sjúklingum, 38½ a. á dag 8,431,50			
2. handa 18 starfsmönnum, 239 kr. 35 a. á ári. 4,308,30			
	12,739,80	12,739,80	
c. klæðnaður sjúklinga	800	800	
d. meðul og sáraumbúnaður	1,400	1,400	
Flyt ...	20,304,80	20,304,80	76,900	76,900	153,800

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	20,304,80	20,304,80	76,900	76,900	153,800
e. eldsneyti	2,915	2,915			
f. ljósmeti	650	650			
g. viðhald á húsum ...	2,600	1,200			
h. húsbúnaður og áhöld	800	800			
i. þvottur og ræsting .	800	800			
k. greptrunarkostnaður .	275	275			
l. flutningskostnaður .	30	30			
m. til að skemta sjúklingum	200	200			
n. hesta- og hænsnafóður	125	125			
o. skattar og brunaábyrgðargjald	728,52	728,52			
p. ýmisleg útgjöld	700	700			
			30,128,32	28,728,32	58,856,64
8. útgjöld við bólusetningar			500	500	1,000
9. önnur útgjöld:					
a. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri		400 kr.			
b. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði		400 —			
c. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði		400 —			
d. styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði		300 —			
e. Til sjúkraskýlis á Sauðárkrók f. á.		2000 —			
f. Til sjúkraskýlis á Vopnafirði. f. á. Styrkirnir undir staflið e. og f. veitast með því skilyrði, að sjúkraskýlin hafi rúm fyrir að minsta kosti 8 sjúklinga hið fyrnefnda og 3 sjúklinga hið síðarnefnda, og að hlutaðeigandi sýslufélög taki sjúkraskýlin að sér til eignar og reksturs.		600 —			
g. til náms yfirsetukvenna		2,000 —			
h. til verkfæra handa yfirsetukonum		400 —			
i. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. Janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		2,000 —			
Flyt ...		8,500 kr.	107,528,32	106,128,32	213,656,64

		1906.	1907.	Alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar	8,500 kr.	107,528,32	106,128,32	213,656,64
k. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. Nóvember 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000 —			
l. til þess að fullgera sóttvarnarhúsið í Reykjavík (fyrra árið)	5,000 —			
m. Til þess að koma upp sóttvarnarhúsi á Seyðisfirði (fyrra árið)	5,000 —	14,500,00	6,900	21,400
Samtals ...		127,028,32	113,028,32	240,056,64

12. gr.

Til samgaungumála veitast 902,287 kr.

	1906.	1907.	Alls.
A.	kr.	kr.	kr.
Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum ... ... 3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur... ... 11,000 —			
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík ... ... 4,200 — þar af 500 kr., sem launaviðbót handa núverandi fyrsta póstafgreiðslumanni.			
c. handa brjefhirðingamönnum... 6,500 —	24,700	24,700	
2. póstflutningur	48,000	48,000	
Þar af alt að 8000 kr. hvort árið til hlutafélagsins »Thore« og hlutafélagsins »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja alls konar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip félaganna sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sé fyrir fram.			
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. Júní til 1. Okt. frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að	500	500	
Ráðherrann samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.			
Flyt ...	73,200	73,200	

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	73,200	73,200	
4. önnur útgjöld:			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistara ... ... 2,000 kr.			
b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um ... ... 200 —			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans ... ... 200 —			
d. fyrir prentun á ýmsu ... ... 1,000 —			
e. til áhalda ... ... 1,500 —			
f. til bréfaburðar í Reykjavík ... 800 —			
g. til bréfaburðar í öðrum kaupstöðum ... ... 400 —			
h. óviss útgjöld ... ... 200 —			
i. til viðhalds húsi og áhöldum 100 —	6,400	6,400	
Þingið ætlast til, að væntanleg aðalsímastöð landsins geti feingið húsnæði í pósthúsinu.	79,600	79,600	159,200
B.			
Til vegabóta:			
1. til verkfræðings landsins: kr.			
a. laun 3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar 500	3,500	3,500	
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við samgaungubætur, alt að	1,500	1,500	
3. til flutningabrauta: alls 52,000 kr,			
þar af: 1906. 1907.			
a. til flutningabrautar á Fagradal á fjárhagstímabilinu alls 20,000			
b. til flutningabrautar upp Borgarfjörð 8,000			
til viðhalds flutningabrauta 12,000 12,000	12,000	40,000	
4. til þjóðvega			
þar af:			
í Suður-amtinu 6,000 6,000			
- Vestur-amtinu 4,000 8,000			
- Norður-amtinu 8,000 12,000			
- Austur-amtinu 3,000 14,000	21,000	40,000	
Þar af til vegagerðar í Austur-Skaptafellssýslu 4000 kr. síðara árið.			
Af þjóðvegafé til Suðuramtsins má verja 4000 kr. til þjóðvegarins upp Mosfellssveit gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að.			
Flyt ...	38,000	85,000	159,200

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	38,000	85,000	159,200
5. til fjallvega	2,000	6,000	
6. til áhalda	2,000	2,000	
7. Til sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa	2,500	2,500	
Fjárveiting þessi veitist með því skilyrði, að jafnmiklu fé sé að minsta kosti varið til vegarins annarsstaðar frá.			
8. Til varnar sjávarágangi á vegi í Vestmannaeyjum og endurbóta á honum	1,000	.....	
Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi sýslufélag leggi til vegagerðarinnar að minsta kosti jafnmikið fé án þess að taka það af lögákveðnu sýsluvegagjaldi eða hreppavegagjaldi.			
9. Til brúargerðar á Hólmsá og Skaptár-eldvatni í Vestur-Skaptafellssýslu	.....	12,000	
Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að sýslufélagið leggi til þessa verks að minsta kosti 2000 kr.			
10. til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði	300	300	
11. Styrkur til brúargerðar á Jökulsá í Jökuldal, þó eigi yfir helming brúarkostnaðar, eða alt að	3,000		
	48,800	107,800	154,600
C.			
1. Til gufuskipaferða:			
Til hins sameinaða gufuskipafélags, að því tilskildu, að ferðirnar til Íslands verði 30, að viðkomur í Færeyjum sé ekki fleiri en í gildandi ferðaáætlun félagsins, að fargjöld og farmgjöld verði eigi hærri en nú eru, að Íslendingar, sem ferðast á fyrsta farrými, megi bæði á milli landa og með ströndum fram kaupa fæði sitt á 2. farrými, og sé eigi skyldir til að kaupa fæði á ferðum með landi fram; að alt að 25 stúdententum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslenzku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og enn fremur að því tilskildu, að fjelagið flytji innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem það hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi			
Flyt ...	.....	.....	313,800

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	.....	.....	309,800
milli Íslands og Skotlands, enn fremur, að fargjald fyrir Íslendinga milli Íslands og Skotlands á hvoru farrými sem er, sé ekki dýrara en $^2/_3$ af fargjaldi milli Íslands og Kaupmannahafnar	30,000	30,000	
2. Til gufubátaferða alt að	28,000	28,000	
Fénu má verja þannig hvort árið:			
a, Til bátaferða á Faxaflóa alt að 12000 kr.			
b, — —— - Breiðafirði alt að 8000 —			
c, — —— - Ísafirði og í Ísafjarðarsýslu alt að... ... ... 5000 kr.			
d, — —— - Eyjafirði alt að 3000 kr.			
Áætlun um ferðirnar undir staflið *a* og *b*, svo og samninga við útgerðarmenn samþykkir ráðherra eptir að hann hefir feingið tillögur bæjarstjórna og sýslunefnda, er hlut eiga að máli.			
Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlanir bátanna á staflið *c*, og *d*.			
Styrkveitingarnar greiðist með því skilyrði, að bátarnir flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum viðkomustaðanna án sérstaks endurgjalds.			
3. Styrkur til gufu- og mótorbátsferða á milli Vestmanneyja og Rangársands	300	300	
Sýslunefnd Rangárvallasýslu semur um ferðirnar og tekur á móti styrknum.			
4. Til mótorbáts á Lagarfljóti, eitt skipti fyrir öll	500		
	58,800	58,300	121,100
D.			
Til ritsíma og málþráða.			
1. Fyrsta og önnur afborgun af 20 ára ársgreiðslu til stóra norræna ritsímafélagsins fyrir að koma á og halda uppi sæsímasambandi milli Hjaltlands og Íslands yfir Færeyjar, og fyrir 300,000 kr. framlag félagsins til landsímalagningar frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur	35,000	35,000	
Flyt ...	35,000	35,000	430,900

			1906.	1907.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar ...		35,000	35,000	430,900
2.	Til landsímalagningar og málþráðasambands frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur:				
		kr.	kr.		
	a. efni til landlínunnar ...	220,430			
	b. eptirlit með tilbúningi efnis og flutningsgjöld á sjó og landi	84,500			
	c. kostnaður við verkstjórn og vinnu að símalagningunni og útbúnaði stöðvanna ...	133,440			
	d. verkfæri, símagögn, rafmagnstæki, prentun á ýmsu	13,000			
	e. Óviss útgjöld og borgun til hins tekniska ráðunauts stjórnarinnar ...	10,000			
		461,370			
	Hér frá dregst framlag stóra norræna ritsímafjelagsins	292,000			
			169,370		
3.	Til þess að kaupa og flytja hingað til lands 2500 auka-staura og annað verkefni		14,000	183,370	
4.	Til þess að mæla upp landsímalínuna og setja kílometramerki			.....	3,000
5.	til starfsreksturs landsímasambandsins:				
		1906 kr.	1907 kr.		
	a. Námsstyrkur til 4 hérlendra manna til þess að nema firðritun	4,000	»		
	b. helmingur af kostnaðinum við símastöðina á landtökustaðnum	3,150	8,200		
	c. laun	3,500	14,000		
	d. til 16 talsímastöðva	250	960		
	Heimilt er stjórninni, er hún ákveður, hvar talsímastöðvar skuli vera, að gera það að skilyrði, að sveitarfélög leggi árlegan skerf til rekstursins.				
	Flyt ...	10,900	23,160	218,370	38,000	430,900

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	10,900	23,160	218,370	38,000	430,900
e. húsaleiga í Reykjavík og Akureyri, svo og eldiviður og ljós...	650	1,600			
f. til viðhalds landsímans ...	»	11,875			
g. eyðublöð, prentkostnaður burðareyrir o. s. frv. ...	200	600			
h. önnur útgjöld	500	1,000			
i. til þess að rannsaka og undirbúa símasamband til Ísafjarðar og frá Reykjavík austur að Ægissíðu alt að	»	4,000			
6. Til málþráðarsambands og ritsímalalagningar milli Staðar í Hrútafirði og Ísafjarðarkaupstaðar síðara árið ...	»	125,000			
			12,250	167,235	
			230,620	205,235	
E.					435,855
Til vita:					
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa			300	300	
b. til eptirlitsferða			100	100	
c. til vitans á Reykjanesi:		kr.			
1. til launa vitavarðar		1,200			
2. fyrir olíu		250			
3. — steinkol		160			
4. flutningskostnaður		300			
5. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		500			
6. eptirgjald eptir lóðina		30	2,440	2,440	
d. til vitans á Skagatá:					
1. til vitavarðar		400			
2. fyrir olíu ... ., ...		175			
3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		300			
4. steinkol		100			
5. flutningskostnaður		100			
6. eptirgjald fyrir lóðina		16			
7. til að byggja varðklefa við vitann f. á.		350	1,441	1,091	
e. til vitans við Gróttu:					
1. til vitavarðar		400			
2. fyrir olíu		150			
3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		200			
4. steinkol		60			
5. flutningskostnaður		40	850	850	
		Flyt ...	5,131	4,781	866,755

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	5,131	4,781	866,755
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð	600	600	
Þar af 400 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.			
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:			
kr.			
1. til vitavarðar 400			
2. fyrir olíu 125			
3. til viðhalds á húsum, áhöldum o. fl. 150			
4. flutningskostnaður 25			
	700	700	
h. til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:			
1. til vitavarðar 400			
2. til lóðargjalds 10			
3. fyrir olíu 200			
4. til viðhalds húsum. áhöldum o.fl. 200			
5. fyrir steinkol 100			
6. flutningskostnaður 50			
	960	960	
i. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	100	100	
k. til vita á Skipaskaga	300	300	
l. til vita á Elliðaey á Breiðafirði	400	400	
m. til að byggja vita á Vestmannaeyjum:			
a. til að byggja vita (fyrra árið)	15,000		
b. kostnaður við vitahaldið	500	1000	
n. Til rannsóknar vitastæða og áætlana alt að	3,000		
	26,691	8,841	
			35,532
Samtals...	.....	.....	902,287

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 293,696 kr.:

		1906.	1907.	Alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	A.			
	Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a.	1. laun biskupsins 7,000			
	2. skrifstofukostnaður... 1,000			
		8,000	8,000	
b.	önnur útgjöld:			
	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. Febr. 1880, 1. gr.	9,500	9,500	
	2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum ... ... Ráðherrann úthlutar styrknum eptir tillögum biskups.	6,000	5,200	
	3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600	600	
	4. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,500	3,500	
		27,600	26,800	
				54,400
	B.			
	Til kenslumála.			
	I. Til prestaskólans:			
a.	laun	9,200	9,200	
b.	önnur útgjöld:	1906 kr.	1907 kr.	
	1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum, alt að 80 kr. til hvers	960	960	
	2. námsstyrkur . ... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjar-nemendum.	1,000	1,000	
	3. til tímakenslu	100	100	
	4. til bókakaupa	300	300	
	5. til eldiviðar og ljósa... ...	150	150	
	6. til umsjónar	100	100	
	7. ýmisleg útgjöld	250	250	
	Flyt ...	2,860	2,860	9,200	9,200	54,400

	1906. kr.	1907. kr.	1906. kr. a.	1907. kr. a.	Alls. kr. a.
Fluttar ...	2,860	2,860	9,200	9,200	54,400
8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að	250	250	3,110	3,110	
			12,310	12,310	24,620
II. Til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:					
1. húsaleigustyrkur handa alt að 10 nemendum	800 —				
2. námsstyrkur	1,200 kr.				
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.					
3. eldiviður ljós og ræsting	300 —				
4. til bókakaupa, verkfæra og kennsluáhalda	500 —				
5. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —				
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 80 kr.					
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði	200 —				
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að	200 —				
8. ýmisleg útgjöld	200 —				
			3,700	3,700	
c. til þess að leigja hús handa læknaskólanum			1,000	1,000	
			7,900	7,900	15,800
III. Til hins almenna menntaskóla					
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfé:					
handa saungkennaranum	600 kr.				
— fimleikakennaranum	700 —				
— dyraverði	1,100 —				
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans	200 —				
			2,600	2,600	
		Flyt ...	21,800	21,800	94,820

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	21,800	21,800	94,820
c. önnur útgjöld:			
	1906 kr.	1907 kr.	
1. til bókasafns skólans	300	300	
2. til eldiviðar og ljósa	1,400	1,400	
3. til skólahússins utan og innan	1,400	1,400	
4. til tímakenslu og prófdómenda	2,800	2,800	
5. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720	720	
6. námsstyrkur	2,000	2,000	
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.			
7. þóknun handa lækni	100	100	
8. ýmisleg útgjöld	1,000	1,000	
9. fyrir prestsverk	48	48	
10. til vísindalegra áhalda við kenslu	450	450	
11. til þess að gefa út kenslubækur handa hinum alm. mentaskóla, 30 kr. fyrir örkina	600	600	
12. til áhalda við fimleikakenslu	100	100	
13. Til verðlaunabóka	300	300	
		11,218	11,218
		33,018	33,018
			66,036
Flyt ...			160,856

	1906	1907	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	.....	.....	160,856
IV. Til gagnfræðaskóla á Akureyri:			
a. laun	7,400	7,400	
b. önnur útgjöld:			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna	1000	600	
2. til eldiviðar og ljósa ...	500	500	
3. til tímakenslu	1200	1200	
4. til styrkveitingar námspiltum	400	400	
5. ýmisleg útgjöld...	800	800	
	3,900	3,500	
	11,300	10,900	22,200
V. Til stýrimannaskólans:			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:			
1. til tímakenslu	1,400	1,400	
2. til áhaldakaupa o. fl. ...	400	400	
3. til eldiviðar og ljósa ...	500	500	
4. ýmisleg útgjöld	500	500	
	2,800	2,800	
	6,000	6,000	12,000
VI. Til annarar kenslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík . ... Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.	2,500	2,500	
2. til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum	500	500	
3. til kvennaskólans á Blönduósi...	2,000	2,000	
4. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að...	1,120	1,120	
Flyt ...	6,120	6,120	 195,056

	1906. kr.	1907. kr.	1906 kr.	1897 kr.	Alls kr.
Fluttar ...	6,120	6,120	.....	.....	195,056
5. til kvennaskólans á Akureyri til þess að halda áfram kenslunni til vordaga 1906 (f. árið)	1,500	»			
			7,620	6,120	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum			10,000	10,000	
Styrkur þessi veitist einkum eptir leingd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.					
2. til sveitakennara, alt að 100 kr. til hvers			10,000	10,000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis, að minsta kosti helming á móts við landssjóðsstyrk.					
Nokkru af þessum styrk má með sama skilyrði verja til sveitakennara, er ráðnir eru til að hafa eptirlit með heimafræðslu. Við styrkveitinguna til þessa eptirlits skal taka sérstakt tillit til þess, hve opt kennari hefir húsvitjað á hverju heimili og til fjölda heimilanna, sem hann hefir haft eptirlit með.					
3. til unglingaskóla, þó eigi yfir 500 kr. til hvers, alt að...			1,500	2,500	
Styrkur þessi veitist gegn því skilyrði, að til kenslunnar sé varið úr sveitarsjóði eða annarstaðar að eigi minna en styrknum nemur. Nánari skilyrði fyrir styrkveitingum þessum semur stjórnarráðið eptir tillögum umsjónarmannsins yfir barnaskólum og alþýðufræðslu.					
4. Til kostnaðar við umsjón með fræðslumálum landsins og undirbúnings ráðstefnu og reglugerða, er stjórnarráðið setur þar um, alt að			2,500	2,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu ... ... Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.			3,200	3,200	
e. námsstyrkur handa kennaraefnum, alt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
f. til skólaiðnaðar-kenslu			500	500	
Flyt ...			38,420	37,920	195,056

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	38,420	37,920	195,056
g. til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
h. styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur ... ... Þar af heimilast stjórninni alt að 500 kr. hvort árið, til þess að láta semja lestrarbók handa alþýðuskólum.	800	800	
i. til kenslu heyrnar- og málleysingja	5,000	5,000	
j. Utanfararstyrkur til Margrétar Fr. Bjarnadóttur til fullkomnunar í námi við heyrnar- og málleysingjastofnunina í Kaupmannahöfn fyrra árið	400		
k. til kenslu blinds dreings Erlends Páls Jónssonar í Danmörku	300	300	
l. Styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur hans á vitfirringastofnuninni Karensminde	150	150	
m. til lýðháskólans í Bakkakoti í Borgarfirði . ... 1,000 kr. til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, allt að . 600 —	1,600	1,600	
n. til unglingaskólans á Heydalsá í Strandasýslu ... ... Styrkur þessi veitist gegn því skilyrði, að skólinn njóti ekki minna opinbers styrks annarstaðar frá en yfirstandandi ár.	400	400	
	47,170	46,270	93,440
VII. Til sundkennslu.			
a. í Reykjavík ... ... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
	300	300	600
Flyt ...	.....	.....	289,096

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	300	300	289,096
b. til sundkenslu annarsstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
VIII. Styrkur til Stefáns Eirikssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	
	2,300	2,300	4,600
Samtals ...	.....	.....	293,696

14. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast 97,960 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. til Landsbókasafnsins:			
kr.			
a. laun bókavarðar 1,800			
b. til aðstoðarmanns við Landsbókasafnið 900			
c. til að kaupa bækur og handrit ... 5,000			
d. til bókbands 1,000			
e. til samningar spjaldskrár (eptir reikningi) 1,200			
f. fyrir afskriptir (eptir reikningi) ... 800			
g. til að prenta ritaukaskrár 200			
h. til eldiviðar og áhalda m. m. ... 500			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið ... 360			
	11,760	11,760	
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins 500 kr.			
b. til —— Austuramtsins 400 —			
c. til —— Vesturamtsins 400 —			
	1,300	1,300	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
Flyt ...	13,060	13,060	

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	13,060	13,060	
3. til sýslubókasafna og lestrarsala í kaupstöðum alt að 150 kr. til hvers, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, alt að	1,500	1,500	
Landsstjórninni sé sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.			
4. til Landsskjalasafnsins: 1906. kr. 1907. kr.			
a. laun skjalavarðar 1,400 1,400			
b. til að binda inn og búa um skjöl o. fl. 900 900			
c. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu ... 600 600			
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið 250 250	3,150	3,150	
5. til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmenntafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.			
6. til Þjóðvinafélagsins	750	750	
7. til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda ... ... kr. 1,000			
b. til umsjónar... 720			
Safnið er opið frá 15. Júní til 15. Sept., 4 daga í viku. Annanhvern sýningardag þennan tíma er aðgangur að safninu seldur á 50 aura hverjum manni hvert sinn, og fellur það gjald í landssjóð, að frádregnum aukakostnaði.			
c. til húsnæðis og hita 2,000	3,720	3,720	
8. til Fornleifafélagsins	400	400	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.			
9. til Náttúrufræðisfélagsins	800	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.			
Flyt ...	25,380	25,380	

		1906.	1907.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	25,380	25,380	
10.	Til viðbótar við samskot til minnisvarða Jónasar Hallgrímssonar, alt að	.....	2,000	
11.	styrkur til mag. Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800	800	
	Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
12.	til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sérhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eptir að það er komið út	800	800	55,960
13.	Til vísinda og bókmenta, hvort árið stjórninni til umráða...	21,000	21,000	42,000
	Af því fé leggur Alþingi til að greiðist:			
	a. til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslenzk-danskri orðabók ... ... 300— 300			
	b. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna ... ... 300— 300			
	c. til Páls Ólafssonar skálds 500— 500			
	d. til Þorsteins Erlingssonar skálds... ... ... 800— 800			
	e. til séra Valdimars Briems 800— 800			
	f. til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi . ... 200— 200			
	g. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi ... ... 1,200—1,200			
	Bæði þessi tvö síðastnefndu félög geri stjórninni reikning fyrir, hversu fénu er varið.			
	h. styrkur til Biblíufélagsins til nýrrar þýðingar og *útgáfu* á ritum gamla testamentisins ... ... 1,000—1,000			
	i. til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk ... 150— 150			
	k. til Leikfélags Reykjavíkur, alt að ... ... 1,000—1,000			
	Flyt ...			97,960

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
	1906.	1907.			
Fluttar					93,960
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.					
l. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands ...	1,000	1,000			
Styrkurinn veitist með þvi skilyrði, að höfundurinn sanni, að hann hafi til framhald af Íslendingasögu í handriti fullbúnu undir prentun, er samsvari minst 8 örkum prentuðum á ári.					
m. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands og halda sögufræðilega fyrirlestra ...	1,200	1,200			
Af þessari upphæð greiðist 400 kr. á ári sem ritlaun fyrir sagnfræðilegar ritgerðir, 50 kr. fyrir hverja örk.					
n. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600			
o. Til landmælinga á Íslandi ...	5,000	5,000			
p. Til Ásgríms Jónssonar málara, til þess að fullkomna sig í málaralist	600	600			
q. Til Benedikts Jónassonar til þess að stunda nám á verkfræðingaskóla í Þrándheimi	500	500			
r. Til Helga Péturssonar til jarðfræðisrannsókna alt að ...	3,000	3,000			
Þar af til ferðakostnaðar eptir reikningi hvort árið alt að 1000 kr.					
s. Til Helga Jónssonar til mýra og grasafræðisrannsókna ...	1,200	1,200			
t. Til Sögufélagsins	600	600			
	Samtals ...		.....	.....	97,960

15. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 307,470.

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. til eflingar búnaði:					
a. til búnaðarskóla:					
1. til skólans á Hólum...	1200	1200			
2. til skólans á Hvanneyri	1200	1200			
3. til þessara skóla eptir nemendafjölda, þó eigi meira en 100 kr. fyrir hvern nemanda, alt að	4,400	6,000			
4. til skólans á Eiðum...	2,500	1,500			
5. til búnaðarskólahalds í Olafsdal	2,500	»			
			11,800	9,900	
b. til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal til verklegrar búnaðarkenslu			»	1,500	
c. til búnaðarfélaga			24,000	24,000	
d. til Búnaðarfélags Íslands...			41,000	44,000	
e. til sama félags til kenslu í mjólkurmeðferð			4,000	3,000	
f. til skógræktartilrauna eptir fyrirsögn kapteins Ryder's og próf. C. V. Prytz ...			7,500	7,500	
g. framhaldsstyrkur til þriggja manna til að stunda skóggræðslu			900	300	
h. til sandgræðslu:					
1. styrkur til tveggja manna til þess að nema sandgræðslu			600	»	
2. til þess að girða tvö tilraunasvæði ...			2,500	»	
3. ýmislegur kostnaður			500	»	
4. til tilrauna			»	2,000	
i. til verðlauna fyrir útflutt smjör			18,000	18,000	
2. til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum			2,000	2,000	
3. a. laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík...			400	400	
4. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300	300	
Flyt ...			115,900	115,300	

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	115,900	115,300	
5. styrkur til manns til að nema dýralækningar	600	600	
6. til útrýmingar fjárkláðanum...	5,000		
7. til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík ...	4,000	5,000	
8. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	1,500	1,500	
9. Til Jóns Sigurðssonar til að stunda rafmagnsfræði í Khöfn	400	400	
10. Til Björns Pálssonar til að stunda rafmagnsfræði á Harward háskóla	600	250	
11. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík ...	1,500	1,500	
12. Utanfarastyrkur til manna, er vilja kynna sér kaupfélagsskap og samvinnufélagsskap erlendis og læra bókfærslu, er þar að lýtur, gegn helmings tillagi að minsta kosti frá kaupfélögum eða öðrum samvinnufélögum hérlendum alt að	1,000	1,000	
13. styrkur til byggingarfróðs manns, til þess, að leiðbeina við húsabyggingar...	800	800	
14. laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík og hinum á Ísafirði	2,000	2,000	
15. Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
16. Til efnarannsóknastofu í Reykjavík.			
a. Stofnunarkostnaður alt að	5,500		
b. til árlegs kostnaðar.			
1. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
2. til aðstoðar og annarar vinnu	300	300	
3. til húsaleigu	300	500	
4. — ljósa og eldneytis	300	300	
Flyt ...	142,060	131,810	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	
Fluttar ...	142,060	131,810	
17. Styrkur til skipakvíar í Oddeyrarbót til vetrarlegu fyrir þilskip ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að eigi minni en þref alt meiri upphæð til fyrirtækisins sé lögð fram annarsstaðar frá, og aðfyrirtækið sé unnið í samráði við verkfræðing landsins.	15,600		
18. Styrkur til stórskipabryggju í Stykkishólmi að fjórðungi kostnaðar, þó eigi yfir	.....	5,000	
19. Styrkur til ábyrgðarfélaga, er vátryggja mótorbáta, alt að ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að vátrygging hvers félags á mótorbátum nemi að minsta kosti 40,000 kr., enda sé lög félagsins staðfest af stjórnarráðinu, og veitist þá hverju félagi alt að 6% af vátryggingarupphæðinni, þó aldrei meira en 3000.	10,000		
20. Til skipstjórafélagsins »Öldunnar« styrkur til utanfarar fiskimönnum, er afla vilja sér þekkingar á fiskiveiðum og fiskiverkun ...	2,500		
21. Styrkur til 2 íslenzkra stúlkna til handavinnunáms »Kunstflidsforeningens Friundervisning« í Kaupmannahöfn	300	300	
22. Til Hólmfríðar Árnadóttur til þess að stunda kennaranám í Kaupmannahöfn 500 kr. f. árið	500		
	170,360	137,110	
Samtals ...	.....	.....	307,470

16. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

17. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 108,900 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a,; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til séra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til frú Elinborgar Friðriksdóttur 300 kr.; til frú Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

18. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

Upphæð, er svarar $^2/_3$ hlutum sekta fyrir ólöglegar fiskiveiðar útlendra skipa, er eptirlitsskipið handsamar og dregur fyrir dóm á Íslandi, svo og $^2/_3$ andvirði upptæks afla og veiðarfæra af þessum skipum greiðist í ríkissjóð, sem tillag af Íslands hálfu til kostnaðar við eptirlitsskipið.

19. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði 259,039 kr. 64 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

20. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1905 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eptir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Sjávarbændum og hlutafélögum, er sjómenn eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 50,000 kr. til þess að byggja þilskip og kaupa skip til fiskiveiða. Eigi má lána meira en 15,000 kr. til hvers gufuskips og 5,000 kr. til hvers þilskips og aðeins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í vátryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með 4% árlega, séu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufélaga, eptir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$%, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Til byggingar skipakvíar í Oddeyrarbót, til vetrarlegu fyrir þilskip, má veita lán úr viðlagasjóði alt að 40,000 kr. gegn ábyrgð Akureyrarkaupstaðar. — Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Thorvaldsens félaginu í Reykjavík má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði 13,000 kr. gegn veði í húseign þess nr. 3 í Veltusundi. — Lánið ávaxtist og afborgist með 6% á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 7000 kr. til lánveitingar handa trésmíðaverkstæðinu »Fjalar« á Húsavík. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslufélags Suður-Þingeyjarsýslu, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 3 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á 14 árum.

Úr viðlagasjóði má verja 10,000 kr. til lánveitingar handa skipstjóra Ole Nessö frá Tromsö í Noregi til þess að stunda veiðar í íshöfum og við austurströnd Grænlands, með þeim skilyrðum, að nefndur Ole Nessö

1. setji þá tryggingu gegn láninu, sem stjórnarráðið tekur gilda,
2. að hann búsetji sig á Íslandi og reki þaðan veiðar í norðurhöfum og á austurströnd Grænlands,
3. að hann flytji lifandi moskussauði (= uxa) til uppeldis í landinu, og selji þó eigi meira en 1000 kr. hvern.

Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrsta árið og endurborgist síðan á 10 árum.

Jóhannesi J. Reykdal í Hafnarfirði má veita á fjárhagstímabilinu lán úr viðlagasjóði 8000 kr. til að koma upp nýrri rafmagnsstöð í Hafnarfirði, gegn 1. veðrétti í rafmagnsstöðinni sjálfri, og 1. veðrétti í rafmagnsstöð þeirri, er hann hefir nú fullgerða. Þó má upphæð lánsins eigi fara fram úr $^1/_2$ virðingarverði. Lán þetta ávaxtist með 4% vöxtum og afborgist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni og má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyrarkaupstaður ábyrgist það, er um fram er. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Til byggingar stórskipabryggju í Stykkishólmi má veita lán úr landssjóði alt að 10,000 kr., gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar í Stykkishólmshreppi og »Framfarasjóðs Stykkishólms«. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og afborgist svo með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Ed.

590. Frumvarp

til laga um þingsköp handa Alþingi.

(Eptir 2. umr. í Ed.).

I.

Þingskipun.

Þingsetning. Prófun kjörbréfa og ályktun um þau.

1. gr.

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetning, skal elzti þingmaðurinn stjórna umræðunum þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn, og standa fyrir kosningu hans.

Til þess að prófa kjörbréf og kosning nýkosinna þingmanna, hvort fleiri eru eða færri, og það þótt eigi sé nema einn, ganga þingmenn eptir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinst. Fyrsta deild fær annari deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbréf þess eða þeirra þingmanna, sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbréf þau, er hún tekur við og kosning þeirra þingmanna, er þau eiga, kýs sér framsögumann og gerir tillögu til þingsins um hvort kosning skuli talin gild. Tillögurnar má bera upp munnlega án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi hverrar kosningar og eins um það, hvort fresta skuli að taka kosning gilda (29. gr. stjórnarskr.).

Eiður. Kosning forseta sameinaðs þings og skrifara.

2. gr.

Því næst vinna nýir þingmenn eið að stjórnarskránni (30. gr. stjórnarskr.). Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings og geingst hann fyrir kosningu varaforseta og 2 skrifara.

Rétt kjörinn forseti er sá, er hefir meira en helming atkvæða. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosning, skal kosið af nýju óbundnum kosningum. Fái þá eigi heldur neinn nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo þingmenn, er flest feingu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; en hafi við þá kosning fleiri feingið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti, hvor þeirra verði forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosning varaforseta. En við kosning skrifara ræður atkvæðafjöldi. Hlutbundinni kosningu má beita við kosning skrifara, ef 9 þingmenn krefjast þess (46. gr.).

Kjörbréfanefnd.

3. gr.

Þá skal kjósa nefnd, til þess að prófa kjörbréf, er síðar koma fram en svo, að þau verði prófuð eptir 1. gr., svo og til þess að rannsaka kosningar, er þingið hefir frestað að taka gildar, og kærur yfir kosningum, er þegar eru teknar gildar. Í þessa

nefnd kýs þingið 5 menn eptir reglum um nefndarkosningar (16. og 46. gr.).

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu, eða ef hún leggur til, að kosning skuli teljast ógild, skulu tillögur hennar ræddar eptir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa (21. gr.). Ella fer um tillögur hennar eptir því, sem ákveðið er um tillögur kjörbréfadeildanna í 1. gr.

Hve nær kosningakæra verði til greina tekin og þingið geti ónýtt kosning. Réttindi þingmanns áður en kosning hans er tekin gild.

4. gr.

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosning ógilda, þótt eigi hafi hún kærð verið, og einnig frestað að taka kosning gilda, til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosning þingmanns, er eigi er kominn, eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar, en gerir það því að eins, að kært sé yfir þeim.

Kæra yfir kosningu þingmanns skal því að eins tekin til greina, að hún sé frá kjósendum í kjördæmi þingmannsins og sé komin til þingsins áður en 4 vikur eru liðnar frá fyrstu þingsetningu eptir kosninguna.

Meðan kosning þingmanns er eigi ályktuð ógild, heldur hann óskertum þingmannsrétti, nema hann missi hann af öðrum ástæðum (sbr. 33. gr. stjórnarskr.).

Kosning til efri deildar.

5. gr.

Eptir kosningar þær, sem talað er um í 2. og 3. gr., skal kjósa óbundnum kosningum 8 þjóðkjörna alþingismenn til efri deildar (5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903). Þeir eru rétt kjörnir til efri deildar, er flest fá atkvæði. Ef tveir þingmenn eða fleiri fá jafn mörg atkvæði, skal kjósa um þá bundnum kosningum, en hafi þeir að nýju við þá kosning jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

Forseta-kosning og skrifara í deildunum.

6. gr.

Síðan setjast þingdeildirnar, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elzti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar, en forseti síðan fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og 2 skrifara. Um þessar kosningar fer eptir ákvæðum 2. gr. um samskonar kosning í sameinuðu þingi.

Hve leingi kosningar eptir 2.—3. og 5.—6. gr. gildi o.fl.

7. gr.

Kosning forseta, varaforseta og skrifara, bæði í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allan þingtímann það ár. Svo er og um nefndarkosning þá, er talað er um í 3. gr. En kosning til efri deildar er fyrir alt kjörtímabilið (16. gr. stjórnarskr.).

Sæti þjóðkjörins þingmanns í efri deild losnar.

8. gr.

Ef sæti þjóðkjörins þingmanns í efri deild losnar á kjörtímabilinu, skal fara eptir 16. gr. stjórnarskr.

Réttur og skylda aldursforseta.

9. gr.

Aldursforseti bæði í sameinuðu þingi (1. gr.) og í þingdeildunum (6. gr.), hefur meðan hann skipar forsetasæti allan sama rétt og skyldur sem forseti, en tekur þátt í kosningum og atkvæðagreiðslu.

Verksvið forseta.

10. gr.

Forsetar stjórna umræðum og sjá um, að alt fari fram með góðri reglu. Forseti hvorrar deildar tekur við öllum erindum til deildarinnar og annast um afgreiðslu þeirra mála, er frá deildinni eiga að fara. Hann skýrir á fundi frá hverju því, er sent er deildinni, eða útbýtt er í henni. Nú vill forseti, hvort heldur deildar eða sameinaðs þings, taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur, og víki þá á þingmannabekk, en varaforseti tekur forsetasæti á meðan. En eigi má forseti taka þátt í neinni atkvæðagreiðslu né kosningu, og verður hann aptur að hafa geingið til forsetasætis áður en það fer fram. Eigi má varaforseti heldur taka þátt í atkvæðagreiðslu né kosningum, þegar hann gegnir forsetastörfum í fjarveru forseta.

Forsetar beggja deildanna standa í sameiningu fyrir reikningum Alþingis, en þó getur forseti hvorrar deildar ávísað þingmönnum í henni fé því, er þeir eiga að fá í daglaun og endurgjald fyrir ferðakostnað. Þeir ráða ritara og aðra þá menn, sem þörf er á, til þingstarfa og ákveða laun þeirra. Sömuleiðis standa þeir fyrir útgáfu Alþingistíðindanna, ráða útsölumann þeirra og annast geymslu á þeim og um skjalasafn Alþingis og bókasafn, hafa umsjón með Alþingishúsinu, munum þess og þinghúsgarðinum jafnt milli þinga sem um sjálfan þingtímann, og sjá um, að alt sé í lagi í þinghúsinu, þegar þing kemur saman (við þingsetning).

Réttur og skylda varaforseta.

11. gr.

Í forföllum forseta geingur varaforseti að öllu leyti í hans stað.

Milliþingaforseti.

12. gr.

Nú er hvorki forseti né varaforseti deildar búsettur í Reykjavík eða þar í nánd, og skal þá í þinglok kjósa þingmann, sem á heima í Reykjavík eða í nánd við hana, til þess að annast störf forseta milli þinga. Kosning sú fer fram á sama hátt og áður er ákveðið um forsetakosning.

Verksvið skrifara. Gerðabók.

13. gr.

Skrifararnir halda gerðabók undir umsjón forsetans, og geta í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum og úrslita þeirra.

Í byrjun fundar skal gerðabók frá síðasta fundi lesin upp, samþykt og undirskrifuð af forseta og öðrum skrifaranum. Upplestrinum má sleppa, ef einginn þingmanna þeirra, er hlut eiga að máli, æskir hans. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sér gerðabókina á skrifstofunni, að minsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

Skrifararnir telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Við nafnakall greiða þeir fyrstir atkvæði og skrá síðan hin atkvæðin. Sömuleiðis sjá þeir með forseta um að ályktanir séu skrásettar, og ritar forsetinn og annar skrifarinn undir þær. Störfum skipta skrifarar milli sín eptir samkomulagi við forseta.

14. gr.

Embættismenn sameinaðs þings.

Ákvæði 11. gr. og 13. gr. eiga jafnt við um forseta, varaforseta og skrifara í sameinuðu þingi sem í deildunum.

II.

Nefndir.

Nefndaskipun.

15. gr.

Hvor þingdeild getur skipað bæði fastar nefndir, til þess að fjalla um einhverja ákveðna tegund mála, og lausar nefndir, til þess að íhuga frumvörp eða aðrar tillögur, er koma fyrir deildina frá stjórninni eða þingmönnum. Til nefnda þeirra má síðar vísa skyldum málum. Nefndin getur sjálf bætt við sig tveimur þingmönnum, er hún kýs, ef deildin samþykkir. Nefnd má á hverju stigi máls skipa, eða vísa því til nefndar, er fyrr var skipuð. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað. Tala nefndarmanna skal standa á stöku.

Kosning nefnda.

16. gr.

Rjett kosinn í nefnd við óhlutbundna kosning, — þ. e. við aðra kosning en hlutfallskosning — er sá, er hlotið hefir þriðjung greiddra atkvæða, og telst auður seðill greitt atkvæði. Fáist nefnd eigi full skipuð við ítrekaða kosning á þann hátt, skal kjósa bundnum kosningum um þá, er flest höfðu atkvæði, þannig að vanti einn mann í nefndina, er kosið um 2; vanti 2, er kosið um 3 þá, er flest höfðu atkvæði, o. s. frv. Ræður að öðru leyti hlutkesti (sbr. 46. gr.).

Formaður og skrifari nefndar, og framsögumaður. Nefndarálit.

17. gr.

Sá, er flest fær atkvæði í nefnd við óhlutbundna kosning, kveður nefndina saman í fyrsta sinn, og lætur kjósa formann og skrifara. Fái fleiri jafn mörg atkvæði í nefndina, ræður stafrófsröð. Við hlutfallskosning kveður sá nefndina saman í fyrsta sinn, er fyrst var kosinn.

Nefndin kýs sér framsögumann. Hún lætur uppi álit og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna. Eigi má taka málið að nýju til umræðu fyrr en að minsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

III.

Umræður o. fl.

Hve nær frumvörp megi taka til umræðu o. fl.

18. gr.

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði, og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru að minsta kosti 2 nætur frá því, er því var útbýtt. Þau lagafrumvörp, er borin eru upp af þingmanna hálfu og útbýtt er fjórum vikum eptir þingsetning, verða því að eins tekin til meðferðar í deildinni, að meiri hluti þingmanna í þeirri deild, sem frumvarpið er borið upp í, samþykki það. Þessa samþykkis skal leitað, þá er málið kemur til fyrstu umræðu, og má flutningsmaður einn áður taka til máls og skýra frá þýðingu frumvarpsins. Neiti deildin um samþykkið, er frumvarpið fallið.

Eigi þarf þó að leita þessa samþykkis, þegar um er að ræða frumvarp til laga um breyting á stjórnarskránni, eða um breyting á þingsköpum Alþingis.

Frumvörp skulu rædd þrisvar.

19. gr.

Eigi er lagafrumvarp samþykt til fullnaðar í deild fyrr en búið er að ræða það þrisvar sinnum (27. gr. stjórnarskr.).

1. umræða.

20. gr.

Við *fyrstu* umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið, er leitað atkvæða um, hvort það eigi að ganga til annarar umræðu.

2. umræða. Breytingartillögur.

21. gr.

Önnur umræða fer eigi fram fyrr en tveim nóttum eptir fyrstu umræðu, og skal þá ræða greinar frumvarpsins, hverja fyrir sig, og breytingartillögur við þær. Ræða má frumvarpið í köflum eptir nánari ákvæðum forseta. Þegar búið er að ræða hvern kafla, skulu atkvæði greidd um hverja grein í honum með breytingartillögum, er við eiga. Að síðustu skal greiða atkvæði um það, hvort frumvarpið þannig lagað eigi að ganga til þriðju umræðu.

3. umræða. Breytingartillögur.

22. gr.

Þriðja umræða má eigi fram fara fyrr en tveim nóttum eptir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar, er þær eiga við, svo og frumvarpið alt í heild. Þá er umræðum er lokið, skal leita atkvæða um breytingartillögurnar, og síðan um frumvarpið í heild sinni, eins og það þá er orðið.

Frumvarp sendist hinni deildinni, og síðan ráðherra.

23. gr.

Þá er frumvarp hefir þannig verið samþykt við þrjár umræður í deild, sendir forseti hennar það forseta hinnar deildarinnar með tilmælum um, að hann leggi það fyrir þá deild

(9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903), og sætir það síðan sömu meðferð þar, sem í deild þeirri, er það kom frá.

Ef frumvarpið er samþykt óbreytt í þessari deild, sendir forseti hennar ráðherra það.

Frumvarp endursent deild. Meðferð á því.

24. gr.

Ef deildin breytir aptur á móti frumvarpinu í smáu eða stóru, sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar (28. gr. stjórnarskr.). Hafi nefnd fjallað um það þar, sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það, og skal það prentað og því útbýtt. Þá er liðnar eru að minsta kosti tvær nætur frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt, eða, ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu (22. gr.).

Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt, eins og það kom frá hinni deildinni, sendir forseti ráðherra það. En sé því breytt, sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni (9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903, og skal þar enn fara með það eptir ákvæðum 22. gr. Fallist deildin á frumvarpið óbreytt, sendir forseti ráðherra það. Nú breytir deildin því, og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til, að það verði lagt fyrir sameinað þing.

Frumvarp í sameinuðu þingi.

25. gr.

Frumvarpinu í þeirri mynd, sem það hafði síðast feingið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu, minst 2 nóttum síðar. Við umræðurnar skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í 22. gr., og er þeim lýkur, skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykt í heild sinni, verða aptur á móti að minsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903).

Ef frumvarpið er samþykt, sendir forseti sameinaðs þings það ráðherra. Ella fellur það niður.

Fyrirsögn frumvarpa og fleira um

26. gr.

Lagafrumvarp, er felur í sér tillögu um breyting á *stjórnarskránni* eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt

breyting á stjórnarskránni.

frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breyting á stjórnarskránni, eða viðauka við hana, má að eins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Sé hún gerð við annað frumvarp, vísar forseti henni frá.

Feld frumvörp.

27. gr.

Lagafrumvarp, er önnur hvor deildin hefir felt, má eigi bera upp aptur á sama þingi.

Álit yfirskoðunarmanna.

28. gr.

Álit yfirskoðunarmanna (26. gr. stjórnarskr.) skal fyrst lagt fyrir neðri deild, og kýs hún þriggja manna nefnd, til þess að íhuga það.

Tillögur nefndar þeirrar skal ræða tvisvar sinnum eptir reglunum um aðra og þriðju umræðu um lagafrumvörp. Sama er, ef efri deild skipar nefnd, til þess að íhuga álit yfirskoðunarmanna. Ella ræður hún málinu til lykta með einni umræðu.

Þingsályktunartillögur.

29. gr.

Þingsályktunartillögur, þ. e. sérstakar tillögur aðrar en lagafrumvörp, skulu vera í ályktunarformi. Slíka tillögu má ræða einu sinni eða tvisvar. Nú er tillaga til þingsályktunar borin upp í deild eða sameinuðu þingi, og skal þá prenta hana og útbýta. Á fundi að minsta kosti 1 nótt síðar ályktar deildin eða þingið eptir uppástungu forseta, hvort hún skuli rædd í einni eða tveimur umræðum. Umræða má eigi framfara fyr en í fyrsta lagi daginn eptir.

Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eptir fyrirmælunum um 2. umræðu lagafrumvarpa (21. gr.), og sama er um fyrri umræðu, ef tvær eru. En síðari umræðan fer fram eins og þriðja umræða um lagafrumvörp (22. gr.).

Þingsályktunartillögu, er samþykt hefir verið í annari þingdeildinni, má senda hinni deildinni, og láta hana þar sæta sömu meðferð, sem nú er sagt hér á undan í grein þessari. Sé henni breytt þar, má endursenda hana deild þeirri, er hún kom frá og ræða hana þar einu sinni eptir reglum um þriðju umræðu lagafrumvarpa.

30. gr.

Breytingartillögur.

Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt daginn áður en þær koma til umræðu. Ráðherra eða umboðsmaður hans og hver þingdeildarmaður, eða í sameinuðu þingi hver þingmaður, má koma fram með breytingartillögu við hverja umræðu sem er.

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera

upp við byrjun þess fundar, er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti, en aðrir því að eins, að deildin samþykki það.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aptur í sömu deild á sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi, ef tækifæri er til þess eptir þingsköpum. Þegar laga-frumvörp koma í sameinað þing má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefir verið felt í sömu þingdeild, og er þingmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði.

Fyrirspurnir. 31. gr.

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra um alþjóðlegt málefni (37. gr. stjórnarskr.), og gerir hann það með *fyrirspurn*, er afhent sé forseta, og skal prenta hana og útbýta, og forseti skýra frá henni á fundi. Á öðrum fundi leyfir deildin fyrirspurnina eða synjar leyfis.

Leyfi deildin fyrirspurnina, sendir forseti ráðherra hana, og er hún svo borin upp og rædd á fundi síðar. Við þessa umræðu má eigi gera neina ályktun.

Ávarp. 32. gr.

Ávarp má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi og skal fara með það sem þingsályktunartillögu, að því fráskildu, að ávarp verður eigi sent frá einni deild til annarar.

Apturköllun. 33. gr.

Frumvörp, hvort heldur eru frá stjórninni, eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aptur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aptur á sama fundi. Fyrirspurn má og apturkalla.

Frávísun. 34. gr.

Rökstudd dagskrá. Heimilt er þingmanni að krefjast þess, að lagafrumvarpi, þingsályktunartillögu og breytingartillögu eða fyrirspurn sé vísað frá. Kröfu um það skal hann koma fram með áður en nokkur annar en flutningsmaður, eða, ef þeir eru tveir eða fleiri, einn þeirra hefir talað. Þingdeildin sker þá umræðulaust úr því, hvort frá skuli vísa.

Meðan á umræðum stendur, má gera tillögu, er bygð sé á ástæðum, um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni, og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða.

Þingmaður tekur til máls. 35. gr.

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og feingið leyfi til þess, skal standa upp frá sæti sínu og mæla þaðan, og skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forseta. Eigi

má hann ávarpa annan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosning.

Hve opt þingmaður má taka til máls við umræðu.

36. gr.

Ráðherra eða umboðsmaður hans, framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala optar en tvisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn, skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður, nema annar sé tilnefndur. Aðrir mega eigi tala optar en tvisvar Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæzlu þingskapa og til þess að bera af sér sakir.

Í hverri röð þingmenn taka til máls.

37. gr.

Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu, það er til ráðherra eða umboðsmanns hans og framsögumanns kemur, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu, eða athugasemd, er snertir sjálfan hann.

Upplestur.

38. gr.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp skrifað eða prentað mál.

Þingmenn gæti reglu.

39. gr.

Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gæti sé góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp, er það skylda forseta að gera hlé á fundinum um stundarsakir, eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum alveg.

Krafa um, að umræður hætti.

40. gr.

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sé hætt, og sker þingdeildin úr því umræðulaust. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um, hvort umræðum skuli lokið. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eptir ákvæðum þessarar greinar og 36. greinar, að því er sameinað þing snertir, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Dagskrá.

41. gr.

Forseti deildar ákveður fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund hennar. Þó má ákveða hana eptir ályktun deildarinnar, ef 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá.

Ef þá er farið fram á, að mál sé látið ganga út af dagskránni, skal afhenda forseta kröfuna um það samdægurs og dagskráin er ákveðin. En sé farið fram á, að mál sé tekið á dagskrá, skal tilkynna deildinni það í lok þess fundar, er krafan um það kom fram á. Um þessa tillögu skal í byrjun næsta fundar greiða atkvæði umræðulaust. Sé hún feld, er með því samþykt dagskrá forseta.

Þegar dagskrá er eigi ákveðin eptir ályktun deildarinnar, getur forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskrá, og einnig tekið mál út af dagskrá. Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því að eins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki $^3/_4$ þeirra, sem á fundi eru, og leyfi ráðherra, sbr. 53. gr.

Þingdeild ályktunarfær. Skylda þingmanna að greiða atkvæði.

42. gr.

Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt mál, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði atkvæði (11. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903.).

Skylt er þingmanni hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi að vera viðstaddur, er atkvæði eru greidd, nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi (50. gr.).

Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir eigi atkvæði, og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr, hvort þau rök skulu gild talin, en þingmaður getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingins. Ef þau eru ályktuð ógild, telst atkvæði þingmannsins með meiri hlutanum. Svo er og, ef hann færist undan að rökstyðja undanfærslu sína. Heimilt er þingmanni að láta bóka ástæður sínar.

Skipting, röð og innra samband atkvæðagreiðslu.

43. gr.

Forseti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur þingdeild eða sameinað þing, ef 3 í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krefjast þess, breytt ákvörðun forseta. Forseti og einn af flutningsmönnum mega hvor um sig taka einu sinni til máls áður en til atkvæða er gengið um það. Krefjast má þingmaður þess, að atkvæðagreiðslu um breytingartillögu sé skipt, ef hann gerir það áður en umræður hefjast. Nú er stungið upp á, að skipta atkvæðagreiðslu um lagagrein, og telst það breytingartillaga (sbr. 30. gr.).

Atkvæðagreiðsla. Nafnakall.

44. gr.

Þá er forseti hefir ástæðu til að ætla, að allir séu á einu máli, má hann lýsa því yfir, að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu, ef enginn krefst þess að hún fari fram. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður (sbr. 20—25. og 29. gr.).

Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt, að hver þingmaður stendur upp úr sæti sínu, hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifararnir telja atkvæðin, en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar eptir að atkvæða hefir verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig, að málið sé hvorki samþykt né felt, lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað, eða ef atkvæðagreiðsla hefir áður fram farið, en verið óglögg. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í

sameinuðu þingi krafizt nafnakalls við atkvæðagreiðslu um tiltekið atriði. Skrifleg krafa um það skal afhent forseta áður en atkvæðagreiðsla byrjar. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og bókuð.

Afl atkvæða.

45. gr.

Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða, nema öðru vísi sé ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum (sbr. 25. gr.).

Kosning, óhlutbundin og hlutbundin (de Hondt). Kjörmiði ógildur.

46. gr.

Um kosningar fer eptir því, sem fyrir er mælt í 2. og 16. gr., að því viðbættu, að þegar kjósa á um 2 menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi, hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kend er við de Hondt (listakosning) ef 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi æskja þess.

Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta þegar til kosningar kemur lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C, o. s. frv., eptir því, sem sjálfur hann ákveður, eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig, að hver ritar á kjörmiða að eins stafnafn (A, B o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eptir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifararnir rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eptir því, sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annari og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eptir hlutatölunum þannig, að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næst hæsta hluttölu o. s. frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hvor listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosning í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

Kjörmiði við óhlutbundnar kosningar er ógildur, ef á honum standa fleiri eða færri nöfn en samsvarar tölu nefndarmanna, eða nafn er ógreinilegt eða á eigi við.

Fundir í heyranda hljóði.

47. gr.

Fundir bæði þingdeilda og sameinaðs þings skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að öll-

um utanþingsmönnum sé vísað á braut, og sker þá þingið úr því, hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum (40. gr. stjórnarskr.)

Áheyrendur.

48. gr.

Forseti skipar fyrir um, hvernig mönnum skuli gefinn kostur á að vera við fundi þá, er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því, getur forseti látið vísa honum á braut, og ef þörf er á, öllum áheyrendum.

Alþingistíðindi.

49. gr.

Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau skulu prentaðar í Alþingistíðindunum.

Forföll þingmanna.

50. gr.

Nú hefir þingmaður forföll, svo að hann getur eigi mætt á fundi, og skal hann þá skýra forseta þeim, er í hlut á, frá því í tæka tíð. Burtfararleyfi af þingi getur forseti veitt um 2 daga, ef nauðsyn krefur. Ef um leingri tíma er að ræða, þarf til þess samþykki hlutaðeigandi þingdeildar.

Þingdeild tekur eigi við erindi án flutningsmanns.

51. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sér til flutnings (38. gr. stjórnarskr.).

Máli vísað til ráðherra.

52. gr.

Þyki þingdeild eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, getur hún vísað því til ráðherrans (12. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903).

Afbrigði frá þingsköpum.

53. gr.

Eptir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá 3 þingmönnum í efri deild, 6 þingmönnum í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi má bregða út af þingsköpum þessum, ef ráðherra eða umboðsmaður hans leyfir, og $^3/_4$ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja. Þó mega afbrigðin þau ein vera, er eigi koma í bága við stjórnarskrána.

54. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um þingsköp handa Alþingi Íslendinga 7. April 1876 og lög um viðauka og breyting á þingsköpum Alþingis 22. Maí 1890.

Nd.
til sveitastjórnarlaga.

591. Frumvarp

(Eptir 3. umr. í Ed.)

I. kafli.

Umdæmi.

1. gr.

Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru; sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.

2. gr.

Sýslum má eigi fækka né fjölga, né heldur breyta takmörkum þeirra, nema með sérstökum lögum.

3. gr.

Stjórnarráðið hefir heimild til að skipta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum. Eigi má neina slíka breyting gera, nema eptir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefndar, nema þegar svo stendur á sem segir í 4. gr.

4. gr.

Nú hefir kauptún eða þorp 300 íbúa eða fleiri, og hefir það þá rétt til að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur út af fyrir sig með þeim ummerkjum, er stjórnarráðið ákveður eptir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Stjórnarráðið kveður á sama hátt á um fjárskipti og skulda með hinu nýja hreppsfélagi og hinum hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiptingu þessa farið eptir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefir verið skipt 5 árin næstu á undan, nema að samkomulag fáist.

II. kafli.

Stjórn.

5. gr.

Stjórn sveitamálefna í hreppi hverjum skal á hendi hafa hreppsnefnd og í sýslu hverri sýslunefnd.

A. Hreppsnefndir.

a. Skipun hreppsnefnda.

6. gr.

Tala hreppsnefndarmanna í hverjum hreppi skal vera söm og verið hefir. En tölu þeirri má sýslunefnd breyta, ef hreppsnefnd fer þess á leit. Þó skal tala nefndarmanna jafnan standa á stöku.

7. gr.

Nú er hreppi skipt í 2 hreppa, og ákveður þá stjórnarráðið eptir tillögum sýlsunefndar, hve margir menn skuli vera í hreppsnefnd hvors hinna nýju hreppa.

8. gr.

Kosningarrétt og kjörgeingi til hreppsnefndar á hver karlmaður í hreppnum, sem er í löglegri stöðu og ekki öðrum háður sem hjú, svo og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er standa fyrir búi eða á annan hátt eiga með sig sjálfar í löglegri stöðu. Enginn hefir þó þennan rétt, nema hann hafi óflekkað mannorð, sé fullra 25 ára að aldri, hafi fult ár á undan kosningunni átt lögheimili í hreppnum, og goldið til hans þarfa, sé fjár síns ráðandi og standi eigi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

9. gr.

Foreldrar og börn þeirra mega ekki sitja saman í senn í hreppsnefnd, eigi heldur móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra.

10. gr.

Kjörtímabil hreppsnefndarmanns er 6 ár, þó með þeim nánari takmörkunum, er segir í 11.—13. gr.

11. gr.

Í Júnímánuði, hinum næsta eptir að lög þessi fá gildi, skal kjósa hreppsnefnd í öllum hreppum á landinu, fulla tölu hreppsnefndarmanna í hverjum hreppi eptir 6. gr. Gömlu hreppsnefndinar fara jafnframt frá, en endurkjósa má þá menn, er í þeim sátu, sbr. 14. gr. Úr hreppsnefnd þeirri, er þá verður kosin í hreppi hverjum, geingur eptir hlutkesti meiri hluti hennar (2 af 3, 3 af 5) eptir 3 ár, í Júnímánuði; en minni hlutinn (1 af 3, 2 af 5) eptir 6 ár, í Júnímánuði. Í stað þeirra nefndarmanna, er úr nefndinni ganga í hvort skipti, skal þegar kjósa jafnmarga menn í hana til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan meiri og minni hluti hverrar hreppsnefndar frá á víxl með 3 ára millibili.

Heimilt er hreppsnefnd að leyfa, að kosningar í hreppsnefnd fari fram að haustinu í þeim hreppum, þar sem svo sérstaklega hagar til, að það sé nauðsynlegt kjósenda vegna.

12. gr.

Ef hreppi er skipt í tvo hreppa, þá skal þegar kjósa í hvorum þeirra nýja hreppsnefnd, og má sú kosning fram fara á öðrum tíma en í Júnímánuði. En meiri eða minni hluti þeirra nefnda skal úr ganga í fyrsta skipti samtímis því, sem meiri eða minni hluti annara hreppsnefnda geingur úr samkvæmt 11. gr. En síðan fer um úrgaungu hreppsnefndarmanna í hinum nýju hreppum og kosning í þeirra stað svo sem segir í 11. gr.

13. gr.

Ef hreppsnefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal kjósa þegar mann í nefndina í stað hans til þess tíma að eins, er eptir var af kjörtíma hans. Slík aukakosning getur farið fram, hve nær sem nauðsyn krefur.

14. gr.

Mann, sem geingur úr hreppsnefnd má endurkjósa svo opt sem vill. Þó er enginn, sem hefur verið 6 ár eða leingur í hreppsnefnd, skyldur til að taka móti kosningu af nýju í sömu nefnd fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann hefur verið í henni samfleytt síðast.

Sextugur maður er eigi skyldur til að taka móti kosningu í hreppsnefnd; eigi heldur kona, þótt yngri sé.

Nú er kosinn í hreppsnefnd maður, sem reyndar er eigi orðinn sex-

tugur, en verður það þó innan 6 ára frá kjördegi, og er honum þá heimilt að segja sig úr nefndinni, er hann er orðinn fullra 60 ára.

15. gr.

Í hreppi hverjum stendur *kjörstjórn* fyrir hreppsnefndarkosningu. Í kjörstjórninni er oddviti hreppsnefndarinnar og með honum tveir aðrir nefndarmenn, er hreppsnefndin kýs, þar sem nefndarmenn eru fleiri en 3. En þar sem þeir eru að eins 3, eru þeir allir í kjörstjórninni. Oddviti er formaður kjörstjórnar.

Nú er nýr hreppur myndaður, og tilnefnir þá sýslumaður formann fyrstu kjörstjórnar þar og 2 menn með honum. Síðan fer um kjörstjórn þar eptir því, sem áður segir í grein þessari.

16. gr.

Kjörstjórnin býr til fyrir 15. April ár hvert kjörskrá yfir þá menn í hreppnum, er kosningarrétt hafa, og skulu nöfn þeirra rituð eptir stafrófsröð, ásamt heimili, stétt og aldri í sérstökum dálkum. Skráin á að liggja hreppsbúum til sýnis í 3 vikur á hentugum stað, og skal auglýsa áður með 14 daga fyrirvara, hvar og hvenær hún verði lögð fram. Aðfinningar við hana verða að koma til kjörstjórnar fyrir kjörfundinn og leggur hún úrskurð á þær áður en til kosninga er geingið.

17. gr.

Dag og stund, þá er kosning skuli fram fara, á kjörstjórnin að auglýsa með þingboði um hreppinn svo snemma, að það verði kunnugt á hverju heimili í honum að minsta kosti 3 nóttum fyrir kjörfund.

18. gr.

Kosningar fara fram eptir kjörskránni í heyranda hljóði. Hver sem vill neyta kosningarréttar sins, verður sjálfur að koma á kjörfund og skýra munnlega frá, hvern hann kjósi eða hverja. Kjörstjórnin ritar atkvæðin jafnóðum í kjörbók. Þá er allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á að greiða atkvæði sín og atkvæði öll eru bókuð, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyrr en að minsta kosti klukkustund er liðin frá því, er hún hófst. Formaður kjörstjórnar les þá greinilega upp öll atkvæði, sem greidd eru, en hinir í kjörstjórninni rita þau upp og telja saman. Þeir, sem flest atkvæði hafa feingið, eru rétt kjörnir hreppsnefndarmenn. Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

19. gr.

Skorist einhver sá, er kosning hefir hlotið, undan því að taka móti henni, sker kjörstjórnin úr, hvort undanfærsla hans verði tekin til greina. Ef hún er tekin gild, er kosinn annar maður í stað hans. Að öðrum kosti má sá, er kosinn er, bera undanfærslu sína undir sýslunefndina, sem getur felt úrskurð kjörstjórnar úr gildi og þá látið kjósa hreppsnefndarmann í stað hins.

20. gr.

Kjörstjórn skal jafnan skýra sýslumanni frá, hvernig kosning hafi farið.

21. gr.

Ef einhver vill kæra yfir kosningargerð eða úrskurði kjörstjórnar, skal hann senda formanni kjörstjórnarinnar kæru sína skriflega innan 8 daga

frá því, er úrskurðurinn var uppkveðinn, eða kosningargerð lokið. Komi kæran síðar fram, skal eigi sinna henni. Þyki kjörstjórninni kæra, sem komið hefur í tæka tíð, vera á rökum byggð, getur hún breytt úrskurði sínum, og, ef ástæða er til, efnt þegar til nýrra kosninga. Að öðrum kosti sendir kjörstjórnin sýslunefndinni þegar kæruna með áliti sínu og leggur sýslunefndin úrskurð á málið.

22. gr.

Ef hreppsnefndarmaður missir kosningarrétt og kjörgeingi, víkur hann úr nefndinni. Missi hann réttindi þessi að eins um hríð, má víkja honum um stundar sakir frá nefndarstörfum. Hinir hreppsnefndarmennirnir skera úr ágreiningi, er ris af slíkum atvikum, og einnig af því, er hreppsnefndarmaður brýtur svo mjög móti skyldum sínum, að nauðsynlegt þykir að víkja honum úr nefndinni. Heimilt er honum að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslunefndar.

23. gr.

Nú vill hreppsnefndarmaður fá lausn úr nefndinni áður en liðinn er tími sá, er hann var kosinn fyrir, og má þá hreppsnefndin veita honum hana. Ef hreppsnefndin synjar honum, getur hann snúið sér til sýslunefndarinnar, og má hún veita honum lausn, ef ástæða er til.

24. gr.

Þegar hreppsnefnd er kosin, hvort heldur öll, eða meiri eða minni hluti (deild) hennar, skal elzti nefndarmaðurinn kveðja alla nefndarmennina á fund, til að kjósa *oddvita*. Kjörtími oddvita er jafnan til næstu almennra hreppsnefndarkosninga (deilda kosninga). Ef oddviti deyr, eða gengur úr nefndinni áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa oddvita í stað hans fyrir það, sem eptir er af oddvitakjörtímanum.

Elzti nefndarmaður stjórnar jafnan oddvitakosningu.

Hver nefndarmaður er skyldur til að taka á móti kosningu til að verða oddviti, eða til að framkvæma önnur sérstök störf, er nefndin felur honum á hendur. Þó getur sá, sem verið hefir oddviti í 3 ár eða leingur, eða haft önnur sérstök störf á hendi fyrir nefndina, skorast undan kosningu til þess starfs um jafnlangan tíma og hann hefir verið oddviti þeirrar nefndar, eða haft starfið á hendi.

Hreppsnefnd hver skal kjósa *varaoddvita*, til að gegna störfum oddvita í forföllum hans. Kjörtími varaoddvita er sami og kjörtími oddvita. Enginn nefndarmaður getur skorast undan þeirri kosningu. Oddviti stjórnar kosningu varaoddvita.

Sá er rétt kosinn oddviti eða varaoddviti, er feingið hefir meira en helming þeirra atkvæða, er viðstaddir hreppsnefndarmenn hafa greitt. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa af nýju. Fái þá eigi heldur neinn yfir helming atkvæða, skal fara fram bundin kosning milli þeirra tveggja, er við kosninguna á undan feingu flest atkvæði. Ef atkvæði eru jöfn við síðari óbundnu kosninguna, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli velja, er bundna kosningin fer fram. Sömuleiðis ræður hlutkesti, ef atkvæði eru jöfn við hana.

Hinn nýkosni oddviti tilkynnir þegar sýslumanni kosning oddvita og varaoddvita.

25. gr.

Oddviti kveður nefndarmenn til fundar, stjórnar umræðum og sér um

að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar séu rétt og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sér um að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir, og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Hreppsnefndin getur þó falið hverjum nefndarmanni, sem hún vill, á hendur einhver ákveðin störf (sbr. 24. gr.), t. d. að sjá um gjaldheimtu, fjallskil, annast bréfagerð um einstök mál, eða einhverjar greinir mála og annað, er að þeim lýtur o. s. frv. Að öðru leyti annast oddviti um alt slíkt.

Í forföllum oddvita á varaoddviti að annast hlutverk hans að öllu leyti (24. gr.).

26. gr.

Hreppsnefndin skal halda að minsta kosti 2 nefndarfundi ár hvert, í Aprílmánuði, Maímánuði eða Júnímánuði og Októbermánuði, og auk þess svo opt sem oddvita þykir þörf á, eða þegar að minsta kosti helmingur nefndarmanna krefst þess.

Fundarstað ákveður nefndin, ef hún vill. Að öðrum kosti ræður oddviti honum, og hann ákveður fundardag og stund.

27. gr.

Hreppsnefnd getur einga ályktun gert, nema meira en helmingur hennar sé viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita. Sé um einhverja kosning að ræða, og 2 nefndarmenn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti. Þó fer um kosning oddvita og varaoddvita eptir 24. gr.

Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, getur heimtað, að ágreiningsálit hans verði ritað með fám orðum í gerðabókina. Allir nefndarmenn, sem eru viðstaddir, rita nöfn sín undir hana.

b. Verksvið hreppsnefnda og laun.

28. gr.

Hreppsnefnd stjórnar fátækramálum í hreppi sínum samkvæmt fátækralögum undir yfirstjórn sýslunefndar.

Fela má hreppsnefnd einum manni eða tveimur úr sínum flokki að hafa sérstaka umsjón með framfærslu þurfalinga hreppsins og að annast störf, er að því lúta (24. og 25. gr.)

29. gr.

Hreppsnefnd hefir umsjón yfir þinghúsi hreppsins og öllum fasteignum, sem hann á eða hefir not af (t. d. Kristfjárjörðum), og á hún að sjá um, að þetta sé haft í góðu lagi. Hún annast um að landamerki afréttar hreppsins og jarða hans séu ákveðin og jafnan glögg.

30. gr.

Hreppsnefnd á að sjá um notkun afrétta hreppsins og um fjallskil og réttir, smalanir afrétta og heimalanda á haustum til fjárskila, og á vorum til rúningar og fráfærna og gera ráðstafanir til að eyða refum, alt eptir því sem reglugerðir um fjallskil, refaveiðar o. s. frv. nánara ákveða.

31. gr.

Hreppsnefnd á að hvetja hreppsbúa til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fénaði sínum, þeim er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sér með því að láta fénað sinn verða horaðan eða horfalla. Hún ákveður ár hvert, hvenær almenn skoðun á búfénaði og fóðurbirgðum skuli framfara.

32. gr.

Hreppsnefnd er skylt að leitast við að koma í veg fyrir flakk og húsgang, og hún á eptir mætti að stuðla að því, að góð regla haldist í sveitinni.

33. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til án milligaungu sýslumanns að halda undirboðsþing á vegastörfum og viðhaldi á þinghúsi og enn fremur á því að fá til verk og varning í þarfir sveitarinnar.

34. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sérstaka sveit, til lykta ráðið, fyrr en álits hreppsnefndar þar hefir verið leitað um það. Hreppsnefnd má einnig að fyrra bragði senda stjórnarráðinu tillögur um hvað eina, er verða má sveitinni til gagns, eða miðar til að afstýra tjóni eða hallæri.

35. gr.

Reikningsár hrepps er fardagaárið.

36. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju í Októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti sem fátækratiundin og aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldunum, jafna niður eptir efnum og ástæðum sem *aukaútsvari* því, sem vantar, á alla þá, er eiga lögheimili í hreppnum, eða hafa fast aðsetur í honum. Þeir skulu greiða þar fult gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarstaðar; sé svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í hreppnum. Fast aðsetur í hreppnum skemri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina. Sömuleiðis má leggja útsvar á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er séu rekin að minsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra hafi eigi haft þar fast aðsetur.

Á hvalveiði og síldarveiði með nót svo og á laxveiðiafnot utanhreppsmanna má leggja aukaútsvar, þótt fyrirtæki þessi eða atvinna sé rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu. Sömuleiðis má leggja aukaútsvar á ábúð á jörð eða jarðarhluta og leiguliðaafnot af jörðu, þótt engin ábúð fylgi, og þótt rekin séu skemur en 4 mánuði gjaldársins og þótt leiguliði eða notandi eigi heimili annarstaðar.

Einnig má leggja aukaútsvar á kaupfélög og pöntunarfélög, ef þau hafa leyst borgarabréf, hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði í söludeild félagsins. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástæðum svo sem hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sé haft til annara tekna eða eigna þess, er í hlut á.

37. gr.

Nú stundar aðkomumaður bátfiski á firði eða flóa, á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama hrepps eða sömu hreppa samtals 4 vikur eða leingur sömu missiri, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna á hann hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn. Útsvarinu skal formaður lokið hafa fyrir skip sitt áður en hann fer á brott. Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum sveitarfélögum við þann fjörð eða flóa, sem útræðið er við, ef útsvar er á þá lagt í sveitarfélagi sjálfra þeirra.

Sá, sem útsvar er á lagt eptir þessari grein, getur kært það skriflega fyrir hreppsnefnd, er tekur kæruna til meðferðar og úrskurðar hana, sé hún komin til nefndarinnar innan frests, sem hún telur hæfilegan eptir því sem á stendur í hvert skipti. Nú er gjaldþegn ekki ánægður með úrskurð hreppsnefndar, og má hann þá skjóta kærumáli sínu undir úrskurð sýslunefndar, og skal sýslunefndin leggja á það fullnaðarúrskurð, ef hún telur áfrýjun á úrskurði hreppsnefndar fram koma á hæfilegum fresti; að öðrum kosti skal kærunni ekki sint.

38. gr.

Aukaútsvörum, öðrum en þeim, er talað er um í 37. og 41 gr. jafnar hreppsnefnd niður í Októbermánuði ár hvert fyrir reikningsár það, er þá stendur yfir. Hún gerir nákvæma skrá yfir niðurjöfnunina. Niðurjöfnunarskráin skal liggja hreppsbúum til sýnis 4 vikur frá því, er niðurjöfnun er lokið, á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað. Framlagning hennar skal áður auglýst um hreppinn.

39. gr.

Heimilt er hverjum þeim, er aukaútsvari er jafnað á samkvæmt 38. gr., að bera upp aðfinningar um það, hvernig útsvörunum er jafnað á aðra eða sjálfan hann, eða að einhverjum hafi ranglega verið slept. Sá, er koma vill fram með slíkar aðfinningar, skal gera það bréflega við oddvita áður en liðinn er tími sá, er niðurjöfnunarskráin á að liggja til sýnis. Komi kæran seinna en svo til oddvita, skal hreppsnefnd eigi skylt að taka hana til greina. Nú kemur útsvarskæra til oddvita í tæka tíð, og skal hann þá, að kærufrestinum liðnum, svo fljótt sem auðið er kveðja hreppsnefndina á fund og boða á fundinn bæði kæranda, og þann eða þá gjaldendur, er kært er yfir, og gefa þeim kost á að láta uppi álit sitt og skýringar um málið. Án þess að þeir eigi kost á þessu má hreppsnefnd eigi úrskurða um neina útsvarskæru. En láta mega þeir skriflega uppi álit sitt og þurfa ekki að mæta á fundinum, nema þeir vilji. Hreppsnefndin leggur svo úrskurð sinn á kæruna þá þegar á fundinum, nema henni þyki nauðsynlegt að fresta því, til að fá upplýsingar málinu til skýringar, en þá svo fljótt sem verða má. Eptirrit af úrskurði sínum sendir hún kæranda.

40. gr.

Úrskurði hreppsnefndar um útsvarskæruna getur kærandi eða sá, er útsvar er hækkað á eptir kæru annars, skotið til sýslunefndar, og skal hann þá gera það skriflega innan 8 vikna frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Komi málskot hans seinna en svo til oddvita sýslunefndarinnar, skal það ekki tekið til greina.

Þá er oddvita sýslunefndarinnar hefir verið send útsvarskæra, skal hann leggja hana fyrir næsta sýslunefndarfund og kveður nefndin upp úrskurð

sinn um hana á þeim sama fundi, nema nauðsynlegt þyki að fresta því til þess að útvega nákæmari skýrslur um málið, en þá svo fljótt sem auðið er.

41. gr.

Nú atvikast svo, að maður verður eitthvert ár útsvarsskyldur í hreppi samkvæmt 36. gr., en eigi fyrr en eptir hina almennu útsvaraniðurjöfnun, og er þá hreppsnefnd heimilt að leggja útsvar á þann mann, þótt seinna sé á árinu, en tilkynna skal nefndin honum það innan 8 daga frá því, er útsvar var á hann lagt.

Heimilt er hverjum þeim, er lagt er á útsvar eptir þessari grein, að kæra útsvar sitt, og skal þá útsvarskæran komin til oddvita hreppsnefndar innan 3 vikna frá því, er útsvarinu var jafnað niður. Að öðru leyti fer um úrskurðun útsvarskæru þessarar og áfrýjun svo sem segir fyrir um í 39. og 40. gr.

42. gr.

Eindagi á aukaútsvörum, sem jafnað er niður eptir 38. gr., er 31. December næst á eptir niðurjöfnuninni. Eindagi á útsvörum, sem jafnað er á eptir 41. gr., er sá, er hreppsnefnd ákveður. Um eindaga á þeim útsvörum, er lögð eru á eptir 37. gr., fer eptir því, sem fyrir er mælt í þeirri grein.

Enginn sá, er sveitarútsvar er lagt á, getur komizt hjá að greiða það á eindaga, þótt hann hafi kært yfir útsvarsupphæðinni og lagt það mál undir úrskurð sýslunefndarinnar. Ef sýslunefndin lækkar útsvarið, skal endurgjalda gjaldþegni af sveitarsjóði það, er hann hafði greitt fram yfir upphæð þá, er sýslunefndin gerði honum að greiða.

43. gr.

Sveitarútsvör má taka lögtaki.

44. gr.

Hreppsnefnd getur heimtað, að gjaldandi hver greiði aukaútsvar sitt í peningum.

45. gr.

Tekjur sveitarsjóðs eru:

1. Tíundir af fasteign og lausafé.
2. Aukaútsvör.
3. Afgjöld af fasteignum hrepps og upprekstrargjald.
4. Vextir af innstæðufé og leigufé.
5. Hundaskattur.
6. Endurgjald á veittum sveitarstyrk frá þurfalingi sjálfum eða ættingjum hans.
7. Frá öðrum hreppum:
   a. endurgjald á veittum þurfamannastyrk;
   b. endurgjald fyrir önnur viðskipti.
8. Fimmtungur af alskonar fiski, sem veiddur er á opnum bátum á helgum dögum.
9. Óskilafjárverð.
10. Sektir eptir sættum eða dómum.
11. Gjald af síldarveiði og upsa með nót.
12. Gjafir eða aðrar óvæntar tekjur.

46. gr.

Hreppsnefndin skal halda saman Stjórnartíðindum þeim, er henni eru send, ganga eptir, ef í þau vantar, láta binda þau inn og geyma þau vel. Kostnaður við það greiðist úr sveitarsjóði.

47. gr.

Útgjöld til skriffæra, bréfasendinga og sendiferða í þarfir hreppsins skal endurgjalda oddvita eptir reikningi.

Alt það, sem oddviti á að fá úr hreppssjóði, skulu hinir hreppsnefndarmennirnir ávísa honum skriflega.

48. gr.

Oddviti skal hafa að launum um árið 2 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Þó mega laun hans eigi nema meira en 140 kr. og ekki minna en 40 kr. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

49. gr.

Hreppsnefnd hver heldur þessar bækur:

1. *Sveitarbók.* Í hana skal rita:
   a. skýrslu um það, er gerist á nefndarfundum, mál þau, er nefndin tekur fyrir, og ályktanir um þau.
   b. ársreikninga hreppsins með athugasemdum endurskoðanda, svörum reikningshaldara og úrskurðum sýslunefndar; enn fremur aðra reikninga hreppsins, svo og niðurjöfnunarskrár, og um ráðstöfun ómaga og meðlag með þeim, þurfamannastyrk, og annað, er að þessu lýtur, og allar skýrslur.
2. *Bréfabók,* sem rita skal í orðrétt þau bréf, er nefndin (oddvitinn) ritar öðrum.
3. *Kassabók,* sem rita skal í allar peningaupphæðir, sem sveitarsjóður fær eða geldur út.
4. *Dagbók* yfir innkomin bréf eptir fyrirmynd, er sýslunefnd býr til.
5. *Kjörbók* til að rita í atkvæði til hreppsnefndarkosningar.

Bækur þessar skulu vera löggiltar af sýslumanni, og rannsakar hann þær árlega. Andvirði þeirra greiðist úr sveitarsjóði.

50. gr.

Fyrir 15. Októbermánaðar ár hvert skal reikningshaldari gera reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins næstliðið fardagaár, og skal hann gerður eptir fyrirmynd er stjórnarráðið býr til.

Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn. En auk þess kýs hún í hvert skipti einhvern innsveitarmann annaðhvort úr hreppsnefndinni eða utan hennar, til að yfirskoða hann. Undan þeirri kosningu getur enginn skorazt, sá er hefir kosningarrétt og kjörgeingi til hreppsnefndar.

Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir lok Októbermánaðar, og skal yfirskoðun hans lokið fyrir 10. Nóvembermánaðar. Síðan skal reikningurinn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara, og svörum reikningshaldara liggja hreppsbúum til sýnis á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað frá 14. Nóvembermánaðar, að þeim degi meðtöldum, mánuðinn út. Framlagningin skal auglýst áður um hreppinn. Fyrir 7. Decembermánaðar næst á eptir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með fylgiskjölum, athuga-

semdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 69. gr.

Öll hreppsnefndin hefir ábyrgð á því, að reikningurinn sé réttur. Hún ábyrgist einnig innstæðufé, skuldabréf og aðrar eigur hreppsins.

51. gr.

Án samþykkis nefndarinnar má eigi borga nein útgjöld af sveitarsjóði, nema þau, sem ákveðin eru í lögum, eða sýslunefndin hefir samþykt.

52. gr.

Að því er snertir ungmennafræðslu, heilbrigðismál, vegi, alþýðustyrktarsjóð, skattamál, verðlagsskrár, húsmenskuleyfi, þurrabúðarleyfi, áfeingissöluleyfi, nýbýlisleyfi, alþingiskosningar, fjárkláðaútrýming og annað, er hreppinn varðar, og eigi er sérstaklega talið í lögum þessum, hefir hreppsnefnd það hlutverk, er lög á kveða.

53. gr.

Samþykki sýslunefndarinnar útheimtist til þess að ályktun hreppsnefndarinnar sé gild í þessum greinum:

1. til þess að hækka á ári því, sem yfir stendur, upphæðir þær, sem eru á niðurjöfnunarskránni.
2. til þess að sveitin takist á hendur nokkra skuldbinding til langframa, er eigi hvílir beinlínis á henni samkvæmt lögum.
3. til þess að nokkuð verði borgað úr sveitarsjóðnum fyrir aðstoð við sveitarstjórnarstörf, sem einhverjum ber að leysa af hendi, af því að hann er kjörinn til þess, að launum oddvita undanteknum (48. gr.)
4. til þess að á nokkru ári verði að samtöldu lögð á hreppsbúa meiri útgjöld en svo, að nemi þriðjungi fram yfir útgjaldaupphæð sama hrepps að meðaltölu um næstu þrjú ár á undan. Upphæð sú, sem eitthvert ár kann að verða lögð á með samþykki sýslunefndarinnar, má eigi teljast með, þegar síðar meir á að finna áðurgreinda meðaltalsupphæð.
5. til þess að selja megi eða veðsetja fasteignir sveitarinnar, eða til að kaupa nýjar fasteignir handa henni.
6. til þess að eyða innstæðufé sveitarinnar.
7. til þess að taka lán handa sveitinni, sem nema meira eða sé fyrir leingri tíma en að það verði borgað aptur fyrir lok næsta reikningsárs, eða endurnýja slíkt lán, eða leingja þann tíma, er á að borga það aptur.

Nú synjar sýslunefnd um samþykki sitt til einhverrar þeirrar ráðstöfunar, sem getur um í þessari grein, og er þá hreppsnefnd rétt að bera málið á lögmætum sveitarfundi undir atkvæði allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, og fallist þá $^3/_4$ gjaldenda á ráðstöfunina, skal hún gild án samþykkis sýslunefndar. Það er lögmætur sveitarfundur, er hreppsnefnd kveður til með skriflegu fundarboði og að minsta kosti 8 daga fyrirvara, enda sé þar tiltekið hver aðalmál komi til umræðu og atkvæða á fundinum.

54. gr.

Ef sýslumaður kemst að því, að einhver ályktun hreppsnefndarinnar fer fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða er að öðru leyti lögum gagnstæð, eða miðar til að gera einhverja ráðstöfun, sem sveitin getur haft tjón af, eða skorast undan að gegna þeirri skyldu, er á sveitinni hvílir, getur hann

með bréfi til oddvita hreppsnefndarinnar ónýtt ályktunina fyrst um sinn, ef eigi er enn búið að framkvæma hana. Síðan leggur hann málið fyrir næsta sýslunefndarfund, sem kveður upp fullnaðarúrskurð um það.

B. Sýslunefndir.

a. Skipun sýslunefnda.

55. gr.

Í sýslunefnd hverri skal vera einn kjörinn maður úr hverjum hreppi sýslufélagsins auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar.

Í Vestmanneyjasýslu er sýslumaðurinn, sóknarpresturinn og þrír kjörnir menn í nefndinni.

56. gr.

Hver hreppur er kjördæmi út af fyrir sig og kýs einn mann í sýslunefnd, nema Vestmannaeyjahreppur, er kýs þrjá. Kosningin fer fram á manntalsþingi með óbundinni atkvæðagreiðslu, er kjörstjórnin skipar fyrir um. Í kjörstjórninni er sýslumaður, sem er formaður, og 2 menn aðrir, er sýslunefnd kýs.

57. gr.

Um kosningarrétt og kjörgeingi til sýslunefndar og um það, hvernig haga skuli kosningunni, gildir að öðru leyti hið sama, sem fyrir er mælt í þessu efni að framan um hreppsnefndirnar. Sömuleiðis skal farið eptir hreppsnefndarkjörskránum, þegar kjósa á í sýslunefndirnar (sbr. 8., 16. og 18.—19.gr.).

58. gr.

Sýslunefndin sker úr mótmælum gegn lögmæti kosningar. En til þess að þeim verði gaumur gefinn, skal bera þau upp bréflega fyrir oddvita nefndarinnar innan 14 daga frá því er kosningargerðinni er lokið. Sýslunefndin sker einnig úr málum, er rísa af því, að einhver beiðist þess að mega ganga úr nefndinni, og eins þá er spurning er um að víkja einhverjum úr henni. Um úrgaungu eða brottvísun sýslunefndarmanna úr sýslunefnd fari að sínu leyti eins og um úrgaungu eða brottvísun hreppsnefndarmanna úr hreppsnefnd, (sjá 22. gr.). Heimilt er þeim, er vikið er úr sýslunefnd, að skjóta úrskurði sýslunefndar um það til stjórnarráðsins.

59. gr.

Í hreppi hverjum skal kjósa varasýslunefndarmann og gilda sömu reglur við kosning hans, sem við kosning sýslunefndarmanns.

Nú er sýslunefndarmaður forfallaður frá að mæta á sýslufundi, og skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt sýslufund.

Varasýslunefndarmaður hefir sömu réttindi og skyldur sem sýslunefndarmaður.

60. gr.

Sýslunefndarmenn skal kjósa fyrir 6 ár, þó með þeim nánari takmörkunum, er segir í 61.—62. og 64. gr.

61. gr.

Á manntalsþingum hinum næstu eptir að lög þessi fá gildi skal í öll-

um hreppum á landinu kjósa sýslunefndarmann (í Vestmannaeyjahreppi þrjá) og varasýslunefndarmann. Gömlu sýslunefndarmennirnir og varsýslunefndarmennirnir fara jafnframt frá, en þá má endurkjósa. Af sýslunefndarmönnum og varasýslunefndarmönnum þeim, er þá verða kosnir í hverja sýslunefnd, geingur eptir hlutkesti milli hreppa meiri hlutinn, ef tala hreppa í sýslu stendur á stöku (3 af 5, 4 af 7, 5 af 9 o. s. frv.), en ella helmingur, úr sýslunefndinni sama ár, sem meiri hluti hreppsnefnda á eptir 11. gr. að ganga úr hreppsnefndum og minni hluti sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna í hverri sýslu eða annar helmingur geingur svo úr 3 árum seinna. Í stað þeirra sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna, er úr nefndinni ganga í hvort skipti, skal á manntalsþingum sama ár kjósa jafnmarga menn til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan meiri og minni hluti eða helmingur hverrar kosinnar sýslunefndar frá á víxl með 3 ára millibili.

62. gr.

Ef sýslunefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal á næsta manntalsþingi kjósa mann í nefndina í stað hans, að eins til þess tíma, er eptir var af kjörtíma hans. Sama er um varasýslunefndarmann.

63. gr.

Um endurkosning og um rétt manns til að skorast undan að taka við kosningu í sýslunefnd skal fara eptir fyrirmælum 14. gr., og á það jafnt við um varasýslunefndarmann sem sýslunefndarmann.

64. gr.

Nú er hreppi skipt í tvo hreppa, og geingur þá sýslunefndarmaður hans þegar úr nefndinni og sömuleiðis varasýslunefndarmaður. Á næstu manntalsþingum á eptir skal í hvorum þessara hreppa kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann, og ganga þeir úr nefndinni eptir nánari ákvörðun sýslunefndarinnar þannig, að fylgt sé reglunum í 61. gr.

65. gr.

Sýslunefndin skal eiga að minsta kosti einn fund á ári eptir því sem oddviti ákveður nákvæmar. Auk þess má hann kveðja til aukafundar, þegar honum þykir þess þörf, og hann er skyldur til þess, ef helmingur nefndarmanna heimtar það. Nefndin ræður fundarstað, þegar hún vill, ella oddviti.

66. gr.

Sýslunefnd getur einga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sé viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita.

Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, á heimting á, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við voru staddir, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið.

67. gr.

Oddviti stjórnar umræðum og sér um að fundargerðir og allar ályktanir nefndarinnar séu rétt og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann

geymir bækur nefndarinnar og annað, er henni við kemur. Hann geymir innstæðufé sýslunnar, skuldabréf og aðrar eignir sýslufélagsins.

Sýslunefndin getur falið hverjum nefndarmanni, er hún vill, ákveðin störf, er hún á að annast, eða kosið nokkra af nefndarmönnum í undirnefnd, til að leysa þau af hendi, eða að starfa að einhverju málefni til undirbúnings milli funda. Fyrir þess konar störf má hún veita hæfilega þóknun úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á þeim störfum.

b. Verksvið sýslunefnda og laun.

68. gr.

Sýslunefnd hefir yfirstjórn sveitarmálefna í öllum hreppum sýslunnar, og leggur fullnaðarúrskurð á mál þau, er samkvæmt 19., 21.—23., 30., 40.—41., 50. og 53. gr. laga þessara liggja undir hana, svo og á þær ályktanir hreppsnefnda, er skotið er undir úrskurð hennar samkvæmt löggiltum reglugerðum sýslunefndar. Hún hefir yfir höfuð umsjón með því, að hreppsnefndirnar hegði sér í sveitarstjórnarathöfnum sínum eptir lögum og löglegum fyrirskipunum.

Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmæt gjöld eða neitað að borga það, sem hún á að greiða, eða leitt hjá sér að framkvæma einhverja aðra ráðstöfun, sem hún er skyld til, eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefir vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sé kippt í lag, og, ef nauðsyn ber til, getur hún falið oddvita sínum að beita þvingunarsektum, til þess að boðum hennar verði framfylgt, og auk þess komið fram ábyrgð á hendur einstökum hreppsnefndarmönnum við dómstólana.

69. gr.

Sýslunefnd kýs á ári hverju mann eða menn úr sínum flokki til að yfirskoða ársreikninga allra hreppa í sýslunni. Endurskoðari skal, ef honum þykir ástæða til, senda fyrir lok Decembermánaðar hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar og ber oddvita að svara þeim fyrir miðjan Janúar næst á eptir. Síðan skal úrskurða reikningana á aðalfundi nefndarinnar; semur sýslumaður síðan eptir þeim yfirlit yfir efnahag hreppanna, og sendir stjórnarráðinu.

Yfirskoðara þessara reikninga má veita þóknun úr sýslusjóði, eptir því sem nefndin ákveður.

70. gr.

Sýslunefnd stjórnar öllum sveitarmálum, er varða sýsluna í heild sinni. Eptir tillögum hreppsnefnda gerir hún, þegar svo ber undir, ráðstöfun til að afstýra hallæri í sýslunni, enda skýri hún stjórnarráðinu ýtarlega frá gerðum sínum í því efni. Hún ræður, hvar lögferjur skuli vera og annast um, að þær séu jafnan í góðu lagi, og að lögferjumenn gæti skyldu sinnar. Þá er skipa skal hreppstjóra, stingur hún upp á 3 mönnum til þess, og af þeim skipar sýslumaður einn. Einnig gerir hún tillögu um, hvort hreppstjóri skuli vera einn

í hreppi eða tveir. Hún annast um að prentaðar séu eigi sjaldnar en 10. hvert ár nákvæmar skrár yfir fjármörk og, ef ástæður eru til, einnig yfir hestamörk, í allri sýslunni.

71. gr.

Sýslunefnd semur reglugerð um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjárskila, og sömuleiðis á vorum til rúningar og fráfærna, og ráðstafanir til að eyða refum, svo og aðrar reglugerðir þær, er hún hefir heimild til að semja samkvæmt lögum. Þá er nefndin hefir á fundi með meiri hluta atkvæða samþykt einhverja slíka reglugerð, skal senda hana stjórnarráðinu, sem getur veitt henni lagagildi.

72. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sýslu sérstaklega, til lykta ráðið fyrr en álits sýslunefndar þar hefir verið leitað um það. Sýslunefnd má og að fyrra bragði senda stjórnarráðinu tillögur um hvað eina, er verða má sýslunni til gagns, eða til að afstýra hallæri.

73. gr.

Reikningsár sýslusjóðs er almanaksárið.

74. gr.

Sýslunefndin skal á aðalfundi semja áætlun fyrir næstkomandi reikningsár yfir tekjur og útgjöld sýslunnar. Að því leyti sem eigi er heimild fyrir greiðslu einstakra gjalda með niðurjöfnun á annan hátt, skal jafna því, sem með þarf, niður á hreppsfélög sýslunnar eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða, að tveim þriðjungum, og eptir tölu verkfærra karlmanna, að einum þriðjungi í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjaldi því, er þannig kemur á hvert hreppsfélag, skal hreppsnefndin jafna niður á hreppsbúa, samkvæmt fyrirmælunum í 36. gr., og skal hreppsnefndaroddvitinn greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

75. gr.

Oddvita sýslunefndarinnar skal endurgjalda eptir reikningi hans, það sem hann hefir borgað fyrir ritföng, sendiferðir o. fl., og skal öll nefndin ávísa honum féð.

76. gr.

Hver sýslunefndarmaður fær í fæðispeninga og ferðakostnað úr sýslusjóði 4 krónur hvern dag frá því er hann fer að heiman á sýslufund, til þess er hann kemur heim aptur.

77. gr.

Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði, nema heimild sé fyrir því í lögum, eða það sé ákveðið af sýslunefndinni.

78. gr.

Sýslunefndin kýs árlega á aðalfundi mann úr sínum flokki til þess að yfirskoða næsta reikning sýslusjóðsins.

79. gr.

Í Janúarmánuði ár hvert skal oddviti sýslunefndarinnar gera reikning

yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins næstliðið ár og senda yfirskoðara hann fyrir lok sama mánaðar. Yfirskoðari skal fyrir lok næsta Febrúarmánaðar senda oddvita aptur reikninginn með athugasemdum sínum. Á næsta aðalfundi þar á eptir rannsakar sýslunefndin reikninginn, í sambandi við athugasemdirnar og svör reikningshaldara upp á þær, og úrskurðar síðan reikninginn.

Reikninginn á að semja eptir áætlun þeirri, sem nefnd er í 74. gr., og skal honum fylgja skrá yfir eignir sýslunnar og yfirlitsreikningur yfir eigur og skuldir hennar. Þetta ásamt reikningnum sjálfum sendir oddviti stjórnarráðinu til yfirlits með næsta pósti, eptir að reikningurinn var úrskurðaður.

Fyrir lok Júnímánaðar skal senda hverri hreppsnefnd í sýslunni ágrip af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, prentað eða á annan hátt margfaldað, svo mörg eintök, er hæfa þykir. Nú eru eigi tök til þessa að áliti sýslunefndar, og skal þá fyrir sama tíma senda í hvern hrepp til oddvita eitt skrifað eptirrit af sýslufundargerðinni ásamt reikningnum, og skal oddviti sjá um, að hreppsbúar fái að lesa það. Fyrir eptirrit þessi fær sýslumaður 50 aura fyrir hverja örk, og skal það, og allur kostnaður við prentun og útsending goldið úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á að reikningurinn sé réttur. Hún ábyrgist einnig innstæðufé, skuldabréf og aðrar eigur sýslufélagsins.

80. gr.

Að því er snertir mentamál, heilbrigðismál, ljósmæður, vegi, alþýðustyrktarsjóði, skattamál, alþingiskosningar, verzlunarleyfi og áfeingissöluleyfi, nýbýli, laxveiði og ýmsar aðrar greinir atvinnumála o. fl. hefir sýslunefnd hlutverk eptir því sem lög ákveða.

81. gr.

Þyki oddvita einhver ályktun nefndarinnar fara fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða sé að öðru leyti lögum gagnstæð, eða hún miði til að gera einhverja ráðstöfun, sem sýslufélagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt að fella ályktunina úr gildi, og ber honum þá að senda stjórnarráðinu tafarlaust skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eptirrit af skýrslunni. Stjórnarráðið sker úr ágreiningnum.

82. gr.

Með næsta pósti eptir sýslunefndarfund skal oddviti senda stjórnarráðinu endurrit af gerðabókinni til athugunar.

III. kafli.

Um það hver lög séu numin úr gildi með lögum þessum, og hvenær lög þessi komi í gildi m. m.

83. gr.

Með lögum þessum eru þessi lög og lagaákvæði úr gildi numin:

Tilskipun 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

Lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi. 4. Maí 1872.

Lög 16. Dec. 1885 um breyting á 46. gr. í tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.

Lög 9. Agúst 1889 um viðauka við lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.
Lög 11. Júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilskipun 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl.
Lög 11. Decbr. 1891 um þóknun handa hreppsnefndarmönnum.
Lög 15. Febr. 1895 um breyting á 1. gr. laga 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.
Lög 6. Marz 1896 um viðauka við lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. Maí 1872.
Lög 6. Nóv. 1897 um breyting á 6. gr. tilsk. 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og viðauka við lög nr. 1, 9. Jan. 1880.
Lög 4. Júní 1898 um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða 3. og 4. gr.
Lög 9. Sept. 1899 um breyting á 48. gr. í tilsk. 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.
Lög 13. Nóv. 1903 um viðauka við lög 9. Jan. 1880 um breyting á tilsk. 4. Maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. Ágúst 1889 um viðauka við nefnd lög.
Þau ákvæði í lögum 12. maí 1882 um kosningarrétt kvenna og í lögum 6. Nóvbr. 1902 um kjörgeingi kvenna, er snerta kosningarrétt og kjörgeingi kvenna til hreppsnefnda og sýslunefnda, skulu úr gildi numin, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

84. gr.

Að því leyti sem störf þau, er amtsráðin hafa haft á hendi, eru eigi með þessum lögum lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndirnar (sbr. 70. og 71. gr.), eða þau falla í burtu af sjálfu sér, skal þeim ráðstafað með konunglegri tilskipun.

85. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1907. Þó leggist amtsráðin ekki niður fyrr en 31. December sama ár.

Ed.

592. Frumvarp

til laga um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða upp á handhafa.

(Eptir 2. umr. í Ed).

1. gr.

Með þeim skilyrðum, sem sett eru í eptirfarandi greinum laga þessara, skal Íslands banka heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða uppá handhafa, en þó má nafnskrá í bókum bankans.

2. gr.

Samanlögð upphæð allra bankavaxtabréfa þeirra, er bankinn gefur út,

má ekki nema meira en tvöfaldri upphæð alls hlutafjár bankans og varasjóðs hans samanlagðri.

Upphæð hvers bankavaxtabréfs má ekki vera minni en 100 kr. og skulu þau innleysast eptir hlutkesti á eigi leingri tíma en 45 árum; skal það fram tekið í bréfunum sjálfum, hver ákvæði gilda um innlausn þeirra.

3. gr.

Bankavaxtabréf þau, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum, skulu vera í 2 flokkum (serium). Annan flokkinn skal kalla 1. flokk, og skal hann bera $4^1/_2$% vexti; hinn flokkinn skal kalla 2. flokk og skal hann bera 4% vexti.

4. gr.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þeim, sem í veltu eru, skal bankinn hafa í vörzlum sínum að minsta kosti jafnmikla upphæð í veðskuldabréfum eða í vaxtabréfum kaupstaða eða sýslufélaga, er út hafa verið gefin með samþykki stjórnarráðs Íslands. Á bréf þessi skal rita yfirlýsingu um, að þau séu sett til tryggingar þeim bankavaxtabréfum, er bankinn hefir sett í veltu. Veðskuldabréfin skulu útgefin fyrir lánum gegn 1. veðrétti í fasteign, og má ekki lána meira út á veðið en sem svarar helmingi af virðingarverði þess. Skuldabréf kaupstaða og sýslufélaga, er notuð verða í þessu skyni, skulu endurborgast að fullu á eigi leingri tíma en 40 árum frá því þau voru gefin út, en að því er fasteignarveðskuldabréfin snertir, má afborgunargjaldið eigi vera minna en svo, að láninu sé lokið á 40 árum, sé veðið jarðeign, á 35 árum sé veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sé veðið timburhús. Af öllum skuldabréfum þeim, sem sett eru til tryggingar bankavaxtabréfunum, skal greiða að minsta kosti $4^1/_2$%.

Auk tryggingar þeirrar, sem nefnd er hér á undan, skal bankinn setja sérstakt tryggingarfé fyrir bankavaxtabréfum sínum, er nemi $^1/_6$ af samanlagðri upphæð allra þeirra bréfa, sem í veltu eru á hverjum tíma. Tryggingarfé þetta skal vera í dönskum $3^1/_2$% ríkisskuldarbréfum eða í bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbankans og miðast upphæðin við gangverð bréfanna. Stjórnarráðið geymir verðbréfin.

Hlutafé bankans er einnig til tryggingar bankavaxtabréfunum.

5. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum bankans, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur almennar auglýsingar og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef eiginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð, sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eptir almennum lögum.

6. gr.

Sérstakan reikning skal halda fyrir bankavaxtabréf þessi. Endurskoðendur þeir, er skipaðir eru samkvæmt bankalögunum, hafa eptirlit með, að ákvæðum, sem um bankavaxtabréf þessi gilda, sé fylgt. Heimilt er bankaráð-

inu að fela einum af fulltrúunum að hafa samskonar eptirlit á hendi. Nánari ákvæði um útgáfu bankavaxtabréfanna, bókfærslu og reikningshald skulu sett í sérstakri reglugerð, er skal staðfest af stjórnarráði Íslands.

Nd. **593. Breytingartillaga**
við frumv. til laga um fræðslu barna o. fl.
Frá ráðherra.

Við 24. gr. Í stað orðanna: »og undirbúi ráðstafanir« o. s. frv. til enda greinarinnar, komi:

Kostnaðurinn við aðstoð þessa, svo og kostnaður við undirbúning ráðstafana þeirra og reglugerða, sem stjórnarráðið setur um kenslumál landsins, greiðist úr landssjóði af upphæð, er til þess er veitt á fjárlögum.

Ed. **594. Framhaldsnefndarálit**
um frumv. til laga um kennaraskóla í Reykjavík (584).

Háttvirt neðri deild hefir gert þá aðalbreyting á þessu frumvarpi, síðan það var afgreitt úr vorri deild, að hún vill hafa kennaraskólann í Reykjavík í 3 ársdeildum, og þá auðvitað ekki láta hann standa í neinu sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg.

Það er álit nefndarinnar, að það fyrirkomulag á kennaraskólanum, sem fólgið var í frumvarpi því, sem samþykt var hér í deildinni, sé bæði miklum mun kostnaðarminna og í alla staði hagfeldara.

Það er því tillaga vor, að frumvarpið sé fært aptur í þann búning, sem það hafði, þegar það fór frá vorri deild, þó með nokkrum breytingum til samkomulags, sem vér munum gera grein fyrir við framsöguna.

Vér ráðum því háttv. efri deild til að gera við frumvarpið eptirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 1. grein: Greinin orðist þannig:
Kennaraskóla skal setja á stofn í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg, og má verja til húsabóta og áhalda alt að 35,000 kr. úr landssjóði.
2. Við 2. grein: Greinin orðist þannig:
Kennaraskólinn er jafnt fyrir konur sem karla; kenslan veitist ókeypis. Við hinn sameinaða skóla skulu vera alt að 35 heimavistir og hafa nemendur kennaraskólans forgangsrétt að þeim.
3. Við 3. grein: Greinin orðist þannig:
Burtfararpróf úr gagnfræðaskólanum í Flensborg veitir rétt til inntöku í kennaraskólann. Að öðru leyti skulu inntökuskil-

yrði ákveðin í reglugerð skólans. Tvær ársdeildir eru í kennaraskólanum. Þó skal farkennurum og barnaskólakennurum heimilt fyrst um sinn að ljúka sér af á einum vetri eða skemmri tíma, alt að 2 mánuðum, samkvæmt þeim reglum, er stjórnarráðið setur. Skólaár kennaraskólans er frá 1. Október til 14. Maí ár hvert.

4. Við 5. grein: Greinin orðist þannig:
Við hinn sameinaða kennara- og gagnfræðaskóla skipar ráðherrann fjóra fasta kennara. Er einn forstöðumaður og hefir í árslaun 2500 kr. auk leigulauss bústaðar í skólahúsinu; annar kennari hefir 2000 kr. í árslaun, hinn þriðji 1600 kr. og hinn fjórði 1200 kr.

Sá af kennurunum, sem hefir ásamt forstöðumanni umsjón með heimavistanemendum, fái auk þess leigulausan bústað í heimavistarhúsi skólans.

5. Við 6. grein: Í stað »skólans« komi: hins sameinaða skóla.

6. — 7. — Greinin orðist þannig:
Kostnaður við rekstur hins sameinaða skóla greiðist úr landssjóði, þó, að því er gagnfræðaskólann snertir, einungis að svo miklu leyti, sem tekjur þessarar sérstöku stofnunar ekki hrökkva til.

7. — fyrirsögn frumvarpsins:
Í stað orðanna »í Reykjavík« komi: í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði.

Efri deild Alþingis, 25. Ágúst 1905.

Björn M. Ólsen, formaður. Jón Jakobsson, skrifari og framsögum. Sigurður Jensson,
Sigurður Stefánsson, Þórarinn Jónsson.

Ed.

595. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til fátækralaga.

Frá nefndinni.

Frumvarp þetta hefir að eins feingið fáeinar smábreytingar í háttv. neðri deild, er vér höfum ekkert sérlegt við að athuga, og ráðum því háttv. efri deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt eins og það liggur fyrir.

Alþingi 25. Ágúst 1905.

Eiríkur Briem, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari. Guðjón Guðlaugsson, framsögum.
Guttormur Vigfússon. Þorgr. Þórðarson.

Ed. **596. Breytingartillögur**
við frv. til laga um þingsköp handa Alþingi.

Flutningsmenn: Valtýr Guðmundsson, Guðjón Guðlaugsson og Jóh. Jóhannesson.

1. Við 4. gr. 2. málsgrein þessarar greinar falli burt.
2. — 4. — 3. málsgrein þessarar greinar orðist þannig:
Við prófun kjörbréfa og atkvæðagreiðslu um hana samkvæmt 1. gr. hefir sérhver þingmaður fullan þingmannsrétt, nema hann missi hann af öðrum ástæðum (sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar). En fresti þingið að taka kosningu þingmanns gilda, þá tekur hann eingan þátt í störfum þingsins, unz það mál er útkljáð og kosning hans viðurkend gild.
3. — 29. gr. Í stað orðanna: »Sé henni breytt þar ..... lagafrumvarpa« í 3. málsgr. komi: Sé henni breytt þar, skal hún lögð fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu.
4. Við 42. gr. 3. málsgrein þessarar greinar orðist þannig:
Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir eigi atkvæði, og er honum þá heimilt að láta bóka ástæður sínar, en atkvæði hans skal teljast með meiri hlutanum.

Nd. **597. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906—1907.

Flutningsmaður: Einar Þórðarson.

Við 13. gr. B. VI. b. Milli töluliðanna 3 og 4 komi nýr tölul. svo hljóðandi:
Styrkur til þess að koma upp heimavista- og heimangöngubarnaskóla á Vopnafirði, helmingur kostnaðar alt að . . . . . kr. 5000 (fyrra árið).

Ed. **598. Framhaldsnefndarálit**
um frumvarp til laga um hefð.

Háttvirt neðri deild hefir gert tvær orðabreytingar til skýringar við frv. Önnur þeirra er sú, að 2. málsliður 4. gr. er orðaður skýrara en áður og hin breytingin við 6. gr. 2. málslið, geingur í líka átt og breytingartillaga sú, er vér stungum upp á, en var feld hér í deildinni.

Þar sem vér teljum breytingar þessar til bóta, ráðum vér háttv. deild til þess að samþykkja frv. óbreytt eins og það nú liggur fyrir endurprentað.

Alþingi 25. Ágúst 1905.

Jóh. Jóhannesson. formaður. Jón Ólafsson. skrifari og framsögum. Guðjón Guðlaugsson.

Nd. **599. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga 1906 og 1907.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

Flutningsmenn: Hannes Þorsteinsson, Ólafur Ólafsson, Björn Bjarnarson, Skúli Thoroddsen, Magnús Andrésson, Stefán Stefánsson, Eyf., Jóh. Ólafsson, Eggert Pálsson.

1. Við 12. gr. A. 3. Í stað: »500 — 500« komi: 600 — 600.
2. Aptan við 12. gr. B. 6 bætist nýr töluliður:
Til akbrautar frá Flatholti fyrir ofan Bitru upp Skeiðin að Stóru-Laxá 6000 — 6000 gegn því að 13,000 kr. verði lagðar fram annarstaðar frá.

Ed. **600. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um forkaupsrétt leiguliða o. fl.

Frá nefndinni.

Með því að frumvarp þetta hefir að eins feingið þá breytingu í háttv. neðri deild, sem því er til bóta, þótt lítil sé, þá leyfum vér oss að leggja til, að háttv. efri deild samþykki frumvarpið óbreytt eins og það liggur nú fyrir deildinni.

Alþingi 25. Ágúst 1905.

Eiríkur Briem, formaður. Guðjón Guðlaugsson, skrifari og framsögum. Þórarinn Jónsson.
Ág. Flygenring. Þorgr. Þórðarson.

Ed. **601. Tillaga**
til þingsályktunar um árspróf í hinum almenna mentaskóla í Reykjavík.

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Sigurður Jensson, Þórarinn Jónsson, Guðjón Guðlaugsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ráðherra Íslands að hlutast til um, að utanskóla námssveinum og námsmeyjum verði gefinn kostur á, að ganga undir árspróf þau, sem haldin eru í hinum almenna mentaskóla í Reykjavík.

Nd. **602. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen.
Björn Kristjánsson.
Við 12. gr. D. Þessi liður falli burt, en í hans stað komi:
Til hraðskeytasambands.
Til þess að fá Marconi-félagið til að framhalda loptskeytasam-

bandi því, sem nú er á komið milli Reykjavíkur og útlanda og til þess að undirbúa hraðskeytamálið til næsta þings alt að 25,000 kr.

Nd. **603. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Guðlaugur Guðmundsson, Ólafur Thorlacius, Stefán Stefánsson Eyf.

1. Við 15. gr.: Á milli 13. og 14. liðs komi nýr 14. liður svo hljóðandi:
Til Hannesar H. Hanson málmleitarmanns fyrir að leita að málmum hér á landi
a, laun 1500 — 1500
b, til ferðakostnaðar og vinnu við málmleit samkvæmt reikningi alt að 2500 — 2500 = 4000 — 4000
2. Liður greinarinnar breytist samkvæmt því.

Nd. **604. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga 1906 og 1907.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).)

Flutningsmenn: G. Björnsson, Ólafur Ólafsson, Einar Þórðarson, Guðl. Guðmundsson, Björn Bjarnarson, Magnús Andrésson.

Við 14. gr. 13. g. Í stað »1200 — 1200« komi: 1600 — 1600.

Nd. **605. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir 1906 og 1907.
Flutningsmaður: Björn Bjarnarson.

Við 15. gr. Eptir 18. tölulið komi nýr liður, sem orðist þannig:
Til uppmælingar á nauðsynlegustu leiðum á innanverðum Breiðafirði alt að ... ... 6000 kr. (síðara árið).
Styrkurinn veitist með því skilyrði að hlutaðeigandi sýslur, Austur-Barðastrandarsýsla og Dalasýsla greiði fjórða hluta af kostnaðinum við uppmælinguna.
Liðirnir breytast samkvæmt þessu.

Nd. **606. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Flutningsmaður: Árni Jónsson.

Við 12. gr. B. 3. Á eptir *b* komi:

c til flutningabrautar frá Húsavík inn Reykjadal (síðara árið) 6,000

Ed. **607. Framhaldsnefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um varnarþing í skuldamálum.

Hin einasta breyting, sem háttv. neðri deild hefir gert á frumvarpi þessu er sú, að það á eigi að ná til annara skulda en þeirra, sem stofnaðar eru eptir að lögin öðlast gildi, í stað þess að ná til skulda, er stofnaðar voru frá því árið 1903.

Með því að vér getum fallist á þessa breytingu, ráðum vér háttv. deild til þess að samþykkja það eins og það liggur nú fyrir.

Alþingi 25. Ágúst 1905.

Eiríkur Briem, formaður. Jóh. Jóhannesson. skrifari.

Jón Ólafsson. Guðjón Guðlaugsson. Ág. Flygenring.

Nd. **608. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1906—1907.

Flutningsmenn: Jóhannes Ólafsson, Skúli Thoroddsen.

Við 12. gr. B. Milli tölulíðanna 7 og 8 komi nýr tölul. svo hljóðandi.

Til vegagerðar á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu fyrra árið kr. 5000.

Fjárveitingin er því skilyrði bundin að hlutaðeigandi sýslufélög leggi fram alt að $^1/_3$ hluta af kostnaði við vegagerðina.

Nd. **609. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun ræktunarsjóðs Íslands 2. Marz 1900.

Frá nefndinni.

Við 1. gr. Fyrir $^5/_{12}$ komi $^2/_3$ og »alt að $^4/_{12}$« falli burt.

Nd. **610. Framhalds-nefndarálit**

við frumv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá sveitarstjórnarlaganefndinni.

Nefndin ræður háttv. deild til að samþykkja frumv. óbreytt.

Neðri deild Alþingis 25. Ágúst 1905.

Árni Jónsson, formaður. Jón Magnússon, skrifari og framsögum.

Jóhannes Ólafsson. Eggert Pálsson.

Þótt að vísu frumv. þetta hafi feingið nokkrar umbætur í meðferðinni, þá get eg þó ekki lagt með því, að það sé afgreitt sem lög frá þinginu að þessu sinni.

Guðl. Guðmundsson.

Nd. **611. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Frá fjárlaganefndinni.

Nefndin hefir haft að eins mjög stuttan tíma til að athuga frumvarpið eins og það liggur nú fyrir frá háttv. efri deild. Hún leyfir sér að gera breytingartillögur þær við frumv. sem á eptir fara, sem gerð verður grein fyrir við framsöguna:

1. Við 12. gr. B. 3. a. fyrir »20,000« komi: 30,000.
2. Við 12. gr. B. 7. liðurinn falli burt.
3. Við 12. C. 1. Orðin síðast í athugasemdinni »ennfremur að fargjaldið« o. s. fr. til enda málsgr. falli burt.
4. Við 12. gr. D. 6. Aðaltillaga: liðurinn falli burt.
   Varatillaga: Liðurinn orðist svo:
   Til talsíma og ritsímalagningar til Ísafjarðarkaupstaðar síðara árið ... ... kr. 125.000
   Verkið verður þó eigi unnið fyrr en vandlega hafa verið rannsakaðar þær leiðir, sem fara mætti, og því að eins, að tími og atvik leyfi, eptir að bygging línunnar í milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur er lokið.
5. Við 13. B. VI. b. 4. fyrir: »ráðstefnu« komi: ráðstafana.
6. Við 13. B. VI. b. 4. fyrir: »2500 — 2500« komi: 3000 — 3000.
7. Við 13. B. VI. f. Á eptir þessum lið komi nýr liður þannig hljóðandi:
   Til stúdentafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi alþýðufyrirlestrum . . . . . 500—500
8. Við 13. gr. B. VI. g. Á eptir þeim lið komi nýr liður:
   Til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík . . . 400—400
9. Við 14. gr. 13. staflið f. fyrir 200—200 komi: . . . . . 300—300
   — g. fyrir 1200—1200 komi; . . . . . 1600—1600
   — o. á eptir þeim lið komi nýr liður:
   Til þess að gefa út lýsing af íslenzkum fjallvegum 1000
   — t. Liðurinn falli burt.
10. Við 14. gr. 13, Liðurinn sjálfur falli burt, en í hans stað komi stafliðirnir a—s og færist út fyrir strykið hver með sinni upphæð sem sérstakir töluliðir.
11. Við 15. gr. 6. Í stað 5000 komi . . . . . 20000—10000
12. Við 15. 22. Á eptir þeim lið komi:
    23. Til Ísaks Jónssonar, íshússtjóra, styrkur til þess að koma upp íshúsi í Þorgeirsfirði 1000
13. Við 20. gr. fjórða málsgrein: Á eptir orðunum: »til fiskiveiða« komi: frá útlöndum.

Neðri deild Alþingis 25. Ágúst 1905.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Pétur Jónsson. Lárus H. Bjarnason.

Jón Jónsson. Þórh. Bjarnarson.

Skúli Thoroddsen, með fyrirvara. Stefán Stefánsson, þm. Skf., með fyrirvara hvað snertir 4.

Nd.

612. Frumvarp

til laga um þingsköp handa Alþingi.

(Eptir 3. umr. í Ed.).

I.

Þingskipun.

Þingsetning. Prófun kjörbréfa og ályktun um þau.

1. gr.

Þegar Alþingi kemur saman við þingsetning, skal elzti þingmaðurinn stjórna umræðunum þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn, og standa fyrir kosningu hans.

Til þess að prófa kjörbréf og kosning nýkosinna þingmanna, hvort fleiri eru eða færri, og það þótt eigi sé nema einn, ganga þingmenn eptir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinst. Fyrsta deild fær annari deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbréf þess eða þeirra þingmanna, sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbréf þau, er hún tekur við og kosning þeirra þingmanna, er þau eiga, kýs sér framsögumann og gerir tillögu til þingsins um hvort kosning skuli talin gild. Tillögurnar má bera upp munnlega án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi hverrar kosningar og eins um það, hvort fresta skuli að taka kosning gilda (29. gr. stjórnarskr.).

Eiður. Kosning forseta sameinaðs þings og skrifara.

2. gr.

Því næst vinna nýir þingmenn eið að stjórnarskránni (30. gr. stjórnarskr.). Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings og geingst hann fyrir kosningu varaforseta og 2 skrifara.

Rétt kjörinn forseti er sá, er hefir meira en helming atkvæða. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosning, skal kosið af nýju óbundnum kosningum. Fái þá eigi heldur neinn nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo þingmenn, er flest feingu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; en hafi við þá kosning fleiri feingið jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti, hvor þeirra verði forseti.

Sömu reglu skal fylgt við kosning varaforseta. En við kosning skrifara ræður atkvæðafjöldi. Hlutbundinni kosningu má beita við kosning skrifara, ef 9 þingmenn krefjast þess (16. gr.).

Kjörbréfanefnd.

3. gr.

Þá skal kjósa nefnd, til þess að prófa kjörbréf, er síðar koma fram en svo, að þau verði prófuð eptir 1. gr., svo og til þess að rannsaka kosningar, er þingið hefir frestað að taka gildar, og kærur yfir kosningum, er þegar eru teknar gildar. Í þessa nefnd kýs þingið 5 menn eptir reglum um nefndarkosningar (16. og 46. gr.).

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu, eða ef hún leggur til, að kosning skuli teljast ógild, skulu tillögur hennar ræddar eptir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa (21. gr.). Ella fer um tillögur hennar eptir því, sem ákveðið er um tillögur kjörbréfadeildanna í 1. gr.

Hve nær kosningakæra verði til greina tekin og þingið geti ónýtt kosning. Réttindi þingmanns áður en kosning hans er tekin gild.

4. gr.

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosning ógilda, þótt eigi hafi hún kærð verið, og einnig frestað að taka kosning gilda, til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosning þingmanns, er eigi er kominn, eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar, en gerir það því að eins, að kært sé yfir þeim.

Kæra yfir kosningu þingmanns skal því að eins tekin til greina, að hún sé frá kjósendum í kjördæmi þingmannsins og sé komin til þingsins áður en 4 vikur eru liðnar frá fyrstu þingsetningu eptir kosninguna.

Við prófun kjörbréfa og atkvæðagreiðslu um hana samkvæmt 1. gr. hefir sérhver þingmaður fullan þingmannsrétt, nema hann missi hann af öðrum ástæðum (sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar). En fresti þingið að taka kosningu þingmanns gilda, þá tekur hann eingan þátt í störfum þingsins, unz það mál er útkljáð og kosning hans viðurkend gild.

Kosning til efri deildar.

5. gr.

Eptir kosningar þær, sem talað er um í 2. og 3. gr., skal kjósa óbundnum kosningum 8 þjóðkjörna alþingismenn til efri deildar (5. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903). Þeir eru rétt kjörnir til efri deildar, er flest fá atkvæði. Ef tveir þingmenn eða fleiri fá jafn mörg atkvæði, skal kjósa um þá bundnum kosningum, en hafi þeir að nýju við þá kosning jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

Forseta-kosning og skrifara í deildunum.

6. gr.

Síðan setjast þingdeildirnar, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elzti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar, en forseti síðan fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og 2 skrifara. Um þessar kosningar fer eptir ákvæðum 2. gr. um samskonar kosning í sameinuðu þingi.

Hve leingi kosningar eptir 2.—3. og 5.—6. gr. gildi o.fl.

7. gr.

Kosning forseta, varaforseta og skrifara, bæði í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allan þingtímann það ár. Svo er og um nefndarkosning þá, er talað er um í 3. gr. En kosning til efri deildar er fyrir alt kjörtímabilið (16. gr. stjórnarskr.).

Sæti þjóðkjörins þingmanns í efri deild losnar.

8. gr.

Ef sæti þjóðkjörins þingmanns í efri deild losnar á kjörtímabilinu, skal fara eptir 16. gr. stjórnarskr.

Réttur og skylda aldursforseta.

9. gr.

Aldursforseti bæði í sameinuðu þingi (1. gr.) og í þingdeildunum (6. gr.), hefur meðan hann skipar forsetasæti allan sama rétt og skyldur sem forseti, en tekur þátt í kosningum og atkvæðagreiðslu.

Verksvið forseta.

10. gr.

Forsetar stjórna umræðum og sjá um, að alt fari fram með góðri reglu. Forseti hvorrar deildar tekur við öllum erindum til deildarinnar og annast um afgreiðslu þeirra mála, er frá deildinni eiga að fara. Hann skýrir á fundi frá hverju því, er sent er deildinni, eða útbýtt er í henni. Nú vill forseti, hvort heldur deildar eða sameinaðs þings, taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur, og víki þá á þingmannabekk, en varaforseti tekur forsetasæti á meðan. En eigi má forseti taka þátt í neinni atkvæðagreiðslu né kosningu, og verður hann aptur að hafa geingið til forsetasætis áður en það fer fram. Eigi má varaforseti heldur taka þátt í atkvæðagreiðslu né kosningum, þegar hann gegnir forsetastörfum í fjarveru forseta.

Forsetar beggja deildanna standa í sameiningu fyrir reikningum Alþingis, en þó getur forseti hvorrar deildar ávísað þingmönnum í henni fé því, er þeir eiga að fá í daglaun og endurgjald fyrir ferðakostnað. Þeir ráða ritara og aðra þá menn, sem þörf er á, til þingstarfa og ákveða laun þeirra. Sömuleiðis standa þeir fyrir útgáfu Alþingistíðindanna, ráða útsölumann þeirra og annast geymslu á þeim og um skjalasafn Alþingis og bókasafn, hafa umsjón með Alþingishúsinu, munum þess og þinghúsgarðinum jafnt milli þinga sem um sjálfan þingtímann, og sjá um, að alt sé í lagi í þinghúsinu, þegar þing kemur saman (við þingsetning).

Réttur og skylda varaforseta.

11. gr.

Í forföllum forseta geingur varaforseti að öllu leyti í hans stað.

Milliþingaforseti.

12. gr.

Nú er hvorki forseti né varaforseti deildar búsettur í Reykjavík eða þar í nánd, og skal þá í þinglok kjósa þingmann, sem á heima í Reykjavík eða í nánd við hana, til þess að annast störf forseta milli þinga. Kosning sú fer fram á sama hátt og áður er ákveðið um forsetakosning.

Verksvið skrifara. Gerðabók.

13. gr.

Skrifararnir halda gerðabók undir umsjón forsetans, og geta í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum og úrslita þeirra.

Í byrjun fundar skal gerðabók frá síðasta fundi lesin upp, samþykt og undirskrifuð af forseta og öðrum skrifaranum. Upplestrinum má sleppa, ef einginn þingmanna þeirra, er hlut eiga að máli, æskir hans. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sér gerðabókina á skrifstofunni, að minsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

Skrifararnir telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Við nafnakall greiða þeir fyrstir atkvæði og skrá síðan hin atkvæðin. Sömuleiðis sjá þeir með forseta um að ályktanir séu skrásettar, og ritar forsetinn og annar skrifarinn undir þær. Störfum skipta skrifarar milli sín eptir samkomulagi við forseta.

14. gr.

Embættismenn sameinaðs þings.

Ákvæði 11. gr. og 13. gr. eiga jafnt við um forseta, varaforseta og skrifara í sameinuðu þingi sem í deildunum.

II.

Nefndir.

Nefndaskipun.

15. gr.

Hvor þingdeild getur skipað bæði fastar nefndir, til þess að fjalla um einhverja ákveðna tegund mála, og lausar nefndir, til þess að íhuga frumvörp eða aðrar tillögur, er koma fyrir deildina frá stjórninni eða þingmönnum. Til nefnda þeirra má síðar vísa skyldum málum. Nefndin getur sjálf bætt við sig tveimur þingmönnum, er hún kýs, ef deildin samþykkir. Nefnd má á hverju stigi máls skipa, eða vísa því til nefndar, er fyrr var skipuð. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað. Tala nefndarmanna skal standa á stöku.

Kosning nefnda.

16. gr.

Rjett kosinn í nefnd við óhlutbundna kosning, — þ. e. við aðra kosning en hlutfallskosning — er sá, er hlotið hefir þriðjung greiddra atkvæða, og telst auður seðill greitt atkvæði. Fáist nefnd eigi full skipuð við ítrekaða kosning á þann hátt, skal kjósa bundnum kosningum um þá, er flest höfðu atkvæði, þannig að vanti einn mann í nefndina, er kosið um 2; vanti 2, er kosið um 3 þá, er flest höfðu atkvæði, o. s. frv. Ræður að öðru leyti hlutkesti (sbr. 46. gr.).

Formaður og skrifari nefndar, og framsögumaður. Nefndarálit.

17. gr.

Sá, er flest fær atkvæði í nefnd við óhlutbundna kosning, kveður nefndina saman í fyrsta sinn, og lætur kjósa formann og skrifara. Fái fleiri jafn mörg atkvæði í nefndina, ræður stafrófsröð. Við hlutfallskosning kveður sá nefndina saman í fyrsta sinn, er fyrst var kosinn.

Nefndin kýs sér framsögumann. Hún lætur uppi álit og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna. Eigi má taka málið að nýju til umræðu fyrr en að minsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu var útbýtt.

III.

Umræður o. fl.

Hve nær frumvörp megi taka til umræðu o. fl.

18. gr.

Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði, og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyrr en liðnar eru að minsta kosti 2 nætur frá því, er því var útbýtt. Þau lagafrumvörp, er borin eru upp af þingmanna hálfu og útbýtt er fjórum vikum eptir þingsetning, verða því að eins tekin til meðferðar í deildinni, að meiri hluti þingmanna í þeirri deild, sem frumvarpið er borið upp í, samþykki það. Þessa samþykkis skal leitað, þá er málið kemur til fyrstu umræðu, og má flutningsmaður einn áður taka til máls og skýra frá þýðingu frumvarpsins. Neiti deildin um samþykkið, er frumvarpið fallið.

Eigi þarf þó að leita þessa samþykkis, þegar um er að ræða frumvarp til laga um breyting á stjórnarskránni, eða um breyting á þingsköpum Alþingis.

Frumvörp skulu rædd þrisvar.

19. gr.

Eigi er lagafrumvarp samþykt til fullnaðar í deild fyrr en búið er að ræða það þrisvar sinnum (27. gr. stjórnarskr.).

1. umræða.

20. gr.

Við *fyrstu* umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið, er leitað atkvæða um, hvort það eigi að ganga til annarar umræðu.

2. umræða. Breytingartillögur.

21. gr.

Önnur umræða fer eigi fram fyrr en tveim nóttum eptir fyrstu umræðu, og skal þá ræða greinar frumvarpsins, hverja fyrir sig, og breytingartillögur við þær. Ræða má frumvarpið í köflum eptir nánari ákvæðum forseta. Þegar búið er að ræða hvern kafla, skulu atkvæði greidd um hverja grein í honum með breytingartillögum, er við eiga. Að síðustu skal greiða atkvæði um það, hvort frumvarpið þannig lagað eigi að ganga til þriðju umræðu.

3. umræða. Breytingartillögur.

22. gr.

Þriðja umræða má eigi fram fara fyrr en tveim nóttum eptir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar, er þær eiga við, svo og frumvarpið alt í heild. Þá er umræðum er lokið, skal leita atkvæða um breytingartillögurnar, og síðan um frumvarpið í heild sinni, eins og það þá er orðið.

Frumvarp sendist hinni deildinni, og síðan ráðherra.

23. gr.

Þá er frumvarp hefir þannig verið samþykt við þrjár umræður í deild, sendir forseti hennar það forseta hinnar deildarinnar með tilmælum um, að hann leggi það fyrir þá deild

(9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903), og sætir það síðan sömu meðferð þar, sem í deild þeirri, er það kom frá.

Ef frumvarpið er samþykt óbreytt í þessari deild, sendir forseti hennar ráðherra það.

Frumvarp endursent deild. Meðferð á því.

24. gr.

Ef deildin breytir aptur á móti frumvarpinu í smáu eða stóru, sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar (28. gr. stjórnarskr.). Hafi nefnd fjallað um það þar, sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það, og skal það prentað og því útbýtt. Þá er liðnar eru að minsta kosti tvær nætur frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt, eða, ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu (22. gr.).

Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt, eins og það kom frá hinni deildinni, sendir forseti ráðherra það. En sé því breytt, sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni (9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903, og skal þar enn fara með það eptir ákvæðum 22. gr. Fallist deildin á frumvarpið óbreytt, sendir forseti ráðherra það. Nú breytir deildin því, og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til, að það verði lagt fyrir sameinað þing.

Frumvarp í sameinuðu þingi.

25. gr.

Frumvarpinu í þeirri mynd, sem það hafði síðast feingið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu, minst 2 nóttum síðar. Við umræðurnar skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í 22. gr., og er þeim lýkur, skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykt í heild sinni, verða aptur á móti að minsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (9. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903).

Ef frumvarpið er samþykt, sendir forseti sameinaðs þings það ráðherra. Ella fellur það niður.

Fyrirsögn frumvarpa og fleira um

26. gr.

Lagafrumvarp, er felur í sér tillögu um breyting á *stjórnarskránni* eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt

breyting á stjórnarskránni.

frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá.

Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breyting á stjórnarskránni, eða viðauka við hana, má að eins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Sé hún gerð við annað frumvarp, vísar forseti henni frá.

Feld frumvörp.

27. gr.

Lagafrumvarp, er önnur hvor deildin hefir felt, má eigi bera upp aptur á sama þingi.

Álit yfirskoðunarmanna.

28. gr.

Álit yfirskoðunarmanna (26. gr. stjórnarskr.) skal fyrst lagt fyrir neðri deild, og kýs hún þriggja manna nefnd, til þess að íhuga það.

Tillögur nefndar þeirrar skal ræða tvisvar sinnum eptir reglunum um aðra og þriðju umræðu um lagafrumvörp. Sama er, ef efri deild skipar nefnd, til þess að íhuga álit yfirskoðunarmanna. Ella ræður hún málinu til lykta með einni umræðu.

Þingsályktunartillögur.

29. gr.

Þingsályktunartillögur, þ. e. sérstakar tillögur aðrar en lagafrumvörp, skulu vera í ályktunarformi. Slíka tillögu má ræða einu sinni eða tvisvar. Nú er tillaga til þingsályktunar borin upp í deild eða sameinuðu þingi, og skal þá prenta hana og útbýta. Á fundi að minsta kosti 1 nótt síðar ályktar deildin eða þingið eptir uppástungu forseta, hvort hún skuli rædd í einni eða tveimur umræðum. Umræða má eigi framfara fyr en í fyrsta lagi daginn eptir.

Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eptir fyrirmælunum um 2. umræðu lagafrumvarpa (21. gr.), og sama er um fyrri umræðu, ef tvær eru. En síðari umræðan fer fram eins og þriðja umræða um lagafrumvörp (22. gr.).

Þingsályktunartillögu, er samþykt hefir verið í annari þingdeildinni, má senda hinni deildinni, og láta hana þar sæta sömu meðferð, sem nú er sagt hér á undan í grein þessari. Sé henni breytt þar, skal hún lögð fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu.

30. gr.

Breytingartillögur.

Breytingartillögur við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt daginn áður en þær koma til umræðu. Ráðherra eða umboðsmaður hans og hver þingdeildarmaður, eða í sameinuðu þingi hver þingmaður, má koma fram með breytingartillögu við hverja umræðu sem er.

Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera

upp við byrjun þess fundar, er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti, en aðrir því að eins, að deildin samþykki það.

Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aptur í sömu deild á sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi, ef tækifæri er til þess eptir þingsköpum. Þegar laga-frumvörp koma í sameinað þing má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefir verið felt í sömu þingdeild, og er þingmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði.

Fyrirspurnir. 31. gr.

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra um alþjóðlegt málefni (37. gr. stjórnarskr.), og gerir hann það með *fyrirspurn*, er afhent sé forseta, og skal prenta hana og útbýta, og forseti skýra frá henni á fundi. Á öðrum fundi leyfir deildin fyrirspurnina eða synjar leyfis.

Leyfi deildin fyrirspurnina, sendir forseti ráðherra hana, og er hún svo borin upp og rædd á fundi síðar. Við þessa umræðu má eigi gera neina ályktun.

Ávarp. 32. gr.

Ávarp má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi og skal fara með það sem þingsályktunartillögu, að því fráskildu, að ávarp verður eigi sent frá einni deild til annarar.

Apturköllun. 33. gr.

Frumvörp, hvort heldur eru frá stjórninni, eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aptur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aptur á sama fundi. Fyrirspurn má og apturkalla.

Frávísun. 34. gr.

Rökstudd dagskrá. Heimilt er þingmanni að krefjast þess, að lagafrumvarpi, þingsályktunartillögu og breytingartillögu eða fyrirspurn sé vísað frá. Kröfu um það skal hann koma fram með áður en nokkur annar en flutningsmaður, eða, ef þeir eru tveir eða fleiri, einn þeirra hefir talað. Þingdeildin sker þá umræðulaust úr því, hvort frá skuli vísa.

Meðan á umræðum stendur, má gera tillögu, er bygð sé á ástæðum, um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni, og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða.

Þingmaður tekur til máls. 35. gr.

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og feingið leyfi til þess, skal standa upp frá sæti sínu og mæla þaðan, og skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forseta. Eigi

má hann ávarpa annan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosning.

Hve opt þingmaður má taka til máls við umræðu.

36. gr.

Ráðherra eða umboðsmaður hans, framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala optar en tvisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn, skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður, nema annar sé tilnefndur. Aðrir mega eigi tala optar en tvisvar Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæzlu þingskapa og til þess að bera af sér sakir.

Í hverri röð þingmenn taka til máls.

37. gr.

Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu, það er til ráðherra eða umboðsmanns hans og framsögumanns kemur, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu, eða athugasemd, er snertir sjálfan hann.

Upplestur.

38. gr.

Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp skrifað eða prentað mál.

Þingmenn gæti reglu.

39. gr.

Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvivetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp, er það skylda forseta að gera hlé á fundinum um stundarsakir, eða, ef nauðsyn er til, slita fundinum alveg.

Krafa um, að umræður hætti.

40. gr.

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sé hætt, og sker þingdeildin úr því umræðulaust. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um, hvort umræðum skuli lokið. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eptir ákvæðum þessarar greinar og 36. greinar, að því er sameinað þing snertir, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Dagskrá.

41. gr.

Forseti deildar ákveður fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund hennar. Þó má ákveða hana eptir ályktun deildarinnar, ef 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá.

Ef þá er farið fram á, að mál sé látið ganga út af dagskránni, skal afhenda forseta kröfuna um það samdægurs og dagskráin er ákveðin. En sé farið fram á, að mál sé tekið á dagskrá, skal tilkynna deildinni það í lok þess fundar, er krafan um það kom fram á. Um þessa tillögu skal í byrjun næsta fundar greiða atkvæði umræðulaust. Sé hún feld, er með því samþykt dagskrá forseta.

Þegar dagskrá er eigi ákveðin eptir ályktun deildarinnar, getur forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskrá, og einnig tekið mál út af dagskrá. Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því að eins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki $^3/_4$ þeirra, sem á fundi eru, og leyfi ráðherra, sbr. 53. gr.

Þingdeild ályktunarfær. Skylda þingmanna að greiða atkvæði.

42. gr.

Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt mál, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði atkvæði (11. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903.).

Skylt er þingmanni hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi að vera viðstaddur, er atkvæði eru greidd, nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi (50. gr.).

Nú er haft nafnakall við atkvæðagreiðslu og þingmaður greiðir eigi atkvæði, og skal hann þá leiða rök að því. Forseti sker úr, hvort þau rök skulu gild talin, en þingmaður getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingins. Ef þau eru ályktuð ógild, telst atkvæði þingmannsins með meiri hlutanum. Svo er og, ef hann færist undan að rökstyðja undanfærslu sína. Heimilt er þingmanni að láta bóka ástæður sínar.

Skipting, röð og innra samband atkvæðagreiðslu.

43. gr.

Forseti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur þingdeild eða sameinað þing, ef 3 í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krefjast þess, breytt ákvörðun forseta. Forseti og einn af flutningsmönnum mega hvor um sig taka einu sinni til máls áður en til atkvæða er geingið um það. Krefjast má þingmaður þess, að atkvæðagreiðslu um breytingartillögu sé skipt, ef hann gerir það áður en umræður hefjast. Nú er stungið upp á, að skipta atkvæðagreiðslu um lagagrein, og telst það breytingartillaga (sbr. 30. gr.).

Atkvæðagreiðsla. Nafnakall.

44. gr.

Þá er forseti hefir ástæðu til að ætla, að allir séu á einu máli, má hann lýsa því yfir, að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu, ef enginn krefst þess að hún fari fram. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður (sbr. 20—25. og 29. gr.).

Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt, að hver þingmaður stendur upp úr sæti sínu, hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifararnir telja atkvæðin, en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar eptir að atkvæða hefir verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig, að málið sé hvorki samþykt né felt, lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli annaðhvort þegar í stað, eða ef atkvæðagreiðsla hefir áður fram farið, en verið óglögg. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í

sameinuðu þingi krafizt nafnakalls við atkvæðagreiðslu um tiltekið atriði. Skrifleg krafa um það skal afhent forseta áður en atkvæðagreiðsla byrjar. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og bókuð.

Afl atkvæða.

45. gr.

Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða, nema öðru vísi sé ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum (sbr. 25. gr.).

Kosning, óhlutbundin og hlutbundin (de Hondt). Kjörmiði ógildur.

46. gr.

Um kosningar fer eptir því, sem fyrir er mælt í 2. og 16. gr., að því viðbættu, að þegar kjósa á um 2 menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi, hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, skal beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kend er við de Hondt (listakosning) ef 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi æskja þess.

Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta þegar til kosningar kemur lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C, o. s. frv., eptir því, sem sjálfur hann ákveður, eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig, að hver ritar á kjörmiða að eins stafnafn (A, B o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eptir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifararnir rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eptir því, sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annari og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eptir hlutatölunum þannig, að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næst hæsta hluttölu o. s. frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hvor listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosning í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

Kjörmiði við óhlutbundnar kosningar er ógildur, ef á honum standa fleiri eða færri nöfn en samsvarar tölu nefndarmanna, eða nafn er ógreinilegt eða á eigi við.

Fundir í heyranda hljóði.

47. gr.

Fundir bæði þingdeilda og sameinaðs þings skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að öll-

um utanþingsmönnum sé vísað á braut, og sker þá þingið úr því, hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum (40. gr. stjórnarskr.)

Áheyrendur.

48. gr.

Forseti skipar fyrir um, hvernig mönnum skuli gefinn kostur á að vera við fundi þá, er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því, getur forseti látið vísa honum á braut, og ef þörf er á, öllum áheyrendum.

Alþingistíðindi.

49. gr.

Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau skulu prentaðar í Alþingistíðindunum.

Forföll þingmanna.

50. gr.

Nú hefir þingmaður forföll, svo að hann getur eigi mætt á fundi, og skal hann þá skýra forseta þeim, er í hlut á, frá því í tæka tíð. Burtfararleyfi af þingi getur forseti veitt um 2 daga, ef nauðsyn krefur. Ef um leingri tíma er að ræða, þarf til þess samþykki hlutaðeigandi þingdeildar.

Þingdeild tekur eigi við erindi án flutningsmanns.

51. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sér til flutnings (38. gr. stjórnarskr.).

Máli vísað til ráðherra.

52. gr.

Þyki þingdeild eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, getur hún vísað því til ráðherrans (12. gr. stjórnarskipunarlaga 3. Okt. 1903).

Afbrigði frá þingsköpum.

53. gr.

Eptir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá 3 þingmönnum í efri deild, 6 þingmönnum í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi má bregða út af þingsköpum þessum, ef ráðherra eða umboðsmaður hans leyfir, og $^3/_4$ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja. Þó mega afbrigðin þau ein vera, er eigi koma í bága við stjórnarskrána.

54. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um þingsköp handa Alþingi Íslendinga 7. Apríl 1876 og lög um viðauka og breyting á þingsköpum Alþingis 22. Maí 1890.

Nd. **613. Frumvarp**
til laga um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða upp á handhafa.

(Eptir 3. umr. í Ed).

1. gr.

Með þeim skilyrðum, sem sett eru í eptirfarandi greinum laga þessara, skal Íslands banka heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða uppá handhafa, en þó má nafnskrá í bókum bankans.

2. gr.

Samanlögð upphæð allra bankavaxtabréfa þeirra, er bankinn gefur út má ekki nema meira en tvöfaldri upphæð alls hlutafjár bankans og varasjóðs hans samanlagðri.

Upphæð hvers bankavaxtabréfs má ekki vera minni en 100 kr. og skulu þau innleysast eptir hlutkesti á eigi leingri tíma en 45 árum; skal það fram tekið í bréfunum sjálfum, hver ákvæði gilda um innlausn þeirra.

3. gr.

Bankavaxtabréf þau, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum, skulu vera í 2 flokkum (serium). Annan flokkinn skal kalla 1. flokk, og skal hann bera $4^1/_2$% vexti; hinn flokkinn skal kalla 2. flokk og skal hann bera 4% vexti.

4. gr.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þeim, sem í veltu eru, skal bankinn hafa í vörzlum sínum að minsta kosti jafnmikla upphæð í veðskuldabréfum eða í vaxtabréfum kaupstaða eða sýslufélaga, er út hafa verið gefin með samþykki stjórnarráðs Íslands. Á bréf þessi skal rita yfirlýsingu um, að þau séu sett til tryggingar þeim bankavaxtabréfum, er bankinn hefir sett í veltu. Veðskuldabréfin skulu útgefin fyrir lánum gegn 1. veðrétti í fasteign, og má ekki lána meira út á veðið en sem svarar helmingi af virðingarverði þess. Skuldabréf kaupstaða og sýslufélaga, er notuð verða í þessu skyni, skulu endurborgast að fullu á eigi leingri tíma en 40 árum frá því þau voru gefin út, en að því er fasteignarveðskuldabréfin snertir, má afborgunargjaldið eigi vera minna en svo, að láninu sé lokið á 40 árum, sé veðið jarðeign, á 35 árum sé veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sé veðið timburhús. Af öllum skuldabréfum þeim, sem sett eru til tryggingar bankavaxtabréfunum, skal greiða að minsta kosti $4^1/_2$%.

Auk tryggingar þeirrar, sem nefnd er hér á undan, skal bankinn setja sérstakt tryggingarfé fyrir bankavaxtabréfum sínum, er nemi $^1/_6$ af samanlagðri upphæð allra þeirra bréfa, sem í veltu eru á hverjum tíma. Tryggingarfé þetta skal vera í dönskum $3^1/_2$% ríkisskuldarbréfum eða í bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbankans og miðast upphæðin við gangverð bréfanna. Stjórnarráðið geymir verðbréfin.

Hlutafé bankans er einnig til tryggingar bankavaxtabréfunum.

5. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum bankans, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara,

með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur almennar auglýsingar og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef eigandinn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð, sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eptir almennum lögum.

6. gr.

Sérstakan reikning skal halda fyrir bankavaxtabréf þessi. Endurskoðendur þeir, er skipaðir eru samkvæmt bankalögunum, hafa eptirlit með, að ákvæðum, sem um bankavaxtabréf þessi gilda, sé fylgt. Heimilt er bankaráðinu að fela einum af fulltrúunum að hafa samskonar eptirlit á hendi. Nánari ákvæði um útgáfu bankavaxtabréfanna, bókfærslu og reikningshald skulu sett í sérstakri reglugerð, er skal staðfest af stjórnarráði Íslands.

Nd. **614. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
Frá ráðherra.

1. Við 13. gr. B. III. Aptan við 13. undirlið komi tveir nýir undirliðir:
   14. Til að útbúa stofu til handavinnu 2,500
   15. Til að kaupa smíðatól 800
2. Við 13. gr. B VI b 3. Orðin, »eptir tillögum umsjónarmannsins yfir barnaskólum og alþýðufræðslu« falli burt.
3. Við 13. gr. B. Aptan við tölulið VIII komi tveir nýir liðir:
   IX. Styrkur til lögfræðings til þess að búa sig undir að verða kennari við lagaskólann ... ... 2500 — 2500
   X. Til sýslunefnda, til þess að halda uppi fræðandi og skemtandi fyrirlestrasamkomum til sveita á vetrum... ... ... 3000 — 3000
4. Við 15. gr.: 2. liður orðist svo:
   2. til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum
   a, laun 3000
   b, ferðakostnaður eptir reikningi ... ... 500 = 3500 — 3500

Nd. **615. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1906 og 1907.
Frá Magnúsi J. Kristjánssyni.

Við 15. gr. Á eptir tölulið 7 komi nýr liður:
   8. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla á Akureyri . . . . . 1000 kr. — 1000 kr.

Ed. **616. Frumvarp**
til laga um varnarþing í skuldamálum.
(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ef skuld er stofnuð við fasta verzlun eða aðra heimilisfasta atvinnustofnun hér á landi, á skuldheimtumaður rétt á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunaut í þinghá þeirri, er skuldin er stofnuð í, eins og væri þar varnarþing hans, enda sé skuldin eigi stofnuð fyrr en lög þessi öðlast gildi. Eigi raskar þetta þó ákvæðum þeim, er nú gilda um varnarþing, er bundið er við fasteign.

Lög þessi ná til þeirra einna skuldaskipta, er skuldheimtumaður er kaupmaður, eða hefir á annan hátt atvinnu sína af viðskiptum, svo sem lyfsalar, bóksalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita og aðrir, sem líkt stendur á með.

Því að eins gilda fyrirmæli þessarar greinar, að fyrirtökudagur málsins falli á missirinu milli 1. Maí og 1. Nóvember.

2. gr.

Mál þau, er um er rætt í þessum lögum, skulu rekin fyrir gestarétti, en birta skal stefnuna á lögheimili skuldunauts með þriggja vikna fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis sem fyrirtökustaðurinn, með 6 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmisins, en þó í sama landsfjórðungi, en með níu vikna fresti, ef það er í öðrum landsfjórðungi.

Með »landsfjórðungi« er hér átt við svæði það, er amtsráðin nú taka yfir.

Nd. **617. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
Frá Þórh. Bjarnarsyni.

Við 4. gr. 13. t.
Liðurinn orðist svo:
Til Sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að 600 — 600.

Nd. **618. Framhalds-nefndarálit**
um frumv. til laga um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóðar upp á handhafa.

Breytingar þær, er háttvirt efri deild hefir gert á frumvarpi þessu getum vér eptir atvikum fallist á, og ráðum til að frumv. verði samþykt óbreytt.

Neðri deild Alþingis 26. Ágúst 1905.

Stefán Stefánsson, þm. Skf. G. Björnsson, Jón Jónsson.

Nd. **619. Vara-viðaukatillaga**
við frumv. til fjárlaga 1906 og 1907.
(Eins og það var samþ. við 3 umr. í Ed.
Flutningsmenn: Hannes Þorsteinsson, Eggert Pálsson.

Við 12. gr. D. Á eptir tölulið 6 komi nýr töluliður, er verði hinn 7.:
Til málþráðarlagningar milli Reykjavíkur og Ægissíðu í Holtum, síðara árið... ... ... 50,000 kr.

Nd. **620. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir 1906 og 1907.
Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Við 15. gr. Á eptir 7. tölulið komi nýr liður svo hljóðandi:
Til iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds 600 kr. — 600 kr.

Nd. **621. Breytingartillögur**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
Flutingsmaður: Stefán Stefánsson þm. Skf.

Við 13. gr. B. VI. b. 4 Liðurinn orðist þannig:
Þóknun til Guðmundar Finnbogasonar sem umsjónarmanns yfir barnaskólum og alþýðufræðslu ... ... 2500 — 2500
Við 15. gr. Á eptir 22. lið bætist nýr liður svo hljóðandi:
Til Lárusar Jóhannssonar Rist til þess að ljúka leikfimisnámi 350 kr. fyrra árið.

Nd. **622. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Frá Magnúsi Andréssyni.

Við 14. gr. 13. Á eptir staflið m. komi nýr liður, sem verður stafl. n. þannig hljóðandi:
Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra 600 kr. — 600 kr.
Stafliðatala á eptir og aðalupphæðir greinarinnar breytast eptir þessu.

Nd. **623. Frumvarp**
til laga um kennaraskóla í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði.
(Eptir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Kennaraskóla skal setja á stofn í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg, og má verja til húsabóta og áhalda alt að 35,000 kr. úr landssjóði.

2. gr.

Kennaraskólinn er jafnt fyrir konur sem karla; kenslan veitist ókeypis. Við hinn sameinaða skóla skulu vera alt að 35 heimavistir og hafa nemendur kennaraskólans forgangsrétt að þeim.

3. gr.

Burtfararpróf úr gagnfræðaskólanum í Flensborg veitir rétt til inntöku í kennaraskólann. Að öðru leyti skulu inntökuskilyrði ákveðin í reglugerð skólans. Tvær ársdeildir eru í kennarkskólanum. Þó skal farkennurum og barnaskólakennurum heimilt fyrst um sinn að ljúka sér af á einum vetri eða skemmri tíma, alt að 2 mánuðum, samkvæmt þeim reglum, er stjórnarráðið setur. Skólaár kennaraskólans er frá 1. Október til 14. Maí ár hvert.

4. gr.

Kenslugreinar kennaraskólans eru þessar: Íslenzka, danska; saga, landafræði og náttúrufræði, einkum að því, er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skript, teikning, handavinna, leikfimi, saungur, kristin fræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar. Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr.

Við hinn sameinaða kennara- og gagnfræðaskóla skipar ráðherrann fjóra fasta kennara. Er einn forstöðumaður og hefir í árslaun 2500 kr. auk leigulauss bústaðar í skólanum; annar kennari hefir 2000 kr. í árslaun, hinn þriðji 1600 kr. og hinn fjórði 1200 kr.

Sá af kennurunum, sem hefir ásamt forstöðumanni umsjón með heimavistanemendum, fái auk þess leigulausan bústað í heimavistarhúsi skólans.

6. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón hins sameinaða skóla og semur reglugerð fyrir hann.

7. gr.

Kostnaður við rekstur hins sameinaða skóla greiðist úr landssjóði, þó, að því er gagnfræðaskólann snertir, einungis að svo miklu leyti, sem tekjur þessarar sérstöku stofnunar ekki hrökkva til.

Ed.

624. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. Marz 1900.

(Eptir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðsins er að efla ræktun landsins. Stofnfé má aldrei skerða, en því skal varið til lánveitinga til jarðabóta og hvers kyns atvinnubóta við jarðyrkju.

Enn fremur má lána úr sjóðnum gegn öðrum veðrétti til ábýliskaupa, hvort heldur eru jarðir, eða grasbýli og þurrabúðir utan verzlunarlóða í kaupstöðum og kauptúnum.

Ræktunarsjóðurinn greiðir árlega til landssjóðs 2 af hundraði af andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar verða eptir 1. Janúar 1906, jafnóðum og vextir og afborganir renna í hann. Af vöxtum sjóðsins að öðru leyti má verja alt að $^2/_3$ hlutum til að styrkja menn til lífsábyrgðarkaupa til viðbótartryggingar lánveitingum til ábýliskaupa, og til verðlauna fyrir atorku, hagsýni og eptirbreytnisverðar nýungar í landbúnaði. Að öðru leyti skal leggja vextina við höfuðstólinn.

2. gr.

Reikningar Ræktunarsjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum Alþingis.

3. gr.

Þriðja grein laga 2. Marz 1900 um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands skal úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Ed. **625. Framhalds-nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

Háttvirt neðri deild hefir gert þá breytingu á frumvarpinu, að réttur sakborninga eða gjafsóknarhafa til þess að fá sér skipaðan sérstakan talsmann er eigi bundinn því skilyrði, að sá hinn sami afsali sér rétti til borgunar af almanna fé fyrir starfa sinn og getur nefndin fallist á hana.

Hins vegar virðist ákvæðið í 2. málslið 2. gr. frumvarpsins vera of ákveðið eins og það er orðað; vill nefndin því leggja það til, að orðunum: »ef því verður við komið« verði bætt aptan við málsliðinn.

Breytingartillögur hæstvirts ráðherra á þingskjali 572 getur meiri hluti nefndarinnar eigi aðhylst. Honum virðist eigi viðsjárvert, að skylda alla þá, sem leyfi fá samkvæmt 1. gr., til þess að flytja sakamál og gjafsóknarmál.

BREYTINGARTILLAGA:

Aptan við 2. málslið 2. gr. bætist orðin: ef því verður við komið.

Alþingi 26. Ágúst 1905.

Jón Jakobsson, formaður. Jóh. Jóhannesson, skrifari.

Jón Ólafsson.

Nd. **626. Nefndarálit**

um frumvarp til námulaga.

Hjá öllum þjóðum, þar sem málmur er unninn úr jörðu, er itarleg lagaskipan um það efni.

Hjá oss hafa nú vaknað nokkrar vonir um það, að land vort geymi málma og málmblendinga, sem vert sé að leita að og reyna að gera sér arðberandi, og hefir því nú á þessu þingi verið borið fram frumv. til námulaga til athugunar fyrir þing og þjóð og til undirbúnings fyrir væntanlega námulöggjöf á komandi þingi.

Í námulöggjöf ýmissa landa koma fram tvær ólíkar stefnur og skoðanir. Önnur er sú, að málmar og málmblendingar, sem eptir verði að grafa, séu alþjóðareign (regale, konungseign), sú skoðun varð ráðandi á Þýzkalandi seinni hluta miðalda og ræður hún í löggjöf Norðmanna og Svía og nokkurra fleiri þjóða í Norðurálfunni. Hin skoðunin er sú, að málmar og málmblendingar séu eign þess, er land á yfir, og ræður hún hjá enskumælandi þjóðum og víðar.

Frumvarpið, sem fram er borið á þinginu, er sniðið eptir norsku námulögunum, eru lög þau að vísu orðin gömul, þau eru frá árinu 1842, en munu vera enn í gildi að mestu leyti.

Hliðsjón hefir og verið höfð af sænsku námulöggjöfinni. Flutningsmenn frumvarpsins höfðu og fyrir sér íslenzka þýðingu af námulöggjöf í löndum Breta í Norður-Ameríku, er málmleitarmaður Hannes H. Hanson hafði látið stjórnarráðinu í té. Enn hafði nefndin frá stjórnarráðinu námulög í þýzkum löndum, er það mikill bálkur og itarlegur, og grundvallarhugsunin sama og í norsku lögunum um eignarréttinn að málmunum.

Frumvarpið byggir á þessum landsrétti yfir málmum í jörðu og því heimilar það hverjum manni að leita málma í annars landi óræktuðu og skemdalaust öllum mannvirkjum þar, og finnandinn nýtur fundarins, en landeigandi ekki, nema að minstum hluta.

Við væntanlega námulöggjöf hjá oss verður eflaust mest deilt um það, hverri grundvallarstefnunni eigi að fylgja.

Sé málmur í jörðu talinn landseign og hið opinbera veiti finnanda réttinn til graftar eru meiri líkur til þess, að einkum útlendir menn leggi á sig ómak og kostnað til að leita málma, og hefir það töluverða þýðingu. Á hinn bóginn má þó búast við, að jarðeigendur missi alla laungun til að finna málma í landareign sinni, sem virðist hafa mjög mikla þýðingu, því í svo stóru og strjálbygðu landi, sem Ísland er, má búast við, að námur finnist því að eins, að þeir sem iðulega ganga um jarðeignirnar hafi vilja og hvöt hjá sér til að finna málma eða benda á líklega staði, en sú hvöt verður mun minni ef þeir ekki hafa eignarréttinn. Svo er einnig á það að líta, að íslenzkri réttarmeðvitund mun það standa nær, að málmur í jörðu sé eign jarðareiganda, og tillögur komu um það í frumvörpum landbúnaðarnefndarinnar, sem skipuð var 1870, bæði meiri og minni hluti hennar.

Nefndin hefir eigi haft tíma til að ræða frumvarpið svo á fundum, að hún geti komið fram með rökstutt álit og breytingartillögur við stefnu frumv. og einstök ákvæði, enda hefir það eigi mikla þýðingu nú í lok þingsetunnar að þessu sinni. Um grundvallarstefnuna viljum vér að eins taka það fram, að vér hneigjumst að því að landeigandi eigi rétt til málma í landi sínu.

Nefndarálit vort er aðallega til dálítillar skýringar á málinu, er þjóðin nú fær það til íhugunar.

Einn er sá kafli frv. er hvað sízt getur beðið lagasetningar, ef til námureksturs kynni að koma hér á landi næstu árin, og er það 6. kaflinn um rekstur náma og eptirlit. Það kom til tals í nefndinni að taka þann kafla út úr og bera hann fram sem sérstakt frv., sem hugsanlegt hefði verið að koma í gegnum þingið, með miklum afbrigðum frá þingsköpunum, en bæði taldi nefndin tvísýnu á, að það tækist, og í annan stað býst nefndin varla við því að um verulegan námugröft verði hér að ræða áður en þing kemur saman næst.

Neðri deild Alþingis 26. Ágúst 1905.

Jón Magnússon, formaður. Þórh. Bjarnarson, skrifari.

Björn Kristjánsson.

Nd. **627. Breytingartillaga**

við breytingatillögu á þskj. 622.

Frá Þórhalli Bjarnarsyni og Magnúsi Andréssyni.

Aftan undan krónutölunum bætist inn:

50 kr. fyrir örkina alt að

Nd. **628. Framhalds-nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um kennaraskóla í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði.

Nefndin, er skipuð var til þess að athuga frumv. um stofnun kennaraskóla, hefir á ný tekið mál þetta til athugunar, og getur hún ekki fallizt á aðalbreytingar háttv. efri deildar, og ræður háttv. neðri deild til að breyta frumv. aptur í það horf, sem það var í þegar það fór út úr deildinni.

BREYTTINGARTILLÖGUR verða þessar:

1. Fyrirsögn frumv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um kennaraskóla í Reykjavík.
2. 1. gr. orðist svo:
   Kennaraskóla skal stofna í Reykjavík og má verja til skólahússbyggingarar og muna alt að 38 þúsund krónum úr landssjóði.
3. 2. gr. orðist svo;
   Skólinn er jafnt fyrir konur sem karla; minst 24 heimavistir skulu vera í skólanum fyrir nemendur. Kensla'n er ókeypis.
4. 3. gr. orðist svo:
   Skólaárið er frá 1. Október til 14. Maí ár hvert. 3 ársdeildir eru í skólanum. Inntökuskilyrði skulu ákveðin í reglugjörð skólans. Þó skal farkennurum og barnaskólakennurum heimilt fyrst um sinn að njóta kenslu og ljúka sér af á einum vetri eða skemmri tíma, alt að tveim mánuðum, samkvæmt þeim reglum, er stjórnarráðið setur.
5. 5. gr. orðist svo:
   Við skólann skipar ráðherrann 3 fasta kennara. Er einn þeirra skólastjóri og hefir í árslaun 2700 kr. auk leigulauss bústaðar í skólahúsinu. Annar kennari hefir 2000 kr. í árslaun og hinn þriðji 1200 kr.
6. Við 6. gr. fyrir: »hins sameinaða skóla« komi: skólans;

7. Við 7. gr. fyrir: »hins sameinaða skóla« komi: skólans.
8. »Þó að ..... hrökkva til« falli burt.

Neðri deild Alþingis 26. Ágúst 1905.

Þórh. Bjarnarson, formaður. Stefán Stefánsson, skrifari og framsögum. Jón Jónsson.
Magnús Andrésson. Guðm. Björnsson. Jón Magnússon.

Legg til að frumvarpið sé samþykt óbreytt.
Árni Jónsson.

Nd. **629. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um þingsköp handa Alþingi.

Háttvirt efri deild hefir gert þrjár breytingar við frumvarpið eins og það fór frá háttv. neðri deild, og eru þær þessar:

1. Við 4. gr., 4. málsgrein. Þar hefir háttv. efri deild (auk orðabreytinga) sett það ákvæði, að þingmaður skuli, ef frestað er að taka kosningu hans gilda, eingan þátt taka í störfum þingsins, þangað til kosning hans er viðurkend gild. En í frumv. neðri deildar stóð hér, að meðan kosning þingmanns væri eigi ályktuð ógild, skyldi hann halda óskertum þingmannsrétti.

   Nefndin hafði rækilega hugsað um þetta atriði, og komizt að þeirri niðurstöðu, að eptir því sem hér á landi hagar til, væri það ákvæði, sem hún stakk upp á, hagkvæmara en það, sem efri deild hefur nú komið með. Nefndinni þykir því þessi breyting fremur spilla en bæta, en þó eigi svo, að eigi megi við una.

2. Við 29. gr. Þar hefir efri deild bætt við því ákvæði, að þingsályktunartillögu, sem rædd hefir verið í báðum deildum og breytt í hinni síðari, skuli leggja fyrir sameinað þing. — Nefndin hefir ekkert á móti þessari breytingu.

3. Við 30. grein. Inn í 3. málsgrein þessarar greinar hefir efri deild bætt þessum orðum: »þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing, má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði, en þau, er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu«. — Þennan viðauka telur nefndin til bóta og fellst á hann.

Þótt oss, sem sagt, þyki fyrsta breytingin fremur óheppileg, þá getum vér þó eigi lagt til, að hún verði feld burtu og greinin færð í sinn fyrri búning; því að það er hvorttveggja, að tíminn er orðinn mjög naumur, til að senda frumv. aptur til hv. Ed., enda eru ekki miklar líkur til að hún mundi fallast á það þannig, þar sem umrædd breyting var samþykt þar með 12 atkv. móti 1.

Eptir atvikum ráðum vér því hinni háttv. deild til þess að samþykkja frumv. óbreytt.

Neðri deild Alþingis 26. Ágúst 1905.

Þórhallur Bjarnarson, formaður. Magnús Andrésson, skrifari og framsögumaður.
Björn Bjarnason, með fyrirvara.

Ed. **630. Frumvarp**
til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

(Eptir eina umr. í Nd.).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Á árunum 1906 og 1907 telst svo til, að tekjur Íslands verði 2,040,410 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,744,100 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafé:			
a. á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b. á lausafé	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	10,000	10,000	20,000
3. tekjuskattur	16,000	16,000	32,000
4. aukatekjur	38,000	38,000	76,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	10,000	10,000	20,000
7. gjöld fyrir leyfisbréf ... ... Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála hjóna greiðist ekkert gjald.	3,800	3,800	7,600
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	65,000	65,000	130,000
9. aðflutningsgjald af áfeingum drykkjum, að frádregnum innheimtulaunum	143,000	143,000	286,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum innheimtulaunum	143,000	143,000	286,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum innheimtulaunum	312,000	312,000	624,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulade og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum innheimtulaunum	10,400	10,400	20,800
13. leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfeingra drykkja	18,000	18,000	36,000
14. tekjur af póstferðum	40,000	40,000	80,000
15. tekjur af símum landsins	2,500	20,000	22,500
16. arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	600	600	1,200
17. óvissar tekjur	5,000	5,000	10,000
Samtals ...	863,300	880,800	1,744,100

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 54,110 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 32,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl., alls ... ... 9,000 —	23,000	23,000	46,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess að láta gera umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða. Styrkurinn til húsabóta sé bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minsta lagi 1/3 kostnaðarins. Þar sem því verður við komið, skal gera ofannefndar húsabætur og breytingar eptir ráði verkfræðings, er það er sérstaklega falið.			
2. tekjur af kirkjum	65	65	130
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	2,000	2,000	4,000
4. Tekjur af brennisteinsnámum	900	1,080	1,980
5. Tekjur af Eldey	1,000	1,000	2,000
Samtals ...	26,965	27,145	54,110

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 113,000 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins	40,000	39,000	79,000
Upp í lán verður borgað: á árinu 1906 45,654 kr. 21 a. - — 1907 43,381 — 91 - 89,036 kr. 12 a.			
Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eptirgjöf á 200 kr. hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með bréfi landshöfðingja dags. 19/2 1898.			
Flutt ...	40,000	39,000	79,000

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	40,000	39,000	79,000
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans ..	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufé í baunkum og af banka-vaxtabréfum	9,500	9,500	19,000
Samtals ...	57,000	56,000	113,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1906.	1997.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. Febr. 1880 . ... Heimilt er prestinum í Staðarstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, eptir nánari ákvæðum kirkjustjórnarinnar.	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna ..	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.	2,000	2,000	4,000
Samtals ...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði er 120,000 kr., sem sé 60,000 kr. hvort árið.

2. kafl..

Útgjöld:

7. gr.

Á árunum 1906 og 1907 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar eru skýrt frá í 8.—18. gr. 2,250,999 kr. 64 a.

8. gr.

Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins veitast 96,000 kr.:

		1906.	1907.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherrans:				
a. laun	8,000 kr.			
b. til risnu...	2,000 —			
c. uppbót fyrir embættisbústað .	2,000 —			
		12,000	12,000	24,000
Flyt...		12,000	12,000	24,000

	1906.	1907.	Alls.
Flutt...	12,000	12,000	24,000
2. Til utanferða ráðherrans	2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra	10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar... ...	14,500	14,500	29,000
6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum	2,500	2,500	5,000
7. Til viðhalds á stjórnarráðshúsinu	500	500	1,000
Samtals ...	48,000	48,000	96,000

9. gr.

Til kostnaðar við Alþingi veitast 40,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 41,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 203,680 kr.

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	68,800	68,800	
b. til hreppstjóra	8,000	8,000	
2. ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins í Reykjavík:			

	1906.	1907.
a. laun umsjónarmannsins	1,000 kr.	1,000 kr.
b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns ...	200 —	200 —
c. 3 skamtar af miðdegism. handa fangaverði 21 e...	230 —	230 —
d. viðurværi handa faungum, 42 a. á dag	1,225 —	1,225 —
e. til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —
f. þvottur...	30 —	30 —
g. til þess að útvega verkefni	500 —	500 —
h. útgjöld við húsið sjálft og áhöld ...	400 —	400 —
Flyt...	4,105 kr.	4,105 kr.	78,200	78,200	

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	4,105 kr.	4,105 kr.	78,200	78,200	
i. þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
j. þóknun handa lækni	60 —	60 —			
k. ýmisleg útgjöld ...	150 —	150 —			
			4,415	4,415	
4. Kostnaður við viðhald fangelsanna			300	300	
5. Til byggingar ráðhúss og fangelsis á Akureyri			4,000	»	
Stjórninni veitist heimild til að selja eign landssjóðs í ráðhúsinu á Akureyri fyrir að minsta kosti 2000 kr., og dregst söluverðið frá hinni veittu fjárupphæð.					
Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að lagðar verði til byggingarinnar annarsstaðar frá að minsta kosti 8000 kr. og bókasafni Norðuramtsins og væntanlegri símastöð á Akureyri ætlað hæfilegt rúm í húsinu, hinu síðarnefnda ókeypis.					
6. Önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn		1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirréttinn		50 —			
c. til eldiviðar í yfirréttarstofunum...		50 —			
d. til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl.		50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál...		300 —			
g. útgjöld við sáttamál		50 —			
h. til að útvega eldtraustan járnskáp handa bæjarfógetaembættinu á Ísafirði og sýslumannsembættinu í Ísafjarðarsýslu alt að (fyrra árið)		300 —			
			5,400	5,100	
			92,315	88,015	
					180,330
		Flyt ...	.....	.....	180,330

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	.....	.....	180,330
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út Stjórnartíðindi og Landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. ... ... 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar Stjórnartíðindanna (50 arkir), alt að 32 kr. örkin ... ... 1,600 –			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við Landshagsskýrslur ... ... 2,400 —			
d. til kostnaðar við sending með póstum ... ... 450 —			
e. til þess að gefa út registur við Stjórnartíðindin, 30 fyrstu árgangana (fyrra árið) ... ... 1,550 —			
	6,450	4,900	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	2,500	2,500	
3. bruna-ábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. til embættiseptirlitsferða...	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. til útgjalda við eptirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	1,000	1,000	
7. útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
	12,450	10,900	
			23,350
Samtals ...	.....	.....	203,680

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 240,056 kr. 64 a.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	71,850	71,850	143,700
2. Styrkur til Guðm. læknis Hannessonar til að launa aðstoðarlækni á Akureyri	800	800	1,600
Flyt ...	72,650	72,650	145,300

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	72,650	72,650	145,300
3. Styrkur til Guðm. héraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni, er sé búsettur í Hafnarfirði	800	800	1,600
4. Styrkur til Öræfinga til að vitja læknis ... Styrkurinn útborgist hreppsnefnd Hofshrepps.	150	150	300
5. a. styrkur til augnalæknis Bjarnar Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði....	2,000	2,000	4,000
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað, eptir samráði við stjórnarráðið, eptir reikningi hvort árið alt að 300 kr.	300	300	600
6. Styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
7. Útgjöld við holdsveikraspítalann:			
	1906.	1907.	
	kr. a.	kr. a.	
a. laun til starfsmanna	5,365	5,365	
b. viðurværi: kr. a.			
1. handa 60 sjúklingum, 38½ a. á dag 8,431,50			
2. handa 18 starfsmönnum, 239 kr. 35 a. á ári. 4,308,30			
	12,739,80	12,739,80	
c. klæðnaður sjúklinga	800	800	
d. meðul og sáraumbúnaður	1,400	1,400	
Flyt ...	20,304,80	20,304,80	76,900	76,900	153,800

	1906.	1907.	1906.	1907.	Alls·
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	20,304,80	20,304,80	76,900	76,900	153,800
e. eldsneyti	2,915	2,915			
f. ljósmeti	650	650			
g. viðhald á húsum ...	2,600	1,200			
h. húsbúnaður og áhöld	800	800			
i. þvottur og ræsting .	800	800			
k. greptrunarkostnaður .	275	275			
l. flutningskostnaður .	30	30			
m. til að skemta sjúklingum	200	200			
n. hesta- og hænsnafóður	125	125			
o. skattar og brunaábyrgðargjald	728,52	728,52			
p. ýmisleg útgjöld	700	700			
			30,128,32	28,728,32	58,856,64
8. útgjöld við bólusetningar			500	500	1,000
9. önnur útgjöld:					
a. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri		400 kr.			
b. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði		400 —			
c. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði		400 —			
d. styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði		300 —			
e. Til sjúkraskýlis á Sauðárkrók f. á.		2000 —			
f. Til sjúkraskýlis á Vopnafirði. f. á. Styrkirnir undir staflið e. og f. veitast með því skilyrði, að sjúkraskýlin hafi rúm fyrir að minsta kosti 8 sjúklinga hið fyrnefnda og 3 sjúklinga hið síðarnefnda, og að hlutaðeigandi sýslufélög taki sjúkraskýlin að sér til eignar og reksturs.		600 —			
g. til náms yfirsetukvenna		2,000 —			
h. til verkfæra handa yfirsetukonum		400 —			
i. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. Janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		2,000 —			
Flyt ...		8,500 kr.	107,528,32	106,128,32	213,656,64

		1906.	1907.	Alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar	8,500 kr.	107,528,32	106,128,32	213,656,64
k. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. Nóvember 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	1,000 —			
l. til þess að fullgera sóttvarnarhúsið í Reykjavík (fyrra árið)	5,000 —			
m. Til þess að koma upp sóttvarnarhúsi á Seyðisfirði (fyrra árið)	5,000 —	19,500,00	6,900	26,400
Samtals ...		127,028,32	113,028,32	240,056,64

12. gr.

Til samgaungumála veitast 806,287 kr.

		1906.	1907.	Alls.
A.		kr.	kr.	kr.
Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum	3,000 kr.			
b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur... ...	11,000 —			
2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík	4,200 —			
þar af 500 kr., sem launaviðbót handa núverandi fyrsta póstafgreiðslumanni.				
c. handa bréfhirðingamönnum ...	6,500 —	24,700	24,700	
2. póstflutningur		48,000	48,000	
Þar af alt að 8000 kr. hvort árið til hlutafélagsins »Thore« og hlutafélagsins »O. Wathnes Arvinger« fyrir að flytja alls konar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skip félaganna sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sé fyrir fram.				
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 5. Júní til 1. Okt. frá Reykjavík austur að Ægisíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að		500	500	
Ráðherrann samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.				
Flyt ...		73,200	73,200	

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	73,200	73,200	
4. önnur útgjöld:			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistara ... ... 2,000 kr.			
b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ um ... ... 200 —			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans ... ... 200 —			
d. fyrir prentun á ýmsu ... ... 1,000 —			
e. til áhalda ... ... 1,500 —			
f. til bréfaburðar í Reykjavík ... 800 —			
g. til bréfaburðar í öðrum kaupstöðum ... ... 400 —			
h. óviss útgjöld ... ... 200 —			
i. til viðhalds húsi og áhöldum 100 —	6,400	6,400	
Þingið ætlast til, að væntanleg aðalsímastöð landsins geti feingið húsnæði í pósthúsinu.	79,600	79,600	159,200
B.			
Til vegabóta:			
1. til verkfræðings landsins: kr.			
a. laun 3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar 500	3,500	3,500	
2. til verkfróðra aðstoðarmanna við samgaungubætur, alt að	1,500	1,500	
3. til flutningabrauta: alls 62,000 kr,			
þar af: 1906. 1907.			
a. til flutningabrautar á Fagradal á fjárhagstímabilinu alls 30,000			
b. til flutningabrautar upp Borgarfjörð 8,000			
c. til viðhalds flutningabrauta 12,000 12,000	12,000	50,000	
4. til þjóðvega			
þar af:			
í Suður-amtinu 6,000 6,000			
- Vestur-amtinu 4,000 8,000			
- Norður-amtinu 8,000 12,000			
- Austur-amtinu 3,000 14,000	21,000	40,000	
Þar af til vegagerðar í Austur-Skaptafellssýslu 4000 kr. síðara árið.			
Af þjóðvegafé til Suðuramtsins má verja 4000 kr. til þjóðvegarins upp Mosfellssveit gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að.			
Flyt ...	38,000	95,000	159,200

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	38,000	95,000	159,200
5. til fjallvega	2,000	6,000	
6. til áhalda	2,000	2,000	
7. Til sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa	2,500	2,500	
Fjárveiting þessi veitist með því skilyrði, að jafnmiklu fé sé að minsta kosti varið til vegarins annarsstaðar frá.			
8. Til akbrautar frá Flatholti fyrir ofan Bitru upp Skeiðin að Stóru-Laxá ... ... gegn því að 13,000 kr. verði lagðar fram annarstaðar frá.	6,000	6,000	
9. Til vegagerðar á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu fyrra árið	5,000		
Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi sýslufélög leggi fram alt að 1/3 hluta af kostnaði við vegagerðina.			
10. Til varnar sjávarágangi á vegi í Vestmannaeyjum og endurbóta á honum	1,000	.....	
Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi sýslufélag leggi til vegagerðarinnar að minsta kosti jafnmikið fé án þess að taka það af lögákveðnu sýsluvegagjaldi eða hreppavegagjaldi.			
11. Til brúargerðar á Hólmsá og Skaptár-eldvatni í Vestur-Skaptafellssýslu	.....	12,000	
Fjárveitingin er því skilyrði bundin, að sýslufélagið leggi til þessa verks að minsta kosti 2000 kr.			
12. til dragferjuhalds á Héraðsvötnum í Skagafirði	300	300	
13. Styrkur til brúargerðar á Jökulsá í Jökuldal, þó eigi yfir helming brúarkostnaðar, eða alt að	3,000		
	59,800	123,800	183,600
C.			
1. Til gufuskipaferða:			
Til hins sameinaða gufuskipafélags, að því tilskildu, að ferðirnar til Íslands verði 30, að viðkomur í Færeyjum sé ekki fleiri en í gildandi ferðaáætlun félagsins, að fargjöld og farmgjöld verði eigi hærri en nú eru, að Íslendingar, sem ferðast á fyrsta farrými, megi bæði á milli landa og með ströndum fram kaupa fæði sitt á 2. farrými, og sé eigi skyldir til að kaupa fæði á ferðum með landi fram; að alt að 25 stúdententum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir			
Flyt ...	.....	.....	342,800

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Flutt...	.....	.....	342,800
vottorð frá forstjóra íslenzku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og enn fremur að því tilskildu, að félagið flytji innflytjendur (immigranta) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem það hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi milli Íslands og Skotlands	30,000	30,000	
2. Til gufubátaferða alt að	28,000	28,000	
Fénu má verja þannig hvort árið:			
a, Til bátaferða á Faxaflóa alt að 12000 kr.			
b, — —— - Breiðafirði alt að 8000 —			
c, — —— - Ísafirði og í Ísafjarðarsýslu alt að... ... ... 5000 kr.			
d, — —— - Eyjafirði alt að 3000 kr.			
Áætlun um ferðirnar undir staflið *a* og *b*, svo og samninga við útgerðarmenn samþykkir ráðherra eptir að hann hefir feingið tillögur bæjarstjórna og sýslunefnda, er hlut eiga að máli.			
Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlanir bátanna á staflið *c* og *d*.			
Styrkveitingarnar greiðist með því skilyrði, að bátarnir flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum viðkomustaðanna án sérstaks endurgjalds.			
3. Styrkur til gufu- eða mótorbátsferða á milli Vestmannaeyja og Rangársands	300	300	
Sýslunefnd Rangárvallasýslu semur um ferðirnar og tekur á móti styrknum.			
4. Til mótorbáts á Lagarfljóti, eitt skipti fyrir öll	500		
	58,800	58,300	117,100
D. Til ritsíma og málþráða.			
1. Fyrsta og önnur afborgun af 20 ára ársgreiðslu til stóra norræna ritsímafélagsins fyrir að koma á og halda uppi sæsímasambandi milli Hjaltlands og Íslands yfir Færeyjar, og fyrir 300,000 kr. framlag félagsins til landsímalagningar frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur	35,000	35,000	
Flyt ...	35,000	35,000	459,900

			1906.	1907.	Alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar ...		35,000	35,000	459,900
2.	Til landsímalagningar og málþráðasambands frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur:				
		kr.	kr.		
	a. efni til landlínunnar ...	220,430			
	b. eptirlit með tilbúningi efnis og flutningsgjöld á sjó og landi	84,500			
	c. kostnaður við verkstjórn og vinnu að símalagningunni og útbúnaði stöðvanna ...	133,440			
	d. verkfæri, símagögn, rafmagnstæki, prentun á ýmsu	13,000			
	e. Óviss útgjöld og borgun til hins tekniska ráðunauts stjórnarinnar ...	10,000			
		461,370			
	Hér frá dregst framlag stóra norræna ritsímafélagsins	292,000			
			169,370		
3.	Til þess að kaupa og flytja hingað til lands 2500 auka-staura og annað verkefni		14,000	183,370	
4.	Til þess að mæla upp landsímalínuna og setja kílometramerki			.....	3,000
5.	til starfsreksturs landsímasambandsins:				
		1906 kr.	1907 kr.		
	a. Námsstyrkur til 4 hérlendra manna til þess að nema fíðritun	4,000	»		
	b. helmingur af kostnaðinum við símastöðina á landtökustaðnum	3,150	8,200		
	c. laun	3,500	14,000		
	d. til 16 talsímastöðva	250	960		
	Heimilt er stjórninni, er hún ákveður, hvar talsímastöðvar skuli vera, að gera það að skilyrði, að sveitarfélög leggi árlegan skerf til rekstursins.				
	Flyt ...	10,900	23,160	218,370	38,000	459,900

	1906. kr.	1907. kr.	1906. kr.	1907. kr.	Alls. kr.
Fluttar ...	10,900	23,160	218,370	38,000	459,900
e. húsaleiga í Reykjavík og Akureyri, svo og eldiviður og ljós...	650	1,600			
f. til viðhalds landsímans ...	»	11,875			
g. eyðublöð, prentkostnaður, burðareyrir o. s. frv. ...	200	600			
h. önnur útgjöld	500	1,000			
i. til þess að rannsaka og undirbúa símasamband til Ísafjarðar og frá Reykjavík austur að Ægisíðu alt að	»	4,000			
			12,250	42,235	
			230,620	80,235	
					310,855
E.					
Til vita:					
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa			300	300	
b. til eptirlitsferða			100	100	
c. til vitans á Reykjanesi:		kr.			
1. til launa vitavarðar		1,200			
2. fyrir olíu		250			
3. — steinkol		160			
4. flutningskostnaður		300			
5. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		500			
6. eptirgjald eptir lóðina		30	2,440	2,440	
d. til vitans á Skagatá:					
1. til vitavarðar		400			
2. fyrir olíu		175			
3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		300			
4. steinkol		100			
5. flutningskostnaður		100			
6. eptirgjald fyrir lóðina		16			
7. til að byggja varðklefa við vitann f. á.		350	1,441	1,091	
e. til vitans við Gróttu:					
1. til vitavarðar		400			
2. fyrir olíu		150			
3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl.		200			
4. steinkol		60			
5. flutningskostnaður		40	850	850	
		Flyt ...	5,131	4,781	770,755

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar ...	5,131	4,781	770,755
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð	600	600	
Þar af 400 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.			
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:			
kr.			
1. til vitavarðar 400			
2. fyrir olíu 125			
3. til viðhalds á húsum, áhöldum o. fl. 150			
4. flutningskostnaður 25			
	700	700	
h. til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:			
1. til vitavarðar 400			
2. til lóðargjalds 10			
3. fyrir olíu 200			
4. til viðhalds húsum, áhöldum o.fl. 200			
5. fyrir steinkol 100			
6. flutningskostnaður 50			
	960	960	
i. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga	100	100	
k. til vita á Skipaskaga	300	300	
l. til vita á Elliðaey á Breiðafirði	400	400	
m. til að byggja vita á Vestmannaeyjum:			
a. til að byggja vita (fyrra árið)	15,000		
b. kostnaður við vitahaldið	500	1000	
n. Til rannsóknar vitastæða og áætlana alt að	3,000		
	26,691	8,841	
			35,532
Samtals ...	.....	.....	806,287

13. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast 307,196 kr.:

		1906.	1907.	Alls.
	A.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
a.	1. laun biskupsins 7,000			
	2. skrifstofukostnaður... 1,000			
b.	önnur útgjöld:	8,000	8,000	
	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. Febr. 1880, 1. gr.	9,500	9,500	
	2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum ... ... Ráðherrann úthlutar styrknum eptir tillögum biskups.	6,000	5,200	
	3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600	600	
	4. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,500	3,500	
		27,600	26,800	54,400
	B.			
	Til kenslumála.			
	I. Til prestaskólans:			
a.	laun	9,200	9,200	
b.	önnur útgjöld:	1906 kr.	1907 kr.	
	1. húsaleigustyrkur handa alt að 12 lærisveinum, 80 kr. til hvers	960	960	
	2. námsstyrkur . ... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.	1,000	1,000	
	3. til tímakenslu	100	100	
	4. til bókakaupa	300	300	
	5. til eldiviðar og ljósa... ...	150	150	
	6. til umsjónar	100	100	
	7. ýmisleg útgjöld	250	250	
	Flyt ...	2,860	2,860	9,200	9,200	54,400

	1906. kr.	1907. kr.	1906. kr. a.	1907. kr. a.	Alls. kr. a.
Fluttar ...	2,860	2,860	9,200	9,200	54,400
8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að	250	250	3,110	3,110	
			12,310	12,310	24,620
II. Til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:					
1. húsaleigustyrkur handa alt að 10 nemendum	800 —				
2. námsstyrkur	1,200 kr.				
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.					
3. eldiviður, ljós og ræsting	300 —				
4. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda	500 —				
5. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —				
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 80 kr.					
6. þóknun fyrir timakenslu í efnafræði	200 —				
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að	200 —				
8. ýmisleg útgjöld	200 —				
			3,700	3,700	
c. til þess að leigja hús handa læknaskólanum			1,000	1,000	
			7,900	7,900	15,800
III. Til hins almenna mentaskóla					
a. laun			19,200	19,200	
b. aðstoðarfé:					
handa saungkennaranum	600 kr.				
— fimleikakennaranum	700 —				
— dyraverði	1,100 —				
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans	200 —				
			2,600	2,600	
		Flyt ...	21,800	21,800	94,820

		1906.	1907.	Alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	Fluttar ...	21,800	21,800	94,820
c. önnur útgjöld:				
	1906 1907 kr. kr.			
1. til bókasafns skólans	300 300			
2. til eldiviðar og ljósa	1,400 1,400			
3. til skólahússins utan og innan	1,400 1,400			
4. til tímakenslu og prófdómenda	2,800 2,800			
5. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720 720			
6. námsstyrkur . ... Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.	2,000 2,000			
7. þóknun handa lækni	100 100			
8. ýmisleg útgjöld	1,000 1,000			
9. fyrir prestsverk	48 48			
10. til vísindalegra áhalda við kenslu	450 450			
11. til þess að gefa út kenslubækur handa hinum alm. mentaskóla, 30 kr. fyrir örkina	600 600			
12. til áhalda við fimleikakenslu	100 100			
13. Til verðlaunabóka	300 300			
14. Til að útbúa stofu til handavinnu	2,500			
15. Til að kaupa smíðatól... ...	800			
		11,218	14,518	
		33,018	36,318	
				69,336
	Flyt ...	.....	.....	164,156

	1906	1907	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	.....	.....	164,156
IV. Til gagnfræðaskóla á Akureyri:			
a. laun	7,400	7,400	
b. önnur útgjöld:			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kensluna	1000	600	
2. til eldiviðar og ljósa ...	500	500	
3. til tímakenslu	1200	1200	
4. til styrkveitingar námspiltum	400	400	
5. ýmisleg útgjöld...	800	800	
	3,900	3,500	
	11,300	10,900	22,200
V. Til stýrimannaskólans:			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:			
1. til tímakenslu	1,400	1,400	
2. til áhaldakaupa o. fl. ...	400	400	
3. til eldiviðar og ljósa ...	500	500	
4. ýmisleg útgjöld	500	500	
	2,800	2,800	
	6,000	6,000	12,000
VI. Til annarar kenslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík . ... Þar af námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.	2,500	2,500	
2. til sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum	500	500	
3. til kvennaskólans á Blönduósi...	2,000	2,000	
4. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að...	1,120	1,120	
Flyt ...	6,120	6,120	 198,356

	1906. kr.	1907. kr.	1906 kr.	1897 kr.	Alls kr.
Fluttar ...	6,120	6,120	.....	.....	198,356
5. til kvennaskólans á Akureyri til þess að halda áfram kenslunni til vordaga 1906 (f. árið)	1,500	»			
			7,620	6,120	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum			10,000	10,000	
Styrkur þessi veitist einkum eptir leingd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annars tillags, er eigi sé minna en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.					
2. til sveitakennara, alt að 100 kr. til hvers			10,000	10,000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis, að minsta kosti helming á móts við landssjóðsstyrk.					
Nokkru af þessum styrk má með sama skilyrði verja til sveitakennara, er ráðnir eru til að hafa eptirlit með heimafræðslu. Við styrkveitinguna til þessa eptirlits skal taka sérstakt tillit til þess, hve opt kennari hefir húsvitjað á hverju heimili og til fjölda heimilanna, sem hann hefir haft eptirlit með.					
3. til unglingaskóla, þó eigi yfir 500 kr. til hvers, alt að...			1,500	2,500	
Styrkur þessi veitist gegn því skilyrði, að til kenslunnar sé varið úr sveitarsjóði eða annarstaðar að eigi minna en styrknum nemur. Nánari skilyrði fyrir styrkveitingum þessum semur stjórnarráðið.					
4. Styrkur til þess að koma upp heimavista- og heimangaungubarnaskóla á Vopnafirði, helmingur kostnaðar alt að			5,000		
5. Til kostnaðar við umsjón með fræðslumálum landsins og undirbúnings ráðstafana og reglugerða, er stjórnarráðið setur þar um, alt að			2,500	2,500	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu			3,200	3,200	
Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.					
e. námsstyrkur handa kennaraefnum, alt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
f. til skólaiðnaðar-kenslu			500	500	
Flyt ...			43,420	37,920	198,356

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	43,420	37,920	198,356
g. til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
h. Til kennara í organslætti og saunglist í Reykjavík	400	400	
i. styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
Þar af heimilast stjórninni alt að 500 kr. hvort árið, til þess að láta semja lestrarbók handa alþýðuskólum.			
j. til kenslu heyrnar- og málleysingja	5,000	5,000	
k. Utanfararstyrkur til Margrétar Fr. Bjarnadóttur til fullkomnunar í námi við heyrnar- og málleysingjastofnunina í Kaupmannahöfn fyrra árið	400		
l. til kenslu blinds dreings Erlends Páls Jónssonar í Danmörku	300	300	
m. Styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur hans á vitfirringastofnuninni Karensminde	150	150	
n. til lýðháskólans í Bakkakoti í Borgarfirði . ... 1,000 kr.			
til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að . 600 —	1,600	1,600	
o. til unglingaskólans á Heydalsá í Strandasýslu	400	400	
Styrkur þessi veitist gegn því skilyrði, að skólinn njóti ekki minna opinbers styrks annarstaðar frá en yfirstandandi ár.			
	52,570	46,670	99,240
VII. Til sundkenslu.			
a. í Reykjavík	300	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
Flyt ...	300	300	297,596

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	300	300	297,596
b. til sundkenslu annarsstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
VIII. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í teikning og tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	
IX. Styrkur til lögfræðings til þess að búa sig undir að verða kennari við lagaskólann	2,500	2,500	
	4,800	4,800	9,600
Samtals ...	.....	.....	307,196

14. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast 99,060 kr.:

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til Landsbókasafnsins:			
	kr.		
a. laun bókavarðar	1,800		
b. til aðstoðarmanns við Landsbókasafnið	900		
c. til að kaupa bækur og handrit ...	5,000		
d. til bókbands	1,000		
e. til samningar spjaldskrár (eptir reikningi)	1,200		
f. fyrir afskriptir (eptir reikningi) ...	800		
g. til að prenta ritaukaskrár	200		
h. til eldiviðar og áhalda m. m. ...	500		
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið ...	360		
		11,760	11,760
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins	500 kr.		
b. til —— Austuramtsins	400 —		
c. til —— Vesturamtsins	400 —		
		1,300	1,300
Fé þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.			
Flyt ...		13,060	13,060

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	13,060	13,060	
3. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kaupstöðum alt að 150 kr. til hvers, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, alt að	1,500	1,500	
Landsstjórninni sé sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.			
4. Til Landsskjalasafnsins: 1906. kr. 1907. kr.			
a. laun skjalavarðar 1,400 1,400			
b. til að binda inn og búa um skjöl o. fl. 900 900			
c. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu ... 600 600			
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið 250 250	3,150	3,150	
5. Til deildar hins íslenzka Bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmenntafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.			
6. Til Þjóðvinafélagsins	750	750	
7. Til Forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda ... ... kr. 1,000			
b. til umsjónar... 720			
Safnið er opið frá 15. Júní til 15. Sept., 4 daga í viku. Annanhvern sýningardag þennan tíma er aðgangur að safninu seldur á 50 aura hverjum manni hvert sinn, og fellur það gjald í landssjóð, að frádregnum aukakostnaði.			
c. til húsnæðis og hita 2,000	3,720	3,720	
8. Til Fornleifafélagsins	400	400	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.			
9. Til Náttúrutræðisfélagsins	800	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.			
Flyt ...	25,380	25,380	

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	25,380	25,380	
10. Til viðbótar við samskot til minnisvarða Jónasar Hallgrímssonar, alt að	.....	2,000	
11. Styrkur til mag. Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið ... ... Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.	800	800	
12. Til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sérhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eptir að það er komið út	800	800	
13. Til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslenzk-danskri orðabók	300	300	
14. Til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna...	300	300	
15. Til Páls Ólafssonar skálds	500	500	
16. Til Þorsteins Erlingssonar skálds	800	800	
17. Til séra Valdimars Briems	800	800	
18. Til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi	300	300	
19. Til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi ... ... Bæði þessi tvö síðastnefndu félög geri stjórninni reikning fyrir, hversu fénu er varið.	1,600	1,600	
20. Styrkur til Biblíufélagsins til nýrrar þýðingar og *útgáfu* á ritum gamla testamentisins	1,000	1,000	
21. Til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
22. Til Leikfélags Reykjavíkur, alt að	1,000	1,000	
Flyt ...	33,730	35,730	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fluttar...	33,730	35,730	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.			
23. Til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000	1,000	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að höfundurinn sanni, að hann hafi til framhald af Íslendingasögu í handriti fullbúnu undir prentun, er samsvari minst 8 örkum prentuðum á ári.			
24. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands og halda sögufræðilega fyrirlestra	1,200	1,200	
Af þessari upphæð greiðist 400 kr. á ári sem ritlaun fyrir sagnfræðilegar ritgerðir, 50 kr. fyrir hverja örk.			
25. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra, 50 kr. fyrir örkina, alt að	600	600	
26. Til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
27. Til landmælinga á Íslandi	5,000	5,000	
28. Til þess að gefa út lýsing á íslenzkum fjallvegum...	1,000		
29. Til Ásgríms Jónssonar málara, til þess að fullkomna sig í málaralist	600	600	
30. Til Benedikts Jónassonar til þess að stunda nám á verkfræðingaskóla í Þrándheimi ...	500	500	
31. Til Helga Péturssonar til jarðfræðisrannsókna alt að	3,000	3,000	
Þar af til ferðakostnaðar eptir reikningi hvort árið alt að 1000 kr.			
32. Til Helga Jónssonar til mýra og grasafræðisrannsókna	1,200	1,200	
33. Til Sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að	600	600	
	49,030	50,030	
Samtals ...	.....	.....	99,060

15. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 340,020.

	1906. kr.	1907. kr.	1906. kr.	1907. kr.	Alls kr.
1. Til eflingar búnaði:					
a. til búnaðarskóla:					
1. til skólans á Hólum...	1,200	1,200			
2. til skólans á Hvanneyri	1,200	1,200			
3. til þessara skóla eptir nemendafjölda, þó eigi meira en 100 kr. fyrir hvern nemanda, alt að	4,400	6,000			
4. til skólans á Eiðum...	2,500	1,500			
5. til búnaðarskólahalds í Olafsdal	2,500	»			
			11,800	9,900	
b. til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal til verklegrar búnaðarkenslu			»	1,500	
c. til búnaðarfélaga			24,000	24,000	
d. til Búnaðarfélags Íslands...			41,000	44,000	
e. til sama félags til kenslu í mjólkurmeðferð			4,000	3,000	
f. til skógræktartilrauna eptir fyrirsögn kapteins Ryder's og próf. C. V. Prytz ...			7,500	7,500	
g. framhaldsstyrkur til þriggja manna til að stunda skóggræðslu			900	300	
h. til sandgræðslu:					
1. styrkur til tveggja manna til þess að nema sandgræðslu			600	»	
2. til þess að girða tvö tilraunasvæði ...			2,500	»	
3. ýmislegur kostnaður			500	»	
4. til tilrauna			»	2,000	
i. til verðlauna fyrir útflutt smjör			18,000	18,000	
2. Til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum	1906. kr.	1907. kr.			
a. laun	3,000	3,000			
b. ferðakostnaður eptir reikningi	500	500	3,500	3,500	
3. a. laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík...			400	400	
4. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300	300	
Flyt ...			117,400	116,800	

	1906.	1907.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	117,400	116,800	
5. Styrkur til manns til að nema dýralækningar	600	600	
6. Til útrýmingar fjárkláðanum	20,000	10,000	
7. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að koma upp og reka tekniskan skóla í Reykjavík ...	4,000	5,000	
8. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla á Akureyri	1,000	1,000	
9. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds	600	600	
10. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	1,500	1,500	
11. Til Jóns Sigurðssonar til að stunda rafmagnsfræði í Khöfn	400	400	
12. Til Björns Pálssonar til að stunda rafmagnsfræði á Harward háskóla	600	250	
13. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík ...	1,500	1,500	
14. Utanfarastyrkur til manna, er vilja kynna sér kaupfélagsskap og samvinnufélagsskap erlendis og læra bókfærslu, er þar að lýtur, gegn helmings tillagi að minsta kosti frá kaupfélögum eða öðrum samvinnufélögum hérlendum alt að	1,000	1,000	
15. Styrkur til byggingarfróðs manns, til þess, að leiðbeina við húsabyggingar	800	800	
16. Laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík og hinum á Ísafirði	2,000	2,000	
17. Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
18. Til efnarannsóknastofu í Reykjavík:			
a. Stofnunarkostnaður alt að	5,500		
b. til árlegs kostnaðar:			
1. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
2. til aðstoðar og annarar vinnu	300	300	
3. til húsaleigu	300	500	
4. — ljósa og eldneytis	300	300	
Flyt ...	160,160	144,910	

	1906.	1907.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	
Fluttar ...	160,160	144,910	
19. Styrkur til skipakvíar í Oddeyrarbót til vetrarlegu fyrir þilskip ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að eigi minni en þrefalt meiri upphæð til fyrirtækisins sé lögð fram annarsstaðar frá, og að fyrirtækið sé unnið í samráði við verkfræðing landsins.	15,000		
20. Styrkur til stórskipabryggju í Stykkishólmi að fjórðungi kostnaðar, þó eigi yfir	.....	5,000	
21. Styrkur til ábyrgðarfélaga, er vátryggja mótorbáta, alt að ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að vátrygging hvers félags á mótorbátum nemi að minsta kosti 40,000 kr., enda sé lög félagsins staðfest af stjórnarráðinu, og veitist þá hverju félagi alt að 6% af vátryggingarupphæðinni, þó aldrei meira en 3000.	10,000		
22. Til skipstjórafélagsins »Öldunnar« styrkur til utanfarar fiskimönnum, er afla vilja sér þekkingar á fiskiveiðum og fiskiverkun ...	2,500		
23. Styrkur til 2 íslenzkra stúlkna til handavinnunáms hjá »Kunstflidsforeningens Friundervisning« í Kaupmannahöfn...	300	300	
24. Til Hólmfríðar Arnadóttur til þess að stunda kennaranám í Kaupmannahöfn 500 kr. f. árið	500		
25. Til Ísaks Jónssonar, íshússtjóra, styrkur til þess að koma upp íshúsi í Þorgeirsfirði ...		1,000	
26. Til Lárusar Jóhannssonar Rist til þess að ljúka leikfimisnámi...	350		
	188,810	151,210	
Samtals ...	.....	.....	340,020

16. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

17. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 108,900 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyjaprestakalli 105 kr. 40 a,; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til séra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til frú Elinborgar Friðriksdóttur 300 kr.; til frú Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið.

18. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

Upphæð, er svarar $^2/_3$ hlutum sekta fyrir ólöglegar fiskiveiðar útlendra skipa, er eptirlitsskipið handsamar og dregur fyrir dóm á Íslandi, svo og $^2/_3$ andvirði upptæks afla og veiðarfæra af þessum skipum greiðist í ríkissjóð, sem tillag af Íslands hálfu til kostnaðar við eptirlitsskipið.

19. gr.

Tekjuhallann, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði 210,589 kr. 64 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

20. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1905 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eptir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Sjávarbændum og hlutafélögum, er sjómenn eiga meira en helming hlutafjárins í, má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði alt að 50,000 kr. til þess að byggja þilskip og kaupa skip til fiskiveiða frá útlöndum. Eigi má lána meira en 15,000 kr. til hvers gufuskips og 5,000 kr. til hvers þilskips og að eins gegn fulltryggu veði; telst til þess veð í skipinu sjálfu alt að helmingi vátrygðs verðs, enda sé það í vátryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánin ávaxtist með 4% árlega, séu afborgunarlaus 3 fyrstu árin, en borgist að fullu á næstu 5 árum með jöfnum afborgunum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist aðeins gegn ábyrgð sýslufélaga, eptir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$%, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Til byggingar skipakvíar í Oddeyrarbót, til vetrarlegu fyrir þilskip, má veita lán úr viðlagasjóði alt að 40,000 kr. gegn ábyrgð Akureyrarkaupstaðar. — Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Thorvaldsens félaginu í Reykjavík má á fjárhagstímabilinu lána úr viðlagasjóði 13,000 kr. gegn veði í húseign þess nr. 3 í Veltusundi. — Lánið ávaxtist og afborgist með 6% á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 7000 kr. til lánveitingar handa trésmíðaverkstæðinu »Fjalar« á Húsavík. Lánið sé trygt með ábyrgð sýslufélags Suður-Þingeyjarsýslu, ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 3 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á 14 árum.

Úr viðlagasjóði má verja 10,000 kr. til lánveitingar handa skipstjóra Ole Nessö frá Tromsö í Noregi til þess að stunda veiðar í íshöfum og við austurströnd Grænlands, með þeim skilyrðum, að nefndur Ole Nessö

1. setji þá tryggingu gegn láninu, sem stjórnarráðið tekur gilda,
2. að hann búsetji sig á Íslandi og reki þaðan veiðar í norðurhöfum og á austurströnd Grænlands,
3. að hann flytji lifandi moskussauði (= uxa) til uppeldis í landinu, og selji þó eigi meira en 1000 kr. hvern.

Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrsta árið og endurborgist síðan á 10 árum.

Jóhannesi J. Reykdal í Hafnarfirði má veita á fjárhagstímabilinu lán úr viðlagasjóði 8000 kr. til að koma upp nýrri rafmagnsstöð í Hafnarfirði, gegn 1. veðrétti í rafmagnsstöðinni sjálfri, og 1. veðrétti í rafmagnsstöð þeirri, er hann hefir nú fullgerða. Þó má upphæð lánsins eigi fara fram úr $^1/_2$ virðingarverði. Lán þetta ávaxtist með 4% vöxtum og afborgist með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufélaginu á Akureyri, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sé trygt með fyrsta veðrétti í stofnuninni og má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyrarkaupstaður ábyrgist það, er um fram er. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Til byggingar stórskipabryggju í Stykkishólmi má veita lán úr landssjóði alt að 10,000 kr., gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar í Stykkishólmshreppi og »Framfarasjóðs Stykkishólms«. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og afborgist svo með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Ed.

631. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. Marz 1900.

Frá nefndinni.

Hin háttv. neðri deild hefir gert þessar breytingar á frumvarpinu:

1. að í stað þess sem Ræktunarsjóðnum var ætlað að borga árlega til Landssjóðs 4% af andvirði seldra þjóðjarða eptir næsta nýár, þá hefir háttv. neðri deild sett það niðnr í 2%.
9. að í stað þess að það var fastákveðið, að verja skyldi af vöxtum sjóðsins að öðru leyti alt að $^5/_{12}$ til styrktar lífsábyrgðarkaupa, og alt að $^4/_{12}$ til verðlauna. þá hefir þetta verið sett saman í eitt og látið óákveðið hvað miklu skyldi verja til hvers, og svo er það, sem þannig skyldi verja af vöxtunum, fært úr $^3/_4$ niður í $^2/_3$.

Hvað viðvíkur fyrra atriðinu, þá verðum vér að telja þá breytingu á frumvarpinu til spillingar og getum alls ekki fallizt á hana af ástæðum þeim, sem teknar voru fram við umræðurnar um málið hér í deildinni og í áliti voru um frumvarp til laga um sölu þjóðjarða, og álítum vér því síður heppilegt af háttv. neðri deild að gera þessa stóru breytingu sem samþykki ýmsra á þjóðjarðasölunni var bygt á þessu ákvæði eins og það var í frumvarpinu.

Oss hefði því verið geðfeldast, að kippa þessu ákvæði í samt lag aptur, en af því vér viljum ekki tefla málinu í hættu, þá látum vér oss það nægja að leggja til, að vaxtagreiðsla Ræktunarsjóðsins til Landssjóðs verði hækkað úr 2% upp í 3%.

Við hina breytinguna höfum vér ekkert að athuga með því að vér treystum því, að stjórn Ræktunarsjóðsins muni í hvert skipti gera sanngjörn skipti milli styrkveitinga og verðlaunaveitinga, þótt ekki sé um það fastákveðið með lögum.

Vér ráðum því hinni háttvirtu efri deild til þess að samþykkja frumvarp þetta með eptirfylgjandi breytingu við 1. gr.:

Fyrir: »2 af hundraði« komi: 3 af hundraði.

Alþingi 26. Ágúst 1905.

Eiríkur Briem, formaður.	Guðjón Guðlaugsson, skrifari og framsögumaður.

Þorgr. Þórðarson. Ágúst Flygenring. Þórarinn Jónsson.

Nd. **632. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um fræðslu barna.

Flutningsmenn: Björn Bjarnarson, Stefán Stefánsson, þm. Skf. Guðl. Guðmundsson, Ólafur Ólafsson, Jóhannes Ólafsson, Pétur Jónsson.

1. Við 10. gr. Tvær fyrstu málsgreinar orðist svo:
Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hverju fræðsluhéraði. Við próf skal ávalt vera einn prófdómandi. Skipar yfirstjórn fræðslumála hann, og fær hann alt að 4 kr. í dagpeninga, er greiðast úr landssjóði. Prófdómandi gefur börnum þeim, er lokið hafa lögskipuðu námi, vottorð um það, ef þess er óskað. Að loknu prófi skal prófdómandi senda fræðslunefnd skriflegt álit sitt um hag barnafræðslunnar í fræðsluhéraðinu, en hún sendir það yfirstjórn fræðslumála. Próf skal fara fram á vorin, og ákveður prófdómandi stað og tíma í samráði við fræðslunefnd.
2. — 15. — Fyrir »hérað« komi: fræðsluhérað.
3. — 15. — 2. tölul. Fyrir »er sé löguð« komi: er fræðslunefnd semur.
4. — 16. — 2. tölul. Fyrir »er sé löguð« komi: er fræðslunefnd semur.
5. — — — 3. — Á eptir »kenslu« komi: að forfallalausu.
6. — 19. — Fyrir »er hreppsnefndin . . . . . kýs« komi: Kýs hreppsnefnd 2 eða 3 í fræðslunefnd úr sínum flokki, en 1 eða 2 skulu

kosnir á almennum fundi af þeim mönnum í fræðsluhéraðinu, er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar (bæjarstjórnar).

7. Við 19. gr. Fyrir »fræðslunefnd . . . . . héraðið« komi: af sinni hálfu í fræðslunefnd fyrir héraðið.
8. — 23. — Fyrir »kenslusamþyktum« komi: fræðslusamþyktum.
9. — — — Fyrir »skólahéraðið« komi: fræðsluhéraðið.
Fyrir »skólahéraðinu« komi: fræðsluhéraðinu.

Ed. **633. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
Frá Guðjóni Guðlaugssyni.

1. Við 12. gr. B. 3. a. Í stað »30,000« komi: 20,000.
2. — 12. — » 7.—9. Liðurinn með athugasemdunum falli burt en í stað þeirra komi:
7. Til sýsluvega í Vestur-Barðastrandasýslu 3000 (fyrra árið).
8. — sýsluvegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa 2300—2300.
9. — vegagerðar á Breiðadalsheiði í Ísafjarðarsýslu 3000 (fyrra árið).
Fjárveitingarnar undir töluliðunum 7, 8 og 9, eru því skilyrði bundnar, að hlutaðeigandi sýslur leggi til að að minnsta kosti jafnmikið fé, án þess að taka það af lögskipuðu sýsluvegagjaldi eða hreppavegagjaldi.
10. Til akbrautar frá Flatholti fyrir ofan Bitru upp Skeiðin að stóru-Laxá . . . . . 4000 — 4000
gegn því að 13,000 kr. verði lagðar til annarsstaðar frá.
3. — 12. D. Aftir 5. lið komi nýr liður er verði 6. liður svo hljóðandi:
Til talsíma og ritsímalagningar til Ísafjarðarkaupstaðar síðara árið . . . . . kr. 145,000.
Verkið verður þó eigi unnið fyrr en vandlega hafa verið rannsakaðar þær leiðir, sem fara mætti, og því að eins, að tími og atvik leyfi, eptir að bygging línunnar í milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur er lokið.

Ed. **634. Tillaga**
til þingsályktunar um undirbúning ritsímalagningar til Ísafjarðar.
Flutningsmenn: Ág. Flygenring, Guðjón Guðlaugsson, Jón Ólafsson.

Efri deild Alþingis skorar á stjórnina að láta mæla upp landsímaleiðina frá Stað í Hrútafirði um Steingrímsfjörð til Ísafjarðar, bæði nyrðri leiðina og líka syðri leiðina um Barðastrandarsýslu, og hafa til á næsta Alþingi áætlanir um kostnað við þær, þar eð þingdeildin álítur að línan frá Stað í Hrútafirði um Steingrímsfjörð til Ísafjarðar eigi að ganga fyrir öllum öðrum símalagningum á næsta fjárhagstímabili.

Nd. **635. Breytingartillaga**
við þingsályktunartillögu á þingskj. 574.
Frá Pétri Jónssyni og Jóni Jónssyni.

Síðari málsliður orðist svo:
Atkvæðagreiðsla þessi fari fram samhliða næstu almennum kosningum til Alþingis.

Ed. **636. Tillaga**
til þingsályktunar.
Frá nefndinni í byggingarsjóðsmálinu.

Efri deild Alþingis ályktar að skipuð sé 3 manna nefnd af þingmönnum til að vera landsstjórninni til leiðbeiningar og aðstoðar við væntanlega bókasafnsbygging og breyting á Alþingishúsinu.

Ed. **637. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

(Eins og það var samþ. við eina umr. í Nd.).

Flutningsm.: Sigurður Jensson.

Við 12. gr. B. 7. Á eptir þessum lið komi nýr liður (8. liður) svo hljóðandi:
Til sýsluvega í Vestur-Barðastrandarsýslu, gegn því, að jafnmikilli upphæð verði varið til veganna annarsstaðar frá, síðara árið 3000 kr.

Ed. **638. Framhaldsnefndarálit**
um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Þó að nefndin sé mjög óánægð með ýmis atriði í fjárlagafrumvarpinu, eins og það er komið frá Nd., þá vill hún þó ekki stofna þeim í þá hættu, eins og tímanum er komið, er leiðir af að senda þau í sameinað þing, en ræður heldur til að fella allar þær tillögur til breytinga á þeim, er fram eru komnar eða fram kunna að koma, og samþykkja þau heldur, af illu til, óbreytt.

Alþingi 28. Ágúst 1905.

Jón Jakobsson, formaður. Jón Ólafsson, skrifari og framsögum. Valtýr Guðmundsson,

Sigurður Stefánsson, Guttormur Vigfússon.

Nd. **639. Tillaga**
til þingsályktunar um námur.

Flutningsmenn: G. Björnsson. Lárus H. Bjarnason. Árni Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að framfylgja þeim skilningi í námumálum, að námuréttur tilheyri landeiganda.

Ed. **640. Breytingartillaga**
við tillögu til þingsályktunar (þskj. 634).
Frá Sigurði Jenssyni.

Orðin: »um Steingrímsfjörð« falli burt.

Sþ. **641. Frumvarp**
til laga um kennaraskóla í Reykjavík.
(Eptir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Kennaraskóla skal stofna í Reykjavík og má verja til skólahússbyggingar og muna alt að 38 þúsund krónum úr landssjóði.

2. gr.

Skólinn er jafnt fyrir konur sem karla; minst 24 heimavistir skulu vera í skólanum fyrir nemendur. Kenslan er ókeypis.

3. gr.

Skólaárið er frá 1. Október til 14. Maí ár hvert. 3 ársdeildir eru í skólanum. Inntökuskilyrði skulu ákveðin í reglagerð skólans. Þó skal farkennurum og barnaskólakennurum heimilt fyrst um sinn að njóta kenslu og ljúka sér af á einum vetri eða skemri tíma, alt að tveim mánuðum, samkvæmt þeim reglum, er stjórnarráðið setur.

4. gr.

Kenslugreinar kennaraskólans eru þessar: Íslenzka, danska; saga, landafræði og náttúrufræði, einkum að því, er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skript, teikning, handavinna, leikfimi, saungur, kristin fræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar. Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr.

Við skólann skipar ráðherrann 3 fasta kennara. Er einn þeirra skólastjóri og hefir í árslaun 2700 kr. auk leigulauss bústaðar í skólahúsinu. Annar kennari hefir 2000 kr. í árslaun og hinn þriðji 1200 kr.

6. gr.

Stjórnarráðið hefir á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugerð fyrir hann.

7. gr.
Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

Sþ. **642. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um kennaraskóla í Reykjavík.
Frá Birni M. Ólsen, Jóni Jakobssyni, Sigurði Jenssyni, Sigurði Stefánssyni og Þórarni Jónssyni.

1. Við 1. grein: Greinin orðist þannig:
Kennaraskóla skal setja á stofn í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg, og má verja til húsabóta og áhalda alt að 35,000 kr. úr landssjóði.
2. Við 2. grein: Greinin orðist þannig:
Kennaraskólinn er jafnt fyrir konur sem karla; kenslan veitist ókeypis. Við hinn sameinaða skóla skulu vera alt að 35 heimavistir og hafa nemendur kennaraskólans forgangsrétt að þeim.
3. Við 3. grein: Greinin orðist þannig:
Burtfararpróf úr gagnfræðaskólanum í Flensborg veitir rétt til inntöku í kennaraskólann. Að öðru leyti skulu inntökuskilyrði ákveðin í reglugerð skólans. Tvær ársdeildir eru í kennaraskólanum. Þó skal farkennurum og barnaskólakennurum heimilt fyrst um sinn að ljúka sér af á einum vetri eða skemmri tíma, alt að 2 mánuðum, samkvæmt þeim reglum, er stjórnarráðið setur. Skólaár kennaraskólans er frá 1. Október til 14. Maí ár hvert.
4. Við 5. grein: Greinin orðist þannig:
Við hinn sameinaða kennara- og gagnfræðaskóla skipar ráðherrann fjóra fasta kennara. Er einn forstöðumaður og hefir í árslaun 2500 kr. auk leigulauss bústaðar í skólahúsinu; annar kennari hefir 2000 kr. í árslaun, hinn þriðji 1600 kr. og hinn fjórði 1200 kr.
Sá af kennurunum, sem hefir ásamt forstöðumanni umsjón með heimavistanemendum, fái auk þess leigulausan bústað í heimavistarhúsi skólans.
5. Við 6. grein: Í stað »skólans« komi: hins sameinaða skóla.
6. — 7. — Greinin orðist þannig:
Kostnaður við rekstur hins sameinaða skóla greiðist úr landssjóði, þó, að því er gagnfræðaskólann snertir, einungis að svo miklu leyti, sem tekjur þessarar sérstöku stofnunar ekki hrökkva til.
7. — fyrirsögn frumvarpsins:
Í stað orðanna »í Reykjavík« komi: í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði.

Nd. **643. Frumvarp**

til laga um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

(Eptir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Hverjum þeim, sem leyst hefir af hendi fullkomið lögfræðispróf, er aðgang veitir að embættum þeim hér á landi, sem lögfræðingar skipa, sbr. 4. gr. laga nr. 3 frá 4. Marz 1904, og að öðru leyti fullnægir þeim skilyrðum, sem útheimtast til þess að geta feingið embætti á Íslandi, getur ráðherra Íslands veitt alment leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn. Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal áður en leyfisbréfið er afhent honum, undirskrifa eiðstaf um, að hann skuli flytja mál þau, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmensku, og í hvívetna rækja störf sín ráðvendnislega og með samvizkusemi. Málaflutningsmaður fyrirgerir þessum rétti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svívirðilegt, eða missir fjárráð sín.

2. gr.

Hinir settu málaflutningsmenn við yfirdóminn, er þóknun fá úr landssjóði, eru skyldir að flytja sakamál og gjafsóknarmál eptir því, sem þeir fá skipun til og eptir sömu reglum, og fylgt hefir verið hingað til.

Nú óskar sakborningur eða gjafsóknarhafi, að einhverjum öðrum málfærslumanni, er leyfi hefir feingið samkvæmt 1. gr., sé falið mál hans fyrir yfirdómi, og er þá rétt að sá sé til þess skipaður, ef hann vill takast það á hendur.

3. gr.

Málaflutningsmenn, er skipaðir eru til að flytja gjafsóknarmál, skulu eiga heimting á málaflutningskaupi eins fyrir það, þótt þeir vinni eigi málið, ef flutningur málsins hefir af þeirra hálfu verið óaðfinnanlega af hendi leystur.

4. gr.

Einkaréttur sá, sem hinum settu málaflutningsmönnum við landsyfirdóminn er veittur með konungsúrskurði 19. Marz 1858, skal afnuminn.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Ed. **644. Tillaga**

til þingsályktunar um námur.

Flutningsm. Ág. Flygenring.

Efri deild Alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að framfylgja þeim skilningi í námumálum, að námuréttur tilheyri landeiganda.

Ed. **645. Rökstudd dagskrá**
í efri deild Alþingis 28. Ágúst (sbr. þingskjal 473).

Með skírskotun til þess, að í feinginni reynslu við síðustu ráðuneytaskipti í Danmörku og í kveðju konungsins til Alþingis í sumar felst full viðurkenning um þingræði og um sérstöðu ráðherra Ísland, og með þeirri yfirlýsingu, að ráðherrann ber að sjálfsögðu fulla stjórnskipulega ábyrgð á útnefningu sinni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **646. Rökstudd dagskrá**
í málinu um fræðslu barna.

Frá þm. Norður-Þingeyinga.

Samþykt í neðri deild 28. Ágúst.

Með tilliti til athugasemda þeirra, sem fram hafa komið undir umræðunum um frumvarp til laga um fræðslu barna, sérstaklega því viðvíkjandi að gefa alþýðu kost á, að láta skoðanir sínar í ljósi um mál þetta áður en það er gert að lögum, og í því trausti að stjórnin taki tillit til þeirra skoðana, og leggi síðan frumvarpið fyrir næsta þing — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **647. Frumvarp**
til laga um veitingar áfeingra drykkja á skipum á Íslandi.
(Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á skipum, er koma hér við land, eða ganga meðfram ströndum landsins eða innfjarða, mega veitingar áfeingra drykkja fyrir borgun ekki eiga sér stað meðan skipið liggur í höfn.

Ákvæði þessarar greinar nær ekki til útlendra skemtiskipa, eða annara ferðamannaskipa, er koma hingað til lands eingöngu í því skyni, að flytja hingað útlenda ferðamenn.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 50—500 kr. Ef brotið er ítrekað, skulu auk þess upptækir allir áfeingir drykkir, er finnast hjá þeim, er brýtur.

Bryti ber ábyrgð á veitingum þjóna sinna, nema það sannist, að hann hafi bannað þær eða á annan hátt reynt að afstýra þeim.

Sektir og andvirði áfeingra drykkja, sem upptækir eru gerðir, renna í sjóð sveitar þeirrar eða kaupstaðar, er brotið er framið í.

3. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Nd. **648. Framhalds-nefndarálit**
um frumvarp til laga um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

Nefnd sú, er háttv. neðri deild hefir falið frumvarp þetta til athugunar, ræður til að háttv. deild samþykki það í þeirri mynd, er það nú hefir feingið við eina umræðu í háttv. efri deild.

Neðri deild Alþingis, 28. Ágúst 1905.

Skúli Thoroddsen, formaður.	Jón Magnússon. skrifari og framsögum.	M. J. Kristjánsson.

Nd. **649. Tillaga**
til þingsályktunar um aðflutningsbann gegn áfeingi.

(Eptir eina umr. í Nd.).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnarráðið, að láta fara fram atkvæðagreiðslu allra kosningabærra manna á landinu um það, hvort lögleiða skuli bann gegn aðflutningi áfeingra drykkja. Atkvæðagreiðsla þessi fari fram samhliða næstu almennum kosningum til Alþingis.

Sþ. **650. Frumvarp**
til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. Marz 1900.

(Eptir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðsins er að efla ræktun landsins. Stofnfé má aldrei skerða, en því skal varið til lánveitinga til jarðabóta og hvers kyns atvinnubóta við jarðyrkju.

Enn fremur má lána úr sjóðnum gegn öðrum veðrétti til ábýliskaupa, hvort heldur eru jarðir, eða grasbýli og þurrabúðir utan verzlunarlóða í kaupstöðum og kauptúnum.

Ræktunarsjóðurinn greiðir árlega til landssjóðs 3 af hundraði af andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar verða eptir 1. Janúar 1906, jafnóðum og vextir og afborganir renna í hann. Af vöxtum sjóðsins að öðru leyti má verja alt að $^2/_3$ hlutum til að styrkja menn til lífsábyrgðarkaupa til viðbótartryggingar lánveitingum til ábýliskaupa, og til verðlauna fyrir atorku, hagsýni og eptirbreytnisverðar nýungar í landbúnaði. Að öðru leyti skal leggja vextina við höfuðstólinn.

2. gr.

Reikningar Ræktunarsjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum Alþingis.

3. gr.

Þriðja grein laga 2. Marz 1900 um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands skal úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. Janúar 1906.

Sþ. **651. Breytingartillaga**
við frv. til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. Marz 1900.

Flutningsmenn: Valtýr Guðmundsson, Guðjón Guðlaugsson og Ág. Flygenring.

Við 1. gr. Fyrir »3 af hundraði« komi: 4 af hundraði.

Sþ. **652. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 9. marz 1900.

Flutningsmenn: Eggert Pálsson, Jóhannes Ólafsson, Ólafur Briem, Stefán Stefánsson, Eyf.

Við 1. gr. Fyrir »3 af hundraði« komi: 2 af hundraði,

Sþ. **653. Breytingartillaga**
við frv. til laga um kennaraskóla í Reykjavík.

Flutningsm. Guðl. Guðmundsson.

Við 1. gr.: Í stað »Reykjavik« komi: Hafnarfirði.
Fyrirsögnin breytist samkvæmt þessu.